



HÁSKÓLI
ÍSLANDS

Íslenskt litmál

Merkingarfræði, málfræði, og saga íslenskra litaorða

Pórhalla Guðmundsdóttir Beck

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

2023

HUGVÍSINDASVIÐ
ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í íslenskri málfræði

Reykjavík, 16. október, 2023

Gauti Kristmannsson
deildarforseti

Doktorsnefnd:
Matthew Whelpton, leiðbeinandi
Höskuldur Þráinsson
Jón Hilmar Jónsson
Rannveig Sverrisdóttir

Íslenskt litmál – Merkingarfræði, málfræði, og saga íslenskra litaorða

© Þórhalla Guðmundsdóttir Beck
Reykjavík 2023

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9640-3-8

ORCID 0000-0003-1395-0569

Ágrip

Ein af stærstu spurningunum í umfjöllunum um tungumálarannsóknir er „Hvaðan kemur merking?“ Til þess að svara þeirri spurningu var gerð athugun á hugtakinu „litur“ í íslensku og þeim orðaforða sem fellur undir þetta merkingarsvið. Inn í þessa rannsókn fléttast líffræðilegar, málsögulegar, og merkingarlegar hliðar orðaforðans í notkun málfafanna.

Eins og með aðrar rannsóknir eru þær hugmyndir sem liggja henni að baki ekki úr lausu lofti gripnar en í þessu tilfelli er nálgunin óvenjuleg þar sem í stað þess að taka fyrir eina kenningu og athuga gildi hennar miðað við þau gögn sem í boði eru voru til viðmiðunar tvær andstæðar kenningar í merkingarfræðum. Önnur telur merkinguna vera sprotna úr skynjun og hugrænni úrvinnslu en hin úr tungumálinu sjálfu og menningu málfafanna. Meðfylgjandi eru svo ólíkar rannsóknaraðferðir – sú fyrri sálfræðilegar tilraunir og sú seinni textagreiningar – sem einnig eru nýttar til þess að leggja mat á merkingu litaorðaforða í íslensku og til að draga fram kosti og galla hvorrar nálgunar fyrir sig.

Þegar stöðugt er horft á hlut frá einni hlið vill oft gleymast að flestir margslungnir hlutir hafa fleiri en eina hlið. Þetta er sérstaklega satt þegar merking á í hlut. Í þeim meginrannsóknnum sem gerðar voru, annars vegar vitsmunalegum tilraunum og hins vegar málnotkunarlegri textaathugun, kemur greinilega fram að um er að ræða samspil mikilvægra þátta frá báðum hliðum. Hið vitsmunalega sem tengist skynjuninni gefur grundvöllinn fyrir hugtak, en hið málfræðilega og menningarlega, það er notkun málfafanna, gerir það að verkum að hægt er að móta hugtakakjarna merkingarlega á ýmsan máta. Auk þess speglar málkerfið þá staðreynd að samband orðs og merkingar breytist, bæði þegar orðin sjálf breytast og þegar hugmyndir málfafanna um umheiminn breytast. Þegar mállegt hugtak hefur þannig í gegnum tíðina sankað að sér margs kyns og fjölbreyttum tengingum við önnur hugtök verður samhengið sá þáttur málnotkunarinnar sem þyngst vegur í tjáningu og túlkun málfafanna á umhverfi sínu og reynslu.

Abstract

A central question concerning language is “Where does meaning come from?”. This thesis addresses the question by considering the concept of colour and the vocabulary in Icelandic which falls within this semantic space. The research involves biological, historical, linguistic and semantic aspects of this vocabulary in speaker usage.

As with all research, the research questions are not conjured out of thin air but spring from established debates in the literature. This thesis is, however, unusual in that, instead of taking a single theory and testing its predictions with new data, two opposing theories in semantics are contrasted in their approaches and predictions. The first argues that meaning is rooted in perception and cognition; the second that meaning emerges from the language system itself and the culture of its users. Each theory has its own contrasting research methods – the first experimental, the second textual – and both are used to assess the source of meaning in colour vocabulary in Icelandic and to assess the validity of the two theoretical approaches.

The danger of always looking at the problem from one perspective is that it's easy to forget that complex problems have more than one aspect. This is particularly true of semantics. By using these two contrasting approaches, the cognitive/experimental and the linguistic/textual, it becomes clear that we are dealing with two significant aspects of a complex phenomenon. The cognitive aspect, grounded in perception, provides the basis for the core concepts, whereas the linguistic and cultural aspect, grounded in language usage, allows these conceptual cores to be elaborated semantically in a variety of ways. Further, the linguistic system reflects the fact that the relation between word and meaning changes over time, both as the word itself changes and as the way that language users construe their environment changes. As linguistic concepts develop diverse associations with each other over time, it is the context of use which is decisive in how users express and interpret their environment and experience.

International law is for lackeys.

Context is king.

— Gabriel Lorca

Efnisyfirlit

FORMÁLIXXVII
1. INNGANGUR	1
2. STAÐA FRÆÐANNA	9
2.1 Ljós og skynfæri	10
2.2 Berlin, Kay og vitsmunahyggjan	13
2.2.1 <i>Próunarröð litahugtaka</i>	14
2.2.2 <i>Viðmið til að þekkja grunnlitaheiti</i>	20
2.2.3 <i>Kjarnar litahugtaka</i>	26
2.3 Litrófið	30
2.4 Lucy, Wierzbicka, og afstæðishyggjan	36
2.4.1 <i>Algildi og menningaráhrif</i>	38
2.4.2 <i>Skynjun og málfræði</i>	43
2.5 Samantekt annars kafla	52
3. MÁL, SAGA OG SAMFÉLAG	55
3.1 Íslenska	55
3.1.1 <i>Málhafar og málviðhorf</i>	56
3.1.2 <i>Merking fornra íslenskra litaorða</i>	59
3.1.2.1 <i>grænn og gulr</i>	63
3.1.2.2 <i>blár og svartr</i>	65
3.1.2.3 <i>brúnn</i>	67
3.1.2.4 <i>grár</i>	68
3.1.2.5 <i>Forn aukheiti</i>	69
3.1.3 <i>Litaiðnaður á Íslandi</i>	73
3.1.4 <i>Samantekt</i>	77

3.2	Vesturíslenska	78
3.2.1	<i>Málhafar og málviðhorf</i>	80
3.2.2	<i>Litaorð í vesturíslensku</i>	84
3.2.3	<i>Litaiðnaður í Ameríku um 1900</i>	88
3.2.4	<i>Samantekt</i>	89
3.3	ÍTM (íslenskt táknmál)	91
3.3.1	<i>Orðmyndun</i>	92
3.3.2	<i>Lýsandi eigindi</i>	96
3.3.3	<i>Málhafar og málviðhorf</i>	101
3.3.4	<i>Samantekt</i>	103
3.4	Enska	104
3.4.1	<i>Málhafar og málviðhorf</i>	106
3.4.2	<i>Litaiðnaður og litaheiti í ensku</i>	107
3.4.3	<i>Samantekt</i>	110
3.5	Samantekt þriðja kafla	110
4.	HUGRÆN ÚRVINNSLA OG INNTAK LITAORÐA	115
4.1	Verkefni	116
4.2	Þátttakendur	118
4.3	Staðfærsla gagna og verklag	119
4.4	Nafngiftir og kjörlitir	124
4.4.1	<i>Nafngiftir</i>	125
4.4.2	<i>Kjörlitir</i>	131
4.5	Sundurliðun orðaforða	133
4.5.1	<i>Höfuðheiti</i>	134
4.5.2	<i>Ráðandi heiti</i>	137
4.5.3	<i>Hlutaheiti</i>	140
4.5.4	<i>Lánsorð</i>	143
4.5.5	<i>Villur</i>	145
4.6	Nærtæk heiti og merkingarsvið	148
4.6.1	<i>Nærtæk heiti</i>	149
4.6.2	<i>Merkingarsvið</i>	152
4.6.3	<i>Þróun merkingarsviða</i>	167
4.7	Samantekt fjórða kafla	171

5.	LITAHUGTÖK Í MÁL- OG MENNINGARLEGU SAMHENGNI	173
5.1	Merkingarflokkur sem málfræðiflokkur	175
5.2	Afleiðslur	182
5.3	Samsetningar	189
5.3.1	<i>Afbrigði í rótum og stofnum (svartur)</i>	191
5.3.2	<i>Málfræðilegar gerðir samsetninga (hvítur)</i>	194
5.3.3	<i>Orðaforðadreifing (rauður)</i>	199
5.3.4	<i>Óræðni (gulur)</i>	205
5.3.5	<i>Stöðnun og umtúlkun (grænn)</i>	211
5.3.6	<i>Áherslumerking litaorða (blár)</i>	219
5.3.7	<i>Merkingartengsl samsetningarliða (brúnn)</i>	224
5.3.8	<i>Föst orðasambönd og samhengi (grár)</i>	230
5.3.9	<i>Merkingarleifar (bleikur)</i>	233
5.3.10	<i>Samstyttingar (fjólublár)</i>	235
5.3.11	<i>Tíðni, frjósemi, og les (appelsínugulur)</i>	242
5.3.12	<i>Söguleg virkni og tökuorð (ósamsett aukheiti)</i>	247
5.3.13	<i>Litur, mynstur, og önnur sjónræn einkenni</i>	248
5.3.14	<i>Samantekt</i>	251
5.4	Tegundir litaorða	257
5.4.1	<i>Litasamsetningar – Að vera eða vera ekki áttaviti</i>	258
5.4.2	<i>Merkingarreipitog litbrigðis og mettunar</i>	267
5.4.3	<i>Mettunarsamsetningar – Viddir litanna</i>	275
5.4.4	<i>Hlutasamsetningar – Aðalsmerki hlutanna</i>	279
5.4.5	<i>Samantekt</i>	283
5.5	Menningarmyndir	285
5.6	Samantekt fimmta kafla	290
6.	NIÐURSTÖÐUR	293
6.1	Rannsóknarsjónarhorn	293
6.2	Kjarnar og jaðrar hugtaka	299
6.3	Lýsandi hugtök í samhengi	308
6.4	Lokaorð	318

HEIMILDASKRÁ	323
VIÐAUKI A. TILVITNANIR Á UPPRUNAMÁLI	339
VIÐAUKI B. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ SVARTUR	343
VIÐAUKI C. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ HVÍTUR	351
VIÐAUKI D. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ RAUÐUR	361
VIÐAUKI E. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ GULUR	373
VIÐAUKI F. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ GRÆNN	377
VIÐAUKI G. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ BLÁR	385
VIÐAUKI H. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ BRÚNN	395
VIÐAUKI I. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ GRÁR	401
VIÐAUKI J. AFLEIÐSLUR OG SAMSETNINGAR MEÐ BLEIKUR	407
VIÐAUKI K. SAMSETNINGAR MEÐ FJÓLUBLÁR	413
VIÐAUKI L. SAMSETNINGAR MEÐ APPELSÍNUGULUR	415
VIÐAUKI M. FLOKKUNARKERFI KELLY OG JUDD	417
VIÐAUKI N. NAFNASAFN FYRIR LIGHT/MODERATE YELLOW ORANGE	421
VIÐAUKI O. ÁLLT ER VÆNT SEM VEL ER GRÆNT	425

Myndaskrá

2.1	Líffræði sjónhimnunnar	11
2.2	Ellefu grunnlitir B&K	15
2.3	Litbrigði með 10% millibili (<i>Artrage</i>)	30
2.4	Mettun með 10% millibili (<i>Artrage</i>)	31
2.5	Birtustig með 10% millibili (<i>Artrage</i>)	31
2.6	Litbrigðahringur Munsells	33
2.7	Gildi fyrir litbrigðið 9P á Munsell-skalanum	33
2.8	Gildi og litgildi fyrir litbrigðið 9P á Munsell-skalanum	34
2.9	Grunnur (skógur) og fígúra (hreindýr)	41
3.1	Táknið (hadformið) fyrir F í íslenska fingrastafrófinu	93
3.2	Afstaða táknsins RAUÐUR	94
3.3	Myndunarstaður táknsins FJÓLUBLÁR	94
3.4	Hreyfing táknsins BLEIKUR	95
3.5	Munnhreyfing táknsins LÍTILL	95
3.6	Táknið MAÍ	96
3.7	Ellefu litatákn ÍTM	97
3.8	Myndræn litatákn í ÍTM	98
3.9	GRÆNN – SLÁ-GRAS; GULUR – OSTUR	98
3.10	Stigbeygingar FEITUR og LÍTILL	99
3.11	Litatáknið BLÁR og tvær útgáfur af MJÖG-BLÁR	99
3.12	<i>light/moderate yellow orange</i>	108
3.13	Nútímalistaverk	109
4.1	Munsell-gildi og -litir EoSS-verkefnisins	117
4.2	Fylki EoSS litanna til að reikna beindir	131
4.3	Kjarnar hugtaka sem birtast í vali á kjörlit	131
4.4	„ <i>húðlitur</i> “ (A2)	138

4.5	„ <i>peach</i> “ (A ₂) og „ <i>maroon</i> “ (D ₁)	138
4.6	„ <i>peach</i> “ (A ₂ , A ₃) og „ <i>turquoise</i> “ (B ₁₂)	139
4.7	Villur í ÍSE	146
4.8	Villur í ÍSY	147
4.9	„ <i>brúnn</i> “ „ <i>grænn</i> “	149
4.10	Sammæliskort ÍSL	152
4.11	Sammæliskort ENS	153
4.12	Dreifing <i>turquoise</i> í ENS	155
4.13	Sammæliskort NAM	155
4.14	Dreifing <i>turquoise</i> í NAM	157
4.15	Dreifing <i>blágrænn</i> í ÍSL	158
4.16	Sammæliskort ÍTM	159
4.17	Dreifing TÚRKIS í ÍTM	160
4.18	Sammæliskort VÍS	161
4.19	Sammæliskort VÍS með 70% kröfu um sammæli	162
4.20	Sammæliskort ÍSE	164
4.21	Sammæliskort ÍSY	166
4.22	Dreifing <i>rauður</i> í VÍS	167
4.23	Dreifing <i>rauður</i> í ÍSE	168
4.24	Dreifing <i>rauður</i> í ÍSL	169
4.25	Dreifing <i>rauður</i> í ÍSY	169
4.26	Dreifing <i>appelsínugulur</i> í ÍSE og ÍSY	170
5.1	Dreifingarlögmál Zipfs	200
5.2	Dreifing samsetninga með <i>rauður</i>	201
5.3	Dreifing orðaforða úr EoSS (ÍSL)	202
5.4	Dreifing tegundasamsetninga	203
5.5	Dreifing mynstursamsetninga	203
5.6	Dreifing samsetninga með <i>mórauður</i>	204
5.7	Ýmsar útgáfur af ‘sumargulur’	210
5.8	Ýmsar útgáfur af ‘vetrarhvítur’	211
5.9	Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með <i>myntu-</i>	217
5.10	Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með <i>sæ-</i>	218
5.11	Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með <i>kónga-</i>	218

5.12	Dæmi um bleikrauðan lit	271
5.13	Mýradúnurt (<i>Epilobium palustre</i>)	272
5.14	Dæmi um hluti sem kallaðir eru bleikrauðir	273
5.15	Dæmi um hluti sem kallaðir eru rauðbleikir	274
5.16	Heitar og kaldar útgáfur af rauðum, grænum og bláum	277
B.1	Svertingsstaðir II, Eyjafjarðarsveit	344
B.2	Svartifoss, Skaftafellsþjóðgarði	345
C.1	Hvítavatn, Kili	353
C.2	Hvítisandur, Djúpavogi	354
C.3	Hvíta-Níl, Súdan	355
C.4	Hvítihnjúkur	356
C.5	Hvítavík (<i>Bahía Blanca</i>)	357
D.1	Rauðavatn, Árbæ	364
D.2	Rauðalda, Krýsuvík	365
D.3	Rauðfoss, Rangárþing	367
F.1	Grænagróf, Gufuskálum	379
M.1	Skipting Kelly & Judd á ljósgildum Munsells	418
M.2	Munsell litbrigði skilgreind sem <i>moderate red</i> af Kelly & Judd	419
O.1	Val höfundar á grænum litum úr EoSS fylki	425
O.2	Val sonar höfundar á grænum litum úr EoSS fylki	425

Töfluskrá

1.1	Gagnasöfnun og -úrvinnsla	4
2.1	Elsta mynd þróunarraðar Berlin og Kay	15
2.2	Nýrri mynd þróunarraðar Berlin og Kay	17
2.3	Endurgerð á töflu John Lucy	44
3.1	Tíðni litaorða og <i>nær-samheita</i>	62
3.2	Auhkeiti í forníslensku	70
3.3	Tegundir aukheita í forníslensku	73
3.4	Elsta dæmi um helstu litatökuorð í íslensku	78
4.1	Fjöldi, kynjaskipting og aldur þátttakenda	118
4.2	Svaraúrvinnsla	123
4.3	Samanburður á ÍSL við ÍTM, VÍS, NAM og ENS	127
4.4	Samanburður á VÍS við NAM, ÍTM, ÍSL og ENS	127
4.5	Samanburður á NAM/ENS við ÍTM og ÍSL	128
4.6	Samnaburður á ÍSE, ÍSL og ÍSY	128
4.7	Samanburður á ÍSE við aðra málhópa	129
4.8	Samnaburður á ÍSY við aðra málhópa	129
4.9	Dreifing <i>svartur</i> í nafngiftum	132
4.10	Fjöldi höfuðheita í málhópunum sjö	134
4.11	Hlutfall svarsins ‘grænn’ af heildarfjölda svara	135
4.12	Höfuðheiti í sætum 1–4 á tíðnilistum	135
4.13	Höfuðheiti í sætum 5–8 á tíðnilistum	136
4.14	Höfuðheiti í sætum 9–13 á tíðnilistum	137
4.15	Fjöldi ráðandi heita	138
4.16	Samanburður á nafngiftum í ÍSE, ÍSL, og ÍSY fyrir reit A2	139
4.17	Fjöldi hlutaheita	141

4.18	Lánsorð/tökuorð í ÍSE, ÍSL, og ÍSY	144
4.19	Fjöldi lánsorða	145
4.20	Fjöldi villna	146
4.21	Tilnefningar til heitis á litbrigði í reit C5 í íslensku	149
4.22	Tilnefningar til heitis á litbrigði á reit A3 í íslensku	150
4.23	Tilnefningar fyrir þrjá reiti; D2, B6, A12	151
4.24	Nafngiftir fyrir reit C4 í NAM	156
4.25	Efstu litaheiti í NAM, VÍS, og ÍSL	163
4.26	Nafngiftir fyrir reit B2 og B3 í ÍSE	165
5.1	Samsetningamöguleikar þriggja stærstu orðflokka	177
5.2	Afleiðsluendingar sem finnast með grunnlitaheitum	184
5.3	Merkingar afleiðsluendinga	185
5.4	Afbrigði í afleiðslum	187
5.5	Afbrigði í afleiðslum og beygingum II	187
5.6	Stofnafbrigði orða í samsetningum með <i>svartur</i>	193
5.7	Afbrigði forliða í samsetningum með <i>hvítur</i> (a)	195
5.8	Afbrigði forliða í samsetningum með <i>hvítur</i> (b)	197
5.9	Afbrigði forliða í samsetningum með <i>hvítur</i> (c)	197
5.10	Samanburður á hæstu tíðni og stærð úrtaks	204
5.11	Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni yfir 1.000	225
5.12	Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 100–999	226
5.13	Fleiri tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 100–999	226
5.14	Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 10–99	227
5.15	Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 1–9	227
5.16	Fleiri tengslategundir samsetninga með <i>brúnn</i>	228
5.17	Óræðar samsetningar með brúnn	229
5.18	Orðatiltæki með <i>grár</i>	230
5.19	Sérstæð samhengi í samsetningum með <i>grár</i> , tíðni yfir 1.000	231
5.20	Sérstæð samhengi í samsetningum með <i>grár</i> , tíðni 100–999	232
5.21	Orðahlutatengsl í samsetningum með <i>fjólublár</i>	237
5.22	Tengslategundir orðhluta í samsetningum með <i>vínrauður</i>	244
5.23	Tengslategundir samsetninga með <i>mórauður</i>	244
5.24	Samanburður á samsetningum með <i>rauðbrúnn</i> og <i>blágrænn</i>	246

5.25	Samsetningapör með marktækan dreifingarmun	262
5.26	Samsetningapör með p -gildi $<0,001$	263
5.27	Samsetningapör sem eiga ekki beint við litbrigði	264
5.28	Samsetningapör með jafna dreifingu	265
5.29	Möguleg merkingarþróun orðsins <i>gulur</i>	268
5.30	Samsetningapör með <i>bleikur</i>	269
5.31	Mettunarforliðir sem birtust með öllum grunnlitaheitum	275
5.32	Mettunarforliðir sem birtust með nærri öllum grunnlitaheitum	276
B.1	Afleðslur <i>svartur</i> og afbrigða	343
C.1	Afleðslur <i>hvítur</i> og afbrigða	351
D.1	Afleðslur <i>raudur</i> og afbrigða	361
E.1	Afleðslur <i>gulur</i>	373
F.1	Afleðslur <i>grænn</i>	377
G.1	Afleðslur <i>blár</i>	385
H.1	Afleðslur <i>brúnn</i>	395
I.1	Afleðslur <i>grár</i>	401
J.1	Afleðslur <i>bleikur</i>	407
M.1	Litaheiti fyrir <i>moderate red</i>	420

Orðalistaskrá

3.1	Áhugaverð litaheiti fyrir <i>light/moderate yellow orange</i>	109
4.1	Litaorð í NAM sem einungis voru nefnd einu sinni	142
4.2	Litaorð í ENS sem einungis voru nefnd einu sinni	142
5.1	Samsetningar með <i>svartur</i> , tíðni yfir 1.000	191
5.2	Samsetningar með <i>svartur</i> , tíðni 100–999	192
5.3	Samsetningar með <i>hvítur</i> , tíðni yfir 1.000	195
5.4	Samsetningar með <i>hvítur</i> , tíðni 500–999	198
5.5	Samsetningar með <i>rauður</i> , tíðni yfir 10.000	200
5.6	Dæmi um samsetningar með <i>rauður</i> , tíðni 1	200
5.7	Samsetningar með <i>gulur</i> , tíðni yfir 1.000	205
5.8	Samsetningar með <i>gulur</i> , tíðni 100–999	207
5.9	Samsetningar með <i>grænn</i> , tíðni yfir 1.000	212
5.10	Samsetningar með <i>blár</i> , tíðni yfir 10.000	219
5.11	Samsetningar með <i>blár</i> , tíðni 1.000–9.999	221
5.12	Samsetningar með <i>brúnn</i> , tíðni yfir 1.000	225
5.13	Samsetningar með <i>grár</i> , tíðni yfir 1.000	231
5.14	Samsetningar með <i>bleikur</i> , tíðni yfir 1.000	233
5.15	Samsetningar með <i>bleikur</i> , tíðni 100–999	234
5.16	Samsetningar með <i>bleikur</i> ‘fölví’	235
5.17	Samsetningar með <i>ffólublár</i>	237
5.18	Samsetningar með <i>appelsínugulur</i>	242
5.19	Algengustu hlutasamsetningar, Tíðni yfir 5.000	243
5.20	Grunnlitasamsetningar sem fundust ekki	259
5.21	Litasamsetningar með tíðni undir 10	261
5.22	Mettunarsamsetningar með litaheiti sem fyrri lið	267
5.23	Veðursamsetningar með <i>grár</i>	281

5.24	Gróðursamsetningar með <i>grænn</i>	282
5.25	Litaheiti tengd náttúru úr ensku	287
5.26	Dæmi um heiti á málningarlitum	289
B.1	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni yfir 10.000	344
B.2	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 5.000–9.999	344
B.3	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 1.000–4.999	344
B.4	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 500–999	344
B.5	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 100–499	345
B.6	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 50–99	345
B.7	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 25–49	346
B.8	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 10–24	346
B.9	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 5–9	347
B.10	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 4	347
B.11	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 3	348
B.12	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 2	348
B.13	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 1 (a)	349
B.14	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 1 (b)	350
C.1	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni yfir 10.000	351
C.2	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 5.000–9.999	351
C.3	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 1.000–4.999	352
C.4	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 500–999	352
C.5	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 100–499	352
C.6	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 50–99	353
C.7	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 25–49	353
C.8	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 10–24	354
C.9	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 5–9	355
C.10	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 4	356
C.11	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 3	356
C.12	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 2	357
C.13	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 1 (a)	358
C.14	Samsetningar með <i>hvítur</i> , Tíðni 1 (b)	359
D.1	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni yfir 10.000	361

D.2	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 5.000–9.999	362
D.3	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 1.000–4.999	362
D.4	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 500–999	362
D.5	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 100–499	363
D.6	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 50–99	363
D.7	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 25–49	364
D.8	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 10–24 (a)	365
D.9	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 5–9	366
D.10	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 4	367
D.11	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 3	367
D.12	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 2	368
D.13	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 1 (a)	369
D.14	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 1 (b)	370
D.15	Samsetningar með <i>rauður</i> , Tíðni 1 (c)	371
E.1	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni yfir 10.000	373
E.2	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 5.000–9.999	373
E.3	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 1.000–4.999	373
E.4	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 500–999	374
E.5	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 100–499	374
E.6	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 50–99	374
E.7	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 25–49	374
E.8	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 10–24	375
E.9	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 5–9	375
E.10	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 4	375
E.11	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 3	375
E.12	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 2	376
E.13	Samsetningar með <i>gulur</i> , Tíðni 1	376
F.1	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni yfir 10.000	377
F.2	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 5.000–9.999	377
F.3	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 1.000–4.999	378
F.4	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 500–999	378
F.5	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 100–499	378
F.6	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 50–99	379

F.7	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 25–49	379
F.8	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 10–24	380
F.9	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 5–9	381
F.10	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 4	381
F.11	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 3	382
F.12	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 2	382
F.13	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 1 (a)	383
F.14	Samsetningar með <i>grænn</i> , Tíðni 1 (b)	384
G.1	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni yfir 10.000	385
G.2	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 5.000–9.999	385
G.3	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 1.000–4.999	386
G.4	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 500–999	386
G.5	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 100–499	386
G.6	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 50–99	387
G.7	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 25–49	387
G.8	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 10–24 (a)	388
G.9	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 10–24 (b)	388
G.10	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 5–9 (a)	389
G.11	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 4	390
G.12	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 3	390
G.13	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 2	391
G.14	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 1 (a)	392
G.15	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 1 (b)	393
G.16	Samsetningar með <i>blár</i> , Tíðni 1 (c)	394
H.1	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 5.000–9.999	395
H.2	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 1.000–4.999	395
H.3	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 500–999	396
H.4	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 100–499	396
H.5	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 50–99	396
H.6	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 25–49	396
H.7	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 10–24	397
H.8	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 5–9	397
H.9	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 4	397

H.10	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 3	398
H.11	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 2	398
H.12	Samsetningar með <i>brúnn</i> , Tíðni 1	399
I.1	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni yfir 10.000	401
I.2	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 5.000–9.999	401
I.3	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 1.000–4.999	402
I.4	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 500–999	402
I.5	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 100–499	402
I.6	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 50–99	403
I.7	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 25–49	403
I.8	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 10–24	403
I.9	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 5–9	404
I.10	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 4	404
I.11	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 3	404
I.12	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 2	405
I.13	Samsetningar með <i>grár</i> , Tíðni 1	406
J.1	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 1.000–4.999	407
J.2	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 500–999	408
J.3	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 100–499	408
J.4	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 50–99	408
J.5	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 25–49	408
J.6	Samsetningar með <i>svartur</i> , Tíðni 10–24	409
J.7	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 5–9	409
J.8	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 4	409
J.9	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 3	410
J.10	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 2	410
J.11	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 1 (a)	411
J.12	Samsetningar með <i>bleikur</i> , Tíðni 1 (b)	412
K.1	Samsetningar með <i>fjólublár</i>	413
L.1	Samsetningar með <i>appelsínugulur</i>	415

Kennisetningaskrá

2.1	Aðalviðmið Berlin og Kay	23
2.2	Aukaviðmið Berlin og Kay	25
2.3	Sjónaralgildi Wierzbicku	42
2.4	Aðferðafræði Kuschel og Monberg	50
2.5	Niðurstöður Kuschel og Monberg	51
5.1	Rannsóknarkröfur Lucy	174
5.2	Kjarni íslensks litaorðaforða	254
5.3	Tegundir litaheitasamsetninga sem skilgreina lit	256
5.4	Félagsleg samhengi í merkingartengslum lita	288

Tilvitnanaskrá

2.1	B&K um sáleðlisfræðilegar víddir lita	27
2.2	Munsell um litaorðaförða	32
2.3	Kelly og Judd um litaorðaförða	35
2.4	B&K um merkingu litaorða	37
3.1	Lawrenson um norrænan og grískan litaorðaförða	60
3.2	Ellis um litaskynjun	61
3.3	Guðmundur Finnbogason um gula litinn	65
3.4	Kellogg um <i>svartur</i>	67
3.5	Halldóra Bjarnadóttir um litasmekk	74
3.6	Blóm vikunnar	76
3.7	Nicoll um enska tungu	106
A.1	B&K on the meaning of colour terms	339
A.2	Chiirimuta on the philosophy of colour	339
A.3	Munsell on color terminology	339
A.4	Kelly og Judd um litaorðaförða	340
A.5	Lawrenson on Nordic and Greek colour vocabulary	340
A.6	Ellis on colour perception	340
A.7	Kellogg on <i>black</i>	341
A.8	Nicoll on the English language	341
A.9	B&K on psychophysical dimensions of color	341

Formáli

Það henti einn góðan dag fyrir þónokkuð löngu síðan að ég fékk aftur til baka verkefni sem ég hafði skilað einum orðspökum kennara með þeirri athugasemd að þetta væri nú dálítið þrætubókarkennt hjá mér, en hann vissi nú svo sem ekki hvaðan ég ætti að hafa það. Var hér um að ræða nokkuð nett skot á karl föður minn, en hann hefur löngum verið þekktur fyrir allt annað en að sitja á skoðunum sínum. Ég hins vegar svaraði téðum kennara því að það þyrfti nú enginn að fara í grafgötur með það úr hvaða tré mín þrættuepli væru fallin.

Upprunalega þýðir orðið *þrætubók* einfaldlega ‘bók með rökræðum í’ og var notað um verk grískra heimspekinga svo sem Sókratesar og Aristótelesar og seinna stóumanna sem lögðu mikla áherslu á að fylgja skynseminni og rökhyggjunninni, vera samkvæmur sjálfum sér, og láta ekki tilfinningar stjórna sér. Því er tvennt sem mig langar að gera hér í upphafi þessarar ferðar: annars vegar að þakka karli föður mínum fyrir einurðina og hins vegar að endurupptaka orðið *þrætubók* sem jákvætt hugtak — þetta er mín þrætubók.

Þegar maður lýkur svona stórverki eins og doktorsverkefni er hefð fyrir því að ígrunda aðeins það sem leitt hefur til þess og bókfesta það sem upp úr stendur af áhrifavöldum og hjálparhellum. Síðan í upphafi skólagöngu hafa tungumál verið stærsta uppspretta ánægju minnar. Í grunnskóla voru það Þóroddur Helgason Seljan og Kim Larsen — að eilífu samtengdir í mínum huga — sem gerðu dönskutímana skemmtilega. „Måske jeg bli’r en smule sentimental“ eins og segir í *Susanne Himmelblå*.

Þegar í menntaskóla kemur, í mínu tilfelli Menntaskólann á Egilsstöðum, eru tungumálakennararnir þar einnig áberandi — Finnur Nikulás Karlsson, Magnús Gehringar, Philip Vogler og Sigrún Blöndal — sem öll höfðu svo mismunandi persónuleika en gáfu hvert og eitt verðmæt viðmið, innblástur, óhefðbundnar aðferðir jafnt og skipuleg vinnubrögð, og viðhéldu þeirri ánægju sem ég hafði af því að eiga við tungumál. Hvort sem það var við lestur, skriftir, eða málfræðilega greiningu. Fleiri eiga örugglega skilið að vera hér en minnið er ekki upp á sitt

besta, en úr menntaskólanum langar mig að lokum að minnst á Gunnar Hersvein heimspekikennara; mér hefur alltaf þótt gaman að því fagi þó ekki nema vegna glímunnar við aðrar hugmyndir um það hvernig þetta virkar nú allt saman.

Í minni að því er virðist endalaus háskólagöngu langar mig einnig að nefna heimspekikennara, Róbert H. Haraldsson, og málfræðikennara nokkra: Magnús Snædal Rósbergsson, Eirík Rögnvaldsson, Jóhannes Gísla Jónsson og Guðrúnu Þórhallsdóttur. Eins og menntaskólakennararnir hafa þau öll mismunandi sérsvið og áherslur sem er mikilvægt að hafa í uppfræðslu sinni, bæði til þess að finna sinn eigin veg og til þess að læra að eiga samskipti við önnur sjónarhorn. Í því sambandi vil ég líka minnst á alla samnemendur mína frá upphafi. Hver einn og einasti hefur kennt mér eitthvað mikilvægt, sérstaklega Ísar Logi og Kristín Lena, þið eruð einstök.

Extra kúdos fær leiðbeinandi minn, samstarfsfélagi, og partídyr, Matthew Whelpton, sem innsiglaði örlög mín þegar hann fékk mig til þess að aðstoða sig með EoSS verkefnið, sem og doktorsnefndin mín – Höskuldur Þráinsson, Rannveig Sverrisdóttir og Jón Hilmar Jónsson – sem ég er svo heppin að hafa fengið að starfa með í ýmsum rannsóknum og verkefnum. Það er ómetanleg reynsla og lærdómur mikill. Einnig fá ómældar þakkir allt það samstarfsfólk annað sem ég hef unnið með í rannsóknum hingað til fyrir uppeldi, uppfræðslu, upplifgun, og allir snillingarnir á `tex.stackexchange.com`, sérstaklega @DavidCarlisle, @PauloCereda, @UlrikeFischer, @samcarter, @yo', @JosephWright, @PhelypeOleinik, @egreg, @TeXnician, @Skillmon og @moewe fyrir ómetanlega aðstoð við tæknilegu hliðina á þessari þrætubók sem og að sjá mér fyrir sáluhjálpi og afþreyingu (en alls ekki neinum frestskotum eða langdrágingu).

Einnig fá hjartans þakkir allir sem nenna að hlusta á mig tala um málfræði endalaust og allir þeir sem tóku þátt í rannsóknunum mínum. Þar eru að sjálf-sögðu efst á blaði strákarnir mínir, Finnur Trausti og Ýmir Dreki, og á sá síðar-nefndi ómældar þakkir skildar fyrir endalaus þolinmæði gagnvart litaruglinu í mömmu sinni. Systur mínar eru mér einnig mikil stoð og stytta, ég er svo heppin að eiga þær, sem og minnig litla bróður og mömmu sem kvöddu okkur bæði allt of fljótt. Tengdforeldrar mínir, Jóhanna G. Harðardóttir og Sigurður Ingólfsson, eru líka miklar hetjur og ég vil einnig nýta tækifærið og minnst tengdaföður míns, Finnboga Holt, sem ég kynntist ekki mikið, en stóískt brosið í augunum

þínum síðasta skiptið sem ég sá þig, elsku Finnbogi, mun lifa með mér þar til mitt ljós slokknar líka.

Mig langar einnig að minnast á þá sem eru mér persónulega ótengdir en hafa þrátt fyrir það verið mér óþrjótandi innblástur og hjálpræði í gegnum alls konar tíma: Rík „The Peoples Poet“ Mayall, kosmíska foreldra mína David Bowie og Tildu Swinton, Monty Python, sérstaklega Terry Jones sem kenndi mér að saga er skemmtileg og að það er hægt að vera bæði fræðilegur og fyndinn, og Aurelio Voltaire og svarta einhyrninginn sem drógu mig síðustu metrana.

Þrætubók þessi er tileinkuð Kim, David, Rík, Terry, Finni Nikulási, Magnúsi Snædal, Finnboga, mömmu, litla bróður, og öllum þeim sem hafa ekki lengur eigin rödd en lifa í hljómi lífs síns í orðum þeirra sem enn mæla innblásnir anda síns samferðafólks.

1. Inngangur

Tilgangur þessa rits er að gera ítarlega rannsókn á hugtakinu „litur“ í íslensku, með það að markmiði að komast að því hvað mótar helst merkingu orða. Það er nokkuð mikið verk þar sem margt kemur við sögu í sköpun hugtaka og merkingar. Orðaforði sem fellur undir merkingarflokkinn „litur“ verður því skoðaður með tilliti til eðlis litaskynjunar, sögu orðanna og merkingarinnar, hlutverka orðanna í málkerfinu og notkunar málhafanna í verkefnum sem krefjast ósjálfráðrar notkunar jafnt og í grunduðum textaskrifum.

Til þess að gefa ramma fyrir þessa umfjöllun og takmarka móaferðalög er rannsóknin gerð út frá tveim áberandi kenningum um uppruna merkingar. Þessar kenningar hafa mismunandi nálgun á eðli merkingarinnar: önnur lítur á hana sem afurð skynjunar og hugsunar, en hin sem afsprengi tungumáls og menningar. Þessum kenningum fylgja líka mismunandi rannsóknaraðferðir og verða þær nýttar hér til þess að komast að því hvað hver nálgun fyrir sig getur sagt okkur um hugtök og orðaforða.

Eins og svo oft vill verða þegar sterkir pólar myndast í kennisetningum tapast mikið af sjónarhorni hinnar hliðarinnar í rannsóknum sem hafa útgangspunkt sinn í öðrum hvorum pólnum. Ein af meginniðurstöðum þessarar rannsóknar er að þegar kemur að merkingu er um að ræða samspil mikilvægra þátta frá báðum hliðum. Í stuttu máli má skilgreina merkingu orðs sem samverkun grunnhugtaksins sem er tengt því (hið huglæga eða skynjunarlega) og notkunar málhafa (hið mállega eða menningarlega), en eins og orðin sjálf og málin breytast í tímans rás getur samband orðs og hugtaks einnig breyst. Þó málfræðilegt hlutverk orðsins haldist það sama munu málhafar þá beita því öðruvísi í samskiptum sínum. Þannig safna orð merkingarlegum farangri — eldri merkingar, menningarleg tengsl, ljóðrænar stemmingar, svo eitthvað sé nefnt — og samhengið verður lykilþáttur í vali og túlkun á orðum.

Á leiðinni að þessari niðurstöðu og öðrum sem varða íslensk litaorð og merkingu þeirra verður komið víða við á ýmsum tímum, í margvíslegum fræðigreinum

og -stefnum og nokkrum tungumálum. Því er viðeigandi að ræða örlítið um ritunarhefðir og samræmingar í orðalagi áður en lengra er haldið.

Í þýðingum á ensku samsetningunni *colour term* er oftast notað íslenska orðið *litaheiti*. Í því felast nokkur vandkvæði, þar sem það gefur í skyn að um sé að ræða nafnorð (þ.e. heiti á e-u, sbr. *skipaheiti*, *landaheiti*). Í *Ensk-íslenskri skólaorðabók* (1986) er enska orðið *term* þýtt sem „hugtak; iðorð, fræðiorð“, og mætti því hugsa sér að hentugri þýðing á *colour term* væri ‘litaorð’, með það í huga að þau geti verið lýsingarorð, nafnorð eða sagnorð (sbr. *blár*, *blámi*, *blána*). Vandamálið er að hér er misræmi á milli hugtakasambandsins *term/orð* og notkunarviðs orðsins *heiti* í íslensku. Orðið *litaheiti* verður því notað hér í fræðilegum umfjöllunum, til dæmis þar sem sérstaklega er um að ræða þýðingar á samsetningunni *colour term* (t.d. *basic colour term* ‘grunnlitaheiti’), en *litaorð* í almennari umfjöllun um orðaforða sem tengist litum. Fleiri slíkir „þýðingarárekstrar“ koma við sögu hér en fjallað verður um þá, hvern fyrir sig, í viðeigandi köflum.

Þegar rætt er um orðin sjálf eru þau skáletruð samkvæmt hefð í málvísindum (t.d. *rauður*, *red*, *rouge*) en í umfjöllun sem þessari er einnig óhjákvæmilegt að ræða um tvenns konar ‘staðleysu’ sem þarf að sérmerkja og er hvort tveggja, samkvæmt hefð, merkt með stjörnu (*). Annars vegar eru orðmyndanir eða setningar sem ekki samræmast málkerfi eða máltilfinningu málhafa, til dæmis **hundurið* eða **hann þangað fór í gær*. Hins vegar eru orðmyndanir sem hafa verið bakmyndaðar eftir vísbendingum úr málheimildum, svo sem germanska orðmyndin **swarta-* og hin indóevrópska **bhlē-*. Munurinn er sá að stjörnumerkt dæmi úr nútímamáli er hægt að staðfesta sem rangt eða óæskilegt mál en hinar bakmynduðu sögulegu orðmyndir eru yfirleitt teknar sem réttar þó ógerlegt sé að staðfesta þær. Það ætti þó að vera skýrt út frá samhenginu við hvort er átt í hverju tilviki.

Þegar rætt er um hugtökin sem standa á bak við orðin eru þau skrifuð með hástöfum í hornklofa og standa þá fyrir hugmyndina sjálfa burtséð frá þeim orðum sem notuð eru til að merkja hana. Sem dæmi má nefna [LITUR], [RAUÐUR]. Annað skylt fyrirbæri, hugtaksmengi, er haft í slaufusvigum: {litur}, {rauður}. Í umfjöllun um íslenska tákn málið (hér eftir ÍTM) er nauðsynlegt að nota orð íslenska raddmálsins til að merkja tákn málsorðin vegna þess að ÍTM hefur ekki sérstakt ritmál. Í þeim tilfellum eru tákn málsorð rituð með hástöfum (e. *small caps*) til aðgreiningar frá raddmálsorðum, til dæmis LITUR, RAUÐUR.

Grunnur þess hluta rannsóknarinnar sem snýr að skynjun og úrvinnslu lita frá sjónarhorni vitsmunahyggjunnar er stórt Evrópuverkefni sem ber heitið *Evolution of Semantic Systems* (‘þróun merkingarkerfa’, EoSS, Majid, Jordan og Dunn 2015, hér eftir EoSS). Þetta var samstarfsverkefni tveggja rannsóknarhópa sem störfuðu við Max Planck stofnunina í Hollandi. Hét annar þeirra *Evolutionary Processes in Language and Culture* (‘þróunarferli í máli og menningu’) og hinn *Culture, and Language Categories and Cognition* (‘menning og merkingarflokkar tungumála og vitsmunir’ Dunn 2013) og stóð yfir á árunum 2011–2012. Verkefnið hafði að markmiði að bera saman fjóra merkingarflokka — staðsetningar, líkamshluta, ílát, og liti — í indóevrópsku málafjölskyldunni. Verkefnisstjóri íslenska hluta EoSS var Matthew Whelpton en gagnasöfnun og úrvinnsla gagna var að mestu í höndum höfundar.

Í framhaldi af EoSS voru framkvæmdar þrjár rannsóknir með sömu markmiðum og EoSS hvað varðar liti. Í rannsókninni *Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd* (MMMS) sem framkvæmd var á árunum 2014–16 með styrk frá Rannís og stjórnað Höskuldi Þráinssyni og Birnu Arnbjörnsdóttur var gögnum safnað frá málhöfum vesturíslensku og amerískrar ensku í Bandaríkjunum Norður Ameríku og Kanada. Rannsóknin *Litur í samhengi* (LÍS) safnaði litagögnum úr Íslenska táknmálinu. Sú rannsókn var framkvæmd með styrk frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og stjórnað af Matthew Whelpton. Að lokum gerði höfundur rannsókn með íslenskum málhöfum í tveim aldurshópum til að styðja upprunalegu EoSS gögnin. Aldurslega séð var viðmið EoSS að safna gögnum frá fyrsta árs nemum í háskóla en bæði til samanburðar við málhafa vesturíslensku sem voru mun eldri en það og til að skoða mögulegan mismun á milli kynslóða valdi höfundur að skoða eldri hóp íslendinga (50+) sem og börn (4–10 ára).

Við framkvæmd EoSS rannsóknarinnar voru leiðbeiningar og rannsóknaradföng fengin frá EoSS hópnum í Nijmegen en fyrir hinar rannsóknirnar voru fengnar leiðbeiningar frá EoSS hópnum um gerð aðfangagagna sem notuð voru í EoSS og sambærileg tæki/efni keypt og aðlöguð til notkunar í bæði þeim rannsóknum sem framkvæmdar voru hér á Íslandi sem og í BNA og Kanada. Að öðru leyti var farið eftir verklagi og aðferðafræði EoSS rannsóknarinnar við framkvæmd framhaldsrannsókna.

Úr þessum rannsóknum fengust sjö málhafahópar og gagnasöfnun og úrvinnsla í þessum hópum var eftirfarandi:

Hópur (rannsókn)	Gagnasöfnun og -úrvinnsla
Bresk enska (EoSS)	Linnaea Stockall, Euphemia Snell, Þórhalla G. Beck
Íslenska (EoSS)	Matthew Whelpton, Þórhalla G. Beck
Vesturíslenska (MMMS)	Íris Edda Nowenstein, Matthew Whelpton, Þórhalla G. Beck
Amerísk enska (MMMS)	Matthew Whelpton, Þórhalla G. Beck
Íslenskt táknmál (Lís)	Kristín Lena Þorvaldsdóttir, Matthew Whelpton, Þórhalla G. Beck
Íslenska (eldri)	Þórhalla G. Beck
Íslenska (yngri)	Þórhalla G. Beck

Tafla 1.1: Gagnasöfnun og -úrvinnsla

Markmið upprunalegu EoSS rannsóknarinnar var þrjúþætt:

- 1 Að skoða hversu mismunandi merkingarflokkar eru á milli tungumála.
- 2 Að skoða hvort mismunur sé meiri í sumum merkingarflokkum en öðrum.
- 3 Að skoða hvaða áhrif sögulegar breytingar hafa á merkingarflokka.

Vegna áherslunnar hér á einungis einn merkingarflokk, það er liti, verða það aðallega fyrsta og þriðja markmiðið sem verða til hliðsjónar í þessari umfjöllun. Auk hinna merkingarfræðilegu gagna um svið litaheita sem fengust með þeim úrvinnsluaðferðum sem EoSS lögðu upp með verður einnig litið til þess orðaforða og orðmyndunaraðferða sem komu fram í þessari rannsókn til þess að sjá hvort beiting litaorðanna væri önnur í því samhengi heldur en í almennri notkun. Til samanburðar verða gögn fyrir breska ensku notuð úr EoSS, en einnig úr sambærilegum rannsóknum á vesturíslensku, norðuramerískri ensku og ÍTM, auk viðbótarrannsókna á eldri og yngri málhöfum íslensku.

Í raddmálum jafnt sem táknmálum er hugtakið [LITUR] og litaorðaforði sérstaklega áhugaverður vettvangur fyrir rannsóknir á hugtökum og merkingu vegna þess að grundvöllur þess sem í daglegu tali kallast litur er eingöngu til í skynjuninni. Þrátt fyrir það hafa rannsóknir á þeim gefið mjög ólíkar niðurstöður, eftir því hver útgangspunktur rannsókna er. Þær kenningar sem aðallega er um að ræða hér eru tvær: annars vegar **afstæðishyggjan** (e. *relativism*, sjá

t.d. Lucy 1997b),¹ og hins vegar **vitsmunahyggjan** (e. *cognitivism*, sjá t.d. Berlin og Kay 1999[1969]).

Vegna mismunandi áherslu verður því til dæmis svarið við spurningunni hvort orðið *gulur* merki það sama í íslensku og *gelb* í þýsku eða *yellow* í ensku annars vegar „nei“ (því tungumál eru ólík og merking því afstæð) en hins vegar „já“ (vegna þess að skynjun er einsleit og merking því svipuð).

Fylgismenn afstæðishyggjunnar telja sem sé að hugtök og mörk þeirra séu nærri því handahófsbundin og markist af áhrifum tungumálanna. Misjafn orðaforði, málfræðimöguleikar og menningarlegt og mállegt samhengi hvers máls fyrir sig gerir það að verkum að málhafar viðkomandi tungumáls myndu hafa sérstæða hugmynd um hvað til dæmis [GULUR] er og sú hugmynd væri alls ólík hugmyndum málhafa annarra tungumála.

Þeir sem aðhyllast vitsmunahyggjuna vilja hins vegar halda því fram að sameiginleg skynjun og hugræn úrvinnsla gefi fólki einsleit og jafnvel **algild** (e. *universal*) hugtök, það er að þau séu sameiginleg öllu mannfólki sama hvaða tungumál það talar. Málfræðin, sem og menningarlegt samhengi, eru þar mun veigaminni í rannsóknum og áhersla fremur lögð á að skilgreina kjarna hugtakanna og skoða líkindi þeirra milli mála.

Rannsóknir frá báðum hliðum hafa því fundið vísbendingar til þess að styðja mál sitt. Annars vegar eru litaorð óneitanlega mjög tengd skynjuninni því raunveruleg upplifun lita verður ekki til fyrr en ljós hefur verið skynjað með augum og taugakerfi. Ef fólk hefur einsleit skynfæri ætti að liggja ljóst fyrir að merking litaorða sé óháð tungumálaáhrifum. Hins vegar eru litaorðin sjálf mjög fjölbreytt. Saga þeirra í þróun tungumála hefur ýmis áhrif og aðferðir til nýsköpunar byggjast á málkerfinu en þær aðferðir sem felast í því eru eins margar og málin. Því liggur beinast við að skoða íslensk litaorð í tvenns konar samhengi, annars vegar út frá mannshuganum og vitsmunum þar sem skynjunin er í forgrunni, og hins vegar út frá málfræði og menningu þar sem sértæk einkenni málhópa sýna meiri áhrif. Af þessum samanburði verður ljóst að ástæðan fyrir því að báðir hópar geta fundið ýmislegt til stuðnings sínum málstað er að einfaldlega er um að ræða tvær hliðar á eðli tungumáls.

¹ Þessi stefna er einnig þekkt sem formgerðarhyggja (e. *structuralism*) sem setur kerfið (formgerðina) í forgang fram yfir hið huglæga en hér verður almennt vísað til þessara andstæðna vitsmunahyggjunnar sem afstæðishyggju.

Hvað varðar skynjun og hugræna úrvinnslu eru málfarar íslensku varla svo ólíkir öðrum málhöfum annarra mála. Þegar kemur að málsögunni, er hún að einhverju leyti sameiginleg öðrum málum og verður fjallað um tvö þeirra hér, vesturíslensku og ensku,² en einnig verður gerður samanburður við óskilyt mál, ÍTM, ef mismunandi málsaga skyldi hafa afgerandi áhrif.

Í samhengi nútímamálsins er íslenskan og íslenskt málsamfélag þó einstakt fyrirbæri og samanlögð saga máls og menningar skapar sérstakan heim fyrir málfarann til að vinna úr. Með því að nýta aðferðir sem vinna úr mismunandi hliðum málsins og tengslum þess við hugtök og merkingu er hægt að búa til ágætis kort af því hvað hefur áhrif og hvernig mál og merking vinna saman.

Í næstu köflum verður gerð nánari grein fyrir þessum kenningum og þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í því markmiði að varpa ljósi á eðli merkingar litaorða í íslensku.

Í *Kafla 2.1* er úttekt á því hvernig litaskynjun virkar sem viðmið í umfjöllun um uppruna merkingar í hugrænum ferlum. Í *Kafla 2.2* er yfirlit yfir kenningar B&K um grunnlitaheiti og þróun litahugtaka sem útgangspunktur vitsmunahyggjunnar. Í *Kafla 2.3* er stutt umfjöllun um framsetningu litrófsins og tengsl tæknilegrar afstöðu til litaskilgreininga við almennar nafngiftir málfara. Í *Kafla 2.4* er yfirlit yfir kenningar Lucy og Wierzbicku um eðli merkingarflokka sem málfræðifyrirkæris og áhrif máls og menningar á merkingarsvið sem útgangspunktur afstæðishyggjunnar. Í *Kafla 2.5* er svo samantekt á öðrum kafla.

Í *Kafla 3* verður farið yfir þau tungumál sem hér verða til umfjöllunar til að setja sviðið fyrir samanburð á menningareinkennum við merkingarleg og málfræðileg einkenni. Litið verður til sögu málhópsins, þróunar málsins sjálfs og viðhorfa málfara til máls síns, auk þess sem fjallað verður stuttlega um litaiðnað í þessum málhópum þar sem það á við. Í *Kafla 3.1* verður farið yfir íslenskt málsamfélag, en íslenskan er meginumfjöllunarefni þessarar ritgerðar. Í *Kafla 3.2* verður farið yfir málsamfélag Vesturíslendinga, sem er skylt íslensku, en ólíkt íslenskunni er vesturíslenskan minnihlutamál innan stærra málsamfélags. Í *Kafla 3.3* verður farið yfir ÍTM sem er í svipaðri stöðu og vesturíslenskan sem minnihlutamál, en er óskilyt íslenskunni sem er það mál sem umkringgir ÍTM. Eðli málsins sem tákna máls er líka nokkuð annað en þeirra raddmála sem fjallað er um,

² Þrjú ef amerísk enska og bresk enska eru talin sem aðskilin mál.

og samfélagsleg staða þeirra einnig fremur ólík. Að lokum verður farið yfir ensku í *Kafla 3.4*, en það er risastórt málsamfélag sem umlykur öll hin málsamfélögin og er mögulegur áhrifavaldur, bæði í menningu og máli. Í *Kafla 3.5* er svo samantekt þriðja kafla.

Kafla 4 er fyrri af hinum eiginlegu rannsóknarköflum, sá sem fjallar um hugræna úrvinnslu og skiptingu litaorða út frá sjónarhorni vitsmunahyggjunnar með aðferðafræði EoSS rannsóknarinnar (að fyrirmynd B&K). Gerð verður grein fyrir þeim verkefnum sem lögð voru fyrir þátttakendur (*Kafla 4.1*), samsetningu þátttakendahópanna (*Kafla 4.2*) og staðfærslu gagna og verklagi (*Kafla 4.3*) í EoSS rannsókninni, sem og þeim framhaldsrannsóknum sem gerðar voru til þess að afla samanburðargagna. Í *Kafla 4.4* er farið yfir niðurstöður í sambandi við líkindi nafngifta á milli málhópanna og kortlagningu kjörlita, en í *Kafla 4.5* er nánar farið yfir þann orðaforða sem fram kom í þessum rannsóknum með tilliti til innri gerðar og merkingartengsla orðhluta, en slíkt er yfirleitt ekki gert í rannsóknum af þessu tagi nema til þess að sigta grunnlitaheitin úr og henda restinni. Í *Kafla 4.6* er kortlagning þeirra litaheita sem hafa verið ákveðin sem grunnlitaheiti og hversu lík eða ólík þau svið sem koma fram eru á milli samanburðarmálanna. Í *Kafla 4.7* er svo samantekt fjórða kafla.

Ein stærsta gagnrýni á rannsóknir í anda B&K, þar á meðal EoSS, er að þær fjarlægji úr þeim gögnum sem þær safna mikið af upplýsingum um það hvernig málhafar (tungumál) meðhöndla litalýsingar. Eins og tekið var fyrir í *Kafla 4.5* eru aukaupplýsingar og samhengi með litaorðum margvísleg og því verður skoðað í *Kafla 5*, sem framhald af þeirri athugun, hversu mikil þessi áhrif eru og hvort þau geti talist til skilgreiningar á merkingarflokki þegar litaorð eiga í hlut. Gerð var textarannsókn með það að markmiði að skoða þau mállegu ferli sem koma fram í *Kafla 4.5* í stærra samhengi til að sjá hvort að þau mynstur sem þegar eru komin fram finnast í stærri samsetningaleit og hvað það þýðir fyrir niðurstöður EoSS rannsóknarinnar.

Sem talsmaður afstædishyggjunnar og gagnrýnandi B&K er Lucy mikilvægur í þessu samhengi, en einnig sem málsvari hugmynda sem ítrekað eru notaðar sem útgangspunktur í rannsóknum skyldum þessari (sjá t.d. Majid, Jordan og Dunn 2015; Whelpton, Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Jordan 2015). Í *Köflum 5.1–5.2* verða því hugmyndir hans um merkingarflokk sem málfræðilega markað hugtak skoðaðar með tilliti til litahugatakanna. Ýmislegt kemur þar fram áhugavert um

Það málfræðiumhverfi litaorðanna þó krafa Lucy um málkerfislega þekktanlegan merkingarflokk sé líklegast að ætlast um of.

Því verður í *Kafla 5.3* litið yfir til breiðara samhengis litaorðanna út frá hugmyndum Wierzbicku um samhengismerkingu og menningarlegt afstæði sem verður til út frá tungumálinu. Eins og Lucy eru kenningar hennar nýttar í skyldum rannsóknum (sjá t.d. Vejdemo o.fl. 2015; Levisen 2015). Út frá þessum athugunum verður aftur litið til þeirra samhengja sem komu fram í *Kafla 4.5* og þau skoðuð nánar í *Köflum 5.4–5.5* sérstaklega með mál- og menningaráhrif í huga. Þær einstöku íslensku menningartengingar sem koma fram í þessum seinni köflum gætu gefið vísbendingar um menningaráhrif málsins, á móti hinum hugrænu ferlum sem *Kafla 4* gefur til kynna, en hér verður ekki farið í hver þessi áhrif gætu verið ef einhver þó þær gætu verið efni í slíka rannsókn (sbr. t.d. Boroditsky 2018; Lupyan o.fl. 2020)

Í *Kafla 5.6* er svo samantekt fimmta kafla.

Að lokum, í *Kafla 6*, verða dregnar saman helstu niðurstöður þessarar yfirferðar hvað varðar merkingu, málfræði og menningartengsl litaorða í íslensku, sem og merkingu og samhengi almennt.

2. Staða fræðanna

Í þessum kafla verður farið yfir bakgrunn þeirra fræða sem unnið er með í þessu riti – frá sjónskynjun til menningaráhrifa – til þess að byggja heilsteyptan ramma utan um þær rannsóknir sem fjallað verður um í *Kafla 4* og *Kafla 5*; í þeim tilgangi að svara þeim spurningum sem settar hafa verið fram um sköpulag hugtaksins. Það er að segja hvort hinar andstæðu hugmyndir um tilvist almennra og jafnvel algildra kjarna litahugtaka annars vegar, og málfræði og menning sem lykillinn að skilgreiningu og skiptingu litahugtaka hins vegar, eigi sér stoð í raunveruleikanum; og ef svo er, hvort þær geti setið áfram óraskaðar hvor í sínu horni. Í því samhengi er mikilvægt hugtakið [MERKINGARFLOKKUR] sem hópur hugtaka afmarkaður af ákveðnum mállegum skilyrðum

Í *Kafla 2.1* er stuttlega farið yfir líffræðilegan grunn litaskynjunar til að leggja áherslu á hið einstaka eðli lita sem algjörlega huglæg viðbrögð við ljósáreiti. Það ferli sem um ræðir er mjög flókið og þrátt fyrir nútímatækni ekki enn að öllu fullþekkt. Samkvæmt vitsmunahyggjunni er skynjunin fyrst í mótun merkingarinnar á meðan málfræðin og menningin sitja ofan á sem einhvers konar yfirborðsfyrirbæri sem rista ekki djúpt.

Í *Kafla 2.2* er umfjöllun um rannsóknir B&K á litaorðum og litahugtökum. Kenning þeirra um afmarkaðan fjölda grunnlitaheita olli straumhvörfum í umfjöllun um litahugtök og hafa fjölmargar rannsóknir fylgt í kjölfarið. Þær snúast að miklu leyti um tengsl skynjunar og vitsmuna við þær mállegu birtingarmyndir sem koma fram í rannsóknnum af slíku tagi, og líkindi ákveðinna kjarnahugtaka á milli mála sem myndu þá spegla einsleitni skynfæranna. Þá myndu merkingarflokkar þeirra (að minnsta kosti þegar litir eiga í hlut) vera samsafn almennra hugtakakjarna með óljósari landamæri innan flokksins.

Mikið af þeim aðferðum sem eru notaðar í rannsóknnum á litum reiða sig á tæknilega framsetningu litrófsins til að forðast ‘mengun’ frá tungumálinu. Þar er Munsell-kerfið vinsælt þó það sé alls ekki eina kerfið sem nýtt er til slíks. Þessi kerfi reiða sig oft á ákveðna einföldun á eðli litrófsins til þess að geta sett það

fram á skýran hátt. Í *Kafla 2.3* er stutt yfirferð yfir slík kerfi, og þá sérstaklega Munsell-kerfið sem er það kerfi sem B&K notuðu og margir fleiri síðan; meðal annars þær rannsóknir sem notaðar eru til gagnaaðfanga í þessari rannsókn.

Í *Kafla 2.4* er umfjöllun um kenningar John Lucy og Önnu Wierzbicku en þau vilja bæði draga mikið úr gildi niðurstaðna B&K og rannsókna í anda þeirra og færa áherslu merkingarrannsókna yfir á tungumálið sjálft og almenna notkun málhafa á litaorðum. Frá sjónarhorni afstæðishyggjunnar eru flokkar B&K ekki merkingarflokkar heldur huglægir reynsluflokkar óháðir máli og merkingu.

Þrátt fyrir að hægt sé að tala um liti sem einhvers konar flokka sem byggjast á skynjun eins og vitsmunahyggjurannsóknir benda til vill Lucy ekki samþykkja að hægt sé að heimfæra þá skilgreiningu á málfræðilegan merkingarflokk þar sem þau málfræðilegu einkenni sem litaorðin sýna séu ekki einsleit. Fyrir Lucy byggist málfræðileg skilgreining á merkingu alfarið á málfræðinni, ef málfræðilegur merkingarflokkur er til ætti hann að finnast í mynstrum í málfræðikerfinu.

Wierzbicka er aftur á móti fylgjandi því að merkingarleg algildi sem byggjast á sjónrænum eiginleikum hluta séu raunveruleiki en viðurkennir ekki að litahugtök eins og B&K tala um þau séu slík merkingaralgildi. Hún telur að ástæðan fyrir því sé að menningarhleðslan (áhrif mismunandi tungumála) sem liggur ofan á þeim sé svo mikil að þau verði ekki fundin nema með nákvæmri greiningu. Hin raunverulega merking orðanna, og þar með merkingarflokkar, sé falin í notkun málhafa og áhrifum málkerfisins.

Í *Kafla 2.5* er svo samantekt fyrir annan kafla


2.1 Ljós og skynfæri

Fyrir utan litina sem eru í daglegu umhverfi okkar eru þeir litir sem flestir vísa til hversdags ýmiss konar litaefni og -áhöld; hvort sem það eru vaxlitir fjögurra ára barns eða olíulitir listmálarans. Hér er stuðst við hina almennu skilgreiningu á *litur* en ef farið er út í tæknilegri hluti, eins og eðli ljóssins eða listfræði, myndu sum þeirra litbrigða sem hér er fjallað um sem liti ekki skilgreinast sem slíkir því þau innihalda tæknilega engan lit. Eðli litahugtaksins er þó þannig að það gæti virst augljóst að einhver hluti þess sé undir beinum áhrifum frá litaskynjun

Því það sem við skynjum sem liti eru viðbrögð taugakerfisins við ákveðnu áreiti, nánar tiltekið ljósi.

Hvít ljós, það ljós sem kemur frá sólinni, er sambland allra þeirra bylgjulengda sem við skynjum sem liti. Fleiri bylgjulengdir eru í þeim geislum sem koma til jarðar, svo sem útfjólubláir (e. *ultra-violet*) og innrauðir (e. *infra-red*), en við skynjum þær ekki sem liti. Aðrar dýrategundir skynja þessar bylgjulengdir, til dæmis snákar og sumar fisktegundir, en þróuninni hefur ekki hugnast að veita okkur þann hæfileika. Hér er talað um frádráttarkerfi litablöndunar (e. *subtractive colour mixing*) og rauður, grænn og blár skilgreindir sem grunnlitirnir.

Í sjónskynjun er um að ræða tvöfalt nemakerfi stafa, sem kallast **dimmusjón** (e. *scotopic vision*), og keila, sem kallast **ljóssjón** (e. *photopic vision*). Ljósið þarf að fara í gegnum sjónhinnuna til að ná til þessara nema. Keilurnar eru gróflaga þrenns konar, stuttbylgju- ('blár'), miðbylgju- ('grænn') og langbylgjuskyndandi ('rauður'), en stafirnir eiga einnig einhvern þátt í litaskynjun. Fleiri frumugerðir eru í sjónhinnunni, enda heilmikið ferli (sjá t.d. Árni Krisjánsson 2012), en þessar tvær tegundir eru oftast nefndar sem þær sem skipta mestu máli. Á *Mynd 2.1* má sjá einfaldaðan þverskurð af þessum frumum í sjónhinnunni.



Mynd 2.1: Líffræði sjónhinnunnar

Litasjón er getan til þess að skilja á milli bylgjulengda ljóss, burtséð frá styrkleika þeirra í samanburði við hverja aðra. Hver einstakur móttakari (keila eða stafur) er litblindur (hann er ekki litamóttakari) heldur hefur hann einungis meiri eða minni næmni fyrir ákveðinni bylgjulengd í samanburði við aðra móttakara. Til að geta skynjað litrófið allt eins og það skilgreinist út frá skynjun *Homo sapiens* þarf minnst þrjár tegundir af slíkum móttökurum. Yfirleitt er bara minnst á keilurnar í sambandi við litasjón en stafirnir gegna einnig mikilvægu hlutverki. Þeir eru virkir á lægri birtustigum (ekki bara í myrkri) og í lengstu bylgjulengdum rófsins eru stafirnir og keilurnar jafnnæm. Ekki er samkvæði um það hversu marga liti við getum skynjað og eru tölurnar frá hundrað þúsund upp í tíu milljón. Einnig er mismunandi hvernig hver og einn skynjar liti, jafnvel á milli augna hvers einstaklings (Leong 2006).

Hugmyndin um þrískiptingu litaskynjunar í ‘rauður/grænn/blár’ kom fyrst fram árið 1801 þegar Thomas Young setti fram þrilitakenningu sína (e. *trichromatic theory*). Hann taldi að alla litaskynjun væri hægt að framkalla með þessum þrem frumlitum: rauðum, grænum og bláum. Hermann von Helmholtz styrkti þessa kenningu 1852 og hefur hún síðan verið kölluð Young-Helmholz kenningin um þrískipta litaskynjun. Hins vegar skýrði þessi kenning ekki öll fyrirbæri tengd litaskynjun og úrvinnslu.

Árið 1878 kom Ewald Hering fram með nýja hugmynd um það sem hann kallaði **mótsætuliti** (e. *opponent hues*) en hann hafði meðal annars tekið eftir því að þegar fólk var beðið um að nefna alla ‘hreina’ liti þá nefndi það ekki einungis rauðan, grænan og bláan, heldur líka gulan, og að samsetningar eins og rauðgrænn og blágulur kæmu aldrei fyrir sem tegundir af lit af sama tagi og blágrænn eða rauðgulur. Af því dró hann þá ályktun að þessi litbrigði væru skynjuð í pörum og væru andstæður, rauður+grænn og blár+gulur. Þriðja parið er svo svartur+hvítur (Rossing og Chiaverina 1999, bls. 192).

Eftir að frumurnar í sjónhímnunni hafa unnið úr ljósinu ferðast það sem tauga-boð upp í sjóntaugina þar sem tvær tegundir fruma í svokölluðum knékleggja (e. *lateral geniculate nucleus*) vinna úr taugaboðunum. P-frumur (e. *P(arvocellular) cells*) safna og tilkynna sama magn af ílagi og keilurnar sem tengjast þeim, en aftur á móti bregðast M-frumur (e. *M(agnocellular) cells*) eins við öllum bylgjulengdum, annað hvort með því að auka eða minnka straum. Hér verður mótsætufærið til þar sem þrískipt ílag skynfruma verður að fjórskiptu frálaga taugafruma.

Líklegast er að hver fruma í knékjarnanum taki við frá fleiri en einni tegund af keilum, en vegna þess að þær geta ekki ‘sagt frá’ nákvæmlega hvaða ílag þær fá heldur einungis tilkynnt mismun þeirra tegunda sem koma, verði ‘gulu’ bylgjurnar að fylgja með þeim ‘bláu’ sem samsvörun við ‘grænt/rautt’ ílag (Abramov 1997). Úrvinnsla þessara boða heldur svo áfram í sjónberkinum.

Nákvæm leið þessara ljósboða frá skynjun í augum til tjáningar með orðum er ekki að öllu fullþekkt, þrátt fyrir allar þær efna-, líf- og lífeðlisfræðilegu rannsóknaraðferðir sem við höfum til athugunar á skynjun og vitsmunum nú til dags. Til þess að komast nálægt þessum ferlum í málfræði er hægt að nota aðferðir sálmálfræðinnar. Ein slík rannsókn olli straumhvörfum í því hvernig fjallað er um litaorð og merkingu þeirra, en það var grunnlitarannsókn B&K. Nánar verður fjallað um hana, forsögu hennar og afleiðingar í næsta kafla.

2.2 Berlin, Kay og vitsmunahyggjan

Fram til seinni hluta sjöunda áratugar tuttugustu aldar var viðtekin hugmynd í umfjöllun um merkingu litaorða að þar sem hvert tungumál hefði sín eigin litaorð hefði hvert tungumál einnig sína eigin skiptingu á litrófinu. Það viðhorf sem hér er kennt við afstæðishyggjuna að hugtök innan hvers tungumáls markist af viðkomandi máli féll vel að eðli litrófsins. Ólíkt flestum öðrum orðahópum sem gætu talist standa fyrir merkingarflokk er það sem þau merkja ein samfella litbrigða án greinilegra landamæra á milli hvers fyrir sig og því ekki svo fráleitt að hverju málsamfélagi sé það í sjálfsvald sett hvar og hvernig það skiptir niður litahugtökunum í litrófinu.

Með bók sinni, *Basic color terms – Their universality and evolution* sem kom fyrst út 1969 settu B&K fram nokkuð sannfærandi nýja hugmynd um skiptingu litahugtaka sem setti skynjunina og vitsmunina sterklega inn í umræðuna um greiningu litahugtaka. Í titli bókarinnar birtast aðalhlutar þessarar hugmyndar: í fyrsta lagi að til séu einhver grunnlitaheiti sem skipta litrófinu á mjög grófan hátt, í öðru lagi að um sé að ræða málleg algildi og í þriðja lagi að hægt sé að sjá einhverja ákveðna þróun í því hvernig litahugtök verða til. Í rannsókninni sem lá að baki notuðu þeir 329 litaspjöld að fyrirmynd Lenneberg og Roberts (1956) en

auk þess að láta fólk nefna litina á spjöldunum báðu þeir þátttakendur sína einnig að velja svokallaðan **kjörlit** (e. *focal colour*) þeirra litaorða sem þeir fundu í þeim málum sem þeir rannsökuðu. Þannig fengu þeir bæði gögn um merkingarsvið litaorðanna og kjarna hvers merkingarsviðs fyrir sig.


Niðurstöður B&K gengu þvert á hugmyndina um handahófskennda skiptingu hugtaka og sambands orðs og merkingar. Þessi nálgun þeirra tengist hins vegar hugmyndinni um alheimsmálfræði (e. *universal grammar*) sem oftast er tengd við Noam Chomsky. Samkvæmt þeirri hugmynd eru tungumálum sett ákveðin takmörk af þeim líkamlegu innviðum sem tengjast tungumáli og eru meðfæddir. Í strengstu útgáfu alheimsmálfræðinnar eru öll tungumál eins í grunninn (byggjast á innfæddri ‘málfræði’) en vitsmunahyggjan gengur ekki alveg svo langt. Þar er hugmyndin að ákveðnir merkingarflokkar, svo sem [LITUR], séu möguleg algildi vegna einsletrar skynjunar á meðan aðrir eru mögulega meira komnir undir duttlungum menningarinnar (t.d. [FARANGUR]).

Í næstu þrem köflum verður farið nánar í þessar hugmyndir B&K um þróun litahugtaka (*Kaflí 2.2.1*), þau viðmið sem þeir höfðu til þess að ákveða þau (*Kaflí 2.2.2*) og umræða um þá merkingjarkjarna sem þeir fjölluðu helst um (*Kaflí 2.2.3*).

2.2.1 *Þróunarröð litahugtaka*

Á grundvelli rannsóknar sem þeir framkvæmdu með málhöfum 98 tungumála settu B&K fram þá hugmynd að öllu litrófinu eins og við skynjum það mætti skipta upp með tiltölulega fáum hugtökum í samanburði við hversu mörg litbrigði við skynjum. Þessi hugtök kalla þeir grunnlitaheiti og í ensku eru þau ellefu: [HVÍTUR] og [SVARTUR] sem er minnsta mögulega skipting, [RAUÐUR] sem kemur fyrst fram af hinum eiginlegu litum, [GRÆNN], [GULUR], [BLÁR] og [BRÚNN] koma næst og síðan reka [GRÁR], [BLEIKUR], [FJÓLUBLÁR] og [APPELSÍNUGULUR] lestina, *Mynd 2.2³* (bls. 15).

³ Litina á *Mynd 2.2* valdi höfundur samviskusamlega sem dæmigerðustan lit fyrir hvert litahugtak/-heiti samkvæmt eigin sannfæringu og ábyrgist ekki nytsamlegheit þessa vals til að standa fyrir tiltekin hugtök.



Mynd 2.2: Ellefu grunnlitir B&K

B&K tala yfirleitt um grunnlitaheiti (sjá *Kafla 2.2.2*) og á *Mynd 2.2* eru gefin dæmi um liti en grunnur kenningarinnar er skipting litahugtaka, nánar tiltekið kjarna þeirra (sjá *Kafla 2.2.3*). Þó talað sé um orð og heiti í þessu sambandi er átt við ákveðin grunnhugtök lita og þann orðaforða sem þeim fylgja. Kjörlliturinn sem B&K skoðuðu er kjarni hugtaksins, hluti litrófsins undir ákveðnu litaheiti sem gæti kallast dæmigerðastur fyrir það litaheiti og auðveldast að greina frá öðrum litaheitum. Flestar þær ályktanir sem B&K drógu af gögnum sínum snerust um þessa kjarna og þá hluta merkingarsviðanna sem virtust nokkuð stöðugir, en mörkin sjálf – ystu jaðrar hugtaksins – látnir liggja á milli hluta.

Tvennu tóku B&K eftir sem mótaði kenningu þeirra um þróunarröðina: annars vegar að sum málsamfélög hafa færri en þessi ellefu og hins vegar að þegar ný bætast við er hægt að greina ákveðið mynstur. Það gerði það að verkum að hægt var að spá fyrir um hvaða grunnlitahugtök væru til í málinu ef vitað var hversu mörg það hafði. Þau sem hefðu þrjú hefðu [DÖKKUR] ([SVARTUR]), [LJÓS] ([HVÍTUR]) og [RAUÐUR], þau sem hefðu fjögur hefðu [DÖKKUR], [LJÓS], [RAUÐUR] og [GULUR] eða [GRÆNN] og svo framvegis. Því settu þeir fram ákveðin þróunarstig, sem sjá má í *Töflu 2.1*.

I	II	III	IV	V	VI	VII
svartur		gulur/ grænn	grænn/ gulur	blár	brúnn	grár
hvítur	rauður					bleikur fjólublár appelsínugulur

Tafla 2.1: Elsta mynd þróunarraðar Berlin og Kay

Í þeirri útgáfu þróunarraðarinnar sem sést í *Töflu 2.1* eru stigin sjö (I–VII). Á *Stigi I* eru mál sem hafa einungis tvö grunnlitahugtök ([SVARTUR] / [DÖKKUR] á móti [HVÍTUR] / [LJÓS]); á *Stigi II* eru mál sem hafa þrjú ([RAUÐUR] bætist við); á *Stigi III* eru mál sem hafa fjögur ([GULUR] eða [GRÆNN] bætist við); síðan á *Stigi IV* eru

mál sem hafa fimm ([GRÆNN] eða [GULUR] kemur fram eftir því hvort kom fram á *Stigi III*); því næst á *Stigi V* eru málin komin upp í sex grunnlitahugtök ([BLÁR] hefur bæst við); á *Stigi VII* eru grunnlitaheitin orðin sjö ([BRÚNN] kemur fram). Þau sem eftir eru ([GRÁR], [BLEIKUR], [FJÓLUBLÁR] og [APPELSÍNUGULUR]) bætast svo við á *Stigi VII* en ekki er gefin upp sérstök röð fyrir þessi hugtök, svo mál á sjöunda stigi gæti haft hvert sem er þessara síðustu grunnlitaheita og þar með alveg frá átta upp í ellefu grunnlitaheiti.

Nokkur gagnrýni kom fram á aðferðafræði B&K, meðal annars sú að þátttakendur væru mjög fáir í hverju máli og að þeir hefðu ekki verið í sínu eigin málumhverfi. Einnig voru einhver gagna þeirra fengin úr orðabókum sem ekki þykir viðeigandi aðferðafræði í rannsókn af þessu tagi. Til þess að bæta við gögnum undir niðurstöður sínar og svara gagnrýnisröddum gerðu B&K, ásamt Louisu Maffi, William Merrifield og Richard Cook, enn stærri rannsókn með skipulagðari aðferðum og kölluðu World Color Survey (Kay, Berlin o.fl. 2009, hér eftir WCS). Í þeirri rannsókn var gögnum safnað úr 110 málum víðs vegar um heim með skipulegri aðferðum.

WCS rannsóknin bæði skerpti á þeim niðurstöðum sem B&K höfðu áður fengið og varð til þess að bæði þróunarröðin og stigskiptingin voru endurskoðuð. Í stað þess að skipta fyrsta stiginu í [SVARTUR] / [DÖKKUR] + [HVÍTUR] / [LJÓS] var það nú skilgreint sem [HEITUR] + [KALDUR]. Það kom til af því að þeir tveir lágmarksmerkimiðar samkvæmt þróunarröðinni sem notaðir voru til þess að skipta litrófinu í tvennt (t.d. *svartur* og *hvítur*) skiptu því ekki eftir skilgreiningunni ‘dökkur’ á móti ‘ljós’ heldur voru ‘heitir’ litir (hvítur, rauður, gulur) undir öðrum merkimiðanum en ‘kaldir’ (svartur, blár, grænn) undir hinum. Í þessari skiptingu speglast enn mótsætulitir Herings þar sem grænn er á móti rauðum, gulur á móti bláum og svartur á móti hvítum.

Í stað þess að [RAUÐUR] skilji sig fyrst frá er það [HVÍTUR] sem aðskilst fyrst og skilur [RAUÐUR+GULUR] eftir sem sérhugtak á heitu hliðinni en skilgreiningar á [RAUÐUR] á eldri málstigum innihalda oft einnig gula og rauðgula hluta litrófsins (sjá t.d. *Kafla 3.1.2*). Þegar kemur á þriðja stigið eru í nýju útgáfunni fjölbreyttari leiðir sem málfarar fara í að skipta upp litrófinu í smærri hólf. Þær eru alls þrjár og hafa áhrif á næstu tvö stig (þrjú og fjögur) en þegar kemur á fimmta stigið eru komin fram sex aðskilin grunnlitahugtök ([HVÍTUR], [SVARTUR], [RAUÐUR], [GULUR], [GRÆNN] og [BLÁR]). Hin nýja útgáfa þróunarraðarinnar nær ekki

lengra en það (sú eldri var sjö stig) þar sem ekki er hægt að sjá frekari mynstur í því hvaða hugtök koma fram næst.

Nýrri útgáfu þróunarraðarinnar má sjá í *Töflu 2.2*. Þar skiptist *Stig I* í [HEITUR] (þ.e. samansett hugtak sem nær yfir [HVÍTUR+GULUR+RAUÐUR]) og [KALDUR] (þ.e. samansett hugtak sem nær yfir [SVARTUR+GRÆNN+BLÁR]).

Á *Stigi II* fjölgar hugtökunum um eitt, en í raun verða tvö ný til. Eftir að [RAUÐUR+GULUR] klofnar frá heitu hliðinni verður [HVÍTUR] einn eftir. Kalda hliðin helst sem eitt hugtak. Þegar hingað er komið geta málin farið þrjár leiðir í gegnum *Stig III* og *IV*: A, B eða C.

I	hvítur+rauður+gulur svartur+grænn+blár		
II	hvítur rauður+gulur svartur+grænn+blár		
III	A hvítur rauður gulur svartur+grænn+blár	B hvítur rauður+gulur grænn+blár svartur	C hvítur rauður gulur+grænn+blár svartur
IV	A hvítur rauður gulur grænn svartur+blár	B hvítur rauður gulur grænn+blár svartur	C hvítur rauður gulur+grænn blár svartur
V	hvítur rauður gulur grænn blár svartur		

Tafla 2.2: Nýrri mynd þróunarraðar Berlin og Kay

Fari málið *Leið A* klofnar [RAUÐUR+GULUR] fyrst í tvennt á *Stigi III* og síðan [GRÆNN] úr [SVARTUR+GRÆNN+BLÁR] á *Stigi IV*. Heita hliðin skiptist sem sagt alveg niður í þrennt áður en kalda hliðin byrjar að skiptast á *Stigi IV*.

Velji málið *Leið B* klofnar [GRÆNN+BLÁR] frá köldu hliðinni á sama hátt og [RAUÐUR+GULUR] klofnaði frá þeirri heitu áður á *Stigi III* og síðan klofnar hugtakið [RAUÐUR+GULUR] í sundur á *Stigi IV*.

Leið C er svo örlítið öðruvísi, þar sem í stað þess að [RAUÐUR+GULUR] klofni í tvennt og séu tvö aðskilin hugtök eftir það þá klofnar [RAUÐUR] frá en [GULUR] rennur saman við [GRÆNN+BLÁR] sem hefur einnig aðskilist frá köldu hliðinni á *Stigi III*. Þannig verður til ‘volgt’ hugtak — [GULUR+GRÆNN+BLÁR] — sem skiptist svo í [GULUR+GRÆNN] og [BLÁR] á *Stigi IV*.

Á *Stigi V* eiga málin svo sex aðskilin litahugtök sem samsvara mótsætulitum Herings þegar þau hafa endanlega ákveðið aðskildar skilgreiningar fyrir þessi hugtök og merkimiða til þess að setja á þau. Hvernig þeir merkimiðar eru valdir er mjög mismunandi eftir tungumálum eins og á eftir að koma fram.

Í nýrri útgáfu þróunarraðarinnar í *Töflu 2.2* (bls. 17) er tvennt áberandi í samanburði við eldri útgáfuna í *Töflu 2.1* (bls. 15). Annars vegar eru einungis sex aðskilin litahugtök á lokastigi nýrri útgáfunnar á móti ellefu í þeirri eldri og hins vegar eru þróunarmöguleikarnir nokkuð fjölbreyttari. Ástæðan fyrir hinu fyrra er meðal annars vegna nýrra skilgreininga á tegundum litahugtaka. Þau sem eru til staðar á lokastiginu samsvara mótsætulitum Herings (Rossing og Chiaverina 1999, bls. 192). Þau eru sérstæð hugtök sem innihalda eitt litbrigði af þeim sem skilgreind eru meðal grunnlita (t.d. [RAUÐUR], [BLÁR]). Í þróunarröðinni eru tvær aðrar tegundir hugtaka, annars vegar **samslungið hugtak** (e. *composite category*) og hins vegar **samsett hugtak** (e. *derived category*).⁴

Hin fyrri eru þau hugtök sem verða til á þróunarleiðinni þangað til frumlitir Herings eru fullaðskildir, til dæmis [BLÁR+GRÆNN] á *Stigi IIIB* (eitt hugtak sem nær yfir það svæði sem seinna skiptist og fellur undir bláan lit annars vegar og grænan lit hins vegar).

⁴ Tæknilega séð væri þýðing á ensku heitum þessara flokka annars vegar ‘samsett hugtak’ (e. *composite*) og hins vegar ‘afleitt hugtak’ (e. *derived*) en eðli þessara hugtaka er þannig að í raun er um að ræða tvær tegundir samsettra hugtaka. Annars vegar óklofinna hugtaka sem seinna skiptast ([RAUÐUR+GULUR], [GRÆNN+BLÁR]) og hins vegar samrunninna hugtaka sem verða til seinna þegar skilgreiningar myndast á mörkum grunnlitahugtakanna ([BLÁR] + [RAUÐUR] = [FJÓLUBLÁR], [RAUÐUR] + [GULUR] = APPELSÍNUGULUR). Í þessum skilgreiningum er heldur ekki gert ráð fyrir að sum grunnlitahugtök séu einnig skilgreiningar á blæbrigðum jafnt og samsetningum, svo sem bleikur = ‘ljós rauður; blárauður’, eða brúnn = ‘dökkur rauður; rauðgulur’, sem væru þá mun fremur hægt að kalla ‘afleidd’ hugtök.

Hin seinni eru þau sem verða til eftir á þegar litbrigði á mörkum frumlitanna, sem hægt er að skilgreina sem blöndur frumlitanna, aðskiljast og verða sjálfstæð hugtök, til dæmis [FJÓLUBLÁR] – litur á mörkum rauðs og blás sem er blanda af þessum litum – og [APPELSÍNUGULUR] – litur á mörkum rauðs og guls sem er blanda af þessum litum (Kay, Brent o.fl. 1997, bls. 22). Þau litbrigði sem vantar upp í þau ellefu sem B&K skilgreina koma fram annað hvort á eftir *Stigi V* í nýju röðinni (*Tafla 2.2*, bls. 17), eða á einhverju öðru óskilgreindu stigi.

Þróunin virðist því nokkuð fjölbreyttari en gert var ráð fyrir í upphafi, þó hún sé ekki nærri eins fjölbreytt og fjöldi þeirra hugtaka sem um er rætt gefur tilefni til. Ef við tökum sem gefnu að þessi sex litahugtök sem eru til staðar á *Stigi V* í *Töflu 2.2* (bls. 17), komi fram eitt og eitt í einu, eru 720 mögulegar leiðir í boði (litahugtökin birtist í röð þannig að öll komi fram á listanum og ekkert birtist tvisvar) en ef við tökum með öll ellefu grunnlitaheiti B&K verða möguleikarnir alls 39.916.800. Málið er að sjálfsögðu ekki alveg eins einfalt og að draga nafn úr hatti en ef mállegt handahóf réði því hvernig litahugtök koma fram og raðast í tungumálum væri viðbúið að samsetningarnar væru mun fleiri og fjölbreyttari.

Fyrir utan þessar breytingar sem eru sýnilegar í *Töflu 2.2* (bls. 17) á þessari þróunarkenningu hafa komið fram tillögur að hliðrunum annars staðar frá, til dæmis varðandi heildarfjölda grunnlitaheita. Ýmsar greinar hafa meðal annars verið skrifaðar um ungversku orðin *pirös* og *voros* og hin rússnesku *sinij* og *goluboj*. Ungversku orðin eru bæði kandidategar til þess að teljast grunnlitaheiti sem falla undir [RAUÐUR], en hin rússnesku eru á sviðinu [BLÁR]. Ef öll þessi orð eru grunnlitaheiti væru þá ungverska og rússneska bæði með 12 grunnlitaheiti; ungverska með tvö þar sem við notum bara *rauður*, en rússneska með tvö þar sem við notum bara *blár*. Eins og gengur og gerist eru þar sumir með og aðrir á móti (sjá t.d. Paramei 2005; Uusküla og Sutrop 2010).

Hin nánari skilgreining á þróunarröðinni og möguleikinn á því að mál geti haft fleiri en ellefu grunnlitaheiti breyta þó ekki því að sé kenning B&K rétt er hægt að draga ályktanir um ákveðinn hluta grunnorðafordans út frá því hver staða hans er. Til dæmis ef tungumál hefur sér orð fyrir [BLÁR] er mjög líklegt að það hafi sér orð fyrir [GULUR], [GRÆNN] og [RAUÐUR] líka. Þetta gildir hins vegar einungis um þessi grunnhugtök, litaheitin sem B&K kalla grunnlitaheiti, en þau eru skilgreind sem minnsti mögulegi orðaforði til þess að lýsa öllu litrófinu. Hin einsleita skynjun gerir það að verkum að málhafar velja að miklu leyti sömu

litasvið til þess að merkja, sama hvaða tungumál þeir tala. Þetta gengur þvert á þær hugmyndir afstæðishyggjunnar að eðli tungumálsins sjálfs segi fyrir um hvernig hugtök skiptast.

Það að B&K og félagar hafi skilgreint svo fá grunnhugtök sem duga til að lýsa öllum þeim hundruðum, ef ekki þúsundum, litbrigða sem við getum skynjað þýðir þó alls ekki að engin önnur litaheiti finnist í viðkomandi máli. Þvert á móti er alltaf til staðar þó nokkur orðaforði sem skilgreinir sértækari litbrigði sem falla undir hin almennustu, til dæmis sérsviðsorð (t.d. *jarpur* fyrir hestalit = ‘tegund af brúnum’) og þrengingar á almennu litahugtökunum (t.d. *ljósgrænn* = ‘ljós tegund af grænum’). Þess vegna settu B&K einnig fram málfræðileg viðmið um það hvernig þekkja ætti grunnlitaheiti frá öðrum litaheitum.

2.2.2 Viðmið til að þekkja grunnlitaheiti

Fyrir utan grunnlitaheitin sem merkja tiltölulega einsleit litahugtök finnast einnig fjölmörg aukheiti, það er litaheiti sem ekki geta talist til grunnlitaheita. Til þess að auðvelda það að finna grunnlitaheitin út frá þeim einkennum orða sem þeir höfðu farið yfir settu B&K fram viðmið til þess að greina hvaða litaheiti gætu verið grunnlitaheiti. Þeir skiptu þeim í fjögur aðalviðmið sem ættu oftast að duga til þess að finna grunnlitaheitin og fjögur aukaviðmið sem hægt er að grípa til ef enn er vafi um stöðu litaorðsins eftir að farið hefur verið í gegnum aðalviðmiðin.

Aðalviðmið 1 segir að grunnlitaheiti þurfi að vera eitt **les** (e. *lexeme*). Hægt er að skilgreina það sem orð með merkingu sem ekki er hægt að skilja út frá einstökum myndunarhlutum þess. Til dæmis er hægt að skilgreina merkingu orðsins *ljósgrænn* út frá einstökum orðhlutum sem ‘ljós tegund af grænum lit’. Sá sem veit hvað íslensku orðin *ljós* og *grænn* þýða getur getið sér til um merkingu orðsins *ljósgrænn* út frá merkingu þessara orða sem eru notuð til að búa til annað orð. Orðið *ljósgrænn* er því ekki eitt les. Ef merking orðanna *grænn* og *ljós* er hins vegar ekki þekkt gefa þau ein og sér engar slíkar vísbendingar um merkingu sína. Þau eru hvort um sig aðeins eitt les. Margar íslenskar litasamsetningar sem eru í daglegri notkun myndu samkvæmt þessu skilgreinast sem aukheiti vegna þess að þau eru samsett úr fleiri en einu lesi, svo sem *ferskjubleikur* (*ferskja*

‘ávöxtur’ + *bleikur* ‘ljós rauður litur’) eða *blágrænn* (*blár* ‘litur himins’ + *grænn* ‘litur gróðurs’). Jafnvel væri freistandi að útiloka þannig öll samsett orð sem aukheiti.

Hins vegar eru til fjölmörg samsett orð í íslensku sem eru eitt les vegna þess að samband samsetningarliðanna hefur breyst eða málhafi þarf að þekkja sérstaka sögu á bak við samsetninguna. Til dæmis eru orðin *blóraböggull* og *akkilesarhæll* samsett en ekki er hægt að lesa merkingu þeirra út úr samsetningunni. Þau eru bæði eitt les. Í fyrra tilfellinu vegna þess að samsetningin var búin til á eldra málstigi og nútímamálhafar þekkja einungis hluta samsetningarinnar og merkingu hennar (*blóri* ‘ásökun, sakaraburður’ > *blóraböggull* ‘sá sem er látinn taka á sig sökina’) en í seinna tilfellinu vegna þess að þekkja þarf söguna á bak við orðið um Akkiles og hæl hans sem varð honum að falli (*akkilesarhæll* > ‘galli, veikur blettur’).

Það sem skiptir máli í sambandi við skilgreiningu á lesi er að við getum litið á samsetta orðið *akkilesarhæll* sem eitt les þrátt fyrir að við þekkjum greinilega grunnorðin tvö sem sett hafa verið saman til að mynda það. Við höfum tilfinningu fyrir tengslunum á milli bókstaflegrar merkingar orðins, ‘hæll Akkilesar’, og afleiddrar merkingar, ‘veikleiki, galli’, en merking samsetningarinnar í heild er aðskilin frá merkingu orðanna sem mynda hana. Tvö íslensk litaorð koma hér til sögu, *fjólublár* og *appelsínugulur*, en svo virðist sem þau hagi sér að einhverju leyti sem eitt les (eins og *akkilesarhæll*), fremur en orð samsett úr fleiri en einu lesi (eins og *sólgulur*). Til þess að ganga úr skugga um það er hægt að skoða næstu viðmið.

Aðalviðmið 2 segir að ekki ætti að vera hægt að skilgreina litaheitið sem undirtegund eða nánari skilgreiningu á öðru litaheiti. Þetta viðmið ber sterkan keim af því að vera samið með ensku í huga. Í daglegu ensku máli eru notuð margvísleg ósamsett litaorð sem málhafar setja auðveldlega undir ákveðinn ‘hatt’ grunnlitaheita. Til dæmis *crimson* sem er tegund af rauðum (djúpur) og *mauve* sem er tegund af fjólubláum (ljósleitur); *azure*, *cerulean*, *indigo* og *periwinkle* eru allir bláir litir; *buff*, *fallow*, *sepia* og *umber* eru brúnir litir; *chartreuse* og *viridian* eru grænir; og svo framvegis. Í íslensku er svo til engin slík orð að finna og flest þeirra, ef ekki öll, eru tökuorð á ýmsum stigum aðlögunar (t.d. *túrkis*, *lilla*).

Annað sem flest þeirra eiga sameiginlegt er að þau falla ekki klárlega undir eitt ákveðið grunnlitar svið (eins og flestir myndu samþykkja að *crimson* sé rauður).

Liturinn *túrkis* er blár eða grænn, *lilla* er blár eða bleikur, *karrý* er gulur eða grænn og svo framvegis. Þau litaheiti í íslensku sem enginn vafi leikur á um að séu undirheiti eru þau sem hreinlega hafa heiti grunnlitarins í nafni sínu, til dæmis *laxableikur*, *ólífugrænn* eða *rjómahvítur*. Ef fólk er spurt hvort laxableikur litur sé tegund af bleikum lit myndu líklegast fáir hika við að segja já, en í tilfelli *fjólublár* og *appelsínugulur* gætu hins vegar runnið á okkur tvær grímur. Er *fjólublár* tegund af bláum og *appelsínugulur* tegund af gulum? Ef við hikum gefur það í skyn að við höfum þá tilfinningu að *fjólublár* og *appelsínugulur* séu ekki undirheiti *blár* og *gulur*.

Til samanburðar má nefna að í dönsku bendir flest til þess að grunnlitaheitið fyrir [BLEIKUR] sé *lyserød* ‘ljósrauður’ (Vejdemo o.fl. 2015, bls. 11–12) svo það væri ekki einsdæmi. Í *Kafla 4.4* munum við sjá enn skýrar þennan mun á aðferðum málanna til þess að merkja nákvæmar litbrigði undir grunnlitasviðum og á jöðrum þeirra og hvaða afleiðingar það hefur fyrir þessa rannsókn.

Aðalviðmið 3 segir að grunnlitaheiti megi ekki vera takmarkað við ákveðna merkingarflokka, eins og *jarpur* og *írauður* sem nær eingöngu eru notuð um háralit. Þau eru því ekki líkleg til að vera grunnlitaheiti. Þetta viðmið er nátengt *Aðalviðmiði 4*, en það segir að grunnlitaheiti ættu að finnast í öllum málsniðum og hjá öllum aldurshópum málsamfélags því oft eru aukheiti tengd kynslóðum eða landshlutum.

Í íslensku er ekki mikið um skiptingar eftir landsvæðum (mállýskum) en aldursmunur er einhver. Til dæmis gera yngstu málhafar sér líklegast ekki grein fyrir því hvernig litur brókarlitur er á meðan þeir sem eldri eru eiga mögulega í erfiðleikum með að ímynda sér tyggjóblikan (sjá *Kafla 4.4*).

Í mörgum tilfellum hafa líka ákveðnir undirhópar menningarsamfélags sérstakan orðaforða og litaorð eru þar ekki undanskilin. Til dæmis eru mörg litaheiti sem eru notuð í sambandi við málalalist ekki notuð annars staðar, svo sem *okkurgulur*, *kadmíumrauður* og *alísarín*. Einnig eru oft mjög sérstök nöfn á litbrigðum í öðrum tegundum málningar, svo sem húsamálningu (*bambus*, *skaftafell*, *londongrár*, *stuðlaberg*, *lífsblómið*, *dulblár*) og málningu sem ætluð er til að mála smáverur (e. *minifigures*) fyrir hlutverkaspil (*trjáðísarbörkur*, *mörumyrkur*, *hálfgyðlingshúð*).

Í *Kennisetningu 2.1* (bls. 23) má sjá samantekt á aðalviðmiðunum.

Aðalviðmið 1 Grunnlitaheiti er eitt les. Til dæmis *bleikur, blár*; ekki *ljósgrænn, skær-bleikur, bleksvartur*.

Aðalviðmið 2 Grunnlitaheiti er ekki undirheiti. Til dæmis *grár, hvítur*; ekki *kremaður, drappaður*.

Aðalviðmið 3 Notkun grunnlitaheitis er ekki bundin við takmarkað svið. Til dæmis *bleikur, rauður*; ekki *jarpur, skaftafell*.

Aðalviðmið 4 Grunnlitaheiti verður að vera nærtækt öllum málhöfum og finnast í öllum málsniðum. Til dæmis *gulur, brúnn*; ekki *brókarlitur, tyggjóblikur*.

Kennisetning 2.1: Aðalviðmið Berlin og Kay

Aðalviðmiðin leggja áherslu á að skilgreining grunnlitaheitis byggist á sjálfstæði hugtaksins eins og það speglast í orðinu (eitt les og ekki undirheiti) og almennri útbreiðslu þess meðal málhafa (á öllum málsviðum og ekki bundið við ákveðið svið). Í málnotkun birtast *fjólublár* og *appelsínugulur* oft og í margvíslegu samhengi. Þessi hugtök virðast því vera nærtæk flestum málhöfum og birtast meðal annars hátt á listum þegar fólk er beðið að telja upp litaheiti (sjá *Kafla 4.3*).

Sem hluti af EoSS rannsókninni eru *fjólublár* og *appelsínugulur* skoðuð með tilliti til aðalviðmiðanna og ná þar stöðu grunnlitaheita (*Kafla 4.3*). Þau viðmið sem eftir eru koma einungis til sögu ef vafi er til staðar varðandi aðalviðmiðin. Þetta er líkt og í tilfelli *orange* í ensku sem fellur á aukaviðmiði 2 hér á eftir en stenst öll aðalviðmiðin og er því grunnlitaheiti (sjá einnig umfjöllun um sérstöðu *appelsínugulur* og *fjólublár* í *Kafla 5.3.11*).

Aukaviðmiðin sem um ræðir eru sem sagt:

Aukaviðmið 1 segir að grunnlitaheiti ætti að finnast í öllum þeim myndum sem málkerfið býður upp á. Það er að þau ættu að virka í öllum ferlum málfræðinnar. Í íslensku væri til dæmis um að ræða beygingar (t.d. *gulur maður*), afleiðslur (t.d. *gulna*) og samsetningar (t.d. *sólgulur*). Á þessu viðmiði falla til dæmis tökuorð á borð við *lilla* og *túrkis* en þau beygjast ekki þegar þau birtast með nafnorðum: *lilla jakki, lilla kápa; túrkis kjóll, túrkis gólfhlís*.

Hafa ber þó í huga að í mörgum tilfellum er ekki hægt að taka ákveðna orðmyndunareiningu og nýta hana til þess að vera mælistika á það hvort orð er grunnlitaheiti eða ekki. Það er vegna þess að afleiðsluendingar verða til dæmis til í málinu á mismunandi tíma í gegnum málsöguna og eru misvirkar (*Kafla 5.2*).

Þannig verður til misræmi í hegðun grunnlitaheitanna sjálfra líka. Í íslensku má nefna *hvítna*, en **hvítka*, *svartna*, en **svartka* (þó *sortna*), og *blána*, en **bláka*, á móti **rauðna* (þó *roðna*), en *rauðka*, *gulna* og *gulka* og svo framvegis.

Þrátt fyrir að hafa misst nærri allar beygingar finnast líka dæmi um slíka misskiptingu í ensku. Sem dæmi má nefna sagnirnar *redde*, *blacken* og *whiten* myndaðar með endingunni *-en*, en á móti **yellowen*, **pinken* og **greyen*. Þessi misskipting er meðal annars nýtt sem rök gegn skilgreiningu lita sem sérhóps hugtaka (*Kafla 2.4.2*) en í ensku gildir það sama hvað varðar samsöfnuð skringilegheit í málsögunni. Hvað varðar dreifingu *fjólublár* og *appelsínugulur* með tilliti til þeirra möguleika sem orðin hafa í málkerfinu finnast þónokkrar samsetningar (sjá *Kafla 5.3.10* og *Kafla 5.3.11*) en engar afleiðslur (sjá *Kafla 5.2*). Þessar samsetningar eru því enn á vafasvæði.

Aukaviðmið 2 segir að litaheiti sem eru einnig heiti á einhverjum hlut sem hefur sama lit séu líklega ekki grunnlitaheiti. Hér kemur greinilega fram að um er að ræða viðmið sem samin eru fyrir ensku, enda algeng aðferð til nýsköpunar í litaheitum í ensku að taka upp hlutaheiti óbreytt. Til dæmis *apricot* ‘apríkósa; apríkósulitur’, *chocolate* ‘súkkulaði; súkkulaðilitur’, *lemon* ‘sítróna; sítrónulitur’, *olive* ‘ólífa; ólífulitur’, *peach* ‘ferskja; ferskjulitur’, *pear* ‘pera; perulitur’, *plum* ‘plóma; plómulitur’ og *salmon* ‘lax; laxalitur’. Slíkt tíðkast ekki í íslensku og eru hlutaheiti yfirleitt nýtt í samsetningum með litaheiti (*súkkulaðibrúnn*, *ólífugrænn*, *laxableikur*) eða með *-litur/-litaður* (*ferskjulitur*, *plómulitaður*). Að þessu leyti falla *fjólublár* og *appelsínugulur* einnig í þennan flokk og samkvæmt því eru þessi litaheiti ekki grunnlitaheiti. Hér ber þó að ítreka að aukaviðmiðin eiga aðeins við eftir að aðalviðmiðunum hefur verið beitt árangurslaust. Augljóst dæmi um þetta er *orange* ‘appelsína; appelsínulitur’ í ensku en það litaheiti stenst aðalviðmiðin og því þarf ekki að beita aukaviðmiðunum á það.

Aukaviðmið 3 segir að líklegast sé að grunnlitaheiti séu orð sem hafa lifað lengi í málinu og að þau orð sem eru nýleg eða greinileg lánsorð séu ólíkleg sem grunnlitaheiti. Það útilokar ensk lánsheiti í íslensku eins og *túrkis* og *beis*. Slíkur orðaforði er mjög takmarkaður í íslensku yfir höfuð, þar sem sterk stefna hefur til dæmis verið ríkjandi mjög lengi um að ‘halda málinu hreinu’ (sjá *Kafla 3.1.1*). Langflest aukheiti í íslensku eru því samsetningar eða afleiðslur með íslenskum stofnum svo sem *fölgrænn*, *skjannahvítur*, *blágrænn*, *fjólublár* og *appelsínugulur*, en ekki lánsorð.

Aukaviðmið 4 segir að ef við höfum skoðað litaorð með tilliti til allra undanfarinna viðmiða og erum enn ekki viss hvort um er að ræða grunnlitaheiti eða ekki sé hægt að láta gerð orðsins ráða úrslitum, það er hvort um er að ræða afleiðslu/samsetningu eða ósamsett orð. Til dæmis ef við værum enn óviss hvort orðin *fjólublár* og *appelsínugulur* séu grunnlitaheiti eða ekki myndum við fremur hallast að því að þau séu það ekki þar sem þau eru bæði samsett og virðist mögulegt að sjá merkingu þeirra út frá hlutum samsetninganna ('blár eins og fjóla', 'gulur eins og appelsína'). Eins og mun koma fram í *Kafla 4.3* standast þó bæði orðin aðalviðmiðin og verða því talin til íslenskra grunnlitaheita.

Aukaviðmiðin byggja á þátttökumöguleikum orðanna í málfræðiferlum málsins, merkingartengslum orða eða orðhluta og uppruna orðanna sjálfra til þess að komast að stöðu litaheitisins. Þessi skilyrði eru samin með ensku í huga, eins og áður var sagt, og eru sum þessara viðmiða því jafnvel óþörf í málum eins og íslensku, eins og til dæmis *Aukaviðmið 2* (bls. 24), en önnur fá aukið vægi, eins og *Aðalviðmið 1* (bls. 20). Merkingarleg staða orða í máli þar sem nýmyndanir í litaorðum eru nær einungis samsetningar er flóknari, og erfiðara er að skera úr um hvaða orð eru eitt les og hver ekki (t.d. *ljósgulur*, *fjólublár*; *hesthús*, *blóraböggull*). Í *Kennisetningu 2.2* er samantekt yfir aukaviðmiðin.

Aukaviðmið 1 Litaheiti sem hefðbundin málfræðiferli virka ekki á eru ekki líkleg til að vera grunnlitaheiti. Til dæmis *ljósgulur* > **ljósgulna* (sbr. *blána* so.) eða *túrkis* > **túrkismi* (sbr. *grámi* no.).

Aukaviðmið 2 Litaheiti sem jafnframt eru heiti á einhverju sem hefur þann lit eru ekki líkleg til að vera grunnlitaheiti. Til dæmis *sítróna* eða *húðlitur*.

Aukaviðmið 3 Litaheiti sem eru nýleg lánsorð eru ekki líkleg til þess að vera grunnlitaheiti. Til dæmis *lilla* (dk. *lilla*) eða *túrkis* (en. *turquoise*).

Aukaviðmið 4 Ef erfitt er að skera úr um stöðu litaheitisins eftir að öll önnur viðmið hafa verið tekin til greina má gefa innri gerð orðsins aukið vægi. Til dæmis *fjólublár* eða *appelsínugulur*.

Kennisetning 2.2: Aukaviðmið Berlin og Kay

Þessi viðmið B&K eru ætluð til þess að greina þann litaorðaforða sem finnst í því tungumáli sem verið er að rannsaka með það að markmiði að greina í sundur grunnlitaheitin frá öðrum litaorðum. En hvað er það sem þessi orð merkja?

Aðferð Lennebergs og Roberts (1956) að láta fólk nefna liti sem höfðu verið valdir með jöfnu millibili úr litrófinu gaf kort yfir merkingarsvið þeirra orða sem komu fram meðal málhafanna og hægt var að sjá hver eru algengust og hvar mörkin á milli þeirra liggja nokkurn veginn. B&K nýttu einnig þá aðferð til að kortleggja heildarsvið litaheitanna en með því að láta fólk velja kjörliit — dæmigerðasta litbrigði fyrir litaheiti — fengu þeir einnig kort yfir kjarna þeirra og komust að því að þessir merkingarkjarnar eru stöðugri og áþekkkari á milli mála heldur en mörkin á milli sviðanna.

2.2.3 *Kjarnar litahugtaka*

Hingað til hefur verið talað um litahugtök og litaheiti í rannsóknum B&K en gróft á litið eru litaheiti notuð til þess að merkja litahugtök. Í þessu sambandi eru grunnlitaheiti minnsti mögulegi litaorðaförði sem mál hefur til þess að merkja ákveðna lágmarksskiptingu hugtaka sem nær yfir allt litrófið. Þróunarröðin sem B&K settu fram gefur í skyn að þessi hugtök séu greinilega afmörkuð en í raun snýst mest af umfjöllun þeirra um ákveðna merkingarkjarna sem koma sterkt fram í rannsóknum á litahugtökum. Það eru þessir kjarnar sem gera það að verkum að kort yfir litahugtök tungumálanna verða svo keimlík sem þau virðast vera. Það er að segja að dæmigerðasti blái litur meðal málhafa íslensku er þá eins og dæmigerðasti blái liturinn í ensku, frönsku eða hvaða máli sem er, svo fremi sem hugtakið hafi komið fram sem sérstæð eining miðað við þau grunnlitahugtök sem B&K skilgreina.

Bæði vitsmunahyggjan og afstæðishyggjan gera ráð fyrir svokallaðri **innri merkingu** (e. *internal meaning*) þar sem hugtök eru hugmyndir í höfðinu á fólki sem orðin vísa í (Elborne 2012, bls. 12–15). Þegar orð eru notuð þá tengja þau einnig við hugmyndir annarra um þessi hugtök eins og þau eru notuð í hverju samhengi fyrir sig. Í sumum tilfellum dugar svokölluð **vísandi merking** (e. *referential meaning*) þar sem merking orðs er hluturinn í veruleikanum (svo sem [STÓLL] eða [BÍLL]) en slíkt dugar ekki fyrir hugtök sem eru ekki til í raunveruleikanum (svo sem [PÚKI] eða [EINHYRNINGUR]) eða byggja alfarið á skynun eins og [LITUR] og [HLJÓÐ]. Hins vegar er spurningin hversu mikið af þeirri skynjun er til staðar í huga fólks þegar það notar orð og hugtök.

Samkvæmt vitsmunahyggjunnni væri það alltaf kjarni hugtaksins en fyrir afstæðishyggjuna er það alls ekki nóg. Mikið af gagnrýni þeirri sem komið hefur fram á B&K síðan þeir settu fram þessa hugmynd sína hefur snúið að þessum kjörnum og meintri einblíni þeirra á litbrigði (e. *hue*), það er skynunarkjarnanum eða hinni innri merkingu. Hins vegar gera þeir sér grein fyrir því að margt fleira geti falist í litahugtaki:

Í gegnum þessa umræðu, þegar við tölum um litaflokka í tilteknum orðaforða, þá vísum við í merkingu lesa uprunna í þeim orðaforða eins og þau skilgreinast eftir hinum þrem sáleðlisfræðilegu víddum: litbrigði, metun og ljósmagni. Sýnt hefur verið fram á það af Conklin (1955) að litaless geti vel innihaldið, ásamt upplýsingum um þessar ákveðnu sáleðlisfræðilegu víddir, öðruvísi upplýsingar, svo sem safaríki á móti þurrki. Á sama hátt, eru í Tzeltal, aukalitaless sem gefa ekki einungis í skyn eigindi yfirborðsáferðar heldur vísa einnig til eiginda lögunar og þykktar.

(Berlin og Kay 1999[1969], bls.160
þýðing höfundar, sjá A.9 bls. 341)

Þessi hugmynd um kjarna litahugtaka tengist sterklega einni af grunnkenn-ingum nútímamerkingarfræði sem er hugmyndin um staðalímyndir hugtaka.⁵ Hvert hugtak er skilgreint sem mengi og innan þessa mengis má finna alla þá einstaklinga sem mögulega geta fallið undir það hugtak. Í miðju mengisins eru þeir einstaklingar sem teljast dæmigerðastir fyrir það hugtak (staðalímynd hug-taksins), hvort sem það er [FUGL] eða [FISKUR], en eftir því sem lengra er komið út á jaðrana verða einstaklingarnir ódæmigerðari (sjá t.d Rosch 1973; Rosch 1999). Fyrir mengið {fugl} gætum við til dæmis hugsað okkur að skógarþröstur (*Turdus iliacus*) sé dæmigerðasta eintakið sem við getum hugsað okkur, en kívífugl (*Ap-teryx australis*) eða potoo (*Nyctibius grandis*) eru eintök sem myndu vera mun nær jaðrinum. Fyrir mengið {fiskur} mætti svo ímynda sér að ýsa (*Melanogrammus aeglefinus*) sé dæmigert eintak en atlantsleirstökkull (*Periophthalmus barbarus*) og skötuselur (*Lophius piscatorius*) jaðareintök.

Fræg rannsókn á þessi sviði er rannsókn Labovs frá 1973 þar sem hann lagði fyrir fólk myndir af ílátum til að sjá hvar fólk setti mörkin á milli til dæmis

⁵ Talað er um frummyndakenningu (e. *prototype theory*) en tæknilega er frummynd form eða mót sem er upprunalega eini hlutur sinnar tegundar og allir aðrir á eftir eru steyptir í sama mót. Hins vegar er staðalímynd ein gerð hlutar sem allir þekkja og kalla fram í hugann þegar minnst er á viðkomandi hlut. Því verður hér eftir talað um kjörliti sem staðalímyndir.

[CUP] ‘bolli’ og [BOWL] ‘skál’ (þ.e. hvernig einstaklingar sem mögulega gætu passað annað hvort í mengið {cup} eða í mengið {bowl} dreifðust á milli þeirra). Niðurstaða Labovs var sú að þessi mörk væru ekki alltaf ljós. Til dæmis væri vel hægt að ímynda sér bolla sem væri nægilega líkur skál til þess að sumir myndu kalla ílátið skál en aðrir bolla (Murphy 2010, bls. 23).

Höskuldur Þráinsson (1979) gerði svipaða rannsókn á íslensku og komst að líkri niðurstöðu og Labov; það er að ílát af ákveðinni gerð eru oftast nefnd með sama nafni vegna þess að sú gerð er nærtæk málhöfum sem dæmigert eintak þess hugtaks sem við á en á jöðrunum þar sem eru skil á milli verður sammæli minna og samhengi fer að skipta meira máli, til dæmis hvað er framreitt í viðkomandi íláti. Þessi tilhneiging finnst líka í litaskilgreiningum, þar sem ákveðinn kjarni hugtaksins [BLÁR] er alltaf kallaður blár og ákveðinn kjarni hugtaksins [GRÆNN] er alltaf kallaður grænn, en á mörkum þessara tveggja hugtaka fer það eftir samhengi, þekkingu eða skynjun einstaklingsins hvort litbrigðið er kallað blátt eða grænt.

Stundum er talað um **loðin mörk** (e. *fuzzy boundaries*), þar sem jaðrar hugtakanna eru ekki fullkomlega fastráðnir. Ákveðinn einstaklingur getur tilheyrt hugtaki [A] eða hugtaki [B] eftir aðstæðum (Murphy 2010, bls. 43). Oft eru slík millihugtakahlaup tilkomin vegna mismunandi notkunar, til dæmis vasi sem er mjög bollalegur en skilgreinist sem vasi vegna þess að það eru blóm í honum, eða bolli sem er mjög líkur skál en skilgreinist fremur sem bolli því það er drukkið te úr honum (sjá *Kafla 2.2.3*). Mjög skyld þessum hugmyndum um óljós mörk hugtaka er kenning Rosch (1973) um staðalímyndir sem minnst er á í *Kafla 2.2.3* en hún skilgreinir hugtökin út frá kjarnanum — hinum dæmigerðasta einstaklingi mengisins — fremur en jöðrunum og umframeinstaklingar sleppa inn í mengi hugtaksins ef þeir eru nógu líkir kjarnanum.

Þessar kenningar eru um margt líkar og eiga það sameiginlegt að skilgreina hugtak sem ákveðið mengi einstaklinga sem málfarar skilgreina sem dæmigerða fyrir það hugtak (í kjarna mengisins) eða ódæmigerða (á jaðri mengisins). Einnig getur verið samruni á milli hugtaka á jöðrum þeirra þar sem málfarar skilgreina einstaklinga misjafnlega eftir aðstæðum, og mengi geta verið mjög lauslega skilgreind og einstaklingar innan þeirra átt fátt sameiginlegt annað en það sem telst falla undir skilgreiningu þess mengis. Þegar litið er til rannsókna B&K á litahugtökum má sjá fyrir sér að niðurstöður þeirra rími vel við þessar kenningar, þar

sem kjarnar litahugtakanna virðast mjög stöðugir en jaðrarnir óljósari. Aðferðir þeirra eru líka svipaðar og til dæmis Labov og Rosch, þar sem málfarar eru beðnir um að leggja mat á fyrirbæri eins og ílát (Labov) og húsgögn (Rosch). Ýmsir hafa þó eitt og annað við þessar aðferðir að athuga og draga því niðurstöður þeirra sem þeim beita í efa.

Ein nálgun á merkingu sem hafnar hugmyndinni um staðalímynd er kenningin um **frumhugtak** (e. *semantic prime*). Samkvæmt þeirri kenningu er merking orðs skilgreind með notkun einfaldari hugtaka (skilgreininga) sem á endanum verða frumhugtök sem ekki er hægt að skilgreina sem samsett úr öðrum hugtökum (Wierzbicka 1996, bls. 287–288). Slík hugtök væru til dæmis [ÉG] og [EINN], [HUGSA] og [GÓÐUR] og [SLÆMUR]. Mögulega mætti hugsa sér að litbrigði væru slík hugtök en þó að Wierzbicka samþykki að til séu merkingarleg frumhugtök á borð við [DÖKKUR] og [LJÓS] afneitar hún því að grunnlitaheitin eins og B&K skilgreina þau séu slík frumhugtök. Reyndar á gagnrýni hennar á nálgun B&K mikið sameiginlegt með mótmælum afstæðishyggjufólks á borð við Lucy. Það mælir líka á móti því að litbrigðahugtök séu merkingarleg algildi eins og kenning B&K gerir ráð fyrir að einhverju leyti, sjá nánari umfjöllun um þetta í *Kafla 2.4*.


Hins vegar, þrátt fyrir gagnrýni og efasemdir um gildi rannsókna B&K, hefur aðferðafræðin sem þeir notuðu haldist sem mjög mikilvægur útgangspunktur fyrir rannsóknir á litahugtökum og meðal annars var þessi aðferðafræði nýtt af EoSS rannsókninni sem nánar verður fjallað um í *Kafla 4*.

Mikið af þessum umfjöllunum um liti, hjá B&K og öðrum, byggja á því að hægt sé að vísa í litrófið með ákveðnum og kerfisbundnum hætti. Margvísleg kerfi hafa verið fundin upp í þeim tilgangi en eitt það vinsælasta og það sem B&K og fleiri notuðu er Munsell kerfið. Til að auðvelda umfjöllun um litrófið og þær rannsóknir sem skoðaðar verða er næsti kafli helgaður Munsell kerfinu, algengustu hugtökum og orðfæri sem notað er til að tala um litrófið og samspili hinna strangnákvæmu kerfa og frjálsslegra nafngifta málfarfanna.

2.3 Litrófið

Þegar talað er um liti almennt er oft einungis átt við þau litbrigði (e. *hue*) sem við skynjum og skilgreinum, svo sem rauður eða gulur, en ekki gert ráð fyrir öðrum þáttum sem skilgreina eðli lita og litrófsins í heild.⁶ Í vísindalegri umræðu er litrófið yfirleitt skilgreint sem þrívítt rými og handhægasta leiðin til að lýsa því er með því að skilgreina ása í gegn um rýmið; sem sagt litbrigði, **mettunarstig** (e. *saturation*) og **birtustig** (e. *brightness*). Það er hver liturinn er, hversu hreinn (ekki grár) hann er og hversu ljós eða dökkur (í átt að svörtum/hvítum) hann er (Rossing og Chiaverina 1999, bls. 8–9).

Þegar tölvutækni tók að segja til sín upp úr 1970 bættust við nýjar áskoranir í meðhöndlun lita og þar með nýjar leiðir til þess að setja fram litrófið. Ýmsar aðferðir hafa komið fram til þess að skilgreina hvernig það er uppbyggt. Á *Mynd 2.3* sem gerð er í forritinu *Artrage* má sjá litbrigðaskalann eins og hann er skilgreindur þar.



Mynd 2.3: Litbrigði með 10% millibili (*Artrage*)

Í *Artrage* er millibilið á milli litbrigða mælt í prósentum, 1–100% (eða 0–99%, því 0% og 100% eru sami punktur, litbrigðin fara í hring). Í öðrum forritum eru litbrigði oft mæld í punktum frá 1–240 (raunverulega 1–239 því síðasti punkturinn er sá sami og sá fyrsti). Til dæmis í *Windows Paint* sem gefur möguleika á að skilgreina lit með litbrigði, mettun og **birtu** (e. *luminocity*) á þessum skala.

Í hinu þrívíða litrófi er mettunin oftast merkt sem x ásinn (láréttur ás) í gegn um litrófið, þar sem fullmettað litbrigði er 1 en alls ómettað 0. Á *Mynd 2.4* er


⁶ Að minnsta kosti ekki meðvitað, en samsetningar litaorða benda sterklega til þess að fólk skynji og meðtaki þessar víddir litanna, sjá *Kafla 5.4*

dæmi um litbrigði í *Artrage* þar sem er sýndur skalinn frá 0% mettun sem er alls ómettað (litlaust) til 100% mettunar sem þýðir fullmettað (skærasta afbrigði þess litbrigðis sem finnst).



Mynd 2.4: Mettun með 10% millibili (*Artrage*)

Birtustigið er svo merkt sem y ásinn (lóðréttur ás), þar sem svartur er oft birtustig 0 (ekkert ljós) en hvítur er birtustig 1 (hvítt sólarljós), einnig talið í prósentum eins og í *Artrage*, Mynd 2.5.



Mynd 2.5: Birtustig með 10% millibili (*Artrage*)

Hér er enn um að ræða skalann 0–100% í *Artrage*, þar sem 0% birta er svartur en 100% birta er hvítur. Á myndinni eru því níu dæmi um birtustig eins litbrigðis sem í *Artrage* táknað sem 80%, en dekksta dæmið er svartur (0%) og hið ljósasta hvítur (100%).

Til þess að koma litbrigðum til skila í þessum vélskilgreindu rýmum er oftast notast við kóða eins og HSL (*hue, saturation, light*) sem við höfum rætt, eða RGB (*red, green, blue*) sem einungis skilgreinir mismunandi magn ‘rauðs’, ‘græns’, og ‘blás’ í litum (sbr. umfjöllun um litaskynjun í *Kafla 2.1*).

Fyrir almenning sem er vanari að nota orð fremur en gráðuskipta skala er erfitt að henda reiður á litrófinu með þessum talna- og bókstafasamsetningum. Til dæmis eru mögulegar samsetningar með HEX-kóða sem notaður er í vefsíðugerð vel yfir sextán milljón. Í forritun og tölvuvinnslu hafa því orðið til listar af ‘stöðluðum litaheitum’ sem fólk getur notað en þá er hægt að segja forritinu að það sem lita skuli eigi að vera yellow (gult) eða green (grænt) í stað þess að finna út RGB eða HEX gildi.

Vegna þess hve fólk virðist almennt gjarnt á að gerast sköpunarglatt þegar litir eru annars vegar vilja þeir listar sem settir eru fram sem „stöðluð litaheiti“ vinda mjög fljótt upp á sig. Telja margir að litaheiti á borð við papaya whip (‘papaya-þeytingur’) og lemon chiffon (‘sítrónusiffon’), hafi allt of óljósa merkingu fyrir svo nákvæm vísindi (Tveten 2015).


Nútímaforritarar eru þó ekki einir um að agnúast út í þetta að því er virðist óyfirstíganlega bil á milli tæknilegrar framsetningar litrófsins og þeirra nafna sem fólk velur á einstök litbrigði. Listmálarinn og -kennarinn Albert Henry Munsell (1858–1918) hafði sterka skoðun á því hversu háfleygt og ljóðrænt fólk virtist verða í litanafngiftum. Rétt eftir 1900 skrifaði hann:

Hið samræmislausla og furðulega eðli þeirra litaheita sem við höfum nú til dags hlýtur að birtast hverri hugsandi manneskju. Barnablár, páfuglsblár, nílargrænn, eplagrænn, sítrónugulur, strágulur, rósbleikur, heliotrope, konunglegur fjólublár, magenta, solferino, plóma og automobile eru vinsæl heiti, sem tjá mismunandi hugmyndir mismunandi fólki og mistekst algjörlega að skilgreina liti. Heitunum sem notuð eru fyrir eitt og sama litbrigði, svo sem baunagrænn, sægrænn, ólífugrænn, grasgrænn, salvúgrænn, sígrænn, ósýnilegur grænn, er ekki treystandi til að panta efnisbút. Þau bjóða upp á mistök og vonbrigði. Þau eru ekki bara ónákvæm: þau eru óviðeigandi.

(Munsell 1905, bls.3


þýðing höfundar úr ensku, sjá A.3, bls. 339)

Munsell einsetti sér að búa til kerfi sem losaði fólk við að þurfa að reiða sig á ‘óviðeigandi’ og ‘samræmislaus’ litaheiti sem notuð voru í almennu tali. Hann byggði það upp í sama stíl og HSL svo hann byrjaði með fimm litbrigði sem hann merkti með upphafsstaf enska heitisins: **R** (*red*), **Y** (*yellow*), **G** (*green*), **B** (*blue*), og **P** (*purple*); auk þess sem hann skilgreindi millistig þessara grunnlitbrigða, **YR** (*yellow-red*), **GY** (*green-yellow*), **BG** (*blue-green*), **PB** (*purple-blue*) og **RP** (*red-purple*), Mynd 2.6 (bls. 33).



Mynd 2.6: Litbrigðahringur Munsells


Samkvæmt eðli litrófsins raðast litbrigði Munsells í hring og hafa innan hans tíu afbrigði hvert frá 1 upp í 10 (t.d. **5Y** eða **3GB**). Hægt er að hugsa sér hvert litbrigði sem blaðsíðu í bók, til dæmis blaðsíða **8B** eða **2GY**. Á hverri blaðsíðu eru línur, merktar frá 0 til 10, en þær standa fyrir það sem Munsell skilgreindi sem **gildi** litbrigðisins (e. *value*, jafngilt birtustigi). Gildi **0**, sem er neðst, er þá jafngilt minnsta birtustigi (um það bil svartur), en gildi **10**, sem er efst, er hæsta birtustig (um það bil hvítur). Á *Mynd 2.7* má sjá gildi fyrir litbrigðið **9P** (afbrigði 9 af *purple*).



Mynd 2.7: Gildi fyrir litbrigðið 9P á Munsell-skalanum

Í Munsell kerfinu kemur gildið næst á eftir litbrigðinu þegar Munsell gildi eru skráð (t.d. **1R 2, 8BG 9**) og er x-merkti reiturinn **9P 4**; gildi **4** fyrir litbrigðið **9P**. Þessi litbrigði í töflunni gætu virst skringileg þar sem þau eru öll grá, en eiga að sýna gildi fjólublás litar. Ástæðan fyrir því er sú að þau eru tekin úr innsta dálki Munsell blaðsíðunnar og tákna því minnstu metnun (hér nærri því grátt, sjá einnig *Mynd 2.8*).

Mettun skilgreindi Munsell svo sem **litgildi** (e. *chroma*) og eins og í öðrum kerfum sem skilgreina metnun segir þetta litgildi til um það hversu hreinn (ógrár) liturinn er. Á *Mynd 2.8* má sjá dæmi um blaðsíðu, litbrigði **9P**, með gildum (raðir) og litgildum (dálkar). Hér sést greinilegar innsti dálkurinn sem hefur litgildi 1 (litlaus), en skærustu afbrigðin eru yst á blaðsíðunni. Þegar Munsell litbrigði eru skráð kemur litgildið seinast með skástriki á milli þess og gildisins. Til dæmis er X-merkti reiturinn liturinn **9P 6/14**; litgildi (metnun) **14** fyrir litbrigðið **9P** með gildi (birtustig) **6**.



Mynd 2.8: Gildi og litgildi fyrir litbrigðið 9P á Munsell-skalanum

Munsell-kerfið er frábrugðið þeim aðferðum til að merkja liti sem við höfum rætt hingað til því skiptingin á milli táknanlegra litbrigða er stigskipt en ekki samfelld. Fjöldi litbrigða sem eru merkt á litagildisskalanum er því mismikill eftir gildi og litbrigði vegna þess að tekið er mið af ólögulegu sköpulagi litrófins. Eins og sést á *Mynd 2.8* eru línurnar mislangar. Ekki er sýnd þar full samfella allra litgilda þessa litbrigðis, einungis þeir dálkar þar sem einhver af línunum ellefu (gildi frá 0 upp í 10) endar. Mismunurinn er hins vegar greinilegur þar sem til dæmis **9P 9** fer einungis upp í 5, en **9P 6** upp í 24 og **9P 1** aftur einungis upp í 8.

Tæknilega geta öll litbrigði í Munsell-kerfinu haft litgildi 0 líka, en til þess að sitja ekki uppi með hundrað mismunandi skilgreingar á ‘grár’ – til dæmis **1 R 2/0**, **3GY 2/0**, eða **8BG 2/0** sem væru allt sama litlausu tilbrigðið með gildi **2** – skilgreindi Munsell einn dálk fyrir litgildi 0 sem skildi merkjast með **N** fyrir *neutral* ‘hlutlaus’. Þá er bara gildið notað, til dæmis **N 1** eða **N 5** enda óþarfi að skilgreina mettunarstig einhvers sem er í eðli sínu ‘engin mettun’.

Þetta verk Munsells hafði mikil áhrif og Munsell-kerfið er í dag mjög stórt og mikilvægt litastaðlakerfi (sjá www.munsell.com), notað meðal annars í jarðvegs- og matvælarannsóknnum. Munsell kerfið er einnig það sem B&K notuðu til þess að skilgreina litina fyrir litarannsóknir sínar (sjá *Kafla 2.2*) og EoSS einnig (sjá *Kafla 4*). Þetta kerfi hefur því spilað stórt hlutverk í að skilgreina hlutlaust litróf sem hægt er að nota í rannsóknnum á litahugtökum og -nafngiftum.

En fjölmargir aðrir hafa fengist við hin fjölbreyttu ensku litaorð og litu margir öðrum augum en Munsell. Árið 1976 skrifuðu Kenneth L. Kelly og Deane B. Judd:

Nýstárleg litaheiti komast í tísku eins og draumadúnn, gleðidagur, Perluhlið og andvarafjöður. Ekki halda að þessi nöfn séu án hagfræðilegs gildis; því að dökkrauð-leitur grár hattur fyrir Frúna gæti orðið metsöluvara ef hann væri auglýstur sem purpuravín á meðan hann myndi líklegast ekki verða það ef liturinn hétí Parísardrulla. Sum litaheiti, eins og bláturkis eða gullinn valmúi, skýra sig sjálf á sama tíma og þau henta líka til þess að auka sölu vefnaðarvöru. Önnur litaheiti eru ekki öll þar sem þau eru séð, því hvernig ætti maður að vita að afríkugrænn sé í raun blár, eða að blár refur reynist svo vera rauðleitur grár? Bókmenntirnar eru sannarlega ríkari vegna slíkra litaheita eins og kaldur morgunn, glópska, kettlingseyra, letilegt lofnarblóm, risigal, táningsbleikur og túrmerikskol, og nákvæmar merkingar þeirra eiga skilið að vera kerfisbundið skráðar.

(Kelly og Judd 1976, bls.III)

Þýðing höfundar úr ensku, sjá *A.4*, bls. 340)

Kelly og Judd álitu að hin margvíslegu litaheiti væru ekki ónothæf, heldur þyrfti einungis að skilgreina merkingu þeirra með skipulögðum hætti. Þau settu fram kerfi til praktískrar notkunar og flokkuðu um 7.500 ensk litaheiti af ýmsum sviðum, svo sem landbúnaðar- og vefnaðarvöru. Sú flokkun var gerð bæði eftir almennum heitum (svo sem *gulur*, *dökkgulur*, *blár* og *gráblár*) en völdu einnig tæknilegt kerfi til að skipuleggja litbrigðin; Munsell-kerfið.

Því virðist svo vera að nýstálegar litanafngiftir séu órjúfanlegur hluti af því að skynja liti og tala um þá hversu mikið sem Munsell þráði að losa litaskilgreiningar undan duttlingum tungumálsins og málhafa þess. Jafnvel þó ýmsir fræðingar reyni að ‘temja’ litina finnur fólk hjá sér einhverja mikla þörf til að skapa þegar kemur að litum og uppfinningum litaheita. Þessar lýsingar draga óumflýjanlega dóm af menningar- og málsjóði samfélagsins og þeir sem standa á öndverðum meiði við vitsmunahyggju B&K telja að þessi hlið málsamfélagsins – tungumálið og menningin – sé það sem mest er vert að skoða í skilgreiningum á merkingu. Í næsta kafla verður farið yfir rök tveggja sterkra andmælenda B&K sem fylgja þessum línunum og þau fræði sem þeim tengjast.

2.4 Lucy, Wierzbicka, og afstæðishyggjan

Til þess að tala um liti þarf mál. Því fylgir annars vegar málkerfi og hins vegar málsamfélag. Frá sjónarhorni afstæðishyggjunnar er þetta tvennt það sem skiptir máli þegar skilgreina á merkingu litaorða. Þegar skilgreiningar á merkingarflokkum byggjast á raunbirtingu merkimiða í notkun málhafa geta aðferðir B&K lítið sagt um þá. Málfræðin sjálf kom aðeins við sögu eftir á og litirnir sem þeir rannsökuðu voru aðskildir frá umræðu málhafanna um liti sem varð til þess að notkunin, hinn mállegi raunveruleiki orðanna og það sem skapar hina raunverulegu merkingarflokka kom hvergi fram en hefði þurft að vera í forgangi.

Fyrir afstæðishyggjuna er þetta grundvallareðli litahugtakanna því tungumál draga mismunandi línur á milli. Til dæmis hafa enskumælandi sér orð, *turquoise*, fyrir litinn á milli blás og græns en íslenskumælandi nýta fremur almennari orðaforða í samsetningum og kalla það blágrænt. Þetta hefur óneitanlega áhrif á jaðra hugtakanna eins og vitsmunahyggjurannsóknirnar eru hannaðar en hér

verður spurningin hvort að þessi jaðarhugtök séu nægilega sterk til þess að hnika kjörnunum svo að það sem til dæmis kallast dæmigert grænt meðal íslensku-mælandi sé algerlega frábrugðið því sem er dæmigert grænt hjá enskumælandi. Niðurstöður þeirra rannsókna sem fjallað verður um í *Kafla 4* sýna að þrátt fyrir mismunandi jaðra sem að einhverju leyti skapast af málgerðinni eru til staðar mjög staðfastir kjarnar litahugtaka í þeim málum sem um ræðir.

Þrátt fyrir það stendur afstæðishyggjan fast á þeirri afstöðu að orðaforði, málfræði og menningarumhverfi tungumála sé það sem gefur af sér fjölbreytni í afmörkun hugtaka. Eina leiðin til þess að læra eitthvað um merkingu litaorða er að skoða stöðu þeirra í samhengi þess máls sem þau tilheyra. B&K gera sér grein fyrir því frá byrjun að orðin sem þeir fjalla um eigi fleiri merkingareiginleika sem felast í meðförum málhafa og menningarumhverfi þeirra:

[...] því hefur verið haldið fram, í okkar huga á sannfærandi hátt, að til þess að gera sér fulla grein fyrir menningarlegu gildi litaorða í heild sinni sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir heildarsviði merkinga, bæði vísandi merkingu og aukamerkingu, og ekki takmarka sjálfan sig röksemdalaust við litbrigði, mettun og ljósmagn. Við setjum því ekki fram neinar staðhæfingar—í raun neitum við því sérstaklega— að meðhöndlun okkar á ýmsum litaorðaforða sem sett er fram afhjúpi einhvern þjóðfræðilegan sannleika.

(Berlin og Kay 1999[1969], bls.160
þýðing höfundar úr ensku, sjá A.1, bls. 339)

Þrátt fyrir það hafa þær rannsóknir sem fylgt hafa í kjölfarið lítið fjallað um þá hlið merkingarinnar sem snýr að málnotkuninni sjálfri. EoSS rannsóknin, sem fjallað verður nánar um í *Kafla 4*, gerði til dæmis ráð fyrir því að allar upplýsingar sem málhafar gæfu upp í kringum grunnlitaheitin (til dæmis um mettun, ljósmagn og tengingar við umhverfi málhafa) væru fjarlægðar fyrir gagnaúrvinnslu. Í þessum rannsóknum og umfjöllunum um þær er líka oft einungis talað um „liti“ sem býður upp á þann misskilning að rannsóknir B&K hafi einungis snúist um litbrigði, það er *hue*, en ekki til dæmis mettun eða ljósmagn sem eru sjálfkrafa falin í þessum hugtökum ásamt öðrum sjónrænum eiginleikum.

Fyrir suma er einmitt þessi málnotkunarhlið hin mikilvægasta í umræðu um merkingu litaorða. Til þess að fá marktækar niðurstöður um eðli merkingar þurfi að taka mið af málfræðinni (og menningunni þar af leiðandi). Talsmenn þessa málfræðisjónarhorns sem munu verða hér til umfjöllunar eru John Lucy og Anna Wierzbicka.

Útgangspunktur Lucy er að málfræðilegur flokkur ætti að sýna samsvarandi málfræðileg einkenni (1997b) en hann er á þeim forsendum á móti því að litaheiti eins og fjallað er um þau af fylgjendum B&K séu sér málfræðilegur flokkur. Mikilvægt er að athuga í þessu samhengi að Lucy setur skörp skil á milli skynjunar og huglægrar úrvinnslu annars vegar og tungumáls hins vegar. Almennt er talað um merkingu og hugtök í þessu riti sem hluta af málfræði þeirra tungumála sem um er fjallað en fyrir Lucy er ‘skynjunarflokkur’ (eins og t.d. hugtök sem tengjast litum) alls ekki hluti af málfræði tungumáls heldur einungis hin greinanlegu einkenni málkerfisins sem hægt er að skipta í flokka eftir þeim einkennum (t.d. nafnorð, lýsingarorð).

Í samhengi við hugmyndir B&K um litahugtök og möguleg algildi eru kenningar Wierzbicku áhugaverðar en hún er almennt fylgjandi hugmyndinni um merkingarleg algildi (þ.e. hugtök sem eru öllu mannfólki sameiginleg burtséð frá því tungumáli sem það talar). Hins vegar telur hún að menningarleg áhrif tungumálanna sjálfra séu svo sterk og þykk ofan á þessum grunnhugtökum að þau séu fólki almennt ekki í huga þegar það notar orðaforða og hugtök almennt (1996). Samkvæmt henni er einungis hægt að sjá þessi menningartengsl með því að skoða notkun fólks á orðaforðanum í samhengi en það setur þessa hugmynd um merkingu litaorða í andstöðu við hinar ‘sambhengislausu’ rannsóknir B&K sem einungis nýttu sér einangruð litaspjöld. Spurningin hér verður þá sú hvort að þetta fjölbreytta samhengi málsögu, menningar og málnotkunar sé svo þekjandi að engir staðfastir kjarnar almennra hugtaka sjáist í gegn.

2.4.1 Algildi og menningaráhrif

Í bók sinni *Semantics – Primes and universals* (1996) fjallar Anna Wierzbicka ítarlega um hugtök og vísar, líkt og B&K í *Basic color terms* (1999[1969]), í ákveðin algildi. Almennt á litið er hún fylgjandi því að til séu algildi í merkingu en telur að B&K og þeir sem þeim fylgja falli í þá gryfju að rugla saman mynstrum í skynjunarferlum og mynstrum í mállegum ferlum.

Þessi afstaða Wierzbicku byggist á skilgreiningu hennar á merkingarlegu algildi, en samkvæmt þeirri skilgreiningu er merkingarlegt algildi **frumeining merkingar** (e. *semantic prime*) sem öll önnur hugtök og merking byggjast á.

Þessar einingar er ekki hægt að skilgreina í hefðbundnum skilningi orðskýringar í orðabók en eru grundvöllur allra annarra hugtaka (1996, bls. 9–10). Til dæmis er ekki hægt að skilja hugtakið [HVETJA] án þess að skilja hugtakið [SEGJA], og hugtakið [TÓNLIST] er merkingarlaust án skilnings á hugtakinu [HEYRA]. Þessar grunneiningar eru þá speglun á innbyggðum hugmyndum sem fólk hefur um sig og tilveru sína, og þessar innbyggðu hugmyndir, svo sem [EINHVER] eða [VILJA], eru þær sömu um allan heim og öll mál eiga orð fyrir þær (1996, bls. 13–14).

Ástæðan fyrir því að Wierzbicka telur litahugtök ekki til algilda er sú að hún gerir ráð fyrir, í anda afstæðishyggjunnar, að ofan á þessar merkingarlegu frumeindir hlaðist mikil mál- og menningaráhrif sem hafi sterk áhrif á hvernig merking hugtakanna byggist upp utan um frumeindirnar. Þær merkingarlegu aðstæður sem litir og litahugtök birtast í hinum vestræna heimi eru því ekki sambærilegar við umhverfi lita og litahugtaka í mjög ólíkum málsamfélögum. Sem dæmi mætti nefna kwerba, sem talað er af 2.500 manns í Papúa og var í útrýmingarhættu árið 1996 þegar það manntal var gert (Ethnologue 2020b); eða cavineña, sem er talað af 600 manns í Bólívíu og var einnig í útrýmingarhættu árið 2012 (Ethnologue 2020a); en þau eru hvort tveggja mál sem Berlin og félagar rannsökuðu fyrir WCS (Kay, Berlin o.fl. 2009). Telur hún orðaforða ýmissa þessara mála sem B&K og fleiri hafa haft til umfjöllunar benda til þess að málhafar þeirra veiti litbrigðum enga sérstaka athygli sem hugtökum aðskildum birtumagni, metnun eða öðrum sjónrænum eiginleikum eins og endurkasti.

Þau orð sem B&K og aðrir hafa talið til litaheita í þeim tungumálum sem þeir rannsökuðu hafa þá jafnvel fremur merkingu eins og ‘ferskur’, ‘þurr’, ‘þroskaður’, og því um líkt og hafa ekkert með litbrigði að gera. Hins vegar spili einangruð litbrigði stóran sess í lífi vestrænna málhafa þar sem fólk vinnur daglega með liti og talar um liti og sumir láta jafnvel stjórnast af hálfgerðri fíkn í ákveðin litbrigði í innkaupaákvörðunum .

Það er þó ekki svo að Wierzbicka sjái ekki neinar merkingarlegar frumeiningar sem tengjast litum, en hún skilgreinir ákveðin **algildi sjónar** (e. *universals of seeing*). Margvíslegir eiginleikar hluta sem fólk sér, svo sem litur, áferð, ferskleiki og lögun eru þar innifaldir. Það þýðir þó ekki að allir þessir eiginleikar séu nýttir til þess að skipta niður hugtökum innan þessa merkingarsviðs. Málhafar gætu nýtt margs konar afbrigði skiptingar hugtakanna, svo sem eftir ferskleika

og litbrigði, ljósmagni og mettun, eða lögun og áferð, svo eitthvað sé nefnt (Wierzbicka 1996, bls. 287–290).

Aðferð Wierzbicku byggist á því að orð hafi merkingu og að sú merking sé skilgreinanleg (Wierzbicka 1996, bls. 24). Þegar merking orða er skilgreind eru notuð einfaldari hugtök, það er að segja sértækt hugtak er skýrt með almennari og víðtækari hugtökum. Þau hugtök er svo hægt að skilgreina frekar en á einhverjum tímavarki kemur að því að ekki er hægt að einfalda hugtökin frekar, merking þeirra er óskilgreinanleg (Wierzbicka 1996, bls. 10). Þessi óskilgreinanlegu hugtök eru undirliggjandi allri merkingu og allir skilja þau, þetta eru merkingaralgildi. Þessi aðferð Wierzbicku að nýta sífellt almennari skilgreiningar verður ekki nýtt beint hér í þessari rannsókn til þess að greina merkingu litaorða en fremur litið til endanlegra niðurstaðna hennar til hliðsjónar meðfram athugun sem er meira í anda Lucy (*Kafla 5*) til þess að sjá hvort hægt sé að greina þær frumeiningar merkingar sem hún setur fram sem merkingarleg algildi tengd sjón og þar með litum.

Þau algildi sem Wierzbicka skilgreinir sem frumeiningar merkingar tengdar sjón og verða höfð til hliðsjónar í þessari rannsókn eru þrenns konar:

Sjónaralgildi 1 er [DIMMUR] [BJARTUR]. Þessar merkingarfrumeiningar samsvara nótt og degi. Wierzbicka telur að [DIMMUR] [BJARTUR] séu algildi vegna þess að það eru fyrirbæri sem finnast í umhverfi málhafa alls staðar og því líkleg til þess að vera eitthvað sem hefur jöfn áhrif, burtséð frá tungumálinu. Margir hafa bent á þörf þess að taka meira tillit til þessara sjónrænu eiginleika í rannsóknum á litaorðaförðum og -merkingu (sjá t.d. Levisen 2019). Þá er oftast gert ráð fyrir að rannsóknir á grunnlitaheitum feli ekki í sér upplýsingar um sjónræn einkenni önnur en litbrigði. Eins og koma mun fram í *Kafla 4* og *Kafla 5* tengir fólk ýmiss konar ljósmagnseiginleika við liti, bæði beint eins og sjá má í samsetningum á borð við *ljósblár*, *dökkgrænn* og *fölbleikur*, sem og óbeint í yfirfærðri merkingu ýmissa nafnorða í samsetningum eins og *öskubleikur* og *pastelblár*.

Sjónaralgildi 2 er viðmiðunarrámi umhverfisins. Eins og nóttin og dagurinn gefa grunnhugmyndir um birtu og myrkur er umhverfi málhafans eitthvað sem er grunnrammi fyrir þær vísanir og lýsingar sem felast í notkun málhafanna á tungumálinu. Þar eru tvær merkingareiningar mikilvægar, annars vegar [GRUNNUR] (e. *ground*) og hins vegar [FÍGÚRA] (e. *figure*). Hið fyrri er sá bakgrunnur sem er algengastur í umhverfi málhafa, svo sem himinn, eyðimörk eða skógur; en

hið seinna er þau fyrirbæri sem birtast málhöfum á grunninum, svo sem kindur, antílópur, fuglar eða annað fólk.

Á Mynd 2.9 má sjá afgerandi grunn (snævi þakið umhverfi) og figúru (hreindýr).



Mynd 2.9: Grunnur (skógur) og figúra (hreindýr)

Þessi hugtök, grunnur og figúra, spila stóran þátt í rannsóknum á táknmálum, þar sem lýsingar byggjast oft upp á því að staðsetja figúrur á ákveðnum grunni til þess að koma frásögn til skila (sjá t.d. Talmy 2003). Nokkuð kemur fram af slíkum tengingum við umhverfið í *Kafla 4* og *Kafla 5* og þá helst við grunn, til dæmis *himinblár*, *skógargrænn*, *jökulhvítur*.

Sjónaralgildi 3 er [EINS-OG] (e. *like*), það er líkindi eins hlutar við annan í sjónskynjun og upplifun á umhverfinu. Eins og sést í *Kafla 4* og *Kafla 5* eru slík líkindi málhöfum hugleikin þegar litir eru annars vegar, eins og kemur fram í samsetningum á borð við *blóðrauður*, *bananagulur*, *ólífugrænn* og *leirbrúnn*. Hvaða hlutir í umhverfi málhafa það eru sem vísað er til í þessum samlíkingum myndi hins vegar, samkvæmt Wierzbicku, vera mjög misjafnt á milli mála- og menningarhópa. Mögulega væri hægt að segja að menningartengingar við litahugtök væru algildar sem slíkar, en hvað nákvæmlega fólk velur til þess að tengja við fer algerlega eftir menningarumhverfinu.

Í *Kennisetningu 2.3* (bls. 42) er yfirlit yfir algildi Wierzbicku sem tengjast sjónrænum eiginleikum hluta.

Sjónaralgildi 1 [DIMMUR] [BJARTUR], sjást sem vísanir í birtustig. Til dæmis *ljósgrænn, dökkgrænn*.

Sjónaralgildi 2 [GRUNNUR] [FÍGÚRA], sjást aðallega sem vísanir í grunn. Til dæmis *himinblár, skógargrænn*.

Sjónaralgildi 3 [EINS-OG], sjást sem vísanir í hluti sem hafa lit. Til dæmis *ólífugrænn, myntugrænn*.

Kennisetning 2.3: Sjónaralgildi Wierzbicku

Wierzbicka telur að aðferðir B&K finni engin merkingaralgildi, einfaldlega vegna þess að þær aðferðir byggja ekki á merkingarflokkun heldur skynjun; hópur skyldra merkinga er ekki það sama og hópur skyldra taugaviðbragða. Merking er það sem fólk meinar þegar það notar orð, sú málfræðilega þekking sem liggur þar að baki er fólkí ómeðvituð og því óviðkomandi.

Oft er hægt að draga hina duldu málfræðiþekkingu upp á yfirborðið með ýmsum aðferðum en aðferðir B&K eru hins vegar ekki nýtilegar til þess. Þeir voru í raun ekki að rannsaka merkingu litaorða heldur stöðugleika litakjarna á milli mála. Það er að segja, miðsvæði þeirra litasvæða sem við skynjum, ekki svið þeirra litahugtaka sem við höfum í huga og notum dagsdaglega. Tungumál, og þar með merking, er það sem gerist í huganum en ekki heilanum, ef svo má að orði komast, og mannshugurinn er að einhverju leyti mótaður af menningunni. Það gerir það að verkum að merkingarflokkar verða mismunandi á milli mála og allt tal um liti og litahugtök sem bylgjulengdir, eða litbrigði, eða mettun og birtustig verður tilgangslaut því að það er ekki þekking sem fólk hefur og ekki það sem mótar merkingu litaorðanna.

Þrátt fyrir að viðurkenna tilvist merkingarlegra algilda eins og vitsmunahyggjan gerir Wierzbicka ráð fyrir að menningaráhrif byggji flóknar merkingarsamsetningar ofan á. Niðurstaða hennar er því ekki sú að merkingaralgildin séu ákveðnir kjarnar hugtaka með óljós mörk heldur þvert á móti að hugtök geti ekki haft óljós mörk vegna þess að þær merkingareiningar sem um væri að ræða röðuðust saman á mjög ákveðinn hátt (t.d. eftir tungumálum) til þess að mynda samsett hugtak. Hún telur ekki heillavænlegt að nálgast merkingu orða á þann hátt sem Wittgenstein, Labov og Rosch gera því ef leyfilegt er að gera ráð fyrir því að mörk hugtaks séu óljós falli allar tilraunir til þess að skilgreina

merkingu orðsins um sjálfar sig. Merking orða skal skilgreinast með skipulegri athugun á notkun þeirra og ‘nákvæmum merkingarlegum formúlum’ en aðferðir vitsmunahyggjunnar geta fátt eitt sagt um merkingu. Hún setur þannig skörp skil á milli skynjunar og vitrænnar úrvinnslu annars vegar og merkingar og tungumáls hins vegar. Það gerir það að verkum að allar rannsóknir á merkingu og merkingarflokkum þurfa að gerast á málinu sjálfu og notkun málhafa á því. Einungis þannig er hægt að gera sér grein fyrir eiginlegri merkingu þessara orða og hvort sé hægt að smala þeim saman í einhverja dilka. John Lucy útfærir þessa hugmynd þannig að það sem þurfi til þess að skilgreina merkingu sé jafnvel nákvæm rannsókn á málkerfinu sjálfu og hegðun orðanna í því.

2.4.2 Skynjun og málfræði

Í greininni *The linguistics of ‘color’* (1997b) tekur John Lucy fyrir aðferðafræði B&K og þá galla sem hann telur vera á henni. Hann er sammála Wierzbicku um að þeir einblíni of mikið á litbrigðaorð en hunsu aðrar víddir sjónrænnar skynjunar og aðferðir til þess að skipta upp sjónrófinu, svo sem eftir línunum ljósmagns, ferskleika, lögunar eða áferðar. Eins og Wierzbicka vill hann einnig gera skarpan mun á skynjun og hugrænni úrvinnslu annars vegar og merkingu og málfræði hins vegar, og meðal annars fjalla meira um aðrar aðferðir til þess að skipta upp sjónrófinu. Sálfræðileg vísimið (þ.e. litaskynjun) sem fólk þekkir og getur nefnt er ekki það sama og málfræðilegt fyrirbæri eins og merkingarflokkur.

Í greininni gerir Lucy athugun á nokkrum lýsingarorðum, aðallega litaorðum, og hefur það að útgangspunkti að til þess að geta talist merkingarflokkur í tungumáli þurfi sá flokkur að sýna sameiginleg formleg einkenni. Það er að til þess að skilgreina merkingu þurfi að nýta **kerfisgildi** (e. *system value*) orðanna, fremur en **vísunargildi** (e. *denotation value*, sbr. hugmynd Saussure um kerfisfræðilegt gildi tákna, de Saussure 1959/2011, bls. 114–115).

Í *Töflu 2.3* (bls. 44) er endurgerð töflu þar sem hann setur upp þessi lýsingarorð og hvernig þau dreifast í flokka eftir því með hvaða málfræðieiningum þau finnast. Þau lýsingarorð sem hann tekur þar fyrir eru grunnlitaheitin ellefu; tíu önnur litaheiti, svo sem *tan* ‘gulbrúnn’, og *scarlet* ‘djúprauður’; orð sem lýsa öðrum sjónrænum eiginleikum, svo sem *bright* ‘bjartur’, *shiny* ‘skínandi’, og *vivid* ‘skær’;

og önnur lýsingarorð, svo sem *hard* ‘harður’, *rough* ‘grófur’, og *dry* ‘þurr’.

A	hard		harden	hardening	
	rough		roughen	roughening	
	bright		brighten	brightening	
B	light	lightish	lighten	lightening	
	dark	darkish	darken	darkening	
C	black	blackish	blacken	blackening	dark black
	white	whitish	whiten	whitening	light white
D	red	reddish	reddden	reddening	dark/light red
E	yellow	yellowish		yellowing	dark/light yellow
	brown	brownish		browning	dark/light brown
	tan	tannish		tanning	dark/light tan
	grey	greyish		greying	dark/light grey
	green	greenish		greening	dark/light green
	blue	bluish		bluing	dark/light blue
F	pink	pinkish			dark/light pink
	orange	orangish			dark/light orange
	purple	purplish			dark/light purple
	blond	blondish			dark/light blond
G	maroon				dark/light maroon
	silver				dark/light silver
	beige				dark/light beige
	aqua				dark/light aqua
	crimson				dark/light crimson
	scarlet				dark/light scarlet
	violet				dark/light violet
H	dry			drying	
	clear			clearing	
	glossy			glossing	
	shiny			shining	
I	pale	palish			
J	vivid				
	brilliant				
	luminous				
	ruddy				

Tafla 2.3: Endurgerð af töflu John Lucy (1997b, bls. 329)

Lucy skiptir orðunum í tíu flokka eftir því hvort þau geti tekið endinguna *-ish* ‘-leitur’, hafi sagnarútgáfu sem endar á *-en*, geti tekið endinguna *-ing* (lýsingar-

háttur nútíðar) og hvort hægt er að setja *light* ‘ljós’ eða *dark* ‘dökkur’ fyrir framan. Þannig lendir *red* ‘rauður’ til dæmis sér í flokki vegna þess að það er eina orðið af þessum 34 sem finnst með öllum þeim einingum sem hann leitaði að: *reddish* ‘rauðleitur’, *red* ‘rauður’, *reddening* ‘rjóðandi; roðnandi’, *dark/light red* ‘dökk-/ljósrauður’. Einnig lendir *tan* ‘gulbrúnn’ í sama flokki og *yellow* ‘gulur’, *brown* ‘brúnn’, *grey* ‘grár’, *green* ‘grænn’ og *blue* ‘blár’, þar sem þessi orð finnst með sömu endingum og í sömu samsetningum (*-ish*, *-ing*, *dark/light*), en *pink* ‘bleikur’, *orange* ‘appelsínugulur’ og *purple* ‘fjólublár’, ásamt *blond* ‘ljósgulur’ taka einungis *-ish* og *light/dark*.

Lucy telur að ólíkir möguleikar orðanna til þess að taka þátt í þessum málfræðiferlum séu hvort tveggja til þess að auka merkingu litaheitanna og að einhverju leyti afleiðing hennar. Merking orðsins er þá orsök þess að til er *blacken* og *whiten* en ekki **yellowen* og **bluen* eða *browning* og *greying* en ekki **pinkening* eða **purpling*. Sum þessara orða hafa þá vegna merkingar sinnar dreifingarmöguleika sem önnur hafa ekki og eru þar af leiðandi ekki í sama merkingarflokki. Markmið Lucy er að skilja á milli ‘málvísinda’ (e. *language science*) og ‘alþýðuskilnings’ (e. *folk understandings*) með því að gera skipulagða rannsókn á málögnum, fremur en að reiða sig á innsæi málhafa.

Til þess að búa til formgerðarflokkun milli tungumála sem kennd er við liti þarf fyrst að ganga úr skugga um að slíkar formgerðir séu í raun og veru til sem skipulögð kerfi í þeim málum sem verið er að rannsaka (1997b, bls. 330). Hann telur að þrennt sé nauðsynlegt til þess að það sé hægt og setur fram ákveðnar rannsóknarkröfur til að finna þessi atriði:

Rannsóknarkrafa 1 er að sett sé niður nákvæm skilgreining á málfræðilegum flokki þess orðs sem fjalla á um. Tvennt felst í málfræðilegum flokki samkvæmt Lucy, annars vegar **dæmigerð vísunarfylking** (e. *referential array*) og hins vegar **formlegir dreifingarmöguleikar** (e. *formal distribution*).

Hið fyrra, vísunarfylkingin, er hópur vísimiða sem vanalega er vísað í með viðkomandi orði, í þessu tilfelli litaorði. Hér er átt við vísunarsamsætur í málnotkun sem gefa ákveðið merkingarnet byggt á vísunum, til dæmis „svartur köttur“, „svört nótt“, „svart blek“. B&K setja einnig fram merkingarnet byggt á vísunum í ákveðna liti, en það er ekki tengt málnotkuninni sjálfri. Þeir litir sem B&K skilgreina eru ekki litir hluta sem við tölum um dagsdaglega. Til þess að finna merkingu orðsins *rauður*, til dæmis, þarf því að skoða hvaða hlutum

er vanalega lýst sem rauðum til þess að fá mynd af því hver merking orðsins er. Þetta er afstæðishyggjunni mjög mikilvægt, því samkvæmt fylgismönnum hennar er mikill munur á milli tungumála í einmitt þessu; það er hvað er sett saman í flokk (hvað telst rautt og hvað telst blátt o.s.frv.) og hvaða flokkar eru til (rautt á móti appelsínugulu, bleiku, brúnu o.s.frv.). Í *Kafla 3* er gerð slík samhengisathugun á litaheitum í fornu máli, en í *Kafla 4* og *Kafla 5* kemur fram mikill fjöldi samsetninga með litaorðum sem gefa ýmsar hugmyndir um merkingarsvið litaheitanna í nútímamáli. Eitt af því sem afstæðishyggjan tekur ekki tillit til hér er að til séu sögulegar leifar mismunandi skiptingar í málnotkun fólks sem ekki endurspeglar þá raunverulegu skiptingu sem sama fólk myndi setja fram væri það beðið um það og myndi jafnvel vera í mótsögn við máltilfinninguna (sjá *Kafla 5.3.9*).

Hinir formlegu dreifingarmöguleikar eru staða og hegðun þess orðs sem verið er að gera athugun á innan þess málfræðilega kerfis sem finnst í viðkomandi tungumáli, það er í hvaða málfræðilegu hólfi er hægt að stinga þeim. Svo sem eins og í *Töflu 2.3* (bls. 44) þar sem Lucy athugar hegðun ákveðinna litaorða.

Þetta tvennt, vísanafylkingin og dreifingarmöguleikarnir (það er hegðun orða í málkerfinu) er það sem býr til merkingarflokk í tungumáli, en B&K horfa fram hjá hvoru tveggja. Í staðinn einblína þeir á **inntak** (e. *denotation*), það er að segja allsbera merkingu orðs eins og það skilgreinist án allra blæbrigða sem geta komið fram í mállegu samhengi vísunar og málfræðikerfis (Lucy 1997b, bls. 322–330). Fyrir Lucy er inntakið, það er að segja berar tilvísanir, ekki það sama og raunveruleg merking orðsins sem felst í notkun þess.

Í íslensku eru mikilvægustu eða algengustu litaorðin lýsingarorð, það sem hér er vísað í sem litaheiti. Tilgangur lýsingarorða er að lýsa hlutum, eins og nafnið gefur til kynna: *rauður bill*, *græn peysa*, *blátt fjall*. Þau orð sem merkja þá hluti sem lýst er eru þá oftast nafnorð (*bill*, *peysa*, *fjall*), en hver orðflokkur hefur ákveðnu hlutverki að gegna í því ferli sem felst í því að lýsa reynslu okkar. Lýsingarorðin, og litaheitin þar með talin, hafa það hlutverk að tjá eiginleika og einkenni hugtaka: *rauður*, *þungur*, *sveittur*, *erfiður* og svo framvegis.

Litaorð geta verið af öðrum orðflokkum svo sem sagnorð – *gulna*, *blána* – eða nafnorð – *gula*, *grænka* – en þá er yfirleitt um að ræða afleiðslur af litaheitunum. Þær teljast þá til þeirra dreifingarmöguleika sem litaheitin hafa, meðal annarra ferla eins og beyginga og samsetninga. Það er að segja möguleikar ákveðins

orðs af ákveðinni tegund, til dæmis lýsingarorðsins *rauður*, til að taka þátt í þeim málfræðiferlum sem finnast í málinu. Í *Kafla 5* verður farið í málfræðilega hegðun litaheitanna, annars vegar með tilliti til afleiðsluaðferða og -endinga og hins vegar í sambandi við samsetningar og gerðir þeirra.

Rannsóknarkrafa 2 er að samanburður sé gerður á þeim málfræðilega flokki (ef einhver er) sem orðið sem verið er að rannsaka tilheyrir og öðrum málfræðilegum flokkum í málinu. Það þýðir að skoða þarf þær myndanir sem hver eining (orð) getur tekið þátt í, framlag hennar til myndanarinnar í heild sinni, hvaða einingar sýna sömu mynstur (til að finna samstæður og andstæður) og skoða hvaða stöðu einingin hefur í setningafræðinni til þess að sjá hvort þær hafa sömu möguleika, það er hvort þessar einingar hegða sér eins í málfræðinni. Í *Töflu 2.3* (bls. 44) gerir Lucy til dæmis samanburð á hegðun nokkurra litaorða og annarra lýsingarorða í hinu enska málkerfi.

Verkefnið sem B&K, EoSS og fleiri láta fólk framkvæma ganga út á það að gera samanburð á litbrigðum án allra aukaupplýsinga sem fylgja, svo sem birtustig eða mettnun. Þessi aðferðafræði sneiðir algjörlega fram hjá því að það er ekki þannig sem tungumál virkar, heldur byggist það á því að fólk hafi samskipti og skilji hvert annað. Það þarf því að skoða upplýsingamiðlun á milli fólks og hvernig það notar orðin en ekki leggja einhvers konar málfræðileg skilyrði á þau eftir á þegar er búið að ákveða hver þeirra eigi að passa inn í kerfið sem sett er fram (Lucy 1997b, bls. 330–337).

Því þarf annars vegar að lýsa þeim orðahópum sem hegða sér eins og innihalda einingar sem vísa til litar og hins vegar þarf að bera þá saman við aðra flokka sem mögulega innihalda litaupplýsingar. Hvorugt þessara verkefna er hægt að leysa nema með því að greina byggingu málsins. Í þessu sambandi er málkerfið samkvæmt afstæðishyggjunni svo mikilvægt að hver orðahópur, sama hversu nálægt orð eru hvert öðru ‘hugtakslega’, verður ekki skilgreindur sem merkingarflokkur ef engir formlegir eiginleikar málkerfisins fylgja; merkingarhópar eru kerfishópar.

Í samhengi aðferða B&K og samhengisrannsókna minnst Lucy á Schaefer (1983) og Kuschel og Monberg (hér eftir K&M) (1974). Schaefer rannsakaði tswana sem er bantu-mál talað aðallega í Botswana. Hann gerði samhengisrannsókn, aðallega á einu ákveðnu litaorði, *lèphùtsí* ‘gulur’, sem hann taldi hegða sér öðruvísi en það ætti að gera ef litaorð í tswana féllu að kenningu B&K. Hann tók

ýmis dæmi um setningar þar sem þetta orð hagar sér öðruvísi en hin, eins og í *Dæmi 2.1*.

2.1	a.	<i>mò-ngwè</i>	<i>lé</i>	<i>mò-ngwè</i>	<i>ó-nè</i>	<i>á-lé</i>	<i>mó-húbídù</i>
		einn	og	einn	vera	þátíð	rauður
		„Allir voru rauðir“					
	b.	<i>mò-ngwè</i>	<i>lé</i>	<i>mò-ngwè</i>	<i>ó-nè</i>	<i>á-lé</i>	<i>lèphùtsí</i>
		einn	og	einn	vera	þátíð	gulur
		„Allir voru gulir“					

Í *Dæmi 2.1* er það orðið *húbídù* ‘rauður’ sem sýnir almenna málfræði mögulegra grunnlitaorða í eintölu og þátíð (2.1a), og þá sést hvernig *lèphùtsí* er frábrugðið (2.1b). Í báðum dæmum er forskeytið *mò-* svokallaður flokkari, eða málfræðileg eining sem merkir tegund þess sem talað er um. Eins og sést í 2.1b tekur *lèphùtsí* ekki þennan flokkara. Ýmis fleiri dæmi eru tínd til en að lokum kemst Schaefer að þeirri niðurstöðu að mögulega eigi málsögulegur ferill orðsins einhvern þátt í þessari hegðun, þar sem annað orð fyrir [GULUR], *séthlhá*, sem hafði náð yfir mörg ljós litbrigði festist í notkun um ‘gulan’ dýralit og því vantaði nýtt orð til að merkja almennan gulan lit (1983, bls. 170).

Schaefer segir að orðið *putswa* ‘blár’ sýni einnig ákveðinn óregluleika eins og *lèphùtsí*, meðal annars í því hvort hægt sé að nota það í óeiginlegri merkingu (1983, bls. 172–173) og minnst einnig á það hversu algengt sé að mál felli saman [SVARTUR], [BLÁR] og [GRÆNN] undir sama merkimiða. Meðal lokaniðurstaðna Schaefers er að þeim grunnlitaheitum sem hægt sé að tala um í tswana sé skipt í tvennt, annars vegar í hugtök sem lýsa litbrigðum og hins vegar hugtök sem lýsa ljósmagni. Með því að gera málfræðilega og sögulega athugun komst hann að því að litaorð og merking þeirra geta verið á ýmsum stigum þróunar og að ekki öll ‘litaorð’ snúast einvörðungu um litbrigði.

K&M rannsökuðu mál fólks sem býr á Bellona-eyju (Bresku Solomon-eyjum, Pólýnesíu) og segja strax í upphafi greinar að nokkuð tilgangslaust sé að fjalla um litaheiti í máli þessa fólks því það hafi mjög takmarkaðan áhuga á litum (1974, bls. 213). Miðað við kröfur Lucy um aðskilnað málvísinda og alþýðuinnsæis ætti að vera hægt að horfa framhjá því en það viðhorf að vestrænir rannsakendur hafi einhvern veginn speglað vestræn menningarminni yfir á aðra menningarhópa (sjá t.d. Levisen 2019) er greinilegt í þessum orðum. Til stuðnings þessu lita-

áhugaleysi nefna þeir meðal annars litaorðafæð í sögum og goðsögnum málfafa (1974, bls. 215), en hins vegar má segja hið sama um goðsagnir margra annarra menningarsamfélaga, þar með talins hins íslenska (sjá *Kafla 3.1.2*).

K&M viðurkenna að aðferðir B&K hafi verið innblástur þeirra í þessari rannsókn en segja að þeir hafi þó fljótt lent í vandræðum. Munsell-flögurnar gerðu ákveðið gagn til að byrja með, en þeir komust fljótlega að því að þær nægðu ekki til þess að rannsaka frekar nákvæmari skiptingu og stöðu litanna í menningu Belladonna-fólksins (1974, bls. 213–214). Þetta er það sama og Lucy ber upp gagnvart B&K, að aðferðir þeirra segi mjög lítið um raunveruleg merkingarsvið og tengingar litaorða í notkun málfafa (þó B&K hafi reyndar aldrei gert ráð fyrir því að rannsókn þeirra ætti að gera það). Gallinn við aðferðafræði B&K er þá sú, að mati K&M, að hún geri ráð fyrir að tal snúist um að merkja hluti rétt fremur en að fólk skilji hvort annað í þeim aðstæðum sem það er í (1974, bls. 323).⁷

K&M sáu því ástæðu til þess að bæta nokkrum stigum við rannsóknarferlið sem B&K notuðu, meðal annars að spyrja málfafana frekar út í liti og tengingar þeirra við hluti, en fullan lista yfir aðferðir þeirra má sjá í *Kennisetningu 2.4* (bls. 50) (1974, bls. 215–216). Þar má sjá að auk þess sem þeir bættu við rannsóknarferli B&K sáu þeir einnig ástæðu til þess að bæta við grunnlitaviðmiði: Grunnlitaheiti verður að vera virkt, í þeim skilningi að hægt sé að nota það til þess að nefna lit nýrra hluta sem málfafar hafi ekki séð áður (1974, bls. 216). Í níunda atriðinu má sjá aftur viðhorf afstæðishyggjunnar að tungumálið hafi áhrif á hugsanagang fólks; það sé ekki ensk menning eða breytingar á högum Bellona-fólksins af hennar völdum sem setji af stað breytingar í máli þeirra heldur enskan sjálf.

Í gegnum greinina setja K&M fram ýmsar athugasemdir og niðurstöður varðandi litahugtök í menningu og máli Bellona-fólksins, *Kennisetning 2.5* (bls. 51). Þar má sjá að almennt eru þeir nokkuð jákvæðir í garð B&K en eru þó sannfærðir um að margir gallar séu á aðferðafræðinni og niðurstöður þeirra spegla mjög þá trú að skringilegir siðir vestrænna manna eigi ekki heima annars staðar. *Niðurstaða 1* og *Niðurstaða 2* í *Kennisetningu 2.5* tengjast beint skilgreiningum B&K, enda taka K&M fram að frá því sjónarhorni sé hægt að skilgreina mál Bellona-fólksins sem mál á *Stigi II* en þeir leggja mikla áherslu á að einnig séu í

⁷ En svo má að sjálfsgöðu ræða það endalaust hvort skilningur á milli fólks grundvallist ekki á því að fólk merki hugtök rétt, það er að það reyni eftir bestu getu að velja þau orð sem standa sem best fyrir þau hugtök sem það ætlar að tjá.

- Verk 1** Málhafar voru spurðir, einir og í hópum, hvaða heiti þeir hefðu fyrir mismunandi liti.
- Verk 2** Málhafar voru spurðir hvaða hlutir hefðu lit X, Y, Z, sem og hvaða hlutir hefðu ekki þann lit.
- Verk 3** Málhafar voru beðnir að velja hluti með ákveðnum lit af ströndinni, skóginum, hafinu, garðinum og öðrum náttúrulegum stöðum og nefna þann lit.
- Verk 4** Litaflögurnar voru lagðar fyrir málhafa, allar í einu, og þeir beðnir að flokka þær eins og þeim sýndist til þess að fá fram litaflokkunarkerfi Bellona-fólksins.
- Verk 5** Litaflögurnar voru lagðar fyrir málhafa, ein og ein í einu, og þeir beðnir að nefna litina með bellonísku heiti.
- Verk 6** Litaflögurnar voru lagðar fyrir málhafa, í þeirri röð sem litir þeirra koma fyrir í litrófinu, og málhafar voru beðnir að draga línu á milli lita eins og þeim fannst þeir skiptast.
- Verk 7** Litaflögurnar voru lagðar fyrir málhafa, í þeirri röð sem litir þeirra koma fyrir í litrófinu, og málhafar voru beðnir að velja þá liti sem falla undir þau litaheiti sem voru nefnd.
- Verk 8** Málhafar voru beðnir að skipta litakorti niður í grunnliti og síðan að skipta því nákvæmar með öðrum orðum.
- Verk 9** Yngri málhafar voru beðnir að skipta litakortinu, bæði eftir Bellona-kerfinu og því sem þeir héldu að teldist ensk skipting, vegna áhyggna um áhrif ensku á mál Bellona-fólksins.

Kennisetning 2.4: Aðferðafræði Kuschel og Monberg

málinu margvísleg önnur litaheiti (*Niðurstaða 3* og *Niðurstaða 4*).

Eins og á eftir að koma fram í *Kafla 3*, *Kafla 4* og *Kafla 5* geta aukheiti skipt hundruðum og er mikill hluti þessara orða ekki hluti af daglegum samræðum (sbr. *Niðurstaða 3*) og varla hægt að halda því fram að eitt menningarsamfélag hafi eitthvað fjölbreyttara kerfi litaorða heldur en annað (sbr. *Niðurstaða 2*). Eins og koma mun fram í *Kafla 5* eru ýmiss konar upplýsingar tengdar við litaheiti jafnvel í vestrænu samfélagi eins og hinu íslenska sem K&M vilja láta eins og séu einhvers konar úrkynduð kerfi órafjarri náttúrulegum litaorðum Bellona-fólksins. Viðhorf eins og eru reifuð í *Niðurstaða 5* og *Niðurstaða 6* eru heldur ekki einsdæmi á milli vestrænna málfræðinga og frumstæðra Pólýnesíuættflokka. Höfundur þessa rits lenti sjálfur við rannsóknir í beinskeyttum spurningum um tilgang þessa athæfis,

Niðurstaða 1 Lágur fjöldi grunnlitaheita virðist benda til minni menningarlegrar áherslu á liti sem sérstakt fyrirbæri og erfiðara er að skilja [LITBRIGÐI] frá öðrum upplýsingum um útlit hluta. Í grunninn er um að ræða annað hvort rauðan, *unga*, eða dökkan, *ungi*. Ef hlutir eru hvorugt eru þeir ljósir/hvítir, *susungu/tea*.

Niðurstaða 2 Hægt er að líta á litakerfi Bellona-fólksins út frá sjónarmiðum B&K og segja að um sé að ræða klassískt dæmi um mál á Stigi II. Hins vegar er hægt að segja að það eigi mjög fagaðan forða 'litaorða' sem er mun fjölbreyttari en hið vestræna kerfi litaorða.

Niðurstaða 3 Mörg litaheita sem Bellona-fólkið notar eru samhengisbundin. Þau eru til dæmis einungis notuð til þess að lýsa breytingum á mannslíkamanum, breytingum í útliti vaxandi plantna eða veðri. Þau hafa óskýr mörk og mikill hluti þessa orðaforða er ekki hluti af daglegum samræðum.

Niðurstaða 4 Samhengisheitin eru öðruvísi heldur en grunnheitin og innihalda meiri upplýsingar um þá eiginleika hluta sem þau eru nýtt til að lýsa.

Niðurstaða 5 Málhafar stöðu í þeirri trú að vestrænt fólk ætti nöfn yfir alla þá liti sem þeim voru sýndir og héldu að ætlast væri til af þeim að eiga jafn mörg litaheiti.

Niðurstaða 6 Málhafar sáu lítinn tilgang í þessum athöfnum og gerðu jafnvel grín að rannsakendum og sögðu að þeir léku sér eins og börn.

Niðurstaða 7 Það myndi gefa betri innsýn í þau litaheiti sem til eru í málinu með því að velja liti sem notaðir eru í slíka rannsókn meira í samræmi við einstaka kjarnahugtök þeirra menningarhópa sem eru rannsakaðir.

Kennisetning 2.5: Niðurstöður Kuschel og Monberg

yfirlýsingum um meinta vangetu íslensku til að merkja litaorð (að minnsta kosti miðað við ensku) og misskilningi varðandi það hvers væri ætlast af þátttakendum. Þessi tilraun til þess að tala niður sínar eigin rannsóknir missir því örlítið marks. Hins vegar sýna K&M ótvírætt fram á gildi slíkra samhengisrannsókna eins og Wierzbicka og Lucy telja að sé eina vitið fyrir þá sem vilja skoða merkingu litaorða. Notkun málhafa á litaorðum inniheldur mun fleiri lög en það sem kemur fram í þeim gögnum sem fylgjendur B&K leggja áherslu á.

Með slíkri samhengisrannsókn er hægt að einbeita sér að þrengri flokkum, til dæmis sérstökum ferlum, bara grunnlitaheitum, eða jafnvel einstökum litaorðum. Þegar reynt er að finna út úr merkingu orða á eldri málstigum þar sem engir málhafar eru til staðar er þessi aðferð einnig ómetanleg. Þar er hún nýtt við að

sigta út merkingu orða með því að skoða samsætur þeirra. Hún mun koma mikið við sögu í *Kafla 3* þar sem farið verður í forsögu íslensku og í hinni nákvæmari greiningu sem gerð er á EoSS-gögnunum í *Kafla 4*. Samhengisrannsókn verður svo gerð á nútímaíslensku í *Kafla 5* með því að safna gögnum úr íslenskum málheildum og skoða þau samhengi sem þar birtast auk þeirra málfræðiferla sem þau taka þátt í.

2.5 Samantekt annars kafla

Í vel yfir 2000 ár hefur alls konar hugvitsfólk velt fyrir sér eðli sjónarinnar, lita og litaskynjunar og hvernig þetta vinnur allt saman. Enn er ekki fullvitað hvernig litaskynjun virkar nákvæmlega þrátt fyrir allt okkar hugvit. Hins vegar er hægt að afla góðra vísbendinga með margvíslegum aðferðum og hafa niðurstöður þeirra aðferða gefið af sér ýmsar hugmyndir um það hvernig litaskynjun og tungumál vinna saman, þó líklegast megi enn vinna í því að temja sér að nýta mismunandi sjónarhorn og rannsóknaraðferðir.

Þær hugmyndir sem helst voru ræddar í þessum kafla voru vitsmunahyggjan og hennar skynjunarmiðuðu sjónarhorn, og afstæðishyggjan sem telur tungumál liggja til grundvallar merkingu orða. Mikið af þeirri umræðu snýst um það hvernig hugtök eru uppbyggð og hvar og hvernig á að draga mörk þeirra á milli. Í þessu samhengi eru litir áhugavert umfjöllunarefni vegna þess að ílag skynjunarinnar og innblástur hugtakanna er ein samfelld heild án sýnilegra marka á milli staka í heildarmenginu. Í *Kafla 2* var farið yfir forsögu og bakgrunn þeirra fræða sem notuð eru til viðmiðs í þessari rannsóknarumfjöllun. Í *Kafla 2.2* var fjallað um áherslur B&K á kjarna litahugtaka og skiptingu litrófsins í grunnlitahugtök. Þessi skipting virðist mjög einsleit á milli tungumála, þó þau séu mjög ólík að byggingu og sögu, og ákveðin mynstur í skiptingu litahugtaka eru sjáanleg í gegnum sögu mála og þróun þeirra.

Hins vegar voru þær raddir sem heyrðust í *Kafla 2.4* á nokkuð öðru máli, þar var fjölbreytnin í brennidepli. Lucy, Wierzbicka og fleiri telja ótækt að horfa framhjá þeim mikla mun sem er í menningar- og málumhverfi fólks sem notar þessi hugtök sem hér er fjallað um, litahugtökin. Í fyrsta lagi að mikið af

umræðunni einkennist af vestrænum sjónarhornum á liti sem skekki niðurstöður rannsóknanna. Í öðru lagi að einblínt sé á hluti sem fremur væri viðeigandi að rannsaka í skynjunar- og sálfræði. Og í þriðja lagi að málið og málfræðin – hinn raunverulegi uppruni merkingar – sé algjörlega skilinn útundan.

Þeir sem aðhyllast vitsmunahyggjuna fylgja B&K og rannsóknir í anda þeirra einbeita sér að kjörnum litahugtaka sem sýnast vera fábreyttari og færri en ílagið gefur efni til. Á móti telja fylgismenn afstæðishyggjunnar sem fylgja til dæmis Lucy og Wierzbicku að slík nálgun sé á villigötum og telja að raunverulega merkingu hugtaks sé hvergi að finna nema í notkun fólks á litaorðunum. Þessi sjónarmið eru oft sitt á hvorum enda þess skala sem hægt væri að skilgreina sem viðhorf til uppruna merkingar og einfalt hefði verið að velja bara eina sterka kenningu og skoða íslenskan litaorðaforða út frá því. Þær niðurstöður hefðu þó verið skakkar því önnur hliðin segir bara hálfu söguna.

Til þess að sjá hver hegðun og bygging íslenskra litaorða er með tilliti til merkingar og svara spurningum á borð við hvort að litaorð skeri sig frá öðrum lýsingarorðum eða hvort merking íslenskra litaorða sé frábrugðin merkingu litaorða í öðrum tungumálum þarf að skoða öll þau atriði sem geta komið að merkingu. Það þýðir að horfa þarf til beggja enda skalans frá hreinni skynjun öðrum megin til hins víðara samhengis málsamfélagsins hinum megin og allt þar á milli.

Þá er einstaklega heppilegt að hafa einnig þessar tvær kenningar sem að miklu leyti einbeita sér hvor að sínum endanum. Með því að bera saman niðurstöður þeirra sem þeim fylgja og rannsóknir á íslensku í þeim anda er hægt að sjá hvað hefur mest áhrif á merkingu íslenskra litaorða og hvernig bygging þeirra merkingarsviða lítur út í samanburði við merkingarsvið litaorða úr öðrum málum. Jafnvel er hægt, út frá þessum rannsóknum á íslenskum litaorðaforða, að setja fram ákveðnar kennisetningar um merkingu almennt.

Til þess að skoða báða endana á skala merkingaráhrifa verður annars vegar, í *Kafla 4*, litið á gögn úr hinni yfirgripsmiklu EoSS rannsókn, en hún fylgdi verklagi B&K, og framhaldsrannsóknum í sama anda, bæði á erlendum málum og íslensku. Hins vegar verður í *Kafla 5* farið yfir málfræðilegar myndanir og ferli sem íslenskir málhafar nýta til að sveigja og beygja merkingarsvið litaorðanna. Markmið rannsóknarinnar verður þá að athuga hvert eðli litahugtaka er í íslensku og hvort annað hvort sjónarmiðið, vitsmunahyggjan og almennu algildin eða

afstæðishyggjan og afstæðu máláhrifin, eigi meira tilkall til þess að teljast lýsandi fyrir náttúru litahugtakanna og hegðun.

Í *Kafla 4* (vitsmunakaflanum) verður fjallað um gögn frá fimm hópum málhafa – íslenska raddmálsins, vesturíslensku, breskrar ensku, norðuramerískrar ensku og ÍTM – úr rannsóknum sem fylgja B&K og vitsmunahyggjunni. Hins vegar, vegna þess hve mikil áhersla er lögð á málkerfið og menningarumhverfið afstæðismegin við línuna verður næsti kafli helgaður málsögu og -umhverfi þessara málhópa til að gefa ramma fyrir *Kafla 4* þar sem farið verður í EoSS rannsóknina og framhaldsrannsóknir hennar sem fylgja aðferðafræði B&K. Samkvæmt þeim ætti sá munur sem er á sögu íslensku og ensku, þó skyld mál séu, ekki að hafa áhrif á útkomu *Kafla 4*, né heldur mismunandi staða íslensku og vesturíslensku, eða sá eðlismunur sem er á táknmálum og raddmálum. Þau mynstur sem koma fram þar benda til þess að í þeim málum sem fjallað er um hér sé um að ræða sterka kjarna litahugtaka sem halda sér þrátt fyrir ólíka stöðu og sögu málanna.

Einnig ætti þessi bakgrunnskafli málsamfélaganna að vera gott viðmið fyrir *Kafla 5* þó nær einungis verði fjallað um íslensku þar. Þar sem afstæðishyggjan leggur áherslu á fjölbreytni er nægjanlegt að sýna fram á fjölbreytni orðmyndunar- aðferða og þeirra einkenna og hegðunar sem fylgja litaorðum í íslenskunni, því margvíslegur munur á málunum sést strax í *Kafla 4*. En heildarmyndin virðist vera sú að kjarnar hugtakanna eru þéttari, ef svo má segja, en þegar kemur út á jaðrana gisnar merkingarheldnin. Aðalrannsóknarspurningarnar eru því helst annars vegar: Eru kjarnar litahugtaka (og hugtaka almennt) líkir burtséð frá menningaráhrifum á jaðra? Og hins vegar: eru jaðrar litahugtaka (og hugtaka almennt) það ólíkir á milli mála að þeir hniki kjarnanum?

Í næsta kafla verður því litið til uppruna málanna, málsamfélagsins og tungu- málsviðhorfa, litaorðaforða á eldri málstigum og litaiðnaðar og áhrifa hans á orðaforðann (þar sem það á við). Þannig verður byggð bakgrunnsmýnd fyrir þær rannsóknir sem farið verður yfir í *Kafla 4* og viðmið fyrir *Kafla 5* og ítarlega greiningu á íslensku sem fer fram þar.

3. Mál, saga og samfélag

Þær hugmyndir sem helst voru ræddar í *Kafla 2* voru vitsmunahyggjan og hennar skynjunarmiðuðu sjónarhorn, og afstæðishyggjan sem telur tungumál hafa meiri áhrif á merkingu orða. Vegna þessara áherslna verður í þessum kafla farið í bakgrunn þeirra tungumála og málhafa sem koma við sögu í komandi köflum þegar umfjöllun um hinar eiginlegu rannsóknir hefst til þess að setja hið menningarlega og málfræðilega svið, svo að segja. Þessi tungumál eru íslenska, ÍTM, bresk og amerísk enska, og vesturíslenska.

Í yfirliti þessa kafla er ljóst að málin sem hér koma við sögu eru ólík og málhafar þeirra lifa við misjafnar aðstæður. Þó niðurstöður rannsókna eins og EoSS, sem gerðar eru í anda B&K, virðist sýna að fjölbreytni í hugtakasviðum sé lítil þrátt fyrir þennan mismun, leggja andmælendur þeirra áherslu á að merkingin felist í málinu sjálfu og menningu málhafanna en ekki í því að láta fólk nefna berstrípuð litbrigði sem tengjast ekki neinu sem fólk hefur áhuga á að tala um í sínu lífi. Fyrir bæði þessi sjónarmið er því nauðsynlegt að skoða nánar málin sem fjallað er um hér — íslenskuna, vesturíslenskuna, enskuna og ÍTM — og verður byrjað á íslenskunni.

3.1 Íslenska

Í þessum bakgrunnskafli um íslensku verður farið yfir þau atriði sem teljast mikilvæg vegna eðlis þeirrar athugunar sem gerð er í þessu riti. Merkingarfræðileg skoðun nær yfir alla þætti málsins, þar á meðal sögu þess, menningarumhverfi, og sambandið á milli málhafans og málsins. Vegna þess að mikið af þeirri merkingu sem er tjáð með tungumálinu rís af menningarumhverfi fólksins er einnig gott að skoða sérstaklega þá hluta sögunnar sem tengjast því merkingarsviði sem verið er að rannsaka. Í þessu tilfelli tengist til dæmis framleiðsla og notkun litarefna

fjölda litaorða og skiptingu litrófsins í smærri einingar innan málanna sem um er fjallað.

Fyrst verður farið yfir menningarumhverfi og viðhorf málhafa íslensku (3.1.1), gerð verður athugun á merkingu íslenskra litaorða sérstaklega í forníslensku (3.1.2) og að lokum verður skoðað hversu stóran sess litaiðnaður hefur skipað í íslensku þjóðlífi og hvort hægt sé að sjá þess merki í daglegu máli (3.1.3). Að lokum er samantekt á þeim upplýsingum sem komið hafa fram um íslensku (3.1.4).

3.1.1 Málhafar og málviðhorf

Uppruna Íslendinga og íslensku má rekja til Skandinavíu og Bretlandseyja, en fyrstu landnámsmennirnir komu til landsins frá Noregi með viðkomu á nyrstu eyjum Bretlands. Málhafar nútímaíslensku eru yfir þrjú hundruð þúsund, en fyrsta janúar 2019 voru Íslendingar 356.991 talsins. Það er þó ekki mikill fjöldi í heimssamhengi. Til samanburðar má nefna að í fámennasta fylki Bandaríkjanna af öllum fimmtíu fylkjunum, Wyoming, voru í manntali 2010 568.125 íbúar og í Northumberland-sýslu bjuggu um 315.987 manns árið 2014, en hún er númer 44 af 50 ef breskum sýslum er raðað eftir fjölda. Þrátt fyrir fremur fáa málhafa er íslenska þó talin í góðri stöðu samkvæmt flestum stöðlum (t.d. merkir Glottolog málið sem „safe“) þó það eigi nokkuð á brattann að sækja á tæknisviðum, til dæmis í notendaviðmótum tölva og snjalltækja (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson 2015; Eiríkur Rögnvaldsson 2016). Einnig er stór hluti afþreyingarefnis sem Íslendingar hafa aðgang að á ensku.

Almennt er viðurkennt að íslenska hafi breyst mjög lítið miðað við önnur germönsk mál frá því að nýtt málsamfélag varð til á Íslandi. Að einhverju leyti gæti það verið vegna einangrunar en einungis eitt málsamfélag var í landinu í langan tíma. Þó upprunalegir innflytjendur hafi verið frá ýmsum málsvæðum í Noregi og Bretlandi virðist sem svo að ákveðinn málstaðall hafi orðið til mjög fljótlega. Sumir telja að málafbrigðin hafi blandast en aðrir telja það ólíklegt og til dæmis færir Kristján Árnason rök fyrir því að líklegra sé að eitt ákveðið afbrigði talað af þeim sem mestu réðu hafi tekið yfir sem staðall frumíslensku (2003, bls. 249). Það sem hjálpaði til við að festa þennan staðal í sessi var að með

rúnahefðinni, ljóðahefðinni og lagahefðinni – sem voru mjög sterkar hefðir í þessu samfélagi – hafi hann verið búinn að vinna sér stað meðal fólks áður en ritun með latnesku letri náði almennri útbreiðslu, ólíkt til dæmis þróuninni í fornensku eða fornþýsku (Kristján Árnason 2003, bls. 253).

Eftir að hugmyndin um þjóðerni og móðurmál varð vinsæl kom upp á Íslandi, eins og í mörgum öðrum löndum, ákveðin stefna sem miðaði að því að hafa markviss áhrif á málþróun. Þessar stefnur höfðu yfirleitt sem markmið að viðhalda ákveðnum staðli máls sem taldist betri og jafnframt eyða þeim einkennum málsins sem þykja ekki falla að staðlinum. Slík stefna er oft kölluð hreitungustefna en samkvæmt Thomas (1991, bls. 12) er hún birtingarmynd vilja málsamfélags, eða einhvers hluta þess, til þess að halda í eitthvað ákveðið málsnið sem að þeirra mati er betra en önnur. Þetta er til dæmis gert til þess að losa málið við meint erlend áhrif eða aðra þætti sem ekki þykja sæma málhöfum. Þeir þættir sem spjótin beinast að í slíkum aðgerðum eiga oft uppruna sinn í mállýskum, stéttarmállýskum og stílbrigðum sama máls. Þessar aðgerðir snúa því annars vegar að stöðu mála og málafrbrigða gagnvart stéttaskiptingu og hins vegar að formi málsins sjálfs (sjá t.d. Kristján Árnason 2005). Þessi hreinsunarstefna kom fram á Íslandi með Guðbrandi Þorlákssyni biskupi á Hólum (1541/42–1627) og Arngrími Jónssyni lærða (1568–1648), en sá síðarnefndi sagði í riti sínu *Crymogæa* að þrjár leiðir væru til að viðhalda „hreinleika“ íslensks máls. Í fyrsta lagi að halda til haga fornritunum. Í öðru lagi að halda samskiptum við útlendinga í lágmarki. Og í þriðja lagi væri æskilegt að Íslendingar „öpuðu ekki eftir Dönum eða Þjóðverjum í ræðu og riti, heldur leituðu sér fyrirmynda í auðlegð og snilld móðurmáls síns, sem á nóg af henni, og beittu til þess vitsmunum og lærdómi [...]“ (Svavar Sigmundsson 1990, bls. 128). Kosturinn við slíka stefnu er að málstaðallinn verður sterkur, en helsti gallinn er að oft eru afleiðingar hennar fordómar gagnvart þeim sem ekki tala ‘rétt’ mál. Þetta bitnar á fólki sem ekki er innfætt og hefur ekki náð nægilegri leikni í staðalmálinu, sem og innlendum málhöfum sem eiga annað afbrigði en staðalmálið sem móðurmál. Hið síðarnefnda er ekki mjög algengt á Íslandi en vel sýnilegt til dæmis bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Í gegnum tíðina hefur verið hefð fyrir því að búa til nýyrði úr íslenskum efniviði frekar en að taka upp erlend heiti eins og hendir í mörgum öðrum málum. Sígild dæmi um það eru orðin *sími*, *þyrlla* og *tölva*, en einnig fjölmörg samsett orð og fræðiheiti sem eiga sér ensk jafnheiti í orðum sem fengin eru úr öðrum

málum, svo sem *skrifstofa* (e. *office*, lat. *officium*), *uppskrift* (e. *recipe*, fr. *recipé*); *orðhlutafræði* (e. *morphology*), *líffræði* (e. *biology*), *sálfræði* (e. *psychology*) og *meinafræði* (e. *pathology*).

Þó hafa fjölmörg tökuorð einnig fest sig í málinu, til dæmis *kajak*, *appelsína* og *bakarí*. Aðaleinkenni íslensku í nýmyndun orðaforða er hins vegar mikill fjöldi samsetninga af ýmsum gerðum: *húsbíll*, *hesthús*, *risastór*, *gulllitaður*, *hávær*, *framstæður*, *framselja*, *upptaka*, *átak*, *ílag*, *starfsmaður*, *ófreskja*, *brunavarnir* og svo framvegis. Þessar samsetningar geta orðið nokkuð langar, svo sem *félagsmálaráðuneyti*, *námslánaumsóknareyðublað* eða *hæstaréttarmálaflutningsmaður*.

Að þessu leyti er íslenska lík sumum germönskum málum, svo sem þýsku: *Unabhängigkeitserklärung* ‘sjálfstæðisyfirlýsing’, *Straßenunterhaltungsdienst* ‘götuviðhaldsþjónusta’, *Orangefruchtsaftgetränk* ‘appelsínuávaxtasafadrykkur’; en ólík öðrum, eins og til dæmis ensku þar sem bæði þessi löngu íslensku og þýsku orð yrðu að þýðast með frösnum sem ekki eru eins auðveldlega þekkjanlegir sem samsetningar: *ministry of social affairs*, *student loan application form*, *high court barrister*; *declaration of independence*, *road maintenance service* og *orange fruit juice*.

Í *Kafla 4* kemur þessi munur á orðmyndunaraðferðum fram mjög greinilega þar sem íslenskir málhafar nýta nær eingöngu samsetningar í þeim verkefnum sem þeir leysa, en enskumælandi hallast mun fremur að afleiðslum, auk áður nefndra frasasamsetninga. Í afleiðslum eru mest áberandi núllafleiðslur þar sem nafnorð eru nýtt beint án neinna breytinga, svo sem *lemon* ‘sítróna’ no. > *lemon* ‘sítrónulitur’ lo.; *salmon* ‘lax’ no. > *salmon* ‘laxalitur’ lo.; eða *pea soup* ‘baunasúpa’ no. > *pea soup* ‘baunasúpulitur’ lo.. Auk þess hefur enska fleiri sértæk litaheiti sem ná yfir takmarkaðari svæði litrófsins, svo sem *crimson*, *puce* og *chartreuse*, sem íslenskumælandi myndu merkja með samsetningum á borð við *djúprauður*, *fjólubrúnn* og *skærgrænn*.

Málhafar íslensku gera sér að einhverju leyti grein fyrir þessum mun sem er á litaorðaforða ensku og íslensku og í þeim verkefnum sem fjallað eru um í *Kafla 4* komu nokkrum sinnum fyrir athugasemdir á borð við „Íslenska hefur svo fá litaorð“ eða „Þetta heitir örugglega eitthvað í ensku“, sérstaklega hjá eldri málhöfum. Var þá gegnum gangandi hugmyndin sú að þegar kemur að litaorðum þá sé íslenskan fátæk miðað við önnur mál (að minnsta kosti ensku). Þrátt fyrir þetta viðhorf notuðu þátttakendur almennt mjög fá eða engin ensk eða önnur

lánsorð til þess að merkja litbrigðin við þetta tækifæri. Það er að segja, þeir gripu ekki til erlends orðaforða sem ekki er almennt notaður í íslensku máli, heldur héldu sig við íslensk heiti og þá annað hvort notuðu einfaldan orðaforða (*gulur, rauður, blár*, o.s.frv.) eða bjuggu til nýstárlegar samsetningar til þess að merkja litbrigðin sem voru þeim framandi (*partíbleikur, prinsessubleikur, tyggjöbleikur*, o.s.frv.). Einhver ensk litaheiti hafa þó nú þegar komið sér fyrir í málinu til þess að merkja smærri svæði í litrófinu. Má þar til dæmis nefna *beis* (e. *beige*) og *túrkis* (e. *turquoise*), en til dæmis virðist *órans* (e. *orange*) á leiðinni út (sjá *Kafla 4.4* og *Kafla 4.5*).

Mögulega hafa mismunandi möguleikar nútímamálsins til nýmyndunar og mismunandi viðhorf málhafa til þeirra aðferða og málsins almennt áhrif á það hvernig merking kortleggst í nútímamálinu. Hins vegar, vegna þess að íslenska hefur hlutfallslega lítið breyst miðað við skyld mál, er möguleiki að merking orðanna hafi haldist að sama marki. Til þess að sjá hvort einhver breyting hafi orðið er nauðsynlegt að skoða eldri málsnið en það er hægst að gera með því að skoða gamla texta og reyna að sjá út frá því hver merking orðanna er. Það er viðfangsefni næsta kafla.

3.1.2 Merking fornra íslenskra litaorða

Mikilvægur hluti merkingarrannsóknar í nútímamáli er að skoða þau samhengi sem málhafar setja þau orð sem rannsókuð eru í, með því að skoða texta af ýmsum gerðum (sjá *Kafla 5*). Þegar skoða á eldri stig merkingar er ómetanlegt að hafa texta til þess að skoða samhengi orða og er það í raun eina leiðin til þess að komast að niðurstöðu um merkingu orða á eldri málstigum, þar sem engir málhafar eru lengur til staðar. Þeir sem rannsaka íslensku eru svo heppnir að hafa texta allt frá um 1100 eða um 900 ár af málsögu í textaformi sem hægt er að skoða.

Merking orða getur breyst á ýmsan hátt og sömu stofnar merkt mismunandi hluti á milli mála. Þegar sérstök merkingarsvið eru skoðuð kemur því einnig fram munur í því hvaða orð eru notuð og hversu mörg eru notuð fyrir hvert svið. Sem dæmi má nefna þann mikla mun sem er á merkimiðum fyrir aftasta hluta ýmissa dýra í íslensku og ensku, en það sem í íslensku nefnist ýmist hali, rófa,

skott, dindill, sporður eða stél myndi allt þýðast með orðinu *tail* í ensku. Eins og þessi mismunur merkingar og dreifingar breytist í tímans rás breytast líka hugmyndir um það hvað hann endurspeglar í raun og veru. Árið 1882 skrifaði Arthur Lawrenson grein sem bar nafnið *The Colour-Sense in the Edda* um litaorð í íslenskum fornritum. Hann vinnur út frá þeirri hugmynd að litaskyn þróist misjafnlega meðal málhópa og með samanburði við gríska forntexta kemst hann að þeirri niðurstöðu að:

Á meðan Grikkinn, í sínu eftirlætismiðjarðarhafslandi, hafði náð því makalausá fegurðarskyni forms og hreyfingar, hvers birtingarmyndir töfra heiminn enn – virðist hinum norræna manni hafa verið veitt, sem uppbót, þessi skýrari skynjun litar og skugga. Í hinum hreinni ljósvaka og friðsamara lofti suðursins, á þessum lygnum svæðum dvöldu hin fögru form sem Grikkir gerðu varanleg í marmara. En fyrir þeim hlýtur landslagið að hafa verið það sem seinni listamenn nefndu „Symfóníu í svörtu og hvítu:“ málmrista eða ljósmynd, ekki líflega-lituð sýn. Fyrir honum var grasið ekki smaragðslitað, né himnarnir safirbláir: það var enginn ljómi djúprauðs, rósrauðs og fjólublás á vesturhimni; óteljandi litir suðrænna blóma voru ekki til fyrir honum. Náttúran birtist honum klædd í klæði ljósari eða dekkri, glampanði eða lækkandi í svörtu og hvítu og þeiri samsetningu beggja sem við köllum grátt. En norðurmanninginum var gefin gjöf litanna. Með stærri og öðrum augum en frændi sinn arískur í suðrinu, leit hann snarpa beljandi, fjölmargilta strauma norðursins, smátitrandi en staðfasta brú guðanna, og honum var gefið að sjá að vörður hennar, hinn hvíti guð, er „afkvæmi níu mæðra“.

(Lawrenson 1882, bls.746–747)

þýðing höfundar úr ensku, sjá A.5, bls. 340)

Niðurstaða Lawrensens er sem sagt að norræna hafi haft mun fleiri litaorð heldur en forngríska, og þar af leiðandi að Grikkir hafi haft mun vanþróaðra litaskyn heldur en norrænir menn. Mögulega hafa hinar hvítu marmarahöggmyndir sem flestu nútímafólki eru kunnugar haft áhrif á niðurstöðu Lawrensens en jafnvel á hans tímum var það ekki almenn skoðun að þær hefðu alltaf verið hvítar (sjá t.d. O. Jones 1854), og í dag er almennt talið að þær hafi verið málaðar og sumar í mjög björtum og áberandi litum (sjá t.d. Brinkmann 2008).

Árið 1896 skrifar svo Havelock Ellis mótsvar við hugmynd Lawrensens um vanþróun litaskyns fornanna. Þá voru rétt tæplega tíu ár þangað til Munsell gaf út litakerfi sitt sem átti að auðvelda samskipti meðal þeirra sem ræða um liti, og nærri sjötíu ár þangað til B&K notuðu sama kerfi til þess að setja fram þá tilgátu að vestrænt fólk, jafnt og ‘villimenn’, hefði einsleita skiptingu litaheita.

Það er nú alls enginn vafi að allir kynþættir manna, að því marki sem sönnunargögn þar viðvíkjandi er hægt að finna, hafa verið kunnugir sömu svæðum litrófsins og við. Litastjón villimanna, að því leyti sem hún hefur verið vandlega prófuð, hefur reynst vera aðáunarverð, sem og einnig sjón lægri dýranna, og það er engin ástæða til þess að áætla að svo nytsamlegur hæfileiki hafi nokkurn tíma lagst í dvala. Það er satt, hins vegar, að á meðan litaskynjun mannsins hefur að öllum líkindum alltaf verið stórgóð, hefur litaorðaforði hans stundum verið óskaplega ófullnægjandi, jafnvel meðal okkar sjálfra í dag er hann enn fremur óljós [...]

(Ellis 1896, bls.714

þýðing höfundar úr ensku, sjá A.6, bls. 340)

Niðurstaða B&K var sú að fæð litahugtaka í sumum tungumálum væri mun fremur hófsöm nýting fárra kjarnahugtaka sem væru notuð fyrir allt litrófið og endurspegluðu meðal annars menningarstig, en ekki að þeir málhópar sem hefðu færri litaorð sýndu merki um líkamlega vanhæfni til þess að skynja og/eða skilgreina hin margvíslegu tilbrigði litrófsins.

Flestar nútímarannsóknir á merkingu litaorða í forníslensku/norrænu máli eru rammaðar inn í þessa hugmynd B&K um þróun litaorðaforða úr fáum og víðtækum hugtökum sem skiptast síðan í sértækari litahugtök þegar mál og samfélag þróast. Þær ályktanir sem dregnar eru um þær hugmyndir sem liggja að baki þessum orðum í huga fornanna beinast að því að skilgreina á hvaða stigi forníslenskan sé samkvæmt kerfi B&K. Wolf (2006, bls. 189) kemst til dæmis að þeirri niðurstöðu að forníslenska hafi haft átta grunnlitaheiti: *svartr*, *hvítr*, *rauðr*, *grænn*, *gulr*, *blár*, *brúnn* og *grár*, sem geri málið að VII. stigs máli, en það er samkvæmt fyrstu skilgreiningu B&K á þróunarröðinni, samanber *Tafla 2.1* (bls. 15, en seinni útgáfur þróunarraðarinnar gera einungis ráð fyrir fimm stigum, sbr. *Tafla 2.2*, bls. 17).⁸

Wolf (2013) gerir einnig fjöldagreiningu á þessum átta litaheitum og kemst að þeirri niðurstöðu að *rauðr* sé algengastur, þá *hvítr*, svo *blár*, næst *svartr*, síðan *grár*, þá *grænn*, og svo reka *brúnn* og *gulr* restina. Telur hún líklegustu skýringu á því að *rauðr* sé algengari í þessum textum heldur en *svartr* og *hvítr* (sem samkvæmt B&K ættu að hafa komið fram fyrir í litapróunarröðinni) sé að nær-samheiti *svartr* og *hvítr* — *dokkr*, *myrkr*, *ljóss* og *fagr* — séu í samkeppni við þau, en nær-samheiti

⁸ Þetta samsvarar þeim íslensku litaheitum sem eiga uppruna sinn í germönsku, auk *bleikur* sem ekki taldist grunnlitaheiti á þessum tíma.

rauðr – til dæmis *rjóðr* – komi einungis fyrir einu sinni í þeim textum sem hún skoðar.

Þrátt fyrir að tíðni litaorðanna í fornislensku sé skringileg, sé gert ráð fyrir því að tíðni litaorða í textum endurspegli beint þá röð sem þau koma fram í hugtakasafni málhafa, kemst Wolf að þeirri niðurstöðu að tíðni þessara orða í íslenskum fornritum passi við þróunarstiga B&K (2013, bls. 159–160). Ekki vegna þess að þau litaheiti sem komi fram fyrst eigi að vera algengust, enda gerir kenning B&K ekki ráð fyrir neinum slíkum samsvörunum, heldur vegna þess að líklegast er að fólk noti mest þau hugtök sem eru búin að skjóta sterkustum rótum í málinu. Þau hugtök sem eru enn á óljósari nótunum, það er merking þeirra er ekki algjörlega afmörkuð, eru þá notuð mun sjaldnar (2013, bls. 142–143). Hins vegar er einnig möguleiki að sumir litanna séu almennt vinsælli/óvinsælli eða stærri/minni hluti af reynsluheimi málhafa, samanber til dæmis hlutfallslega lága tíðni *gulur* í nútímamálinu (sjá *Töflu 3.1* og *Kafla 3.1.2.1*).

Sæti	Litaorð	Fjöldi	Tíðniröð hjá Wolf
308	hvítur	166	<i>rauðr</i>
321	svartur	158	<i>hvítr</i>
456	rauður	92	<i>blár</i>
514	blár	69	<i>svartr</i>
610	litur	66	
686	dökkur	61	
699	grár	60	<i>grár</i>
773	fagur	52	
795	grænn	57	<i>grænn</i>
915	dimmur	43	
934	brúnn	40	<i>brúnn</i>
993	gulur	38	<i>gulr</i>
1.189	daufur	29	
2.427	bleikur	12	<i>(bleikr)</i>
2.576	gylltur	10	
2.818	eldrauður	10	
2.819	gullinn	10	

Tafla 3.1: Tíðni litaorða og „nær-samheita“ í *Orðtíðnibók* í samanburði við röð Wolf

Áhugavert er að bera þessa tíðniathugun Wolf saman við tíðni sömu litaheita og fleiri skyldra orða í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991), en tíðnihlutfall þessara litaorða

í heildarorðaförða íslensku virðist ekki hafa mikið breyst frá þeim tíma sem Wolf rannsakaði. Í *Töflu 3.1* (bls. 62) eru gögn úr *Orðtíðnibókinni* yfir tíðni efstu litaheita (Sæti, Litaorð og Fjöldi) og nokkurra annarra orða tengdum þeim, svo sem *dökkur* og *fagur*, til samanburðar við litaheitin sem Wolf tók með í tíðnikönnun sinni (Tíðniröð hjá Wolf). Skyggðar línur eru samsvarandi sæti og/eða litaheiti. Í sinni tíðnikönnun tekur Wolf ekki með það sem hún kallar nær-samheiti litaorðanna (til dæmis *dökkur* og *fagr*) en miðað við þau sem hún nefnir er áhugavert að skoða listann úr nútímamálinu.

Sömu fjögur litaheitin eru í efstu fjórum sætunum, *hvítur/hvítr*, *rauður/rauðr*, *svartur/svartr* og *blár/blár*, þó röðin sé ekki alveg sú sama. Hin fjögur, *grár*, *grænn*, *brúnn* og *gulur* birtast svo í nákvæmlega sömu röð í *Orðtíðnibókinni* og í athugun Wolf. Í *Orðtíðnibókinni* kemur *bleikur* svo fram yfir þúsund sætum á eftir *gulur*, en *bleikr* telst ekki til grunnlitaheita í forníslensku þó orðið finnist í fornum textum. Þau sem vantar upp á í ellefu grunnlitaheiti B&K í íslensku nútímamáli eru *ffólublár* og *appelsínugulur*. Hið fyrra kom fram sjö sinnum og hið seinna tvisvar í þeim gögnum sem notuð voru við gerð *Orðtíðnibókarinnar* en finnast ekki í fornritum.

Þau ferli sem eiga sér stað þegar grunnlitaheiti koma fram eru flókin og merking orða getur breyst á ýmsan máta. Merking orða þrengist, eða hún víkkar; hún getur klofnað eða hliðrast. Oft eru grunnlitaheitin að koma fram á sama tíma og stundum eru fleiri en eitt orð í boði sem mögulegir merkimiðar á grunnlitahugtök. Þá er hægt að gera sér einhverja hugmynd um hvar draga á mörkin með því að skoða þau samhengi sem orðin birtast í og þau fyrirbæri sem vísað er í með þeim.

3.1.2.1 *grænn og gulr*

Hugtökin [GRÆNN] og [GULUR] hafa nokkra sérstöðu í þróunarkenningu B&K þar sem þau eru einu hugtökin sem gert er ráð fyrir frá upphafi að séu í samkeppni um að komast að sem grunnlitahugtök, en þar skilgreinast *Stig III* og *Stig IV* af þessum tveim litahugtökum og getur hvort sem er [GRÆNN] eða [GULUR] komið

fram á undan (sbr. *Tafla 2.1*, bls. 15). Í seinni útgáfunni geta þessi hugtök verið orðin sérstæð og aðskilin á *Stigi IV* en jafnvel ekki fyrr en á *Stigi V* (sbr. *Tafla 2.2*, bls. 17).

Í grein í Orði og tungu (2010) skoðar Wolf orðin *grænn* og *gulr* í fornislensku. Orðið *grænn* er notað um náttúrufríbærni (ey, jörð, fold, land, grund, völlr) og það sýnir einnig merki um það að hugtakið sé táknrænt fyrir vöxt, farsæld og ferskleika (líkt og það er í dag); en orðið er einnig notað um föt og skriðdýr (dreki/ormr).

Anna Zanchi (2006) hugleiðir hins vegar táknræna merkingu orðsins *grænn* og dregur fram þá staðreynd að í fornsögum eru grænklæddir menn oftast gestir, jafnvel innrásarmenn, sem hafa í för með sér afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem fyrir eru. Hún tengir því græna litinn við dulúð og leynd og bendir í því sambandi á að draugar og huldufólk sé oft grænklætt.

Þessi tengsl græna litarins við hið dularfulla er framhald af tengslum hans við yfirnáttúrulegar verur í þjóðsögum Evrópu í gegnum söguna og einhvers staðar á leið til nútímans hafa svo grænklæddir gestir; blómálfar (e. *fairies*), búálfar (e. *leprechauns*), riddarar og fleiri slíkar persónur breyst í litla græna karla frá Mars svo tenging græna litarins við hið leyndardómsfulla og óútskýrða er enn til staðar (sjá t.d. *Little green men* 2020).

Hins vegar er *gulr* mjög sjaldan notað í fornum textum (hár, fuglsklær) og oftast í tengslum við útlit einhvers (auga, hár, tönn) og er „gult sem silki“ mjög algeng samsetning. Mögulega er það vegna þess að *gulr* hafi náð yfir mjög svipað svæði og *bleikr* og nefnir Wolf því til stuðnings sem dæmi að *rauðr* hafi verið notaður um sólina en ekki *gulr* (2010, bls. 118–123), það er að það sem nú er kallað appelsínugult hafi fallið undir *rauðr* en ekki *gulr*, og *gulr* frekar táknað það sem við köllum gult/ljósugult/ljósbrúnt, og ljósa dýraliti sem eru til dæmis í ensku kallaðir *fawn* eða *ruddy*.

Eins og sést í *Töflu 3.1* (bls. 62) er orðið *gulur* enn þá hlutfallslega sjaldgæft í nútímamáli, sérstaklega ef gert er ráð fyrir áður nefndri hugmynd Wolf um að dreifing endurspegli að einhverju leyti nærtækni hugtakanna. Það er að þau hugtök sem eru nærtækust, grunnlitahugtökin, ættu að vera algengust. Enda vilja aðrir tengja þennan guls-skort fremur við huglægar tengingar litarins heldur en nærtækni hugtaksins sjálfs.

Í bók sinni *Frá sjónarheimi* skrifar Guðmundur Finnbogason um gula litinn:

Hvergi koma áhrif hugmyndasambandanna betur í ljós en um gula litinn, því hann kemur fyrir bæði í góðum og vondum félagsskap. Annars vegar er hann á þeim hlutum er oss þykir mest um vert: sól og tungli, gull og góðvín eru gul, hins vegar eru t.d. sandur, leir, brennisteinn, sölnuð strá og ýmis óhreinindi gul. Má því litlu muna svo að ekki hallist á verri sveif hugmyndanna og gult fái óþokka af. Það bætir nokkuð úr, að gult og gljái fylgjast að á þeim gulu hlutum sem oss eru kærir, og þeir eru lithreindir, þar sem hitt eru daufir og óhreinir litir, en samt er enginn efi á því, að guli liturinn á örðugra uppdráttar fyrir það hve margt óhreint vill slæðast í förina. Að menn hafa fundið þetta, kemur fram í því að gul vín eru kölluð hvít, og gullið rautt.

(Guðmundur Finnbogason 1918, bls.104–105)

Þó skýringar Guðmundar séu að mestu leyti heimspekilegar hefur sú staðreynd að í forníslenskum/norrænum textum er gulli oft lýst sem rauðu en ekki gulu orðið mörgum umræðuefni, meðal annars Earl R. Anderson (2010) sem telur ‘rautt gull’ merkilegt fyrir þær sakir að orðið *gull* er komið af sama stofni og *gulur*, og því lægi beinast við að tala um ‘gult gull’. Hann nefnir einnig ‘rauðan mána’, hið klassíska dæmi ‘eggjarauða’, og að þessi notkun á merkimiðum í ensku fylgjandi hugtakinu [RAUÐUR], t.d. *red*, *ruddy*, fyrir rauðgula eða gula hluti hafi týnst (sbr. *yellow of the egg*, sjá t.d. einnig umfjöllun Uusküla og Sutrop 2010 um „rautt gull“).

Meðal annars vegna þess að *gulr/gulur* virðist fremur óframfærið litaheiti í gegnum þá málsögu sem við eigum skrásetta er líklegt að *grænn* hafi fyrr orðið grunnlitaheiti heldur en *gulr* vegna þess hversu sterk tengsl *grænn* hefur við huglægari efni í fornum textum, en *gulr* hefur fremur takmarkað vísunarsvið (útlit manna og dýra) og virðist ekki hafa fengið neinar sterkar táknrænar tengingar. Á tímum fornra íslenskra sagna er því möguleiki að málið hafi verið á *Stigi IVa* (sbr. *Tafla 2.2*, bls. 17) þar sem [HVÍTUR], [RAUÐUR], [GRÆNN] og [GULUR] eru orðin aðskilin (þó [GULUR] gæti hafa verið á mörkunum) en [SVARTUR] og [BLÁR] falla enn undir sama heiti.

3.1.2.2 *blár og svartr*

Samkvæmt eldri útgáfu þróunarraðar B&K er [BLÁR] næstsíðasta grunnlitahugtakið sem kemur fram sem sér stig (*Stig V*, sbr. *Tafla 2.1*, bls. 15) en [BRÚNN] er næst á eftir (síðustu fjögur koma síðan fram í mismunandi samsetningum á

Stigi VII, sem er síðasta stig eldri útgáfunnar). Samkvæmt nýrri útgáfunni gerir einungis ein af þrem útgáfum fjórða stigsins (*Stig IVC*, sbr. *Tafla 2.2*, bls. 17) ráð fyrir því að [BLÁR] sé orðið fullaðskilið hugtak (en sama á við um [GRÆNN]).⁹

Í forníslenskunni eru *blár* og *svartr* oft illaðskiljanleg litahugtök. Samsetningar eins og *hrafnbjár* og *blámaður* ‘svertingi’ gefa í skyn að merking orðsins *blár* hafi verið nær því að vera ‘svartur’ en sá blái litur sem við sjáum fyrir okkur í dag. Í fornum textum er *blár* langoftast notaður yfir klæði og slíkt (brækr, kápa, kaprún, kufl, kyrtil, stakkr), en einnig til að lýsa mari eða meiðslum, og jafnvel húðlit (Biggam 1997, bls. 59–61). Litaheitið *blár* er einnig nefnt í sambandi við eld og málmhluti (skjöldr, spjót, sverð), en ekki mjög oft í sambandi við náttúru-fyrirbæri, en þá helst sjó, himin og fugla, meðal annars hrafna. Vísanir í bláan finnast þó í nokkrum samsetningum sem eiga við himininn, svo sem *vindbláinn* og *víðbláinn* (Biggam 1997, bls. 62–64).

Ólíkt blár er *svartr* oft notað sem viðurnefni, til dæmis *Bárðr svart* (*Njálssaga*), *Illugi svart* (*Egilssaga*), en ekki er alltaf ljóst hvað það er sem vinnur mönnum inn þetta aukheiti. Oftast er *svartr* notað til að lýsa hári og augum og því líklegast þaðan sem viðurnefnin koma. Einnig kemur fyrir að það sé notað til að lýsa litarhafti og þá fylgir oft að það fólk sé einnig ljótt og/eða illt. Margar þessara lýsinga eiga við tröll eða aðra vætti (Biggam 1997, bls. 72) og í *Lexicon Poeticum* stendur „niger vel nigricans fuscusque faciei color malum ingenium et perfidum prodere credebatur“, það er að svartur eða dökkur litur eða andlitslitur var talinn vera merki um illt skap eða glæpamannseðli (Sveinbjörn Egilsson 1860, bls. 795). Í náttúrulýsingum er *svartr* mun algengari en *blár*, notað um veður (hríð, þoka), vatn, plöntur og dýr (hestur, hundur, kýr, ormr), þar á meðal hrafna, en hins vegar sjaldnar notað um klæði og málm (Biggam 1997, bls. 66–68). Þessi tvö orð eru líka sitt á hvað notuð þegar vísað er í dauða, hel(víti) og sorg (Biggam 1997, bls. 72).

Wolf kemst að þeirri niðurstöðu að *blár* hafi í upphafi þýtt ‘dökkur’ (en *svartur* ‘svartur’) og þegar farið var að vinna blátt litarefni úr indigójurt (*Isatis tinctoria*) í miklu magni í Evrópu um 1230 og klæði lituð með þessu litarefni bárust til Íslands hafi *blár* fengið merkinguna ‘blár’ (Biggam 1997, bls. 74). Aðrir gera hreinlega ráð fyrir að *svartr* og *blár* hafi merkt það sama, að minnsta kosti í einhverjum

⁹ Fimmsta stig nýrri útgáfu þróunarraðarinnar inniheldur einungis fimm grunnlitaheiti — *svartur*, *hvítur*, *rauður*, *gulur*, *grænn*, *blár* — á meðan sú eldri tekur einnig til þeirra heita sem vantar upp á til ellefu grunnlitaheita: *brúnn*, *grár*, *bleikur*, *fjólublár*, *appelsínugulur*.

tilfellum. Til dæmis í útgáfu Íslendingasagna á ensku frá 1997 þar sem segir í formála:

Orðið „black“ er líka skáletrað þegar það er þýðing á orðinu *blár*, sem er skilgreint í orðabókum sem „blue“ en á sagnatímum vísaði oft í „black“ með sínum táknrænu tengingum.

(Kellogg 1997, bls.xix
þýðing höfundar úr ensku, sjá A.7, bls. 341)

Það gæti virst skjóta skökku við að [BLÁR] og [SVARTUR] séu að einhverju leyti jafngild hugtök þar sem [SVARTUR] á að koma fram allra fyrst grunnlitahugtaka (ásamt [HVÍTUR]). Hins vegar þarf að hafa það í huga að í stað skiptingarinnar dökkur/ljós sem B&K lögðu upp með í grunnlitakenningunni hefur nú þróast yfir í heitur/kaldur, þar sem grunnskiptingin er í {hvítur+rauður+gulur} og {svartur+grænn+blár} og sértækari grunnlitahugtök flísast svo úr þeim. Þessi samtvinnun *blár* og *svartur* í vísimiðum í forníslensku gæti því bent enn frekar til þess að það mál hafi verið á *Stigi IVa* samanber nýrri útgáfu þróunarraðarinnar (*Tafla 2.2*, bls. 17). Það er að öll þau grunnlitaheiti sem B&K skilgreina í þeirri útgáfu séu komin fram, en {svartur+blár} sé við það að skiljast að.

3.1.2.3 *brúnn*

Samkvæmt fyrri útgáfu þróunarraðar B&K var [BRÚNN] síðasta grunnlitaheitið sem kom fram sem sérstætt stig (*Stig VI*, sbr. *Tafla 2.2*, bls. 17). Þetta hugtak kemur ekki fyrir í seinni útgáfu þróunarraðarinnar, enda inniheldur hún bara þau litaheiti/-hugtök sem teljast til frumlita Herings (sjá *Kafla 2.1* og *Kafla 2.2*). Litaheitið *brúnn* á það hins vegar sameiginlegt með þeim sem þegar hefur verið fjallað um sérstaklega í þessum kafla að eiga í ákveðinni samkeppni við önnur litahugtök um merkingarsvið.

Samkvæmt Wolf (2017) voru tvö litaheiti í samkeppni um að merkja hugtakið [BRÚNN] í forníslensku, annars vegar *brúnn* og hins vegar *jarpur*, en flestum beri saman um að telja að *brúnn* sé grunnlitaheiti en *jarpur* aukheiti. Litaheitið *brúnn* kemur hins vegar mjög sjaldan fyrir en oftast notað fyrir hár (bæði manna og dýra) og klæði (skikkja, kirtill) en einnig um blóð og vopn (vápn, skjöldur). Hins

vegar er *jarpur* notað nærri eingöngu um hár. Athygli vekur að blómum sem hafa fjólubláan lit, til dæmis fjólu og valmúa, er stundum lýst sem brúnum (Wolf 2017, bls. 29–30) sem gefur til kynna að merking brúnn hafi verið ‘dökkrauður’ fremur en hin dimmguli moldarlitur sem helst er tengdur við heitið nú til dags enda hafi það sem nú er kallað fjólublár fallið undir *rauðr*.

3.1.2.4 *grár*

Samkvæmt upprunalegri þróunarröð B&K ætti litaheitið *grár* ekki að koma fram fyrr en á *Stigi VII* (sjá *Töflu 2.1*, bls. 15) en í mörgum tilfellum, meðal annars í íslensku og ensku (*grey*), virðist þetta merkingarsvið skilja sig frá mun fyrr. Hugtakið hefur því verið skilgreint sem „wild card“ eða grunnhugtak sem getur komið fram hvenær sem er eftir fyrstu tvö, þrjú stigin.

Hluta af skýringunni á því að hugtakið hegðar sér svo misjafnlega má mögulega rekja til þess að [GRÁR] er litahugtak sem hefur ekki litbrigði sem hluta af kjarna sínum, heldur byggist einungis á ljósmagni og metnun, og myndar sér hóp innan grunnlitanna ásamt [SVARTUR] og [HVÍTUR] þegar þau hugtök eru fullaðskilin (Wolf 2009, bls. 223–224).

Í forníslensku er *grár* notað til að lýsa dýrum (úlfr, jór, hross), málmum og grjóti (silfr, fjall) (Wolf 2009, bls. 226), en í *Lexicon poeticum* þýðir Sveinbjörn Egilsson *grár* einnig sem ‘slægur, svikull, viðsjáll’ (lat. *vafer, subdolos, malefidus*) eða ‘grimmur, ofsafenginn’ (lat. *sævus, atrox*), samanber *grár hugur* og *gjalda grátt* (1860, bls. 266). Annars er *grár* fremur sjaldgæft og í Eddukvæðum frá tólftu öld langoftast notað til að lýsa úlfum, bæði beint (*grár vargr*) og óbeint í kenningum (*grástóð gríðar* ‘úlfaflokkur’), en í ljóðatextum frá þrettánda öld vísar *grár* mest í málmhluti, bæði beint (*grátt spjót*) og óbeint (*gráskyrta* ‘hringabrynja’) (Wolf 2009, bls. 229–230). Í Íslendingasögunum er orðið hins vegar oftast notað til þess að lýsa búfænaði (hestr, kálfr, naut, lamb), eða feldum og öðrum klæðnaði (skinn, kufl) (Wolf 2009, bls. 232–233). Í sambandi við fólk er oft átt við háralit (sbr. *grábarði*), en einnig skapferli þess og hefur *grár* þá neikvæða merkingu (sbr. *grályndur*) (Wolf 2009, bls. 235).

Í elstu ljóðum sem varðveitt eru á íslensku eru margar vísanir í úlfa en sú dýrategund hefur aldrei átt heimkynni sín á Íslandi. Mögulega er því um að

ræða leifar sagnaminna frá Skandinavíu og táknræna merkingu úlfa og þeirra litarhafts (viðsjálmi, grimmleiki). Því til stuðnings má nefna að samheiti *ffand-skapur* í íslensku eru meðal annars *gráleikar* og *úlfúð*. Þetta er klassískt dæmi um menningartengsl litahugtakanna (sjá nánar í *Kafla 5.5*). Þegar hins vegar er um að ræða almennari lýsingar er orðið *grár* notað um hversdagslegri hluti eins og föt og húsdýr.

Annars gefur dreifing *grár* til kynna að hugtakið hafi verið búið að koma sér vel fyrir á tímum forníslensku, jafnvel á undan *blár* (Wolf 2009, bls. 238). Hin sterku tengsl við úlfa – dýr sem ekki eru lengur hluti af menningarheimi íslenskra málfara – sýna að slík táknræn tengsl geta haldist í þjóðarsálinni, ef svo má segja, í gegnum margar kynslóðir. Þó hið raunverulega fyrirbæri úlfur hafi aldrei komið fyrir í lífi íslenskra afkomenda hinna fyrstu innflytjenda sem tóku með sér sínar hugmyndir um úlfana þá heldur það áfram að hafa merkingu í málinu. Nútímamálhafar vita enn hvað úlfar eru en í mörgum tilfellum tynist merking þeirra hluta sem kenndir eru við lit en einungis heildarmerkingin verður eftir, samanber *iðjagrænn* (*iðjar* ‘grænka, gróandi’) eða *skjannahvítur* (*skjanni* ‘hátt, hvítt enni’). Þannig getur í mörgum tilfellum þar sem samhengi virðist skringilegt verið um að ræða ákveðnar merkingarleifar, annað hvort litaorðanna sjálfra eða þeirra orða sem litaorðin eru kennd við (sjá nánar í *Kafla 5.3*).

3.1.2.5 Forn aukheiti

Mikilvægt er að hafa í huga að sama hvaða málsamfélag eða málstig er um að ræða þá eru grunnlitaheiti yfirleitt ekki einu litaorðin sem finnast í málinu. Í langflestum tilfellum hafa málfarar aðgang að orðaforða sem skilgreinir afmarkaðri hluta litrófsins burtséð frá heildarfjölda grunnlitaheita. Þessi aukheiti hafa þá einhverja eiginleika sem aðskilja þau frá grunnlitaheitunum, svo sem að vera bundin við ákveðin notkunarsvið eða vera greinileg undirheiti grunnlitaheitis.

Í þessu tilliti er forníslenska engin undantekning en bæði finnast ósamsett sérstæð litaheiti (t.d. *blakkr*, *bleikr*) sem og samsett litaheiti sem skilgreina nákvæmara litbrigði (t.d. *rauðblár*, *biksvatr*) í fornum textum en svo virðist sem einhver hluti þessa orðaforða hafi tynst síðan í forníslensku. Þau sérstæðu aukheiti sem Wolf tínir til eru *blakkr*, *hárr*, *høss*, *jarpr*, *rjóðr* og *bleikr* (2013,

bls. 143) sem litaheiti og *ámr* og *fölr* sem orð til að merkja ljósmagn (Wolf 2015, bls. 390), enda séu þessi orð undirheiti eða notuð á afmörkuðu sviði en vísi í einhvers konar litbrigði eða sjónræn einkenni. Í *Töflu 3.2* má sjá skilgreiningar Richards Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar á þessum orðum (1874, þýðing höfundar).

Orð	Merking samkvæmt Richard Cleasby og Guðbrandi Magnússyni
blakkr	engilsaxneska <i>blac</i> ; enska <i>black</i> ; fornháþýska <i>plak</i> : í íslensku <i>svartr</i> , eins og í engilsaxnesku og öðrum skyldum tungum <i>swart</i> , o.s.frv., táknar hið latneska <i>niger</i> ; á meðan <i>blakkr</i> samsvarar hinu latneska <i>ater</i> > dumb- eða rökkursvartur
hárr	engilsaxneska <i>hear</i> ; enska <i>hoar</i> > gráhvítur, ellilegur
höss/höss	engilsaxneska <i>hasu</i> , eignarfall <i>hasweg</i> og <i>haswig</i> ; enska <i>hazy</i> ; latína <i>caesius</i> > grár
jarpr	brúnn, um hár
rjóðr	rauðleitur, um andlit eða kinn
bleikr	engilsaxneska <i>blac</i> eða <i>blæc</i> ; enska <i>bleached</i> og <i>bleak</i> ; sænska <i>blek</i> ; þýska <i>bleich</i> og <i>bläss</i> > fölur, dauflegur, gugginn
ámr	svartur eða andstygigilegur
fölr/fölr	engilsaxneska <i>fealo</i> ; fornháþýska <i>falo</i> ; fornenska <i>fallow</i> ; [...]; þýska <i>fahl</i> og <i>falb</i> ; latína <i>pallidus</i> , gríska <i>poliós</i> > fölur

Tafla 3.2: Aukheiti í forníslensku skilgreind af Richard Cleasby og Guðbrandi Magnússyni

Af þeim orðum sem skilgreind eru í *Töflu 3.2* eru *blakkr*, *hárr*, *höss* og *ámr* skilgreind sem undirheiti annars litar (svarts og grás), en *jarpr* og *rjóðr* eru skilgreindir sem heiti bundin við ákveðið svið (hár og húðlit). Hins vegar eru bæði *fölr* og *bleikr* skilgreind sem ljósmagnsorð fremur en litaheiti – það er orð sem skilgreina ljósmagn, metnun og svo framvegis – en Wolf telur að *bleikr* sé svokallaður fjölvalitur (e. *macrocolour*) sem nái yfir merkingarflokkinn [LJÓSLITUR], að minnsta kosti að hluta til. (2005, bls. 254, sjá einnig Wolf 2015, bls. 390).

Algengustu aukheiti í forníslensku eru þó samsetningar. Wolf telur ekki með öll samsett litaorð. Hún undanskilur þau sem merkja mynstur, svo sem *bláendur*, *rauðfleckóttur* og *svartblesóttur*; og einnig þekju svo sem *algrár*, *alhvítur*, *íblár*, *írauður*.

⁹ Wolf notar hér skilgreiningu frá Carole Biggam en í umfjöllun um B&K í *Kafla 2.2* var þessi tegund litahugtaka sem ná yfir litasvið sem seinna í hugtakaþróuninni skiptast í grunnliti kölluð samsett litahugtak.

Einnig útilokar hún samsett litaorð sem eru viðurnefni, og nefnir þar sem dæmi *kylnusvartr* og *skegg(s)hvítur* (Wolf 2015, bls. 390).

Af þeim samsetningum sem Wolf fjallar um mætti fyrst nefna samsetningar með tveim litaheitum, en Wolf telur erfitt að segja til um hver merking þessara samsetninga sé nákvæmlega. Sem dæmi tekur hún *rauðblár*, en merking þess gæti verið ‘rauðleitur blár’, það er ‘aðallega blár en með rauðum keim’; ‘bláleitur rauður’, það er ‘aðallega rauður en með bláum keim’; eða ‘fjólublár’, það er ‘blárauður litur algerlega aðskilinn frá litunum blár og rauður’ (2015, bls. 401). Wolf gerir sem sagt ekki ráð fyrir því að orðshausinn, í þessu tilviki *-blár*, sé endilega merkingarhausinn. Yfirleitt er orðshausinn (sá hluti orðsins sem er lengst til hægri) einnig merkingarlegur haus (kjarni merkingarinnar). Til dæmis er *húsbíll* ‘bíll sem er líka hús’ (en ekki ‘hús sem er líka bíll’), og *hesthús* er ‘hús fyrir hesta’ (en ekki ‘hestur fyrir hús’).

Þegar kemur að því að skoða samsetningar nútímalitasamsetninga í *Kafla 5* kemur í ljós að þetta er eins í nútímaíslensku; oft er ekki hægt að segja til um hver merkingarhausinn er og virðist misskipt (sjá sérstaklega *Kafla 5.4.1*). Auk þessa er í sumum tilfellum erfitt að sjá hvort um er að ræða eiginlegt litaafbrigði/-blöndu, eða litapör sem eru ekki blönduð heldur saman á sama stað (sbr. *svarthvítur*, *rauðgrænn*, *Hvítbláinn*). Þónokkrar samsetningar litaorða koma fyrir í fornum textum svo sem *gráblár*, *gulgrænn*, *rauðblár*, *rauðbrúnn* og *rauðgulr*, en einnig *rauðjarpr*, *rauðbleikr*, og *svartjarpr* (2015, bls. 401–404). Þessar samsetningar eru ekki algengar, enda aukheiti yfirleitt ekki algeng. Sjá *Kafla 5.3.3*.

Í athugun Wolf eru samsetningar með *rauð-* greinilega algengar, en þess má einnig geta að umsnúnar samsetningar komu einungis fram með *rauðr*: *rauðdökkur* (*dökkrauður* viðbúið), *rauðljós* (*ljósrauður* viðbúið) og *litrauður* (*rauðlitur* viðbúið) (sjá *Kafla 5.4.1*). Eins og merking mettunarheitis getur breyst yfir í litaheiti (t.d. *bleikur* ‘ljós’ > ‘ljósrauður’) er möguleiki að litaheitin geti farið aftur til baka. Í *Kafla 5.4.1* koma fram vísbendingar um að merking litaheita sem forliður í samsetningum litaheita sé ekki endilega litur, heldur fremur einhvers konar mettun. Þessar eldri samsetningar eins og *rauðgulr* og *rauðlitur* gætu því verið mettunarsamsetningar en ekki litasamsetningar.

Næst mætti taka fyrir samsett litaheiti með nafnorði. Af þeim sem Wolf nefnir eru nokkrir dæmigerðir hlutalítir, til dæmis *biksvartr* ‘svartur eins og bik’, *blóðrauður* ‘rauður eins og blóð’ og *fannhvítur* ‘hvítur eins og fönn’. Önnur lýsa útliti,

svo sem *bleikhárr* ‘hvíthærður, ljóshærður’, *bráhvítr* ‘með hvítar augabrúnir’ og *fótgulr* ‘með gula fætur’. Sumar þessara samsetninga segja til um nákvæman lit (t.d. *biksvartr*) en aðrar eru lýsingar með lit (t.d. *fótgulur*). Sumar þessara lýsandi samsetninga geta sagt til um nákvæman lit, svo sem þegar talað er um klógula erni (*Haliaeetus albicilla*) eða bláfættar súlur (*Sula nebouxii*) en segja almennt ekki til um afbrigði litbrigðis. Að vera klógulur er að vera einhvers konar gulur á klónum en ekki nákvæmlega gulur eins og klær á sama hátt og til dæmis blóðrauður er nákvæmlega rauður eins og blóð. Enn aðrar samsetningar eru í raun af sömu gerð og litaorð með lýsingu sem forlið (t.d. *ljósrauður*), eins og *blikhvítr* ‘blikandi/glansandi hvítur’ eða *glóðrauðr* ‘glampanði rauður’.

Sumir þessara nafnorðaforliða birtast bæði með grunnlitunum eins og þeir skilgreinast í forníslensku og aukheitum, svo sem *silkigulr* og *silkibleikr*. Þessar samsetningar geta oft gefið vísbendingu um merkingu litaorðanna, svo sem *öskubleikr*, en ólíklegt er að sú aska sem um var rætt í tilteknu samhengi hafi verið ljósblárauð. Þó ber einnig að athuga að í slíkum samsetningum getur verið um að ræða vísun í eiginleika þess fyrirbæris sem tengt er við litaheitið. Það er að mögulega er þýðing *öskubleikur* ekki ‘fölnur eins og aska’ heldur ‘gráleitur fölnur (eins og aska)’ (sjá *Kafla 5.3.5* og *Kafla 5.3.6*).

Næsta tegund samsetninga eru mettunarsamsetningar (lýsingar). Með *dökk-* — svo sem *dökkblár* og *dökkgrænn* — en einnig *dökkjarpr*. Með *fagr-* — svo sem *fagrrauðr*; einnig *glit-* og *heið-* (einungis í *glitraudr* og *heiðblár*); með *ljós-* — svo sem *ljósblár*, *ljósgulr* og *ljósgrænn* — en einnig *ljósbleikr*, *ljósjarpr*, og *ljósbrúnleitr*; og með *myrk-* — svo sem *myrkblár*, *myrkgrár*.

Önnur aukheiti sem Wolf nefnir eru samsetningar með *-ligr* ‘-legur’ en þau eru ekki alltaf eiginleg litaorð, svo sem *blóðligr* ‘eins og blóð’, *eirligr* ‘eins og eir/leir’, *purpur(u)ligr* ‘eins og purpuri’ og *silfrligr* ‘eins og silfur’. Með *-litr/-litaðr/-leitr* má nefna *bláleitr*, *hvítleitr* og *rauðleitr/-litaðr*, en einnig *jarplitaðr*, sem og *doggglitr*, *fölleitr* og *fölllitaðr* (2015, bls. 395–401). Að lokum skoðar hún samsetningar með *-litr*, og gefur dæmi eins og *brennusteinslogalitr*, *dauðalitr*, *eldslitr* og *hørunarlitr/hørunslitr* og *skinnslitr*. Vísanir í hörunslit birtast einnig sem lýsingar á öðru en húð, svo sem mosa, en *skinnslitr* einungis sem lýsing á húðlit fólks.

Tegundir aukalitaheita í forníslensku eru því gróflega sex, *Tafla 3.3* (bls. 73). Allar þessar orðategundir koma fram í nútímaíslensku (sjá *Kafla 5.3.7*), þó sá

orðaforði sem er notaður nú til dags sé nokkuð annar en í forníslensku. Þau litaorð sem teljast til grunnlitaheita eru færri í forníslensku (*svartr, hvítr, rauðr, grænn, gulr, blár, brúnn*) og sum þeirra aukheita sem voru notuð á eldri málstigum hafa horfið (*hárr, hǫss*) á meðan önnur hafa breytt um hlutverk (*jarpr, bleikr*).

Tegund aukheitis	Dæmi
Eins stofns heiti	<i>hárr, hǫss, bleikr</i>
Samsett litaheiti	<i>gráblár, gulgrænn, rauðjarpur</i>
Samsett hlutaheiti	<i>biksvartr, blóðrauðr, fannhvítr</i>
Samsett mettunarheiti	<i>dökkblár, ljósgulr, myrkgrár</i>
Samsettar lýsingar með litaheiti	<i>bláleitr, rauðlitaðr, jarplitaðr</i>
Samsettar lýsingar án litaheitis	<i>blóðligr, dögglitr, fólleitr</i>

Tafla 3.3: Tegundir aukheita í forníslensku

Þau umhverfisþemu sem dregið er af þegar samsetningar eru búnar til eru fremur svipuð og í nútímaíslensku (t.d. líkamsstarfssemi, umhverfi, veður o.s.frv., sjá *Kafla 5.5*), en ekkert bendir til þess að þær litunaraðferðir sem voru þekktar á þessum tíma hafi haft áhrif á orðaforðann í forníslensku. Eina vísbendingin um litunarefni er orðið *purpur(u)ligr* ‘eins og purpuri’ en það átti eftir að festast í ensku, út frá hinu latneska *purpura* í gegn um fornensku, *purpul* (Harper 2020). Sama má segja um mörg önnur ensk orð, svo sem *vermilion* og *puce*, en hin íslenska íhaldssemi virðist hafa verið við völd hér eins og annars staðar, eins og við munum sjá í næsta kafla.

3.1.3 *Litaiðnaður á Íslandi*

Litir og litaumræða tengjast órjúfanlega við vinnslu litarefna. Hvort sem það er til galdraathafna (sjá t.d. Turner 1967), listiðkunar (sjá t.d. Finlay 2014), eða fatalitunar. Samkvæmt *Íslenskum þjóðháttum* Jónasar Jónssonar var alþýða fólks á Íslandi alla jafna í ólituðum fötum og voru þau þá í svokölluðum sauðalitum, gráum, sauðsvörtum og sauðmórauðum og „þótti sundurgerð að vera að lita þau“ (1945, bls. 26).

Í gegnum tíðina hefur nokkur tryggð haldist við þessa íslensku liti þó þeir séu fremur látlausir miðað við þau skæru litbrigði sem hægt er að framkalla með

kemískum aðferðum. Meðfram þessari íhaldni gagnvart hefðbundnum aðferðum og litbrigðum virðast málfhafar einnig hafa haldið sig við fábreytt litaheiti í stíl við hina fábreyttu lifnaðarhætti.

Þegar framleiðsla gervilitarefna sprakk út upp úr 1860, eftir að Henry Perkin fór að framleiða litarefnið móvín (e. *mauvaine*, Garfield 2000) hefði mátt búast við því að eitthvað af þeim nafngiftum sem því fylgdu hefðu áhrif á orðaforðann en svo virðist ekki vera. Til þess að sjá hvaða litaheiti fólk notar í sambandi við þessar handverkshefðir er nærtækast að skoða texta sem fjalla um þær aðferðir og efni sem fólk notaði (og notar enn) við að lita garn, vaðmál og ýmislegt fleira. Verða höfundum þá oft hugleikin tryggð hins íslenska handverksmanns við innlendar aðferðir og efnivið, þó erlend litarefni komi nokkuð við sögu í seinni tíð.

Árið 1928 skrifar Halldóra Bjarnadóttir, ritstjóri tímaritsins Hlínar:

Það vekur jafnt aðdáun okkar litasmekkur alþýðu, sem aldrei brást, er um litasamsetningu og litatilhögun var að ræða, og fegurð og haldgæði litanna.

(Halldóra Bjarnadóttir 1928, bls.59)

Athygli vekur að hún nefnir einnig indigólít sem hentugan fyrir ull, en indigólítur var innflutt litarefni, oft kallaður blásteinn eða steinlitur. Þessi blásteinn er einnig oft talinn upp með litfestuefnum á borð við járnvitriol, koparvitriol og pottösku (Hjördís Kristjánsdóttir 1955, bls. 4). Þó að oft sé talað um indigólítinn í umfjöllunum um litunaraðferðir hefur litaheitið *indigó* ekki fest sig í almennri notkun íslenskra málfhafa, svo dæmi sé tekið, en er nokkuð algengt í ensku.

Svartur litur var unninn úr sortulyngi (*Arctostaphylos uva-ursi*). Til að nýta það til að lita vaðmál til dæmis var mikið og þungt verk. Þurfti lyngið þá að liggja í bleyti í allt að tvær vikur áður en vaðmálið var soðið í sex til átta tíma ef um hversdagasklæði var að ræða en ef liturinn átti að vera alveg svartur þurfti að sjóða til litarleðjuna sem varð til við lyngsuðuna, bera á vaðmálið og sjóða síðan allt saman aftur í tólf stundir, og jafnvel bæta við mýrarsortu (Jónas Jónasson 1945, 26–27). Vaðmál og annað var almennt litað rautt með kúahlendi „og var það ekki fagur litur“ (Jónas Jónasson 1945, bls. 27). Einnig fékkst rauðbrúnn litur úr steinamosa (eða litunarmosa, *Parmelia omphalodes*) (Halldóra Bjarnadóttir 1928, bls. 62), og hárauður úr fjallagrösum (*Cetraria islandica*), en ávallt þurfti hlendið til að festa og til dæmis nauðsynlegt að láta vaðmál liggja í því og skipta reglulega um litunarjurtir í allt að sex vikur (Jónas Jónasson 1945, bls. 27). Ítarleg

greinargerð er um litun með sortu og sortulyngi í grein Helga Hallgrímssonar í *Ársriti Ræktunarfélags Norðurlands* (1985).

Gulur litur fékkst með fjallagrösum en þá voru grösin soðin í stað þess að láta það sem lita átti liggja í lengri tíma. Stundum var bætt í soðið blöðum af birki eða aðalbláberjalyngi (*Vaccinium myrtillus*). Einnig var hægt að fá gulan lit úr heimulunjóla (*Rumex longifolius*), muru (*Potentilla crantzii*), sóleyjum (*Ranunculus acris*), gulmöðru (*Galium verum*) og fleiri jurtum, einum sér eða blönduðum (Jónas Jónasson 1945, bls. 28). Árið 1918 skrifar Kona í blaðið *Íslendingur* um hefðbundnar litunaraðferðir sem séu nýlega orðnar vinsælar vegna skorts á innfluttum litarefnum. Hún nefnir þar fyrstan njólann og segir að hann sé soðinn með því efni sem lita á, ásamt álúni ($KAl(SO_4)_2$), telur hann hentugt litarefni og verði hann vinsæll sem slíkur „er ekki að vita nema það eigi fyrir honum að liggja að verða í heiðri hafður“ (1918, bls. 131).

Grænn litur fékkst með því að láta vaðmálið standa í hlandi með brenninetlu (*Urtica dioica*), og var það líklegast spanskgræna sem litaði efnið, eða úr mururótum, og dökk- eða mógrænt fékkst úr geitnaskóf (*Scutula wallrothi*). Einnig var hægt að fá grænan lit með því að lita vaðmálið gult með fyrrnefndum aðferðum og lita síðan með blásteini (Jónas Jónasson 1945, bls. 28). Einnig hafa grænir litir (og gulir) verið unnir úr elftingu og er hún þá soðin með bandinu eða því öðru sem á að lita (Ingólfur Davíðsson 1972, bls. 6).

Blásteinn, eða indigósteinn, var mikið notaður til að lita efni blátt eftir að hann fór að berast til Íslands, á seinni hluta 18. aldar. Það var mjög dýrt litarefni, sjö til tólf ríkisdalir pundið, og „þótti ærin sundurgerð“ (Jónas Jónasson 1945, bls. 27). Einnig var hægt að lita efni blátt með blátré (*Haematoxylum campechianum*), en það barst mjög seint til Íslands. Þegar erlendar aðferðir komu til landsins týndust gamlar aðferðir íslenskar, en talið er að blátt hafi verið litað með storkablágresi (*Geranium sylvaticum*) og hvarf sú aðferð upp úr 1780. Fjólublátt var hægt að fá með krækiberjalyngi en það vildi upplitast, líkt og blátt sem fékkst með bláberjum (Jónas Jónasson 1945, bls. 27).

Minnst er á jurtasöfnun í ýmsum Íslendingasögum og eldri frásögum en lítið farið út í þá vinnu sem færi í að lita ull og vaðmál með þeim aðferðum sem voru þekktar á þeim tíma. (Anna Sigurðardóttir 1985, bls. 286–288). Þó er líklegt að sú þekking hafi komið með landnámsmönnum til Íslands. Alla tíð síðan hefur hún fylgt annarri handavinnu á Íslandi þó misvinsæl væri; stundum örfáir sérvitringar

sem stunda tilraunastarfsemi en öðru hverju verður jurtalitunin vinsæl. Haldin eru námskeið, fólk viðar að sér þekkingu, fleiri jurtir bætast í hóp þeirra sem nýtilegar eru og fleiri litbrigði koma fram. Í Blómi vikunnar í *Morgunblaðinu* 18. október 1986 segir til dæmis:

Ýmsar jurtir vaxa í garði eða túni sem vel falla til litunar. Nota má Smáarakolla og Túnsúru, blóm Brennissóleyjarinnar gefa gula litartóna og Snarrótarpunturinn – faxið – græna. Úr grænmetisgarðinum fæst gulrótargrasið, sem gefur rauðgula liti, og við grisjun Rabarbara þarf alltaf að höggva sundur töluvert af rötum en úr þeim má fá fallegan rauðleitan lit. Meira að segja njólinn og haugarfinn gera sitt gagn við litun. Og ekki má gleyma skrudgarðinum. Þar má rækta mjaðurt og skógarkerfil. Með garða-Mariustakki má laða fram ljósdrapp-gula-græna-brúna eða grásvarta liti. Regnfangið gefur gula og græna tóna. Mikið fellur til af birkilaufi við klippingu sem vel má nota og með birkiberki má fá bleika, lilla eða brúna liti. Eins er elri- og lerkibörkur góður til litunar. Sölnað gulvíðis- og gljávíðislauf gefur mjög skemmtileg litbrigði af gulu, grænu og brúnu. Svo lesandi góður, þú getur safnað þínum litunarjurtum allt árið.

(MBL.73.236.50)

Í litunarnámskeiðaeftum og öðrum handiðnum hefur til dæmis Heimilis-iðnaðarfélag Íslands (heimilisisidnadur.is) verið stórtækt. Þar eru enn haldin námskeið í litun upp á gamla mátann, ásamt öðru handverki sem ella myndi tynast í þeirri miklu verksmiðju-fjöldaframléiðslu sem umkringir okkur í dag.

Það sem sést þó strax, til dæmis af textabrotinu úr *Morgunblaðinu* hér að framan, er að íslenskur litaorðaforði hefur ekki orðið fyrir miklum áhrifum frá aðferðum eða efniviði í hefðbundnu litunarhandverki. Með öllum þeim aðferðum sem listaðar hafa verið eru litirnir yfirleitt nefndir sínum almennustu nöfnum; *blár*, *grænn*, *rauður*, *brúnn* og svo framvegis. Jafnvel í umræðu um indigósteininn er liturinn sem með honum fæst ávallt nefndur blár. Í morgunblaðstextanum eru tvö litaheiti sem ekki myndu teljast til hinna almennustu, *drapp(aður)* og *lilla*, en hvorugt þeirra á uppruna sinn í litunarefnum, -aðferðum eða -jurtum.

Þær litunarhefðir sem hafa haldist á Íslandi í gegnum tíðina hafa því ekki sjáanleg bein áhrif á orðaforðann (eins og t.d. með upptöku litaheita á borð við *indigó* eða *móvín*) þrátt fyrir að heimildir finnist til dæmis um innflutning á litarefninu indigó frá 1844 og áfram („Ný félagsrit“ 1844, bls. 176). Mögulega hefur hin víðfræga og margnefnda íslenska íhaldssemi einnig verið við völd hér, þó hægt sé að færa rök fyrir því að málfarar hafi hreinlega ekki séð tilgang í

Því að breyta orðaforðanum; eins og þeir segja í útlandinu: „If it ain't broke, don't fix it“. Í stað þess að vera mótfallnir nýjum, erlendum orðum hafa málhafar einfaldlega ekki séð tilganginn í því að taka þau upp vegna þess að þau sem þeir höfðu voru þeim næg og enginn hafði sannfært þá um að þeim væri hagnaður í erlendum orðaforða. Hin meinta íhaldssemi er þá fremur sjálfbærnisviðhorf; íslenskur málhafi er sjálfum sér nógur með innlendan orðaforða, og líklega er hægt að yfirfæra þetta viðhorf yfir á ýmsa aðra þætti íslensks þjóðlífs (sjá t.d. Sólveig Guðmundsdóttir Beck 2020).

3.1.4 *Samantekt*

Þó íslenska hafi breyst hlutfallslega lítið, til dæmis miðað við ensku (sjá *Kafla 3.4*), þá hefur hún samt umskapast heilmikið frá því fyrst var hægt að tala um hana sem sér mál með afmarkaðan hóp málhafa. Bæði orð og merking breytast í gegnum málsöguna, stofnar klofna og renna saman þegar málhafar velja og hafna í viðleitni sinni til að tjá reynslu sína og upplifun af umhverfinu, bæði landfræðilegu og félagslegu.

Greinilegar eru breytingar á breidd orðaforðans og merkingarfestu hans, samþanber að fjöldi grunnlitaheita í forníslensku er átta en ellefu í nútímaíslensku (sjá *Kafla 4*). Einnig hverfa sum orð, eins og *hárr* og *hóss*, en önnur taka sér sterkari stöðu, eins og *bleikur*. Að einhverju leyti fylgir þessi þróun samfélagsgerðinni. Flóknara samfélag þarf fjölbreyttari orðaforða, þó íslenskumælandi hafi ekki verið eins gjarnir að taka upp nýstárlegan orðaforða eins og til dæmis enskumælandi, enda mikið af þeim litarefnum sem gefa litum nafn sitt fundin upp í enskumælandi löndum. Til dæmis fara litatökuorð ekki að koma fram fyrr en rétt fyrir 1900. Í *Töflu 3.4* (bls. 78) eru elstu dæmi sem fundust um tökuorð sem teljast til litaorða úr gagnasafni *Timarit.is*. Til samanburðar má nefna að elsta dæmi um *fjólublár* er frá 1848, en um *appelsínugulur* frá 1916.¹⁰

¹⁰ Elsta dæmið um *beige* er frá 1902 í samsetningunni „*beige*“-*grár*. Orðmyndin *beis* finnst 1931 í merkingunni '*base (paint)*', og *beis-litur* 1941, í sömu merkingu. Mögulega er hér um einhvern samruna að ræða.

Tökuorð	Ártal elsta dæmis af <i>Tímarit.is</i>
<i>lilla</i>	1893
<i>kakí</i>	1903
<i>drapp</i>	1923
<i>túrkis</i>	1959
<i>beis</i>	1959
<i>órans</i>	1967

Tafla 3.4: Elsta dæmi um helstu litatökuorð í íslensku

Það er því allt eins líklegt að merkingarbreyting *bleikur* og staðfesting *fjólublár* og *appelsínugulur* sem eitthvað meira en almennar samsetningar með litaheiti hafi átt sér stað upp úr þessum aldamótum þegar tiskufatnaður og annað slíkt fór að berast hingað með tilheyrandi erlendum orðaforða. Fram að þeim tíma virðist sem íslenskir málhafar hafi gert sér að góðu þau átta grunnlitaheiti sem höfðu verið í málinu frá upphafi, arfur frá hinni norrænu tungu. Hinar fjölmörgu plöntur og önnur efni sem notuð voru í litun hér á landi í margar aldir, og eru enn notuð, til þess að gefa hlutum lit náðu ekki einu sinni að smeygja sér inn í litaorðaforðann.

Sterkar vísbendingar finnast um að nákvæmlega þetta tímabil upp úr 1900 hafi verið tímabil breytinga í íslenskum litaorðaforða í orðaforða annars málhóps; þeirra sem tala íslensku sem erfðarmál í Bandaríkjunum og Kanada. Í hinum miklu fólksflutningum sem áttu sér stað í kringum þessi aldamót fór stór hópur Íslendinga til hins svokallaða Vesturheims og tala afkomendur þeirra enn málið sem forfeður þeirra tóku með sér þangað. Það kallast í dag vesturíslenska og málhafar hennar Vesturíslendingar. Umskipti þessara málhafa voru snögg og mikil og víst að þessi munur á íslensku samfélagi og norðuramerísku um 1900 hafi haft áhrif á málið sem vesturfararnir töluðu.

3.2 Vesturíslenska

Á milli 1840 og 1940 áttu sér stað mestu mannflutningar sögunnar, ekki einungis frá Evrópu til Ameríku, heldur einnig í Asíu og Afríku. Iðnbyltingin gaf af sér fleiri tækifæri, fólk hópaðist bæði í verksmiðjur í borgum og á akra á víðum

sléttum, fyrirheitnu löndin löðuðu þá að sér sem áttu sér ekki bjarta framtíð í sínu fæðingarlandi og ný farartæki gerðu fólki auðveldara fyrir að flytjast úr stað. Einnig áttu sér stað á þessum tíma tvær heimsstyrjaldir sem áttu stóran þátt í að senda stóra hópá fólks á flóttu úr heimalöndum sínum til betra lífs í hinu nýja fyrirheitna landi.

Vesturíslenska er afbrigði af íslensku sem varð til þegar mikill fjöldi Íslendinga flutti búferlum til Kanada og Bandaríkjana í þessum miklu mannflutningum. Talið er að um 16.000 Íslendingar hafi flutt yfir um haf frá því upp úr 1870 og fram að fyrri heimsstyrjöld (Úlfar Bragason 2018, bls. 21). Eins og margir aðrir innflytjendahópar héldu þeir sem fóru vestur í málið sitt og hundrað og fimmtíu árum síðar er enn fólk í Vesturheimi sem lærði íslensku af foreldrum sínum, þó því fari nú ört fækkandi. Líklegt er að íslenskan hafi fljótlega tekið einhverjum breytingum þar sem umhverfið var gjörólíkt, mikið að tala um sem ekki var til orð yfir í málinu (sjá t.d. Birna Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Þráinsson 2018; Ásta Svavarsdóttir 2018)

Staða málsins sem minnihlutamál innflytjendahóps setti það í allt aðrar aðstæður heldur en það var í á Íslandi. Í fyrstu voru Íslendingar í Norður-Ameríku í þónokkuð stórum hópum, þeir höfðu íslenska kennara, gáfu út fréttablöð á íslensku og héldu saman, en eftir því sem þeir blönduðust meira þynntist sífellt hópurnir sem talaði íslensku sem fyrsta mál og að því kom að börn lærðu kannski íslensku af foreldrum sínum og töluðu hana reglulega heima hjá sér fram að skólagöngu en þá tók enskan við á nærri öllum öðrum sviðum lífs þeirra.

Þegar tungumál verður að erfðarmáli tekur það sjálfkrafa breytingum. Meðal annars á það til að staðlast á einhvern hátt, málhafar nota oft einfaldari orðmyndanir og orðaforða og flóknari málferli sem eru aðgengileg móðurmálshöfum týnast (Kristín M. Jóhannsdóttir 2018, bls. 323–342, sjá einnig Sigríður Mjöll Björnsdóttir 2018; Jóhannes Gísli Jónsson 2018). Staða vesturíslensku í dag er sú að hún hefur tekið allnokkrum breytingum. Bæði viðbúnum málfræðibreytingum (t.d. breytingar á beygingum og setningabyggingu) sem og ummyndun sem kemur til vegna eðlis hennar sem erfðarmál (t.d. orðaforðatap og málfræðieinföldun). Málhafar erfðarmála hafa oft en ekki annað ‘móðurmál’ og læra erfðarmál sitt ekki jafn ítarlega og það mál sem umkringir þá. Tækifæri til samskipta á erfðarmálinu eru oft fá og smám saman týnist hluti málinsæisins, jafnframt því sem hár aldur hefur áhrif á málskilning.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á málskilningi vesturíslenskumælandi gefa til kynna að þeir eigi í erfiðleikum með sömu málferli og börn og þeir sem hafa orðið fyrir málstoli (e. *aphasia*), treysti mun meira á orðaröð heldur en beygingar við túlkun setninga og að einhver hluti þeirra erfiðleika sem þeir eigi í við skilning á íslenskri setningagerð sé aldurstengdur, en málhafar vesturíslensku eru langflestir nokkuð við aldur (Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson 2018, bls. 318–319).

Það sem einkennir einnig erfðarmálhafa, og er að nokkrum hluta það sem gerir þá að erfðarmálhöfum, en ekki einungis málhöfum ráðandi máls, er viðhorfið til málsins, máls foreldranna og forfeðranna. Fyrir málhafa móðurmáls, eins og til dæmis íslensku á Íslandi, er máltaka og málnotkun að mörgu leyti ómeðvituð og gerist sjálfkrafa í umhverfi málhafa sama máls. Í tilfellum erfðarmálhafa er hins vegar um að ræða meðvitaða ákvörðun um að viðhalda tungumáli sem viðkomandi hefur takmarkan aðgang að og hefur fá tækifæri til að tala, en rómantik forfeðranna heillar.

3.2.1 Málhafar og málviðhorf

Þó hinir miklu fólksflutningar í kringum aldamótin 1900 hafi verið stórfelldir eru þeir langt frá því að vera hinir einu. Hópar fólks hafa flust hingað og þangað árfúsundum saman og af því leiðir að sumar þjóðir eru meira og minna samblanda af ýmsum hópum innflytjenda. Oftast er litið til Bandaríkja Norður-Ameríku í þessu tilliti, en Evrópuþjóðir eru einnig af blönduðum uppruna. Til dæmis eru um 15% Nútímafrakka erlendir borgarar eða innflytjendur en innfæddir sjálfir eru afkomendur Kelta, Íbera, Lígúra, ítalskra ýmissa (m.a. Rómverja) og Grikkja; Franka og Búrgunda, Alamanna og Gota; Mára og Sarakena.

Ekki er víst að Frakkar séu mikið uppteknir af því hvort þeir eru afkomendur Kelta eða Gota, en til dæmis í Bandaríkjunum og Kanada er blandan svo ný að fólk hefur enn þá tengsl, oft náin, við uppruna sinn og eru Vesturíslendingar í þeim hópi. Samkvæmt eldri kenningum er þjóðerni og sjálfsmynd hlutlægs eðlis, annað hvort er maður íslenskur eða ekki, en í manntalinu 1990 í Bandaríkjunum var fólk beðið að nefna þann uppruna sem það taldi sig sjálft tilheyra. Það er að segja, í stað þess að merkja við staðlaða hugmynd um líffræðilegan uppruna

frá forfeðrum var fólki gefinn kostur að velja huglægt þjóðerni (e. *ethnicity*). Þetta kom í staðinn fyrir spurningu um upprunaland foreldra sem hafði verið í manntalinu síðan 1870 (Farley 1991). Niðurstöðurnar sem svörin við þessum spurningum gáfu voru vandamál fyrir marga, því þær gáfu í skyn að þjóðerni væri samfélagslegt fyrirbæri mun fremur en genetísk staðreynd. Fólk virtist velja þann uppruna sem því fannst passa, fremur en að útlista samviskusamlega öll þau þjóðarbrot sem fyndust í fjölskyldunni (Liebersen og Walters 1993).

Afkomendur hinna íslensku innflytjenda, bæði þeir sem tala vesturíslensku og þeir sem tala einungis ensku, eru í ákveðnum millihópi innflytjenda í Bandaríkjunum, en það er fólk sem er afkomendur innflytjenda frá 1880 og fram að fyrri heimsstyrjöld, að mestu suður- og austurevrópúbúar (Ungverjar, Ítalir, Pólverjar o.s.frv.). Fjórðungur til þriðjungur þessa fólks átti foreldra sem voru fæddir utan Bandaríkjanna og um það bil sami fjöldi talaði samsvarandi tungumál. Þetta eru eftirlifendur stóru innflutningsbylgjunnar hinnar seinni og börn þeirra. Þessi hópur er mjög að eldast og mun hverfa á næstu áratugum (Farley 1991).

Yngsti innflytjendahópurinn er fólk af þjóðernum sem fjölgaði mjög eftir breytingu á alríkislögum 1968 (Kúbverjar, Filipseyingar, Kóreubúar o.s.frv.). Hluti af þessu fólki er fætt utan Bandaríkjanna og mikill meirihluti á foreldra fædda í upprunalandinu og talar tungumál sem samsvarar uppruna sínum (Farley 1991). Elsti innflytjendahópurinn í Norður-Ameríku er aftur á móti það fólk sem skráir þjóðerni sem samsvarar innflytjendum frá því fyrir ameríska borgarastríðið (Hollendingar, Þjóðverjar, Írar o.s.frv.). Mjög fáir voru fæddir utan Bandaríkjanna, áttu foreldra fædda utan Bandaríkjanna eða töluðu tungumál annað en ensku. Þrátt fyrir þær fjölmörgu kynslóðir sem höfðu lifað og dáið síðan forfeður þeirra komu fyrst til landsins var alltaf stöðugur hópur sem skráði sig af frönsku, hollensku, þýsku eða írsku þjóðerni. Kannski er um að ræða ákveðinn harðkjarna afkomenda þessara innflytjenda sem tengja sig mjög sterklega þessum uppruna. Þrátt fyrir margar kynslóðir, tap tungumáls og flestallra siða skilgreinir þetta fólk sig ekki sem bandarískt. Þvert á móti hefur þjóðernið orðið að valmöguleika í sjálfsmyndarsköpun og fram er komin hugmynd um eins konar 'táknrænt' eða jafnvel 'ímyndað' þjóðerni (Farley 1991).

Fá þeirra þjóðerna sem umkringja Vesturíslendinga í Norður-Ameríku eru þó sveipuð jafn miklum hetjuljóma og rómantík og hið íslenska. Við erum víkingarnir, fólkið frá þessari 'dularfullu eyju, fjarri striti og streði heimsins sem

hana umkringir' sem hefur 'byggt upp þjóðlíf hvers áhrif finnast á fjarlægum ströndum', talað er um eðlislæga feegurð tungumálsins sem hefur haldið þjóðinni saman og íslenskunni líkt við forngrísku sem einnig hefur þennan dýrðarljóma (Jackson 1925).

Jackson skrifar grein sína árið 1925 og fyrr, jafnvel áður en Íslendingar komu fyrst til Vesturheims, og síðar, eftir að kynslóðir þeirra týndust í hinni stóru Ameríku, hefur þessi ljómi verið til staðar. Þetta fólk sem tók sig upp og lagðist í flutninga yfir hafið í von um betra líf var samt ekkert öðruvísi en allt hitt fólkíð sem taldi sig eiga möguleika á betra lífi í Ameríkunni. Þó margir þeirra sem fluttu til Vesturheims hafi fljótt horfið í fjöldann urðu einnig til á fjölmennari stöðum stærri og þéttari samfélög innflytjenda. Eins og minnst var á hér að framan telja sumir þessara hópa sig enn þá tilheyra upprunalandinu á einhvern hátt, eins og til dæmis „Írar“ í New York sem halda upp á Dag Heilags Patreks (e. *St. Patricks Day*) með pompi og prakt, en Heilagur Patrekur er einn helsti verndardýrðingur Írlands. Samfélög Íslendinga mynduðust helst í Winnipeg og Gimli í Manitoba, oft í kringum kirkjusöfnuði, fólk hélt saman, viðhafði íslenska siði og talaði íslensku. Þrátt fyrir það að til að byrja með var í upprunalandi þeirra talað um þá eins og föðurlandssvikara (sjá t.d. Ólafur Arnar Sveinsson 2018). Eftir því sem tíminn leið og aðlögun innflytjendanna jókst varð líf þeirra að hálfgerðum línudansi á milli þess að vera nógu íslenskur fyrir Íslendingana og nógu amerískur fyrir Amerikanana. Almennt tókst þeim þó að ganga þann veg þannig að þeim var hagar af og hróður þeirra jókst í hinum nýju heimkynnum, jafnframt sem þeim var hampað í upprunalandinu fyrir að hafa haldið uppi ímynd föðurlands síns og allra þeirra kosta og gæða sem þar væri að finna þrátt fyrir allt.

Gegnumgangandi þema í umræðum um afkomendur brottfluttra Íslendinga er hugmyndin um hreinleika upprunans og spillingu hins svarta útlands. Þetta er birtingarmynd viðhorfs sem hefur verið gegnumgangandi mestalla mannkynsöguna, samanber til dæmis viðhorf Rómverja til „barbara“ ýmissa sem þó voru miklar menningarþjóðir (sjá t.d. T. Jones 2006).

Íslendingar fluttu ekki bara til annarra landa, heldur flutti erlent fólk einnig til Íslands á þessum tíma og settist þar að, meðal annars forfeður höfundar tveir. Annars vegar Christen Nielsen Beck, fæddur 15. janúar 1797 í Vejle á Jótlandi, Danmörku, og hins vegar Richard Long, fæddur 20. ágúst 1783 í Belby við

Howden í Englandi. Engum dettur samt í hug að telja höfund til Íslands-Dana, eða Norður-Englendinga eða eitthvað þvíumlíkt, einfaldlega vegna þess að þau þjóðareinkenni sem þetta fólk hafði með sér hurfu nær samstundis.

Hér kemur til sögunnar munurinn á hugtökunum **aðlögun** (e. *adjustment*) annars vegar og **samlögun** (e. *assimilation*) hins vegar. Annars vegar getur það samfélag sem tekur við innflytjendunum, til dæmis íslenskt samfélag, ætlast til þess að innflytjandi hendi öllu því sem einkennir uppruna hans (samlögun) en jafnvel á sama tíma lofað þá þegna landsins sem halda í íslensk þjóðareinkenni erlendis. Hins vegar getur öðru samfélagi, til dæmis kanadísku samfélagi, nægt að innflytjandinn taki upp nákvæmlega það sem hann þarf til þess að verða nýtilegur þegn (aðlögun) en innflytjanda er annars í sjálfsvald sett hvort hann heldur í aðra síði sem hann vill viðhalda, eins og til dæmis að halda áfram að tala og kenna börnum sínum tungumál forfeðra sinna (sjá t.d. Helgi Skúli Kjartansson 2018).

Þegar komið er fram á vora daga hefur sjálfsímynd Vesturíslendingans að mestu fengið eðli hins huglæga þjóðernis (Ólafur Arnar Sveinsson 2018, bls. 46). Í þeim kynslóðum sem lifað hafa síðan hafa mögulega safnast saman fjölmörg önnur þjóðerni sem hafa samlagast, en af einhverjum ástæðum hefur viðkomandi ákveðið að halda í nákvæmlega hið „íslenska“. Það að kunna tungumálið verður þessu fólki því enn verðmætara þegar flest annað íslenskt er horfið (nema kannski vinartertuuppskriftin hennar langömmu). Og jafnvel þó það tali ekki íslensku hefur þetta fólk tengingar við ömmur og afa, sögur um dugnað og elju forfeðranna, einhvers konar ímynd sem fólk vill samsama sig við. Það vill tilheyra þeim hópi sem segir „ég er Íslendingur“, jafnvel fólk sem er í þeim hópi sem samlagaðist mjög fljótlega af ýmsum ástæðum. Til dæmis vegna þess að fólk sem flutti til nýja landsins ákvað að það væri börnum sínum fyrir bestu að vera ekki skilgreint sem „útlendingur“ og kenndu þeim ekki móðurmál sitt, íslenskuna (Neijmann 2018).

Enn í dag er sterkt samfélag Vesturíslendinga í Norður-Ameríku, sem meðal annars gefur út fréttablaðið Lögberg-Heimskringlu (<https://lh-inc.ca>), og afkomendur þeirra sem fluttu frá Íslandi um aldamótin 1900 telja sig enn til þess samfélags. Hið táknræna þjóðerni Vesturíslendingans lifir góðu lífi þó að íslenska erfðarmálið sé við það að hverfa, aðallega vegna þess að nærri engir afkomendur þeirra sem enn tala vesturíslensku að einhverju marki hafa lært tungumál forfeðra

sinna. Þau samfélög sem mynduðust í kringum þennan uppruna, þá og síðan, hafa þó skilið eftir arfleifð sem enn er hægt að nýta. Ritað mál sem gefur góða mynd af bæði sögu og hugarheimi innflytjendanna og afkomenda þeirra, sem og vitnisburð um það tungumál sem var talað í þeirra samfélagi.

3.2.2 *Litaorð í vesturíslensku*

Í frumíslensku voru grunnlitaheiti einungis átta (*svartr, hvítr, rauðr, gulr, grænn, blár, brúnn, grár*), eins stofns aukheiti fá (*blakkr, bleikr, jarpr, hárr, hross, ámr*), og langflest litaorð samsetningar (*gulgrænn, dökkblár, blóðrauðr, jarpleitr, blóðligr*) eins og kom fram í *Kafla 3.1.2*. Til að athuga þann orðaforða sem Íslendingar höfðu á tímum fólksflutninganna miklu til Vesturheims var gerð leit að dæmum frá fyrstu árgöngum blaðanna *Lögberg* (1886) og *Heimskingla* (1888) og fram til um og rétt eftir 1900.

Svo virðist við fyrstu sýn að litaorðaforði sé að mestu óbreyttur síðan við landnám. Hins vegar voru Vesturíslendingarnir nú umkringdir öðru tungumáli sem þeir þurftu auk þess að læra til þess að verða nýtir samfélagsþegnar. Samfélagsgerðin og tæknistig var allt annað en þeir áttu að venjast frá Íslandi og þeir höfðu nú aðgang að fjölda nýrra texta sem þeir þýddu fyrir samlanda sína. Sem dæmi má nefna vinsælar skáldsögur eins og *Námur Salomóns Konungs* (e. *King Solomon's Mines*) eftir Henry Rider Haggard sem kom út 1885. Einnig er mikið af þeim dæmum sem finnast um litaheiti úr auglýsingum, til dæmis á fatnaði eða litunarefnum og -þjónustu.¹¹

Til dæmis eru 14 af 28 dæmum um *svartur* úr auglýsingum þar sem verið er að selja til dæmis jakka, frakka, hatta, kjólatau og ullarsokka. Í öðrum íslenskum textum er talað um svartan háralit, land/beitiland svart eftir sinubruna/sléttuelda og svarta mold, en einnig í óhlutstæðara samhengi svo sem *svartur bylur* (LB.9.16.8) og *svartasta andans myrkur* (LB.1.37.3). Í þýðingum var litaorðið *svartur* yfirleitt notað til þess að þýða enska orðið *black* þegar hlutum var lýst, svo sem flosbandi,

¹¹ Til að spara pláss verður notast við styttrar vísanir og fulla skráningu aðalheimildar í heimildaskrá, **LB.árg.tbl.bls.** fyrir *Lögberg* og **HK.árg.tbl.bls.** fyrir *Heimskringlu*; eða **KSM.bls.** fyrir *King Solomon's Mines*, og nýjar skýrðar jafn ódum.

hundi, skeggi og yfirskeggi. Þegar litið er á þýdda texta kemur oft fram ákveðin tilhneiging til þess að bæta í eða umorða, samanber *Dæmi 3.1*. Auk dæma úr KSM er hér einnig dæmi úr bókunum *Japhet in search of a father* eftir Frederick Marryat (hér eftir **JSF.bls**) *The sowers* eftir Henry Seton Merriman (hér eftir **TS.bls**) og *The top of the world* eftir Ethel May Dell (hér eftir **TTW.bls**).

- 3.1 a. *white skin* (KSM.99) > *hörundshvítur* (LB.1.41.4)
 b. *snowy forehead* (JSF.317) > *mjallhvít enni* (HK.5.22.4)
 c. *white streak* (TS.16) > *hvítleitur borði eða rák* (LB.10.25.5)
 d. *pearl glow (on the veldt, TTW.463)* > *perluhvít slétta* (HK.52.6.6)
 e. *beautiful white legs* (KSM.99) > *yndishvítir fótleggir* (LB.1.41.4)

Hér er tvennt sem vekur athygli. Annars vegar samsetningagleðin – *hörundshvítur* (3.1a), *mjallhvítur* (3.1b), *hvítleitur* (3.1c), *perluhvítur* (3.1d), *yndishvítur* (3.1e) – og hins vegar að sértæk ensk litaheiti eins og *pearl* í (3.1d) eru þýdd með almennum íslenskum grunnlitaheitum, í þessu tilfelli *hvítur* (þó vísunin fylgi með í þetta skiptið). Slíkar aðferðir sjást endurtekið í þessum textum, svo sem *she wore ruby velvet* (TS.155) > *dökkrauður flauelskjóll* (LB.9.41.6) sem og *grey ghost* (MEL.92) > *gráklæddur draugur* (LB.25.33.6).

Þessi dæmi eru einkennandi fyrir notkun litaorðafordans að mestu leyti en þegar dæmi með *rauður* eru skoðuð gefur það einnig ákveðnar vísbendingar um stöðu hans gagnvart orðaförða enskunnar sem umkringvir vesturíslenskuna, samanber *Dæmi 3.2*. Nýjar heimildir hér eru *Michael Strogoff – The courier of the czar* eftir Jules Verne (hér eftir **MS.bls**), *Colonel Quatrich* eftir H. Rider Haggard (hér eftir **CQ.bls**), „The king of golden river, or The black brothers“ eftir John Ruskin (hér eftir **KGR.bls**), *The mystery of a handsome cab* eftir Fergus Hume (hér eftir **MHC.bls**), *The Mudfog papers – Public life of Mr. Tulrumbly* eftir Charles Dickens (hér eftir **MFP.bls**), og *Hedri, or Blind justice* eftir Helen Mathers (hér eftir **HBJ.bls**).

- 3.2 a. *pink silk tea-dress* (CQ.259) > *rósrauður silkikjól* (LB.6.87.4)
 b. *purple-black of the sea-line* (HBJ.122) > *dökkrauð sjávarströndin* (LB.4.46.3)

- c. *ruddy lamp light* (MHC.164) > *rauðleitt lampaljós* (LB.4.21.5)
- d. *red whiskers* (MS.119) > *rauðleitt vangaskegg* (HK.7.33.3)
- e. *she wore ruby velvet* (TS.155) > *dökkrauður flauelskjóll* (LB.9.41.6)
- f. *a crimson flush* (MFP.11) > *lifrauður í framan* (LB.1.2.3)
- g. *primrose light* (KSM.62) > *rósrautt ljós* (LB.1.32.4)
- h. *pink glow (on the veldt, TTW.463)* > *ljósrauð slétta* (HK.52.6.6)
- i. *pink flowers* (KGR.345) > *bleikrauð blóm* (LB.4.36.7)
- j. *crimson butterfly* (KGR.345) > *lifrautt fiðrildi* (LB.4.36.7)
- k. *purple butterfly* (KGR.345) > *purpurarautt fiðrildi* (LB.4.36.7)

Í einungis einu af þessum dæmum er *red* > *rauður* (3.2d) og þýtt sem *rauðleitur*. Þrisvar er *pink* þýtt sem *rauður*, með *rósrauður* (3.2a), með *ljósrauður* (3.2h), og með *bleikrauður* ‘ljósrauður’ (3.2i). Frekari skoðun á dæmum með *pink* og *bleikur* bendir sterklega til þess að í vesturíslensku hafi orðið *bleikur* þýtt ‘fökur’ en ekki ‘ljósrauður’.

Í *Dæmi 3.3* eru dæmi meðal annars úr *The second wife* eftir Eugenie Marlitt [John] (hér eftir **TSW.bls**), *To win the love he sought* eftir Edward Phillips Oppenheim (hér eftir **TWL.bls**) og *Singleheart and doubleface* eftir Charles Reade (hér eftir **SAD.bls**).

- 3.3
- a. *chlorosis* (LB.13.25.1) > *bleikjusótt* (sama)
 - b. *pale face* (TSW .247) > *dauðbleikt andlit* (LB .36.31.6)
 - c. *pale, unflinching hate in [...] white face* (WTL .98)¹² > *nábleikt andlit [...] sem úr skein óslökkvandi hatur* (LB.24.3.6)
 - d. *Tod im Antlitz* (Heine 1951, bls. 116) > *helbleik hnigin* (LB.10.5.3)
 - e. *white cheek* (SAD .12) > *nábleik kinn* (HK .2.43.3)

Í *Dæmi 3.4* er *pink* ýmist þýtt með *bleikrauður* eða *rauðbleikur*.

- 3.4
- a. *pink satin tea-gown* (CQ.264) > *bleikrauður þykksilkisloppur* (LB.6.88.4)
 - b. *bright pink blossoms* (MHC .147) > *rauðbleik blóm* (LB.4.19.5)

¹² Blaðsíðutal samkvæmt epub skjali frá gutenberg.org

- c. *face flushed pink* (POM₉₅) > *bleikrautt andlit* (LB_{7.25.3})
- d. *The Pink Paper* (LB_{13.37.2}) > *Rauðbleika blaðið* (sama)
- e. *pale pink flowers* (KGR₃₄₅) > *bleikrauð blóm* (LB_{4.36.7})

Mögulega var þróunin sú í íslensku að *bleikur* ‘fölnur’ stóð oftast með litaheitinu *rauður* og yfirtók þannig merkinguna ‘ljósrauður’. Þá hefur hluti samsetningarinnar verið valinn til að standa fyrir merkingu allrar samsetningarinnar (sbr. *Kafla* 5.3.10).

Í *Dæmi* 3.2 eru einnig afbrigði af rauðum og bleikum sem hafa sérheiti í ensku; *ruddy* er þýtt með *rauðleitur* (3.2c) *ruby* með *dökkrauður* (3.2e) *crimson* tvisvar með *lifrauður* (3.2f og 3.2j) og *primrose* með *rósrauður* (3.2g). Samsetningin *purple-black* er svo þýdd sem *dökkrauður* (3.2b) og *purple* er einnig þýtt með *purpurarauður* (3.2k).

Hér eru því bæði sértæk litaheiti sem falla undir önnur grunnlitaheiti (*ruddy*, *ruby* og *crimson* eru ‘tegund af rauðum’, og *primrose* er ‘tegund af bleikum’) og þau sem teljast myndu til grunnlitaheita B&K (*pink* ‘bleikur’, *purple* ‘fjólublár’) þýdd sem *rauður*. Það að íslenskir þýðendur velji orðið *rauður* fyrir vísanir í erlend heiti eins og *pink* og *purple* gefur vísbendingar um að það litaheiti vísi enn í breiðara svæði í litrófinu heldur en það gerir í dag.

Einhver dæmi um *fjólublár* finnast í vesturíslensku textunum en þá eru það oftast þýðing á enska orðinu *violet*, það er ‘fjóla; fjólulitur’. Þegar hins vegar er litið til þess hvaða orð eru notuð í vesturíslensku til þess að þýða enska orðið *purple* sem í dag samsvarar hinu íslenska *fjólublár* er í meirihluta tilfella notað orðið *purpurarauður*, samanber *Dæmi* 3.5, þar sem eru níu dæmi um þetta samband *purpurarauður* og *purple*. Einnig er ein ný heimild í dæminu, *Mr. Meeson’s will* eftir Henry Rider Haggard (hér eftir **MMW.bls**).

- 3-5
- a. *Mr. Addison was purple with fury* (MMW.)
Mr. Addison var purpurarauður af vonzku (LB_{3.17.6})
 - b. *the rocks of the mountaintops, all crimson and purple* (MMW₃₂₇)
fallatindunum alla lifrauða og purpurarauða af sólseturs-geislunum (LB_{4.32.7})
 - c. *broad purple rainbow stretched across* (MMW₃₂₇)
breiðum, purpurarauðum regnboga þvert yfir (LB_{4.32.7})

- d. a heavy **purple** haze was hanging over the sky (MMW.341)
loptið var þungt, **purpurarautt** og þámað (LB.4.36.7)
- e. crimson and **purple** butterflies darted hither and thither (MMW.343)
lifrauð og **purpurarauð** fiðrildi flögruðu fram og aptur (LB.3.36.7)
- f. there were **purple** rings beneath her glowing eyes (CQ.216)
purpurarauðir hringir voru fyrir neðan glampandi augun (LB.5.50.4)
- g. The sun lay low in the west upon a **purple** cloud (TWC.26)
Sólin var komin lágt á vesturloptinu og virtist hvíla á **purpurarauðu** skýi (LB.11.21.5)
- h. tied securely with a broad band of **purple** silk (TWC.62)
vel bundinn saman með breiðum **purpurarauðum** silkiborða
(LB.11.27.3)
- i. there stood a noble-faced man in a flowing **purple** gown (TWC.202)
stóð göfuglegur maður, í skósíðri, **purpurarauðri** hempu (LB.11.47.3)

Það er því ljóst að litahæitin *bleikur* og *fjólublár* höfðu ekki í vesturíslensku þá merkingu sem þau hafa í dag.

Hvað varðar *appelsínugulur* voru dæmi mjög fá og í þýðingum virtist jafnvel sem þýðendur forðuðust að þýða hið enska *orange* sem samkvæmt nútímamáltilfinningu ætti að samsvara *appelsínugulur*. Ein tilhneiging sem sést mjög fljótt í vesturíslensku blöðunum er að sértæk aukheiti á borð við *navy blue* ('sjóhersblár'), *scarlet* ('djúprauður') og *cardinal* ('kardínálarauður') eru ekki þýdd heldur sett beint í textann, til dæmis í auglýsingum á fatnaði. Líklegt er því að þau ensku grunnhugtök sem voru búin að festa sér sess í málinu þegar Íslendingarnir komu þangað myndu fá þá ensku merkimiða sem þau höfðu í máli Vesturíslendinga.

3.2.3 *Litaiðnaður í Ameríku um 1900*

Líklegt er að einhverjir af íslensku innflytendum hafi kunnað á þær litunar- aðferðir sem fjallað var um í *Kafla 3.2.3*, en litalandslagið í Norður-Ameríku var allsendis ólíkt því sem þeir áttu að venjast að heiman. Á þeim tíma sem

Íslendingar voru að flytja vestur var fata- og vefnaðarlitun orðin að miklum iðnaði, og verksmiðjutækni og efnafræðiundur gerfiefnalitunar orðin aðgengileg almenningi.

Mikið af þeim litarefnum sem voru í notkun voru afsprengi þess gerfiefnalitaæðis sem gekk yfir heiminn eftir að William Perkin fann upp litarefnið sem hann kallaði fyrst *Tyrian purple* og seinna *mauve* árið 1856, þá einungis 18 ára gamall (Garfield 2000). Þetta ódýra efni gaf fallegan nýstárlegan lit sem heillaði fólk svo að árið 1859 var talað um að mauve-mislingasótt hefði gripið fólk (Finlay 2014, bls. 85). Perkin varð milljónamæringur um tvítugt og allir sem áttu tilraunastofu fóru að reyna að finna upp litarefni. Árið 1859 kom *magenta*, 1869 *alizarin* og 1878 indigolitur sem enn í dag er notað til þess að lita gallabuxur (Finlay 2014, bls. 85), en Levi Strauss og Jacob Davis fengu árið 1873 einkaleyfi fyrir sérstakri leið til þess að búa til sterk vinnuföt með því að nota denim (gallbuxnaefni) og hnoð (The daily street 2015, bls. 9). Hinar frægu 501 gallabuxur voru svo fyrst framleiddar árið 1890 (The daily street 2015, bls. 19) sem verkamannafatnaður en hafa síðan orðið mikilfenglegt tískufyrirbæri.

Í kjölfar tækniframfara í geymslu á málningu urðu fyrirtæki eins og Winsor og Newton, stofnað 1832 og enn starfandi, stórar einingar í listaefnum. Handhægar túpur gerðu hverjum þeim sem hafði efni á að kaupa olíuliti kleift að mála. Þessum nýju efnum fylgdu einnig ný heiti sem í dag hljóma kunnuglega hverjum þeim sem skoðað hefur olíulitarekkann í föndurbúð: *chrome yellow*, *cadmium red*, *alizarin crimson*, *permanent magenta*, *ultramarine violet*, *cobalt blue*, *cerulean blue*, *phtalo green*, *viridian*, *raw sienna*, *burnt ochre*, *mars black*, *titanium white* og ótalmörg fleiri.

Rétt fyrir 1900 voru litamyndavélar einnig að komast í gagnið og í dag þykir það kannski ekki merkilegt að geta tekið litmynd, en fyrir fátækt fólk frá af-skekktri eyju var þetta líklegast nokkur undraheimur umbyltinga og ólíkir því sauðalitaða umhverfi sem Íslendingar áttu að venjast á þeim tíma.

3.2.4 Samantekt

Sú tækifærismynd sem tekin hefur verið hér af vesturíslensku við fæðingu mál-samfélagsins gefur góðar vísbendingar um íslensku eins og hún var töluð á Íslandi

á því tímabili sem fólkið flutti út. Litaorðaforðinn sem var til staðar var grunnheitin átta og aragrúinn allur af samsetningum af ýmsum gerðum. Reyndar má sjá samsetningagleðina á fjölmörgum stöðum öðrum en í sambandi við litaheiti, *Dæmi 3.6*. Þessi dæmi eru reyndar öll úr *Námum Salómons Konungs*, en þessi tilhneiging til þess að líma saman orð virðist mjög sterk hjá íslenskumælandi fólki almennt.

- 3.6
- a. *flooding the wild country with **silver light*** (KSM.59)
*hellti **silfurljósi** sínu yfir hið hrikalega hérað* (LB.1.31.3)
 - b. *Ventvogel was lifting his **snub nose*** (KSM.69)
*hafði Ventvogel lyft upp **nefkubbum** á sér* (LB.1.34.3)
 - c. *through the bitter night* (KSM.78)
*í **næturgrimdinni*** (LB.1.36.4)
 - d. *almost **frozen*** (KSM.89)
*nærri því **helfreðnir*** (LB.1.38.3)
 - e. *kill me this **awkward dog*** (KSM.120)
*dreptu þennan **klaufahund** fyrir mig* (LB.1.46.3)

Þrátt fyrir þessa tryggð við hefðbundnar aðferðir íslenskunnar í orðmyndun og íslenskan orðaforða almennt fara þó fljótt að sjást breytingar. Ensk litaheiti skjóta sér inn í auglýsingar og önnur ensk orð koma fyrir í textum þegar málfarar tengdust meira hinu enska málsamfélagi, *Dæmi 3.7*.

- 3.7
- a. *catch her and **shut her up** in the washstand.* (Twain 1899, bls. 336)
 - b. *Taktu hann [...] og **stikktu** honum inn í þvottaborðið.* (LB.1.8.3)
 - c. ***Put** the live devils up there in the thatch.* (KSM.78)
 - d. ***Stikktu** þessum lifandi djöflum þarna upp í þakið.* (LB.1..3)

Í *Dæmi 3.7* er tveim enskum sögnum, *to shut up* ‘að loka inni’ (3.7a) og *to put* ‘að setja’ (3.7b), þýddar með sögninni *að stikka* (e. *to stick* ‘að stinga’, 3.7c og 3.7d), í stað til dæmis *að setja* eða *að láta*. Þetta er dæmigert fyrir þróunina síðan. Bæði orðaforði og málfræði hefur litast af ensku og málið hefur breyst þónokkuð.

Vegna þess að málið er ekki lengur talað í almennu umhverfi málfarfanna er notagildi þess takmarkað. Fólkið sem enn talar það hefur haldið í það af áhuga fremur en nauðsyn og eftir því sem tengslin við málið dofna týnist það smám saman inn í niðrskurðinn allt í kring.

3.3 ÍTM (íslenskt táknmál)

Rannsóknir sem skoða liti í anda tímamótarannsóknar B&K hafa ýmist einbeitt sér að óskyldum tungumálum — til dæmis WCS, sjá *Kafla 2.2* — eða skyldum — til dæmis EoSS, sjá *Kafla 4*. Í *Kafla 3* er fjallað um þrjú skyld mál — íslensku, vesturíslensku og ensku — en í þessum kafla verður tekið fyrir alls óskyld mál, ÍTM; fyrsta mál heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi. Það er ekki einungis frábrugðið hvað varðar sögulegan uppruna heldur nota málfarar þess aðrar aðferðir til upptöku málsins (sjón í stað heyrnar) og til þess að tala málið (hendur og andlit í stað raddar). Einnig læra málfarar ÍTM yfirleitt ekki málið frá foreldrum sínum vegna þess að þeir eru ekki málfarar. Menningar- og málumhverfi málfara ÍTM er því nokkuð annað en íslenska raddmálsfélagsins sem umkringir það og líkara öðrum samfélögum táknmálmálfara erlendis.

Grunneiningar málsins í ÍTM eru þær sömu og í raddmálum — myndön, orð, setningar; nafnorð, sagnir, lýsingarorð — en miðlunarhátturinn gefur málhöfum aðra möguleika í samsetningum eininga og byggingu málsins. Í rannsóknunum í anda B&K virðist ekki skipta máli hvort málin eru skyld eða óskyld, merkingarkjarnar þeirra litaorða sem teljast til grunnlitaheita sýnast mjög svipaðir. Hins vegar telja andmælendur þeirra meðal annars að tungumálið og menningin hafi afgerandi áhrif á merkingarsvið og að aðferðafræði B&K og fylgjenda þeirra sé gagnslaus.

Áhugavert er því að skoða ólíkt eðli ÍTM og aðstæður málfarfanna í samhengi þeirra rannsókna sem fjallað er um í þessu riti. Annað hvort eru merkingarkjarnar málsins mjög líkir þeim sem eru í öðrum málum sem fjallað er um hér og jaðrar hugtakanna ólíkari, eða að eðli málsins og málsfélagsins gera það að verkum að merkingarskipting málfara ÍTM er önnur en til dæmis íslensku.

Oftast er uppruni táknmáls tengdur við stofnun sérstaks skóla fyrir heyrnarlausu, til dæmis í Frakklandi 1770 og í framhaldi af því í Ameríku (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson 1989, bls. 17–19). Annað gott dæmi um þetta er táknmál Nikaragúa, en tilurð þess kringum 1980 hefur verið vel skrásett (R. J. Senghas, A. Senghas og Pyers 2014, bls. 274–280). Líklegt er að einhverjir hinna heyrnarlausu eigi mál áður en sérstakur skóli er stofnaður, þá oftast í smærri samfélagshópum eins og í borgum og bæjum eða jafnvel einstökum fjölskyldum.

Þegar nemendur koma saman í skólanum bráðna þessir smáu málhópar saman og til verður móðurmál heyrnarlausra þess lands, undir áhrifum þeirra kennara sem í skólanum eru.

Á Íslandi var fyrsti formlegi kennari heyrnarlausra, Páll Pálsson, skipaður í embætti árið 1867. Hann hafði bæði verið menntaður í sérskóla í Danmörku og lært þar að kenna heyrnarlausum (Reynir Berg Þorvaldsson 2010, bls. 13–17). ÍTM sýnir skyldleikatengsl við danska tákn málið af svipuðum toga og líkindi íslensku við ensku, en einnig finnast vísbendingar um áhrif frá öðrum málum, svo sem íslenskunni sem umkringir það líkt og vesturíslenskan sýnir áhrif enskunnar sem umkringir hana (Kristín Lena Thorvaldsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir 2015, bls. 410–411).

Til þess að geta tjáð sig, lært og lifað lífinu eins og annað fólk hafa heyrnarlausir um allan heim þróað sín á milli tungumál sem eru að mörgu leyti mjög ólík raddmálum, en einnig að mörgu leyti mjög lík. Yfirborðsmýndanir, svo sem orðmyndir, eru mjög ólíkar, á meðan dýpri bygging, svo sem orðflokkar, er mjög svipuð (sjá t.d. Sandler og Lillo-Martin 2006, bls. 21–74, Sutton-Spence og Voll 1998, bls. 99–114, Valli og Lucas 2000).

3.3.1 Orðmyndun

Einingarnar sem mynda tákn í táknmálum eru handform, afstaða, hreyfing, myndunarstaður og munnhreyfing. Einingar sem mynda tákn málsorð geta verið bæði hljóðkerfislegar¹³ og orðmyndunarlegar. Það er að sama eining, til dæmis handform, getur verið hljóðkerfisleg í einu orði en orðmyndunarleg í öðru.


Til samanburðar má nefna sem dæmi orðhlutann *ur* í íslensku. Í orðinu *turn* hefur þessi eining bara hljóðkerfislegt hlutverk.¹⁴ Í orðinu *blautur* hefur sama eining hins vegar orðmyndunarlegt gildi, hún táknar karlkyn, nefnifall, eintölu á þessu lýsingarorði. Ef skipt er um málfræðilegt hlutverk endingarinnar, í þessu sambandi til dæmis ef lýsingarorðið *blautur* er sett í samhengi með kvenkyns

¹³ Tæknilega er ekki um að ræða hljóðamyndun í táknmálum, en orðin hljóðkerfi og hljóðkerfisfræði hafa almennt verið notuð í umfjöllunum um táknmál, sem þýðing á hinu enska *phonology*, í umræðu um frumeiningar tákn málsorða. Í ensku er orðið *cheroology* sums staðar notað (gr. *chéri* 'hönd') en það hefur ekki náð mikilli útbreiðslu (sjá t.d. Sandler og Lillo-Martin 2006).

nafnorði, hverfur einingin *ur* því hennar er ekki þörf í því samhengi. Hins vegar er ekki hægt að fjarlægja eða breyta einingunni *ur* í *turn* því þá væri það ekki lengur sama orðið; sú eining er nauðsynleg til þess að orðið *turn* sé orðið *turn* þó að hún hafi ekki neina sérstaka merkingu ein og sér í því samhengi. Slík dæmi er einnig hægt að finna í ÍTM, hvort sem það er til dæmis handform eða hreyfing.

Nánar skilgreint eru myndunareiningarnar fimm¹⁵:

- 1. Handform** Það form sem höndin tekur við myndun táknmálsorðsins. Þessi form eru margvísleg og eru sum þeirra einnig notuð til þess að tákna stafi í fingrastafrófinu. Stundum er um tilviljun að ræða, eins og til dæmis í tilfelli táknsins RAUÐUR og stafsins s (sjá *Mynd 3.2*), en stundum er handformið sprottið af stafshandforminu, eins og til dæmis í FIMMTUDAGUR og FÖSTUDAGUR, *Mynd 3.1*.



Mynd 3.1: Táknið (hadformið) fyrir F í íslenska fingrastafrófinu


Ef ekki er til sérstakt táknmálsorð fyrir eitthvað ákveðið fyrirbæri, eða það er ekki þekkt, er heiti þess oft stafað með fingrastafrófinu, til dæmis B.U.E.N.O.S.A.I.R.E.S., L.I.M.E. eða F.E.R.S.K.J.A. Stundum renna þessar stafanir saman í táknmálsorð, svo sem í Þ.Ú.S. ‘þúsund’.

- 2. Afstaða** Staða handarinnar þegar hún er sett á myndunarstaðinn við upphaf myndunar táknmálsorðsins. Hægt er að snúa höndinni á ýmsan veg þegar táknmálsorð eru mynduð og oft breytist afstaðan frá upphafi þess til enda.

¹⁴ Í þessu samhengi geta táknmálseiningarnar líka verið aðgreinandi einingar og myndað lágmarkspör, eins og til dæmis *turn* og *törn* í íslensku, þar sem *u* og *ö* eru eini mismunurinn í orðunum tveim. Það er þær eru lágmarkseiningar sem geta sagt til um mismunandi orð hljóðfræðilega, þó þær hafi ekki sérstaka merkingu innan orðsins.

¹⁵ Allar skýringamyndir í táknmálskafla eru unnar af höfundi og óbilandi aðstoðarmanni hans, Ými Dreka Finnssyni.


Til dæmis er hægt að lýsa afstöðu með því hvert fingur og lófi vísa, en þá er afstaða í *Mynd 3.2*: fingur til hliðar og lófi inn.



Mynd 3.2: Afstaða táknsins RAUÐUR

Í hvora áttina fingurnir benda þegar afstaða þeirra er skilgreind sem ‘til hliðar’ getur verið mismunandi eftir málhöfum því miðað er við ráðandi hönd. Því getur þessi afstaða speglast á milli rétthentra og örvhentra (og þar af leiðandi einnig aðrar einingar, eins og hreyfing).


3. Myndunarstaður Þar sem táknið er myndað. Myndunarstaður getur til dæmis verið á líkama táknaða, svo sem á andliti, samanber *Mynd 3.3*.



Mynd 3.3: Myndunarstaður táknsins FJÓLUBLÁR

Myndunarstaður getur einnig verið í svokölluðu táknrými, en það er svæðið fyrir framan andlit og búk mælanda (t.d. *Mynd 3.1*, bls. 93). Stærð táknrýmis getur verið mismunandi á milli málhafa, sumir nota minna svæði en aðrir.


4. Hreyfing Breyting á staðsetningu eða formi táknmálsorðs þegar það er myndað. Ekki öll táknmálsorð hafa hreyfingu, en þau sem hafa hana hafa oftast almenna hreyfingu, til dæmis í hring eins og í tákni BLEIKUR, *Mynd 3.4*.



Mynd 3.4: Hreyfing táknsins BLEIKUR

Önnur hafa einnig eða einungis svokallaða innri hreyfingu, þar sem formið sjálft eða afstaða þess breytist. Dæmi um það er tákn málsorðið GANGA þar sem vísifingur og langatöng eru beygð endurtekið og rétt úr þeim þegar táknið er myndað.

5. Munnhreyfing Í flestum tilfellum fylgir tákni ákveðin munnhreyfing. Hún getur verið íslenskt orð, oftast með nafnorðum og lýsingarorðum. Þá myndar mælandi íslenska orðið með munninum um leið og tákni málsorðið er myndað, til dæmis HÚS <hús> og GULUR <gul(ur)>. Með sögnum eru algengari svokallaðar tákni málsmunnhreyfingar, til dæmis er munnhreyfing með sögninni AÐ-EIGA lokaður munnur með loft í kinn, en lýsingarorð geta einnig haft munnhreyfingar sem eru ekki komnar beint úr raddmálinu, svo sem LÍTILL <lala>, *Mynd 3.5*.



Mynd 3.5: Munnhreyfing táknsins LÍTILL

Ýmis frábrigði frá þessum þumalputtareglum eru þó til, svo sem þegar merkingarbært látbragð tekur yfir lýsingarorðstákn (sjá *Kafla 3.3.2* og *Kafla 4.5*).

Önnur málfræðileg ferli í tákni málum eru einnig nokkuð frábrugðin raddmálum, til dæmis hafa látbrigði í andliti (e. *nonmanuals*) oft málfræðilegt gildi, ýmist setningarfræðileg (e. *syntactic*) eða málnotkunarfræðileg (e. *pragmatic*).

Látbrigði eru yfirleitt mest í augum (t.d. pírd augu eða opin augu) og augabrúnum (t.d. upp eða niður) en geta einnig verið í öllu andlitinu. Sem dæmi um tilgang látbragðs er að merkja spurningar. Þá eru augu opnuð vel og augabrúnir settar upp, líkt og málhafar raddmáls gætu mögulega gert þegar þeir spyrja einhvers. Munurinn er sá að í táknmálum er þetta skyldubundin málfræðieining en í raddmálum aukasvipbrigði þar sem málfræðivirknin felst í einingum af sömu gerð og aðrar í málinu (stafir og hljóð). Þrátt fyrir að vera nokkuð lýsandi atferli eru látbrigði, handahreyfingar og annað slíkt sem fylgir raddmálum ekki talin til málfræði. Hins vegar eru orðaforði og málfræði táknmála oft mjög lýsandi.

3.3.2 Lýsandi eigindi

Eitt af því sem einkennir ÍTM og táknmál almennt eru sterk tengsl á milli forms og merkingar bæði beint og óbeint. Á *Mynd 3.6* má sjá táknið fyrir MAÍ. Þetta tákn er eins og táknið BLÓM fyrir utan munnhreyfinguna, það er að segja að munnhreyfingin fyrir táknið MAÍ er <maí> og munnhreyfingin fyrir táknið BLÓM er <blóm>.



Mynd 3.6: Táknið MAÍ

Tenging gróandans við tímabilið „maí“ er greinileg í tákningu MAÍ og svipaðar tengingar merkingar táknsins við form þess eru algengar í almennum táknaðmálsorðaforða. Slík tenging er yfirleitt ekki talin hluti af málfræði raddmála nema í fremur litlum mæli og sjást þá sem litlir hópar orða sem hafa ákveðinn „hljóðklasa“ (t.d. *glansa, glóa, glitra, glitta; krafsa, kraka, krukka, krækja* o.s.frv.). Þessir klasar bera mark hvers hljóðkerfis fyrir sig (t.d. hin ensku *gleam, glow,*

glitter á móti hinum japönsku *soro soro, zoro zoro, bara bara*) og orðahóparnir eru oftast smáir (sjá t.d. Leanne Hinton og John J. Ohala 1994, bls. 1–14) þó undantekningar séu til, sem dæmi má nefna að japanska kerfið er nokkuð reffilegt (sjá t.d. Hamano 1998; Fukuda 1993).

Hinar sterku tengingar forms og merkingar í táknmáli gefa enn eina ástæðuna til þess að áætla, í anda afstæðishyggjunnar, að eðli merkingar í táknmálum sé allt annað en í raddmálum (rétt eins og eðli litrófsins gefur möguleika á að hvert tungumál hafi sína eigin litahugtakaskiptingu, sjá *Kafla 2.4*). Sérstaklega þar sem litaheiti í ÍTM hafa líka slík tengsl. Mörg þeirra eru náskyld eða komin beint af myndlíkingu.


Öll ellefu grunnlitaheitin eins og B&K skilgreindu þau finnast í ÍTM (Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Thorvaldsdóttir 2016). Það er að segja: SVARTUR, HVÍTUR, RAUÐUR, GULUR, GRÆNN, BLÁR, BRÚNN, GRÁR, BLEIKUR, FJÓLUBLÁR og APPELSÍNUGULUR, *Mynd 3.7*.



Mynd 3.7: Ellefu litatákn ÍTM


Eins og almennt er með táknmálsorðaförðann eru mörg þeirra litatákna sem sjást á *Mynd 3.7* mjög tengd merkingarlega skyldum hlutaheitum. Annað hvort eru táknin dregin beint af hlutaheitum eða þau hafa þróast út frá þeim (sbr. t.d. BLÓM > MAÍ, *Mynd 3.6*, bls. 96). Þessu má líkja við greinilegar afleiðslur orða í íslensku, svo sem *ljós/lýsa* eða *hjól/hjóla*.

Á *Mynd 3.8* má sjá þrjú af grunnlitaheitunum ellefu sem hafa slíka tengingu við hlut: RAUÐUR, BLEIKUR og FJÓLUBLÁR. Í öllum tilfellum er það myndunarstaðurinn sem gefur vísbendingu um merkinguna, en hana mætti glósa sem RAUÐUR ‘varalitur’, BLEIKUR ‘kinnalitur’ og FJÓLUBLÁR ‘glóðaraugalitur’. Í þessum táknum er merking litaorðsins tengd merkingu annars orðs sem hefur lit sem hluta merkingar sinnar.



Mynd 3.8: Myndræn litatákn í ÍTM

Í öðrum tilfellum þarf að þekkja til orðaforðans til þess að koma auga á það hlutaorð sem litaorðið er dregið af. Á *Mynd 3.9* má sjá tvö grunnlitaheiti í viðbót, GRÆNN og GULUR, sem sýna skyldleika við önnur hugtök sem tengjast viðkomandi lit. Táknid GRÆNN er dregið af tákningu SLÁ-GRAS, en GULUR af tákningu OSTUR. Þetta er þá líkara því þegar tengsl á milli afleiðsla hafa tapast úr almennri málvitund, svo sem *hvítur/hveiti* eða *ljós/lýsi*.




Mynd 3.9: GRÆNN – SLÁ-GRAS; GULUR – OSTUR

Slíkar afleiðslur eru dæmigerðar fyrir orðaforða táknmálsins. Hann verður því oft á tíðum mun gegnsærri heldur en orðaforði raddmálanna að því er virðist vegna þess hversu mikil áhersla, skiljanlega, er lögð á hið sjónræna og lýsandi í orðmyndun.

Það eru ekki bara nafnorð á borð við MAÍ og litaorð eins og BLEIKUR sem eru myndræn. Málfræðileg ferli í ÍTM og táknmálum almennt eru oft einnig


mjög gegnsæ, það er að segja sett fram á myndrænan hátt. Á *Mynd 3.10* eru lýsingarorðin FEITUR og LÍTILL ásamt stigbreytingum.



Mynd 3.10: Stigbreytingar FEITUR og LÍTILL

Þegar lýsingarorð er myndað er hægt að gefa í skyn ákveðna stigbreytingu (merkingarbreytingu) með hreyfingu og látbrigðum þegar táknið er myndað. Á *Mynd 3.10a* er táknið FEITUR ýkt með því að stækka myndunarrými, ýkja svipbrigði og opna augu (til að gefa í skyn eitthvað stærra/meira), en á *Mynd 3.10b* er rýmið minnkað og augun þírð (til að gefa í skyn minna). Því er hægt að framkvæma nokkuð nákvæmar merkingarbreytingar á gráðuskriptum skala í táknrýminu með sama grunntákni á meðan slíkar breytingar þyrftu auka orð í íslensku, til dæmis með lýsingarorðinu *stór*: *Jón er stór, Jónas er örlítið stærri en Jónína er rosalega stór*.

Merkingarbreytingar með stækkun og minnkun tákna eins og á *Mynd 3.10* er líka að finna með litaorðum. Á *Mynd 3.11* eru greinileg einkenni stigbreytingar á litaorði með þeim aðferðum sem við höfum séð: stærri, opnari tákni og minni, ákveðnari tákni (sbr. *Mynd 3.10*, bls. 99).



Mynd 3.11: Litatáknið BLÁR og tvær útgáfur af MJÖG-BLÁR

Í þeim gögnum sem fengust úr LÍS verkefningu sem unnið var að fyrirmynd EoSS kom fram fjöldi slíkra myndana sem nýta myndræna eiginleika táknmálsins og er áætluð merking þeirra út frá þeim gögnum annars vegar ‘mjög; staðalímynd’ (dregið tákn með lyftum augabrúnum) og hins vegar ‘óbyggjanlega; einurð’ (stutt tákn með lágum augabrúnum). Það er að segja merking tákna á *Mynd 3.11* er þá annars vegar ‘mjöööög blár’ (dregið) og hins vegar ‘blár, punktur!’ (ákveðið, sjá t.d. Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Whelpton 2019, bls. 348–349).

Svipaðar beygingareiningar og sjást á *Mynd 3.11* finnast einnig til dæmis í eistnesku táknmáli þar sem hækkaðar augabrúnir fylgja ljósum litbrigðum, en píróð augu dekkri (Hollmann 2016, bls. 54); nýsjálensku táknmáli þar sem opnari augu eru tengd við birtu, en píróð augu og hleypt augu tengd við dimmu (McKee 2016, bls. 372); og í finnsku táknmáli þar sem píróð augu og lítil hreyfing er tengd við daufan lit, en hraðari og ákveðnari hreyfing tengd við sterkan lit (Takinen, Jantunen og Seilola 2016, bls. 137–138). Það er því ekki einsdæmi í ÍTM að myndrænar og lýsandi aðferðir séu notaðar til þess að þrengja eða víkka merkingu lýsingarorða.

Það sem helst hefur aftrað rannsóknum á táknmálum er meðal annars sú staðreynd að þau hafa yfirleitt ekkert ritmál og þurfa að reiða sig á ritmál þess raddmáls sem umkringir þau. Þar af leiðandi er nærri ómögulegt að framkvæma orðsifja- og málþróunarrannsóknir á borð við þær sem fjallað hefur verið um, til dæmis í kaflanum um íslenska fornmálið *Kafla 3.1.2*. Með tilkomu forrita til umritunar, svo sem ELAN (<https://archive.mpi.nl/tla/elan>), ýmiss konar upptökutækni og veraldarvefsins hafa möguleikar á skráningu og varðveislu efnis á táknmáli þó margfaldast á síðustu árum.

Annað sem málhafar ÍTM, sem og annarra táknmála, og aðstandendur þeirra þurfa að eiga við er viðhorf annarra til þeirra. Þau viðhorf að táknmál séu ekki alvöru tungumál er enn þá mjög almennt, jafnvel meðal fræðifólks, og enn eimir eftir af þeirri hugmynd að málhafar táknmála séu ekki minnihlutamálhópar heldur fatlaðir einstaklingar sem noti handapat sín á milli en skilji ekki alvöru tungumál.

3.3.3 Málhafar og málviðhorf

Málhafar ÍTM eru einungis um 300 manns (Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Thorvaldsdóttir 2016, bls. 209), eða um 0,1% íslensku þjóðarinnar. Þessi litli hópur hefur staðið í mikilli baráttu til þess að fá mál sitt viðurkennt, ekki einungis sem opinbert móðurmál sitt, heldur sem tungumál yfir höfuð.

Í bók sinni *The mask of benevolence* (1999) tekur Harlan Lane fyrir ýmislegt sem heyrnarlausir í Bandaríkjunum glíma við. Tölur um stærð málsamfélags American Sign Language (ASL) eru á reiki, en ef gert er ráð fyrir því að prósentan sé sú sama og í íslensku samfélagi er um að ræða um 300.000 manns, eða nærri jafn marga og búa á Íslandi. Þrátt fyrir þennan fjölda eiga þeir við fordóma að stríða. Heyrandi fólk horfir á þá sem fatlaða (bls. 7), þeir þurfa hjálp til að verða 'siðmenntaðir' (bls. 69). Þeim er neitað um menntun, eins og öðrum málhöfum minnihlutamála, með því að þvinga á þá það tungumál sem er ráðandi (bls. 105–107) í staðinn fyrir að gefa foreldrum heyrnarlausra barna ráð og leiðir til þess að það eiginst mál og samfélag. Það ýtir undir fordóma sem foreldrar hafa gagnvart barni sínu (bls. 154–167), og – það sem Lane kallar 'síðasta úrræði raddmálsstefnunnar' – foreldrum er fremur ráðlagt að leggja börn sín undir stórraskandi skurðaðgerð fremur en að kenna þeim táknmál (bls. 203–211).

Titill bókarinnar, sem á íslensku gæti útlagst *Gríma góðmennskunar*, er vísun í það sem oft einkennir viðhorf hinna heyrandi til heyrnarlausra: þeir eru ekki heilir, þá skortir hæfileika til tjáningar og það þarf að hjálpa þeim til þess að verða góðir þegnar í eðlilegu samfélagi. Eins og segir einhvers staðar, vegurinn til Helvítis er hellulagður góðum ásetningi.

Heyrnarlausir á Íslandi hafa fengið sinn skerf af þessum meinta góðvilja hinna heyrandi. Fólk telur táknmál vera tól til að kenna heyrnarlausum íslensku, það trúir ekki að táknmál sé tungumál og kennarar sem kenna heyrnarlausum þurfa ekki að hafa sérstök réttindi til þess að kenna táknmál (Kristín Lena Thorvaldsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir 2015, bls. 415).

Síðasti sérskólinn fyrir heyrnarlausum og heyrnarskerta á Íslandi lokaði 2002 og í dag er Hlíðaskóli eini skólinn sem hefur sérstaka kennslu fyrir táknmálsbörn. Þrátt fyrir að námsáætlanir geri ráð fyrir kennslu ÍTM bæði fyrir heyrnarlausum og heyrandi er námsefni takmarkað og kennarar fá ekki tækifæri til þess að

afla sér betri þjálfunar (Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir 2019, bls. 241).

Staða ÍTM hefur þó batnað töluvert frá því sem var. Frá 1944 til seint á níunda áratug tuttugustu aldarinnar var raddmálsstefna (e. *oralism*) ráðandi á Íslandi í kennslu heyrnarlausra og allt táknmál var bannað. Þrátt fyrir að sú stefna hafi verið lögð niður var ástandið þá mjög bágborið því enginn kunnir táknmálið til þess að kenna það, hvorki kennarar né foreldrar eða aðrir aðstandendur hinna heyrnarlausu (Kristín Lena Thorvaldsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir 2015, bls. 412).

Samtök heyrnarlausra gerðu það að sínu helsta baráttumáli að sett væri á fót samskiptastofnun fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta. Eftir fund með Svavari Gestssyni, þá menntamálaráðherra, setti hann fram frumvarp fyrir Alþingi um Samskiptamiðstöð og var gert ráð fyrir því að það yrði tungumálamiðstöð sem sinnti rannsóknnum á táknmáli, þar sem slíkar rannsóknir væru forsenda þess að hægt væri að kenna málið. Með því var búið að staðfesta málhafa ÍTM sem málhafa minnihlutamáls (Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir 2019, bls. 245).

Túlkur og almenn málþjónusta fyrir heyrnarlausu var þó enn af skornum skammti því menntunin var ekki til staðar. Árið 1994 hófst svo kennsla í táknmálsfræði og -túlkun við Háskóla Íslands. Málhafar ÍTM voru samt enn einangraðir frá samfélaginu því það fáa fólk sem var til staðar og hafði næga kunnáttu náði ekki að sinna þeim verkefnum sem felast í fullri þjónustu við málhafa minnihlutamálhóps; til dæmis fengu heyrnarlausir foreldrar oft ekki túlka í kennaraviðtölum (Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir 2019, bls. 244–245).

Lausnin var talin vera að fá ÍTM viðurkennt í lögum sem fyrsta mál heyrnarlausra á Íslandi. Svavar Gestsson, nú í stjórnarandstöðu, lagði alloft fram frumvarp til framgöngu málsins en lítið gekk. Þann 1. október 2003 varð Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fyrsti heyrnarlausir alþingismaður á Íslandi. Ásamt flokksfélögum sínum gekk hún vasklega fram, en það dugði ekki til þó frumvarpið væri sett fram aftur, bæði 2004 og 2007 (Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir 2019, bls. 246–247).

Árið 2011 var loks sett í lög að ÍTM skyldi viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra (Kristín Lena Thorvaldsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir 2015, bls. 417).

Ákveðinn sigur hafði unnist, en þó var sá sigur einungis hálfur. Lítið sem ekkert gerðist til þess að gera stjórnvöld ábyrg fyrir þeim ráðstöfunum gagnvart minnihlutamáli sem viðurkenningin átti að gefa. Gegnumgangandi, á Íslandi jafnt og í öðrum löndum, hafa málfarar táknmála ekki jafnan aðgang að rétti sínum til heilbrigðrar máltöku og þátttöku á vinnumarkaði.

Í deilumálum sem upp komu eftir að viðurkenningin var sett í lög var enn lítið á túlkajónustu sem félagsþjónustu við fatlaða einstaklinga, en ekki lögbundinn rétt málfara annars máls til hnökralausra samskipta. Lítið sem ekkert hefur verið gert til þess að auðvelda málhöfum ÍTM frekari þátttöku í samfélaginu, til dæmis með því að veita fjármunum í að bæta aðgengi þeirra að þjónustu og samskiptum sem málfarar íslenska raddmálsins fá sem málfarar hins opinbera máls (Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir 2019, bls. 248–249).

3.3.4 *Samantekt*

ÍTM er á heildina lítið mjög ólíkt íslenskunni, málinu sem umkringir það. Það er líkara öðrum táknmálum, til dæmis hinu danska, rétt eins og íslenskan líkist dönsku vegna fjölskyldutengsla þeirra í málsögunni. Málfarar ÍTM sem málsamfélag eru mjög ungur hópur miðað við stofnun sér skóla og enn yngri ef miðað er við árið sem mál þeirra var viðurkennt sem opinbert fyrsta mál þeirra. Þrátt fyrir það hefur málið þróast mjög hratt, og sjá má breytingar á milli kynslóða (sjá einnig *Kafla 4.6*), aðallega í orðaforða. Eins og í öðrum málum verða orð til og hverfa, merking þeirra breytist og til verða málsnið innan heildarinnar, til dæmis á milli kynslóða.

Áhrif íslenskunnar eru þó greinileg. Ekki síst vegna þess að málfarar ÍTM þurfa að nota hana sem ritmál. Því hafa til dæmis nafnorð oft íslenska munnhreyfingu (t.d. MAÐUR <maður>) og tákni eru mynduð með stafsetningu eða skammstöfun íslensku orðanna (t.d. Þ.Ú.S. ‘þúsund’). Vel er hægt að hugsa sér einhvern hluta þessara tákna sem tökuorð.

Þar sem lítil gögn eru til um sögu táknamálmálhafa á Íslandi er erfitt að segja til um þátttöku þeirra í iðnaði tengdum litum sem gæti haft áhrif á orðaforðann (sbr. t.d. *crimson* og *mauve* í ensku, sjá *Kafla 3.4.2*). Hins vegar, ólíkt

íslensku, eiga litaheiti í táknmáli mjög sterkar rætur í hinu myndræna, þar sem hægt er að sjá beint eða rekja auðveldlega uppruna í lituðum hlut, til dæmis FJÓLUBLÁR ‘glóðaraugalitur’. Fyrir utan það sem hægt er að sjá af nútíma-orðaforða ÍTM er erfitt að gera sér grein fyrir málsögunni þar sem litlar sem engar heimildir eru til nema orðabækur. Þó tækniframfarir auðveldi skráningu og greiningu máls og sögu til framtíðar er alls ekki tryggt að ÍTM eigi sér framtíð.

Fyrir utan málgerðina hafa táknmálmálhafar aðallega sérstöðu í samfélagsstöðu sinni og sjálfsmynd. Hvort þessir þættir hafa teljandi áhrif á hugtakasmíði táknmálmálhafa og litanafngiftir á eftir að koma í ljós. Flest bendir þó til þess að eins og með önnur mál sem fjallað hefur verið um í þessum kafla séu til staðar ákveðin grunnhugtök, mjög lík, með meiri fjölbreytni í jaðarskilgreiningum.

3.4 Enska

Enska, eins og íslenska, er germanskt mál, en hefur tekið mun meiri breytingum en íslenskan á sama tímabili. Málið hefur misst svo til allar beygingar sem eru einkennandi fyrir germönsku málin – eins og til dæmis íslensku og þýsku – og orðaforðinn er úr ýmsum áttum. Þessar breytingar eru afleiðing af menningarsögu hins enskumælandi þjóðfélags, meðal annars vegna yfirtöku erlendra afla, en einnig hefur mikill hluti fræðiorðaforða verið tekinn upp úr erlendum málum, svo sem grísku og latínu.

Í *Dæmi 3.8* (bls. 105) eru tvö textabrot sem bæði teljast vera enska en eru alls ólík. Fyrri textabrotið (*3.8a*, Kershaw 1922, bls. 8) er úr fornensku ljóði úr svokallaðri *Exeterbók* frá 975, en ekki er vitað hvenær ljóðið sjálft er skrifað. Ekki hefur það heldur nafn í bókinni og er því oftast kallað *The Wanderer* ‘flakkarinn’. Þetta mál er mjög ólíkt nútímaensku og íslenskumælandi gætu hoggið eftir fjórðu línunni þar sem stendur nokkurn veginn „hrærir með höndum hrímkalda sæ“. Ef við spólum svo áfram 1.029 ár til *3.8b* (Waits 2004) þekkjum við aftur nútímaenskuna, eða að minnsta kosti þá staðalímynd hennar sem oftast birtist okkur.

- 3.8 a. *Oft him anhaga are gebideð,
metudes miltse, þeah þe he modcearig,
geond lagulade longe sceolde,
hreran mid hondum hrimcealde sæ,
wadan wræclastas. Wyrð bið ful aræd!*
- b. *Birds cry warning from a hidden branch,
Carving out a future with a gun and an axe,
I'm way beyond the gavel and the laws of man,
Still living in the palm of the grace of your hand.*

Af þeim ellefu grunnlitaheitum sem B&K skilgreina eru sjö af sama uppruna og hin íslensku): *white* ‘hvítur’, *red* ‘rauður’, *yellow* ‘gulur’, *green* ‘grænn’, *blue* ‘blár’, *brown* ‘brúnn’ og *grey* ‘grár’. Þau sem eiga annan stofn eru *black* ‘svartur’, *pink* ‘bleikur’, *purple* ‘fjólublár’ og *orange* ‘appelsínugulur’, og af þeim er hægt að finna orð með sama uppruna í íslensku og *black* og *purple*, það er *blakkur* og *purpuri*, þó bæði orðin séu sjaldgæf nú til dags. Í fornensku var hið fyrri *blæc* ‘koldimmur, sótlitur’, komið af hinu germanska **blakaz* (Harper 2020, **blankaz* í Orel 2003) ‘brenndur’ úr indóevrópsku orði sem merkti ‘brenna, glansa, skína’. Þannig hefur merking orðsins breyst úr ‘að brenna’ yfir í ‘litur þess sem er brunnið’. Hið seinna er lánsorð úr latínu *purpura* ‘fjólublár litur/klæði/litarefni’ (þaðan sem hið íslenska *purpuri* er einnig upprunnið, Ásgeir Blöndal Magnússon 1989), sem er aftur fengið úr grísku, *porphyry*, en uppruni þess þar er óviss (Harper 2020).

Þau tvö sem eftir eru, *pink* og *orange*, eru bæði yngri lánsorð í ensku. Orðið *pink* er plöntuheiti (*Dianthus*) og samsetningin *pink-coloured* ‘pinklitaður’ er þekkt frá 1680 en plöntunafnið sjálft er mögulega komið úr hollensku *pink* ‘lítill’ um 1570 (Harper 2020). Hins vegar er *orange*, sem kom fram í ensku sem heiti á ávextinum um 1300 úr frönsku *orange/orenge*, upprunalega úr sanskrít *naranga-s* ‘appelsínutré’ en uppruni þess þar er einnig óþekktur. Sem litaheiti í ensku er það þekkt frá um 1540 en svipaðir litir í miðensku voru einnig kallaðir *citrine* eða *saffron* (Harper 2020, sbr. ísl. *saffranóttur*). Bæði þessi orð, *pink* og *orange*, sem og *purple*, eru hins vegar þekkt sem litaheiti í ensku mun fyrr heldur en sambærileg orð með sambærilega merkingu koma fram í íslensku.

3.4.1 Málhafar og málviðhorf

Ólíkt íslensku eru til fjölmörg afbrigði af ensku, til dæmis skoska, ameríska, ástralska og nýsjálenska, enda er enska töluð sem fyrsta eða annað mál í öllum heimsálfum. Í þessari umfjöllun verður farið yfir gögn úr tveim afbrigðum, annars vegar breskri ensku og hins vegar norðuramerískri ensku. Málhafar ensku sem fyrsta máls á Bretlandseyjum eru 54,4 milljónir, en í Bandaríkjunum um 234,2 milljónir og í Kanada um 19,5 milljónir.

Á síðari árum hefur enska í auknum mæli orðið aðalsamskipta- og fjölmiðla-mál heimsins, sérstaklega eftir tilkomu veraldarvefsins og afþreyingarveitna á borð við Netflix, og fjölmörg mál hafa tekið upp ensk orð, þá sérstaklega fyrir tæknifyrirkæri sem eru upprunnin í enskumælandi löndum eins og *computer*, *internet* og *website*. Ýmis fyrirkæri sem eiga heima á netinu eru líka oftar notuð á ensku þó viðmót sé til á viðkomandi máli. Sem dæmi má nefna Facebook, en hér á landi lækar (e. *like*, so.) fólk og frendar (e. *friend*, so.) í gríð og erg, sem og margvíslega tölvuleiki sem heilla ungviðið.

Þrátt fyrir sama uppruna er saga enskunnar allt önnur en íslenskunnar, og auk þeirra breytinga sem hafa orðið á henni málfræðilega er hún einnig andstaða íslenskunnar í því að hún er mjög dugleg að taka til sín ný orð. Þrátt fyrir það er til nóg af fólki sem telur sig það varða hvernig aðrir tala og hvað þeir segja (eins og líklegast í flestum löndum) en öðrum finnst það heldur seint í rassinn gripið. Ein frægasta tilvitnun þess efnis kemur líklegast frá James David Nicoll:

Vandamálið við að vernda hreinleika hinnar ensku tungu er að enska er álíka hrein og porthúshóra. Við fáum ekki bara lánuð orð; öðru hverju hefur enska veitt öðrum tungumálum eftirför inn í húsasund til að lemja þau til óbóta og seilast í vasa þeirra eftir nýjum orðaforða.

(Nicoll 1990,

þýðing höfundar úr ensku, sjá A.8, bls. 341)

Joseph M. Williams áætlaði í bók sinni *Origins of the English Language* (1975) að hlutföll orðaforða í ensku væru franska 41%, enska 33%, latína 15%, norræna 5%, hollenska 1% og önnur mál 5%. Það þýðir að einungis þriðjungur orðaforða enskumælandi er raunverulega enskur, það er að segja upprunninn í því máli sem var talað til dæmis á þeim tíma sem íslenska varð til.

Málhafar eru á hinn bóginn einnig mjög hugmyndaríkir við að nýta þessa nýju stofna sem koma inn í málið. Á hverju ári verða til ný orð sem breiðast mjög fljótt út með aðstoð internetsins. Oxford Dictionaries hafa undanfarin ár valið orð ársins og sigurvegarar hafa verið gullmolar á borð við *youthquake* ‘samfélagsleg breyting sem verður fyrir ástilli átaks ungs fólks’, *selfie* ‘símasjálfsmynd’, *unfriend* ‘segja e-m upp sem vini sínum’ og *locavore* ‘sá sem borðar aðallega mat sem er framleiddur í næsta nágrenni’.

Þar sem mikið af nýjustu tækni sem kemur að tungumálum (t.d. notenda- viðmót snjalltækja) er fundin upp í enskumælandi löndum, sem og stór hluti þeirrar afþreyingar sem er vinsæl (t.d. Hollywood-kvikmyndir) þurfa málhafar ekki að eiga við eins mikið af vandamálum sem aðrir málhópar, eins og til dæmis Íslendingar, þurfa stöðugt að vinna í eins og að talsetja og setja texta með afþreyingarefni og hanna tækjaviðmót á fyrsta máli málhafanna. Flestir enskumælandi hafa líka þau forréttindi að vera ekki minnihlutamálhópur með tilliti til stöðu málsins í landinu. Það er að segja, flestir enskumælandi búa í landi þar sem enska er opinbert fyrsta mál (t.d. í BNA, á Bretlandseyjum og í Ástralíu).

Þegar litið er til smærri þjóðfélagshópa innan enskra málsamfélaga verður málið flóknara. Eins og minnst var á í *Kafla 3* eru afbrigði ensku ótalmörg og eru mörg þeirra tengd fordómum sem verða til vegna tengsla málaafbrigðanna við þá hópa málsamfélagsins sem eru fátækari og minna menntaðir. Sem dæmi má nefna *rednecks* (BNA), *chavs* (Bretland) og *bogans* (Ástralía) sem verða ímynd ómenningar og ruddaskapar og festast í vítahring menntunar- og atvinnuleysis vegna neikvæðra samfélagsviðhorfa. Að því leyti eru þessir hópar í svipaðri stöðu og til dæmis málhafar ÍTM sem glíma við fordóma og skertan aðgang að menntun og þjónustu.

Hvernig sem á málið er litið hafa hagir málhafa ensku og umhverfi málsamfélagsins í heild, hvort sem er í Norður-Ameríku, á Bretlandseyjum eða í Ástralíu, breyst mikið og viðbúið að það hafi áhrif á sögu tungumálsins

3.4.2 *Litaiðnaður og litaheiti í ensku*

Litaorðaforði í nútímaensku hefur stækkað mjög mikið. Þegar Englendingar lögðu undir sig nýlendur fundu þeir ný litunarefni og litunaraðferðir. Nýjar

listastefnur Evrópu, svo sem impressjónisminn, flæddu inn í enskt samfélag. Iðnvæðingin olli byltingu í litefnaframleiðslu og listamenn tuttugustu aldarinnar héldu áfram að gera tilraunir með liti. Rothko málaði flennistöra fleti og velti fyrir sér fallvaltleika litarins (Finlay 2014, bls. 105), Yves Klein bætti um betur og notaði bara einn lit (Finlay 2014, bls. 106), á meðan Roy Lichtenstein sendi öllum þessum uppskafningum fingurinn með því að fara alla leið á hinn endann á listarskalanum og sótti sinn innblástur í litadýrð barnæskunnar; teiknimyndasögurnar (Finlay 2014, bls. 108–111).

Síðan bættust við tískufyrirtæki á borð við Pantone sem fóru að gefa út ‘liti ársins’ og til þess að grípa ímyndunarafl almennings voru þessum ‘nýju’ litum oft gefin stórkostleg nöfn sem sjaldnast gerðu það auðveldara að gera sér grein fyrir um hvaða liti var að ræða. Við þetta bættust svo innanhúshönnun og -arkitektúr sem gefa fataframleiðendum og öðrum fyrirtækjum sem vinna með liti ekkert eftir í frumlegheitum.

Á *Mynd 3.12* má sjá litbrigði sem Kelly og Judd nefna *light/moderate yellow orange*.



Mynd 3.12: *light/moderate yellow orange* (Kelly og Judd 1976)

Í tímans rás hefur litbrigðið á *Mynd 3.12* verið nefnt ýmsum nöfnum og á *Orðalista 3.1* (bls. 109) má sjá nokkur þeirra sem Kelly og Judd höfðu safnað. Auk þeirra samsetninga sem eru í þeim orðalista eru margar samsetningar í samantekt Kelly og Judd úr almennum litaheitum, svo sem *bright yellow*, *brown orange* og *yellowish orange*, en önnur eru hlutaheiti sem tekin eru beint upp sem litaheiti, til dæmis *amber*, *maise*, *ochre*, *orange* og *wheat*. Þessi aðferð til nýmyndunar litaorða í ensku er mjög algeng en tíðkast ekki meðal íslenskumælandi (sjá einnig *Kafla 4.5*).

Enn önnur tegund eru svo orð sem eru fengin úr ýmiss konar iðnaði, svo sem *bistre* og *realgar* úr *Orðalista 3.1*, og einnig orð sem oft er fremur ætlað að vekja upp ákveðnar tilfinningar heldur en að benda beint á litbrigði, eins og *jonquil*, *melleus*, *mirabelle*, *sandaracha* og *Ta-Ming*. Þessi mikli iðnaður sem tengist litum

apricot tan	aprikósugulbrúnn	Auteuil	sveitarfélag í Frakklandi
bistre	beykisót	bubalinus	dumbgulur (latína)
butterscotch	smjörkaramella	dull buff	daufdumbgulur
gold rush	gullæði	luteolus	gulleitur (latína)
ochre	okkur	realgar	arseniksúlfíð
salmoneus	laxalegur	snowshoe	þrúgur

Orðalisti 3.1: Áhugaverð litaheiti fyrir *light/moderate yellow orange*

og litaorðum, ásamt þeirri tilhneigingu enskumælandi að fá lánuð orð úr öðrum málum jafnframt því að nýta mjög frjálsglega staðbundinn orðaforða til þess að merkja litbrigði, gerir það að verkum að litaorðaforði í ensku er gríðarlegur. Til dæmis inniheldur litaorðabók Kelly og Judd 7.500 litaorð (1976, bls. 111) og þeim hefur örugglega fjölgað síðan þar sem fyrirtæki eins og Pantone og Jotun finna upp ný litaheiti árlega til þess að heilla viðskiptavini sína.

Á endanum er allt komið í heilan hring. Listamennirnir búa til listaverk úr ljósinu sem heillaði Newton (Finlay 2014, bls. 112); hin mikla tölvutækni gerir fólki kleift að búa til stórkostleg myndverk, *Mynd 3.13a*, en það sækir í dag meira og meira í staka pixla, *Mynd 3.13b*, (sjá t.d. www.habbo.com).



Mynd 3.13: Nútímalistaverk

Litir hafa meira að segja fengið aftur eitthvað af sínum dularfullu kröftum sem þeir eitt sinn höfðu, nema í staðinn fyrir að tala um galdra og guðlegar verur er vísað í sálfræði til þess að gefa ráð á borð við: „ekki klæðast súralkingulu þar sem eru börn sem þurfa að einbeita sér“, „ef þú gengur of mikið í fjólubláu hættir fólk að taka þig alvarlega“ og „ekki vera í dökkbláu í hópverkefnavinnu“ (Haller 2019, bls. 155–156). Höfundur leyfir sér að efast um gildi þessara staðhæfinga en hitt er víst að litir, með sínum þúsundum heita, eru alls staðar í lífi nútímaeinstaklingsins.

3.4.3 Samantekt

Miðað við til dæmis íslensku hefur enska breyst mjög mikið, bæði í málfræði og orðaforða. Að efni til er málið einungis um einn þriðji ‘engilsaxneska’, það er það mál sem talað var á Bretlandseyjum í fornöld af forfeðrum enskumælandi þar. Enska málsamfélagið er einnig mun stærra en hið íslenska og af henni eru til mörg afbrigði, meðal annars vegna áhrifa frá öðrum málum sem hafa horfið eða eru að hverfa, eins og keltneskan í Skotlandi og velskan í Wales.

Einkenni þeirra breytinga sem enskan hefur orðið fyrir eru fjölbreyttur orðaforði af erlendum uppruna og einföldun málfræðinnar. Mikið af þeim litaaukheitum sem enskan hefur sankað að sér eru nú einnig aukheiti í öðrum málum, þar á meðal íslensku (sbr. t.d. *kakí*, *túrkis* og *beis*). Enskan hefur með fyrirferð sinni einnig tekið yfir sum svæði daglegs lífs, svo sem í tölvuvinnslu, þó íslenski orðaforðinn sé sannarlega til.

Mikið af þeim sérhæfða litaorðaforða sem er í ensku kemur úr ýmsum iðnaði tengdum vinnslu litarefna (t.d. *crimson* og *mauve*) og enn bætist ofan á hann með ýmiss konar nýmyndunum frá fyrirtækjum sem nýta sér það svigrúm sem þetta merkingarsvið gefur til þess að selja margs konar tískufyrirbæri út á ‘nýja liti’.

Vegna stærðar sinnar hefur enskt málsamfélag, að minnsta kosti í Bretlandi og í Norður-Ameríku, ekki þurft að eiga við neitt af þeim vandamálum að stríða sem minnst hefur verið á í fyrri köflum, til dæmis að tækjaviðmót séu ekki til á móðurmáli málhafa eins og í íslensku málsamfélagi eða að mál þeirra hverfi smátt og smátt úr daglegri notkun eins og í vesturíslensku. Þó er meðal þeirra málhópa sem fjallað er um hér hvergi eins mikill munur eins og á enska málsamfélaginu og samfélagi málhafa ÍTM sem vegna smæðar sinnar á jafnvel undir högg að sækja í hinu litla íslenska málsamfélagi.

3.5 Samantekt þriðja kafla

Saga þeirra mála sem fjallað hefur verið um í þessum kafla er um margt lýsandi fyrir þróun tungumála og sögu málsamfélaga. Úr germönskunni lenti eitt afbrigði uppi á skeri í miðju Atlantshafi og gerjaðist þar í tiltölulegri einangrun langt

fram eftir aldri. Á meðan varð annað afbrigði að máli heimsveldis sem lagði undir sig hálfan hnöttinn og eignaðist sjálft fjölmörg afbrigði. Það varð tungumál tækniframfara jafnt sem almennrar afþreyingar og áhrifaafli í mörgum öðrum tungumálum. Af því leiðir að menningarminni og arfleifðir eru mjög ólíkar á milli þessara afkomenda germönskunnar, íslensku og ensku. Þessi tvö málsamfélög mætast svo í hópi þeirra sem fluttu úr íslensku umhverfi í enskt í kringum 1900. Þá varð hópur Íslendinga sem fram að þeim tíma hafði talað íslensku sem móðurmál að samfélagi erfðarmálmálhafa, Vesturíslendinga.

Til að halda í tengsl við fortíð forfeðra sinna halda afkomendur Íslendinga í Norður-Ameríku enn í málið. Hins vegar er það ekki sjálfgefið móðurmál þeirra heldur afleiðing þess að velja hina íslensku forsögu sem hluta af sjálfsmynd sinni, oft á kostnað annarra þjóðerna sem einnig koma að sögu forfeðra þeirra. Sá málhópur í þessari umfjöllun sem helst á þó í sjálfsmyndarkreppu eru málhafar ÍTM sem hafa þurft að berjast fyrir því að mál þeirra sé viðurkennt sem tungumál yfir höfuð, og eru í þeirri óvenjulegu stöðu meðal málhafa tungumála að læra yfirleitt ekki mál sitt af sínum nánustu heldur kennurum og jafningjum. Yfir þeim hangir hin siðferðislega vofa sem vegur salt á milli þeirra tækniframfara sem gætu gert þeim kleift að tala raddmál og tilkallsins til móðurmálsins. Hvort tveggja grundvallast á skilgreiningum á rétti einstaklings til sinnar eigin sjálfsmyndunar og hvar hún passar inn í samfélagið. Í öllu þessu skaki er tungumálið mikilvægur leikmaður og oft lykilatriði í skilgreiningu ákveðins menningarhugtaks, eins og [ÍSLENDINGUR] eða [MÁLHAFI ÍTM].

Þessi menningarmismunur er grundvallaratriði í umfjöllun um hugtök og merkingu fyrir fræðimenn eins og Wierzbicku (sjá *Kafla 2.4*). Þá er hugmyndin sú að þrátt fyrir að í grunni mannlegrar hugsunar sé hægt að finna ákveðnar merkingareiningar sem eru til alls staðar sé menningarlagið sem leggst ofan á of þykkt til þess að þau sjáist í gegn. Það er að segja túlkun hugtaka er erfið á milli tungumála vegna þess hversu mikil áhrif menning og umhverfi hafa á hugsun fólks og speglast að miklu leyti í málinu. Iðnaðarsamfélag á borð við enskumælandi í Norður-Ameríku sem á ríka sögu í litaiðnaði ætti því að hafa allt aðra túlkun og sýn á liti en þeir sem tala táknmál á Íslandi og hafa takmarkaða sögu aðra en samtímalega.

Í *Kafla 5.5* verður fjallað um þær menningarmyndir sem finnast með íslenskum litaorðum, en þær virðast jöfnum höndum fengnar úr náttúrulegu nærumhverfi

málhafa sem og merkingarminnum frá öðrum menningar- og málhópum bæði fornum og nýjum. Líklegt er því að menningarþemu sem tengjast litahugtökum séu sama eðlis í hinum menningarhópunum, hvaða tungumál sem þeir tala, sérstaklega nú til dags þegar upplýsingaflæði er mikið á milli menningarsvæða.

Hér hefur einnig verið skoðaður mismunur í orðaforða og málfræði þeirra málhópa sem fjallað er um í þessu riti, enda er formgerðin grundvöllur merk-ingarrannsóknna fyrir þá sem eru á sveif með Lucy (sjá *Kafla 2.4*). Mismunurinn á þessum hópum er þar einnig greinilegur. Þrátt fyrir að vera skyld eru íslenskan og enskan alls ólík. Íslenskan hefur enn flókið kerfi beyginga og orðmyndana sem virka á lítið breyttan orðaforða, að einhverju leyti vegna sterkrar verndunarstefnu. Enskan hefur týnt nærri allri germönsku málfræðinni og orðaforðanum en fengið í staðinn mikinn orðaforða og myndanir úr öðrum málum á borð við frönsku, latínu, og grísku og blanda þar öllu saman.¹⁶

Á milli íslenskunnar og enskunnar eru svo Vesturíslendingarnir í Norður-Ameríku sem tala íslensku sem erfðarmál með öllum þeim böggum sem því fylgir, með sterkum áhrifum frá ensku, bæði í orðaforða og málfræði. Á Íslandi eru svo málhafar ÍTM sem hafa talmál alls óskýlt íslensku en eru samt upp á hana komnir fyrir ritmál og hafa því bæði einstaka málfræði og nokkur áhrif frá því máli sem umkringir það.

Í *Kafla 5.3* verður fjallað um formleg einkenni íslenska málfræðikerfisins sem litaorðin eru notuð í, en þau eru flókið samspil margbreytilegra formseininga á borð við afleiðsluendingar sem bera með sér ýmislegan sögulegan farangur. Nærri ómögulegt er að sjá nokkuð kerfi út úr hinum formlegu einingum í íslensku og líklegt að hið sama megi segja um hin málin, sérstaklega þar sem formið er eins ólíkt og í íslensku og ÍTM. Hins vegar er erfitt að ætlast til þess að þeir efnislegu merkimíðar sem notaðir eru eftir ákveðnu kerfi geti fylgt því kerfi sem nýtt er fyrir hin oft loftkenndu hugtök.

Þvert á þá hugmynd að málhafar tungumáls kljúfi niður heiminn á einstakan hátt, alls ólíkum skiptingum annarra tungumála, kom kenning B&K um yfirgríps-

¹⁶ Í þessu sambandi er frægur brandarinn um kennarann sem hneykslaði frjálsslyndan nemanda sinn með því að lýsa því yfir að *polyamoury* 'fjölastir' væri hryllingur. Á meðan nemandinn reyndi að jafna sig á þessari þröngsýni kennarans í ástarmálum bætti kennarinn því við að með öllu réttu ætti það að vera *polyphilia* (gríska) eða *multiamoury* (latína), það ætti ekki að líða svona samangrautanir tungumála.

mikil líkindi í kjörnum litahugtaka og skiptingu litrófsins í grunnlitahugtök (sjá *Kafla 2.2*). Þessi kenning þeirra felur sterklega í sér að skynjun sé máttugri áhrifa-valdur í mótun hugtaka heldur en til dæmis Wierzbicka og Lucy vilja vera láta. Allur sá menningar- og málfræðimismunur sem er á þessum málhópum sem fjallað er um í þessum kafla væri því áhrifalítill, að minnsta kosti hvað varðar hinn almennasta kjarna litahugtaksins. Viðfangsefni næsta kafla verður því að sjá hvaða mynstur finnast í nafngiftum og skilgreiningum á litum í þessum málhópum og hversu lík eða ólík þau eru á milli hópanna. Hafi B&K rétt fyrir sér ætti að minnsta kosti að vera hægt að sjá reglulega skiptingu litrófsins í fáa, almenna flokka og með fylgjandi aukaorðaforða sem hefur óreglulegri og afmarkaðri skilgreiningar. Almennu flokkarnir væru mjög líkir á milli mála, en aukaflokkarnir ólíkari.

4. Hugræn úrvinnsla og inntak litaorða

Í umræðum um merkingu og eðli hennar hafa fylgismenn þeirra tveggja kenninga sem eru í brennidepli hér lengi verið á öndverðum meiði. Vitsmunahyggjan leggur áherslu á skynjun og úrvinnslu áreitis í hugarstarfsemi sem undirliggjandi þætti í byggingu merkingarflokka og hugtaka, og aðalrökin í þá átt felast í tímamótarannsókn B&K. Niðurstöður þeirra bentu sterkelega til þess að einsleit skynfæri framleiddu einsleita litaflokka sem skiptust á sama hátt, sama hvaða tungumál ætti í hlut.

Á hinn bóginn telja fylgismenn afstæðishyggjunnar sig einnig finna í merkingarflokknum litaorð margvíslegar vísbendingar í þá átt að málkerfið sé það sem hefur úrslitaáhrif við að ákveða mörk hugtaka, svo sem mjög mismunandi orðaförða, orðauppruna og litaskilgreiningar sem eru mismunandi á milli málhópa (t.d. *yellow egg yolk, eggjarauða*).

Kosturinn við aðferðafræði B&K er annars vegar að það efni sem er notað er ‘menningarlaust’, það er að segja það felst ekkert í því sem getur haft áhrif á það hvernig fólk skilgreinir litbrigðin sem spurt er um. Ef spurt væri um liti á efnisbútum, garni eða öðru væri ekki hægt að útiloka að efnið hefði áhrif á skilgreiningu litbrigðanna.

Hins vegar gefa gögn unnin með þessari aðferðafræði bæði efni til þess að kortleggja litbrigði skilgreind eftir ákveðnum skala og einnig dágóðan orðaförða litaorða sem notuð eru í þeim tilgangi að merkja litbrigði. Þannig er hægt að skoða bæði kortin og orðin til þess að bera saman og sjá hvar skiptingin liggur, enda er það eitt aðalmarkmiða þessa rits að bera saman íslensku og önnur mál hvað þetta varðar.

Til þess að reyna að fá svar við þessari spurningu verða nýtt gögn EoSS rannsókninni sem framkvæmd var í anda B&K. Ólíkt B&K og skyldum rannsóknum hélt EoSS sig við sömu málafjölskyldu og beindi sjónum sínum að indóevrópsku málaættinni. Gögnum var safnað í yfir fimmtíu málum í eftirtöldum fjórum merkingarflokkum (merkingartengslum hluta): líkamshlutar (partar hluta, sjá t.d.

Levisen 2015), ílát (tegundir hluta, sjá t.d. Whelpton, Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Jordan 2015) staðsetningar (tengsl hluta, sjá t.d. Berthele o.fl. 2015) og litir (eigindi hluta, sjá t.d. Majid, Jordan og Dunn 2015; Vejdemo o.fl. 2015; Zimmermann o.fl. 2015; Vejdemo 2017; Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Whelpton 2019; Þórhalla Guðmundsdóttir Beck og Whelpton 2018). Markmiðið var að skoða hvernig merking hugtaka breytist og þróast meðfram annarri málþróun, í tengslum við málsvæði, sögu og tungumál. Til samanburðar voru svö notuð gögn úr MMMS og LiS, auk rannsóknar höfundar sem rannsakaði tvo hópa íslenskra málhafa, eldri (50+) og yngri (4–10 ára) til að geta mögulega gert grein fyrir breytingum sem eiga sér stað á milli kynslóða í íslensku, enda ein grundvallarkenningin sem hér er til athugunar sú að merkingarsvið og -kjarnar breytist með mál- og samfélagsbreytingum.


Í þessum kafla verður stuttlega sagt frá verkefnum sem þátttakendur leystu og gerð grein fyrir samsetningu þátttakendahópanna. Þá verður sagt frá aðferðafræðinni sem notuð var við úrvinnslu gagnanna og vandamálum tengdum henni, en minnst var á slík vandamál sem geta komið upp þegar staðfæra þarf rannsóknir sem hannaðar eru á einu máli yfir á annað í *Kafla 2.2* í umfjöllun um viðmið B&K. Í tölfraðikaflanum eru annars vegar bornar saman nafngiftir sem eiga við hugtökin almennt og hins vegar er gerður samanburður á þeim litbrigðum sem fólk telur dæmigerðust fyrir hvert hugtak. Í undirkaflanum um höfuðheiti er sundurliðun á þeim orðaforða sem fram kom í hópunum og síðan farið yfir hver þeirra geta mögulega talist almenn og hver svið þeirra eru. Að lokum verða bornar saman þær aðferðir sem málin hafa til þess að mynda ný litaheiti eins og þær koma fram í tilraunum þátttakenda í þessum rannsóknum til þess að merkja nákvæmlega þau litbrigði sem þeim voru sýnd.

4.1 Verkefni

Fyrsta verkefnið fólst í að kalla fram frjálsar nafngiftir. Þátttakendur fengu að sjá 84 litasýnishorn, eitt og eitt í einu. Þau voru prentuð samkvæmt Munsell-staðli, klippt út og fest í glæruspjöld og raðað í handahófskennda röð áður en þau voru

lögð fyrir þátttakendur. Af þessum 84 litum voru 80 eiginleg litbrigði en 4 litlaus (svartur/grár/hvítur). Litirnir höfðu verið valdir með jöfnu millibili úr litrófinu samkvæmt litakerfi Munsell sem raðar litbrigðum eftir litbrigði, birtustigi og mettnarstigi.

Á *Mynd 4.1* (bls. 117) má annars vegar sjá Munsell-gildi þeirra lita sem valdir voru til að vinna með í rannsókninni (*4.1a*) og hins vegar þá liti sem þau standa fyrir (*4.1b*). Í neðstu röð *4.1a* eru litbrigðagildi Munsells, valin með jöfnu millibili úr litbrigðahringnum (sbr. *Mynd 2.6*). Í hverri röð er sama gildi (sbr. *Mynd 2.7*) og í hverjum reit er hæsta litgildi (mesta metnun) fyrir það litbrigði og gildi (sbr. *Mynd 2.8*). Í fyrsta dálkinum eru svo litlausu litbrigðin sem skilgreinast sem N (sbr. *Kafla 2.3*).



Mynd 4.1: Munsell-gildi og -litir EoSS-verkefnisins

Annað verkefnið snerist um svokallaðan kjörlit. Þá fékk þátttakandi spjald með öllum litunum á og valdi þann lit sem hann taldi vera besta dæmið um lit fyrir það litaorð sem var nefnt. Listinn sem var notaður var fyrirfram ákveðinn af EoSS og samsvaraði grunnlitalista B&K.

Þriðja verkefnið var svo litblindupróf til þess að greina afbrigði í litaskynjun sem gætu haft áhrif á niðurstöður. Þátttakendur í EoSS tóku próf frá Waggoner

(2002), en þátttakendur í MMMS og LÍS, sem og viðbótar íslensku hóparnir, frá Ishihara (The Isshinkai Foundation 2005). Þeir þátttakendur sem mældust með frávík á þessum prófum voru ekki teknir með í útreikningum á merkingarsviðum, en svör þeirra voru innifalin þegar skoðaðar voru orðmyndunaraðferðir og orðaforði.

4.2 Þátttakendur

Upplýsingar um þátttakendur má sjá í *Töflu 4.1*.

Tungumál	Þáttt. (*)	kk	kvk	Aldursbil	Meðalaldur	Miðgildi
ISL	21 (2)	11	10	19–57	29	25
ISY	22 (0)	12	10	4–10	7	7
ISE	22 (1)	9	13	53–77	65	65,5
ÍTM	21 (0)	14	7	25–59	43	48
NAM – A	51 (7)	15	36	22–97	66	67
NAM – B	44 (5)	13	31	22–85	65	67
ENS	20 (2)	11	9	19–31	22	21
VÍS – A	30 (5)	11	19	44–93	76	78
VÍS – B	29 (4)	12	17	44–92	77	78

*Fjöldi litblindra í hópnum

Tafla 4.1: Fjöldi, kynjaskipting og aldur þátttakenda

Samkvæmt verklagi EoSS var leitað eftir þátttakendum á fyrsta ári í háskóla. Allir þátttakendur í bretlandsenskunni (ENS) í upphaflegu EoSS rannsókninni voru úr þessum hópi og hafa því lægstan meðalaldur af erlendum hópum (22 ár). Flestir þátttakendur í íslenskum hópi EoSS voru valdir eftir þessum viðmiðum, en bæði er aldursamsetning fyrsta árs nema önnur á Íslandi en í Bretlandi og einnig náðist ekki að fylla í áætlaðan fjölda þátttakenda með fyrstaársnemum í háskóla. Því er meðalaldur íslenska hópsins örlítið hærri en hins bretlandsenska (29 ár). Gagngert til samanburðar við upprunalega íslenska hópinn var gögnum safnað af höfundi í yngri hóp (ISY, meðalaldur 7 ár) og eldri hóp (ISE, meðalaldur 65,5 ár).

Þátttakenda fyrir MMMS var leitað í Íslendingafélögum í Kanada og Banda-

ríkjunum. Vegna þess að vesturíslenska er erfðamál sem er við það að deyja út eru málfarar þess allir eldra fólk og meðalaldur því frekar hár (76–77 ár). Þátttakenda fyrir ameríkuensku var leitað við sama tækifæri í sömu málhópum og Vesturíslendingarnir tilheyrðu svo aldur þeirra og meðalaldur fylgir hinum vesturíslensku (65–66 ár). Ástæðan fyrir því að tveir hópar eru skráðir fyrir hvort þessara mála (NAM og VÍS) er að gögnum var safnað fyrir alla upprunalega merkingarflokka EoSS rannsóknarinnar (líkamshlutar, staðsetningar, ílát og litir) en það var gert í tveim ferðum og þátttakendur ekki að öllu leyti þeir sömu í báðum tilvikum.

Þátttakendur í LÍS, málfarar ÍTM, voru fengnir í gegnum Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnarskertra og Félag heyrnarlausra. Vegna smæðar málsamfélagsins var ekki hægt að gera kröfur um aldursbil en aldursdreifingin þar var þannig að meðalaldur er nokkurn veginn mitt á milli ENS og VÍS (43 ár).

Verklag EoSS gerði ráð fyrir að í hverju máli fyrir sig væri safnað gögnum frá tuttugu þátttakendum. Þetta viðmið var haft til hliðsjónar í öllum hópum, þó einhverjir hópar næðu að lokum ekki þeim fjölda vegna einstaklinga með litblindu, nema í VÍS og NAM þar sem allir sem vildu vera með voru teknir inn. Einnig var reynt að hafa kynjatölur jafnar en vegna samsetningar málhópanna og mismunandi viðhorfa til rannsóknarinnar var það ekki alltaf hægt.

4.3 Staðfærsla gagna og verklag

Þegar gerðar eru rannsóknir sem hannaðar eru á öðrum málum en þeim sem ætlað er að rannsaka er nauðsynlegt að þýða og staðfæra öll aðfangsgögn og EoSS rannsóknin er engin undantekning. Þýða þurfti samþykkisblöð og bakgrunnsþurningar, auk þess sem með fylgdi texti sem innihélt upplýsingar sem ætlast var til að rannsakandi kæmi á framfæri við þátttakendur við upphaf rannsókna og á milli einstakra hluta hennar.

Framkvæmd kjörlyta verkefnis EoSS byggist á því að nota þann lista litaheita sem B&K skilgreindu sem grunnlitaheiti við sína rannsókn. Þegar bretlandsenski hlutinn var gerður var notaður listi B&K (*black, white, red, yellow, green, blue, brown, grey, pink, purple, orange*), auk tveggja í viðbót, *cream* og *turquoise*, en það var ákvörðun Linnaeu Stockall sem var umsjónarmaður verkefnisins þar. Þessi

viðbætti listi var einnig notaður í amerísku enskunn, en listinn fyrir ÍTM var byggður á grein Rannveigar Sverrisdóttur og Kristínar Lenu Thorvaldsdóttur frá 2015.

Þegar EoSS rannsóknin var gerð var enginn slíkur listi til fyrir íslensku og því var ákveðið að í stað þess að þýða bara enska listann yrði gerð athugun meðal íslenskumælandi fólks til þess að ákvarða nærtækustu litaheitin í íslensku. Til þess að mynda þennan lista var fólk fengið til að taka þátt í listunarverkefni, en þau eru hentug til þess að finna nærtækustu litaheitin (Corbett og I. R. L. Davies 1997). Það fór þannig fram að þátttakendur fengu tvær mínútur til þess að skrá á blað eins mörg litaheiti og þeir gátu. Síðan var reiknað út hver litaheitanna sem voru á listunum voru almennt efst, það er nærtækust (fólki dettur þau í hug fyrst).

Þegar unnið var úr listunarverkefninu stóðu rannsakendur frammi fyrir mikilvægri ákvörðun. Efstu níu litaheitin sem komu fram litu út fyrir að vera grunnlitaheiti samkvæmt B&K og samsvara þeim ensku (*svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár og bleikur*), en einnig voru mjög ofarlega litaheitin *fjólublár* og *appelsínugulur*. Eins og minnst var á hér að framan (*Kafla 2.2*) eru bæði þessi litaorð vafasöm gagnvart viðmiðum B&K. Við fyrstu sýn virðast þau ekki vera eitt les (sbr. *Aðalviðmið 1*, bls. 23) og vegna þess að þau eru samsett úr öðrum grunnlitaheitum (*blár, gulur*) mætti ætla að þau væru undirheiti þeirra (eins og *sólgulur* er ‘tegund af gulum’ og *himinblár* er ‘tegund af bláum’, sbr. *Aðalviðmið 2*, bls. 23). Dreifingin virðist þó nokkuð jöfn við fyrstu sýn (sbr. *Aðalviðmið 3*, bls. 23) og samkvæmt listaverkefninu virðast þessi tvö litaorð vera vel nærtæk málhöfum (sbr. *Aðalviðmið 4*, bls. 23). Spurningin er því hvort hægt sé að finna fleiri röksemdir þeim til stuðnings.

Textarannsókn gefur frekari vísbendingar um að þessi litaheiti séu ekki skynjuð sem samsett. Samsetningar eru algengar í íslensku og stór hluti orðaforðans er þess eðlis, *Dæmi 4.1*.

- | |
|---|
| <p>4.1 a. <i>blóraböggull, akkilesarhæll</i>
b. <i>Ég sendi tilboð til Jóns</i></p> |
|---|

Í *Dæmi 4.1* eru annars vegar ógegnsæjar samsetningar sem eru greinilega eitt les (*4.1a*, sjá umræðu um viðmið B&K í *Kafla 2.2*) og hins vegar samsetning sem virðist gegnsæ en útilokar ekki að hluti samsetningarinnar sé nýttur til frekari

skilgreiningar á merkingu orðanna (4.1b).

Orðið *tilboð* í *Dæmi 4.1b* er greinilega samsett úr *til* og *boð* (sbr. *að senda boð til e-s*), en forsetningin *til* er ekki skynjuð sem sjálfstæður hluti orðsins svo hægt er að bæta henni aftur við í orðasambandinu. Sama má segja um til dæmis *umsögn* (ég skrifaði **umsögn um** bókina) og *fráhvarf* (*Þessi þróun er fráhvarf frá fyrri gildum*). Merking heildarinnar hefur aðra merkingu heldur en hlutar hennar. Séu *fjólublár* og *appelsínugulur* þess eðlis að *blár* og *gulur* eigi ekki aðild í merkingu þeirra, á sama hátt og *til*, *um* og *frá* eru ekki hluti af merkingu orðanna *tilboð*, *umsögn* og *fráhvarf*, ætti að vera hægt að finna samsetningar með *blár* og *gulur* þar sem *bláfjólublár* væri þá sambærilegt við *blue(ish) purple* og *gulappelsínugulur* við *yellow(ish) orange*, alveg eins og *rauðgulur* er sambærilegur við *red(dish) yellow* og *blágrænn* við *blue(ish) green*.

Í *Dæmi 4.2* eru dæmi um setningar með þessum samsetningum sem fundust við leit í textum. Dæmi um *bláfjólublár* finnast í málheild Árnastofnunar og ritmálssafni Orðabókar Háskólans, einnig við leit á Google.com. Engin dæmi um *gulappelsínugulur* finnast í málheildinni eða ritmálssafninu, en nokkur við netleit. Hér eru tvö dæmi um *bláfjólublár* (4.2a og 4.2b) og tvö um *gulappelsínugulur* (4.2c og 4.2d). Textadæmi úr *Morgunblaðinu* eru merkt með árgangi og tölublaði (.árg.tölubl.bls) en af mbl . is (hér eftir MBLis) eru auðkennd með dagsetningu (.dag.mán.ár).

- 4.2 a. [...] *báturinn eins og rís upp við dogg, en er haldið kyrfilega í skeffjum með ljósbláum og bláfjólubláum litaflekkjum.* (MBL_{90.86.30})
- b. *Til dæmis sé ekkert um blátt grænmeti, ekkert blátt kjöt og fyrir utan bláber og einstaka bláfjólubláar kartöflur er blár ekki til sem náttúrulegur matarlitur.* (MBLis_{19.4.2017})
- c. [...] *eyrnaflaðrir, hálshliðar, efri hluti bringu, kviður, undirstélsblöðkur og undirvængblöðkur eru gulappelsínugular* [...] (Furðufuglar og fylgifyskur 2018)
- d. *Berín hnöttótt, skarlatsrauð til gulappelsínugul.* (Lystigarður Akureyrar 2018)

Alls voru dæmin sem fundust ekki mörg en það virðist þó vera svo að *fjólublár* og *appelsínugulur* vísi í litasvið sem eru ótengd merkingarsviði orðanna *blár* og *gulur* og því hægt að blanda þeim saman, rétt eins og bláum og grænum

(*blágrænn*) eða rauðum og gulum (*rauðgulur*). Þetta er ekki hægt með aðrar samsetningar; **rauðblóðrauður* og **gulsítrónugulur* hljóma ankannalega vegna þess að blóðrauður er tegund af rauðum en stendur ekki utan við rauðan og sama gildir um sítrónugulan og gulan.

Samkvæmt þessum athugunum var ákveðið að gera ráð fyrir að *fjólublár* og *appelsínugulur* væru eitt les hvort (sbr. t.d. *blóraböggull, tilboð*) og að þau væru ekki undirheiti neinna annarra litaheita (sjá t.d. umfjöllun í *Kafla 5.3.11*). Ef þessi ályktun er rétt ættu að koma fram vel merkjanleg svæði þar sem litaorðin *fjólublár* og *appelsínugulur* eru oftast notuð til þess að merkja ákveðin litbrigði og einnig ætti að koma fram ákveðinn kjarni sem fólk er sammála um að velja sem dæmigerðustu eintök þessara hugtakamengja. Þessi svæði og kjarnar ættu svo að vera sambærileg við það sem kemur fram í öðrum málum (til dæmis gögn fyrir *purple* og *orange* í ensku).

Listinn sem notaður var í íslensku var því: *svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár, bleikur, fjólublár, appelsínugulur*. Þegar rannsóknin var gerð í vesturíslensku undir merkjum MMMS veittist ekki tækifæri til þess að vinna slíkan lista sérstaklega svo íslenski listinn var notaður. Orðaforði vesturíslenskunnar reyndist þó annar en hinn íslenski svo þessi listi var ekki alveg nógu gagnlegur, eins og sést betur í *Kafla 4.4*.

Þegar öll aðfangsgögn voru tilbúin var hægt að safna úrvinnslugögnum. Í ISL (öllum aldurshópum) og ENS voru rannsakendur málfarar viðkomandi máls, en rannsakandi í VÍS hópnum hafði íslensku að móðurmáli og rannsakandi í NAM hópnum var málfari bretlandsensku. Rannsakandi í hópi málfara ÍTM var heyrandi tengiliður frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem talaði ÍTM sem annað mál.

Hver þátttakandi skrifaði fyrst undir þátttökusamþykki og svaraði bakgrunnsspurningum (aldur, kyn, fæðingarstaður, menntun, hendi (e. *handedness*) og tungumálakunnátta). Í tilfelli ÍSY skrifaði forráðamaður undir þátttökusamþykkið og fyllti út bakgrunnsspurningar (aldur, kyn, fæðingarstaður og hendi). Litaspjöldunum 84 hafði verið raðað í handahófskennda röð af EoSS, þau fest á glæruspjöld og komið fyrir í glærukassa. MMMS, LÍS og rannsókn höfundar notaði sömu röð.

Spjöldin voru lögð fyrir þátttakendum, eitt og eitt í einu á hlutlausum grunni undir dagsljóssperu og svörin tekin upp til skráningar síðar. Í kjörlitaverkefninu

var þátttakendum sýnt spjald sem hafði alla EoSS litina í fylki svipuðu og á *Mynd 4.1b* og þeir beðnir að velja dæmigerðasta litinn fyrir hvert litaheiti. Litaheitalistarnir voru hver fyrir sig í handahófskenndri röð (sér röð fyrir hvern þátttakanda). Að lokum var litblindupróf. Þátttakendur í EoSS tóku hefðbundið Waggoner próf þar sem lesnar eru tölur út úr mislitum flötum (Waggoner 2002), en allir aðrir tóku Ishihara próf sem felur í sér að sjá út form úr svipuðum mislitum flötum (The Isshinkai Foundation 2005).

Við greiningu á úrvinnslugögnum var einnig farið eftir verklagsreglum EoSS. Þær mæltu svo fyrir að öll litaheiti skyldu smættuð niður í minnstu mögulegu merkingareiningar. Það þýddi að einungis voru skráð litaorð sem gætu verið grunnlitaheiti samkvæmt skilgreiningum B&K (t.d. *grænn*, *blár*), án einkunna eða viðbóta sem þrengja merkingarsviðið (t.d. *ljós-*, *dökk-*) og ósamsett (t.d. *rauðgult* > *rauður*, *gulur*); lánsheiti sem geta talist ein eining (t.d. *órans*, *beis*); og samsett orð sem ekki er hægt að minnka án þess að merkingin tapist (t.d. *brókarlitur*, *ferskjulitaður*). Undantekningar frá þessari reglu voru *ffólublár* og *appelsínugulur*, af þeim ástæðum sem nefndar voru hér að framan. Þessi tvö litaorð voru því ekki smættuð niður eins og önnur litaheiti sem líta eins út, til dæmis *dökksítrónugulur* > *gulur*, en *dökkappelsínugulur* > *appelsínugulur*; *ljóshiminblár* > *blár*, en *ljósfólublár* > *ffólublár*.

Í nafngiftagögnunum var fyrst skráð fullt svar þátttakanda, en síðan dregin út litaorðin samkvæmt verklaginu í dálkinn höfuðsvar, það er það sem eftir var þegar búið var að beita verklagi á fulla svarið. Höfuðsvörin gátu verið mörg fyrir hvert fullt svar, eftir því hvernig þátttakandi nefndi litinn, samanber *Tafla 4.2*.

Fullt svar	Skráð höfuðsvar
Bara ljós... ljósgrænt eða... ætli það sé ljósljósljósljósblátt þá?	<i>grænn</i> ; <i>blár</i>
Þetta er rauðgult, órans.	<i>rauður</i> ; <i>gulur</i> ; <i>órans</i>
Ljósbleikur, þetta er brókarlitur. Ég veit bara ekki hvað hann heitir. Já, bara ljósbleikur.	<i>bleikur</i> ; <i>brókarlitur</i>
Ljós... ljósfólublár.	<i>ffólublár</i>
Ljósgrænn slash lime.	<i>grænn</i> ; <i>lime</i>

Tafla 4.2: Svaraúrvinnsla

Þau orð sem dregin voru úr aðalsvörum þátttakenda og skráð í höfuðsvar kölluðust *höfuðheiti* (e. *main term*). Þannig myndaðist orðalisti fyrir hvern lit í nafngiftaverkefninu sem hægt var að vinna úr. Gerður var samanburður á

þeim gögnum sem safnað var á fimm sviðum: tölfræði, höfuðheiti, ráðandi heiti, merkingarsvið og orðmyndun. Fjallað verður um þennan samanburð í næstu þrem köflum. Í *Kafla 4.4* verður farið í tölfræðileg líkindi nafngifta og kjörlitavals á milli þeirra mála sem eru til umfjöllunar. Í *Kafla 4.5* er orðaforðinn sundurliðaður. Farið verður í gerð þeirra orða sem koma fram í hverju máli fyrir sig þegar hinum orðmyndunarlega niðurskurði hefur verið beitt á þau. Einnig verður fjallað um ráðandi heiti, það er þau orð sem eru algengust í hverjum málhóp fyrir sig. Í *Kafla 4.6* verður svo farið í hvernig þessi litaheiti raða sér í fylki/merkingarsvið, og hugað að því hvort þær orðmyndunaraðferðir sem málin hafa geti mögulega haft áhrif á þá skiptingu. Að lokum er samantekt í *Kafla 4.7*.

4.4 Nafngiftir og kjörlitir

Í þessum kafla verður gerð tölfræðileg samantekt á orðaforða úr nafngiftahluta (*Kafla 4.4.1*) og kjörlitahluta (*Kafla 4.4.2*) EoSS verkefnisins. Annars vegar er þá gerður samanburður á því hvaða spjöld eru kölluð sömu nöfnum og hins vegar hvaða litir eru valdir sem kjörlitir fyrir ákveðið litaorð. Eins og rætt hefur verið hér að framan eru tvær aðal hugmyndir B&K annars vegar að skipting litrófsins á milli mála fylgi ákveðnum línnum og hins vegar að kjarnar þeirra sviða sem falla undir hvert grunnlitaheiti séu mjög líkir. Ef mál hefur til dæmis orð fyrir [RAUÐUR] ætti merkingarsvið þess að ná yfir ákveðið svæði í samræmi við hvaða önnur litahugtök eru nærtæk í málinu og kjarninn sem fólk velur sem dæmigerðasta rauða litinn ætti að vera mjög líkur. Sé spáin rétt myndum við búast við því að fólk nefndi sömu litbrigði sömu nöfnum og líkindi milli nafngifta væru há, og að fólk veldi gegnumgangandi sömu eða mjög svipuð litbrigði sem dæmigerðustu litbrigði fyrir hvert grunnlitaheiti sem nefnt er.

Til þess að sjá hvar skipting litrófsins kemur fram og dæmigerðustu litbrigði standa í íslensku miðað við önnur mál eru nafngiftir og kjörlitaval borin saman við fjögur önnur mál, vesturíslensku, breska ensku, ameríska ensku og ÍTM. Notaðar eru tölfræðilegar aðferðir til þess að mæla fylgni milli úrlausna verkefnanna tveggja.

4.4.1 Nafngiftir

Í nafngiftaverkefningu fengu þátttakendur að sjá litaspjöld, eitt og eitt í einu, og var frjálst að nefna litinn á spjaldinu það sem þeim fannst best eiga við, þó verklag hafi leyft þeim að nota almenn, einföld litaorð. Það var þá á valdi þátttakandans hvort hann sættist á að nýta grófustu skiptinguna með einföldustu litaorðunum (algengast meðal þeirra yngstu) eða vildi finna nákvæmari leið til að lýsa litbrigðinu. Verklag útheimti svo niðurskurð svaranna, eins og rætt hefur verið hér að framan, til þess að einfalda samanburð.

Að fyrirmynd Malt, Sloman o.fl. 1999 og Majid, Jordan og Dunn 2015 var notaður *Pearson fylgnistuðull* (e. *Pearsons correlation coefficient*), en það er formúla til þess að reikna líkindi gagnasafna. Útreikningarnir voru gerðir með forritinu R í Ubuntu fyrir Windows.

Gögnin eins og þau voru eftir skráningu samkvæmt verklagi samanstóðu af listum yfir litaorð sem nefnd voru fyrir hvert spjald. Í *Dæmi 4.3* eru möguleg svör eins þátttakanda fyrir þrjú spjöld.

- 4.3
- a. Spjald 20 – *grænn*
 - b. Spjald 36 – *grænn*
 - c. Spjald 67 – *brúnn*

Til þess að breyta þeim í gögn sem hægt væri að beita Pearson útreikningum á var svörum hvers þátttakanda snúið yfir í tölur sem merktu hvaða spjöld voru nefnd sama nafni og hver ekki með því að bera saman hvert svar við öll önnur svör sama þátttakanda, frá 1 til 84. Svar fyrir spjald 1 var borið saman við spjald 2, 3, 4 ...84, spjald 2 við 1, 3, 4, 5 ...84 og svo framvegis. Þannig fékkst 84×84 reita fylki gilda.

Gildin voru gefin við samanburð svara, 0 fyrir ólík svör en 1 fyrir eins svör, eins og í *Dæmi 4.4*. Fylkið sem til verður inniheldur þá gildin 0 og 1 eftir því

hvort parið sem vísar á reitinn er nefnt sama nafni eða ekki.¹⁷

- 4.4 a. Samanburður á svari fyrir spjald 20 (*grænn*) og spjald 36 (*grænn*) > 1
 b. Samanburður á svari fyrir spjald 36 (*grænn*) og spjald 67 (*brúnn*) > 0
 c. Samanburður á svari fyrir spjald 67 (*brúnn*) og spjald 20 (*grænn*) > 0

Þegar fylki hefur verið gert fyrir hvern þátttakanda eru fylki allra þátttakanda í hverjum málhóp fyrir sig lögð saman og reiknað meðaltal, svipað og í *Dæmi 4.5*.

- 4.5 a. Gildi fyrir samanburð á svari 20/36 í máli A: 1, 1, 0, 1, 1 > 0,8
 b. Gildi fyrir samanburð á svari 20/36 í máli B: 1, 0, 0, 1, 0 > 0,4
 c. Gildi fyrir samanburð á svari 20/36 í máli C: 0, 1, 1, 1, 0 > 0,6

Fyrir hvert mál fengust því 84×84 fylki af meðaltölum frá 0 (reitir sem aldrei voru nefndir með sama heiti) og upp í 1 (reitir sem voru alltaf nefndir með sama heiti). Þessi meðaltalafylki málanna voru því næst notuð til þess að reikna með formúlu Pearson, annars vegar hversu lík fylkin væru og hins vegar hversu líklegt væri að þessi líkindi væru tilviljun. Niðurstaða úr slíkum útreikningi getur verið 1 sem er fullkomin jákvæð fylgni (alveg eins), 0 sem er fullkomið handahóf (ekkert líkt), eða -1 sem er fullkomin neikvæð fylgni (spiegelmynd).

Ólíklegt er að neikvæð fylgni komi fram í þessum málhópasamanburði en séu nafngiftamynstrin lík eins og B&K spá fyrir um ætti að koma fram há jákvæð fylgni. Reyndar eru líkindi á milli mála mest í merkingarsviðum litaheitanna í samanburði við hina merkingarflokkana sem EoSS rannsakaði (Majid, Jordan og Dunn 2015) eins og kemur fram hér á eftir. Hér á eftir verður fyrst farið yfir líkindaútreikninga á milli málhópanna (sbr. *Tafla 4.1*, bls. 118) en vegna eðlis þeirra niðurstaða sem þar koma fram verður þar næst rætt lítilega um tölfræðilega marktækni almennt og leiðréttingar á tölfræðiútreikningum.

Í *Töflu 4.3* má sjá líkindasamanburð íslensku við ÍTM, vesturíslensku og enskuafbrigðin tvö. Þar sést að líkindi eru mest á milli íslensku og ÍTM, en

¹⁷ Það sem hér er kortlagt er því einungis hvaða reiti þátttakandi kallar sama nafni, en ekki hvar svið nafnanna liggja. Þar sem tvö eða fleiri skráð svör eru fyrir reit fær reiturinn gildið 1 ef eitthvert þeirra er það sama og það svar sem borið er saman við, til dæmis ef svar við reit A er „rauður“ en svör við reit B er „gulur, rauður“ fær sá samanburður gildið 1.

minnst á milli íslensku og bresku enskunnar.

<u>Málapar</u>	<u>Líkindi</u>
ÍSL-ÍTM	0.9461164
ÍSL-VÍS	0.9204625
ÍSL-NAM	0.9198305
ÍSL-ENS	0.9110389

Tafla 4.3: Samanburður á ÍSL við ÍTM, VÍS, NAM og ENS

Í *Töflu 4.3* sést tvennt sem er vert að hafa í huga í sambandi við samanburði á tungumálum. Annars vegar eru landafræðilegar aðstæður, í þessu tilfelli þau líkindi sem virðast vera með tveim málhópum á sama svæði (ÍSL – ÍTM). Hins vegar eru málaðstæður, svo sem skyldleiki á milli mála, en næst á eftir ÍTM í líkindum við íslenskuna er vesturíslenskan. Minnst líkindi eru svo á milli íslensku og enskuafrigðanna tveggja.

Málsamfélagslíkindin koma einnig fram þegar líkindi vesturíslenskunnar við aðra málhópa eru skoðuð, *Tafla 4.4*. Í þeim samanburði er vesturíslenskan líkust amerísku enskunni enda bæði á sama málsvæði, en athygli vekur einnig að vesturíslenskan er örlítið líkari ÍTM en íslenskunni. Vesturíslenskan virðist því í samanburði við hin málin vera líkust máli í sama málsamfélagi (NAM) en líkari alls óskyldu máli (ÍTM) heldur en skyldu (ÍSL) í sama málsamfélagi (og minnst lík afbrigði sama máls og hún deilir samfélagi með).

<u>Málapar</u>	<u>Líkindi</u>
VÍS-NAM	0.945041
VÍS-ÍTM	0.9277529
VÍS-ÍSL	0.9204625
VÍS-ENS	0.9004094

Tafla 4.4: Samanburður á VÍS við NAM, ÍTM, ÍSL og ENS

Þegar þessi samanburður er gerður út frá enskuafrigðunum tveim í *Töflu 4.5* skiptir um. Þar eru afbrigðin tvö (NAM – ENS) líkust innbyrðis (skyld mál í ólíkum málsamfélögum). Hins vegar kemur vesturíslenskan næst í líkindum við amerísku enskuna (NAM – VÍS, sama málsamfélag) og því næst ÍTM og íslenskan er minnst lík amerísku enskunni (NAM – ÍSL, 4.5a). Aftur á móti er breska enskan

líkari bæði íslenskunni og ÍTM heldur en vesturíslenskunni (ENS – ÍSL, ÍTM, VÍS 4.5b).

Málapar	Líkindi	Málapar	Líkindi
NAM-ENS	0.9454424	ENS-NAM	0.9454424
NAM-VÍS	0.945041	ENS-ÍSL	0.9110389
NAM-ÍTM	0.9335578	ENS-ÍTM	0.9088874
NAM-ÍSL	0.9198305	ENS-VÍS	0.9004094
(a) NAM		(b) ENS	

Tafla 4.5: Samanburður á NAM/ENS við ÍTM og ÍSL

Við fyrstu sýn virðist því vera svo að tungumálið ráði stundum (ENS – NAM) en landsvæði stundum (NAM – VÍS, ÍSL – ÍTM) en ein vídd er í gögnunum í viðbót. Það er aldur þátttakenda, en dágóður munur er á meðalaldri elstu og yngstu hópanna meðal þeirra sem hafa verið skoðaðir hingað til (sjá *Töflu 4.1*).

Í íslensku var frekari gögnum safnað í tveim hópum íslenskra málhafa, annars vegar yfir fimmtíu ára (ÍSE) og hins vegar fjögurra til tíu ára (ÍSY). Meðalaldur eldri hópsins er 65 ár en yngri hópsins 7 ár. Í *Töflu 4.6* (bls. 128) er samanburður á þessum íslensku hópum og gefur hún ákveðnar vísbendingar um áhrif aldurs á líkindi nafngifta.

Málapar	Líkindi
ÍSE-ÍSL	0.9506813
ÍSL-ÍSY	0.9242708
ÍSY-ÍSE	0.9181927

Tafla 4.6: Samnaburður á ÍSE, ÍSL og ÍSY

Svo virðist sem að miðhópurinn (ÍSL, meðalaldur 29 ár) sé líkari eldri hópnum (ÍSE, meðalaldur 65 ár) en þeim yngri (ÍSY, meðalaldur 7 ár) og elsti og yngsti hópurinn eru ólíkastir. Í þessum hópasamanburði hefur aldur mögulega áhrif. Til dæmis gæti hann skýrt það að vesturíslenskan var líkari ÍTM heldur en íslensku, þar sem meðalaldur ÍTM hópsins er nær meðalaldri vesturíslenska hópsins (sbr. *Tafla 4.4*).

Í *Töflu 4.7* er samanburður á elsta íslenska hópnum við hina hópana.

Málapar	Líkindi	Meðalaldur
ÍSE-ÍTM	0.9579952	65 – 43
ÍSE-VÍS	0.9530509	65 – 77
ÍSE-ÍSL	0.9506813	65 – 29
ÍSE-NAM	0.9390287	65 – 56
ÍSE-ÍSY	0.9181927	65 – 7
ÍSE-ENS	0.9097779	65 – 22

Tafla 4.7: Samanburður á ÍSE við aðra málhópa

Efst í líkindum við ÍSE í *Töflu 4.7* eru ÍTM (sama málsamfélag, meðalaldur í efra lagi), VÍS (skyldt mál, meðalaldur í efra lagi) og ÍSL (sama mál, miðlægur meðalaldur), en síðan koma NAM (annað tungumál, meðalaldur í efra lagi), ÍSY (sama tungumál, lágur meðalaldur) og ENS (annað tungumál, miðlægur meðalaldur). Hér er til dæmis áhugavert að þrjú hópar úr öðrum málum (ÍTM, VÍS, NAM) sem hafa meðalaldur nær ÍSE eru líkari þessum eldri íslenska hópi heldur en yngsti íslenski hópurinn (ÍSY).

Það sama er hins vegar ekki uppi á teningnum þegar skoðaður er samanburður við yngsta íslenskumælandi hópinn, *Tafla 4.8*.

Málapar	Líkindi	Meðalaldur
ÍSY-NAM	0.9457269	7 – 56
ÍSY-ENS	0.9354765	7 – 22
ÍSY-ÍTM	0.9256414	7 – 43
ÍSY-ÍSL	0.9242708	7 – 29
ÍSY-ÍSE	0.9181927	7 – 65
ÍSY-VÍS	0.919871	7 – 77

Tafla 4.8: Samnaburður á ÍSY við aðra málhópa

Í *Töflu 4.8* sýnast líkindin mest við erlendu málin tvö (ENS, NAM) en minnst við elstu hópana í sama máli og mjög skyldu máli (ÍSE og VÍS). Annars vegar mætti ætla að hér hafi enskan einhver áhrif, enda mikið af afþreyingu íslenskra ungmenna á ensku. Hins vegar væri eins hægt að segja að þetta sýndi fram á þróun íslenskra litahugtaka í áttina að þeim stað sem enskan er á nú (sjá *Kafla 4.5* og *Kafla 4.6*).

Í samanburði málanna koma einnig fram önnur mynstur, til dæmis sýna

vesturíslenskan og yngsti íslenski hópurinn mjög svipuð líkindi við ameríska ensku, NAM-VÍS 0.945041, NAM-ÍSY 0.9457269, og mætti aftur benda á enskuna. En þessi pörun kemur líka fram í samanburði við ÍTM, ÍTM-VÍS 0.9277529, ÍTM-ÍSY 0.9256414, og er þá möguleiki að um sé að ræða eitthvað í eðli þessara málhópa, til dæmis hvað varðar málstig (barnamál, minnihlutamál, erfðamál).


Það er samt mjög hæpið að ætla að fara að lesa mikið í þessi sambönd sem greinilega eru flókin, vegna þeirrar einföldu ástæðu að þessi nafngiftamynstur eru, þegar öllu er á botninn hvolft, tölfræðilega öll eins. Til að reikna líkur á því að röðunin væri marktæk var einnig notaður Pearson útreikningur. Í slíkum útreikningum er byrjað með núlltilgátu (T_0) sem er „leiðinlega niðurstaðan“, í þessu tilfalli að nafngiftamynstur málhópanna séu ekkert lík, eða að líkindi þeirra séu handahófskennd. Í rauninni er verið að skoða þá tilgátu að líkindi þeirra séu ekki komin til vegna handahófs (T_1). Til þess að skilgreina marktækar niðurstöður er yfirleitt stuðst við $p < 0,05$, en p -gildið skilgreinir í raun þá prósentu vafa sem óhætt er að gefa sér um niðurstöðurnar. Sé miðað við að p sé undir 0,05 þýðir það að niðurstaðan sé talin 95% örugg.

Líkindareikningur var gerður á málapörum, þannig að hvert mál var borið saman við öll hin og reiknað út hversu líklega mætti fella núlltilgátuna. Í hverjum einasta útreikningi var útkoman sú sama, eða $2.2^e - 16$, sem ku vera jafngildi 0.0000000000000022. Það er því óhætt að segja að núlltilgátan sé felld, fylgni milli tungumálaparanna er mjög sterk og því ekki mikill munur á milli þeirra.

Til samanburðar má geta þess að líkindareikningur milli eins málhóps og handahófsfylkis af sömu stærð gaf p -gildið 0.1438 og líkindin -0.01750934 (neikvæðrarfylgnimegin við núllið). Það þýðir að líkindin eru lág (0 er fullkomin handahófsuppröðun) og p -gildið of hátt til þess að við getum sagt að um sé að ræða marktæk líkindi (núlltilgátan er ekki felld). Einnig gefur samanburður tveggja handahófsfylkja p -gildið 0.4805, sem þýðir einungis 50% öryggi um að geta felld núlltilgátuna, og líkindin eru 0.008450445, sem er mjög nálægt handahófsnúllinu. Tölfræðin hér er því tilgátu B&K um einsleita kjarna mjög í hag.

4.4.2 Kjörlitir


Í útreikningi á meðaltali kjörлита er notast við **beindir** (e. *vectors*) og meðaltal þeirra eins og litirnir raðast í EoSS fylkinu, *Mynd 4.2* (sbr. *Mynd 4.1*, bls. 117).



Mynd 4.2: Fylki EoSS litanna til að reikna beindir

Hvert svar er skráð sem beind í þessu fylki, t.d. 1.1 (fyrsti dálkur, fyrsta röð) eða 12.4 (tólfti dálkur, fjórða röð). Fyrir hvert svar fæst því ákveðinn punktur, eða beind, í fylkinu eins og hnit í hnitakerfi. Meðaltal punktanna er síðan reiknað til þess að finna þungamiðju svaranna svo að ef að svör fyrir ákveðið litaheiti dreifðust á milli 1.1 og 1.2, til dæmis, gæti lokabeind fyrir það litaheiti verið 1.15.

Á *Mynd 4.3* eru meðaltalspunktar fyrir kjörlitaval þátttakenda þar sem búið er að reikna þungamiðju hvers hugtaks sem spurt var um í hverju máli fyrir sig.



Mynd 4.3: Kjarnar hugtaka sem birtast í vali á kjörlit

Þar sem allir velja sama lit eru punktarnir á sama stað (t.d. *hvítur*) en þegar val þátttakenda á kjörlit dreifist meira færast punktarnir meira í sundur (t.d. *fjólublár*). Tvær þyrpingar eru ekki sérmerktar málunum, en það eru *hvítur* þar sem svo gott sem allir völdu sama reit sem kjörlit fyrir það litaheiti og *rauður* þar sem valkjarnar málhópanna eru nærri eins. Einnig er *svartur* einungis merkt þar

sem kjarni málhópsins er frábrugðinn annars einsleitu vali á kjörlit fyrir *svartur*. Þéttustu þyrpingarnar eru *hvítur*, *rauður*, *grár*, *gulur*, *grænn* og *blár*, en *brúnn*, *appelsínugulur*, *bleikur* og *fjólublár* dreifast yfir víðara svæði.

Í flestum tilfellum er val allra íslensku hópanna (ÍSE, ÍSL, ÍSY) mjög nálægt hinum sem er í samræmi við spá B&K um einsleita kjarna litahugtaka. Áberandi afbrigði hér eru annars vegar val á kjörlit fyrir *svartur* – dekkri litbrigði valin fyrir litlaust – og hins vegar val þátttakenda í VÍS á kjörlit fyrir *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* – kjarnar utan viðbúinna svæða.

Í tilfelli dreifingar *svartur* er líklegast um að ræða aldursáhrif. Elstu hóparnir tveir, ÍSE og VÍS, fara lengst til hægri frá „alvöru svörtum“ í reit Do, síðan koma næstu tveir hópar í aldri, NAM og ÍTM, og einnig fer val þátttakenda í yngsta hópnunum (ÍSY) aðeins út úr litlausa dálkinum. Þessi tilhneiging að villast á dekkstu reitunum er þó ekki einsdæmi meðal elstu hópanna, eins og sjá má í *Töflu 4.9*. Dálkur Do er sá dálkur sem viðbúið væri að fengi flestar tilnefningar til þess að heita svartur (sbr reitur Do á *Mynd 4.1*, bls. 117).

D	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
ÍSE	20	1		1	2	6	6							1
ISL	5					1								
ÍSY	20				1	2	4							
ÍTM	15				8	6	4	1						1
ENS	8				4	2	1	2						
NAM	36				11	15	13	8	1		1	2	1	

Tafla 4.9: Dreifing *svartur* í nafngiftum

Þó flest dæmi um að reitir utan Do sem séu nefndir svartur komi fyrir í VÍS er greinilegt að reitir D4-6 (dekkstu brúngrænu litbrigðin, sbr. *Mynd 4.1*) vefjast fyrir þátttakendum í öllum málum og á öllum aldri (nema í ÍSL hópnunum sem nánast hvergi sá neitt svart, sjá *Kafla 4.6*), en hinir elstu fara frekar inn á dekkstu litbrigðin við val á kjörlit fyrir [SVARTUR].

Skringilegar staðsetningar vals á kjörlit fyrir orðin *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* meðal þátttakenda í VÍS hópnunum skýrast hins vegar með því að þeir hafa ekki tilfinningu fyrir því hvað orðin þýða, enda notuðu þeir almennt *pink*, *purple* og *orange* fyrir þau litbrigði sem Íslendingar kalla bleik, fjólublá

og appelsínugul. Sumir giskuðu á að *bleikur* ætti eitthvað skylt við *black* og því færðist miðja *bleikur* í VÍS svo langt frá hinum (sjá *Mynd 4.3*, bls. 131), en orðhlutarnir *fjólú-* og *appelsínu-* gáfu á hinn bóginn nægilegar vísbendingar til þess að vesturíslenskir þátttakendur rötuðu nokkurn veginn á rétt svæði.

Þrátt fyrir undantekingarnar eru þessar niðurstöður einnig að mestu leyti í samræmi við það sem B&K myndu gera ráð fyrir. Hins vegar koma áhugaverð mynstur í ljós þegar nánar er litið á þann orðaforða sem kemur fram hjá þessum málhópum, bæði hvað varðar hegðun orðaforða almennt sem og sérstöðu málhópanna í litanafngiftum.

4.5 Sundurliðun orðaforða

Í kaflanum hér á undan var fjallað um mynstur í nafngiftum. Lítil munur virðist á því hvernig fólk notar grunnorðaforðann til þess að merkja litbrigði. Þegar nöfnin sem litbrigðunum eru gefin eru smættuð niður eins og hægt er koma fram ákveðin mynstur sem eru mjög lík á milli mála. Þessi mynstur sýna þó einungis að hve miklu leyti málin nefna sömu litbrigði sömu nöfnum en segja mjög lítið um eðli nafnanna sjálfra, litaorðaforðans. Fimm þættir litaorðaforðans verða skoðaðir:

1. **Fjöldi og eðli höfuðheita.** Það eru einstök litaheiti sem skráð eru sem höfuðsvör eftir smættun samkvæmt staðfærðu verklagi EoSS.
2. **Fjöldi og eðli ráðandi heita.** Það eru einstök litaheiti sem eru með flestar tilnefningar á listum yfir nafngiftir fyrir hvert litbrigði fyrir sig.
3. **Fjöldi og eðli hlutaheita.** Það eru einstök litaheiti sem eru einnig hlutaheiti.
4. **Fjöldi og eðli lánsorða.** Það eru einstök litaheiti sem fengin hafa verið að láni úr öðru máli en því sem þátttakandi talar sem fyrsta mál. Hér eru einungis talin þau orð sem málhafar virðast grípa til við þetta tækifæri, til dæmis *tan* eða *lime* í íslensku, en ekki talin með tökuorð á borð við *krem* eða *appelsína* sem hafa verið í málinu í lengri tíma.
5. **Fjöldi villna.** Það er fjöldi tilfella þegar ekkert svar er gefið eða svar inniheldur ekki litaheiti sem hægt er að skrá.

Þegar þessir þættir eru bornir saman kemur fram meiri munur á milli málhópnum. Fjöldi höfuðheita er mjög mismunandi, langmestur í norðurameríska hópnum, en minnstur í íslenska hópnum úr EoSS. Hópar ráðandi heita eru hins vegar mun minni en munur er samt á milli mála á því hvaða litaheiti koma fram sem ráðandi. Eðli hlutaheita er einnig ólíkt á milli mála, í ensku mest núllafleidd nafnorð en samsetningar í íslensku. Lánorð eru áberandi flest í vesturíslenskunni, sem gefur vísbendingar um málþróun meðal málhafa hennar. Að lokum gefa þau svæði þar sem málhafar treysta sér ekki til að svara í skyn að það sé mismunandi milli kynslóða fremur en málhópa hvar óvissusvæði eru í litrófinu hvað varðar nafngiftir.

4.5.1 Höfuðheiti

Höfuðheiti eru þau litaorð sem eru eftir þegar búið er að beita þeim úrvinnslureglum sem EoSS setti fram. Þau litaorð teljast merkingarlega sjálfstæð, það er litamerking þeirra er ekki samsett (sbr. *Kafla 4.3*). Það er að ekki er hægt að skilgreina merkingu þeirra út frá hlutum orðsins. Þannig myndu til dæmis *rauður*, *beis* og *tyggjólitur* öll teljast til höfuðheita, en *ljósrauður* (*rauður*), *gulbeis* (*gulur*, *beis*) og *tyggjoblekur* (*bleikur*) ekki. Í *Töflu 4.10* sést fjöldi höfuðheita í málhópnum sjö.

Fjöldi höfuðheita													
NAM	92	VÍS	62	ENS	54	ÍTM	52	ÍSE	51	ÍSY	32	ÍSL	26

Tafla 4.10: Fjöldi höfuðheita í málhópnum sjö

Greinilega er mikill munur á því milli mála hversu mörg sérstæð heiti koma fram í nafngiftagögnunum. Af öllum málhópnum hefur ÍSL hópurinn fæst, 26, og íslensku hóparnir þrír eru neðstir á listanum, en ameríska enskan er efst með 93 sérstæð heiti, vel yfir þrisvar sinnum fleiri sérstæð heiti heldur en neðsti hópurinn. Það virðist við fyrstu sýn merkilegt með tilliti til þess sem kom fram í *Kafla 4.4* hér að framan, en þar virtust nafngiftamynstrin vera svo gott sem eins.

Þá er ástæða til að skoða dreifingu þessara litaheita. Í *Töflu 4.11* má sá hlutfall svarsins *grænn*/GRÆNN/*green* af heildarfjölda svara fyrir hvern málhóp.

	NAM	VÍS	ENS	ÍTM	ÍSE	ÍSY	ÍSL
'grænn'	986	576	406	571	566	472	494
svör alls	4.124	2.419	1.592	2.161	2.110	1.942	1.895
% af heild	23,9	23,4	25,5	26,7	26,8	23,9	26,1

Tafla 4.11: Hlutfall svarsins 'grænn' af heildarfjölda svara

Eins og sést í *Töflu 4.11* er tíðni svara sem eru skráð sem *grænn* eftir úrvinnslu svaranna (*green, dark green, lime green*; GRÆNN, DIMMGRÆNN, MOSAGRÆNN; *grænn, ljósgrænn, blágrænn* o.s.frv.) hátt hlutfall heildarsvara, eða að meðaltali 25,2% af heildarfjöldanum.

Ef skoðuð eru efstu fjögur litaheitin á tíðnilistum þessara málhópa eru það í öllum tilfellum nema einu sömu fjögur: *grænn*/GRÆNN/*green, blár*/BLÁR/*blue, fjólublár*/FJÓLUBLÁR/*purple* og *bleikur*/BLEIKUR/*pink*, *Tafla 4.12*.

	1	2	3	4
NAM	green	blue	pink	purple
VÍS	grænn	blár	rauður	purple
ENS	green	blue	purple	pink
ÍTM	GRÆNN	BLÁR	BLEIKUR	FJÓLUBLÁR
ÍSE	grænn	blár	bleikur	fjólublár
ÍSL	grænn	blár	fjólublár	bleikur
ÍSY	grænn	blár	bleikur	fjólublár

Tafla 4.12: Höfuðheiti í sætum 1–4 á tíðnilistum

Hópurinn sem sker sig úr í *Töflu 4.12* er VÍS, en þar eru í efstu fjórum sætunum *grænn, blár, fjólublár* og *rauður*, en hlutföllin eru þau sömu; þessi efstu fjögur litaheiti eru að meðaltali 62,64% af heildarfjölda skráðra höfuðsvara (sjá *Kafla 5.3.3* fyrir nánari umfjöllun um orðaforðadreifingu).

Eftir efstu fjögur litaheitin á listunum fer tíðnin minnkandi og hlutfall næstu fjögurra er samanlagt að meðaltali einungis 19,83% af heildarfjölda skráðra höfuðsvara. Á því bili eru málhóparnir líka ólíkir með tilliti til litaorðanna sem þar fá sæti. Í *Töflu 4.13* má sjá þau höfuðheiti sem eru í sætum 5–8 í tíðni.

	5	6	7	8
NAM	orange	yellow	brown	red
VÍS	pink	gulur	brúnn	svartur
ENS	brown	yellow	orange	grey
ÍTM	GULUR	RAUÐUR	APPELSÍNUGULUR	HVÍTUR
ÍSE	gulur	rauður	brúnn	grár
ÍSL	brúnn	gulur	grár	rauður
ÍSY	brúnn	gulur	appelsínugulur	rauður

Tafla 4.13: Höfuðheiti í sætum 5–8 á tíðnilistum

Hér eru enn þá einungis litaorð sem myndu teljast samsvarandi einhverjum af þeim ellefu litaheitum sem B&K skilgreindu sem grunnlitaheiti. Almennt eru algeng heiti svipuð á milli málhópa, svo sem *gulur*, *brúnn*, *rauður* og *grár*, en almennt eru listarnir sundurleitari en í *Töflu 4.12* (bls. 135). Eins og *purple* laumar sér inn á vesturíslenskulistann þar er *pink* á listanum hér og eru vísbendingar um mismuninn á íslenska og vesturíslenska grunnlitaheitalistanum, þar sem ensk heiti hafa greinilega sama eða sambærilegan sess í orðaforða Vesturíslendinga.

Eftir áttunda sætið fer að sjást meiri fjölbreytni í tíðnilistunum, þegar algeng aukheiti eins og *turquoise* og *lilla* fara að koma fram. Þá gætir einnig meiri áhrifa skráningaradferðarinnar, það er að skera niður allar samsetningar sem hægt er. Öll þau heiti sem komast inn á listann hér eftir eru ósamsett í ensku og vesturíslensku (t.d. *teal*, *mauve*) en samsett í íslensku og ÍTM (t.d. *graslitur*, *HÚÐLITUR*). Í *Töflu 4.14* (bls. 137) má sjá þau litaheiti sem eru í sætum 9–15 á tíðnilistum höfuðheita. Af aukheitum kemst *turquoise* efst á lista í NAM í 10. sæti, en efst í íslensku er *lilla* í ÍSL hópnunum í 11. sæti. Grunnlitaheiti lendir neðst á lista í NAM, en þar er *black* í 15. sæti.

	9	10	11	12
NAM	grey	turquoise	white	teal
VÍS	orange	hvítur	green	grár
ENS	turquoise	red	white	peach
ÍTM	BRÚNN	GRÁR	BRÚNN_2	SVARTUR
ÍSE	\	hvítur	svartur	appelsínugulur
ÍSL	appelsínugulur	hvítur	lilla	húðlitur
ÍSY	\	hvítur	grár	svartur

	13	14	15
NAM	mauve	peach	black
VÍS	blue	yellow	bleikur
ENS	black	lilac	maroon
ÍTM	BRÚNN_1	GRÁR_2	HÚÐLITUR
ÍSE	lilla	túrkis	órans
ÍSL	svartur	ferskjulitur	beige
ÍSY	andlitslitaður	andlitslitur	graslitur

Tafla 4.14: Höfuðheiti í sætum 9–13 á tíðnilistum

Hlutfall fimmtán efstu litaheita af heildarsvörum (*Töflur 4.12–4.14*) er í NAM 85,98%, en meðalhlutfall milli allra hópanna er 93,89%. Það þýðir að fyrstu fimmtán algengustu litaheitin á hverjum tíðnilista fyrir sig eru að meðaltali rúmlega 90% allra skráðra höfuðsvara. Á NAM listanum eru það því til dæmis 78 höfuðheiti sem hafa samanlagða tíðni um 15% heildarsvara, en 15 um 85%.

Í *Töflu 4.14* má einnig sjá þrennt í viðbót sem kemur frekar við sögu í næstu köflum en sést í *Töflu 4.14*. Í fyrsta lagi erlend litaheiti sem eru algeng í VÍS (sjá *Kafla 4.5.4* og *4.6.2*), í öðru lagi samkeppni táknaafbrigða í ÍTM (sjá *Kafla 4.6.2*), og í þriðja lagi að í ÍSE og ÍSY komast núllsvör á lista yfir algengustu svör í nafngiftaverkefnunum (sjá *Kafla 4.6.3*). Hins vegar eru þau litaheiti sem eru í allra efstu sætunum mjög oft þau sömu yfir alla málhópa.


4.5.2 Ráðandi heiti

Misræmið í hlutfallsfjölda litaheitanna innan málanna, þar sem lítill hluti orðaforðans er í miklum meirihluta, speglast í fjölda ráðandi heita. Í nafngiftagögnunum eru ráðandi heiti þau litaheiti sem eru efst á lista í tíðni fyrir hvert litaspjald eftir að búið er að skera niður samkvæmt verklagi EoSS. Fjöldi þessara heita sést í *Töflu 4.15* (bls. 138). Þar sést að fyrir 84 litaspjöld voru flest ráðandi heiti unnin úr nafngiftagögnunum þrettán (NAM) og fæst ellefu (VÍS, ÍTM, ÍSE, ÍSL). Það er þegar tekin eru einungis þau litaheiti sem eru efst á tíðnilista fyrir hvern þessara 84 lita er lokalistinn takmarkaður fjöldi algengustu litaheitanna.

	Fjöldi
NAM	13
ENS	12
VÍS	11
ÍTM	11
ÍSE	11
ÍSL	11
ÍSY	11


Tafla 4.15: Fjöldi ráðandi heita

Miðað við dreifingu höfuðheitanna mætti ætla að hér sé um að ræða þau ellefu litaheiti sem tíðrætt hefur verið um — *svartur*, *hvítur*, *rauður*, *gulur*, *grænn*, *blár*, *brúnn*, *grár*, *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* — plús einhver fleiri í NAM og ENS. Málið er hins vegar ekki svo einfalt. Í ÍSL hópnum er um að ræða tíu af ellefu grunnlitaheitum, en *svartur* kom ekki fram sem ráðandi heiti. Þátttakendur í þessum hópi nefndu dekksta litlausa spjaldið (Do) mun oftast grátt en svart (sbr. *Tafla 4.9*, bls.132). Í staðinn fyrir *svartur* eins og búast mætti við er ellefta ráðandi heitið í ÍSL hópnum *húðlitur*. Þetta heiti var ráðandi í reit A2, *Mynd 4.4*.




Mynd 4.4: „húðlitur“ (A2)

Í ENS hópnum kom *black* ‘svartur’ ekki heldur fram sem ráðandi heiti eins og viðbúið væri, en ellefta og tólfsta heitið sem komu fram voru tvö aukheiti. Annars vegar *peach* í reit A2 (eins og *húðlitur* í ÍSL) og hins vegar *maroon* í reit D1 (sbr. *Mynd 4.1*, bls. 117), *Mynd 4.5* (bls. 138).



Mynd 4.5: „peach“ (A2) og „maroon“ (D1)

Í NAM komu öll ellefu grunnlitaheiti B&K fram, sem og aukheitin *peach* í reitum A2 (eins og í ENS) og A3, og *turquoise* í reit B12 (sbr. *Mynd 4.1*, bls. 117), *Mynd 4.6*.



Mynd 4.6: „*peach*“ (A2, A3) og „*turquoise*“ (B12)

Í öllum hinum hópunum (VÍS, ÍTM, ÍSE og ÍSY) voru ráðandi heiti ellefu og samsvöruðu grunnlitaheitum B&K. Hér er niðurstaðan því sú að þrátt fyrir mikinn mun í orðaforða sem er til umráða (eins og hann lítur út eftir að hafa verið meðhöndlaður eftir aðferðum EoSS) er að mestu sami afmarkaði hópur samsvarandi litaorða notaður til þess að merkja litrófið.

Áhugaverðasti reiturinn/litbrigðið í þessum þætti virðist vera A2 (Munsell: 10R 8/6, HEX: #EEBBAA, RGB: 238-187-170) og þá helst frá félagslegu sjónarmiði (sjá t.d. Zimmermann o.fl. 2015). Í nútímafjölmenningsarsamfélagi er ekki talið stætt á því að þessi ljósbrúnbleiki litur sé einn kenndur við húðlit og í ensku, til dæmis, hefur *peach* leyst *flesh/skin colour* alveg af hólmi (eins og sést í nafngiftum í NAM og ENS hópunum). Í íslensku má sjá áhugaverða þróun þessa heitis og merkingarlega skyldra heita í *Töflu 4.16*.

ÍSE		ÍSL		ÍSY	
bleikur	13	húðlitur	8	bleikur	6
beis/beige	3	bleikur	5	andlitslitaður	5
brúnn	3	beige	3	andlitslitur	3
húðlitur	2	appelsínugulur	3	húðlitaður	2
beislitur	1	ferskulitur	2	appelsínugulur	1
brókarlitur	1	brúnn	2	brúnn	1
gulur	1	andlitslitur	1	skinnlitur	1
hvítur	1	apríkósulitur	1	tan	1
kremlitaður	1	gulur	1		
rauður	1	hvítur	1		

Tafla 4.16: Samanburður á nafngiftum í ÍSE, ÍSL, og ÍSY fyrir reit A2

Eins og sést kom litaheitið *húðlitur* mjög sjaldan fyrir í elsta íslenska hópnum (ÍSE), einungis með tvær tilnefningar, en *bleikur* vinnur þar með þrettán. Í miðjuhópnum (ÍSL) er *húðlitur* efstur á blaði með átta tilnefningar, en *bleikur* kemur næstur með fimm. Í yngsta hópnum er *bleikur* aftur kominn á toppinn, með sex tilnefningar og *húðlitur* kemur ekki fram. Hins vegar, ef talin eru saman heiti sem fylla sama merkingarsvið, [LITUR HÚÐAR] (*andlitslitaður*, *andlitslitur*, *húðlitaður*, *skinnlitur*), eru þau með langflestar tilnefningar, eða ellefu talsins.

Þróun þessa hugtaks og merkimiðans sem því fylgir er því áhugaverð, þar sem merkimiðinn kemur fram hjá ákveðnum aldurshópi (í kringum aldur ÍSL hópsins) en er dæmdur óhæfur til notkunar vegna samfélagslegra tenginga. Meðal yngri málhafa koma því fram áhrif áróðurs sem farið hefur af stað í nafni pólitískrar rétthugsunar þar sem þeir forðast að nota þann merkimiða sem eldri málhöfum hefur tamist að nota fyrir þennan lit (sjá Zimmermann o.fl. 2015). Merkingarþörfin virðist þó enn til staðar, það er að segja að þetta ákveðna merkingarsvið, [MINN HÚÐLITUR], hefur enn þýðingu fyrir málhafana og vegna þess að þessi ákveðni merkimiði, *húðlitur*, er bannaður nýta þeir aðrar aðferðir til þess að merkja það með því að nýta skylda merkimiða, svo sem *andlitslitaður* eða *skinnlitur*. Með tilliti til „óæskilegra hugtaka“ er þörf á útskýringum til barna um merkingu og samhengi fremur en tilskipunum um hvaða orð má eða má ekki segja því þau eru einungis merkimiðar fyrir hugtök sem eru skynjuð sem vandamál.

Það er því einnig ljóst að á jöðrum þeirra litahugtaka sem eru allsráðandi ([SVARTUR], [RAUÐUR], [GRÆNN] o.s.frv.) eru litbrigði sem merkt eru af hluta málhafa gegnumgangandi á milli mála (sbr. reitir A2-A3) en þau hugtök sem þau eru tengd við eru breytileg og breytanleg eins og sést á þróuninni [HÚÐLITUR] > [FERSKJULITUR].

4.5.3 Hlutaheiti

Í hópi hlutaheitanna er aftur ráðandi fjölbreytni fremur en einsleitni. Í *Töflu 4.17* má sjá fjölda hlutaheita í hverjum málhóp. Þau eru áberandi fæst í ÍSL, 5,

en áberandi flest í NAM, 54, eða nærri ellefu sinnum fleiri en í ÍSL. Þessi mikli munur kemur fram af ýmsum ástæðum sem hafa að gera með eðli tungumálanna, samsetningu þátttakendahópanna (t.d. aldur þeirra) og aðferðir í framkvæmd rannsóknarinnar.

	Fjöldi
NAM	54
ENS	31
VÍS	25
ÍTM	20
ÍSE	17
ÍSY	10
ÍSL	5

Tafla 4.17: Fjöldi hlutaheita

Þau hlutaheiti sem koma fram í ÍSL eru: *andlitslitaður*, *apríkósulitur*, *ferskjulitur*, *húðlitur* og *plómulitur*, og þá eru einungis talin þau sértæku heiti sem ekki falla beint undir annað litaheiti eins og til dæmis *sítrónugulur* eða *laxableikur* (eru skráð sem *gulur* og *bleikur*). Hlutaheiti í ÍSE og ÍSY voru að mestu sama eðlis, í ÍSY: *andlitslitaður*, *andlitslitur*, *berjalitur*, *endurskinslitur*, *graslitur*, *húðlitaður* og *skinnlitur*, en einnig slæddust með ensk lánsorð: *lime* ‘súraldinslitur’, *orange* ‘appelsínulitur’ og *poop* ‘kúkalitur’. Í ÍSE: *appelsínulitur*, *brókarlitur*, *ferskjulitaður*, *fjóshaugslitur*, *húðlitur*, *jarðarlitur*, *karrílitur*, *kremaður*, *kremlitaður*, *meiklitaður*, *miðjarðarhafslitur*, *neonlitur*, *óranslitur*, *skítalitur* og *skógarlitur*, en einnig *órans* ‘appelsínulitur’, *mynta*, *lavender* ‘lofnarblómslitur’, *karrí* og *atlantic ocean* ‘atlantshafslitur’. Hér eru gegnumgangandi vísanir til dæmis í mat og náttúruþyrirbæri.

Hluti ástæðunnar fyrir því að NAM trónir svo hátt er fjöldi þátttakenda. Sumir þátttakendur nefna litaheiti sem enginn annar nefnir og eftir því sem þátttakendur nefna fleiri litaheiti fjölgar einstökum litaheitum. Fremur mörg þeirra eru aðeins nefnd einu sinni, *Orðalisti 4.1*.

aubergine	eggaldinslitur	brulée	sykurhúðarlitur	celery	seljurótarlitur
clay	leirlitur	cobalt	kóbaltlitur	copper	koparlitur
curry	karrilitur	eggplant	eggaldinslitur	eggshell	eggjaskurnslitur
lemon	sitrónulitur	mahogany	mahónitréslitur	melon	melónulitur
mocha	mokkakaffilitur	neon	neonlitur	paprika	papríkulitur
pearl	perlulitur	skin	húðlitur	sky	himinslitur
slate	flögubergslitur				

Orðalisti 4.1: Litaorð í NAM sem einungis voru nefnd einu sinni

Í *Orðalista 4.1* eru nítján litaheiti sem eru að uppruna til hlutaheiti, en það samsvarar því að um helmingur þátttakenda hafi nefnt eitt hlutaheiti sem enginn annar nefndi. Ef þau eru dregin frá er heildarfjöldi hlutaheita í NAM 35 sem er mjög svipað og í ENS sem hefur 31 hlutaheiti. Af hlutaheitum í ENS eru þrettán einungis nefnd einu sinni, *Orðalisti 4.2*.

apricot	apríkósulitur	aubergine	eggaldinlitur	camouflage	felulitur
charcoal	viðarkolalitur	eau de nil	nílarvatnslitur	emerald	smaragðslitur
flesh	kjötlitur	grape	vínberslitur	graphite	grafitlitur
ochre	okkurlitur	olive	ólífulitur	stone	steinlitur
tan	brúnkulitur	terracotta	terrakottalitur		

Orðalisti 4.2: Litaorð í ENS sem einungis voru nefnd einu sinni

Einungis eitt hlutaheitanna úr ENS í *Orðalista 4.2*, *aubergine*, er einnig að finna í NAM, og stór hluti hlutaheitanna í þessum gögnum ensku hópanna tveggja virðast því vera persónubundin eða sjaldgæf hlutaheiti sem einfaldlega ummyndast úr því að vera nafnorð sem stendur fyrir hlut með ákveðnum lit yfir í að vera lýsingarorð sem tákna litinn. Þessi orðmyndunaraðferð sem enskumælandi geta nýtt skýrir að mestu þann mun sem er á fjölda sérstæðra höfuðheita (sbr. *Tafla 4.10*, bls. 134), en íslenskumælandi nýta nær eingöngu samsetningar. Það sést greinlega á þeim fáu ósmættanlegu hlutaheitum sem komu fram í íslensku hópunum þrem (ÍSY, ÍSL, ÍSE), en þau eru nærri öll samsetningar með *-litur* og *-litaður*. Það er helst elsti hópurinn sem nýtir ensku aðferðina (sbr. *mynta*, *karrí*) og bæði yngsti og elsti hópurinn fá lánuð heiti (*poop*, *lavender*), en annars reiða íslenskumælandi sig mun meira á samsetningar til að merkja óræða liti, svo sem *fölgrænn*, *brúnbleikur*, *dökkfjólublár*, *ljósblágrænn*, *dökkgulur* og *heiðblár* fremur en *sellerí*, *eggaldin*, eða *eggjaskurn*.

Þegar kemur að úrvinnslu með þeim aðferðum sem hér eru nýttar eru þessar samsetningar smættaðar niður svo fjöldi sérstæðra litaheita verður mun minni. Langflest þeirra hlutaheita sem eru tengd við liti í íslensku gögnunum koma líka fram í samsetningum, svo sem *laxableikur*, *sólgulur* og *blóðrauður*, svo þau eru smætтуð niður og felld undir hin almennari heiti (*bleikur*, *gulur*, *rauður*).

Málhafar ÍTM og vesturíslenskunnar (VÍS) nýta svo sambland af þessum aðferðum; stök hlutaheiti úr eigin máli (APPELSÍN, APRÍKÓSA, GRAS, MOSI; *appelsín*, *fjóla*, *gull*, *rós*, *rúsína*), stök hlutaheiti fengin að láni (LIME; BURGUNDY, *coral*, *pea soup*), samsetningar úr eigin máli (ANDLITSLITUR, FERSKJULITAÐUR, HERMANNALITUR; *gullitaður*, *rjómalitur*) og samsetningar með tökuorðum (LIMELITUR, PEACHLITUR). Greinilegt er að stór hluti þeirra hlutaheita sem koma fram í vesturíslensku gögnunum eru lánsorð úr ensku á meðan málhafar ÍTM nota frekar samsetningar með *-litur* og *-litaður* eins og íslenskumælandi.

4.5.4 Lánsorð

Í þessari umfjöllun um litaorðaförða er oft erfitt að skilja á milli greinlegra tökuorða, það er orða sem eru fengin úr öðrum málum og notuð nokkuð almennt, og lánsorða eins og þau skilgreinast hér, en það er litaheiti sem gripið er til við nafngiftir í þeim verkefnum sem þátttakendum var gert að framkvæma í rannsóknunum sem fjallað er um hér.

Í *Töflu 4.18* (bls. 144) má sjá ýmis láns- og tökuorð úr gögnunum úr íslensku hópunum þremur. Í mörgum tilfellum er um að ræða matsatriði hvort viðkomandi orð er tökuorð (aðlagð eða með langa sögu í málinu) eða lánsorð (fengið að láni við þessar ákveðnu aðstæður) enda oft erfitt að gera greinarmun þar á. Til dæmis eru *aqua* ‘blágrænn’ og *lime* ‘súraldinslitur’ talin sem lánsorð í íslensku hér þar sem gripið er til þeirra í þessu tiltekna verkefni en ekki til dæmis *ferskjulitur* eða *mynta*, þó bæði séu orð komin úr öðru máli (dk. *fersken*, þý. *mint*).

Í *Töflu 4.19* (bls. 145) er fjöldi lánsorða í hverjum hóp fyrir sig. Sitt hvort lánsorðið var skráð í NAM og ENS, annars vegar *rosé* ‘rósavín’ og hins vegar *eau de nil* ‘nilarvatn’, en eins og í íslenskunni er erfitt að ákvarða hvað er lánsorð og hvað ekki. Litaheiti sem eru útbreidd í ensku eins og *aqua* ‘blágrænn’ (lat. *aqua* ‘vatn’), *crimson* ‘djúprauður’ (it. *carmesi*, *cremesi* ‘rautt litarefni’), *mauve* (fr. *mauve*

litaheiti	Hópur	Uppruni litaheitis eða hluta þess
<i>appelsínugulur</i>	ÍSE, ÍSL, ÍSY	dk. <i>appelsin</i> 'glóaldin'
<i>atlantic ocean</i>	ÍSE	e. <i>Atlantic Ocean</i> 'Atlantshaf'
<i>aprikósulitur</i>	ÍSL	dk. <i>abrikos</i> , e. <i>apricot</i> 'aprikósa'
<i>aqua</i>	ÍSY	e. <i>aqua</i> 'skærblágrænn'
<i>beige, beis,</i> <i>beisaður, beislitur</i>	ÍSE, ÍSL	e. <i>beige</i> , dk. <i>beige</i> 'ljósbrúnn, grábrúnn'
<i>black</i>	ÍSY	e. <i>black</i> 'svartur'
<i>blue</i>	ÍSE	e. <i>blue</i> 'blár'
<i>brown</i>	ÍSY	e. <i>brown</i> 'brúnn'
<i>crimson</i>	ÍSL	e. <i>crimson</i> 'djúprauður'
<i>drappaður, drapplitaður</i>	ÍSE	dk. <i>drap</i> 'ljósbrúnn, grábrúnn'
<i>ferskulitaður</i>	ÍSE	dk. <i>ferske</i> 'ferskja'
<i>ferskjupastel</i>	ÍSE	e. <i>pastel</i> , dk. <i>pastel</i> 'litkrit'
<i>fjólublár</i>	ÍSE, ÍSL, ÍSY	dk. <i>fiol</i> , e. <i>violet</i> 'fjola'
<i>green</i>	ÍSY	e. <i>green</i> 'grænn'
<i>karri, karrilitur</i>	ÍSE	dk. <i>karry</i> , e. <i>curry</i> 'kryddblanda'
<i>kremaður, kremlitaður</i>	ÍSE	e. <i>cream</i> , dk. <i>krem</i> , <i>creme</i> 'rjóni; krem'
<i>lavender</i>	ÍSE	e. <i>lavender</i> 'lofnarblóm'
<i>lilla, lillaður</i> <i>lillalitur</i>	ÍSE, ÍSL	dk. <i>lilla</i> 'ljósfjólublár'
<i>lime</i>	ÍSE, ÍSY	e. <i>lime</i> , dk. <i>lime</i> 'súraldin'
<i>magenta</i>	ÍSE	e. <i>magenta</i> 'bleikfjólublár'
<i>mynta</i>	ÍSE	dk. <i>mynte</i> , e. <i>mint</i> 'varablóm'
<i>neonlitur</i>	ÍSE	e. <i>neon</i> , dk. <i>neon</i> 'frumefnið Ne'
<i>orange, órans,</i> <i>óranslitur</i>	ÍSY, ÍSE	e. <i>orange</i> , dk. <i>orange</i> 'glóaldin'
<i>pink</i>	ÍSY	e. <i>pink</i> 'bleikur'
<i>plómulitur</i>	ÍSL	dk. <i>blomme</i> , e. <i>plum</i> 'plóma'
<i>poop</i>	ÍSY	e. <i>kúkur</i>
<i>purple</i>	ÍSY	e. <i>purple</i> 'fjólublár'
<i>scarlet</i>	ÍSL	e. <i>scarlet</i> 'djúprauður'
<i>tan</i>	ÍSY	e. <i>tan</i> 'millibrúnn'
<i>teal</i>	ÍSY	e. <i>teal</i> 'ljósblágrænn'
<i>turquoise, túrkis, turkish</i>	ÍSE, ÍSL	e. <i>turquoise</i> 'skrautsteinn'
<i>white</i>	ÍSE	e. <i>white</i> 'hvítur'

Tafla 4.18: Lánsorð/tökuorð í ÍSE, ÍSL, og ÍSY

'moskusrós') og *turquoise* (fr. *turquoise* 'tyrkneskur') eru ekki alensk frekar en *aprikósa*, *ferskja*, *mynta* eða *plóma* eru alíslensk orð, en þar sem hefð er fyrir þeim í málinu er ekki líklegt að þau séu fengin að láni hér sem augnabliksmyndanir, heldur séu tökuorð sem eru orðin hluti af málinu.

Þau sem eru talin í ÍSL í *Töflu 4.19* eru því til dæmis einungis þau litaheiti sem eru greinilega fengin beint úr ensku (*beige*, *crimson*, *scarlet*, *teal*, *turquoise*) og sama með ÍSE og ÍSY (*beige*, *blue*, *lavender*, *lime*, *magenta*, *pink*, *purple*, *turkish*,

	Fjöldi
VÍS	36
ÍSY	10
ÍSE	9
ÍTM	7
ÍSL	5
ENS	1
NAM	1

Tafla 4.19: Fjöldi lánsorða

turquoise; aqua, black, brown, green, lime, orange, pink, poop, purple, tan), en fjöldi þessara lánsorða er mjög svipaður í þessum tveim hópnum, og þau eru nokkru fleiri en í miðhópnum (ÍSL). Ástæður þess geta þó verið mismunandi. Hinir eldri notuðu ensku heitin fremur ef þeim datt ekki neitt íslenskt í hug, en þátttakendur í yngsta hópnum nefndu gjarnan enska heitið líka til þess að sýna þekkingu sína.

Lánsorð í ÍTM voru af svipuðum meiði og í íslenskunni, B.E.I.G.E., C.Y.A.N.LITUR, L.I.M.E., P.E.A.C.H.LITUR, og þá eru lánsorðin stöfuð. Einnig voru stöfuð lánsorð úr íslensku, F.E.R.S.K.J.U.LITUR og M.O.S.I.LITUR. Einungis þessi stöfuðu orð eru talin til lánsorða í ÍTM þó önnur áhrif íslensku séu oft sjáanleg, svo sem munnhreyfingar við tákni; til dæmis RAUÐUR <rauður>.

Langflest lánsorð voru í VÍS, eða 36. Öll grunnlitaheitin ellefu komu fram (*black, white, red, yellow, green, blue, brown, grey, pink, purple, orange*) og auk hlutaheitanna sem minnst var á hér að framan nýttu þátttakendur í vesturíslenska hópnum *aqua, beige, fuchsia, magenta, mauve, scarlet* og *teal* úr ensku, auk *rouge* úr frönsku. Eins og kemur betur fram í *Kafla 4.6* skýrist þessi fjöldi lánsorða í vesturíslenskunni af því að íslenskum litaorðaförða er ábótavant og því er fyllt upp í göt með enskum heitum.

4.5.5 Villur

Síðasti þáttur orðaförðans úr vitsmunarannsóknunum sem farið verður í hér er svo villur, það er fjöldi tilfella sem þátttakendur töldu sig ekki geta gefið neitt svar við eða svarið innihélt ekkert litaheiti. Hið fyrrnefnda er í yfirgnæfandi


meirihluta svo eins mætti ræða um þennan þátt sem eyður í orðaforða. Fjöldi villna sést í *Töflu 4.20*.

	Fjöldi
ÍSY	67
ÍSE	49
VÍS	15
ÍSL	2
ÍTM	2
NAM	1
ENS	0

Tafla 4.20: Fjöldi villna

Af *Töflu 4.20* er greinilegt að flestir þátttakendur eiga ekki í teljandi vandræðum með að nefna öll litbrigðin. Jafnvel Vesturíslendingarnir (VÍS) sem búa við ákveðið orðaforðatap eru ekki í teljandi vandræðum með að finna eitthvert nafn. Einungis tveir hópar sýna áberandi fjölda villna, eða núllsvara, elsti íslenski hópurinn (ÍSE) með 49 og yngsti íslenski hópurinn (ÍSY) með 67. Það er ekki hátt hlutfall, að meðaltali tvö núllsvör (af 84) á hvern þátttakanda í ÍSE og þrjú (af 84) á hvern í ÍSY.

Áhugavert gæti verið að skoða hvort hægt sé að sjá mynstur í því hvar þátttakendur í þessum hópum segja „pass“ því það þarf ekki að vera að þessi núllsvör séu dreifð jafnt yfir allt litasvæðið eins og það skilgreindist í aðferðafræði EoSS. Á *Mynd 4.7* sést dreifing núllsvara í ÍSE.




Mynd 4.7: Villur í ÍSE

Fyrir utan reiti A11 og A12 sem eru ljósblágrænir reitir er óvissan meðal þátttakenda í ÍSE greinilega annars vegar þar sem *fjólublár* (C16-D19), *bleikur* (A17-B20)

og *appelsínugulur* (B1-B5) eru, auk húðlitaða svæðisins (A1-A3) og aðeins í *rauðbrúnn* (C2-D2). Fjöldi núllsvara fyrir hvern þessara reita er einungis á milli 1 og 4, en það er samt greinilegt á dreifingu þeirra að það er ekki tilviljun hvar þessir málhafar lenda í vandræðum með að gefa viðkomandi litbrigði nafn.

Í fyrri köflum, til dæmis 2.2 og 4.3, hefur verið fjallað um vandkvæði við að ákveða hvaða íslensku litaheiti gætu talist uppfylla þau skilyrði sem B&K setja til skilgreiningar á grunnlitaheiti, og þá sérstaklega *fjólublár* og *appelsínugulur*. Það stafar af því að þau eru samsett, en einnig af því hversu tiltölulega nýtilkomin þau virðast vera í íslensku máli. Ef það speglar hversu ný þessi hugtök eru í málinu ætti ekki að skjóta svo skökku við að elstu málhafar séu að einhverju leyti enn í vafa um hvaða litaheiti þeir eigi að nota á þessum sviðum appelsínuguls og fjólublás. Miðað við *Mynd 4.7* mætti gera ráð fyrir að það eigi líka við um hvar svið *bleikur* liggur.

Dreifing núllsvara í yngsta hópnum (ÍSY) reynist allt önnur, eins og fram kemur á *Mynd 4.8*.



Mynd 4.8: Villur í ÍSY

Ef ætti að skilgreina einhver óvissusvæði fyrir málhafa í hóp ÍSY á *Mynd 4.8* væru þau helst á milli blás og græns (u.þ.b. A9-D13) og guls og græns (u.þ.b. B5-D5) og almennt á milli þeirra svæða sem falla undir algengustu litaheitin, en þau marka þá þau merkingarsvið í litrófinu sem eru stöðugust. Staða þessara hugtaka virðist almennt nokkuð sterk á milli mála.

4.6 Nærtæk heiti og merkingarsvið

Hér að framan, í *Kafla 4.5*, voru ráðandi heiti skilgreind sem þau litaorð sem oftast voru nefnd fyrir ákveðið litbrigði í nafngiftaverkefningu. Gallinn við slíka litaorðalista í óbreyttri mynd er að þau litaheiti sem koma fram sem ráðandi heiti eru ekki endilega litaorð í almennri notkun fyrir viðkomandi lit (og aðra skylda). Það er að segja þó að tiltekið litaheiti hafi verið nefnt oftar en önnur litaheiti fyrir ákveðið litaspjald er ekki þar með sagt að það standi fyrir meirihluta svara fyrir spjaldið þegar á heildina er litið, nafngiftir gætu verið mjög dreifðar. Þau litaorð sem eru skráð sem ráðandi heiti eru þar með ekki endilega nærtæk öllum málhöfum (sbr. *Aðalviðmið 4*, bls. 23).

Til þess að komast að því hvaða litaheiti geta talist nærtæk öllum málhöfum í þessum gögnum verður fyrst gerð athugun á því hver þeirra eru algengust fyrir hvert litaspjald og talið hversu hátt hlutfall af heildartilnefningum þau hafa fyrir hvert spjald. Gert er ráð fyrir að til þess að teljast nærtækt fyrir það litbrigði þurfi viðkomandi litaheiti að hafa 80% heildartilnefninga fyrir spjaldið.


Tvennt ber að hafa í huga hér. Annars vegar að vegna úrvinnsluaðferðar EoSS að skipta öllum samsetningum er mögulegt að aukheiti, svo sem *ljósblár* eða *blue green* 'blágrænn' sem annars gætu mælst vel nærtæk koma ekki fram hér. Hins vegar að fræðilega gætu fleiri en eitt heiti mælst sem nærtækt fyrir litaspjald en einungis hið efsta er tekið með. Til dæmis ef yfir 80% þátttakenda nefna einhvern lit með *blágrænn* eða *blue green* — sem þá skiptist í *blár/blue* og *grænn/green* — og talning hallar aðeins öðru í vil, til dæmis ef einn í viðbót nefnir viðkomandi spjald einungis *blár/blue*, er einungis *blár/blue* skráð sem nærtækt heiti fyrir þann reit. Þetta er meðal annars afleiðing úrvinnsluaðferðarinnar. Þessi skráningaraðferð tekur því einungis fyrir algengustu nærtæku heitin.

Þegar búið er að reikna út nærtækt heiti (ef nokkurt) fyrir hvert spjald koma fram ákveðin merkingarsvið sem viðkomandi heiti hafa. Ákveðin svæði á lita-kortinu eru endurtekið fyllt með sambærilegum litaheitum á milli mála en á milli þeirra birtast einnig tóm svæði þar sem sammælið er minna.

4.6.1 Nærtæk heiti

Eins og sást í *Töflu 4.13* hafa tilnefningar undirheita ekki veruleg áhrif á heildarfjölda ráðandi heita, þau eru í öllum málhópum á bilinu 11-13. Það er að þrátt fyrir mikinn mun á fjölda þeirra aukheita sem eru tekin með er fjöldi þeirra sem eru gegnumgangandi valin oftast mjög fá og einsleit.

Í mörgum tilfellum er einungis um að ræða samkeppni milli tveggja af þessum algengustu litaheitum fyrir lit sem er á mörkum þess að falla undir annað hvort, eins og til dæmis liturinn sem birtist í reit C5, *Mynd 4.9* (bls. 149).



Mynd 4.9: „brúnn“ „grænn“

Nafngiftir fyrir þennan reit í íslensku hópunum sjást í *Töflu 4.21*. Í ÍSL hópnum eru litaheitin *brúnn* og *grænn* með jafna skiptingu, ellefu tilnefningar hvort, en oftast er staðan sú að annað hvort þeirra litaorða sem eru efst á blaði hefur fleiri tilnefningar og vinnur því titilinn ráðandi heiti fyrir það litbrigði sem við á, eins og í ÍSE og ÍSY (ÍSE *grænn*, ÍSY *grænn*).

Reitur: C5, Munsell: 5Y 4/6, HEX: #6C5710					
ÍSE		ÍSL		ÍSY	
grænn	14	grænn	11	grænn	9
gulur	10	brúnn	11	brúnn	6
brúnn	5	gulur	3	gulur	5
skítalitur	1	gylltur	1	/	4
fjóshaugslitur	1	grár	1	gull	3
drapplitaður	1			blár	1
/	1				

Tafla 4.21: Tilnefningar til heitis á litbrigði í reit C5 í íslensku

Hins vegar er það svo að þegar fleiri en tvö, þrjú litaorð koma fram sem heitistilnefningar fyrir lit lækkar sammæli fyrir litaorðið almennt sem nemur fjölda

mismunandi litaorða sem nefnd eru. Þau efstu fyrir reit C5 í ÍSL í *Töflu 4.21*, *brúnn* og *grænn*, reiknast til dæmis ekki með nema um 58% tilnefninga. Hins vegar nær *grænn* um 67% í ÍSE en ekki nema um 41% í ÍSY. Það er mögulega hægt að færa rök fyrir því að litaorð sem hefur atkvæði 58–67% kjósenda séu nógu ráðandi til þess að hægt sé að kalla þau nærtæk öllum málhöfum en varla ef það hefur einngis 41%.

Þegar um er að ræða liti sem eru enn umdeildari, það er sammæli er minna, lækkar enn meira það hlutfall heildar sem ráðandi heiti hefur. Þetta sést vel í *Töflu 4.22* (bls. 150) þar sem eru nafngiftir fyrir reit A3 í íslensku hópnum þrem. Í elsta hópnum (ÍSE) er *bleikur* efstur en einungis með fjórar tilnefningar (19%), enda í samkeppni við þrettán önnur litaorð. Samkeppnin er öllu minni í miðhópnum (ÍSL) og þeim yngsta (ÍSY) þar sem *appelsínugulur* sigrar, annars vegar með sjö tilnefningar (37%) í ÍSL hópnum og hins vegar með fimm (23%) í ÍSY hópnum. Ekkert af þessum algengustu litaheitum fyrir þennan reit nær því að teljast nærtækt.

Reitur: A3, Munsell: 5YR 8/8, HEX: #F9B98A					
ÍSE		ÍSL		ÍSY	
bleikur	4	appelsínugulur	7	appelsínugulur	5
appelsínugulur	2	bleikur	4	andlitslitur	4
beis	2	gulur	4	bleikur	4
brúnn	2	húðlitur	4	andlitslitaður	3
ferskjulitaður	2	beige	2	húðlitaður	2
kremaður	2	brúnn	2	tan	1
rauður	2	andlitslitaður	1	skinnlitur	1
beislitur	1	apríkósulitur	1		
brókarlitur	1				
ferskjupastel	1				
húðlitur	1				
meiklitaður	1				
órans	1				
óranslitur	1				

Tafla 4.22: Tilnefningar til heitis á litbrigði á reit A3 í íslensku

Af samanburði á fjölda tilnefninga á nöfnum fyrir þessa tvo liti (í reit C5, *Tafla 4.21* og reit A3, *Tafla 4.22*) er ljóst að ef ráðandi heiti eru tekin sem gefin

fyrir hvern lit fyrir sig án frekari athugunar yrðu þau svið mjög mismunandi þar sem það eru ekki alltaf sömu heiti ráðandi á þeim svæðum þar sem sammæli er minna.

Fráneygir munu hafa tekið eftir því að heildarfjöldi tilnefninga fyrir þá reiti sem hefur verið rætt um hingað til er gegnumgangandi mun hærri heldur en fjöldi þátttakenda. Þetta er ekki einsdæmi fyrir þessa reiti og orsakast það af úrvinnsluaðferðinni. Í *Töflu 4.23* (bls. 151) má sjá tilnefningar fyrir þrjú litbrigði í viðbót í ÍSL-hópnum. Þar kemur fram að heildarfjöldi tilnefninga er um tvöfalt hærri en fjöldi þátttakenda (19). Þessi mismunur á fjölda þátttakenda á móti fjölda tilnefninga kemur til vegna þess að sumir nefna tvö eða fleiri heiti fyrir einstök litbrigði og þau eru öll skráð, til dæmis er svarið „Þetta er blár, eða grænn.“ skráð sem *blár+ grænn*.

Reitur	Munsell	Tilnefningar og fjöldi þeirra							Alls	
D2	10R 2/6	brúnn	16	rauður	15					31
B6	10Y 6/10	gulur	16	grænn	13	brúnn	1			30
A12	10BG 8/4	blár	13	grænn	10	grár	3	lilla	1	37

Tafla 4.23: Tilnefningar fyrir þrjú reiti; D2, B6, A12


Oftast er þó um að ræða samsetningar á borð við *rauðbrúnn*, *gulgrænn*, og *blágrænn* sem eru líka skráð sem tvö heiti, til dæmis „Þetta er blágrænn.“ > *blár + grænn*. Rökin fyrir því að nota hlutfall þeirra sem nefna ákveðið heiti (eða hluta þess, t.d. *rauður* úr *rauðbrúnn*) á móti fjölda þátttakenda en ekki heildarfjölda tilnefninga eru þau að ef meirihluti þátttakenda nefnir eitthvert litbrigði til dæmis einhvers konar tilbrigði af brúnu (sbr. t.d. *Tafla 4.21*) þá gildir einu hvort það er rauðbrúnt, ljósbrúnt, móbrúnt eða hvað, það er að endingu brúnt og skráist sem slíkt.

Almennt eru tilnefningar fleiri en þátttakendur fyrir flest litbrigði í öllum málhópnum og af sömu ástæðum, þátttakendur nefna ýmist fleiri en eitt litaorð eða nota samsetningar til þess að merkja litina. Þrátt fyrir þetta eru þau svæði sem eru skráð sem merkingarsvið fyrir hvert nærtækt heiti mjög svipuð að kjarnanum til en jaðrarnir á milli eru mismunandi. Einhver hluti þess mismunar skýrist af öðruvísi orðmyndunaraðferðum á milli málanna í samblandi við þá aðferðafræði sem hér er stuðst við.

4.6.2 Merkingarsvið

Í þeim kortum sem fara hér á eftir er því gert ráð fyrir að fjöldi tilnefninga fyrir litaorð þurfi að ná 80% af fjölda þátttakenda til þess að vera skráð sem nærtækt heiti fyrir það litbrigði sem við á. Þannig koma fram ákveðin svæði eða svið sem tilheyra hverju nærtæku heiti fyrir sig. Um er að ræða tvenns konar kort, annars vegar fylki með upprunalegu litbrigðunum þar sem reitir hvers ráðandi heitis eru tengdir saman til að sýna hvaða litbrigði falla undir hvert nærtækt heiti, og hins vegar fylki sem sýnir sviðin merkt með því litbrigði sem flestir völdu sem kjörlit (kjarna) hvers litbrigðis og hvar í fylkinu það litbrigði er staðsett.

Á Mynd 4.10 eru niðurstöður sammælistælinga fyrir ÍSL (upprunalegi EoSS hópurinn). Annars vegar er kort með tengingum á milli litbrigða sem skráðust undir sama nærtæka heiti, 4.10a og hins vegar heil svið með lit þess kjörlitar sem flestir völdu fyrir viðeigandi heiti í kjörlitaverkefningu, 4.10b.




Mynd 4.10: Sammælistkort ÍSL

Þau litaheiti sem koma fram á Mynd 4.10 eru, frá vinstri: *hvítur* (A₀), *grár* (B₀-D₀), *bleikur* – fyrri hluti (A₁-B₁), *rauður* (C₁-D₁), *appelsínugulur* (B₃), *brúnn* (D₂-D₅), *gulur* (A₄-B₆), *grænn* (C₆-D₁₂), *blár* (D₁₂-B₁₅), *fjólublár* (B₁₆-D₁₉) og *bleikur* – seinni hluti (A₁₈-C₂₀). Ástæðan fyrir því að *bleikur* er á tveim stöðum er að svið heitisins nær yfir bæði það sem hægt væri að skilgreina sem 'ljós rauður' og sem

‘ljós blárauður’ (fjólublár). Ef gerður væri sívalningur úr dálkum 1-20 og ‘rauði’ dálkurinn (1) settur við lið hins ‘blárauða’ (20) myndi svæði *bleikur* vera heilt yfir ljósara afbrigði rauðs og blárauðs. Þessi litaheiti sem hér koma fram eru tíu af ráðandi heitunum sem voru talin með í *Töflu 4.10* (bls. 134), en *húðlitur* náði ekki að koma fram sem nærtækt heiti samkvæmt þessum útreikningum. Í reitnum þar sem gert var ráð fyrir að *svartur* myndi koma fram (Do) var *grár* ráðandi í þessum hópi.

Á *Mynd 4.10b* eru sömu svið og á *Mynd 4.10a* en lituð í sama lit svo dreifingin sjáist betur. Liturinn sem notaður er til þess lita sviðið er sá litur sem oftast var valinn sem kjörlitur (besta dæmi) um það litbrigði sem var nefnt í kjörlitaverkefninu. Þrennt er hér áhugavert. Í fyrsta lagi völdu flestir í ÍSL hópi Do sem kjörlit fyrir *svartur*, þó einhverjir hafi haft orð á því að það væri enginn ‘alvöru svartur’ til staðar á spjaldinu. Í öðru lagi skiptist val á kjörlit fyrir *appelsínugulur* nákvæmlega í tvennt á milli B2 og B3, og í þriðja lagi náði annar þeirra reita, B2, ekki að komast á blað sem nærtækt heiti þó stór hluti þátttakenda veldi það litbrigði.

Til samanburðar við fyrsta íslenska hópinn (ÍSL) má skoða enska hópinn úr EoSS (ENS). Kortin úr þeim hópi sjást á *Töflu 4.11*.



Mynd 4.11: Sammæliskort ENS

Eins og á *Mynd 4.10* er annars vegar um að ræða kort með upprunalegu litbrigðunum, *4.11a*, og hins vegar svið lituð með kjörlit, *4.11b*. Þau nærtæku heiti sem


komu fram í ENS og sjást á *Mynd 4.11* eru: *white* (A0), *grey* (Bo-Co), *red* (C1), *orange* (B2- B3), *brown* (D2-D4), *green* (B6-D11), *blue* (A13-D15), *purple* (C16-D19) og *pink* (A18-B20). Þetta eru tíu af þeim tólf ráðandi heitum sem voru talin með í *Töflu 4.15* (bls. 138) en hvorki *peach* (A2) né *maroon* (D1) fengu nægar tilnefningar til að teljast nærtæk. Það er þau eru líklega ekki nægilega útbreidd meðal málhafa eða notuð nægilega skipulega til þess að teljast grunnlitaheiti.

Eins og í ÍSL kom ekki fram það litaheiti sem gert var ráð fyrir í reit Do, í þessu tilfelli *black*, en ólíkt ÍSL náði *grey* (grár) ekki að eigna sér þann reit. Mesta athygli á ENS-kortinu vekur hins vegar hversu miklu minni sviðin eru í ENS heldur en ÍSL eins og sést á *Mynd 4.11b*. Þetta skýrist að mestu af samspili hinnar sundurliðandi skráningaraðferðar og hvernig íslenskumælandi (að minnsta kosti í ÍSL hópnum) merkja jaðarlitbrigði.

Eins og sást í *Töflu 4.10* (bls. 134) var mikill munur á fjölda höfuðheita (sérstæðra litaheita sem ekki var hægt að smætta) í ÍSL og ENS en hlutfall algengustu litaheitanna í báðum málum er mjög jafnt. Það þýðir að þau heiti sem eru framyfir þau tíu sem hér eru nærtæk í ENS raða sér öll á jaðrana á milli sviðanna sem algengustu heitin (*grænn*, *blár*, o.s.frv.) eigna sér. Því verður meiri samkeppni þar og sammæli minnkar. Hins vegar nefna íslenskumælandi flest þessi jaðarlitbrigði með samsetningum algengu heitanna (*blágrænn*, *rauðgulur*, o.s.frv.) sem eru smættuð niður í gagnaúrvinnslu. Afleiðingin verður sú að í jaðarreitum ná algengustu heitin einnig að koma fram sem nærtæk (t.d. þar sem margir nefna *rauðgulur*) og þar af leiðandi stækka svið þessara grunnlitaheita eins og þau eru merkt á þessum kortum. Reitur sem í íslensku er til dæmis tvisvar nefndur *blár*, einu sinni *grænn* og fimmtán sinnum *blágrænn* merkist sem *blár* (*blár* – 2, *grænn* – 1, *blár* – 15, *grænn* – 15). Í ensku er sami reitur til dæmis nefndur tvisvar *blue*, einu sinni *green*, tíu sinnum *turquoise*, þrisvar sinnum *teal* og einu sinni *aqua* (*blue* – 2, *green* – 1, *turquoise* – 10, *teal* – 3, *aqua* – 1) sem leiðir til þess að ekkert heitanna er merkt sem nærtækt.

Að öðru leyti er ENS kortið svipað og ÍSL kortið. Til dæmis kom *black* ekki fram sem nærtækt heiti í reit Ao í nafngiftaverkefninu en þátttakendur völdu þann reit nær undantekningarlaust fyrir *black* í kjörlitaverkefninu. Eins og val á kjörlit fyrir *appelsínugulur* skiptist í tvennt í ÍSL skiptist val þátttakenda í ENS hópnum á kjörlit fyrir *pink* í tvennt á milli reitanna B19 og B20. Annars er val þátttakenda í ÍSL og ENS á kjörlitum eins eða mjög svipað.


Gráu hringirnir tveir á *Mynd 4.11* eru tvö auka litaheiti sem *Linnaea Stockall*, framkvæmandi EoSS rannsóknarinnar í Bretlandi, bætti við listann; annars vegar *cream* (A2) og hins vegar *turquoise* (B11). Hið fyrra kom aldrei fyrir í nafngiftum ENS-hópsins en *turquoise* hafði ágætis dreifingu á svæðinu á milli *blár* og *grænn* sem er tómt á nærtækniortinu (*Mynd 4.11*, bls. 153), *Mynd 4.12*.



Mynd 4.12: Dreifing *turquoise* í ENS

Þessi dreifing *turquoise* virðist því nokkuð kerfisbundin þó fleiri hafi nefnt B12 *turquoise* í nafngiftunum en B11 sem flestir völdu sem kjörlit fyrir *turquoise*.

Þegar sambærileg kort eru skoðuð í amerísku enskunnni (NAM) koma fram mjög svipuð mynstur. Á *Mynd 4.13* má sjá svið nærtækra heita í NAM; bæði svið með öllu litrófinu (*Mynd 4.13a*) og svið einungis með kjörlit og merktum kjörlitareitum (*Mynd 4.13b*).



Mynd 4.13: Sammæliskort NAM

Þau heiti sem koma fram á *Mynd 4.13* eru: *white* (A0), *gray* (B0-Co), *black* (D0), *red* (C1), *orange* (B2-B3), *brown* (D3-D4), *yellow* (A4-A5), *green* (C6-D11), *blue*

(A13-D15), *purple* (C16-D18), og *pink* (A18-B19). Í NAM kemur *black* (svartur) fram sem nærtækt heiti í Do, ólíkt *black* í ENS (og *svartur* í ÍSL) þar sem *black* náði ekki tilteknum fjölda tilnefninga.

Á Mynd 4.13 sjást hins vegar nokkur atriði sem eru frábrugðin. Í fyrsta lagi má nefna að flestir þátttakendur í NAM völdu reit C₄ sem kjörlit fyrir *brown* en hann fellur fyrir utan það svið sem reiknaðist nærtækt fyrir *brown*. Á ÍSL kortinu lenti helmingur vals á kjörlit fyrir *appelsínugulur* utan nærtæka sviðsins, sem reyndar var bara einn reitur, A₃, en sá reitur sem einnig var valinn, A₂, var mjög nálægt því að teljast til nærtæks sviðs *appelsínugulur*. Slíkt er ekki um að ræða hér eins og sést á Töflu 4.24.

Í reit C₄ sem var oftast valinn sem kjörlitur fyrir *brown* í NAM í kjörlitaverkefninu fékk heitið *brown* ekki nema þrettán tilnefningar í nafngiftaverkefninu sem þýðir að rétt tæplega 30% þátttakenda nefndu *brown* fyrir þennan reit og nærri jafn margir, eða tólf, nefndu *gold*. Því næst kemur *mustard* með sjö tilnefningar og svo *yellow* og *tan* með þrjár hvort.

Litaheiti	Tilnefningar
<i>brown</i>	13
<i>gold</i>	12
<i>mustard</i>	7
<i>yellow</i>	5
<i>green</i>	3
<i>tan</i>	3
<i>khaki</i>	2
<i>ochre</i>	2
<i>bronze</i>	1
<i>brulée</i>	1
<i>red</i>	1
<i>rust</i>	1
<i>sand</i>	1

Tafla 4.24: Nafngiftir fyrir reit C₄ í NAM


Möguleg skýring á þessu vali á nafngiftum fyrir litinn í reit C₄ er að í kjörlitaverkefninu þurftu þátttakendur að velja liti af spjaldi þar sem öllum 84 litunum hafði verið komið fyrir á A₄ blaði og flötur hvers litar var því mun minni heldur en á spjöldunum í nafngiftaverkefninu. Það gæti hafa haft þær afleiðingar að þátt-

takendur hafi hreinlega ekki séð dekkstu brúnu litina (D₃-D₄) á kjörlitaspjaldinu sem náðu að merkjast sem nærtækt svið *brown* í nafngiftaverkefninu þar sem hvert spjald hafði stærri litflöt.

Þegar NAM hluti rannsóknarinnar var framkvæmdur var notaður sami litalisti fyrir kjörlitaverkefnið og í ENS en þátttakendur í NAM völdu flestir annan stað en þátttakendur í ENS fyrir aukaheitin tvö, *cream* og *turquoise*, samanber *Mynd 4.13b* (bls. 155). Flestir þátttakendur í NAM völdu reit A₀ fyrir *cream* sem er sami reitur og var valinn fyrir *white*.

Til samanburðar má nefna að litaorð sem líklega eru dregin af *cream* komu fram í ÍSE hópnum. Þau eru *kremaður* í reit B₁ og A₃ og *kremlitaður* í reit A₂ en það svæði er mun líkara þeim stað sem þátttakendur í ENS völdu fyrir *cream* í kjörlitaverkefninu (A₂) þrátt fyrir að það heiti hafi ekki komið fram í nafngiftagögnunum í þeim hópi.

Fyrir *turquoise* lendir valið á kjörlit innan svæðisins sem telst tilheyra nærtæka heitinu *blue* (sbr. *Mynd 4.13b*, bls. 155) en annars er dreifingarsvið *turquoise* í NAM mjög líkt og í ENS þar sem hæst tíðni er í dálki 12, *Mynd 4.12*.




Mynd 4.14: Dreifing *turquoise* í NAM

Aukheitið *turquoise*, ásamt *peach*, er það undirheiti sem er næst því að vera nærtækt heiti. Í NAM hefur *turquoise* mest 40,2% tilnefninga í reit B₁₂ en í ENS nær *turquoise* 38,9% tilnefninga í reit B₁₂. Í NAM hefur *peach* mest 50% tilnefninga í reit A₃ og 38,7% í reit A₂ en í ENS 50% tilnefninga í reit A₂ og 44,4% í reit A₃. Það virðist því örlítið nærtækara en *turquoise* en svæðið sem það nær yfir er mun minna en svæði *turquoise*.

Þessi háa tíðni *peach* (*húðlitur*) er mögulega vegna þess að þessi litbrigði og heiti þeirra hafa verið mikið í almennri umræðu í tengslum við þá hugmynd að boð og bönn í kring um merkimiða hafi eitthvað að segja þegar kemur að eðli og þróun hugtaka.

Hlutfall *turquoise* í ENS og NAM er þónokkuð hærra en *blágrænn* nær í íslensku sem er hæst 31,9% í reit D12. Svið *blágrænn* í ÍSL er einnig nokkru minna en svæði *turquoise* í ENS og NAM, samanber *Mynd 4.15* (bls. 158). Þó er kjarninn frekar í dekkri afbrigðunum, það er í C og D röð, fremur en í B og C röð eins og í ENS og NAM.¹⁸



Mynd 4.15: Dreifing *blágrænn* í ÍSL

Af þeim tungumálum sem komið hafa við sögu í samanburði við íslensku eru tvö eftir í þessum kafla, vesturíslenska og ÍTM. Hið fyrra er erfðamál, það er mál sem er náskyldt íslensku í öðru menningarsamfélagi. Hið síðarnefnda er móðurmál heyrnarlausra á Íslandi. Það mál er óskyldt íslensku en málfarar þess lifa og hrærast í íslensku menningarsamfélagi. Bæði vesturíslenskan og ÍTM eru minnihlutamál og því í ákveðinni varnarstöðu gagnvart málinu sem umlykur þau, annars vegar ensku og hins vegar íslensku, þó færa megi rök fyrir því að enska sé líka áhrifavaldur í menningarsamhengi Íslands og íslensku (sjá *Kafla 3.4*).


Í samhengi B&K og vitsmunahyggjunnar hafa málahóparnir hingað til sýnt fremur mikil líkindi. Mynstur í frjálsum nafngiftum eru mjög svipuð og þegar svið nærtækra litaheita eru skoðuð koma fram þéttir kjarnar, mjög líkir á milli mála og mjög svipuð svið algengustu litaheitanna. Þegar komið er út á jaðra nærtæku heitanna verður fjölbreyntni meiri og ólíkir eiginleikar tungumálanna fara að hafa áhrif, að minnsta kosti á það hvernig gögnin skrásetjast í þessari athugun.

Í nafngiftamynstrum (*Kafla 4.4.1*) var vesturíslenskan (VÍS) líkust amerísku enskunni (NAM) en ÍTM var líkast miðhóp íslenskunnar (ÍSL). Þar sem vesturís-

¹⁸ Það litaheiti sem táknar *peach* reitina í íslensku, *húðlitur*, nær 42,9% í reit A2 en tvö önnur undirheiti hafa hærra hlutfall tilnefninga fyrir litbrigði. Það eru *rauðbrúnn* í reit D2 (57,1%) og *vínrauður* í reit D1 (66,7%).

lenskan er náskyld íslensku er viðbúið að litasviðin séu lík þar á milli en mögulega hefur eðli tákna málsins meiri áhrif á það hvernig sviðin liggja þó kjörlitaval sé ekki mjög frábrugðið.

Á *Mynd 4.16* má sjá kortlagningu á nærtækum litaheitum í ÍTM. Það er strax ljóst að sviðin eru mun líkari þeim sem eiga við um ÍSL (*Mynd 4.10*) heldur en ensku sviðunum (ENS, *Mynd 4.11* og NAM, *Mynd 4.13*).




Mynd 4.16: Sammæliskort ÍTM

Þau litaheiti sem koma fram á *Mynd 4.16* eru: HVÍTUR (A₀), GRÁR (B₀-C₀), BLEIKUR – fyrri hluti (A₁-B₁), RAUÐUR (C₁-D₂), APPELSÍNUGULUR (B₂-B₃), BRÚNN (C₃-D₃), GULUR (A₃-A₆), GRÈNN (B₅-D₁₁), BLÁR (B₁₂-D₁₅), FJÓLUBLÁR (B₁₆-D₂₀) og BLEIKUR – seinni hluti (A₁₈-C₂₀). Hér kemur SVARTUR ekki fram frekar en *svartur* í ÍSL og svið RAUÐUR (C₁-D₂) er nokkru stærra en sambærilegt svið í íslenskunni en annars eru sviðin mjög svipuð.

Eitt af því sem er frábrugðið við ÍTM þegar það er borið saman við hin tungumálin eru táknaafbrigði sem verða til vegna þess hve hratt breytingar verða í þessu litla málsamfélagi (sbr. *Kafla 3.3*). Þeir reitir á *Mynd 4.16a* sem eru merktir með rauðu eru reitir þar viðkomandi litaheiti (GRÁR, B₀-C₀, APPELSÍNUGULUR, B₂, BRÚNN, C₃-D₃) nær ekki að verða skráð sem nærtækt heiti nema öll afbrigði séu tekin með. Á *Mynd 4.16b* sést skýrar að auðu svæðin á milli sviða nærtæku heitanna eru lítil eins og í ÍSL. Val þátttakenda í ÍTM á kjörlit fyrir APPELSÍNU-

GULUR skiptist jafnt á milli þeirra reita sem falla undir svið APPELSÍNUGULUR í nafngiftaverkefninu.

Ólíkt flestum lánsorðum í ÍTM hefur TÚRKIS sitt eigið tákni enda hefur þetta litbrigði í auknum mæli verið tiltekið sem litur heyrnarlausra á undanförunum árum.¹⁹ Af því leiðir að notkun TÚRKIS og TÚRKISLITUR er að einhverju leyti meiri í ÍTM en í íslensku. Í ÍTM voru þessi tvö tákni 22 sinnum tilnefnd sem heiti og hafa mjög svipaða dreifingu og í ENS og NAM, *Mynd 4.17*. Í ÍSL var *turquoise* nefnt einu sinni (fyrir reit B12), í ÍSE nokkru oftari eða sex sinnum, sem og *turkis* tólf sinnum og *turkish* tvisvar en ekkert þessara afbrigða kom fram í ÍSY.



Mynd 4.17: Dreifing TÚRKIS í ÍTM

Það sem er frábrugðið við svið TÚRKIS á *Mynd 4.17* miðað við svið *turquoise* í ENS (*Mynd 4.12*, bls. 155) og NAM (*Mynd 4.14*, bls. 157) er að það er mun dreifðara. Svið orðsins *blágrænn* í ÍSL (*Mynd 4.15*, bls. 158) er einnig mun heilsteptara og ekki eins dreift. Það er því líklegt að merking TÚRKIS í ÍTM sé ekki eins sterk og *turquoise* í ensku eða *blágrænn* í íslensku.


Þegar litið er til VÍS er við fyrstu sýn hægt að búast við að þau nærtæku heiti og svið sem koma fram séu lík þeim sem komu fram þegar gögnin frá íslenska hópnum voru greind (ÍSL, *Mynd 4.10*, bls. 152). Hins vegar hafa þegar komið fram vísbendingar um að litaorðaförði vesturíslenskumælandi sé annar heldur en þeirra sem tala íslensku á Íslandi.

Sem dæmi má nefna enskan orðaförða sem kom fram á listum yfir algengustu litaheiti í vesturíslensku nafngiftagögnunum (*Kafla 4.5.1*). Þar eru jafnhliða algengum íslenskum orðum eins og *rauður* og *grænn* bæði algeng ensk orð eins og *blue* og *purple* sem og aukheiti á borð við *beige*, *mauve* og *scarlet*. Áhugavert

¹⁹ Sjá t.d. <https://www.signedculture.org.uk/deaf-diaspora-2017> og fána Arnaud Balard <https://handeyes.wordpress.com/tag/deaf-union-flag>.

verður því að sjá hvort um er að ræða almenna fjölbreytni eins og til dæmis finnst í nafngiftagögnum NAM hópsins eða hvort að þetta er merki um eitthvað annað sem einkennir VÍS hópinn einan.

Á Mynd 4.18 (bls. 161) má sjá þau svæði sem komu fram í VÍS gögnunum þegar einungis eru tekin með íslensk litaheiti. Þau svið sem koma fram eru svipuð að stærð og lögun og í ÍSL kortinu (Mynd 4.10, bls. 152) en mun færri eins og sést vel á Mynd 4.18b.




Mynd 4.18: Sammæliskort VÍS

Á Mynd 4.18 eru einungis svið sex nærtækra heita: hvítur (Ao), svartur (Do), rauður (C1-D1), brúnn (D3), grænn (C6-C11) og blár (B12-D15). Ef um væri að ræða aðra skiptingu ættu sviðin að vera öðruvísi en til dæmis eru svið blár og grænn nærri því eins og í ÍSL. Hér er því um eitthvað annað að ræða.

Eins og áður hefur komið fram (Kafli 4.3) var notaður sami listi litaheita fyrir kjörlitaverkefnið í VÍS og notaður var í ÍSL en fyrir átta litaheiti af ellefu völdu þátttakendur nokkuð örugglega kjörlit eins og sést á Mynd 4.18b. Þeir litir sem komu fram á kortinu eru hvítur (Ao), grár (Bo), svartur (Do), rauður (C1), gulur (A4), brúnn (C4), grænn (B8), blár (C15). Einverjir treystu sér til að velja fyrir fjólublár (C17) og appelsínugulur (B2) en langflestir sögðust ekki vita hvað bleikur þýddi. Efstu tveir reitirnir sem valdir voru fyrir bleikur voru A20 og Do með tvær tilnefningar hvor.

Ef sammæliskrafan er lækkuð niður í 70% koma fram þrjú litahæiti í viðbót eins og sést á *Mynd 4.19* (bls. 162). Þau litahæiti sem koma fram í viðbót eru *grár* (Co), *orange* (B2) og *purple* (D18) en *gulur* sést hvergi, þó reitir A4 og A5 komist nálægt því með 68% og 64%. Ástæðan fyrir því að *gulur* kemst ekki á blað er að það litahæiti er í samkeppni við *yellow* í þessum reitum (32% í reit A4 og 24% í reit A5).



Mynd 4.19: Sammæliskort VÍS með 70% kröfu um sammæli

Þessi staða er einkennandi fyrir þróun vesturíslenskunnar. Íslensk heiti komast ekki á blað vegna samkeppni við ensk heiti. Þegar fólkið flutti frá Íslandi til Norður Ameríku settist það að í alls ólíkum mál- og menningarheimi. Fjölmargt sem Íslendingar rétt fyrir aldamót 1900 höfðu aldrei séð eða heyrt um áður þurfti að nefna, jafnvel í skyndi, til þess að hægt væri að ræða saman og svo virðist sem málhafar íslensku á Íslandi á þessum tíma hafi almennt ekki notað orðið *bleikur* sem litahæiti, né heldur *fjólublár* eða *appelsínugulur*. Í stað þess að finna upp ný litahæiti fyrir almenn litahugtök í nýjum heimkynnum í Norður Ameríku brugðu vesturíslenskumælandi frekar á það ráð að nýta almennu ensku heitin, *pink*, *purple* og *orange*.

Í *Töflu 4.25* (bls. 163) eru listar yfir efstu litahæiti úr nafngiftaverkefninu í NAM, VÍS og ÍSL. Þar má sjá að í öllum þrem málunum eru *grænn/green* og *blár/blue* í efstu tveim sætunum. Í næstu tveim sætum eru *fjólublár/purple* og *pink/bleikur* í NAM og ÍSL en ekki í VÍS, þar sem *rauður* og *purple* eru í þeim sætum. VÍS listinn sker sig því strax úr. Í VÍS er *rauður* býsna hátt á listanum (í þriðja sæti), miðað við NAM og ÍSL (þar sem *rauður* er neðstur í öðrum fjórðungi listans). Það er líklegast vegna þess að málhafar vesturíslenskunnar í VÍS hópnum hafa notað það litahæiti þar sem voru óvissusvæði en *rauður* getur gengið á sviði [RAUÐUR] sem og [BLEIKUR] ('ljósrauður') og [FJÓLUBLÁR] ('blárauður').

Í VÍS er *pink* þó ekki langt undan, efst í öðrum fjórðungi eins og *orange* í NAM, en *orange* í VÍS og *appelsínugulur* í ÍSL komast ekki að fyrr en í þriðja fjórðungi

listans. Í tveim seinni fjórðungum listans í VÍS fara önnur ensk heiti eins og *green* og *blue* líka að koma fram á þeim stað í listanum þar sem undirheitin fara að birtast í hinum tveim hópunum, svo sem *teal* og *mauve* í NAM og *húðlitur* og *ferskjulitur* í ÍSL.

NAM	VÍS	ÍSL
green	grænn	grænn
blue	blár	blár
pink	rauður	fjólublár
purple	purple	bleikur
orange	pink	brúnn
yellow	gulur	gulur
brown	brúnn	grár
red	svartur	rauður
grey	orange	appelsínugulur
turquoise	hvítur	hvítur
white	green	lilla
teal	grár	húðlitur
mauve	blue	svartur
peach	yellow	ferskjulitur
black	bleikur	beige
gold	mauve	plómulitur

Tafla 4.25: Efstu litaheiti í NAM, VÍS, og ÍSL


Á VÍS listanum er einnig *bleikur* í síðasta fjórðungi listans (einu sæti á undan *mauve* sem er í sama fjórðungi á NAM listanum) til viðbótar við *pink* sem er efst í öðrum fjórðungi. Það er því greinilega ekki öllum nærtækt og myndi fremur flokkast sem aukheiti heldur en grunnlitaheiti í VÍS málhópnum.

Hluti ástæðunnar fyrir því hvernig litakortin og nafngiftalistarnir í VÍS líta út er sú að vesturíslenska er erfðamál og sem slíkt alla jafna ekki í daglegri notkun. Önnur ástæða er hreinlega aldur málfafanna. Annars vegar beint þar sem málfafar gleyma orðaforða og málfræði erfðamálsins sem þeir tala ekki dags daglega og sjá illa greinarmun á dekkstu og ljósustu litbrigðunum. Hins vegar óbeint þar sem þróunarferli litaorðaforðans hefur áhrif, aðgreiningin er önnur en hjá yngra fólki og svið litaheitanna, notkun, og virkni ólík.

Staða vesturíslenskunnar sem erfðamáls með mikinn fjölda lánsorða veldur því að erfitt er að greina nákvæmlega skiptingu litahugtakanna. Að einhverjum hluta er þar rannsóknarnálguninni um að kenna sem gerði ráð fyrir einsleitari orðaforða en raun bar vitni.

Ef sú þróun sem á sér stað í íslenskunni, þar sem smátt og smátt koma fram fleiri afmörkuð litahugtök nærtæk öllum málhöfum, er sambærileg í vesturíslenskunni ætti að vera hægt hægt er að sjá góðar vísbendingar um það með því að skoða eldri og yngri hópa íslenskunnar (ÍSE og ÍSY).

Á Mynd 4.20 (bls. 152) sjást kort fyrir elsta íslenska hópinn, ÍSE. Þau virðast við fyrstu sýn mjög lík ÍSL hópnum (Mynd 4.10, bls. 152).



Mynd 4.20: Sammæliskort ÍSE

Þegar Mynd 4.20b er hins vegar skoðuð nánar veður tvennt athygli. Annars vegar er það þau nærtæku heiti sem koma fram en á myndinni eru: hvítur (Ao), grár (Bo-Co), svartur (Do), bleikur – fyrri hluti (Ao), rauður (C1-D1), brúnn (C3-D4), gulur (A4-A5), grænn (B6-D11), blár (C12-D15), fjólublár (B16-D18), bleikur – seinni hluti (A19-B19). Það gera tíu nærtæk heiti því appelsínugulur nær því ekki að vera skráð sem nærtækt litaheiti í ÍSE á því svæði sem hingað til hefur merkst sem appelsínugulur (reitir B2 og B3).

Af 21 þátttakanda nefnir aðeins um helmingur appelsínugulur fyrir þessa reiti sem almennt eru skráðir undir appelsínugulur (B2 og B3) en þau heiti sem eru í samkeppni við appelsínugulur eru rauður með tíu tilnefningar alls fyrir reitina tvo, órans með átta tilnefningar og gulur með sjö.

Í Kafla 3.1 var minnst á órans sem mögulegt heiti á þessu sviði og á tímabili hefur það greinilega verið fyrirferðarmikið en á endanum tapað fyrir appelsínu-

gulur. Hjá þessum elstu málhöfum eru þessi skipti hins vegar ekki alveg gengin yfir og þetta bil á milli [RAUÐUR] og [GULUR] er því enn ákveðið óvissubil í þeim hópi.

Þrátt fyrir að *appelsínugulur* hafi ekki komið fram sem nærtækt heiti voru flestir öruggir með að velja kjörliit fyrir heitið, enda líklegast auðvelt að geta sér til um þann lit sem við er átt séu orðin *appelsína* og *gulur* yfir höfuð þekkt, burtséð frá stöðu hugtaksins og merkimiðans í málvitundinni.

Fulla nafngiftalista í ÍSE fyrir þá reiti sem hingað til hafa nær alltaf verið merktir með *appelsínugulur* (APPELSÍNUGULUR/*orange*), B2 og B3, má sjá í *Töflu 4.26*.


B2		B3	
appelsínugulur	10	appelsínugulur	11
rauður	6	gulur	4
órans	5	rauður	4
gulur	1	órans	3
appelsínulitur	1	brúnn	1
bleikur	1		

Tafla 4.26: Nafngiftir fyrir reit B2 og B3 í ÍSE

Hitt sem kemur fram á *Mynd 4.20* (bls. 164) er bilið sem er á milli [FJÓLU-BLÁR] og [BLEIKUR] en það sést vel á *Mynd 4.20b*. Það er í samræmi við *Mynd 4.7* (bls. 146) sem sýnir þá reiti sem þátttakendur í ÍSE hópnum voru óvissastir með, en það var aðallega á því svæði sem kortleggst sem *bleikur/fjólublár* (BLEIKUR/FJÓLUBLÁR, *pink/purple*) á þeim kortum sem hafa verið skoðuð. Þrátt fyrir að einhver hluti þess nái að merkjast sem svæði *bleikur* og *fjólublár* er enn óvissusvæði í miðjunni. Eftir því sem hugtakið festir sig í sessi verða málhafar öruggari með að velja annað hvort eða á mörkum þeirra, svo sem á milli [BLEIKUR] og [FJÓLUBLÁR].

Þróunin heldur svo áfram og þegar litið er á kortin fyrir yngsta íslenska hópinn, ÍSY, á *Mynd 4.21* (bls. 166) sést mjög greinilegur munur á því og ÍSE kortinu (*Mynd 4.20*, bls. 164). Þau litaheiti sem koma fram eru: *hvítur* (A0), *grár* (C0), *svartur* (D0), *rauður* (C1-D1), *appelsínugulur* (B2-B3), *brúnn* (D3-D4), *gulur* (A4-A5), *grænn* (B6-D10), *blár* (B12-D15), *fjólublár* (B16-D19) og *bleikur* (A18-C20). Það eru ellefu nærtæk heiti, þar með talið *appelsínugulur*, sem er greinilegt

í reitum B2 og B3. Það sem hins vegar er áhugaverðast við þetta kort er hversu það líkist NAM kortinu (*Mynd 4.13*) sem endurspeglar líkindi þessara tveggja hópa í athugun á nafngiftamynstrum í *Kafla 4.4.1*, fyrir utan það að ‘fjólubleika’ svæðið í NAM kortinu (dálkar 16-20) er líkara ÍSE kortinu, *Mynd 4.10*, heldur en ÍSY kortinu. Þátttakendur í ÍSY hópnum skipta þessu svæði bróðurlega á milli *fjólublár* og *bleikur* en svið hins síðarnefnda nær ekki yfir í ljósrauða hlutann efst í dálkum 1 og 2 eins og það gerir í hinum tveim íslensku hópunum. Eins og í ÍTM hópnum skiptist val á kjörlit fyrir *appelsínugulur* jafnt í tvennt og val á kjörlit fyrir grænn lendir mun nær gula svæðinu heldur en í hinum hópunum, annars er val á kjörlit mjög svipað í ÍSY eins og hinum íslensku hópunum.



Mynd 4.21: Sammæliskort ÍSY


Mest áberandi á *Mynd 4.21* er þó að bilið á milli *blár* og *grænn* er næstum eins stórt og í ensku hópunum tveim (ENS og NAM). Hér er mögulega um að ræða áframhaldandi þróun litasviðsins sem þá er sama þróun og sést í ensku hópunum tveim, þar sem önnur litaheiti heldur en þau sem hingað til hafa talist til grunnlitaheita helga sér svæði á milli grunnlitaheita; í þessu tilfalli á milli [GRÆNN] og [BLÁR]. Í ensku hefur *turquoise* ekki alveg náð því að verða grunnlitaheiti samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru hér en gæti vel orðið það í framtíðinni. Þá gæti hið íslenska *blágrænn* fylgt fordæmi *fjólublár* og *appelsínugulur* og gengið í hóp grunnlitaheita.

4.6.3 Þróun merkingarsviða

Eitt af því sem hafa ber í huga þegar talað er um þróunarröð B&K er að sama hversu mörg grunnlitaheiti tungumál hefur, hvort sem þau er þrjú eða ellefu, ná svið þeirra samanlögð alltaf yfir allt litrófið. Um er að ræða ákveðinn lágmarks-orðaforða sem málfarar komast af með til þess að skipta upp þeim litbrigðum sem þeir skynja (sbr. nýrri útgáfu þróunarraðarinnar í *Töflu 2.2*). Það þýðir að þegar ný hugtök verða til breytast líka svið þeirra hugtaka sem fyrir eru.

Þessi breyting í sviðum litaheitanna sést ef við skoðum til dæmis þau svæði í hópum íslensku málfarfanna sem þeir merkja með *rauður* (*Myndir 4.22 – 4.25*). Hægt er að gera ráð fyrir því að notkun vesturíslensku málfarfanna (VÍS) á *pink*, *purple*, og *orange* í stað *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* þýði að þessi litahugtök hafi ekki verið fullmynduð í íslensku um 1900 þegar fólksflutningarnir miklu frá Íslandi áttu sér stað og miðað við að *appelsínugulur* náði ekki að merkjast sem nærtækt heiti í ÍSE hópnum eru þessi þrjú hugtök, [BLEIKUR], [FJÓLUBLÁR] og [APPELSÍNUGULUR], ekki enn orðin fulltíða, ef svo má að orði komast. Öll þessi hugtök má merkja með *rauður* eða tilbrigðum við þann lit og eins væri hægt að merkja þessi hugtök sem [LJÓSRAUÐUR], [BLÁRAUÐUR] og [RAUÐGULUR]. Því er líklegt að mikill hluti þeirra svæða sem merkt eru með litaheitunum *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* í dag hafi áður verið merkt með *rauður*.

Á *Mynd 4.22* má sjá dreifingu *rauður* í VÍS. Auk þessara tilnefninga *rauður* fékk *red* nokkrar tilnefningar; eina í reitum C2, D19, D1, B19, B2 og D2; og tvær í reit C1.




Mynd 4.22: Dreifing *rauður* í VÍS

Greinilegt er á *Mynd 4.22* (bls. 167) að litaheitið *rauður* gengur vel upp í öll þessi svæði, bæði á hinu hefðbundna rauða og rauðbrúna svæði (u.þ.b. C1-D3) og líka á

appelsínugula svæðinu (u.þ.b. B1-B2), og er sérstaklega áberandi þeim megin sem *bleikur* (u.þ.b. A17-B20) og *fjólublár* (u.þ.b. C16-D20) eigna sér svæði í hinum málahópnum. Hægt væri að ímynda sér að þessi mikla dreifing *rauður* stafi að einhverju leyti af því að málhafar vesturíslenskunnar hafi ekki orðaforða til þess að nefna þessi litbrigði öðrum nöfnum en fjöldi aukheita fenginn að láni úr ensku, sem og tilvist *pink*, *purple* og *orange* á tíðnilistanum fyrir VÍS bendir fremur til þess að málhöfum sé það tamast að nefna þessi litbrigði rauð.

Þessi tilgáta styrkist þegar skoðuð er dreifing *rauður* í elsta íslenska hópnum (ÍSE) á *Mynd 4.23*. Hún er ekki eins mikil en greinileg, að minnsta kosti á appelsínugula og fjólubláa svæðinu.




Mynd 4.23: Dreifing *rauður* í ÍSE

Af þessum þrem margumræddu yngstu grunnlitahugtökum í íslensku — [BLEIKUR], [FJÓLUBLÁR], [APPELSÍNUGULUR] — er [BLEIKUR] elst og því eðlilegast að *rauður* hverfi fyrst af því svæði. Á *Mynd 4.23* sést greinilegur munur á því hversu hátt nafngiftirnar ná upp í ljósustu bleiku litbrigðin í A röðinni, annars vegar á „rauðgula“ endanum (dálkar 1–3) og hins vegar á „blárauða“ endanum (dálkar 17–20).


Þegar aldurinn lækkar í þeim hópnum sem verið er að fara í gegnum hér og [BLEIKUR] skilst frekar frá [RAUÐUR] fækkar sem því nemur þeim reitum sem vísað er í sem *rauður*. Á hæla [BLEIKUR] fylgir svo [FJÓLUBLÁR] og sker enn frekar af því svæði sem áður var merkt með *rauður*. Þá hætta málhafar að merkja þann hluta litrófsins með *rauður* og fara að nota *fjólublár* í staðinn.

Þessi minnkun á sviði *rauður* sést vel á *Mynd 4.24* (169) en þar er dreifing þessa litaheitis í nafngiftagögnunum úr ÍSL hópnum sem er um það bil mitt á milli yngsta og elsta hópsins í aldri. Þar er einungis örlítið eftir af [RAUÐUR] á þeim enda sem aðallega er merktur með *bleikur* og *fjólublár*.



Mynd 4.24: Dreifing *rauður* í ÍSL


Eftir því sem merkingarsvið litahugtakanna [BLEIKUR], [FJÓLUBLÁR] og [APPELSÍNUGULUR] styrkjast í málinu og notkun þeirra merkimiða sem fylgja þeim eykst fækkar enn þeim málhöfum sem velja orðið *rauður* fyrir þau litbrigði sem nú falla undir önnur heiti eins og til dæmis *appelsínugulur*. Í yngsta íslenska hópnum (ÍSY) er notkun orðsins *rauður* að mestu einskorðuð við það svæði þar sem *rauður* kemur fram sem nærtækt heiti á litakortinu, í reitum C1–D2, eins og sést á *Mynd 4.25*.



Mynd 4.25: Dreifing *rauður* í ÍSY

Eins og sést svo vel á *Mynd 4.25* hafa *bleikur* og *fjólublár* vel fest rætur hjá yngstu málhöfum íslensku á því svæði sem áður féll undir *rauður*. Það mikið að þeir nota nærri aldrei það heiti fyrir liti í þeim EoSS dálkum sem voru kallaðir *rauðir* í VÍS (sbr. *Mynd 4.22*, bls. 167) það er dálkar 16-20. Í ÍSY er einungis um að ræða örfá tilvik í dálkum 19 og 20.

Þessi þróun sést einnig í notkun elstu og yngstu íslensku málfarfanna á litaheitinu *appelsínugulur*, þar sem merkingarsvið orðsins víkkar eftir því sem hugtakið styrkist (og merkingarsvið *rauður* minnkar sem því nemur). Á *Mynd 4.26* (170) sést dreifingin fyrir *appelsínugulur* í ÍSE og ÍSY.

Mynd 4.26: Dreifing *appelsínugulur* í ÍSE og ÍSY

Greinilegt er á *Mynd 4.26* að bæði fjöldi þeirra sem nota þetta litaheiti og þau litbrigði sem það er notað til að merkja hafa aukist verulega í ÍSY. Dreifingin í ÍSE er að mestu bundin við þá tvo reiti sem tengjast *appelsínugulur* í þessari athugun, B₂ og B₃, en í ÍSY er svæðið sem *appelsínugulur* dreifist um þónokkuð stærra og yngsti hópurinn (ÍSY) virðist nota heitið *appelsínugulur* mun meira heldur en elsti hópurinn (ÍSE). Samanlagt er því sjáanlegur munur á sviðum litahugtaka og notkun litaheita á milli elstu og yngstu málfaha íslensku. Notkun yngstu málfafanna er að mörgu leyti mun líkari notkun ENS hópsins á *orange*, sú dreifing þekur að mestu sama svæði og fleiri velja það heiti heldur en *appelsínugulur* í ÍSE hópnum. Þessi dreifing fellur að kenningum B&K um þróun litahugtaka þar sem ný litbrigði verða nærtæk hugtök og þurfa nýja merkimiða. Í íslensku hefur hugtakið [APPELSÍNUGULUR] mun stærra svið hjá yngstu málhöfunum heldur en þeim elstu og líkara því sviði sem málfafar breskrar ensku um og yfir tvítugt hafa. Þannig verður meiri munur á milli kynslóða innan máls heldur en milli tungumála, séu málin á sama stað í litahugtakaþróun. Þó fer það einnig eftir því við hvað er miðað, hrein nafngiftamynstur, svið nærtækra litaheita eða litaheitin

sjálf, en aðferðir við nýmyndun litaorða geta líka haft áhrif á hvernig þau sýna sig í rannsókn eins og þessari.

Þó hér séu komin fram öll þau ellefu hugtök sem B&K skilgreindu sem grunnlitaheiti er alls ekki víst að þróunin stöðvist þar. Ef litið er til frumlita Herings (sbr. *Kafla 2.2*), rauður/grænn, gulur/blár og þeirrar staðreyndar að þessi litbrigði raðast hindranalaust í samfelldan hring má sjá að auk þessara fjögurra frumhugtaka hafa komið fram hugtök á milli blás og rauðs (*purple/FJÓLUBLÁR/fjólublár*), og rauðs og guls (*orange/APPELSÍNUGULUR/appelsínugulur*). Vel er hægt að ímynda sér að *turquoise* fylli í skarðið sem vantar milli blás og græns í ensku og þá vantar bara heiti til þess að merkja sviðið á milli guls og græns. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvernig staðan er á blágræna bilinu í íslensku vegna þess hvernig unnið er úr gögnunum en ef *fjólublár* og *appelsínugulur* gefa fordæmi um það hvernig nöfn veljast á nýja grunnliti meðal íslenskumælandi mætti alveg sjá fyrir sér að *blágrænn* gæti tekið að sér það hlutverk að afmarka sérstaklega svæðið á milli blás og græns.

4.7 Samantekt fjórða kafla

Litaheiti eru áhugavert svið til að skoða út frá merkingarfræðilegu sjónarmiði. Það sem við skilgreinum sem vísimið litaorða er ekki raunverulega til sem eiginli hlutar, heldur einungis sem skynjun. Fjarvera raunverulegs vísimiðs gaf í upphafi tilefni til þess að gera ráð fyrir að hver menningarhópur fyrir sig hefði sér skiptingu en tímamótaverk B&K og rannsóknir í framhaldi af því sýndu fram á sterk rök fyrir því að skipting litrófsins væri alls ekki eins misleit og haldið hafði verið fram heldur væri að finna grófa skiptingu í ákveðin svæði sem væru einsleit á milli menningarhópa.

Gögnin úr EoSS og framhaldsrannsóknunum sem nýttu aðferðafræði B&K gefa tvenns konar niðurstöður sem styrkja bæði vitsmunahyggjuna sem B&K byggja á og afstæðishyggjuna sem felur í sér ýmiskonar gagnrýni á hugmynd B&K um algildi í lithugtökum. Tölfræðileg greining á þeim málum sem fjallað var um í *Kafla 3* sýndi þá niðurstöðu að merkingarsvæðin og kjarnar þeirra væru mjög svipuð í öllum málunum sem skoðuð voru og íslenskan skar sig ekki

þar úr að neinu marki frekar en önnur mál. Jafnvel nafngiftamynstur ÍTM sem er alls óskýlt raddmálunum fjallað var um voru svipuð og í hinum málunum. Skyld mál í öðrum málsamfélögum, enska og vesturíslenska, voru einnig mjög lík íslensku í nafngiftamynstrum. Þetta bendir til þess að málfræðileg einkenni málsins hafi lítið að segja um almenna skiptingu litrófsins í litbrigði og að þeir kjarnar litahugtakanna sem skilgreinast í þessum málum séu mjög líkir. Þegar skoðuð er dreifing ákveðinna litaorða (svo sem *rauður* og *appelsínugulur*) kemur að einhverju leyti fram meiri munur þegar litið er til aldurshópa innan máls heldur en milli mála. Þegar ný hugtök verða til helga þau sér ákveðið svæði í upphafi en mörk svæðisins færast til þegar þau hafa fest sig í sessi.

Á hinn bóginn koma áhrif tungumálanna fram á jöðrum hugtakanna, á þeim svæðum litrófsins þar sem kjarna hugtaks sleppir og eitt hugtak tekur við af öðru, til dæmis á mörkum [GRÆNN] og [BLÁR]. Á þeim svæðum eru málhafar óvissir, til dæmis hvort nota eigi *grænn* eða *blár* og grípa því til nákvæmari skilgreininga og undirheita. Í íslensku eru þessi undirheiti nær eingöngu samsetningar og því kortleggjast jaðrar hugtakasviðanna allt öðruvísi en til dæmis jaðrar ensku sviðanna þar sem mikill fjöldi einstakra undirheita er notaður í stað samsetninga (sbr. t.d. *turuquoise* á móti *blágrænn*). B&K töldu að samsett heiti væru ekki líkleg til þess að vera grunnlitaheiti en eins og við höfum séð eru tvö íslensku grunnlitaheitanna, *fjólublár* og *appelsínugulur*, samsett. Í þessu felst ákveðin blinda þeirra á málfræðilega byggingu tungumála annarra en ensku. Gagnrýni á aðferðafræði B&K felst meðal annars í því að það sem skipti máli í merkingarrannsóknum sé samhengi notkunarinnar: hvernig eru máleiningar notaðar til þess að lýsa heiminum, hverju eru þær notaðar til að lýsa og í hvaða menningarlegu samhengjum birtast þær? Til að skoða þessa þætti þarf nákvæma textarannsókn og næsta skref er því að skoða betur málfræðilega þáttinn og orðmyndunaraðferðirnar, sem og menningarlegar tengingar, til þess að athuga hvort hægt sé að sjá frekari áhrif málfræðinnar og menningarinnar á merkingu litaorðanna og hvort samspil þeirra sé frábrugðið orðmyndun og málfræði litaorða í öðrum málum eða öðrum lýsingarorðum í íslensku. Það verður gert með söfnun orðmynda úr textasöfnum og greiningu á þeim.

5. Litahugtök í mál- og menningarlegu samhengi

Þær kenningar sem notaðar eru sem fræðilegur grundvöllur þessarar rannsóknar fengu báðar nokkurn hljómgrunn í *Kafla 4* hér að framan. Þó að aðalumfjöllunarefni hans hafi verið rannsóknir sem sóttu innblástur sinn í B&K og gögn úr þeim sem bentu til þess að kjarnar litahugtaka séu einsleitir komu einnig fram þónokkrar vísbendingar um að orðaforðinn sjálfur hefði einhver áhrif á hugtakaskiptingu, að minnsta kosti á jöðrum þeirra hugtaka sem eru almennust. Litaskilgreiningar á milli málhópa, svo sem *blágrænn* á móti *turquoise*, eru mismunandi og jafnvel möguleiki að málfræðin sjálf hafi þar áhrif eins og fylgismenn afstæðishyggjunnar vilja halda fram. Samanber til dæmis Cassirer 1946, Whorf 1956, og Hanson 1958.

Þó að aðferðafræði B&K hafi þann kost að hægt er að skoða nafngiftir á litbrigðum án áhrifa frá ýmsum tengdum merkingarsviðum hefur hún líka þann galla að ef ekki er vel að gætt tapast mikilvægar upplýsingar um þann orðaforða sem kemur fram í slíkum rannsóknum. Þegar allt kemur til alls eru verkefni eins og leyst voru í EoSS og hinum rannsóknunum ekki hluti af almennri daglegri notkun málhafanna á málinu. Þau rúmast ekki innan þess ramma sem til dæmis Lucy og Wierzbicka setja sem nauðsynlegt rannsóknarsvið til þess að finna merkingu orða og þar af leiðandi merkingarflokka (sjá *Kafla 2.4.1* og *Kafla 2.4.2*).

Lucy (1997b) leggur mikið upp úr dreifingarmöguleikum litaheitanna vegna þess sambands sem hann telur vera á milli merkingarinnar og málfræðinnar:

[...] ef það á að finnast málfræðilegur flokkur, ef við ætlum að eigna hugtakið hinu merkingarlega kerfi tungumálsins, þá hljóta að vera einhver merki í tungumálinu. Annars höfum við skynjunarlegan eða vitsmunalegan flokk en ekki málfræðilegan (332).

Með öðrum orðum að orð sem eru raunverulega merkingarlega skyld ættu að hafa sömu kerfiseinkenni í málfræðinni. Lucy vill þannig aðskilja hugræna úrvinnslu

(skynjunarflokka) frá málkerfinu sem geymi hina raunverulegu málfræðilegu merkingu (merkingarflokka). Eins og í kenningum Wierzbicku fylgir þessu að tungumálið sjálft hafi áhrif á hugsun málhafans. Það er því áhugavert að sjá hvaða ferli fylgja litaorðum í íslensku og hvort hægt er að sjá einhver mynstur í þeim. Hafa ber í huga að hin meintu hugsunaráhrif verða ekki séð úr þessum textaathugunum en þær gefa góða hugmynd um hvar væri hægt að byrja ef slík rannsókn ætti sér stað.

Í þessum kafla verður því gerð rannsókn á íslenskum litaorðaförðum með því að safna dæmum úr málagnasöfnunum *Risamálheild* (Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018), og *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* og textasöfnunum *Timarit.is* og *Bækur.is*.²⁰ Markmið hennar tvinnast saman við spurningar sem Lucy setti fram sem skilyrði til skilgreiningar á merkingarflokki. Til þess að komast að því hvaða orð eiga saman í merkingarflokk setti Lucy fram ákveðnar rannsóknarkröfur sem þyrfti að fylgja:

Rannsóknarkrafa 1 Greina hvaða orð og málfræðilegu einingar eru gegnumgangandi tengdar við liti.

Rannsóknarkrafa 2 Komast að því hverjir málfræðilegir eiginleikar þessara orða og eininga eru.

Rannsóknarkrafa 3 Sjá hvernig þessi orð og málfræðilegu eiginleikar birtast í sambandi við liti og litaheiti.

Kennisetning 5.1: Rannsóknarkröfur Lucy

Ef einhver mynstur birtast í þessari athugun, til dæmis ef litaorð eða orð sem

²⁰ Skörun milli þessara málheilda er nokkur og þegar um er að ræða fá dæmi eru þau tínd í sundur en annars láti liggja á milli hluta. Þegar um er að ræða tilvísun í sama ljóð á mörgum stöðum er það talið sem eitt dæmi. Þetta gerist til dæmis oft í minningagreinum. Samsetningar með bandstrikum eru taldar með þeim sem eru ekki með bandstrik (*grá-svartur* = *grásvartur*), nema bandstrikaða orðið sé eina útgáfan sem finnst (*silfur-svartur*). Í sumum tilfellum er mögulega um villur að ræða, svo sem *skolsvartur* (*kolsvartur?*) og *sóttsvartur* (*sótsvartur?*) en slíkt er einnig látið liggja milli hluta, enda ekki tóm hér til þess að greina hvert einasta orð; það er hægt að skrifa heila ritgerð um eitt orð (sbr. t.d. Guðmundur Már Hansson Beck 2005). Greiningar- og stafsetningarvillur eru algengar. Til dæmis er stóran hluta þeirra samsetninga sem hafa tíðni 1 í *Risamálheildinni* ekki hægt að finna undir nafnhætti heldur þeirri orðmynd sem birtist í samhengi („bjartblá“ > *bjartbláa*) eða með röngum nafnhætti („bláeföldu“ > *bláefalda*). Allar tölur eru birtar með fyrirvara um þessar greiningarvillur í málheildunum og reiknihæfileika höfundar.

eru nátengd litum hafa sömu málfræðilegu hegðun, er hægt að tala um merkingarlegan flokk orða. Í þessum kafla verður fyrst farið yfir fræðilega möguleika slíkra flokka í íslensku í *Kafla 5.1* en síðan gerð athugun á birtingarmyndum þeirra eininga sem samkvæmt Lucy ættu að taka þátt í slíku kerfi. Það eru afleiðslur og samsetningar sem taka mestan þátt í merkingarbreytingum orða.

Í *Kafla 5.2* verða skoðaðar afleiðslur með níu af ellefu grunnlitaheitum: *svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár* og *bleikur*. Þær afleiðsluendingar sem nýttar eru til þess að mynda nafnorð og sagnorð úr litalýsingarorðum eru af ýmsu tagi og sýna vel þá fjölbreytni í máleiningum sem verður til í gegnum málsöguna. Hins vegar er fremur auðvelt að skipta þessum afleiðslum niður eftir hlutverki því sem þeim er ætlað; það er grunnmerkingu einingarinnar sem hún bætir við merkingu stofnorðsins.

Í *Kafla 5.3* verður athyglinni beint að samsetningum en þær eru miklum mun fleiri en afleiðslurnar. Hér koma einnig við sögu ýmisleg einkenni málsögulegra breytinga, svo sem afbrigði í orðstofnum, mismunandi málfræðileg gerð samsetninga og merkingarleg umtúlkun orða eða orðliða. Verður samantekt um samsetningar því gerð eftir þessum einkennum og skoðað hvort hægt er að finna einhver mynstur.

5.1 Merkingarflokkur sem málfræðiflokkur

Þegar Lucy gerði athugun sína á enskum litaorðum fann hann ekki nein sérstök mynstur. Hann gerði hins vegar ekki mjög ítarlega rannsókn á þeim málfræðiferlum sem hafa áhrif á litaorð í ensku en komst samt að þeirri niðurstöðu að litaorð væru ekki sérstakur merkingarflokkur með þeim rökum að málfræðileg skilgreining á slíkum flokki væri ekki til staðar.

Þegar litið er til íslenska málfræðikerfisins sem er þónokkuð margslungnara en hið enska verður vel ljóst vandamálið við að setja fram slíkar kröfur til skilgreiningar merkingarflokks. Málþróunarferlin ein og sér eru þar Lucy mikill þrándur í götu, svo ekki sé farið út í einstakar sérvískur og tiktúrur málhafa í gegn um tíðina.

Að því leyti er niðurstaða Lucy rétt að málfræðileg ferli verði ekki lögð til

grundvallar merkingarflokkir en en ólíkt Lucy munum við einnig komast að því að það er fleira til sem hægt er að leggja til grundvallar við greiningu á merkingarflokki.

Fyrir það fyrsta er nafnmynd grunnlitaheitanna ekki eins (t.d. *svart-ur* á móti *grænn* eða *blár*) því uppruni orðanna er ekki sá sami. Þetta má einnig sjá hjá öðrum lýsingarorðum (t.d. *ill-ur* á móti *vænn* eða *stór*), en keimlík *-ur* ending er einnig til í mörgum nafnorðum sem tengjast sagnorðum (sbr. *svelgja* > *svelgur*, *ylja* > *ylur*) og hefur það mögulega áhrif á það hvernig þessi litaorð eru túlkuð.

Í þeim málögnum sem skoðuð eru hér finnast einungis tvö grunnlitaheiti með afbrigðum í rót eða stofni, *svartur* og *rauður* en þessi tvö orð hegða sér ekki einu sinni eins því þó bæði eigi rótarafbrigði með svipaðri merkingu (sbr. *svartur*, *sverta*; *rauður*, *rjóða*) hefur einungis *svartur* stofnafbrigði í almennri beygingu (sbr. *svartur*, *svörtum*) en *rauður* ekki (sbr. *rauður*, *rauðum*).

Orðstofnar og beygingar grunnlitaheitanna koma mikið við sögu í afleiðslum og jafnvel í samsetningum þar sem stundum koma fyrir beygingar eða beygingalíkar endingar innan samsetninga (t.d. *Rauðisandur*, *Grænafell*) en hér er einnig mjög misjafnt hvaða grunnlitaheiti taka hvaða endingar (og hvaða stofnar koma þar við sögu) sem og hvort um er að ræða stofnsamsetningar eða beygingasamsetningar. Mikið af þessari óreglu hefur líklega að gera með mismunandi virkni og frjósemi beyginga og samsetningaaðferða á mismunandi tímum. Sem dæmi má nefna að lýsingarorð sem eru tiltölulega nýleg tökuorð (t.d. *lilla*, *beis*) beygjast ekki og *fjólublár* og *appelsínugulur* virðast taka þátt í nýstárlegum samsetningum þar sem forliðurinn stendur fyrir allt orðið í samsetningum (t.d. *fjólurauður*, *appelsínubrúnn*).

Merkingarlega hefur málsagan einnig áhrif á það hversu heilsteyptur hópur orða virðist vera, hvort sem um er að ræða lýsingarorð eða aðra orðflokka. Ýmis merkingarleg frávík finnast í samsetningum með mörgum grunnlitaheitanna en í fæstum tilfellum öllum. Margar samsetningar eru óræðar og merking breytist stöðugt í notkun málfafa; annars vegar eiga orð til að festast í ákveðnum samhengjum og hins vegar að hliðrast í merkingu. Í fyrra tilfallinu verða ákveðnar myndanir fastar í sama samhengi (*guðsgræn náttúra*), forliðir tapa merkingu sinni í sambandi við litaorðið (*iðjagrænn*) eða margar merkingar litaorðs eru í umferð á sama tíma (*eggjarauða*, *eplarauður*; *barbíbleikur*, *nábleikur*). Í seinna tilfallinu getur fólk farið að umtúlka merkingu forliða í sambandi við litaheiti

(*heiðblár* > *heiðgrænn*; *myntugrænn* > *myntublár*), rétt eins og gerst hefur með litaheitin sjálf (*bleikur* ‘födur’ > *bleikur* ‘ljósrauður’), þó umtúlkun forliða sé yfirleitt frá sértæku hugtaki ([HEIÐI], [MYNTA]) yfir í almennt ([SKÆR], [LJÓUS]). Einnig getur litaheitið sjálf fengið táknræna merkingu sem ekki tengist litbrigði þegar hugtak sem tengt er við litinn rennur saman við merkingu litaorðsins (*grályndur*, *blábrún*, *rauðanótt*). Þessi merkingarþróun er jafn óregluleg og hinar málfræðilegu breytingar.

Afleiðsluendingar eru mjög fjölbreyttar og dreifing þeirra er ójöfn. Þó að ákveðinn orðflokkur hafi aðgang að þeim er ekki þar með sagt að þær séu nýttar fyrir öll orðin, samanber *rauðka*, *grænka*, en **bláka*, **svartka*; *gulna*, *blána*, en **bleikna* (þó *blikna*), **svartna* (þó *sortna*). Þessi orðmyndunaraðskeyti eru mismunandi eftir orðflokkum, *blámi*, *grámi*, **leikmi*; *leikari*, *málari*, **bláari* og svo framvegis, en oft virðist það tilviljunum háð hvaða orð eru nýtt í þessa orðmyndun og hver ekki. Þetta á einnig við almennt, samanber *harðna*, *brotna*, en **rekna*; og *vitka*, *traðka*, en **nóttka*.

Sömu sögu er að segja um samsetningar, þó þar finnist ýmis mynstur. Í íslensku er hægt að nýta alla aðalorðflokkana (nafnorð, sagnorð og lýsingarorð) til þess að mynda nýtt orð og ræðst orðflokkurinn af því hvernig þau eru sett saman. Í *Töflu 5.1* eru dæmi um slíkar samsetningar.

		Seinni liður		
		<i>nafnorð</i>	<i>sagnorð</i>	<i>lýsingarorð</i>
Fyrri liður	<i>nafnorð</i>	húsbíll	kjöldruga	risastór
	<i>sagnorð</i>	/	/	/
	<i>lýsingarorð</i>	stórtap	heilsteikja	heiðskír

Tafla 5.1: Samsetningamöguleikar þriggja stærstu orðflokka

Í *Töflu 5.1* er greinilegt að sagnir henta ekki sem fyrri liður samsetningar, þó að þær finnist sem seinni liðir með bæði nafnorðum og lýsingarorðum (*kjöldruga*, *heilsteikja*). Nafnorðin og lýsingarorðin, hins vegar, geta verið hvort sem er fyrri liður eða seinni (*risastór*, *stórtap*) og innanflokksamsetningar eru einnig nokkuð algengar (*húsbíll*, *heiðskír*).

Við *Töflu 5.1* væri hægt að bæta þónokkrum hópi orðmyndana með forsetningum á borð við *upptaka*, *útskýra*, *innskeifur* og *framýfir*, en umdeilt er hvort þessi orð teljast til afleiðsla eða samsetninga. Í þeim textarannsóknnum sem hér fylgja

á eftir verða slík litaorð, svo sem *írauður* og *útfjólublár*, tekin með í athugunina og skilgreind sem samsetningar á þeim grundvelli að um sé að ræða tvö sjálfstæð merkingarbær orð; enda ekki það mörg að það skipti miklu máli. Auk þess er oft túlkunaratriði hvaða orðflokk er um að ræða, sbr. *pissugulur*, *gubbugrænn*, en almennt eru slíkar samsetningar túlkaðar sem tengihljóðssamsetningar sem margar hverjar eru mögulega undir áhrifum frá eignarföllum annarra samsetninga. Fyrir þessum ummyndunum eru líklegast ýmsar ástæður en ekki verður farið nánar í þær hér.

Tíðni þessara samsetninga er einnig mismunandi. Eins og með dreifingu stakra orða í texta er hægt að skoða dreifingu ákveðinna orða í samsetningum og mögulega hægt að fá hugmynd um merkingu þeirra og hlutverk út frá því. Þær samsetningar sem litaorð birtast í eru að öllum líkindum mjög svipuð þeim samhengjum sem þau birtast í ein og sér; svo sem *grænt lauf* > *laufgrænn*, *blár himinn* > *himinblár* og svo framvegis. Þegar kemur að litaorðunum er því viðbúið að finnist samsetningar með nafnorðum (*blóðrauður*, *sólgulur*, *móbrúnn*), öðrum lýsingarorðum (*skærbleikur*, *dökkblár*, *svarthvítur*) og sagnorðum (*bláklæða*, *rauðsansera*).

Auk þess er hægt að skoða samband orðhlutanna sjálfra. Það er þekkt fyrirbæri að hlutar samsetts orð sömu gerðar hafi ekki alltaf sama samband. Ólífuoía er oía gerð úr ólífum og sólblómaoía úr sólblómafræjum en barnaoía er ekki gerð úr börnum; smjörkrem er krem sem er búið til úr smjöri og tannkrem er krem fyrir tennur en er ekki búið til úr tönnum. Þetta kemur líka fyrir í samsetningum með litaorðum; samband orðhluta *rauðfættur* eða *bleikmálaður* er ekki það sama og samband orðhlutanna í *rauðgulur* eða *bleikrauður*. Í sumum tilfellum, svo sem *rauðgrænn*, er jafnvel ekki um að ræða eiginlegan merkingarsamruna eins og oftast er með litasamsetningar. Innra samband orðhlutanna er því einnig þáttur í því að gera samsetningar með litaheitum óreglulegan hóp; ekki málfræðilega einsleitan.

En þá er alveg eins hægt að spyrja hvort það sé ekki óraunhæft að ætlast til þess að slíkt málfræðilegt merkingarkerfi sé til? Eðli tungumálsins gerir það að verkum að uppruni þeirra orða sem notuð eru til að merkja hugtök getur verið margvíslegur. Hvert orð á sér einstaka sögu sem er frábrugðin sögu annarra orða, þar á meðal þeirra sem eiga sama uppruna en teljast nú til annars tungumáls.

Í *Dæmi 5.1* (bls. 179) má sjá nútímadæmi um orð sem komu við sögu í *Kafla*

3.1.2. Sum þeirra hafa að miklu leyti haldið merkingu sinni síðan – *blakkur*, *jarpur*, *rjóður* – og merking annarra breyst – *bleikur* – en sum þeirra aukheita sem fjallað var um í *Kafla 3.1.2* hafa alveg horfið, svo sem *hárr* og *höss*.²¹

Í nútímáislensku er *blakkur* (5.1a) sjaldgæft og helst notað sem hestsnafn, *jarpur* (5.1b) er notað í sama tilgangi og í forníslensku, að lýsa háralit (manna og dýra), *rjóður* (5.1c) er einnig enn notað á svipaðan hátt, ‘rauður í andliti’, en *bleikur* (5.1d) hefur gengið í tölu grunnlitaheita og skipt um merkingu (þó leifar eldri merkingar séu enn finnanlegar í almennu máli, sjá *Kafla 5.3.9*), úr ‘fökur; ljós’ yfir í ‘ljósrauður; ljósblárauður’.

- 5.1
- a. *Eini munurinn var sá að ég og hinn **blakki** Suður-Afríkumaður fengum ekki eina sekúndu til að auglýsa okkar ágæti.* (Bragi Ólafsson 2006).
 - b. [...] *gleymir öllu nema berggráum augum í smágerðu andliti, römmuðu inn af **jörpu** hári.* (Jón Kalmann Stefánsson 2007).
 - c. *Örfáum mínútum síðar opna mamma og Helgi, sællega **rjóð** í kinnum með kvöldið í baksýn.* (Auður Jónsdóttir 2008).
 - d. *Goodmoondor sveiflar **bleiku** bindinu upp á öxlina áður en hann ber heitt kjötið inn af köldum pallinum.* (Hallgrímur Helgason 2008).

Eins og nefnt hefur verið er stærsti hluti litaorða í íslensku lýsingarorð. Þau hafa ákveðna formlega eiginleika, bæði sérstæða og sameiginlega öðrum orðflokkum. Fyrst ber að nefna beygingar en íslensk lýsingarorð beygjast í fjórum föllum (nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli), þrem kynjum (karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni) og tveim tölum (eintölu og fleirtölu), auk þess sem beygingar geta verið af tveim gerðum: sterkar eða veikar.

Nefnifall, karlkyn, fleirtala af *rauður* er þá til dæmis *rauðir*; þágufall, kvenkyn, eintala af *grænn* er *grænni*; og eignarfall, hvorugkyn, fleirtala af *brúnn* er *brúnna*. Þannig aðlaga lýsingarorðin sig algjörlega að nafnorðunum sem þau fylgja en þar sem nafnorðin sjálf hafa innbyggt kyn beygjast þau aðeins í föllum og tölu (t.d. *stóll* – karlkyn, *hilla* – kvenkyn, *borð* – hvorugkyn). Þriðji stærsti orðflokkurinn er sagnorð en beygingar í þeim flokki eru öðruvísi en nafnorða og lýsingarorða þar sem eðli þeirra er nokkuð annað. Þær hafa ekki kyn og laga sig að nafnorðum

²¹ Afkomandi *höss* lifir reyndar enn í íslensku, í nafninu *Höskuldur*. Það er talið hafa myndast af *höskollur* ‘grákollur’ og líklegast upprunalega verið viðurnefni, en síðan tekið upp sem mannsnafn (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989, bls. 413–417).

eins og lýsingarorðin (beygjast í tölu) en auk þessa hafa þær beygingar sem eru einkennandi fyrir sagnorð, svo sem háttar- og tíðbeygingar (t.d. *verða* > *orðinn*, *fara* > *fór*).

Auk kyns nafnorða, sem hefur áhrif á beygingu lýsingarorða, ræður ákveðni þeirra einnig nokkru um það hvernig lýsingarorð birtast í samhengi. Þegar nafnorð eru óákveðin (án greinis) kallast beygingin sterk: *rauður jakki*, *blá peysa*, *bleikt veski*, en þegar þau eru ákveðin (með greini, hvort sem er með viðskeyttum eða lausum) kallast beygingin veik: *rauði jakkinn*, *hinn rauði jakki*, *bláa peysan*, *hin bláa peysa*, *bleika veskið*, *hið bleika veski*.

Undantekning frá þessum reglum er þegar sterk beyging er notuð með ákveðnum nafnorðum, oftast sem stílbragð í ljóðmælum eða skáldverkum, samanber *Dæmi 5.2* (bls. 180, sjá einnig *Dæmi 5.1* hér að framan).

- 5.2 a. *Gagg, gagg, gagg, gaggar tófan á grjóti.*
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.
- b. *Og kvöldroðinn brosfagur boðar þar drótt,*
hinn blíðasta dag eftir ljúfustu nótt.
- c. *Ó, blessuð vertu sumarsól, er sveipar gulli dal og hól,*
og gyllir fjöllin himinhá, og heiðavötnin blá.

Samkvæmt reglunum um sterka og veika beygingu ættu nafnliðirnir *Dæmi 5.2* að vera *gráleitu augunum/gráleitum augum* (5.2a), *brosfagur kvöldroði/brosfagri kvöldroðinn* (5.2b), og *himumhá fjöll/himumháu fjöllin*, *blá heiðavötn/bláu heiðavötnin* (5.2c).

Sérkenni lýsingarorða (og atviksorða) í beygingu er svo stigbeyging en nærri öll lýsingarorð geta tekið slíka beygingu – *rauður*, *rauðari*, *rauðastur*; *fallegur*, *fallegri*, *fallegastur* – þó sumar geti verið merkingarlega skringilegar, samanber *dauður*, *!dauðari*, *!dauðastur*. Nátengdar þessu eru háttarbeygingar sagnorða því sumar þeirra geta virkað sem lýsingarorð, þá aðallega lýsingarháttur og lýsingarháttur þátíðar.

Lýsingarháttur nútíðar getur ekki stigbeygst – (*að skemma*) *skemmandi*, **skemmandari*, **skemmandastur*; (*að lama*) *lamandi*, **lamandari*, **lamandastur* – en lýsingarháttur þátíðar getur stigbeygst; *skemmdur*, *skemmdari*, *skemmdastur*. Hér spilar merking sagnarinnar aftur hlutverk í þessum möguleikum: (*að lama*) *lamaður*, *!lamaðari*, *!lamaðastur*; (*að prjóna*) *prjónaður*, *!prjónaðari*, *!prjónaðastur*.

Beygingar eru því mismunandi eftir orðflokkum og að einhverju leyti nýtilegar til þess að til þess að skilja á milli og skilgreina merkingarflokka en einungis mjög gróflega.

Ef einungis er horft á dreifingu málfræðilegra eininga og orðmyndunaraðferða meðal litaorðanna er ekki sjáanlegt að hægt sé að skilgreina merkingarflokka á þann hátt. Hins vegar – eins og með nálgun og aðferðir B&K – tapast mikilvægar upplýsingar um eðli litaorðanna og orðaforða almennt ef fyriræli Lucy um samhengisathugun eru tekin of bókstaflega og aðferðum þeirra ýtt til hliðar. Því verður í næstu köflum gerð rannsókn á mögulegum mynstrum í afleiðslum og samsetningum með litaorðum; ekki einungis málfræðilegum, heldur einnig merkingarlegum og menningarlegum mynstrum.

Eins og með afleiðslurnar getur verið erfitt að henda reiður á mynstrum í afleiðslunum en það samræmi sem litaorðin sýna í samsetningum er mjög svipað og í afleiðslum. Það er að segja að þess er helst að leita í merkingarlegum tengslum orðhlutanna. Reyndar gáfu þær nýmyndanir sem komu fram í jafn takmörkuðu umhverfi og í þeim rannsóknum í anda B&K sem fjallað er um í *Kafla 4* mjög góðar vísbendingar um það hvert er algengasta mynstrið í orðmyndun með litaorðum. Þó einungis væri unnið með allsnakta liti í samhengi skynjunar og nafngifta voru þau heiti sem notuð voru af mjög einsleitum toga. Aðallega var um að ræða fjórar gerðir samsetninga:

1. **litur+litur** . Samsetningar tveggja litaorða sem gefa til kynna sambland eða millibilsástand tveggja lita: *rauðgulur, blágrænn, grábrúnn*.
2. **mettun+litur** . Samsetningar litaorðs og annars lýsingarorðs sem gefa til kynna önnur einkenni litar en litbrigðið sjálft, svo sem mettun eða ljósmagn: *ljósgulur, dökkblár, skærbleikur, daufgrænn*.
3. **hlutur+litur** . Samsetningar litaorðs og nafnorðs sem táknar hlut sem hefur sama lit: *tómatrauður, bananagulur, grasgrænn*.
4. **hugtak+litur** . Samsetningar litaorðs og nafnorðs sem táknar hlut sem hefur ekki sama lit og litaorðið gefur til kynna eða hugtaks sem hefur ekki lit: *hermannagrænn; hversdagsgrár*.

Í *Kafla 3.1.2* voru einnig langflest litaheiti önnur en þau sem skilgreindust sem grunnlitaheiti í forníslensku samsetningar af þessum gerðum. Sem dæmi má

nefna samsetningar tveggja litaheita (*rauðgulur*), lýsingar á ljósmagni litarins (*ljósblár*) eða öðrum sjónrænum eiginleikum (mettun, endurskin, o.s.frv.) eða samsetning hlutar með afgerandi lit og litaheitis (*sótsvartur*) en hugtakasamsetningar koma ekki við sögu í þeim rannsóknum sem þar er farið yfir.

Í *Kafla 5.3.7* kemur einnig fram mikill fjöldi slíkra samsetninga og því áhuga-vert að skoða þær nánar í *Kafla 5.4* og *Kafla 5.5*. Í samræmi við kenningar Lucy og Wierzbicku verður greinilegt að hutakið [LITUR] snýst ekki bara um litbrigði. Innan merkingarviðs hvers litaorðs geta falist vísanir í margvíslega aðra eiginleika, þar á meðal aðra sjónræna eiginleika svo sem ljósmagn og mettun, og tengsl litanna við umhverfi málfhafans svo sem gróður eða trúarbrögð.

B&K neita aldrei þessum tengslum litanna við umhverfi sitt (sbr. 2.1, bls. 27), og sem dæmi má nefna að í WCS er frumlitunum tveim ekki lengur skipt undir heitunum *svartur* og *hvítur*, heldur *heitur* og *kaldur*. Það er skólabókardæmi um hugtakatengsl lita við annað umhverfi hins almenna málfaha sem ekki hefur lit í sjálfu sér en flokkast í skynjun samkvæmt reynslu málfafanna.

Í eftirfarandi umfjöllun um afleiðslur og samsetningar í mállegu samhengi eru einungis tekin dæmi um þær myndanir sem eru í gögnunum. Fullir listar afleiðsla og samsetninga með níu grunnlitaheitum eru í *Viðaukum B–J* en afleiðslur með *fjólublár* og *appelsínugulur* voru engar og samsetningar það fáar að ekki er tilefni til að setja þær í sér kafla.²²

5.2 Afleiðslur

Tafla Lucys yfir málfræðileg tilbrigði enskra litaorða (2.3, bls. 44) er ágætis tækifærismynd af þeirri staðreynd að hegðun orða og orðmyndunarendinga í nýmyndun og beygingum er alls ekki jöfn í þessum merkingarflokki lita. Að hans mati er það merki um að orðahópurinn ‘litaorð’ sé ekki neinn sérstakur málfræðilegur orðflokkur og þá ekki heldur merkingarlegur flokkur. Af því leiðir að öll umfjöllun um litaheiti sem sérstakt málfræðifyrirlit er á villigötum, því eðli þeirra sýnist sundurleitt og óreglulegt.

²² Fullan lista (excel og pdf) af afleiðslum og samsetningum má einnig finna á <https://github.com/Plergux/Samsetningasafn>.

Þó væri einmitt ástæða til þess að athuga hegðun afleiðsla með litaorðum í ensku því eins og kom fram í *Kafla 4.4* og *Kafla 4.5* nýta enskumælandi í miklum mæli afleiðslurnar *-y* og *-ish* í skilgreiningum á litum en þær mætti þýða með *-legur* eða *-leitur*. Þær koma jafnvel fram með aukheitum, til dæmis *beigey*. Einnig er mjög algengt að þær komi inn í samsetningarnar, til dæmis *bluey green* eða *yellowish green*, og jafnvel báðar á sama orðið, til dæmis *yellowyish*. Það er engu líkar en málhafar ensku finni meiri þörf fyrir að baktryggja sig fyrir öllum möguleikum; í staðinn fyrir að velja ákveðið eitt litaheiti verða svörin meira í átt við „kannski gulur“ (*yellowy, yellowish*) og „mögulega blár“ (*bluey, bluish*).

Greinilegar málfræðilegar afleiðsluendingar í ensku eru fáar eftir og fremur óreglulegar (eins og Lucy bendir réttilega á, sjá *Kafla 2.4.2*). En ef hinar ensku afleiðsluendingar eru óreglulegar eru íslenskar afleiðslur með litaorðum skóla-bókardæmi um málfræðilega óreiðu og handahóf sem hylur mun smávaxnara og skipulagðara merkingarkerfi. Hér fer höfundur nokkuð eftir eigin innsæi hvað varðar skilgreiningar á afleiðslum og samsetningum sem mögulega eru á skjön við aðrar og kannski hefðbundnari skilgreiningar, samanber til dæmis Kristín Bjarnadóttir 2005

Mikill munur er á því hvaða afleiðsluendingar eru notaðar með hvaða litaorðum, til dæmis vegna stofnafríðna, merkingarabrigða og máltilfinningar þeirra sem nýta þær. Hins vegar eru grunnmerkingar þessara endinga, þegar allt kemur til alls, af mjög einsleitum toga og afleiðsluendingar og beygingar bera mikið mark margvíslegra sögulegra breytinga.

Í *Töflu 5.2* (bls. 184) má sjá heildarlista yfir þær afleiðsluendingar sem fundust með litaorðum í málheildagögnunum, sem og dæmi um þessar endingar í öðrum íslenskum orðum sem ekki tengjast litahugtökum. Engar ótvíræðar afleiðslur komu fram í íslensku nafngiftagögnunum í *Kafla 4.4* og *Kafla 4.5* en örfá dæmi um orðmyndun með *-leitur* sem er hér flokkuð með með samsetningum á þeim grundvelli að merkingarbærni sé það nærri *lita* og *líkur* að hægt sé að skilgreina þessa orðhluta sem samsetningarhluta en ekki afleiðsluendingar (sjá *Kafla 5.3*).

Meðal þeirra afleiðsluendinga úr málheildargögnunum sem eru í *Töflu 5.2* eru tæknilega engar til þess að mynda lýsingarorð en tvær sagnbeygingar eru nýttar til þess að búa til sagnmyndir sem hægt er að nota sem lýsingarorð, til dæmis *svertandi* og *roðnaður* (rauðar línur). Endingar til þess að mynda sagnorð eru sex, hvort tveggja til þess að mynda áhrifssagnir svo sem *-ja > bleikja*, sem

og til þess að búa til áhrifslausar sagnir á borð við *-na > roðna* (bláar línur).

Afleiðsluendingar til þess að búa til nafnorð (ólitaðar línur) eru hins vegar tuttugu og þrjár eða nærri fjórum sinnum fleiri en endingar til þess að búa til sagnorð. Sumar þeirra koma aðeins einu sinni fyrir, svo sem *brún-ari* og *græn-ska* en aðrar eru algengari. Af öllum þessum afleiðsluendingum búa ellefu til karlkyns nafnorð (t.d. *sorti*, *græningi*), tíu búa til kvenkyns nafnorð (t.d. *græna*, *brúnsa*), ein býr til hvorugkyns nafnorð (*grænildi*) og ein ending er stytting sem býr til nafnorð af ýmsum kynjum (t.d. *sleikjó*, *tyggjó*).

Ending	Orðflokkur	Önnur dæmi
-a	nafnorð	<i>birta, fella, dimma, heimaska, villa</i>
-a	sagnorð	<i>birta, fella, dimma, endurnýja, hlaupa</i>
-aður	lýsingarorð	<i>brúnaður, gulnaður, magnaður, flagnaður</i>
-andi	lýsingarorð	<i>bleikjandi, svertandi, flaksandi, logandi</i>
-ari	nafnorð	<i>málari, bakari, hlaupari, ljósmyndari, ritari</i>
-era	sagnorð	<i>marsera, brillera, dimmitera</i>
-etta	nafnorð	<i>falsetta, pípetta</i>
-ga	sagnorð	<i>syndga, blóðga</i>
-i	nafnorð	<i>ungi, halli</i>
-ildi	nafnorð	<i>fiðrildi, þykkildi, rifrildi</i>
-ing	nafnorð	<i>breyting, blekking, bylting, svipting</i>
-ingi	nafnorð	<i>aumingi, letingi, heimskingi, ræningi</i>
-ingur	nafnorð	<i>vesalingur, vitleysingur, villingur, heimalningur</i>
-ir	nafnorð	<i>Faldafeykir, eltihrellir, fjárfellir, sjónarsviptir</i>
-ja	nafnorð	<i>kveikja, sleikja</i>
-ja	sagnorð	<i>kveikja, feykja, veikja, hreykja</i>
-ka	nafnorð	<i>Svínka, frænka</i>
-ka	sagnorð	<i>minnka, blíðka, traðka</i>
-ki	nafnorð	<i>Rúnki, flanki</i>
-la	nafnorð	<i>þjatla, tætla</i>
-lingur	nafnorð	<i>tittlingur, vettlingur, bitlingur</i>
-mi	nafnorð	<i>kjammi, prammi</i>
-na	sagnorð	<i>blikna, hitna, fitna, svitna</i>
-ni	nafnorð	<i>fyndni, færni, hæfni, tíðni</i>
-ó	nafnorð	<i>sleikjó, tyggjó, róló, strætó, Þjó mó, Patró, Sigló</i>
-sa	nafnorð	<i>kvennsa, romsa</i>
-si	nafnorð	<i>bangsi, drengsi</i>
-ska	nafnorð	<i>heimska, illska, flónska</i>
-un	nafnorð	<i>hreinsun, friðun, pössun</i>
-ur	nafnorð	<i>glópur, dallur, kveikur</i>
-ungi	nafnorð	<i>náungi, sveitungi</i>

Tafla 5.2: Afleiðsluendingar sem finnast með grunnlitaheimum í málheildum og textasöfnum

Þegar teknar eru saman merkingar endinganna í *Töflu 5.2* verður listinn hins vegar mun styttri því þegar grunnmerkingin er skoðuð er hún oft mjög einföld. Til dæmis *grænn* ‘með grænum lit’ > *græningi* ‘sá sem er með grænum lit’. Þessar merkingar eru oft ekki bókstaflegar, til dæmis er *græningi* ekki raunverulega grænn heldur einhver sem er óreyndur, en grunnur merkingarbreytingarinnar er sá sami. Í *Töflu 5.3* er fullur listi af þessum grunnmerkingum.

<u>merking</u>
‘er x’
‘gera e-ð x’
‘það að gera e-ð x’
‘sá sem gerir e-ð x’
‘verða x’
‘orðinn x’
‘eiginleikinn x’
‘x sem er kært’

Tafla 5.3: Merkingar afleiðsluendinga

Eins og sést eru merkingarnar mun færri heldur en afleiðslurnar sjálfar og þegar hver merkingarhópur fyrir sig er tekinn fyrir kemur aftur í ljós að dreifing afleiðslanna á milli þeirra er ekki heldur jöfn. Eins og tíðni litaorðanna sjálfra er misjöfn (sjá *Kafla 5.3.3*) og þar af leiðandi tíðni samsetninga og afleiðsla með þeim, þá eru sumar tegundir afleiðsluendinga notaðar mun oftár en aðrar. Það gerir það að verkum að fjöldi sérstæðra afleiðsluendinga eykst vegna þess að í gegnum málsöguna eru ráðandi mismunandi leiðir til að leysa hvert „merkingarvandamál“ fyrir sig. Þau sem oftár leita á málhafana, til dæmis „Hvernig bý ég til nafnorð sem felur í sér eiginleika lýsingarorðs?“, safna því fleiri mismunandi aðferðum heldur en önnur sem sjaldnar koma upp. Það eru því til í málinu fjöldamörg verkfæri fyrir tiltölulega fá verk, ef svo má að orði komast.

Afleiðslur með merkinguna ‘er x’ eða ‘með eiginleikann x’ eru langalgengastar og fjölbreyttastar af afleiðslum með litaheitum. Mörg þessara orða virðast við fyrstu sýn hafa sömu merkingu, til dæmis *sorta*, *sorti*, *svarta*, og *syrtu*. Hins vegar felst í hverju um sig sértæk afmörkun merkingar litaorðsins *svartur*, *Dæmi 5.3*.

- 5.3
- a. *sorta* ‘sortuefni í húð, melanín’
 - b. *sorti* ‘dimm ský, myrkur, þoka’
 - c. *sverta* ‘svartur áburður eða litur’
 - d. *syrtta* [fornt] ‘myrkur’

Afleiðslur með *svartur* eru einnig nokkuð margar (sjá *Viðauka B*) og þessi mikli fjöldi er að einhverju leyti tilkominn vegna þess að stofnafrbrigði *svartur* hafa flestöll haldið tengslum við merkinguna [SVARTUR] og teljast því enn með litaorðum á meðan breytingar í orðum orðum, litaorðum sem öðrum, hafa týnt þessari tengingu (sjá nánar í *Kafla 5.3.1*). Sumar þessara afleiðsla eru enn í almennri notkun á meðan aðrar eru við það að hverfa.

Þegar kemur að sagnorðum bætast enn við afbrigði svo sem *roða* og *rjóða*. Hið fyrra er aðallega notað í sambandi við sólarupprás (s.s. *það roðar af degi*) en hið seinna þýðir upphaflega ‘gera rauðan með blóði’ en er nú oftast notað í merkingunni ‘smyrja’, það er að breyta útliti einhvers án þess endilega að einhver ákveðinn litur komi við sögu (s.s. *þeir rjóða andlit sín með svartri málningu*). Þessi sögn er því mögulega að missa tengsl sín við hugtakið [RAUÐUR].

Annars konar afbrigði er svo sagnafleiðslur af *hvítur*: *hvíta* og *hvítta*, þar sem hið seinna er líklegast afleiðsla af hvorugkynsnefnifalli. Þolfallsmynd hvorugkynsins er oft eins en líklegra að um sé að ræða nefnifallið þar sem því fylgja minni kerfiskvaðir, ef svo má að orði komst. Þessi hvorugkynsmynd kemur ekki fram í afleiðslum neins annars litaorðs en hér lítur enn út fyrir að beygingar orðanna séu farnar að þrengja sér innfyrir þau mörk sem yfirleitt er ekki gert ráð fyrir að þær geti yfirstigið, í þessu tilfelli eru þær að birtast innan í afleiðslu sem venjulega myndi nýta stofn.

Þegar sögn er svo breytt aftur í nafnorð koma þessi afbrigði aftur fram, til dæmis afleiðsluafbrigðin *hvít-/hvítt-* í orðunum *hvítung* og *hvítting* ‘það að gera e-ð hvítt’ en einnig svipuð afbrigði tveggja afleiðsluendinga sem hafa sömu eða mjög svipaða merkingu, svo sem *brúning/brúnun* og *bleiking/bleikjun*. Í þessu tilfelli er yfirleitt um að ræða skiptingu á milli sagna eftir því hvernig þær beygjast. Sagnir sem enda á *-ti*, *-di*, og *ði* í þátíð endinguna *-ing* þegar búið er til úr þeim nafnorð (t.d. *benda*, *benti* > *bending*) en sagnir sem enda á *-aði* í þátíð fá endinguna *-un* (t.d. *hlusta*, *hlustaði* > *hlustun*). Það að sumar nafnorðsmyndir litaorða hafi báðar

endingarnar gefur í skyn að málfarar geti notað hvora beyginguna sem er fyrir undirliggjandi sögn, *Tafla 5.4*.

sögn	þátíð	afleiðsla
<i>hvítta</i>	<i>hvíttaði</i>	<i>hvíttun</i>
	<i>hvítti</i>	<i>hvítting</i>
<i>brúna</i>	<i>brúnaði</i>	<i>brúnun</i>
	? <i>brúnti</i>	<i>brúning</i>
<i>bleikja</i>	<i>bleikjaði</i>	<i>bleikjun</i>
	<i>bleikti</i>	<i>bleiking</i>

Tafla 5.4: Afbrigði í afleiðslum

Samkvæmt máltilfinningu höfundar ætti *brúnti* ekki að vera til sem þátíðarmynd af *brúna* í *Töflu 5.4* en ef *brúning* væri myndað af *brúna/brúnaði* væri það alls ekki einsdæmi um „öfuga“ myndun, samanber til dæmis *upplifa > upplifði > upplifun*.

Þegar kemur að því að mynda lýsingarhátt þátíðar (þ.e. lýsingarorð) af þessum sögnum er sama uppi á teningnum. Í *Töflu 5.5* eru sagnirnar fjórar sem hafa verið í umfjöllun í sambandi við mismunandi beygingarform – *hvítta*, *rjóða*, *brúna* og *bleikja* – og orðmyndir þeirra sem koma fram í gögnunum.

sögn	þátíð	lh.þt.	afleiðsla
<i>hvítta</i>	<i>hvíttaði</i>	<i>hvíttaður</i>	<i>hvíttun</i>
	<i>hvítti</i>	<i>hvíttur</i>	<i>hvítting</i>
<i>rjóða</i>		<i>rjóðaður</i>	
	<i>rauð</i>	<i>roðinn</i>	
<i>brúna</i>	<i>brúnaði</i>	<i>brúnaður</i>	<i>brúnun</i>
			<i>brúning</i>
<i>bleikja</i>	<i>bleikjaði</i>	<i>bleikjaður</i>	<i>bleikjun</i>
	<i>bleikti</i>	<i>bleiktur</i>	<i>bleiking</i>

Tafla 5.5: Afbrigði í afleiðslum og beygingum II

Sagnirnar fjórar í *Töflu 5.5* hafa allar mismunandi þátíð, mismunandi lýsingarhátt þátíðar og, sem afleiðing af mismunandi beygingum, mismunandi afleiðslur. Með tilliti til þess hvaða myndanir eru til og hverjar ekki minnir *Tafla 5.5* nokkuð á töflu Lucys (*Tafla 2.3*, bls. 44). Ekkert sérstakt kerfi er á því hvaða litaorð fá hvaða endingar til þess að uppfylla þá merkingarþörf sem málfari hefur að fylla í hvert

skipti. Það fer að miklu eftir tíma, staðsetningu og tilgangi þess sem málfafinn vill tjá.

Að því leyti hefur Lucy rétt fyrir sér í því að í afleiðsludreifingu eru litaorð alls ekkert frábrugðin öllum öðrum lýsingarorðum. Hvort sem þau vísa í liti, áferð, tilfinningar eða hvað sem er annað hafa lýsingarorð, eins og reyndar öll orð tungumálsins, mjög mismunandi ferðasögu í gegn um málþróunina, með viðeigandi farangri eftir því hvort þau hafa ferðast langt eða stutt, hvaðan þau eru komin og hvert þau eru að fara. En ekkert bendir til þess að heildstæðir málfræðiflokkar séu á einhvern hátt sprotnir upp úr merkingarskilgreiningum. Það er að uppsetningar eins og tafla Lucy (*Tafla 2.3*, bls. 44) endurspeglir einhvers konar samspil afleiðslu- og beygingarmöguleika og merkingar orðanna sem geta nýtt sér þá möguleika.

Allar málfræðieiningar gegna ákveðnu hlutverki í merkingarbreytingum orða, svo sem að segja til um þátíð sagnar eða að mynda nafnorð úr lýsingarorði. Þessar einingar bera þó sjálfar enga eiginlega merkingu og dreifing þeirra er komin undir þörf málfafa fyrir þær til þess að móta og ummynda merkingu eiginlegra orða. Eins og sést á þeirri athugun sem gerð hefur verið á afleiðslum með litaorðum virðist lítið sem ekkert benda til þess að hegðun litaorða með afleiðslum sé frábrugðin hegðun annarra lýsingarorða eða yfir höfuð skipulögð á neinn hátt.

Hins vegar er greinilegt að nokkuð frjállega er hægt að bæta við merkingu litaheitanna með þessum afleiðslum og í flestöllum tilfellum heldur orðið að minnsta kosti hluta litamerkingar sinnar. Afleiðslur með litaheitum eru enn litaorð. Af þeim sökum eru samsetningar með afleiðslum grunnlitaheitanna einnig teknar með í næsta kafla þar sem farið er í þær og þau málfræðilegu fyrirbæri sem þeim fylgja.

Samsetningar eru annars eðlis en afleiðslur, enda er þar um að ræða samsetningar merkingarbærra stofna til þess að tákna nýtt hugtak. Þar spila merkingartengsl orðanna stærra hlutverk og merkingarvægi þeirra hefur meiri áhrif á samsetningarmöguleika.

5.3 Samsetningar

Til þess að komast að því hvort einhver málfræðileg mynstur finnast í samsetningum með grunnlitaheitum verður farið yfir helstu einkenni þeirra sem birtast í notkun þeirra í textum. Fljótt verður ljóst að samspil orða og málfræði í samsetningum er flókið fyrirbæri, líkt og kom fram með afleiðslurnar í kaflanum hér á undan.

Samband forms og merkingar er í stöðugri þróun og hvert orð fyrir sig á sér einstaka sögu. Mikið af málfræðilegum eðlisþáttum tungumálsins gera það að verkum að útlit og hegðun þeirra orða sem eiga mögulega saman í merkingarflokki, svo sem hlutaheiti, er sundurleit fremur en keimlík.

Það er þó ekki þar með sagt að engin mynstur finnast í dreifingu litasamsetninga í textum sem geti bent til þess að slíkt geti sagt fyrir um samheldni litaorða sem málfræðilegs merkingarflokks. Fyrst ber að nefna almenna orðaforðadreifingu en hún einkennist af því að lítill hluti orðaforðans hefur hlutfallslega hæsta tíðni en þriðjungur til helmingur allra orða sem til eru koma einungis fyrir einu sinni.

Dæmi um orðaforðadreifingu sást í *Kafla 3.1.2* þar sem litið var til tíðni grunnlitaheitanna í forníslensku í samanburði við tíðni í nútímaíslensku. Þar eru algengustu grunnlitaheitin hlutfallslega margfalt algengari heldur en þau sem birtast lægra á tíðnilistanum. Slík dreifing heldur sér í smærri úrtökum litaorða og myndana með þeim. Til dæmis ef gerð væri tíðniathugun einungis á samsetningum með *rauður* væru nokkrar þeirra langalgengastar (t.d. *blóðrauður*, *vínrauður*) en stór hluti sjaldgæfur og kæmu jafnvel einungis fyrir einu sinni (t.d. *hlýrauður*, *undrarauður*).

Í öðru lagi er nokkur regla á þeim merkingartengslum sem eru milli samsetningarliða í samsettum litaorðum, líkt og merkingarþemun sem sáust í afleiðslunum (*Kafla 5.2*). Þar eru mest áberandi samsetningar litaorða (*rauðbrúnn*, *gráblár*), samsetningar litaorða og lýsingarorða sem gefa til kynna aðra eiginleika litar annan en litbrigði (*ljósgulur*, *skærrauður*), samsetningar litar og hlutar sem hefur einkennandi lit (*grasgrænn*, *himinblár*) og samsetningar litar og hlutar eða hugtaks sem hefur vísun í afmarkaðan hluta mögulegs mengis vísimiða eða alls engan lit (*tyggjóblikur*, *hversdagsgrár*).

Tvær þessara samsetningagerða eru helst einkennandi fyrir myndanir með litaorðum en það eru samsetningar lita og samsetningar með sjónrænum einkennum. Auk þess eru samsetningar með hlutum sem hafa merkingu lýsingarorðsins sem hluta skilgreiningar sinnar einnig nokkuð algengar með öðrum lýsingarorðum (*risastór, grjótharður, steindauður*) sem og samsetningar með tengingum sem ekki eru endilega rauneiginleikar (*sauðþrár, helfrosinn*). Eins og hlutaheiti sem fylgja litaorðum fá oft breiðari merkingu (*rykgrár > rykbleikur*) geta samsetningar annarra lýsingarorða fengið slíka merkingu (*hundþreyttur, hundblautur, steinhissa*).²³

Þau vísimið sem oft eru nefnd með sértækum litaheitum eru oft einnig nýtt í samsetningum með almennum orðum fyrir lit (*blóðrauður, blóðlitur*). Það kemur einnig fyrir með öðrum lýsingarorðum (*risastærð, grjótharka*) en sá hópur lýsingarorða sem er skyldastur litaorðunum (*ljós, dökkur, skær, daufur* o.s.frv.) hefur einungis takmarkaða möguleika til að taka þátt í samsetningum sambærilegum við litasamsetningar og samsetningar annarra sjónrænna eiginleika.

Til að skerpa á þessum málfræðilegu og merkingarlegu afbrigðum, sem og því sem litaorð eiga sameiginlegt, verður í næstu köflum farið nánar í nokkur málfræðileg og merkingarleg afbrigði, sem og atriði sem sýna samheldni litaorða. Til þess verða nýtt gögn dregin úr málheildum og textasöfnum til þess að sjá hvernig þessi einkenni birtast í almennri notkun málfarfanna. Aðallega verður fjallað um grunnlitaheitin (*svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár, bleikur, fjólublár* og *appelsínugulur*) en einnig verður farið í ósamsett aukheiti sem flest eru tökuorð (t.d. *lilla, beis*) og samsett orð sem geta talist litaorð en vísa ekki beint í lit (t.d. *ferskjulitur, graslitaður*). Hver kafli verður því helgaður ákveðnu hegðunareinkennum og einu litaheiti til þess að sýna umsvif þessara eiginleika málkerfisins og orðaforðans. (*Kafla 5.3.1–Kafla 5.3.11*). Auk þess verður farið stuttlega yfir önnur litaorð og hvað dreifing þeirra getur sagt frekar um stöðu grunnlitaheitanna sem sérstaks hóps lýsingarorða (*Kafla 5.3.12 og Kafla 5.3.13*). Að lokum verður samantekt í *Kafla 5.3.14*.

²³ Börn nýta oft orð á nýstálegan hátt eftir sinni eigin tilfinningu og eru samsetningar á borð við *steinhissa* engin undantekning. Sem dæmi má nefna *steinreiður* og *steinbannað* þar sem *steinforliðurinn* hefur misst tengslin við hinn eiginlega stein og orðinn að almennum áhersluforlið.

5.3.1 Afbrigði í rótum og stofnum (svartur)

Eitt af einkennum íslensku, sem og annarra skyldra mála, eru stofnafrigði í beygingum og rótarafbrigði í afleiðsum. Þetta sést til dæmis í þýsku, *gehen* ‘fara’ *ging* ‘fór’, *Mann* ‘maður’ *Männer* ‘menn’, og jafnvel má sjá leifar þessa í ensku sem nær engar beygingar hefur í dag, *leave* ‘fara’ *left* ‘fór’, *man* ‘maður’ *men* ‘menn’. Þessi afbrigði endurspeglar oft mjög gamlar breytingar, eins og sést greinilega til dæmis á stofnmyndum *maður/Mann/man* á móti *menn/Männer/men*.

Mjög líklegt er að þessi afbrigði hafi orðið til strax í germönsku og haldist í sögu þessara mála, jafnvel í gegnum hinar miklu breytingar sem hafa orðið á enskunni (sbr. *Kafla* 3.4). Í afleiðslum og beygingum íslenskra litaorða eru einungis tvö sem hafa slík afbrigði, *svartur* og *rauður* en samkvæmt B&K eru þessi hugtök, ásamt [HVÍTUR], þau fyrstu til að fá merkimiða sem sérstætt hugtak (og þar með tíma til þess að verða fyrir áhrifum frá málfræðinni í almennri notkun). Hin sjö litaheitin: *hvítur*, *gulur*, *grænn*, *blár*, *brúnn*, *grár* og *bleikur* hafa ekki slík afbrigði.

Hægt er að sjá nokkuð af þessum afbrigðum í samsetningum. Bæði afbrigðum litaheitisins sjálfs (svo sem *svart-/svert-*) sem og annarra orða sem taka slíkum breytingum þegar mynduð eru úr þeim ný orð með litaheitum (eins og *hár/hær-*). Á *Orðalista* 5.1 má sjá algengustu samsetningar með *svartur* og afbrigðum (fleiri en 1.000 dæmi úr málheildum og textasöfnum).

<i>svartsýnn</i>	23.016	<i>svartsýni</i>	21.151	<i>kolsvartur</i>	12.854
<i>svarthvítur</i>	10.194	<i>Surtsey</i>	10.011	<i>Svartahaf</i>	8.273
<i>svartfugl</i>	8.041	<i>svarthöfði</i>	7.908	<i>Svartsengi</i>	6.959
<i>svartolía</i>	5.525	<i>svartklæddur</i>	5.344	<i>svartnætti</i>	5.131
<i>svarthol</i>	4.733	<i>Svartá</i>	4.413	<i>Svartfellingur</i>	4.278
<i>svartbakur</i>	3.769	<i>skósverta</i>	3.614	<i>svartidaudi</i>	3.094
<i>sauðsvartur</i>	2.756	<i>biksvartur</i>	2.238	<i>sótsvartur</i>	2.130
<i>svarthærður</i>	2.125	<i>prentsverta</i>	1.891	<i>Svartiskógur</i>	1.808
<i>hrafnsvartur</i>	1.797	<i>svartamyrkur</i>	1.762	<i>sortuæxli</i>	1.677
<i>ofnsverta</i>	1.550	<i>svartaþoka</i>	1.514	<i>surtarbrandur</i>	1.439
<i>Svartagil</i>	1.407	<i>svartamarkaður</i>	1.325	<i>blásvartur</i>	1.294
<i>svartigaldur</i>	1.287	<i>svartimarkaður</i>	1.153	<i>svartlist</i>	1.042

Orðalisti 5.1: Samsetningar með *svartur*, tíðni yfir 1.000

Af afbrigðamyndum *svartur* í *Orðalista 5.1* trónir á toppnum *Surtsey* (10.011 dæmi), næst er *skósverta* (3.614 dæmi), svo *prentsverta* (1.891 dæmi) og *sortuæxli* (1.677 dæmi). Samsetningarnar *ofnsverta* (1.550 dæmi) og *surtarbrandur* (1.439) reka svo lestina af afbrigðum *svartur* á þessum topplista.

Samsetningar með *svart-* myndinni eru þó lang algengastar – oft eru örnefni áberandi – og vísa oftast í lit eða litbrigði, á meðan afbrigðin þrjú – *svert-*, *sort-* og *surt-* – vísa í ákveðin fyrirbæri sem hafa svartan lit (t.d. *sverta*, *sorta*, *sorti*, *surtur*, sbr. *Dæmi 5.3*, bls. 186).

Fjögur af þeim fimm afbrigðum sem til eru af *svart-* koma fram í samsetningum í *Orðalista 5.1* en fimmta afbrigðið, *syrt-*, er fremur sjaldgæft og kemur helst fram sem sögnin *að syrta* í orðasambandinu *það syrtir í álinn* ‘horfur versna’. Í miðlungsalgengum samsetningum (100–999 dæmi) eru einnig nokkur slík afbrigði, *Orðalisti 5.2*.

Svartiskóli	976	svartþröstur	902	sortulyng	856	Svertingsstaðir	817
Svartskeggur	777	alsvartur	632	Svarthamar	617	tinnusvartur	608
grásvartur	588	svartálfur	467	svartliði	446	svartmálaður	444
Svartifoss	442	svartflekkóttur	422	svartipétur	418	bleksvartur	400
svartskjöldóttur	380	svartleitur	334	svartlið	330	svartskeggjaður	327
svartlisti	319	Svartfell	318	svartstakkur	314	svarteygur	293
gljásvartur	270	svartháfur	243	svartminkur	240	svartagall	239
svartkít	239	svartblár	226	svartabyllur	214	Svartsson	206
svartbjörn	197	svartbotnóttur	187	mósvartur	185	svartalogn	182
svartabrauð	175	feitisverta	174	svartreita	159	svarteygður	158
svarbók	157	svartmunkur	153	svartagull	141	svertingjakona	139
brúnsvartur	136	svartgljáandi	134	blanksverta	129	svartröndóttur	122
svartbrúnn	119	hríðarsorti	118	sortabyllur	116	svartmálmur	114
svartrotta	114	svarttrót	108	svartlitaður	107	demantsvartur	106
sortaský	103	náttsvartur	101	svertingjahverfi	101		

Orðalisti 5.2: Samsetningar með *svartur*, tíðni 100–999

Í *Orðalista 5.2* eru algengust *sortulyng* (856 dæmi) og *Svertingsstaðir* (817 dæmi) en einnig *feitisverta* (178 dæmi), *svertingjakona* (139 dæmi), *blanksverta* (129), *hríðarsorti* (118 dæmi), *sortabyllur* (116 dæmi), *sortaský* (103 dæmi) og *svertingjahverfi* (101 dæmi). Afbrigðið *syrt-* kemur ekki fyrir í þessum hóp heldur en það er svo sjaldgæft í orðaforðanum að einungis þrjár samsetningar með *syrt-* koma fram – *aðsyrtur*, *alsyrtur* og *feigðarsyrtur* – eitt dæmi hvert (sjá *Viðauka B*).

Auk afbrigða *svartur* koma fyrir afbrigði annarra orða, til dæmis þau sem sjá má í *Töflu 5.6*, með tíðni þeirra samsetninga sem þau tilheyra í þessum gögnum.

Afbrigði eins og *svartur/sorti* eða *svartur/syrta* er því ekki sérhæfing lita-

rótarmynd	nafnmynd	Tíðni	rótarmynd	nafnmynd	Tíðni
-nætti	nótt	5.131	-nasi	nös	7
-hærður	hár	2.125	-fextur	fax	5
-eygur	auga	293	-fættur	fótur	4
-eygður	auga	158	-kjömmóttur	kjammi	4
-brýndur	brún	95	-stirni	stjarna	4
-brýnn	brún	38	-fylla	fullur	3
-(skamm)degi	dagur	31	-krögóttur	kragi	3
-hyrndur	horn	22	-brystur	brjóst	2
-fætlingur	fótur	13	-melmi	málmur	2
-fygli	fugl	13	-viðri	veður	2

Tafla 5.6: Stofnafríðri orða í samsetningum með *svartur*

orða og ekki lýsingarorða almennt. Í þessu málfræðilega einkenni orðaforðans er því ekki að finna neitt sem hægt væri að telja til málfræðilegra einkenna merkingarflokks samkvæmt kröfum Lucy.

Það má einnig minnst á það að þó að við sjáum ekki greinileg afbrigði í afleiðslum á borð við *svartur/syrta* og *rauður/roðna* í litamerkingu með hinum litaorðunum eru þær engu að síður til. Við höfum einungis tapað litatengslunum. Sem dæmi má nefna *hveiti* ‘hið hvíta korn’, *gall* ‘gulgrænn vökvi’, *gylla* ‘að gera gullinn’ (af *gull* ‘gulleitur málmur’), *gras* og *gróa* af indóevrópskum stofni sem þýðir ‘standa út, spretta fram’ (eins og *grænn*), *blæ(i)ngur/Blængur* ‘hinn dökki eða blásvarti’ (þ.e. hrafn), *bera/Bera* ‘hin brúna’ (þ.e. birna), *bjór* ‘hinn brúnleiti’ (þ.e. bifur), *björn/Björn* ‘hinn brúni’, *grýja* ‘grána’ (þ.e. daga, birta), *græð* ‘gráleiki’ (þ.e. óvinskapur, sbr. *grályndi*), *blik* ‘glampi, ljósleiki’ (sbr. eldri merking *bleikur*). Í þessum tilfellum hafa þá ræturnar klofnað á sama hátt og t.d. *svartur* > *sverta* en merkingin ekki nægilega tengd við litinn (þó litamerking hafi verið til staðar, eins og til dæmis *hvítur/hveiti*) til þess að afbrigðin héldu eins sterkt litatengdri merkingu á sama hátt og *svartur/sortna* eða *rauður/rjóða*. Þegar málið þróaðist styrktist notkun þeirra orða sem við notum í dag, til dæmis *brúnn* eða *grár*, með litamerkingu en tenging afbrigðanna hvarf (sbr. *Bera*) eða afbrigðin hurfu úr notkun (sbr. *græð*).

Orðstofnar klofna og breytast á mismunandi tímum (sbr. *Kaflí 3.1.2*) og eftir því sem merkingartensl eru sterkari, þeim mun tengdari eru afbrigði við skylda merkingu (*svartur/sverta*, *ljós/lýsa*). Það gildir jafnt um litaorð og önnur lýsing-

arorð. Annar eiginleiki orða í málkerfinu sem hefur áhrif á dreifingarmöguleika þeirra eru beygingar. Þær koma jafnvel fram í samsetningum og eru mismunandi eftir orðmyndum og málsögu, rétt eins og orðstofnar.

5.3.2 Málfræðilegar gerðir samsetninga (hvítur)

Oftast er gert ráð fyrir því að beygingar og aðrar slíkar endingar finnist aðeins utan á orðum, það er að segja eins og sést til dæmis í afleiðslum þar sem endingar festast utan á stofn: *hvít-na/*hví-na-t*, *bleik-ing/*ble-ing-ik*. Í samsetningum eru hins vegar áberandi orðmyndir sem líta út fyrir að vera beygingar innan orðs. Ástæðan fyrir því að það virðist vera um að ræða beygingar er að þegar þessi samsettu orð eru beygd þarf að beygja endingu forliðarins jafnt og seinni liðarins. Þannig beygist til dæmis örnefnið *Hvítidalur*: *Hvítidalur*, *Hvítadal*, *Hvítadal*, *Hvítadals*, alveg eins og um væri að ræða nafnorð með greini: *hvíti dalurinn*, *hvíta dalinn*, *hvíta dalnum*, *hvíta dalsins*.

Samsetningum er yfirleitt skipt í þrennt, í stofnsamsetningar þar sem einungis stofnhluti orðsins er festur við annað orð (*hest-hús*, *haus-verkur*, *borð-tuska*), eignafallssamsetningar þar sem forliður hefur eignarfall (*hest-a-maður*, *bók-a-safn*, *bíl-a-stæði*) og svokallaðar tengihljóðssamsetningar þar sem eðli samsetningarhluta kallar á að eitthvað komi á milli til þess að gera hana auðveldari í meðförum (*rusl-a-fata*, *piss-u-blautur*, *leikfimi-s-hús*).

Í *Orðalista 5.3* má sjá algengustu samsetningar með *hvítur* (tíðni yfir 1.000 dæmi úr málheildum og textasöfnum). Þar eru dæmi um allar samsetningategundirnar.

hvítasunna	21.903	Hvítá	19.570	hvítlaukur	18.698
Svanhvít	13.768	hvítvín	11.810	svarthvítur	10.200
eggjahvíta	10.072	Mjallhvít	9.561	svanhvítur	8.988
mjallhvítur	8.753	hvítkál	8.736	Hvítarússland	8.581
hvítkalkaður	6.531	alhvítur	5.972	Hvítidalur	4.795
hvítabjörn	4.541	snjóhvítur	4.121	hvítklæddur	3.984
Hvítanes	3.657	hvítblæði	3.594	Hvitrússi	3.311
fannhvítur	3.112	hvítmálaður	2.906	hvítvoðungur	2.799
drifhvítur	2.642	hvítþvo	2.441	hvítbók	2.433
hvítþveginn	1.987	bláhvítur	1.949	skjannahvítur	1.621
hvítliði	1.550	hvítleitur	1.495	Hvítahaf	1.378
hvítasykur	1.312	hvíthærður	1.240	mjallahvítur	1.177
hvítfiskur	1.176	hvítfyssandi	1.042	hvítöl	1.038

Orðalisti 5.3: Samsetningar með *hvítur*, tíðni yfir 1.000

Samsetningargerðirnar finnast jafnt í stofnsamsetningum með *hvítur* (*hvít-*) og öðrum forliðum í samsetningunum í *Orðalista 5.3* (*svan-*, *snjó-*, *fann-*, *drif-* og svo framvegis) og aðrar forliðamyndanir (*hvíta-sunna*, *hvíta-sykur*; *eggja-hvíta*, *skjanna-hvítur*). Tvær algengustu samsetningarnar með *hvítur* sem forlið eru annars vegar eignarfallssamsetning, *hvítasunna*, og hins vegar stofnsamsetning, *Hvítá*. Tvær algengustu samsetningarnar sem hafa ekki litaheiti sem forlið eru einnig annars vegar stofnsamsetning, *Svanhvít*, og hins vegar eignarfallssamsetning, *eggjahvíta*.

Þessar mismunandi aðferðir til myndunar forliða eru ekki einungis nýttar í margvíslegum samsetningum, heldur hafa margar samsetninganna fleiri en eina útgáfu sem ákvarðast af þeirri forliðartegund sem valin hefur verið. Er þá yfirleitt ein útgáfan langalgengust en hinar hafa lægri tíðni. Í *Töflu 5.7* má sjá nokkur dæmi um slíkt.

Samsetning	Tíðni	Samsetning	Tíðni	Samsetning	Tíðni
<i>eggjahvíta</i>	10.072	<i>mjallhvítur</i>	8.753	<i>skjallhvítur</i>	267
<i>egghvíta</i>	5	<i>mjallahvítur</i>	1.177	<i>skjallahvítur</i>	137
<i>eggjarhvíta</i>	1	<i>mjallarhvítur</i>	39	<i>skjallarhvítur</i>	2

Tafla 5.7: Afbrigði forliða í samsetningum með *hvítur* (a)

Ein algengasta samsetningin úr *Orðalista 5.3*, *eggjahvíta*, hefur tvö slík afbrigði í *Töflu 5.7*: *egghvíta* og *eggjarhvíta* (sjá *Viðauka C*). Fyrra afbrigðið er stofnsam-

setning en hið seinna inniheldur óvenjulega endingu fyrir orðið *egg*. Áhugavert er að þessi ending kemur tvisvar fyrir í sömu setningunni (af Tinni Sveinsson 1998–2020, hér eftir VIS.dag.mán.ár), sjá *Dæmi 5.4*.

5.4 Í stóra egginu eru eggjarrauða og eggjarhvíta, en einnig egg í venjulegri stærð. (VIS.22.02.2017)

Þessi *-ar* ending kemur einnig við sögu í næsta dæmi í *Töflu 5.7*, samsetningar með *mjöll*, en í það skiptið er um eðlilega eignarfallsbeygingu orðsins að ræða. Þessi útgáfa, *mjallarhvítur*, er sjaldgæfust af útgáfunum þrem (39 dæmi). Hinar útgáfurnar tvær eru það algengar að þær eru báðar í *Orðalista 5.3*. Annars vegar stofnsamsetning, *mjallhvítur* (8.753 dæmi), en hins vegar tengihljóðs-a, *mjallahvítur* (1.177 dæmi). Málfræðilega er orðmyndin *mjalla* ekki óeðlileg (fleirtölueignarfall) en merkingarlega er orðið *mjöll* yfirleitt safnheiti, það er fyrirbæri sem ekki er teljanlegt. Því kemur fleirtölueignarfallið *mjalla* alla jafna ekki fyrir í almennu máli.

Þriðja dæmið um afbrigði forliða í *Töflu 5.7* er annað hvorugkynsorð, *skjall*, en endingarnar sem orðið tekur eru þær sömu og *mjöll*. Dreifingin er einnig sú sama. Stofnaafbrigðið *skjallhvítur* er algengast með 267 dæmi, fleirtölueignarfallið (tengihljóðs-a) *skjallahvítur* næst með 137 dæmi sem í þetta skiptið er viðbúin ending og að lokum falskt eintölueignarfall, *skjallarhvítur* með 2 dæmi (sjá *Viðauka C*). Endingin er þar sú sama og í *mjallarhvítur* (þar sem hún er eðlileg) og í *eggjarhvíta* (þar sem hún er óeðlileg).

Líkt og með stofnaafbrigðin sem farið var yfir í kaflanum hér á undan eru beygingaafbrigði forliða í samsetningum ekki nokkur afmörkuð dæmi heldur gegnumgangandi fyrirbæri í orðaforðanum. Þau orð sem eru í *Töflu 5.7* — *egg*, *mjöll* og *skjall* — gefa tóninn fyrir þau aðferðapemu sem eru ráðandi: stofnsamsetningar, eignarfallssamsetningar, og tengistafssamsetningar. Þá er yfirleitt um að ræða annað tveggja, almennt afbrigði sem er algengt svo sem eignafalls-samsetningin *eggjahvíta* eða fágætara afbrigði sem er ekki hefðbundið eins og stofnsamsetningin *egghvíta*. Eftir því hvaða samsetningar er um að ræða geta þessi afbrigði skipst á milli samsetningaaðferðanna þriggja á ýmsan hátt.

Í *Töflu 5.8* eru nokkur dæmi í viðbót. Þar er um að ræða stofn (*fann-*, *drif-*, *krit-*, *væng-*), fleirtölueignarfall (*fanna-*, *drifa-*, *vængja-*) eða eintölueignarfall (*kritar-*). Slík afbrigði sem finnast í forlið finnast líka með litaorðunum sjálfum,

Tafla 5.9 (bls. 197). Þar eru einnig stofnaforliðir (*hvít-*) en þegar beygingar koma fram eiga þær beint við seinni liðinn vegna eðlis lýsingarorðsins með nafnorðinu. Merkingarleg sambönd liðanna í *Töflu* 5.9 (bls. 197) er annað en samsetninganna í *Töflum* 5.7 og 5.8. Hér er um að ræða ákveðið tegundarheiti sem er skilgreint innan samsetningarinnar: *Hvítarússland* ‘hið hvíta Rússland’, *hvítamaðra* ‘hin hvíta maðra’. Þar af leiðandi virðast forliðirnir vera beygðir innan samsetningarinnar.

Samsetning	Tíðni	Samsetning	Tíðni
<i>fannahvítur</i>	3.112	<i>fannahvítur</i>	18
<i>drifhvítur</i>	2.642	<i>drifahvítur</i>	32
<i>kríthvítur</i>	197	<i>krítarhvítur</i>	9
<i>vænghvítur</i>	13	<i>vængjahvítur</i>	1

Tafla 5.8: Afbrigði forliða í samsetningum með *hvítur* (b)

Samsetning	Tíðni	Samsetning	Tíðni
<i>Hvítarússland</i>	8.581	<i>Hvítarússland</i>	42
<i>hvítasykur</i>	1.312	<i>hvítasykur</i>	48
<i>hvítmaðra</i>	148	<i>hvítamaðra</i>	2
<i>hvítvara</i>	10	<i>hvítavara</i>	2

Tafla 5.9: Afbrigði forliða í samsetningum með *hvítur* (c)

Flest hinna orðanna eru hins vegar samsettar lýsingar sem ætlað er að eiga við eitthvað annað en nýta hlutarheiti til nánari útlistunar: *mjallhvítur* ‘hvítur eins og mjöll’, *kríthvítur* ‘hvítur eins og krít’ (sjá nánar um merkingarsambönd samsetningaliða í *Kafla* 5.3.7). Einnig væri hægt að skilgreina merkingu þeirra sem ‘hvítur litur mjallar’ og ‘hvítur litur krítar’ sem þá myndu að einhverju leyti skýra myndir eins og *mjallarhvítur* og *krítarhvítur*.

Afbrigðin eru þá líka önnur, þó þau minni enn nokkuð á beygingar, samanber *hvítasykur*. Þessi afbrigði eru þá tengihljóðssamsetningar, svo sem *hvítagaldur*, *svartagaldur*, *svartamyrrkur*, þar sem beygingarendingar hafa mögulega smitast á milli falla og misst þar með tengingu sína við eiginlega beygingu.

Í mörgum tilfellum þegar litaheiti eru forliðir karlkyns nafnorða, eins og *svarti-galdur* eða *hvíti-galdur*, eru mynstur beygingarendinga litaheitisins af gerðinni *-i*, *-a*, *-a*, *-a*, samanber *svarti galdur*, *svarta galdur*, *svarta galdri*, *svarta galdurs*. Þegar litaorðin eru komin í samsetningar er því möguleiki að ending

litaorðsins fletjist út, það er að segja að í stað þess að nefnifallsendingin sé -i og ólík öllum hinum sem eru annars alltaf -a verður hún líka -a, samanber *svartagaldur* eða *hvítagaldur*.

Flestöll litaorð eiga dæmi slíkar innvortis beygingar í samsetningum – *svartidauði*, *hvítidauði*, *Rauðavatn*, *Grænahlíð* – jafnvel í fleirtölu – *Svörtuloft*, *Hvítusandar* – og mikið af þeim örnefni. Hvort þetta eru raunverulegar beygingar eða ekki er umdeilanlegt, en það er ekki hægt að neita því að mynstrin eru keimlík en eins og áður er ekki alltaf sama form valið, samanber *Hvítidalur* á móti *Hvítá*, *Svartiskógur* á móti *Svarthöfði*.

Hægt er að segja að beygingar séu svo sterkar í íslensku að þær birtist jafnvel í samsetningum eða að samsetningar séu svo ráðandi orðmyndunaraðferðir að jafnvel sé hægt að nota þær til að skeyta saman beygðum orðum. Önnur lýsingarorð sýna líka þessar innri breytingar, svo sem *Stóraborg* (*Stóruborg*), *litliputti* (*litlaputta*, *litluputtar*), *Langisjór* (*Langasjó*), *Mjóifjörður* (*Mjóaffjörð*) og svo framvegis.

Í *Orðalista 5.4* eru nokkrar samsetningar í viðbót þar sem enn sjálast greinilega þessar innri beygingar.

gráhvítur	936	hvítagull	934	silfurhvítur	851	Hvítserkur	819
beinhvítur	817	Hvitrússneskur	791	hvítuefni	769	hvítkalkaður	708
hvítflibbi	705	hvítmári	676	gulhvítur	674	hvítglóandi	670
náhvítur	638	hvítmála	623	hvítaskáld	612	hrímhvítur	568
perluhvítur	549	hvítmálmur	526	hvítþvottur	520	Hvítlist	517
hvítskúra	515	hvítgrár	514				

Orðalisti 5.4: Samsetningar með *hvítur*, tíðni 500–999

Sem dæmi úr *Orðalista 5.4* má nefna *hvítagull* og *Hvítlist* en einnig eru hér samsetningar sem eru annars eðlis heldur en þær sem hafa grunnmerkinguna ‘hlutur með lit’ eins og til dæmis *hvítmári* eða *hvítmálmur*. Það eru samsetningar sem segja til um athöfn eða afleiðingu athafnar, til dæmis *hvítkalkaður*, *hvítglóandi*, *hvítmála*, *hvítþvottur* og *hvítskúra*. Þessar samsetningar eru yfirleitt stofnsamsetningar vegna þess að þær eru aðskildar hinu litaða fyrirbæri. Það er að segja samsetningin beygist að sjálfsögðu eftir þeim nafnorðum sem það á við, svo sem *billinn var hvítskúraður*, en kyn nafnorðsins er ekki hluti af merkingu samsetningarinnar eins og til dæmis í *náhvítur* eða *perluhvítur*.

Þessar orðmyndanir, það er samsetningar ýmist með stofn- eða beygingar-

forlið, eru mismargar eftir því um hvaða litaorð er fjallað. Sumar eru algengar en aðrar fágætari. Þetta er dæmigert fyrir dreifingu í orðaforða almennt þar sem ákveðinn hluti orðaforðans er hlutfallslega mest notaður miðað við aðra hluta. Þetta einkenni hegðunar litaorða í málfræðilegri notkun málhafa gefur því ekki neitt málfræðilegt tilefni til þess að áætla að um sé að ræða merkingarlegan flokk að hætti Lucy.

5.3.3 Orðaforðadreifing (rauður)


Sú dreifing sem orðaforðaúrtök sýna er alveg sérstakt fyrirbæri út af fyrir sig. Hún kallast lögmál Zipfs, nefnt eftir George Kingsley Zipf (1902–1950) sem lýsti því í sambandi við megindelegar rannsóknir á tungumálum. Þetta lögmál mælir svo um að tíðni orðs í notkun sé í öfugu hlutfalli við stöðu þess á tíðnilistanum. Þannig er algengasta orðið um tvisvar sinnum algengara heldur en orð númer tvö á listanum, þrisvar sinnum algengara en orð númer þrjú og svo framvegis. Þannig geta fundist fleiri hundruð dæmi með algengasta orðinu, mörgum hundruðum fleiri heldur en næsta orð í tíðni og á móti getur fjöldi orða sem einungis finnst eitt dæmi um skipt hundruðum.

Í undanfarandi köflum hafa komið fram ýmsar vísbendingar um þessa dreifingu, til dæmis í umfjöllun um tíðni grunnlitaheitanna og annarra litaorða í *Kafla 3.1.2* (sbr. t.d. *Töflu 3.1*) og mismunandi tíðni afleiðsluendinga í *Kafla 5.2* (sbr. t.d. *Töflu 5.2*).

Hægt er að sýna þessa dreifingu mjög skýrt með línuriti. Levshina (2015, bls. 63) setur fram aðferð til þess að framkalla slík með forritunarmálinu R (R Core Team 2020).²⁴

Mynd 5.1 er endurgerð höfundar á línuriti Levshinu með því að nota hennar gögn. Hér er um að ræða tíðni 100 orða úr ensku þar sem hið algengasta (e. *land* ‘land’) hefur tíðni 75.080 en langflest þeirra hafa tíðni 1, eins og sést á línuritinu.

²⁴ Upphaflega voru öll tíðnilínurit í þessum kafla gerð með R en þau hafa hins vegar síðar verið endurunnin með `pgfplots` (Feuersänger 2020) til samræmingar við aðra myndvinnslu í þessu riti sem unnin er með forritun með \LaTeX .



Mynd 5.1: Dreifingarlögmál Zipfs (Levshina 2015, bls. 63)

Sá orðahópur sem er stærstur en hefur lægsta tíðni í orðaforða tungumáls eru orð sem eru tækifærismyndanir, svokölluð *hapax legomena*, bókstaflega ‘sagt einu sinni’ (Levshina 2015, bls. 64).

Þetta sést ágætlega í dreifingu samsetninga með *rauður*. Í *Orðalisti 5.5* eru þær samsetningar sem hafa tíðni yfir 10.000. Eins og sést eru þær ekki margar, en afleiðslurnar tvær sem eru algengari hafa nokkurn veginn tvöfalt hærri tíðni en hinar tvær sem eru ekki eins algengar.

Rauðalækur	19.981	rauðvín	17.012	Rauðavatn	11.810	Rauðagerði	11.130
-------------------	--------	----------------	--------	------------------	--------	-------------------	--------

Orðalisti 5.5: Samsetningar með *rauður*, tíðni yfir 10.000

Samsetningar með *rauður* (og afleiðslum) sem hafa tíðni 1 eru hins vegar 305 talsins og í *Orðalista 5.6* má sjá nokkur dæmi (fullur listi er í *Viðauka D*).


áfallarauður	árdegisroði	bitterrauður	blámaroði	dýrðarroði
eirroði	eldhúsrjóður	flöskurauður	glitrauður	hemrauði
kambrauður	kinnrauður	kramparauður	leðjrauður	mattrauður
ópalrauður	rallirauður	rauðabrok	rauðfætla	rauðgylla

Orðalisti 5.6: Dæmi um samsetningar með *rauður*, tíðni 1

Munurinn á fjölda orða með mjög háa tíðni og þeirra með mjög lága tíðni er

greinilega töluverður og bendir til þess að tiltölulega fá orð séu notuð langsamlega oftast en þau sem aðeins eru notuð einu sinni fjöldamörg.


Þessi dreifing er dæmigerð fyrir orðaforða og úrtök úr þeim í íslensku á sama hátt og í ensku. Séu til dæmis allar skráðar samsetningar með *rauður* úr málheildunum og textasöfnunum settar upp í slíkt línurit kemur fram mjög lík dreifing eins og sést á *Mynd 5.2* (bls. 201). Tiltölulega fá orð hafa langmesta tíðni (sbr. *Orðalisti 5.5*) en langflest hafa tíðni 1. Þessi misskipta dreifing sást vel í *Kafla 4.5* þegar skoðaður var orðaforði sá sem kom fram í rannsóknunum sem gerðar voru með aðferðafræði B&K. Það á sérstaklega við norðurameríska hópinn þar sem mikill fjöldi sértækra litaorða með mjög lága tíðni kom fram, jafnvel eftir að búið var að sníða niður gögnin eftir leiðbeiningum upprunalegu EoSS rannsóknarinnar. Vegna eðlis íslenska orðaforðans er heillavænlegra að tína til öll sérstæð litaheiti, hvort sem þau eru samsett eða ekki vegna þess að mikið af þeim íslenska orðaforða sem samsvarar þeim enska í merkingu er öðruvísi í samsetningu.



Mynd 5.2: Dreifing samsetninga með *rauður*

Á *Mynd 5.3* má sjá dreifingu þess orðaforða sem kom fram í íslenska hópnum úr upprunalegu EoSS rannsókninni.

Eins og sést er dreifing þessa orðaforða mjög svipuð skólabókardæminu sem Levshina setti fram um Zipf-dreifingu (sbr. *Mynd 5.1*, bls. 200). Það er því greinilegt að jafnvel í einangraðri rannsókn eins og EoSS er einnig um eðlilega





Mynd 5.3: Dreifing orðaforða úr EoSs (ÍSL)

orðaforðadreifingu að ræða; nokkur orð eru notuð hlutfallslega oftast en fjölmörg koma einungis fram einu sinni.

Í samhengi þessara dreifingarmynstra sést ekki í fljótu bragði neitt sem gefur til kynna að grunnlitaheitin eða litaorðaforði yfir höfuð skeri sig nokkuð úr öðrum orðaforða eins og hann ætti að gera hefði hann málfræðileg einkenni sem skilgreindu hann sem sér merkingarflokk eftir kröfum Lucy. Hvort sem tekinn er hópur orða af handahófi (eins og t.d. í gögnum Levshinu, *Mynd 5.1*) eða afmarkaðir hópar (eins og samsetningar með *rauður*, *Mynd 5.2*).

Jafnvel er hægt að taka saman undirhópa samsetninga líka og skoða dreifingu þeirra. Á *Mynd 5.4* eru tegundasamsetningar með *rauður* (*rauðmagi*, *rauðkál*, *rauðgreni* o.s.frv.). Þessi dreifing sýnir sömu tilhneigingu og fyrri úrtök þar sem átta samsetningar hafa tíðni 1.000 til 8.000 en yfir helmingur hefur tíðni 1. Á *Mynd 5.5* (bls. 203) eru hins vegar mynstrasamsetningar með *rauður* (*rauðblesóttur*, *rauðrósóttur*, *rauðdoppóttur* o.s.frv.).



Í báðum þessum hópum er ennþá sama dreifingarmynstur þó samsetningarnar í þeim séu mun færri. Í seinni töflunni hefur um fimmtungur eða sjö samsetningar


tíðni 200–1.600 og þar er efsta samsetningin með um sex hundruð fleiri dæmi en næsta samsetning en um helmingur samsetninganna hefur tíðni 1.

Í þessum orðahópum sem teknir sem hafa verið sem dæmi virðist ekki skipta máli hversu stór hópurinn er eða hver tíðni algengasta orðnins er. Í *Töflu 5.10* má sjá samanburð á tíðni algengasta orðs og fjölda orða í þeim fimm úrtökum sem hafa verið skoðuð hingað til.

Úrtak	Hæsta tíðni	Orðafjöldi úrtaks
Levshina (<i>Mynd 5.1</i>)	75.075	100
Samsetningar með <i>rauður</i> (<i>Mynd 5.2</i>)	19.981	1.094
ÍSL EoS (<i>Mynd 5.3</i>)	278	140
Tegundasamsetningar með <i>rauður</i> (<i>Mynd 5.4</i>)	8.108	1.432
Mynstursamsetningar með <i>rauður</i> (<i>Mynd 5.5</i>)	1.647	43

Tafla 5.10: Samanburður á hæstu tíðni og stærð úrtaks

Jafnvel er hægt að taka enn þrengri hóp samsetninga (eða annarra orða) og athuga dreifingu þeirra. Til dæmis samsetningar með *mórauður*, *Mynd 5.6* (bls. 204), þar sem hæsta tíðni og fjöldi orða eru enn lægri en niðurstaðan er nokkurn veginn sú sama.



Mynd 5.6: Dreifing samsetninga með *mórauður*

Hvað varðar almenna orðaforðadreifingu virðast litaorð því fylgja sömu lög-
málum og önnur orð og orðhópar. Þegar litið er til tíðni grunnlitaheitanna, eins
og gert var í *Kafla 3.1*, er sú dreifing alveg eins hvað tíðni varðar þó uppröðun
orðanna innan listans geti breyst í gegnum tímann. Þrátt fyrir mismunandi upp-
runa orðanna hafa þau mjög greinilega kerfisbundna dreifingu sé þeim raðað eftir
merkingu og/eða merkingartengslum orðhluta. Það getur hins vegar stundum
verið erfitt að greina nákvæmlega hvaða orð eiga heima í hvaða hópi þar sem
samsetningin sjálf og/eða samhengi er ekki nægilega gegnsætt.

5.3.4 Óræðni (*gulur*)

Eitt af því sem fylgir því verkefni að greina samhengi og merkingarsambönd
litaorða er að skilgreina í hvaða merkingarhópi hvert orð á heima. Í tilfelli
samsetninga til dæmis hvort um er að ræða mettunarsamsetningu á borð við
ljósblár, skærbleikur eða *dökkgulur*, lýsingu eins og *rauðhærður, svartklæddur* eða
bláfættur, menningartengsl líkt og *barbibleikur, hversdagsgrár* eða *eilífðarblár*.
Það er hins vegar ekki alltaf auðvelt að greina það, sérstaklega þegar um skáldskap
og önnur sjaldgæfari samhengi er að ræða.

Í *Orðalista 5.7* eru algengustu samsetningar með *gulur* (tíðni yfir 1.000 dæmi
úr málheildum og textasöfnum).

gulrót	27.137	appelsínugulur	11.677	gulrófa	9.017
gulbrúnn	4.143	rauðgulur	2.501	ljósgulur	2.160
hörgulur	2.018	gulgrænn	1.391	gulfleckóttur	1.267
mógulur	1.221	gulklæddur	1.102		

Orðalisti 5.7: Samsetningar með *gulur*, tíðni yfir 1.000

Efstu þrjár samsetningarnar í *Orðalista 5.7*, *gulrót*, *appelsínugulur* og *gulrófa*, hafa
allar alveg eða nærri alveg bráðnað saman í eitt les (sjá *Kafla 2.2*). Það þýðir að
orðið er ekki skynjað sem samsett og hlutar þess missa vísunarstyrk, ef svo má
segja (sbr. t.d. *tilvísun til e-s* eða *ávísun á e-ð*). Þegar um er að ræða samsetningar
með litum minnkar gildi þeirrar litavísunar sem er í samsetningunni sjálfri og
við getum fengið myndanir á borð við þær sem sjást í *Dæmi 5.5* (bls. 206).

- 5.5 a. Ég keypti **fjólubláa gulrót**
b. Bíllinn er **gulappelsínugulur**

Vegna þess að merking *gul-* í *gulrót* og *appelsínugulur* hefur svo gott sem horfið geta málfarar notað þessar samsetningar með samhliða vísun í önnur litaheiti (5.5a) eða aukaeintak af sama litaheiti (5.5b) án þess að málfarar telji að merkingarviði samsetninganna *gulrót* og *appelsínugulur* sé ögrað. Í fyrra tilfellinu er um að ræða afbrigði af hugtakinu [GULRÓT] sem hefur annan lit en hið hefðbundna appelsínugula og í hinu seinna afbrigði af litahugtakinu [APPELSÍNUGULUR] sem er á milli þess að vera gulur og appelsínugulur. Hvorugt þessara hugtaka, [GULRÓT] og [APPELSÍNUGULUR], hafa nokkuð að gera með gulan lit.

Hins vegar gæti verið annað uppi á teningnum ef við rækjumst á setningar eins og í *Dæmi 5.6*.

- 5.6 a. **Gulklæddi** maðurinn er í **rauðum fötum**.
b. **Brúnhærða** konan er með **svart hár**.

Þá stangast litamerking *gulklæddur* við litamerkingu *rauð föt* (5.6a) og litamerking *brúnhærður* við litamerkingu *svart hár* (5.6b) vegna þess að *gul-* í *gulklæddur* og *brún-* í *brúnhærður* halda enn fullri litamerkingu sinni í þessum samsetningum.

Þær samsetningar í *Orðalista 5.7* sem eru búnar til úr tveim litaheitum — *gulbrúnn*, *rauðgulur* og *gulgrænn* — ættu að vera nokkuð skýrar (sjá þó *Kafla 5.4.1*) en tvær aðrar samsetningar í listanum eru ekki alveg gegnsæjar; það eru *hörgulur* og *mógulur*. Það er vegna þess að í nútímasamfélagi eru hör og mór ekki lengur hluti af almennri menningarvitund málfara. Þau litbrigði hafa því líklegast misst mikið af tengingu sinni við þessi upprunalegu hugtök þó að málfarar viti hvaða litbrigði er átt við; hlutarorðið sem liturinn er kenndur við hefur misst merkingu sína. Það er öfugt við samsetningarnar í *Dæmi 5.5* þar sem litamerkingin eyddist og það eina sem var eftir var ákveðið les sem skildi á milli tegunda hugtaka.

Í *Orðalista 5.8* (bls. 207) er næsti tíðnihópur samsetninga með gulur (100-999 dæmi úr málheildum og textasöfnum).

gulbröndóttur	964	gulvíðir	909	skærgulur	792
heiðgulur	726	ígulur	691	gulhvítur	674
gulrauður	541	gulgrár	537	fölgulur	438
gulstör	428	sólgulur	396	gulaldin	372
gulúsótt	361	rjómagulur	354	gulbleikur	348
dökkgulur	343	gulmaðra	336	gulmálaður	330
gulönd	299	grængulur	297	grágulur	290
eggjagult	272	hvítgulur	271	sinnepsgulur	265
sítrónugulur	263	sterkgulur	199	kremgulur	190
Gulá	188	brúngulur	187	gulbrá	180
okkurgulur	168	gullgulur	166	gulbjartur	126
Gulkollur	126	bleikgulur	124	gulröndóttur	118
daufgulur	116	klógulur	114	rafgulur	114
blágulur	112	fagurgulur	109	hunangsgulur	105

Orðalisti 5.8: Samsetningar með *gulur*, tíðni 100–999

Af óræðum samsetningum í *Orðalista 5.8* má nefna *heiðgulur*, *kremgulur*, *okkurgulur* og *rafgulur* þar sem forliður hefur takmarkaða tengingu við hinn almenna nútímamálhafa. Til dæmis er *kremgulur* líklegast það sama og *rjómagulur* (e. *cream*) en forliðurinn *krem-* er að nálgast *pastel-* ‘daufur, ljós’ í merkingu, samanber *krembleikur* og *kremblár*; og *heiðgulur* inniheldur ummyndun merkingar orðsins *heiði* ‘blár himinn’.

Einnig má nefna *eggjagult*, *Gulá*, *Gulkollur* og *klógulur* en hver þessara samsetninga er verð nánari athugunar, hver af sinni ástæðu. Hið fyrsta, *eggjagult*, er vísun í menningarfyribæri sem er horfið. Hér er ekki um að ræða lit heldur efni notað í matreiðslu og er blanda af maíssterkju, matarsóða og gulum lit. Á *Tímarit.is* hefur orðið hæsta tíðni á milli árána 1940 og 1960 en tíðni minnkar snarlega eftir það. Það hefur því varla erindi til nútímamálhafa. Hið næsta, *Gulá*, er þýðing á nafni fljóts í Kína, *Huáng Hé* (e. *Yellow River*), einnig nefnd *Gulafljót*, en vatn hennar hefur mjög sérstakan ljósan leirbrúnan lit. Þar sem um þýðingu er að ræða er mjög erfitt að lesa í hvaða merkingu þeir málhafar sem nefndu ána lögðu í þessa samsetningu. Hið þriðja er *Gulkollur* en það er oftast nafn á kollóttum hrúti sem hefur sérstakan rauðleitan lit sem er einkennandi fyrir sauðfé. Þessi litavísun hefur því takmarkaða þýðingu fyrir þá sem ekki hafa reynslu af kindum. Síðasta dæmið er *klógulur* en það er oftast ekki ‘gulur eins og

kló' eins og *sinnepsgulur* er 'gulur eins og sinnep' og *sítrónugulur* er 'gulur eins og sítróna'. Í staðinn er um að ræða lýsingu, 'gulur á klónum' (oftast í sambandi við erni), sem er sambærileg samsetningum eins og *nefstór* eða *heiladauður*, þar sem það sem lýst er kemur í forlið í stað seinni liðar eins og algengast er (*stórfættur*, *rauðhærður*, *gulklæddur*). Þetta sést í samhengi orðsins, *Dæmi 5.7*, úr ritinu *Náttúrufræðingurinn 1931–2020* (hér eftir **NF.árg.tbl.bls.**), *Samvinnan 1926–1986* (hér eftir **SV.árg.tbl.bls.**) og *Nýr stormur 1965–1969* (hér eftir **NS.árg.tbl.bls.**).

- 5.7 a. *Annars er hinn klóguli konungur fuglanna engan veginn svo styggur né var um sig, sem margir vilja vera láta.* (NF.18.2.81)
- b. *Sá hinn klógula konung loftins bera við vorbláan himinn ofar öllum skýjum.* (SV.23.6.14)
- c. [...] *mikill fróðleikur þeim, sem hugstæður er hinn klóguli tignar fugl.* (SV.23.6.14)

Í öllum dæmunum í 5.7 er átt við örn. Samsetningin er því einnig tengd við ákveðið samhengi („klógulur örn“) og ber því þá merkingu með sér. Fyrir þá sem þekkja *klógulur* er þá líklegt að þeir tengi þetta orð við erni fremur en nokkuð annað sem hefur gular klær.

Úr *Orðalista 5.8* (bls. 207) má að lokum nefna samsetninguna *blágulur* en samband orðhlutanna í þeirri samsetningu er önnur en í hinum samsetningunum í listanum. Í þessari umfjöllun er yfirleitt talað um samsetningar litaorða sem vísanir í blöndu af þeim litum sem koma fyrir í samsetningunni, svo sem *rauðgulur* 'blanda af rauðum og gulum' eða *blágrænn* 'litbrigði mitt á milli blás og græns', eða því um líkt (sjá *Kafla 5.4.1*).

Hins vegar er í sumum tilfellum ljóst að ekki er um slíkar samsetningar að ræða þar sem eðli litanna gerir það ómögulegt. Í tilfelli *blágulur*, sem og annarra litasamsetninga á borð við *rauðgrænn*, er það mótstaða litbrigðanna. Það er að segja ekki er búist við því að til séu blöndur þessara lita þar sem þeir liggja ekki saman í litrófinu (sjá *Kafla 2.2*).

Þegar samsetningin *blágulur* kemur fyrir er því yfirleitt um að ræða tilfelli þar sem þessir tveir litir koma fyrir á sama fleti, samanber *Dæmi 5.8*, meðal annars af Jón Gunnar Þorsteinsson 2000–2020 (hér eftir **VV.lykilorð.dag.mán.ár.**) og Björn Jóhannsson 1962 (hér eftir **MYND.árg.tbl.bls.**).

- 5.8
- a. [...] er **blágulu** bílar þess hófu keppni af fremstu rásröð franska kappakstursins [...] (MBL.90.48C.8)
 - b. Svíar segja sigur Letta og jafntefli Íslendinga vera draumaúrslit fyrir þá **blágulu**. (MBL.95.246B.8)
 - c. Líkt og aðrir arar verpa **blágulir** arar fyrst þegar þeir eru þriggja til fjögurra ára gamlir. (VV.bláguli-ari.24.1.2007)
 - d. Meðan skipið rak stjórnlaust varð að draga að húni **blágula** merkjafánann öðrum skipum til viðvörunar. (MYND.1.12.1)

Í 5.8a er átt við bláa og gula kappakstursbíla Renault bílaframleiðandans, í 5.8b er vísað í bláan og gulan fána Svíþjóðar, í 5.8c er rætt um hinn bláa og gula *Ara aracuna* (e. *blue-and-yellow macaw*), en hann er blár í hnakka, á baki og ofan á vængjum en gulur á bringu og neðan á vængjum, og í 5.8d er átt við bláan og gulan merkjafána sem gengur undir nafninu *D* eða *Delta* ‘haldið ykkur í fjarlægð, er í erfiðleikum með að stýra’.

Það eru hins vegar ekki bara þessir óblandanlegu litir sem koma fyrir í samsetningum sem vísa í sitt hvorn litinn á sama fleti. Í hverju tilfelli litasamsetningar er möguleiki að um sé að ræða samsæta liti en ekki samblandaða, eins og sést í *Dæmi 5.9* þar sem smárannsókn leiðir í ljós sannleikann um eðli þessara samsetninga sem litapara en ekki litablandna. Dæmin eru meðal annars úr Gísli Einarsson, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Magnús Magnússon 1998–2020 (hér eftir **SKH.árg.tbl.bls.**).

- 5.9
- a. Við fjárréttina er mýrarsóley, með **gulhvítu** blómi, og grænum hjartalaga blöðum [...] (MBL.97.123.30)
 - b. Það varð uppi fótur og fit í sal Fjölbautarskóla Snæfellinga síðastliðinn föstudag þegar hópur af **grængulum** drekum yfirtók skólahaldið. (SKH.19.18.12)
 - c. Þessi áberandi **svartguli** litur er aðvörun til hugsanlegra arfræningja [...] (VV.eldsalamöndrur.12.10.2004)


Ekki eru öll samhengi eða nýmyndanir heldur ætluð til þess að skilgreina eða ummynda merkingu grunnhugtaksins á sama hátt og til dæmis *bananagulur* eða *ljósgulur*, eins og sést í *Dæmi 5.10*, meðal annars úr Lesbók Morgunblaðsins (hér eftir **MBL.árg.tblLB.árg**) og Sunnudagsblaði Morgunblaðsins (hér eftir

MBL.árg.dagSD.bls.).

- 5.10 a. *Farkosturinn var **eðalgulur** en aldurhniginn Moskvits, sem einnig þurfti umönnunar við [...]* (MBL.94.45.31)
- b. *[...] einhverntímann hefur það verið málað í **glæðgulum** lit en það er óralangt síðan.* (MBL.75.171LB.9)
- c. *En sjáid þér hvernig er búid að fara með hann: **reykgulur**, og gráminn skín allstaðar í gegn.* (MBL.43.34.3)
- d. *Það hlýtur að vera þegar ég keypti **spittgula** Helly Hansen dúnúlpu [...]* (MBL.2.23SD.38)
- e. *[...] smávaxinn urriðinn liggur innan skamms í **vetrargulu** grasinu á bakkanum.* (MBL.94.123.30)
- f. *[...] fólk í heitum pottum úti í **vorgulri** náttúru, ásýnd jökla, öskufyllt sundlaug [...]* (MBL.99.103.36)

Í þessum tilfellum nýta málhafar þá almennu merkingu sem orð hefur til að byrja með til þess að tjá nýtt og/eða samhengi sem ætlað er að vera margrætt, til dæmis til áherslu eða í ljóðrænum tilgangi. Í öðrum tilfellum er samsetning eða samhengi margrætt í eðli sínu, Í *Dæmi 5.10* eru ýmsar óræðar samstningar: með gildisorðum sem ekki er algengt að nota með litaorðum (*5.10a* – eðall, *5.10b* – glæður), með efnisorðum sem eru óræð eða yfirleitt ekki notuð með gulur (*5.10c* – reykur, *5.10d* – spítt) og með árstíðum (*5.10e* – vetur, *5.10f* – vor).

Eins og við er að búast með svo óræðar vísanir í samsetningum er hægt að skilgreina ýmsar útgáfur þess litar sem átt er við. Enda gerist það oft að þegar fyrirtæki og einstaklingar sem vinna með liti, svo sem innanhúsarkitektar, málningarframleiðendur og hönnuðir velja sama heiti fyrir einhvern ákveðinn lit sem þeir vilja setja á markað en ekki er alltaf um sama lit að ræða þó oft séu þeir líkir. Á *Mynd 5.7* (bls. 210) eru ýmsar útgáfur ‘sumargulur’.



Mynd 5.7: Ýmsar útgáfur af ‘sumargulur’

Þó um sé að ræða að mestu svipuð litbrigði í tilfalli ‘sumargulur’ er oftast greinilegur munur. Sama gildir um önnur litaheiti sem til dæmis eru kennd eru við árstíðir, svo sem *hvítur*. Á *Mynd 5.8* má sjá ýmis dæmi litbrigði sem finnast undir nafninu ‘vetrarhvítur’.



Mynd 5.8: Ýmsar útgáfur af ‘vetrarhvítur’

Þegar þessi fyrirtæki sem vinna með liti (eins og t.d. *Pantone*) komast á skrið verða nafngiftir og skilgreiningar oft ansi frjálslugar (sjá *Kafla 3.4.2* og *Kafla 5.5*). Það sem þær eiga sameiginlegt er að gefa ekki mjög skýra mynd af því litbrigði sem átt er við heldur skapa í staðinn ákveðið andrúmsloft. Við þessar aðstæður er auðvelt að skilja skapraunir herra Munsells en þessi óræðni fylgir málinu að miklu leyti þó litaheiti virðist geta farið lengra heldur en margir aðrir merkingarflokkar.

Eins og minnst var á í þessum kafla kemur óræðni litasamsetningar oft til af því að í sumum tilfellum gera málfarar sér einfaldlega ekki grein fyrir því hver samfélagslega samþykkt merking orðhlutans er. Það getur verið vegna þess að merking orðhlutans hefur týnst (hann er ekki lengur í notkun sem sérstætt orð) eða hann verður fyrir ummyndun og er túlkaður upp á nýtt með nýrri tilfærðri merkingu. Þetta er nokkuð algengt fyrirbæri og verður fjallað um það í næsta kafla.

5.3.5 Stöðnun og umtúlkun (grænn)

Merkingarbreyting er fyrirbæri sem ekki hefur einungis áhrif á stök orð (svo sem *ágætur* eða *bleikur*) heldur einnig orðhluta eins og í samsetningum. Þá getur verið tilviljunum háð hvaða orðhlutar breyta um merkingu eða missa hana alveg eftir því hver þróun orðaforðans er almennt. Annað hvort hverfur orðið sem nýtt var í samsetninguna úr almennu máli og fólk missir tilfinningu fyrir því

hver upprunaleg merking samsetningarinnar er eða að orðið í samsetningunni er umtúlkað til að nýta í aðrar samsetningar þó að merking orðsins sé þekkt í almennu máli.

Eins og minnst var á í *Kafla 5.3.1* verða oft til merkingarbreytingar tengdar afleiðslum. Yfirleitt eru þær til að þrengja merkingu (sbr. *svartur* ‘litur’ > *sverta* ‘efni til að lita svart’) og þau afbrigði sem fólk hættir að nota geta horfið alveg (sbr. *græð*). Hins vegar, þegar um er að ræða samsetningar, getur sá hluti samsetningarinnar sem er heilsteyptur að merkingu og tengslum í málvitund málhafanna haldið samsetta orðinu við þó að hluti merkingarinnar týnist. Það gerir það að verkum að merking orðsins eða orðhlutans flest út.

Dæmi um slíkt er til dæmis orðið *blóraböggull* sem kom við sögu í *Kafla 2.2.2* en upprunaleg merking orðanna *blóri* ‘ásökun, skakaráburður’ og *böggull* ‘byrði, ábaggi’ hefur orðið í hugum fólks einfaldlega ‘sá sem ber sök’ og málhafar almennt hafa ekki tilfinningu fyrir því hvað *blóri* þýðir eitt og sér enda er það ekki lengur notað. Þegar merkingarbreyting verkar á orð sem eru til í almennt notuðum samsetningum getur líka komið fyrir að orðaforðinn innihaldi samhliða samsetningar með fleiri en einni merkingu sama orðs (sjá *Kafla 5.3.9*).

Í *Orðalista 5.9* eru algengustu samsetningar með *grænn* (tíðni yfir 1.000 úr málheildum og textasöfnum).

Grænland	119.029	grænmeti	94.476	Grænlandingur	22.849
vinstrigrænn	19.086	grænlenstur	18.915	grænenska	11.189
Grænahlið	7.686	dökkgrænn	6.249	Grænfriðungur	4.515
Grænakinn	4.262	sígrænn	3.781	blágrænn	3.528
grænkál	3.373	Grænavatn	3.295	ljósgrænn	3.156
grænjaxl	2.872	grænleitur	2.711	fagurgrænn	2.605
Grænatún	2.556	grænfóður	2.476	grænsápa	2.363
iðgrænn	1.766	guðsgrænn	1.613	iðjagrænn	1.568
Grænás	1.560	gulgrænn	1.393	grænklæddur	1.388
mosagrænn	1.326	Grænamýri	1.295	grænsanseraður	1.205
grágrænn	1.166	Grænalón	1.060	grængresi	1.057
Grænhóll	1.013	blaðgræna	1.010		

Orðalisti 5.9: Samsetningar með *grænn*, tíðni yfir 1.000

Margar þessara samsetninga eru orðnar að föstum lesum sem hafa heildstæða vísun óháð hlutum sínum (t.d. *Grænland*, *Grænfriðungur*, *grænjaxl*, *grænsápa*; sjá *Kafla 5.3.8*) og önnur eru mögulega orðin slík í krafti mikillar notkunar (t.d. *dökkgrænn*, *blágrænn*; sjá *Kafla 5.3.11*). Enn og aftur má hér líka sjá hversu hlutfallslega miklu hærri tíðni er fyrir algengustu orðin heldur en þau sem ekki eru eins algeng þrátt fyrir að þau séu einnig mikið notuð. Fjöldi dæma fyrir algengasta orðið í *Orðalista 5.9, Grænland*, er 119.029 og fyrir hið næsta, *grænmeti*, 94.476. Síðan fer tíðnin niður í 22.849 dæmi fyrir orðið *Grænlendingur* og 19.086 fyrir *vinstrigrænn* og í neðri hlutanum af listanum sem telur þrjátíu og fimm orð alls eru tólf orð eða um þriðjungur á bilinu 1.000-2.000 dæmi.

Þar eru líka dæmi um samsetningu með forlið sem hefur misst almenna merkingu sína: *iðjagrænn* (1.568 dæmi) en *iðjar* þýðir ‘grænka á grasi’ (einnig er til sögnin *iðja* ‘grænka’). Samsetningin hefur þá sérstaka merkingu sem vísar í ákveðinn hlut með lit, líkt og *mosagrænn*. Hins vegar er það orðið óljóst hvað það er sem gefur af sér afmörkun merkingar litaorðsins (eins og [MOSI] í *mosagrænn*) í samsetningunni *iðjagrænn*. Það er vegna þess að orðið *iðjar* er ekki lengur í almennri notkun.

Þegar fólk er ekki visst um rétt form og slær saman líkum myndum verða til ýmis afbrigði af samsetningum eins og *iðjagrænn*. Til dæmis *iðgrænn* (1.766 dæmi) > *ið* ‘óró’ en einnig ‘iðja’ (fornt), *iðagrænn* (106 dæmi) > *iða* ‘vera á sífelldri hreyfingu’, *iðilgrænn* (77 dæmi) > *iðill* ‘ágæti’, *iðjugrænn* (3 dæmi), *iðagrænn* (1 dæmi), *yfjagrænn* (1 dæmi) > *yffjar* ‘byrjandi grænka’.

Mögulega hafa merkingar allra þessara orða eins og *ið* og *yffjar* sem falla saman við *iðjar* upprunalega verið aðskilin í merkingu en samhengi sem þær finnast í benda til þess að þær séu nú túlkaðar á sama hátt, eins og sést í *Dæmi 5.11*, meðal annars úr *Tíminn 1917–1996* (hér eftir **TM.árg.tbl.bls.**), *Fréttablaðið 2001–2020* (hér eftir **FB.árg.tbl.bls.**), og *Iðunn – Nýr flokkur 1915–1937* (hér eftir **IDN.árg.tbl.bls.**).

- 5.11 a. *Túnin umhverfis bæinn eru orðin iðjagrænn og gras farið að spretta.*
(MBL.101.49.21)
- b. *Þessi iðgræni skógvaxni dalur hefur góð áhrif [...]* (FB.15.179.34)
- c. *Himininn, hafið og iðagrænn völlum.* (MBL.1.7SD.14)

- d. Þegar ég kom út í eyju í sumar var þar **iðilgrænn** völlum [...] (BBL .18.24.36)
- e. [...] þar sem auðnin varð **iðjugræn** og grösug. (TM.60.191.16)
- f. **Iðagrænt** sléttlendi þekur dalbotninn [...] (MBL.88.191C.3)
- g. Grasfletirnir mjúkir og **yfjagrænir**. (IDN.11.4.268)

Merkingin orðsins *iðjagrænn* (og þeirra afbrigða sem eru tengd því) verður þar af leiðandi nokkuð óræð en málfarar setja þessar samsetningar þrátt fyrir það nær alltaf í samband við gras og gróanda: *iðjagræn tún* (5.11a), *iðgrænn dalur* (5.11b), *iðagrænn völlum* (5.11c), sem og *iðilgrænn* (5.11d), auðnin verður *iðjugræn* (5.11e), sléttlendi er *iðagrænt* (5.11f), og grasfletir *yfjagrænir* (5.11g). Það er því svo að þrátt fyrir að geta að öllum líkindum ekki sagt nákvæmlega til um merkingu orðsins *iðjar* (eða þeirra orða sem það tekur til í staðinn) þá helst tenging samsetningarinnar við gróðurinn eða gróandann sem var innblástur hennar til að byrja með.

Í öðrum tilfellum helst merkingin nokkurn veginn sú sama en samsetningin eignast afbrigði þegar hefðbundin form eru ekki fullkomlega þekkt. Dæmi um slíkt er *spanskgrænn/-græna*, Dæmi 5.12 (bls. 214), meðal annars úr ritunum *Hugur og hönd* 1966–2020 (hér eftir **HH.árg.tbl.bls.**), *Fréttatíminn* 2010–2017 (hér eftir **FT.árg.tbl.bls.**) og *Alþýðublaðið* 1919–1989 (hér eftir **AB.árg.tbl.bls.**). Þar hefur upprunalegi forliðurinn *spansk-* (*-græna* 338 dæmi 5.12a, og *-grænn* 304 dæmi 5.12b) breyst í *spans-* (*-græna* 67 dæmi 5.12c, og *-grænn* 3 dæmi 5.12d).

- 5.12 a. Eirkipurnar teknar uppúr öðru hvoru, svo safnaðist á þær **spanskgræna**. (HH.48.1.31)
- b. [...] silfurlitaðir bílar, sem að öllu jöfnu er hægt að spegla sig í, verða **spanskgrænir**. (FT.5.45.44)
- c. Öryggin vilja safna á sig **spansgrænu** [...] (MBL.95.46B.11)
- d. [...] mikið ósköp hljóta peningarnir að vera orðnir **spansgrænir**. (AB .52.190.10)

Eins og minnkuð merking orðhluta í samsetningum getur orðið að mörgum forliðaformum með sama litaorði (sbr. t.d. *iðjagrænn iðjugrænn*) getur hún einnig valdið því að einn forliður getur dreifst á milli margra litaorða. Oft er um að ræða

hlutaheiti sem er hefðbundið í sambandi við ákveðinn lit. Dæmi um það sést í samsetningunni *heiðgrænn* og öðrum líkum samsetningum, *Dæmi 5.13*.

- 5.13
- a. [...] líkir eftir jólastjörnunni og jólasnjónum með fagurgylltum lit og **heiðhvítum** froðutoppi. (DVis.27.2.2015)
 - b. Nautaturnar voru **heiðrauðir** í miðju líkt og beðið hafði verið um [...] (MBL.93.238I.28)
 - c. [...] svo hef ég látið prenta fána í **heiðgulum** lit [...] (FB.20.88.2)
 - d. Við óskum þessari **heiðgrænu** hetju til hamingju með daginn. (ST2 .10.8.2005)
 - e. [...] **heiðbleik** kaffibaunabrennsluvél stóð á miðju gólfinu [...] (MBL .101.211.27)
 - f. En er steinhætt því í dag og búin að lita hárið á sér **heiðfólublátt**. (VIS.10.1.2012)

Halda mætti að *heið(i)* ‘skýlaus himinn, bjart loft’ væri órjúfanlega tengt við bláan lit. Til dæmis fundust 2.517 dæmi um *heiðblár*. Hins vegar hefur orðið *heiði* í þeirri merkingu nærri horfið úr almennu máli, nema kannski í samhenginu *sól skín í heiði* eða í lýsingarorðsformi: *heiður himinn*, *heiðskírt*. Því fer notkun málhafa að hnika merkingu þess í þessum litasamböndum yfir í almennari merkingu þegar sú sértæka dofnar. Þannig fáum við *heiðhvítur* (3 dæmi), *heiðrauður* (2 dæmi), *heiðgulur* (730 dæmi), *heiðgrænn* (75 dæmi), *heiðbleikur* (1 dæmi), og *heiðfólublár* (1 dæmi), meðal annars af DV.is (Jónas Kristjánsson o.fl. 1981–2020, hér eftir **DVis.dag.mán.ár**), og *Sjónvarpsfréttir Stöðvar 2* 1919–1989 (hér eftir **ST2.dag.mán.ár**).

Af dæmunum í 5.13 (bls. 215) má sjá að *heið-* hefur greinilega misst tenginguna við himininn en fengið í staðinn það hlutverk að tákna bjartan, skíran lit.

- 5.14
- a. Bíllinn var **skjannarauður** og tók sex farþega [...] (FK.39.19.21)
 - b. [...] **skjannagul** og falleg paprika á 199 krónur kílóíð. (MBL.85.246.44)
 - c. Húsið okkar við Njálsgötu var mjótt með **skjannabláu** þaki [...] (Steinunn Sigurðardóttir 2005)
 - d. Verið er áferðarríkt, djúprautt og **skjannableikt** á litinn [...] (MBL .78.93LB.7)

Í staðinn vísar *heið-* í þá sjónrænu eiginleika himinsins sem ekki tengjast litnum. Skiptir þá engu máli hvort um er að ræða bjórfroðu (5.13a), nautasteik (5.13b), fána (5.13c), tuskufrosk (5.13d), kaffivél (5.13e) eða hár (5.13f), ef eiginleikar litarins eru viðeigandi er merkimiðinn *heið-* notaður.

Annað dæmi um slíka breytingu er *skjanna-*, þekktast í samsetningunni *skjannahvítur* (1.628 dæmi) en *skjanni* hafði eitt sinn merkinguna ‘höfuðkúpa’ og er tengingin við hvítan lit mögulega komin þaðan. Hins vegar finnast einnig dæmi um *skjannarauður* (2 dæmi), *skjannagulur* (12 dæmi), *skjannablár* (1 dæmi), og *skjannableikur* (1 dæmi), *Dæmi 5.14*, meðal annars úr Vilhjálmur Finsen o.fl. 1928–1966 (hér eftir **FK.árg.tbl.bls**).

Í þessum dæmum með *skjanna-* í 5.14, eins og með *heið-*, hefur upprunalega hlutartengingin týnst og ákveðið sjónrænt einkenni tengd hlutum tekið yfir sem hægt er að tengja við aðra liti til að lýsa alls kyns hlutum: bílum (5.14a), paprikum (5.14b), húspökum (5.14c) eða listaverkum (5.14d). Líklegast svipuð merking og *heið-*, það er ‘skír, bjartur’.

Það eru ekki bara orð sem hafa misst merkingu sína í almennu máli sem sýna þessa hegðun. Í samsetningagögnum grænn eru til dæmis fjögur dæmi um *eldgrænn* en merking orðsins *eldur* ætti að vera nokkuð stöðug enn í dag og tengd við rauða litinn (*eldrauður* 1.241 dæmi). Hins vegar finnast einnig dæmi um *eldsvartur* (1 dæmi), *eldhvítur* (4 dæmi), *eldgulur* (62 dæmi), *eldbleikur* (1 dæmi),²⁵ *Dæmi 5.15*, meðal annars af Baldvin Þór Bergsson og Þröstur Helgason 1930–2020 (hér eftir RUV.dag.mán.ár).

- 5.15
- a. [...] **eldsvarta** undraverkinu frá Heckler & Koch sem ég geymi undir lausu flísinni í klósetthorni baðherbergisins. (Hallgrímur Helgason 2008)
 - b. [...] ég vissi ekkert meðan **eldhvítir** sólargeislarnir skinu í augun [...] (Auður Jónsdóttir 2008).
 - c. Þarna kom toginleitur miðaldra töffari með **eldgula** gúmmihúð og eldspýtu í munnvikinu [...] (Einar Kárasón 1983)
 - d. Sólin sem venjulega er gulleit og út í rautt var, má segja, **eldbleik** þegar hún var að ganga til viðar. (RUV.9.5.2006)


²⁵ Einnig fannst eitt dæmi um *eldblár* en þar er ekki um að ræða litaheiti heldur vísun í stjórnmál í samhenginu „eldblár stjálftæðismaður“.

Eins og áður er merking forliðarins skriðin frá hinni hefbundnu tengingu, í þessu tilfelli á milli elds og rauðs, og tekið upp samband við aðra liti og hluti: svartar byssur (5.15a), hvíta sólargeisla (5.15b), gula húð (5.15c) og bleika sól (5.15d).

Annað dæmi um slíkt tengist líka *grænn* en það er samsetningarliðurinn *myntu-/mintu-*. Alls eru 91 dæmi um þessi tvö afbrigði með *grænn* í málgögnunum og þessar samsetningar eru tiltölulega nýtilkomnar. Elstu dæmi á *Tímarit.is* eru frá 1988 fyrir *myntugrænn* og 1999 fyrir *mintugrænn*.

Svo virðist sem merkingartengsl myntunnar í þessu samhengi sé strax komin út á hálan ís ef svo má að orði komast. Annað hvort var merking samsetningarinnar *myntugrænn* nokkuð sterk þegar hún var fyrst tekin upp í málinu og er nú farin að fletjast út eða að merkingartengsl *mynta* við litbrigði hafa ekki náð að vinna sér sess áður en þau byrjuðu að dreifast yfir þá liti sem ekki myndu teljast hefðbundnir almennt í tengslum við *myntu*.


Einungis fundust þrjú dæmi um *mintublár* og tvö um *mintugrár* í málheildunum en hér er minnst á þessar samsetningar vegna þess að sambærileg afbrigði komu fram hjá yngsta hópi íslensku málhafanna í nafngiftarannsókninni (sjá *Kafla 4*). Einn málhafi notaði forliðinn *myntu-* með þrem litaheitum í samsetningunum *myntugrænn*, *myntublár*, og *myntufjólublár* og má sjá þessi litbrigði á *Mynd 5.9*.



Mynd 5.9: Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með *myntu-*

Meirihluti litbrigðanna á *Mynd 5.9* eru í ljósari kantinum og hægt að sjá fyrir sér að *myntu-* þýði í þessu samhengi ‘ljós,daufur’fremur en ‘litur myntu(laufs)’ eins og beinast lægi fyrir.


Í nafngiftarannsókninni voru einnig tveir aðrir forliðir endurtúlkaðir á svip-
aðan hátt, *sæ-* og *kónga-*. Einn málhafi notaði *sæ-* með þrem litaheitum, annars
vegar *grænn* (tvisvar) og *blár* (einu sinni), sem er hefðbundið, en hins vegar með
rauður sem er nýlunda, *Mynd 5.10*.



Mynd 5.10: Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með *sæ-*

Á *Mynd 5.10* eru það ljósir litir sem fá séreinkunn (*sæ-*) sem svo breiðist út. Grænu
litirnir tveir eru í ljósari kantinum og þó blái liturinn sé dekkri virðist því fremur
fylgja að *sæ-* sé ljós, samanber hinn ljósi særauði litur.

Þriðji málhafinn notar svo forliðinn *kónga-* með tveim litaorðum, báðum
óhefðbundnum, í samsetningunum *kóngagrænn* og *kóngabrúnn*, en yfirleitt er sá
forliður notaður með *blár* (*kóngablár*, e. *royal blue*), *Mynd 5.11*.



Mynd 5.11: Litbrigði úr nafngiftaverkefni merkt með *kónga-*

Á *Mynd 5.11* eru til samanburðar við *kóngagrænn* og *kóngabrúnn* þrjú dæmi um
liti sem nefndir voru með *kóngablár* af öðrum málhafa í sama hópi. Öll þessi
litbrigði sem tengd eru við *kónga-* eru fremur dökk. Forliður sem áður hafði
merkingu tengsla við sérstakt blátt litbrigði sem fylgdi kóngafólki hefur verið
endurtúlkaður sem 'dökkur, djúpur'. Þó að val málhafans sem notar *kóngablár*

sé kannski ekki alveg hefðbundinn kóngablár (dökkur, djúpur blár) er val hans mjög markvisst þar sem þessir þrír litir eru í röð í EoSS litakortinu (C13-C15, sbr. *Mynd 4.1*). Á þessu má sjá að þessi endurtúlkun er markviss og kerfisbundin, þar sem ákveðnir sjónrænis eiginleikar fyrir utan litbrigðið sjálft sem tengjast annað hvort þeim lit sem er upprunalegur í samhenginu (*kóngablár* ‘dökkur’) eða hlutnum (*skjanni* ‘bjartur’).

Eins og sést verða ekki bara breytingar á orðunum sjálfum heldur breytist merking bæði samsettra og ósamsettra orða. Því er oft erfitt að segja til um hvar á að setja mörkin á milli samhengja sem segja eitthvað um merkingu þess orðs sem rætt er um og samhengja þar sem málhafar nýta sér skáldaleyfi sitt, ef svo má að orði komast, til þess að búa til nýstárlegar hugtakasamsetningar og/eða nýta hliðstæð hugtök orðsins í samsetningum. Hér hefur verið fjallað um breytingar forliða með litaheitum í átt til almennari merkingar en önnur birtingarmynd slíkrar breytingar er þegar litaheitin sjálf missa litamerkinguna og verða almenn merki fyrir ákveðna áherslu eða almenna merkingu.

5.3.6 Áherslumerking litaorða (*blár*)

Svo virðist sem forliðir tvískiptra samsetninga séu mjög viðkvæmir fyrir merkingarbreytingum og eru litaheitin sjálf ekki undanskilin í þeirri þróun. Í samsetningum hafa mörg lýsingarorð þróast í merkingu og orðið að almennum áhersluliðum fremur en að vísa í þá merkingu sem orðin hafa ein og sér. Þannig merkir til dæmis forliðurinn *stór-* í samsetningunni *stórskemmtilegur* ekki ‘mikill að vexti’ eins og orðið *stór* eitt og sér eða í samsetningum eins og *stórfættur* eða *stórskorinn* þar sem verið er að lýsa útliti eða eðli einhvers, heldur ‘mjög; svakalega’ eins og í öðrum samsetningum sama eðlis svo sem *stórfurðulegur* eða *stórskrýtinn*.

Litaheitið *blár* er lýsandi dæmi en samsetningar með *blá-* í slíkri áherslumerkingu eru mjög algengar í gögnunum. Í *Orðalista 5.10* (bls. 219) eru algengustu samsetningar með *blár* (yfir 10.000 dæmi).

dökkblár	17.316	fjólublár	14.426	bláber	12.712	Bláfjall	12.515
blákaldur	11.300	ljósblár	11.189				

Orðalisti 5.10: Samsetningar með *blár*, tíðni yfir 10.000

Þar sjást strax tvær slíkar áherslusamsetningar, *bláber*²⁶ og *blákaldur*. Hér er ekki um að ræða lit heldur ákveðna áherslu; annars vegar ‘mjög augljós, algjör’ og hins vegar ‘miskunarlaus, einber’.

Lýsingarorðin sem birtast í samsetningum með litaorðinu *blár* í *Orðalista 5.10*, *ber* og *kaldur*, hafa heldur ekki þá almennustu hlutlægu merkingu sem yfirleitt er eignuð þeim, það er *ber* ‘nakinn’ og *kaldur* ‘sem hefur í sér kulda’. Bæði hugtökin hafa færst nær huglægum hugtökum; [BERSÝNILEGUR], [VIÐMÓTSKALDUR].

Í *Dæmi 5.16*, eru þessar samsetningar í samhengi, meðal annars úr *Alþingisræður 1907–2020* (hér eftir **ALÞ.dag.mán.ár**). Þar sjást greinilega hin huglægu tengsl þar sem *bláber* og *blákaldur* standa í öllum tilfellum með mjög huglægum hugtökum sem hafa ekki hlutlæg einkenni eins og nekt eða kulda: [TILBÚNINGUR] (5.16a), [HEIMSKA] (5.16b), [HVUNNDAGUR] (5.16c), og [VERULEIKI] (5.16d).

- 5.16 a. Nú liggur fyrir að þessi lýsing á rás atburða er **bláber** tilbúningur. (MBL.95.7.20)
- b. Þetta er **bláber** heimska, kjaftæði út í hött, með leyfi herra forseta. (ALÞ.4.4.2002)
- c. En ég fer ekki ofan af því að það hljóti að vera afbragðs aðferð að takast á við **blákaldan** hvunndaginn að gefa maka sínum fallett viðurnefni. (FB.10.27.36)
- d. Skáldskapurinn er tilraun mannsins til að þola veruleikann **blákaldan** [...] (DV)

Þrátt fyrir að ekki sé átt við litbrigði í *Dæmi 5.16* er þó til staðar ákveðin skírleika- eða heiðishugmynd sem fylgir hugtakinu [BLÁR]. Samhengi með *bláber* (5.16a og 5.16b) eru oft fremur neikvæð og orðið nýtt til þess að leggja áherslu á að um sé að ræða eitthvað sé mjög augljóst (skírt), til dæmis mjög oft í samhenginu „helber lygi“. Í því samhengi tengist hugtakið [HEL] einnig hugtakinu [BLÁR] því samsetningin *helblár* kemur nokkuð oft fyrir í gögnunum eða 861 sinni.

Samhengi *blákaldur* (5.16c og 5.16d) eru einnig tengd ákveðnum skírleika, ekki alveg eins neikvæð, en fremur tengd kulda og hrolli, til dæmis er mjög oft talað um „blákaldan veruleika“ sem eitthvað óumflýjanlegt sem mögulega kemur fólki svolítið í opna skjöldu þegar það veitir honum athygli. Hér kemur [HEL]

²⁶ Einhver af þessum dæmum sem talin eru til þessarar samsetningar hér gætu átt við *bláber*, þ.e. ávexti plantna af ættinni *Vaccinium*, meðal annars vegna skráningarvillna í málheildunum.

einnig við sögu því samsetningin *helkaldur* er einnig nokkuð algeng, meðal annars í samhenginu „helkaldur veruleiki“. Því skína í gegn einnig menningarleg tengsl við hina norrænu Hel sem er bláköld og berangursleg.

Í *Orðalista 5.11* er næsti tíðnihópur samsetninga með *blár* (tíðni 1.000–9.999 dæmi úr málheildum og tíðnilistum). Þar koma einnig fyrir áherslumerkingar orðsins, svo sem í lýsingarorðunum *bláber* og *blákaldur*: *bláfátækur*, *blásnauður*, *bláókunnugur* og *blásaklaus*.

blálanga	8.528	bláfátækur	6.778	blámaður	6.746
bláfátækt	5.970	bláþráður	5.407	Bláfell	4.733
blálök	3.914	bláeygur	3.904	bláleitur	3.813
blágrænn	3.528	Bláskógur	3.400	dimmblár	3.334
bláklæddur	3.244	blágrýti	3.054	blágrár	3.007
fagurblár	2.658	bláeygður	2.555	heiðblár	2.517
blágresi	2.496	blásnauður	2.458	blásalur	2.366
bláókunnugur	2.013	bláæð	1.998	himinblár	1.971
húmblár	1.971	bláhvítur	1.949	Blásteinn	1.817
gráblár	1.772	Himinblámi	1.564	blásaklaus	1.553
blárefur	1.553	blárefur	1.522	blámóða	1.505
blávatn	1.474	bláskel	1.395	blásanseraður	1.328
Blátindur	1.326	blásvartur	1.310	bláskjár	1.265
Bláfeldur	1.194	bláklukka	1.164	blágreni	1.136
bláfugl	1.118	blátær	1.063		

Orðalisti 5.11: Samsetningar með *blár*, tíðni 1.000–9.999

Merking *blár* í þessum samsetingum í *Orðalista 5.11* er, eins og fyrr, að leggja áherslu á ákveðna öfga. Annars vegar er um að ræða hámark einhvers sem hægt er að mæla á einhvern hátt. Sá sem er *bláfátækur* verður ekki mikið fátækari, og sá sem er *blásaklaus* verður ekki mikið saklausari. Blái liturinn er það hæsta, ysta, lengsta sem við sjáum eða náum.

Hins vegar er tákmynd jaðars eða ystu marka einhvers. Það sem hangir á bláþræði er alveg við það að falla og blálök einhvers er síðustu sekúndubrot. Hér er samhengið fremur tengt hinum bláa lit himinsins og hugmyndinni um hann sem ystu endamörk veruleikans. Þessar samsetningar eru annars vegar

lýsingarorð (t.d. *bláfátækur*) og hins vegar nafnorð (t.d. *blálok*) en einnig eru til nafnorð sem samsvara lýsingarorðunum, samanber *bláfátækt – bláfátækur* í *Orðalista 5.11*.

Í *Dæmi 5.17*, eru nokkur dæmi um *bláþráður* (5.17a, 5.17b) og *blálok* (5.17c, 5.17d), meðal annars úr ritinu *Ægir* 1905–2020 (hér eftir **ÆG.árg.tbl.bls**).

- 5.17
- a. Á **bláþræðinum** milli átakakynslóðanna hangir síðan X-kynslóðin í krónískri angist og tilvistarkreppu þeirra sem fæddust á milli vampírukynslóðarinnar og snjókornanna, á árabílinu 1960–1980. (FB.21.101.30)
 - b. Fjárfesting í slíkri vöruþróun er alltaf erfið litlu fyriræti með takmarkað rekstrarfé og hefur tilvist félagsins stundum hangið á **bláþræði**. (BBL.18.8.12)
 - c. Eini möguleikinn er að eitthvað stórt gerist í **blálok** fiskveiðiársins [...] (ÆG.104.6.9)
 - d. Hurð skall nærri hælum í **blálok** leiksins þegar litlu mátti muna að varnarmaður íslenska liðsins skoraði sjálfsmark. (DVbls. .103.77.20)

Oftast birtist *bláþráður* (5.17a og 5.17b) í samsetningunni *að hanga á bláþræði* og merkir að eitthvað sé mjög nálægt því að gefa sig, bresta eða breytast á annan hátt. En *blálok* (5.17c og 5.17d) sést mjög oft í samhengi íþróttaleikja, sem og annarra fyrirbæra sem hafa ákveðin tímamörk. Það sem þær eiga sameiginlegt með mörgum öðrum samsetningum með *blár* er þessi tenging bláa litarins við endamörk skynjunarinnar. Þessi tenging er menningarleg og tengsl bláa litarins við þessi skynjunarsvið er alls ekki algild. Meðal enskumælandi til dæmis er þekktara að *blár* sé tengdur við tilfinningar, samanber *feeling blue* ‘vera leiður’ eða *blue film* ‘klúr mynd’ og í þýsku málsamfélagi líkamsástand *blau betrunken* ‘sauðdrukkinn’.

Margar fleiri slíkar áherslumyndanir eru til í samsetningum með *blár*, eins og sést í *Dæmi 5.18* (bls. 223). Þau dæmi sem þar er að finna eru meðal annars úr *Fréttir – Eyjafréttir* 1974–2020 (hér eftir **EF.árg.tbl.bls**), *Landneminn* 1947–1955 (hér eftir **LN.árg.tbl.bls**), *Spegillinn – Samviska þjóðarinnar* 1926–1983 (hér eftir **SPE.árg.tbl.bls**), *Húsfreyjan* 1950–2020 (hér eftir **HUS.árg.tbl.bls**), *Æskan* 1897–1994 (hér eftir **ÆSK.árg.tbl.bls**), Magnús B. Blöndal o.fl. 1900–1913 (hér eftir **RVK.árg.tbl.bls**). Í þessum samsetningum er nokkuð jafnt um að ræða orð með jaðarsmerkingunni: *blánótt* (5.18a), *blábyrjun* (5.18b), *blábrún*

(5.18e), *blánef* (5.18f) og *bláoddur* (5.18h); og orð með öfgamerkingunni: *bláedrú* (5.18c), *blábjáni* (5.18d), *bláalvara* (5.18g), *blánauðugur* (5.18i) og *bláspari* (5.18j).

- 5.18
- a. [...] en þar var ekki líft fyrir hita nema rétt yfir **blánóttina**, 40–50 gráður yfir daginn. (EF.37.22.27)
 - b. Don Kíkóti, fyrsta raunverulega skáldsagan, kom út í **blábyrjun** sautjándu aldarinnar. (MBL.59.5LB.4)
 - c. Aldrei þessu vant er hún **bláedrú**, þreytt, gömul kona. (LN.4.5.7)
 - d. [Gleraugu] fást nú í allskonar móðinslitum og er helmingi klæðilegra að nota þau en að glápa og píra eins og **blábjáni**. (SPE.15.23–24.210)
 - e. Hætta sér út á **blábrún** fossa og kletta. (MBL.27.5.31) (laga Sunnudagsmoggann > SDM (ár dagur bls))
 - f. Það var bara **blánefið** á bátnum upp úr og þar sat hann. (MBL.92.6.52)
 - g. Á endanum komst þó Jón að þeirri niðurstöðu, að bónda væri **bláalvara** með því að halda því fram, að í raun og veru væri hann líka búinn að fá hérann [...]. (HUS.13.3.29)
 - h. [...] svo límir þú hinn geislabauginn ofan á hann þannig að **bláoddur** keilunnar lendi á milli þeirra. (ÆSK.93.10.9)
 - i. [...] þau vann hann **blánauðugur** og eingöngu af drottinshollustu við húsbónda sinn. (RVK.6.48.190)
 - j. Konur eins og Kim ættu náttúrulega alls ekki að borða slíkar kökur nema **bláspari** enda innihalda þær mikinn sykurlu og óæskilega fitu. (MBLis.7.9.2011)

Þessar huglægu framlengingar á merkingu orðsins *blár* eru því tvenns konar, annars vegar hugmyndin um heiði, hreinleika eða skírleika (‘heiðedrú’, ‘heiðsaklaus’) og hins vegar hugmyndin um hið bláa hvolf sem endimörk hins merkjanlega heims (‘allra ysta brún’, ‘allra ysti oddur’). Eins og með aðrar slíkar breytingar virðist það vera tilviljunum háð hvaða orð verða fyrir þessum breytingum og ekki mörg önnur litaorð hafa slíkar merkingar. Þar er helst að nefna *rauður* (*rauðanótt*, *rauðamorgun*) þar sem merkingin hefur orðið ‘endamörk’ líkt og hjá *blár* og *grár* (*grályndur*) þar sem tenging við úlfa hefur líklegast færst yfir í ‘illindi; fýla’ (sbr. *úlfúð* ‘fjandskapur’), sem og áherslumerking í samsetningum á borð við *gráupplagður* og *grábólvaður* (sjá umfjöllun um rannsóknir Kirsten

Wolf á fornum litaorðum í *Kafla 3.1.2*).

Hér er aftur hægt að spyrja hvort samsetningar eins og *bláedrú* bæti einhverju við merkingarsvið orðsins *blár*? Merkingarbreytingin er greinileg, fólk sem er *bláedrú* er ekki blátt og eiginlegur blámi ekki tengdur því hugtaki á neinn hátt. Eins og heiði hefur orðið samnefnari fyrir skýrleika og hreinleika, hefur bláminn einnig færst þangað yfir. Tengslin sjálf eru ótvíræð, eins og rauður helst í hendur við eld og hita og grænn við gróður og vöxt er blár tengdur við hreinleika og endamörk víðáttunnar. Þessar samsetningar eiga þó meira skylt við menningartengingar (sjá *Kafla 5.5*) og aðrar slíkar samsetningar, en tengsl litaorðanna og þeirra orða og hugtaka sem eru sett með þeim í samsetningar eru margvísleg.

5.3.7 Merkingartengsl samsetningarliða (brúnn)

Tegundir samsetninga eru mjög mismunandi og hægt er að skilgreina þær á margvíslegan hátt, til dæmis málfræðilega í stofnsamsetningar, tengihljóðssamsetningar og eignarfallssamsetningar (sbr. *Kafla 5.3.2*) eða einfaldlega hvort þær mynda nafnorð, lýsingarorð eða sagnorð.

Í þessum kafla verða samsetningar skoðaðar með tilliti til sambands samsetningarliðanna merkingarlega séð, það er hvort um er að ræða lýsingarorð með einkunn (t.d. *smáfríður*, *snarruglaður*), samsett nafnhugtak (t.d. *hestamót*, *hugarburður*), lýsingu (t.d. *bláfættur*, *rauðnefjaður*), sérnafn (t.d. *Brúnás*, *Brúnakolla*) og svo framvegis.

Við athugun á litasamsetningum koma fljótlega í ljós greinilegir flokkar samsetningatengsla sem annað hvort skilgreina litahugtak eða hugtak sem getur tengst lit. Það er að segja tegund litar, til dæmis *ljósbrúnn* ‘ljós tegund af brúnum’, *móbrúnn* ‘brúnn eins og mór’; eða tegundir annarra hluta sem geta skilgreinst af lit, til dæmis *brúnhærður* ‘með brúna tegund af hári’, *brúnegg* ‘brún tegund eggja’ eða *brúnsokkóttur* ‘með brúnu litfari’.

Eins og mjög margar og margvíslegar málfræðilegar afleiðslur í *Kafla 5.2* hylja mun einfaldara kerfi merkingarbreytinga finnast einnig í samsetningum tiltölulega fáar tegundir orðhlutatengsla í þeim hundruðum samsetninga með

litaorðum sem komu fram í málöggnunum.

Í *Orðalista 5.12* (bls. 225) eru efstu samsetningar með brúnn (tíðni yfir 1.000 dæmi úr málheildum og textasöfnum). Þar eru strax áberandi litahugtök, svo sem *dökkbrúnn*, *ljósbrúnn*, *rauðbrúnn*, og *grábrúnn*.

dökkbrúnn	7.735	ljósbrúnn	6.844	rauðbrúnn	5.081
Brúnás	4.313	gulbrúnn	4.144	brúnleitur	3.124
brúnegg	1.432	gullinbrúnn	1.310	grábrúnn	1.284
móbrúnn	1.238	brúnskjóttur	1.020	brúnkukrem	1.015

Orðalisti 5.12: Samsetningar með *brúnn*, tíðni yfir 1.000

Þrátt fyrir að samsetningarnar í *Orðalista 5.12* séu ekki nema tólf er um að ræða níu tegundir tengsla. Eins og fyrr fjölgar litaheitum með ákveðna tíðni eftir því sem neðar kemur á tíðnilistann, en hins vegar fjölgar þessum tengslaflokkum ekki mikið þegar samsetningum fjölgar sem eru skoðaðar.

Hægt er að raða samsetningunum úr *Orðalista 5.12* upp í töflu eftir merkingartengslum orðhlutanna, *Tafla 5.11*.

Tengsl	samsetningar
Litur, skilgreindur útfrá metnun	<i>dökkbrúnn</i> , <i>ljósbrúnn</i> , <i>gullinbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>rauðbrúnn</i> , <i>gulbrúnn</i> , <i>grábrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá hlut	<i>móbrúnn</i>
Litur, nálgun	<i>brúnleitur</i>
Litur sem orsök ferlis	<i>sólbrúnn</i>
Tegund, sérnafn	<i>Brúnás</i>
Tegund, samnafn	<i>brúnegg</i>
Mynstur	<i>brúnskjóttur</i>
Nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri	<i>brúnkukrem</i>

Tafla 5.11: Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni yfir 1.000

Af tengslategundunum níu í *Töflu 5.11* eru í raun aðeins fjórar sem skilgreina lit að einhverju marki: litur útfrá metnun (litir sem eru ljósir, skærir, daufir, o.s.frv.), litur útfrá lit (litir sem eru millistig eða bera keim af öðrum litum), litur útfrá hlut (litir sem eru eins og litir ávaxta, dýra, o.s.frv.) og nálgun á lit (litaorð með endingum eða í samsetningum sem fela í sér vafa). Allar hinar tegundirnar í *Töflu 5.11* eru samband hugtaks sem getur tengst lit og litar sem gæti verið hver

sem er innan þess vísimiðs sem um ræðir. Það er að segja, *dökkbrúnn*, *gulbrúnn*, og *móbrúnn* eru alltaf tegundir af brúnum lit en *Brúnás*, *brúnegg* og *brúnskjóttur* eru tegundir af ásum, eggjum og litfari, ekki brúnum lit.

Í næsta tíðniflokki samsetninga með *brúnn* (tíðni 100–999 dæmi úr málheildum og textasöfnum) eru einnig sömu tegundir samsetninga, *Tafla 5.12*.

Tengsl	samsetningar
Litur, skilgreindur útfrá metnun	<i>svarbrúnn, fagurbrúnn, dimmbrúnn, glóbrúnn, fólbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>brúngrár, brúngulur, grænbrúnn, brúnsvartur, brúnrauður, svartbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá hlut	<i>kaffibrúnn, gullbrúnn, kastaníubrúnn, súkkulaðibrúnn, ryðbrúnn, skolbrúnn, koparbrúnn, hnotubrúnn, koníaksbrúnn</i>
Litur, nálgun	<i>brúntóna</i>
Litur sem orsök ferlis	<i>(ryðbrúnn)</i>
Tegund, sérnafn	<i>Brúnalaug, Brúnkolla</i>
Tegund, samnafn	<i>brúnkól, brúnsþónn, brúnkaka, brúnterta, brúnstakkur, textitbrúnþörungur, brúnkál, brúnrotta, brúnsápa</i>
Mynstur	<i>brúnstjörnóttur, brúnblesóttur, brúnsokkóttur</i>
Nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri	<i>brúnkumeðferð, brúnkusprautun</i>

Tafla 5.12: Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 100–999

Nærri allar samsetningarnar með tíðni 100–999 falla undir sömu tegundir og settar eru fram í *Töflu 5.11* (*Tafla 5.12*), utan fimm sem skilgreina mætti frekar á eftirfarandi máta, *Tafla 5.13*.

Tengsl	samsetningar
Yfirborðslitur	<i>brúnsanseraður, brúneygður, brúneygur, brúnmálaður</i>
Tegund með óræðum lit	<i>brúnamyrkur</i>

Tafla 5.13: Fleiri tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 100–999

Í *Töflu 5.13* er annars vegar um að ræða tegundir yfirborðslitar sem eru ekki mynstur heldur samfelldur litur (*brúneygur/-eygður*, *brúnmálaður*) og hins vegar skilgreiningar fyrirbæris með litaheiti sem ekki hefur endilega beina litamerkingu (*brúnamyrkur*, sbr. *rauðanótt*, *blábrún*, sjá *Kafla 5.3.6*). Þegar þessum tveim

tegundum hefur verið bætt við eru nærri allar tegundir merkingartengsla samsetninga upptaldar.

Í næstu tíðnihópum eru enn sömu tengslategundir. í *Töflu 5.14* (tíðni 10–99 dæmi úr málheildum og textasöfnum) og *Töflu 5.15* (tíðni 1–9 dæmi úr málheildum og textasöfnum) eru dæmi um þessi tengsl.

Tengsl	samsetningar
Litur, skilgreindur útfrá mettun	<i>léttbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>brúnbleikur, brúnjarpur, brúngylltur</i>
Litur, skilgreindur útfrá hlut	<i>leirbrúnn, hnetubrúnn, moldbrúnn, mosabrúnn</i>
Litur, nálgun	<i>millibrúnn</i>
Litur sem orsök ferlis	<i>(haustbrúnn)</i>
Tegund, sérnafn	<i>Brúnalda, Brúney, Brúnblesa, Brúnskjóna</i>
Tegund, samnafn	<i>brúnbjörn, brúnsteinn, brúnsúpa, brúnlýsi</i>
Mynstur	<i>brúnbröndóttur, brúnflekkóttur, brúnkjöflóttur</i>
Nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri	<i>brúnkusprey, brúnkuklútur, brúnkuklefi</i>
Yfirborðslitur	<i>brúnhærður, albrúnn, brúknklæddur</i>

Tafla 5.14: Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 10–99

Tengsl	samsetningar
Litur, skilgreindur útfrá mettun	<i>ljósabrúnn, flauelsbrúnn, daufbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>brúnblár, brúnhvítur, jarpbrúnn</i>
Litur, skilgreindur útfrá hlut	<i>kanilbrúnn, ræpubrúnn, eirbrúnn, kakóbrúnn</i>
Litur, nálgun	<i>íbrúnn, brúnlitur, smábrúnn, brúnlegur</i>
Litur sem orsök ferlis	<i>ljósabekkjabrúnn, brúnbakaður, efnabrúnn</i>
Tegund, sérnafn	<i>Brúnavatn, Brúnstjarna, Heimabrúnn</i>
Tegund, samnafn	<i>brúnhýena, brúnselja, brúndrykkur</i>
Mynstur	<i>brúnskellóttur, brúnrákóttur, brúnæðóttur</i>
Nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri	<i>brúnkufar, brúnkuvökvi, brúnkusýki</i>
Yfirborðslitur	<i>brúnlitaður, brúnbarkaður, brúntjargaður</i>
Tegund með óræðum lit	<i>brúnanótt</i>

Tafla 5.15: Tengslategundir samsetninga með brúnn, tíðni 1–9

Nærri allar samsetningar með *brúnn* falla undir þessa ellefu flokka sem hafa verið skilgreindir: litur útfrá mettun, litur útfrá öðrum lit, litur útfrá hlut, nálgun á lit, litur sem orsök ferlis, tegund nefnd eftir lit (sérnöfn og samnöfn), mynstur, nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri, yfirborðslitur og tegund með óræðum lit.

Það sem eftir er af ógreindum samsetningum með brúnn eru annars vegar samsetningar með lit og menningarfyribæri og hins vegar samsetningar sem erfitt er að setja í flokk vegna óræðni.

Í *Töflu 5.16* (bls. 228) sjást dæmi um tólftu tegund samsetninga: litir sem skilgreinast útfrá tengslum við ákveðið menningarfyribæri (sjá *Kafla 5.5*).

Tengsl	samsetningar
Litur, skilgreindur útfrá menningarfyribæri	<i>artic-brúnn, bismarkbrúnn, kapuziner-brúnn, níveabrúnn, vandækbrúnn</i>

Tafla 5.16: Fleiri tengslategundir samsetninga með brúnn

Þessi tegund samsetninga er á mörkum þess að vera eiginleg litaskilgreining. Það er vegna þess að oft eru þau fyribæri sem tengt er við ekki með lit eða ekki þann lit sem tengdur er við fyribærið. Það er að segja að þó til dæmis barbíbleikur sé sérákveðinn bleikur litur sem er séreinkenni þeirra fylgihluta sem eru í eigu ungrú Barbie getur þetta litaheiti ekki tengt okkur beint við litbrigði sem er almennur litur þess sem litaheitið er tengt við eins og til dæmis orðin *tómatrauður* eða *bananagulur* gera.

Þegar kemur að þessum menningartengslum litanna þarf sérþekkingu til þess að vita hvaða lit er um að ræða. Í sumum tilfellum er þessi þekking almenn, svo sem gagnvart *kóngablár* en í öðrum tilfellum bundin við ákveðinn samfélagshóp, samanber *Bieber-blár*.

Þetta er svipað fyribæri og í lýsingunum sem minnst var á hér að framan (*Kafla 5.3.4*). Ef talað er um klógulan örn er hægt að gera sér í hugarlund hvaða gula lit er átt við ef maður þekkir útlit arnarins en orðið *klógulur* er ekki tenging litaheitisins *gulur* við hlut sem er í eðli sínu með þeim lit. Þannig gæti maður vitað nákvæmlega hvernig barbíbleikur er á litinn ef maður er kunnugur Barbie og hennar menningu en ef ekki segir orðið lítið um það hvaða lit er um að ræða.

Hins vegar er klárlega um að ræða skilgreiningu á lit. Það er að segja barbíbleikur, tyggjóblikur og partíbleikur eru allir tegundir af bleikum lit en ekki lýsing eins og til dæmis *klógulur* ‘með gular klær’ (gæti verið *klógrár, klóbrúnn, klósmár* o.s.frv.) eða *rassbleikur* ‘með bleikan/fölan rass’ (gæti verið *rassfö-ur, rassrauður, rassbreiður* o.s.frv.). Þessi tegund samsetninga skal því teljast litaskilgreining þó vísunin sé oft torræð og byggist á því að málfafi þekki það

menningarfyrirbæri sem vísað er í.

Þær samsetningar sem eru eftir eru lýsandi fyrir þá óræðni sem finnst meðal sjaldgæfusu myndananna (sjá *Kafla 5.3.4*). Þegar um svo óræðar samsetningar er að ræða þarf að rýna í samhengið, en jafnvel þá er ekki alltaf hægt að segja til um hver tengsl orðhlutanna eru. Í *Töflu 5.17* eru nokkur dæmi um óræðar samsetningar með *brúnn*

<i>brúnflaksandi</i>	‘brúnn og flaksandi’?
<i>brúngugginn</i>	‘brúnn og gugginn’?
<i>brúnloðinn</i>	‘brúnn og loðinn’? ‘loðinn á brúnunum’?
<i>brúnofinn</i>	‘brúnn og ofinn’? ‘ofinn með brúnu í’?
<i>ilmbrúnn</i>	?

Tafla 5.17: Óræðar samsetningar með brúnn

Þegar samsetningar eða samhengi eru óræð er oft um að ræða ljóðmæli og eru til dæmis tvö orðanna í *Töflu 5.17* – *brúnflaksandi* og *ilmbrúnn* – úr ljóðum eftir Matthías Johannessen, *Dæmi 5.19*.

- 5.19 a. *og hennar sem gengur
inní kvartsára veröld
minnar deyjandi vitundar
með hraunsvört hlustandi augu
og lyng í brúnflaksandi
hári*
(Mattías Johannessen 1984b)
- b. *Öræfabjört
eru ilmbrún
augu þín*
- þessi kvöldsvölu
heiðavötn
í fylgd
með svanhvítri
hugsun.*
(Mattías Johannessen 1984a)

Fyrir utan samsetningarnar með *brúnn* eru fleiri nýstárlegar myndanir í *Dæmi 5.19*, svo sem *kvartsár*, *hraunsvartur* (5.19a), *öræfabjartur* og *kvöldsvalur* (5.19b). Þó

ljóðmæli séu ekki dæmigerð fyrir málvitund hins almenna málhafa undirstrika þessar myndanir enn hversu frjállega er hægt að fara með málið í ákveðnum samhengjum. Það breytir því ekki heldur að sjaldgæfustu samsetningarnar eru oftast af sömu tegundum og hinar algengustu. Á meðan hinar sjaldgæfu halda oft ákveðnum leyndardómi og ferskleika eiga hinar algengustu á hættu að verða steinrunnar. Ákveðin samhengi festast og verða jafnvel ofnotuð.

5.3.8 Föst orðasambönd og samhengi (grár)

Líkt og mörg önnur orð hafa litaheiti einnig lent í því að verða hluti af föstu orðatiltæki sem er alltaf notað eins. Dæmi um slíkt með *grár* má sjá í *Töflu 5.18*.

orðatiltæki	merking
bæta gráu ofan á svart	gera illt verra
e-ð er grátt gaman	e-ð er ljótur leikur
eiga e-m (fyrir) grátt að gjalda	eiga e-m illt að launa
e-ir elda grátt silfur saman	e-ir eiga í erjum eða útistöðum
fá sér einn gráan	drekka áfengi
gjalda e-m rauðan belg fyrir gráan	hefna sín á e-m
leika e-n grátt	fara illa með e-n
vera eins og grár köttur e-s staðar	vera alltaf að sniglast e-s staðar
vera grár fyrir járnum	vera hervæddur

Tafla 5.18: Orðatiltæki með *grár*

Tvennt eiga þessi orðatiltæki í *Töflu 5.18* sameiginlegt. Annars vegar sýna þau greinileg tengsl gráa litarins við neikvæðari hluta raunveruleikans og hins vegar er merking þeirra ógegnsæ. Það er að ekki er hægt að sjá merkingu þeirra af orðunum sjálfum í samsetningunni heldur þarf málhafi að læra merkingu þessara samsetninga sérstaklega utan að um leið og hann lærir málið. Þannig geta þau verið óskiljanleg jafnvel þeim sem hafa málið sem sitt móðurmál ef þekkingin er ekki fyrir hendi.

Slíkir frasar og orðatiltæki eru sérstæð fyrir hvert mál fyrir sig. Til dæmis eru orðasambönd upprunnin í enskumælandi löndum eins og *brownie points* (bókstaflega ‘brúnsustig’ > *Brúnsa* ‘skátastúlka í ljósálfaflokki’; ‘velgjörðaupp-

hefð'), *to catch s-n red handed* (bókstaflega 'að ná e-m rauðhentum'; sambærilegt hinu íslenska *að grípa e-n glóðvolgan* 'standa e-n að verki') og *to be tickled pink* (bókstaflega 'að vera kitlaður bleikur'; 'vera mjög glaður og ánægður') óskiljanleg öllum þeim sem ekki þekkja til þeirra, hvort sem þeir hafa það tungumál að móðurmáli eða ekki.

Einkenni þessara orðasambanda er að þau hafa verið notuð það oft að þau festast í ákveðinni merkingu sem svo getur þróast eftir á og fjarlægst upprunalega merkingu orðanna. Hægt er að líta á samsetningar sem ákveðin samhengi eða orðatiltæki og eru þá eins og önnur orð notuð misoft. Ákveðin sambönd festast þá við ákveðna merkingu sem ekki er sjáanleg út frá þeim orðum sem eiga hluta að máli og hafa alla jafna aðra eða mun víðari merkingu. Í *Orðalista 5.13* eru samsetningar með grár með tíðni yfir 1.000 dæmi.

grálúða	16.176	grásleppa	11.755	silfurgrár	7.090	Grágás	6.722
gráhærður	6.147	dökkgrár	5.813	ljósgrár	5.682	steingrár	4.046
gráleitur	3.926	blágrár	3.007	grágæs	3.007	Grámann	2.858
gráfíkja	2.534	grásteinn	2.268	gráglettinn	1.886	grágrýti	1.750
gráblár	1.747	gráglettnei	1.699	Gráskinna	1.316	öskugrár	1.291
grábrúnn	1.270	grávara	1.265	grágrænn	1.165	grámosi	1.051
stálgrár	1.028						

Orðalisti 5.13: Samsetningar með grár, tíðni yfir 1.000

Margar samsetninganna í *Orðalista 5.13* þarfnast frekari skýringa til þess að skiljast, *Tafla 5.19*

samsetning	samhengi
Grágás	íslensk lögbók frá þjóðveldistímanum
gráglettinn	hefur illkvittnislegt skopskyn
gráglettnei	illkvittnislegt gaman
Gráskinna	galdrabók frá miðöldum
grávara	íkornaskinn

Tafla 5.19: Sérstæð samhengi í samsetningum með grár, tíðni yfir 1.000

Samsetningarnar í *Töflu 5.19* eru ýmsar samsetningar sem ekki verða beinþýddar og eru þar af leiðandi annað hvort bundnar við ákveðið samhengi eða fela í sér

ákveðið samhengi sem þarf að þekkja til þess að geta ráðið í samsetninguna. Þar koma til dæmis fram hin neikvæða tenging gráa litarins (*gráglettinn, gráglettni*) og söguleg fyrirbæri sem finnast þá í sérstæðum samhengjum sem þeim tengjast (*Grágás, Gráskinna*).

Fleiri slíkar samsetningar finnast með *grár* og í *Töflu 5.20* eru þær sem hafa tíðni 100–999.

samsetning	samhengi
Grábrók	170 metra hár gjallgígur sem rús upp norðaustan við Hreðavatn
grályndur	illkvittinn, undirförull
grályndi	illkvittni
grásíða	smjörkista; sverð; spjót
Gránufélag	verslunarfélag á Norðurlandi á seinni hluta nítjándu aldar
grágletta	illkvittnislegur hrekkur

Tafla 5.20: Sérstæð samhengi í samsetningum með *grár*, tíðni 100–999

Samkvæmt eðli þessara algengu samsetninga sem hafa staðnað í ákveðinni merkingu fækkar þeim eftir því sem tíðni minnkar (mikil notkun > sérstæð samhengistenging). Í *Töflu 5.20* eru enn á ferðinni söguleg fyrirbæri (*Grábrók, Gránufélag*) sem og tengingar þessa litar við neikvæð skapgerðareinkenni (*grályndur, grályndi, grágletta*).

Þegar orð eru notuð í steinrunnum samhengjum tynast þau oft úr almennri notkun. Sem dæmi má nefna *að grána fyrir hærum* (sbr. *hærugrár*) en *hæra* er hvítt eða grátt hár. Önnur orðasambönd eru til með *hærum*, svo sem *að vera hvítur fyrir hærum* ‘vera hvíthærður’ og *að kember ekki hærurnar* ‘deyja ungur’ en orðið *hæra* eða *hærum* er eiginlega ekkert notað lengur utan þessara orðasambanda. Afleiðingin er sú að orð sem eru horfin úr almennri notkun geta lifað áfram í orðasamböndum og samsetningum sem eru enn notuð. Þegar merking orðs breytist getur áframhaldandi notkun eldri merkingar einnig valdið því að tvær merkingar sama orðs eru enn í notkun í orðasamböndum og samsetningum.

5.3.9 Merkingarleifar (*bleikur*)

Eins og komið hefur fram oft og mörgum sinnum hingað til breyta orð um merkingu. Merkingarbreyting sem er sérstaklega áhugaverð í samhengi þessarar umfjöllunar er breyting merkingar orðsins *bleikur* úr ‘fölnur’ í ‘ljósrauður; ljósblárauður’. Orðið var til dæmis varla til í orðaforða Vesturíslendinga og notuðu þeir almennt enska orðið *pink* til að merkja það sem málfarar íslensku á Íslandi kalla í dag bleikt (sjá *Kafla 4.5*). Þar sem þessi merkingarbreyting er tiltölulega nýleg eru samhliða í umferð enn í dag afleiðslur og samsetningar sem standa fyrir eldri og yngri merkingu orðsins *bleikur*.

Margar þeirra afleiðsla sem finnast með *bleikur* vísa í hina eldri merkingu, svo sem *bleikja* ‘lýsa’ og *bleiking* ‘það að gera e-ð ljóst’ (sjá *Kafla 5.2*) en í samsetningum eru einnig áberandi vísanir í hluti sem eru fölgulir eða fölnbrúnir. Í *Orðalista 5.14* eru algengustu samsetningar með *bleikur* (tíðni yfir 1.000 dæmi úr málheildum og textasöfnum).

sjóbleikja	1.580	bleikjueldi	1.406	bleikjuveiði	1.150
Bleikjukvísl	1.087	ljósbleikur	1.062	nábleikur	1.006

Orðalisti 5.14: Samsetningar með *bleikur*, tíðni yfir 1.000

Algengustu samsetningar með *bleikur* í *Orðalista 5.14* eru flestar tengdar bleikjunni (*Salvelinus alpinus*) en hér er einnig orðið *nábleikur* (1.006 dæmi) sem greinilega vísar í dauðafölva fremur en ljósan roða. Í *Dæmi 5.20* eru elsta (5.20a) og yngsta (5.20b) dæmi um nábleikur af *Tímarit.is*: Gísli Brynjúlfsson og Jón Thoroddsen 1848–1849 og Gísli Einarsson, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Magnús Magnússon 1998–2020.

5.20	a. [...] þegar loksins mók ætlaði að fara að síga á mig, gægðist túnglið nábleikt fram undan nyrðri skarðsbrúninni [...]. (NF.1.1.24)
	b. Náhvítur rís ég úr rekkju. Kaffibrúna húðin hrunin af mér. Ég horfi á nábleikt nef mitt í speglinum á meðan ég bursta tennur sem eru jafn hvítar og húðin á fingrunum sem heldur um burstann. (SKH.20.31.4)

Setningarnar í *Dæmi 5.20* eru ritaðar með yfir 150 ára millibili og líklegt að á

tíma hins fyrra (1848) hafi orðið *bleikur* ekki fengið hina ljósrauðu merkingu (sbr. *Kaflí 3.1.2* og *Kaflí 3.2.2*). Hins vegar er greinilegt að í þeirri seinni (2017) er merking *nábleikur* ‘fölnur eins og lík’. Orðið *bleikur* og samsetningar með því eru því enn notaðar með fölvamerkingunni í völdum samhengjum.

Í *Orðalista 5.15* (bls. 234) eru samsetningar af næsta tíðniflokki (tíðni 100–999 dæmi úr málheildum og textasöfnum). Þar eru aftur áberandi samsetningar með nafnorðinu *bleikja* en orð sem eru algeng í notkun eru yfirleitt almenn í samsetningum þegar merkimiðar fyrir tengd hugtök safnast saman; svo sem *bleikja* > *bleikjustofn*, *bleikjuseiði*, *bleikjuflak* og svo framvegis.

fölbleikur	927	bleikrauður	879	skærbleikur	678
rauðbleikur	675	bleikálóttur	658	bleikiefni	502
óbleiktur	435	gulbleikur	349	laxableikur	333
bleikjustofn	307	fagurbleikur	262	Bleiksá	260
dökkbleikur	251	bleikjuseiði	222	grábleikur	185
bleikskjóttur	184	bleikfölnur	173	rósbleikur	173
bleiklax	166	bleikblesóttur	162	bleikleitur	156
Íslandsbleikja	148	bleikjuá	140	bleikjuafbrigði	127
bleikgulur	124	Bleiksmýri	116	bleikjuflak	103

Orðalisti 5.15: Samsetningar með *bleikur*, tíðni 100–999

Í *Orðalista 5.15* eru einnig samsetningar sem hafa greinileg tengsl við fölvamerkingu *bleikur*. Annars vegar *bleikiefni* og *óbleiktur* sem bera merkinguna ‘að lýsa e-ð upp’ og hins vegar *bleikálóttur* og *bleikskjóttur*. Hið fyrra er vísun í ákveðna meðferð á vefnað og öðrum efnum en hið seinna eru vísanir í ljósan hestalit. Hvort tveggja er þó dæmi um að eldri merking orðs festist í ákveðnum samhengjum.

Í *Orðalista 5.16* er svo úrval samsetninga með fölvamerkingu úr næstu tveim tíðnihópum (10–99 dæmi og 2–9 dæmi).

fífilbleikur	98	silkibleikur	90	haustbleikur	84
bleikingarefni	54	ellibleikur	41	vofubleikur	36
dauðableikur	35	bleikiduft	34	bleikiklór	34
bleikivatn	32	helbleikur	30	líkbleikur	29
dauðbleikur	27	banableikur	24	sinubleikur	21
móbleikur	20	bleikhár	18	lokkableikur	10
bleikháfur	7	hungurbleikur	5	vökubleikur	4
óttableikur	3	bastbleikur	2	bleikfura	2
bókfræðslubleikur	2	feigðarbleikur	2	hélubleikur	2

Orðalisti 5.16: Samsetningar með *bleikur* ‘fölví’

Í *Orðalista 5.15* eru þó einnig samsetningar sem greinilega vísa í hina nýju merkingu, svo sem *skærbleikur*, *fagurbleikur* og *dökkbleikur* sem vísa í bleikan lit af ákveðnum tegundum. Ólíklegt er að einhver geti til dæmis verið skærfölur eða dökkfölur og því líklegast að um sé að ræða vísun í ljósrauðan/-bláan lit, fremur en fölva.

Margar af þessum samsetningum í *Orðalista 5.16* eru helst notaðar í skáldlegum samhengjum en það breytir því ekki að þessi fölvamerking orðsins *bleikur* er ennþá til staðar í máltilfinningu að minnsta kosti hluta málhafa.

Hvað er þá vænlegast í þessari stöðu að segja um merkingu orðsins *bleikur*? Er um að ræða eitt orð sem hefur merkinguna ‘fölvur eða ljósrauður’ eða hefur orðið tvær aðskildar merkingar ‘fölvur’ og ‘ljósrauður’? Hvað hefur það að segja að önnur merkingin er að deyja út? Enn eimir eftir af eldri merkingum annarra orða líka, samanber *hrafnblár* og *eggjarauða*. Hvaða áhrif hafa þessar minjar á merkingarsvið orðanna í nútímanotkun? Eins er hægt að spyrja hvort nýtt orð verði til þegar samsetningar flytjast úr flokki samsetninga yfir í flokk orða sem eru eitt les, eins og virðist vera að gerast með *fjólublár* og *appelsínugulur*.

5.3.10 Samstyttingar (*fjólublár*)

Staða orðsins *fjólublár* (sem og *appelsínugulur*) í íslenska litaorðaforðanum hefur verið rædd sérstaklega í þessari umfjöllun (sjá *Kafla 2.2.2* og *Kafla 4.3*). Annað

hvort er hægt að líta á þetta orð sem samsetningu gerða úr tveim lesum þar sem merkingin er heild hlutanna (sbr. *hesthús* ‘hús fyrir hest’) eða sem eitt les og þá hefur merking orðhlutanna bráðnað saman í einhverja vísun sem ekki er hægt að ráða af hlutunum (sbr. *akkilesarhæll* ‘galli, veikleiki’). Munurinn þar á milli er þó ekki alltaf sjáanlegur og helst að skoða vísbendingar í notkun orðanna til að skera úr um það hvort er. Í þessari athugun koma fram sérstakar samsetningar sem líta út fyrir að vera sambland af hvoru tveggja þar sem málhafar virðast nota fyrri hluta samsetninganna *fjólublár* og *appelsínugulur* til þess að standa fyrir allt orðið í samsetningum með öðrum orðum, til dæmis *fjólugrár* í stað *fjólublágrár*. Mun höfundur hér eftir nýta sér þessa aðferð og kalla þessar samsetningastyttingar samstyttingar.

Samsetningar með *fjólublár* eru örfáar miðað við hin litaheitin. Í *Orðalista 5.17* (bls. 237) eru allar samsetningar með *fjólublár*. Samsetningar með *fjólublár* eru ekki margar en hins vegar eru þær algengustu nokkuð svipaðar hinum algengustu með hinum litaheitunum: *dökkfjólublár* og *ljósfjólublár* (sbr. t.d. *ljósblár* og *dökkrauður*) og *rauðfjólublár* og *bláfjólublár* (sbr. t.d. *rauðgulur* og *blárauður*). Mörg þeirra einkenna sem hafa verið rædd í undanfarandi köflum koma hér einnig fram, svo sem innvortis beygingar (*plómufjólublár*, *æðahnútafjólublár*, á móti *kameljón-fjólublár*, *rósfjólublár*); hefðbundin orðaforðadreifing (einungis þrjár samsetninganna hafa tíðni yfir 100 en fimmtán hafa tíðni 1); og stór hluti staðfesta merkingartengsla, *Tafla 5.21* (bls. 237).

dökkfjólublár	358	ljósfjólublár	249	rauðfjólublár	166
djúpfjólublár	57	fjólublámi	35	gráfjólublár	19
bláfjólublár	15	dimmfjólublár	13	skærfjólublár	13
bleikfjólublár	11	fölfjólublár	6	sterkfjólublár	6
lillafjólublár	5	svarfjólublár	5	fjólublábeltingur	4
grænfjólublár	4	brúnfjólublár	3	dauffjólublár	3
pastelfjólublár	3	svartfjólublár	3	Justin Bieber-fjólublár	2
fjólublábrúnn	2	fjólubláleitur	2	innfjólublár	2
kóngafjólublár	2	plómufjólublár	2	silki-fjólublár	2
æðahnútafjólublár	1	alfjólublár	1	Díselfjólublár	1
fagurfjólublár	1	fjólublámast	1	fjólublámengaður	1
fjólubláskjóttur	1	fjólublá-svartur	1	Gucci-fjólublár	1
heiðfjólublár	1	hvítfjólublár	1	kameljón-fjólublár	1
rósfjólublár	1	silfur-fjólublár	1		

Orðalisti 5.17: Samsetningar með *fjólublár*

Áhugavert er að fjórar algengustu samsetningategundirnar (með þrjú dæmi hver) eru litaskilgreiningar samkvæmt metnun (*dökk-*, *djúp-*, *skær-*), öðrum lit (*rauð-*, *grá-*, *-brúnn*), hlut sem ber lit (*plómu-*, *æðahnúta-*, *rós-*) og menningartengslum (*Justin Bieber*, *Dísel*, *Gucci*), *Tafla 5.21*.

Tengsl	Samsetning
metnun	<i>dökkfjólublár</i> , <i>djúpfjólublár</i> , <i>skærfjólublár</i>
litur	<i>rauðfjólublár</i> , <i>gráfjólublár</i> , <i>fjólublábrúnn</i>
hlutur	<i>plómufjólublár</i> , <i>æðahnútafjólublár</i> , <i>rósfjólublár</i>
nálgun	<i>fjólubláleitur</i> , <i>fjólublámengaður</i>
tegund	<i>fjólublábeltingur</i>
mynstur	<i>fjólubláskjóttur</i>
yfirborð	<i>alfjólublár</i>
menning	<i>Justin Bieber-fjólublár</i> , <i>Díselfjólublár</i> , <i>Gucci-fjólublár</i>

Tafla 5.21: Orðahlutatengsl í samsetningum með *fjólublár*

Þessar fjórar tegundir samsetninga eru greinilega mikilvægar þegar kemur að litaskilgreiningum því þær eru áberandi með öllum litaheitunum. Jafnvel með *appelsínugulur*, sem hefur fæstar samsetningar af öllum og þar af leiðandi fæstar tegundir af menningartengslum, eru nærri einungis þessar tegundir af

samsetningum nýttar enn sem komið er (sjá *Orðalista 5.18*, bls. 242).

Þrátt fyrir fáar samsetningar og lága tíðni virðist hegðun *fjólublár* því vera nokkuð hefðbundin, fyrir utan áður nefndar samstyttingar. Þær koma einnig fram með *applesínugulur* en eru ekki mjög margar svo farið verður einnig yfir þær í þessum kafla. Í staðinn fyrir að nota *fjólublá-* og *appelsínugul-* sem forliði í samsetningum eru notaðar styttingarnar *fjólú-* og *appelsínu-* í þessum samsetningum.

Eins og með aðrar samsetningategundir er oft erfitt að ákveða nákvæmlega í hvaða flokk skal setja samsetningu, en hér verða tiltekin nokkur dæmi sem gefa í skyn að eitthvað meira sé í gangi heldur en einföld samsetning hlutar og litaheitis á borð við *snjóhvítur* eða *blóðrauður*. Fyrst er *fjólurauður*, *Dæmi 5.21*.

- 5.21 a. [...] fjörugrös sem eru lítil og **fjólurauð** að lit, en þau vaxa í pollum í grýttum fjörum sunnan lands og vestan (MBL.87.181D.3)
- b. Um hásumarið og frameftir hausti er hansarósinn drottning beðsins með fylltum **fjólurauðum** blómum, en hún fellir fljótt lauf. (MBL.87.241.59)
- c. Náungi að nafni Langdon Parks ákvað að taka aðra vídd inn í þessar pælingar og bjó til **fjólurauða** kynhneigðarskalann, sem fólk virðist vera nokkuð hrifið af. (DVis.31.5.2016)

Í *Dæmi 5.21* er fyrst fjallað um fjörugrös (*Chondrus crispus*, 5.21a) en það er þarategund sem er djúprauð á litinn með örlitlum bláum keim og því næst hansarós (*Rosa rugosa*, 5.21b) en hún er öllu ljósari en fjörugrösinn. Á *Ingibjörg.is* er henni lýst sem bleikfjólublárri. Að lokum er alls óskýlt fyrirbæri, kynhneigð (5.21c), en á ensku er fjólurauði kynhneigðarskalinn *the purple-red scale of attraction*.

Næst er *fjólugulur*, *Dæmi 5.22*.

- 5.22 Ef einhver heldur því fram að hlutur sé **fjólugulur** (gulur með fjólubláum blæ) á litinn hlýtur viðkomandi að segja ósatt. (VV.ekkert.8.9.2002)

Samsetningin *fjólugulur* kemur fram fimm sinnum sem dæmi í svari við spurningunni „Hvernig er ekkert á litinn?“ á *Vísindavefnum*, þar á meðal *Dæmi 5.22*. Þar er merking samsetningarinnar *fjólugulur* hreinlega skilgreint sem ‘gulur með fjólubláum blæ’ og forskeytið *fjólú-* því greinilega túlkað sem *fjólublá-*.

Þriðja er *fjólugrænn*, *Dæmi 5.23*.

5.23 [...] ber þá á góma ýmsa stórmerkilega litatóna á borð við **fjólugrænan**, sem svo sannarlega sé til. (MBL.100.209L.7)

Í *Dæmi 5.22* er annars vegar um að ræða lit sem ólíkt fjólugulur er ekki raunverulegur fjólulitur. Hins vegar er lögð áhersla á það þetta litbrigði sé sannarlega til sem bendir til þess að það sé hugsað sem litablanda fjólublás og græns en ekki par af litum eins og til dæmis gildir oftast um notkun litaorða sem ekki eiga landamæri saman eins og til dæmis *rauðgrænn* eða *blágulur*.

Næst er *fjólubrúnn*, *Dæmi 5.24*, af *Wikipedia – Frjálsa alfræðiritið 2001–2020* (hér eftir WP.titill).

5.24 Á hvítu hliðinni eru 20 frekar flatar rákir en á **fjólubrúnu** hliðinni eru 20 grófar rákir. (WP.japonsk.horpuskel)

Í *Dæmi 5.24* er átt við Japanska hörpuskel (*Patinopecten yessoensis*) sem er með ljósgulbrúnar og mattar fjólubláleitar rendur. Mögulega er um að ræða samsetningu sem á meira skylt við *rauðgrænn* (rauður og grænn saman en ekki blanda litanna tveggja) en það breytir því ekki að *fjólú-* er látið nægja til að standa fyrir *fjólublá-*.

Næst er *fjólugrár*, *Dæmi 5.25*.

5.25 Sjónvarpsstjarnan hefur litað hárið á sér í sérstökum **fjólugráum** lit í nokkurn tíma. (VIS.19.12.2012)

Í *Dæmi 5.25* er átt við Kelly Osborne, dóttur Ozzys nokkurs, en hún skartaði um langa hríð háralit sem kenna mætti við lofnarblóm (*Lavandula*) en með gráum undirtóni.

Samsetningin *fjólubleikur* kemur oftast fyrir í umfjöllunum um snyrtivörur, *Dæmi 5.26* (bls. 240).

- 5.26 a. [...] greindi blaðamönnum frá því að merkasti eðalsteinninn á uppboðinu væri 10,09 karata demantur sem nefndist *Fancy Vivid*, **fjólubleikur** að lit. (RUV.11.4.2011)
- b. **Fjólubleikur** og flottur [varalitur]. (DV)
- c. [...] með sölu á Viva Glam-varalitinum, en sú lína samanstendur af sex litum, allt frá sígildum rauðum að **fjólubleikum**. (VIS.3.12.2099)

Í fyrsta dæminu (5.26a) er um að ræða demant sem boðinn var upp hjá uppöðshaldaranum Christie's en *Fancy Vivid* er tegund demants, sú sem hefur bjartastan lit (mestu mettun). Þeim demöntum sem falla undir *bleikur* er til dæmis lýst sem *pink* 'bleikur' eða *purplish-pink* 'fjólublá-bleikur'. Demöntum er yfirleitt ekki lýst sem fjólubláum en þeir geta haft fjólubláan blæ; „ólíkt flestum bleikum demöntum, sem hafa fjólubláa, appelsínugula eða gráa tóna, sýnir [*The Martian Pink*] engin merki neins aukalitar.“ (Christie's án árs).

Hin tvö dæmin um *fjólubleikur* í 5.26 eru bæði úr lýsingum á varalit. Þeir eru báðir frá snyrtivörufyrirtækinu MAC, annars vegar úr línu sem kennd var við Dame Ednu Everage (5.26b) og hins vegar úr línu sem heitir *Viva Glam* (5.26c). Ekki finnast upplýsingar um Everage línuna á heimasíðu MAC en á *Temptalia.com* er litnum lýst sem *matte mid-tone blue pink* eða 'mattur milliblábleikur' (Christine 2009). Samkvæmt heimasíðu MAC heita litirnir í *Viva Glam* línunni meðal annars *creamy subdued pinkish-beige mauve* 'rjómakenndur mildur bleikleit-beis ljósfjólublár', *neutral pink with pearl* 'hlutlaus bleikur með perlu', *terracotta-plum with pearl* 'rauðbrún-plóma með perlu', *muted brownish-plum* 'tempruð brúnleit-plóma' og *intense brownish blue-red* 'ákafur brúnleitur blá-rauður' sem sýnir vel leikgleðina sem ríkir í litanafngiftum (Cosmetics 2020).

Slíkar myndanir sem virðast nýta helming samsetningar sem forlið nýrrar samsetningar koma einnig fram með *appelsínugulur*. Fyrst ber að nefna samsetninguna *appelsínublár*, *Dæmi 5.27*.

- 5.27 Sem svör við því má nefna fjólugulan, **appelsínubláan** og rauðgrænan. (VV.ekkert.8.9.2002)

Dæmi 5.27 er úr sama texta og *fjólugulur* (5.22). Hér er um að ræða dæmi um liti sem ekki geta verið til, það er maður myndi ekki skilgreina lit sem blöndu af gulum og bláum á sama hátt og rauðgulur getur verið blanda af rauðum og

gulum. Því er *appelsínu*-forliðurinn hér líklegast túlkaður á sama hátt og *ffólu*- í þessu samhengi. Það er að segja sem vísun í litinn appelsínugulur en ekki hlutinn appelsína. Það væri einnig undarlegt að tala um „bláa appelsínu“ sem dæmi um lit fremur en hlut.

Næst er *appelsínubrúnn*, *Dæmi 5.28*.

5.28 Sprotarnir eru **appelsínubrúnir** með gisinni hæringu. (WP.burstagreni)

Í *Dæmi 5.28* af *Wikipedíu* er fjallað um burstagreni (*Picea koyame*) en í ensku útgáfu þeirrar greinar segir: „The shoots are orange-brown, with scattered pubescence.“ Þannig að *appelsínubrúnn* er mögulega þýðing á samsetningu sem í raun er *appelsínugulbrúnn*, samkvæmt nútímamáli.

Síðast er svo *appelsínubleikur*, *Dæmi 5.29*.

5.29 Upphaldslitir? Erfitt. Það fer eftir því í hvað á að nota litinn, búninginn, umhverfið eða annað. Svona litir sem ekki er hægt að lýsa með orðum því þeir eiga ekkert ákveðið nafn... skærbleikur sem blandast við rauðvinsbleikan og svolítinn **appelsínubleikan** og ögn af fölapríkósu og enn smærri ögn af hvítgulum. (MBLis.6.8.2011)

Auk samsetningarinnar *appelsínubleikur*, sem myndi líklegast skilgreinast sem ‘blanda af appelsínugulum og bleikum’fremur en ‘bleikur eins og appelsína’, sést einnig í *Dæmi 5.29* greinilega hversu erfitt fólk getur átt með það að ákveða lýsingarorð fyrir lit.

Vegna stöðu sinnar í samhengi EoSS rannsóknarinnar og rannsóknum þeim tengdum (sjá t.d. *Kafla 2.2.2* og *Kafla 4.3*) eru orðin *ffólublár* og *appelsínugulur* einu samsettu litaheitin sem sérstaklega er fjallað um hér í sambandi við fastsett litaheiti sem hafa traustan kjarna og ákveðna dreifingu, sem og að merking þeirra er ekki ráðanleg út frá orðinu sjálfu. Hins vegar vekur sú athugun upp ýmsar spurningar varðandi önnur samsett litaorð sem hafa háa tíðni, líkt og *ffólublár* og *appelsínugulur*, eins og *kolsvartur*, *mjallhvítur* og *vínrauður*. Er hægt að sjá hjá þeim svipaða dreifingu, til dæmis hvað varðar tíðni og frjósemi í samsetningum?

5.3.11 *Tíðni, frjósemi, og les (appelsínugulur)*

Eins og minnst hefur verið á hér að framan helst tíðni að einhverju leyti í hendur við nærtækni og þar af leiðandi frjósemi (sjá t.d. *Kafla 3.1.2*). Þau orð sem hafa stöðugri merkingu eiga auðveldara með að ganga í samband við önnur þegar tákna þarf ný hugtök. Einnig er hægt að skoða þær töflur sem settar hafa verið fram í undanfarnandi köflum. Sem dæmi má nefna að fjöldi samsetninga með *svartur* með tíðni yfir 1.000 er þrjátíu og sex en með *bleikur* einungis sex. Engar samsetningar með *fjólublár* (*Orðalisti 5.17*) eða *appelsínugulur* hafa tíðni yfir 1.000 en í *Orðalista 5.18* eru allar samsetningar með *appelsínugulur*.

skærappelsínugulur	52	rauðappelsínugulur	19
dökkappelsínugulur	16	djúpfjólublár	10
appelsínugulklæddur	7	ljósappelsínugulur	7
neonappelsínugulur	7	djúpappelsínugulur	6
koparappelsínugulur	6	bleikappelsínugulur	4
brúnappelsínugulur	4	fagurappelsínugulur	4
fölapfelsínugulur	3	sterkappelsínugulur	3
appelsínugulubrúnn	2	appelsínugulleitur	2
appelsínugulrauður	2	appelsínugulrót	2
gullappelsínugulur	2	klementínu-appelsínugulur	2
jafnappelsínugulur	1	léttappelsínugulur	1
rústappelsínugulur	1	tangerine-appelsínugulur	1

Orðalisti 5.18: Samsetningar með *appelsínugulur*

Hæsta tíðni samsetningar með *appelsínugulur* í *Orðalista 5.18* er 52 fyrir *skærappelsínugulur*, sem er ekki há tíðni. Eins og minnst var á í kaflanum hér á undan er stór hluti þeirra fáu samsetninga sem fundust með *appelsínugulur* af þeim gerðum sem skilgreina lit: metton (*skærappelsínugulur*, *dökkappelsínugulur*, *neonappelsínugulur*), litir (*rauðappelsínugulur*, *bleikappelsínugulur*, *appelsínugulubrúnn*) og hlutir (*koparappelsínugulur*, *gullappelsínugulur*).

Tíðni orðanna *appelsínugulur* og *fjólublár* er ekki há miðað við önnur grunnlitaheiti. Til dæmis finnast 558.000 dæmi um *rauður* í málheildunum og 83.388 dæmi um *blár*. En hvað með aðrar samsetningar? Í *Orðalista 5.19* eru algengustu

hlutasamsetningar (tíðni yfir 5.000) og má þar sjá *appelsínugulur* og *fjólublár* tróna ofarlega.

kolsvartur	23.016	fjólublár	14.426	appelsínugulur	11.677
vínrauður	9.050	mjallhvítur	8.753	eldrauður	7.833
silfurgrár	7.090	mórauður	6.921		

Orðalisti 5.19: Algengustu hlutasamsetningar, Tíðni yfir 5.000

Þrátt fyrir að *fjólublár* og *appelsínugulur* séu nærri algengust af þessum samsetningum, einungis *kolsvartur* er algengari, eru nokkur önnur sem hafa einnig háa tíðni, þar af þrjú með *rauður*: *vínrauður*, *eldrauður* og *mórauður*.

Með tilliti til þeirra niðurstaðna sem fengist hafa varðandi *fjólublár* og *appelsínugulur* er áhugavert að athuga dreifingu þessara orða örlítið til dæmis með tilliti til frekari samsetninga (sbr. *Kafla 5.4.5*). Strax verður ljóst að margar þessar samsetningar eru af einhverjum öðrum toga heldur en *fjólublár* og *appelsínugulur*.

Nærri allar samsetningar með *kolsvartur* eru tvöfaldar áherslur: *kolsvartamyrrkur*, *kolsvartabylur*, *kolsvartaffjúk*, *kolsvarteygur* og síðan *jafnkolsvartur*, sem er í raun ekki ný útfærsla eða afbrigði litahugtaksins heldur einungis staðhæfing þess efnis að eitthvað sé kolsvart til jafns við eitthvað annað.

Flestar þeirra samsetninga sem eru í *Orðalista 5.19* eru ekki mikið fjölhæfari en *kolsvartur*. Engar samsetningar finnast með *mjallhvítur*, einungis með *Mjallhvít*, svo sem *Mjallhvítarepli* og *Mjallhvítarsaga*. Tvær samsetningar finnast með *eldrauður*: *eldrauðhærður* og *eldrauðbleikur*; og þrjár með *silfurgrár*: *silfurgráhærður*, *hvítsilfurgrár* og *dökksilfurgrár*.

Þrátt fyrir að þessar orðmyndir séu ekki margar má sjá í þeim kunnugleg stef; áherslumerkingar (*kolsvartamyrrkur*), afleiðslur (*Mjallhvít*), lýsingar (*eldrauðhærður*) og tengsl við aðra liti (*hvítsilfurgrár*) og mettun (*dökksilfurgrár*). Þegar þau tvö sem eftir eru af *Orðalista 5.19*, *vínrauður* og *mórauður*, koma lita- og mettunartengingar greinilega fram, auk hluta- og menningartengsla litaheita-anna. Þau hafa einnig örlítið fleiri samsetningar heldur en hinar þó þau séu ekki algengust af þeim litaheitum sem þar eru.

Í *Töflu 5.22* má sjá samsetningar með *vínrauður*. Ef *fjólú-vínrauður* er túlkaður sem ‘vínrauður eins og fjóla’ eru hér, auk nálgunar (*vínrauðlitur*), fjórar tegundir litasamsetninga: mettun, litur, hlutur og menning. Þó er jafn líklegt að *fjólú-*

vínrauður sé *fjólublá-vínrauður*, samanber *Kafla 5.3.10*.

Tengsl	samsetning
Litur skilgreindur útfrá mettun	<i>dökkvínrauður, djúpvínrauður, svarvínrauður, ljósvínrauður</i>
Litur skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>vínrauðbrúnn, bleikvínrauður</i>
Litur skilgreindur útfrá hlut	<i>fjólú-vínrauður</i>
Litur, nálgun	<i>vínrauðlitur</i>
Litur skilgreindur útfrá menningarfyribæri	<i>Mozartkúlúvínrauður</i>

Tafla 5.22: Tengslategundir orðhluta í samsetningum með *vínrauður*

Það er hins vegar orðið með lægstu tíðnina í þessum lista, *mórauður*, sem hefur vinninginn í fjölda samsetninga, *Tafla 5.23*.

Tengsl	samsetningar
Litur skilgreindur útfrá mettun	<i>dökkmórauður, ljósmórauður</i>
Litur skilgreindur útfrá öðrum lit	<i>blámórauður, grámórauður, gulmórauður, grænmórauður, hvítmórauður, rauðmórauður</i>
Litur skilgreindur útfrá hlut	<i>kolmórauður, leirmórauður, öskumórauður, fjólumórauður, karmósín-mórauður, kaffimórauður, kanelmórauður, skolmórauður, sótmórauður</i>
Litur, nálgun	<i>óvenjumórauður</i>
Tegund, sérnafn	<i>Mórauðavatn, Mórauðuhnjúkar</i>
Yfirborðslitur	<i>samviskumórauður, almórauður</i>
Tegund með óræðum lit	<i>sauðmórauður</i>

Tafla 5.23: Tengslategundir samsetninga með *mórauður*

Greinilegt er á *Töflu 5.23* að í hlutasamsetningunum er mór ekki í forgrunni, þar sem liturinn *mórauður* er kenndur við jafn ólíka hluti og leir, kaffi, kanel og sót. Greinilegt er einnig að þessi litur hefur einhverjar huglægar tengingar (sjá *Kafla 5.3.6*). Samsetningin *samviskumórauður* hefur svo greinilega neikvæða merkingu, eins og sést í *Dæmi 5.30* (úr *NT 1984–1985*, hér eftir *NT.árg.tbl.bls*, og alþingisræðu frá 1994) enda orðið *mórauður* til dæmis oft notað til þess að lýsa kolgruggugum jökulám.

- 5.30 a. Frelsi er fallett orð og því þykir **samviskumórauðum** mönnum hæfa að nota það til að skreyta vafasöm baráttumál [...] (NT.69?.106.7)
- b. [...] en hann hefur ekki verið neitt **samviskumórauður** af því að samþykkja þessar álögur á þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu. (ALP.7.12.1994)

Í báðum þessum dæmunum í 5.30 er greinilegt að það er ekki jákvæður hlutur að vera samviskumórauður en alls finnast ellefu dæmi um þessa samsetningu í málheildunum, hið elsta frá 1873 en hið yngsta frá 1994. Þó þessi samsetning sé ekki algeng hefur hún greinilega haldið velli í nokkuð langan tíma og safnað samsetningum af ýmsum gerðum.

Það er því ljóst að athugun á hegðun orða er í þessu samhengi samsetninga tveggja eða fleiri hugtaka eða orða ekki heldur eins einföld og *hlutur+litaheiti = litur hlutar*. Til dæmis er merking orðanna *kolsvartur* og *mjallhvítur* greinilega ekki sama eðlis og orðanna *vínrauður* og *mórauður*. En er þá hægt að halda því fram að *mórauður* sé grunnlitaheiti á grundvelli þess hversu algengt það er og samböndum þess við önnur hugtök? Eitt og sér hefur orðið ekki sömu tíðni og *appelsínugulur* en nærri jafn margar samsetningar. Mögulega er hægt að færa rök fyrir því enda ekkert sem segir að þau geti ekki verið fleiri en þau ellefu sem B&K skilgreindu. Það er þó greinilegt að málsaga, merkingarþróun og notkun málhafa hefur búið til mun fleiri samsett litaorð sem verða að teljast eitt les heldur en bara *fjólublár* og *appelsínugulur*, hvort sem þau svo reiknast til grunnlitaheita eða aukheita.

Eitt af því sem telja má til vísbendinga um lesstöðu samsetningar er fjöldi flóknari samsetninga með henni. Flest hinna samsettu aukheita hafa einungis einstaka flóknari form: *fjóludökkblár*, *djúp-blásvartur*, *dökkmosagrænn*, *fölgiminblár*, *móbrúnleitur*, *bláhvítalogn*, *gljádökkgrænn*, *karamelludökkbrúnn*. Ef grunnsamsetningarnar væru grunnlitaheiti væri *djúp-blásvartur* sambærilegt við *djúpblár*, *dökkmosagrænn* sambærilegt við *dökkgrænn* og svo framvegis.

Sumar samsetningar með litaheitum virðast hafa meiri möguleika til að mynda frekari samsetningar heldur en aðrar, annað hvort vegna þess þær eru eldri og hafa því haft fleiri tækifæri til þess að taka þátt í merkingarbyggingum málhafanna eða vegna þess að merking þeirra er þess eðlis að frekari samsetningar liggja vel við, samanber til dæmis *kolsvartur* á móti *mórauður*. Í *Töflu 5.24* eru nokkrar

samsetningar í viðbót, með *rauðbrúnn* og *blágrænn*.

<i>ljósrauðbrúnn</i>	<i>ljósblágrænn</i>
<i>dökkrauðbrúnn</i>	<i>dökkblágrænn</i>
<i>rauðbrúnleitir</i>	<i>blágrænleitir</i>
<i>föl-rauðbrúnn</i>	<i>fagurblágrænn</i>
<i>ryð-rauðbrúnn</i>	<i>vax-blágrænn</i>
<i>rauðbrúnsvartur</i>	<i>grá-blágrænn</i>
<i>rauðbrúnglansandi</i>	<i>hvít-blágrænn</i>
	<i>blágræneygur</i>
	<i>blágræn-þörungur</i>

Tafla 5.24: Samanburður á samsetningum með *rauðbrúnn* og *blágrænn*

Þrátt fyrir að samsetningar með *rauðbrúnn* og *blágrænn* séu greinilega sjaldgæfari eru í þessum samsetningum enn og aftur sjáanlegar þessar gegnumgangandi litaeiginleikar sem virðast koma fram fyrst í tengingum þegar litaorð fær staðfastari merkingu: mettun (*ljós-*, *dökk-*), aðrir litir (*-svartur*, *hvít-*) og *hlutir* (*ryð-*, *vax-*). Flest þeirra samsetninga sem sýna hegðun líka því sem sést hjá orðunum *fjólublár* og *appelsínugulur* eru öll tengd grunnlitaheitinu *rauður* (*vín-rauður*, *mórauður*, *rauðbrúnn*) og hefur þar löng vera hugtaksins [RAUÐUR] í almennri vitund málfarfanna mögulega eitthvað með það að gera. Það er að þegar upprunalegt merkingarsvið *rauður* (sem verður til mjög snemma í þróun litahugtakanna) byrjar að klofna niður í smærri sérskilgreind svæði nýta málfarfar tengingar við hugmyndina um [RAUÐUR] til þess að merkja þau. Þannig fylgja þessi hugtök og merkimiðar þeirra málsögunni og safna sér í klasa af málfræði- og dreifingarlegum einkennum, á meðan orð sem koma inn í málið tiltölulega seint (miðað við það málstig sem verið er að rannsaka) eru öllu fátækari af merkingarlegum og málfræðilegum tengslum.

5.3.12 Söguleg virkni og tökuorð (ósamsett aukheiti)

Í byrjun þessa kafla var fjallað örstutt um breytingar á litaorðaforða, aðallega varðandi hvarf ósamsettra litaorða, annað hvort úr almennri notkun (eins og *jarpur*) eða úr málinu alveg (líkt og *höss*). Ósamsett litaheiti eru þó nokkur til í íslensku nútímamáli en fyrir utan þau sem þegar hefur verið fjallað um eru þau öll tökuorð: *lilla*, *beis*, *órans*, *túrkis* og *drapp*. Það sem þessi tökuorð eiga sameiginlegt og skilur þau frá öllum þeim litaheitum sem fjallað hefur verið um hingað til er að þau beygjast ekki, fyrir utan að sum þeirra finnast með endingunni *-aður*. Það er ending sem samsvarar lýsingarhætti þátíðar en sagnarmyndir eru ekki til: *lillaður* **að lilla*, *beisaður* **að beisa*, *drappaður* **að drappa*. Mörg önnur tökuorð beygjast, til dæmis *appelsína*, *kanó*, *pía*, *raketta* og *prósent*. Þegar litið er hins vegar til annarra lýsingarorða sem eru tökuorð kemur í ljós að þau beygjast ekki heldur fremur en litaorðin: *kúl*, *feik*, *töff*, og *leim*. Þau taka einnig einungis áðurnefnda *-aður* endingu (*kúlaður* ‘svalur’ **að kúla*) og sum eru einungis til í þeirri mynd, svo sem *hellaður* ‘í rusli; svakalegur’. Orðflokkur virðist hér ráða nokkru því sem dæmi má nefna að tökuorðið *stöff* (e. *stuff* ‘dót; efni’) beygist en *töff* (e. *tough* ‘harður’) ekki. Þannig endum við með setningar á borð við *það er töff stöff í þessari búð*, á móti *það er fullt af töff stöffi í búðinni*.

Tökuorðin eru þó nýtt í samsetningum, svo sem *lillableikur*, *lillablár*, *ljóslilla*, *dökkllilla*; *beisgrár*, *beislitaður*; *óransrauður*, *óransgulur*, *óransbleikur*, *óranslitaður*; *túrkisblár*, *túrkisgrænn*, *túrkislitaður*, *ljóstúrkislitaður*, *dökktúrkisblár*; *drapplit-aður*, *ljósdrappaður* og aðallega með þessum algengustu ákvæðum: *mettun* og *öðrum litum*. Hér er greinilega einhver munur á því hver þessara orða nýtast í hvernig samsetningar og er *túrkis* þar fremst í flokki því jafnvel kemur fram dæmi um *túrkisrauður*, *Dæmi 5.31*

5.31 Í öðrum verslunum fengust þær upplýsingar að vinnrautt væri mikið í tísku, *túrkisrautt*, brúnt og út í millibrúnt. (MBLis.17.112.2005)

Miðað við samhengið er í *Dæmi 5.31* líklegast um að ræða einhvern millilit milli brúns og rauðs og þá hægt að gera ráð fyrir að *túrkis-* í þessu samhengi sé nýtt sem merkimiði fyrir millistig hvaða lita sem er en ekki bara fyrir millistigið á milli [GRÆNN] og [BLÁR] eins og það er oftast notað í upprunamálinu.

Hér erum við komin á jaðar eiginlegra litaorða, það er að segja þeirra orða sem innihalda algengustu les sem tengd eru við lit, svo sem svartur og hvítur. En þó eru enn eftir aðferðir til þess að búa til orð sem vísa í ákveðin litbrigði.

5.3.13 *Litur, mynstur, og önnur sjónræn einkenni*

Hingað til hefur verið rætt um orð sem eru sérlega ætluð til þess að merkja liti, svo sem *grænn* og *ffólublár* og aðferðir til þess að vísa í ákveðin litbrigði með því að tengja við einkenni þeirra eins og *ljós* eða *skær* eða hluti í umhverfi málhafa sem hafa tiltekinn lit. Hins vegar er hægt að merkja eða vísa í liti og önnur sjónræn einkenni eins og mynstur, án þess að nefna eiginlegan lit. Þessar myndanir hafa oft sama form og hin eiginlegu litaorð, það er sem afleiðslur og samsetningar.

Til að byrja með má nefna tvo fremur augljósa seinni liði samsetninga: *-litur* og *-litaður*. Nokkrar samsetningar með þessum liðum komu fram í *Kafla 4.5*, svo sem *brókarlitur*, *ferskjulitur*, og *andlistlitaður*. Hið fyrra er í rauninni þrjár seinni liðir. Í fyrsta lagi nafnorðið *-litur* ‘litarefni’, svo sem *olíulitur*, *ullarlitur*, *smjörlitur*. Þá er ekki átt við sjónræn einkenni heldur eðli efnisins sem við er átt en eins og aðrar samsetningar sem rætt hefur verið um getur verið um að ræða mismunandi samband samsetningaliðanna. Til dæmis er *olíulitur* litarefni þar sem *olía* er undirstaða innihaldsins en *ullarlitur* er litarefni til að lita ull (sbr. t.d. *ólífuolía – barnaolía*).

Í öðru lagi er einnig til nafnorðið *-litur* en í merkingunni ‘litbrigði’, til dæmis *beinlitur*, *blóðlitur*, *blýlitur*. Þá er oftast vísað í ákveðið sjónrænt einkenni sem minnir á eitthvað annað, svo sem *blóðlitur* ‘litur blóðs’. Þessar samsetningar eru oft einnig yfirheiti yfir safn af litum eins til dæmis sumar-, vetur-, vor- og haustlitir tískuhúsa. Þá er vísað í fleiri en einn lit sem eru yfirleitt ekki þeir sömu frá ári til árs (eða degi til dags).

Í þriðja lagi er svo lýsingarorðið *-litur* ‘með lit’, eins og *brennisteinslitur*, *bronslitur* og *eirlitur*. Þá er einnig vísað í sjónrænt einkenni sem minnir á eitthvað annað til þess að lýsa hlutum. Til dæmis væru „bronslituð húsgögn“ ‘húsgögn með lit brons’. Lýsingarorð mynduð með *-litur* eru einnig oft merkingar á fjölda lita eða þekju, svo sem *einlitur*, *þrílitur*, *marglitur* og *háflitur*. Eins og nafnorðið vísa þessar myndanir þá til fleiri en eins litar (eða mismunandi þekju) sem ekki

eru endilega eins í hverju tilfalli. Tvílit kind er til dæmis að öllum líkindum ekki í sömu litum og tvílitur bíll.

Ekki er einungis erfitt að greina á milli þessara þriggja merkinga seinni liðarins *-litur*, heldur er mjög oft til að minnsta kosti báðar seinni gerðirnar, samanber *Dæmi 5.32*.

- 5.32
- a. Svart og hvítt, í bland við túrkisblátt, sítrónugult og dempaðan **fjólu-lit**, réðu ríkjum á pöllunum hjá Saab í þetta sinn. (MBLis.9.3.2013)
 - b. Vínflaskan sem kremur stólana undir sér og veldur flóði með **fjólu-litum** vökva sínum er aðeins ein af birtingarmyndurm Babelturnsins [...] (VV.86.256.37)
 - c. Litir borgarinnar eru svartur og **gulllitur**, sem eru litir gamla ríkisins. (WP.munchen)
 - d. En hvað sem öllu þessu leið lá svartur sími á rauða, útskorna rósa-borðinu og við hlið hans **gulllitur** vasi. (Vigdís Grímsdóttir 2003)
 - e. Mikill **jökullitur** er á ánni en hins vegar finnst engin jöklaflýla. (VIS .31.10.2001)
 - f. Í upptökum renna í hana efnismiklar **jökullitar** ár. (MBL.94.257.43)

Í 5.32a, 5.32c og 5.32e eru *fjólulitur*, *gulllitur* og *jökullitur* sem nafnorð, en í 5.32b, 5.32d og 5.32f sem lýsingarorð. Þegar skoðað er hvaða hlutaheiti eru notuð í þessum samsetningum (t.d. með *-litaður*) kemur í ljós að það eru í mörgum tilfellum þau sömu og í litaheitunum: *bleklitaður* – *bleksvartur*, *blóðlitaður* – *blóð-rauður*, *blýlitaður* – *blýgrár*, *brennisteinslitaður* – *brennisteinsgulur*, *bronslitaður* – *bronsbrúnn*, *drullulitaður* – *drullubrúnn*, *eldlitaður* – *eldrauður*, *gulllitaður* – *gullgulur*, *hunangslitaður* – *hunangsgulur*, *rjómalitaður* – *rjómagulur*, *ryðlitaður* – *ryðrauður* og svo framvegis (sjá *Kafla 5.4.4*).

Hinir tveir orðmyndunarliðirnir sem minnst verður á í þessum kafla eru *-leitur* ‘með útliti’ og *-óttur* ‘með einkenni’. Vegna þess að þessir liðir eru ekki beint tengdir við litbrigði eins og *-litur* og *-litaður* eru tegundir þeirra samsetninga sem hægt er að búa til mun fjölbreyttari. Margar þeirra eru algengar í lýsingum á útliti fólks, svo sem *glottuleitur*, *búlduleitur*, *grimmleitur*, *kringluleitur*, *undirleitur*, *fríðleitur*; eða mynstrum, til dæmis *doppóttur*, *flekkóttur*, *freknóttur*, *rósóttur*, *röndóttur*, *skræpóttur*. Þær samsetningar sem eru myndaðar með *-leitur* eru enn kunnuglegar: *blóðleitur*, *blýleitur*, *fjóluleitur*, *hrímleitur*, *jökulleitur*, *koparleitur*,

móleitur, rósleitur, ryðleitur, silfurleitur. Hins vegar eru margar þeirra samsetninga sem eru myndaðar með *-óttur* vísanir í litamynstur dýra fremur en eiginleg litbrigði, svo sem *baugóttur, bíldóttur, botnóttur, bröndóttur, grímóttur, grönóttur, hálsóttur, hjálmóttur, hosóttur, kápóttur, kinnóttur* og *sokkóttur*. Þó eru nokkur sem er hægt að túlka sem litaheiti: *dumbóttur, hélóttur, hrímóttur, kolóttur, moldóttur, móóttur, mósóttur, skolóttur, sótóttur* og *saffranóttur*, en hið síðasta er nokkuð óvænt viðbót við að því er virðist hefðbundin hugðarefni íslenskra málhafa við litaorðagerð, sjá *Dæmi 5.33*.

5.33 Góðan tíma fyrir sólsetur samandró sig eitt þykkt ský hér uppi yfir klaustrinu, eða brúninni fyrir ofan það, að allra sjónum, er það sáu og aðgættu, úr hverri átt sem á það var litið. Það var til að mynda sem bíldhöggvaraverk, kranz, eigi kringlóttur, heldur aflangur við, eins og tíðum er aftan á hafförum. Bungan á miðjunni var ljósblá, kvíslir, snúningar og hnettir þar með og út af kranzinum með dökkrauðum, fagurrauðum, svörtum, svartrauðum, gulum, bleikum og **saffranóttum** lit, og enn fleiri samansettum, er ég get eigi orði að komið. Fjöldi manna horfði á þetta undarlega ský eður teikn góðan tíma, þar það var á sama stað, þar til það hvarf á einu augnabliki, laust fyrir sólsetrið. (AB.4.45.8)

Í textanum í *Dæmi 5.33* eru ýmis önnur litaheiti sem eru hefðbundnari, svo sem *dökkrauður* og *gulur* og hefðu þau mögulega dugað en svo sérstakt fyrirbæri þarf líklega sérstök lýsingarorð.

Að einhverju leyti má bera saman orðliðinn *-óttur* við ensku endinguna *-ous*, samanber *mountainous* ‘fjöllóttur’, *venomous* ‘eitrauður’, *humourous* ‘fyndinn’, *porous* ‘hrufóttur’, *bileous* ‘flökurt; geðvondur’, *outrageous* ‘svívirðilegur’ en íslenski liðurinn er mun virkari. Reyndar er stór hluti þeirra lýsingarorða sem mynduð eru með *-óttur* mjög sérstakur. Orð eins og *balsköllóttur, fjölbrögðóttur, stórskrefóttur, strákóttur* og *fjaðurflipóttur* sýna glöggt hversu sveigjanlegt málið er þegar kemur að því að búa til merkimiða fyrir nýstárlegar hugmyndir og hugtök eða skapa ákveðið andrúmsloft. Hægt væri að lýsa ungri konu þannig að hún hefði rauðleitar kinnar í fölu andliti en alveg eins væri hægt að segja að kinnar hennar væru eplóttar og andlitið snæleitt. Reyndar er fjölkynngi íslenskunnar í meðförum málhafa með gott ímyndunarafli á köflum svo mikil að hægt er að

skapa nýlundu í hverju orði í stuttum texta, eins og sjá má *Dæmi 5.34* úr Baldur Hafstað o.fl. 1981–2020 (hér eftir FEY.árg.tbl.bls).

5.34 Höskuldur brask blandinn

bak manna hraktannar,
ljótyrtur grautgorti
gaur beitir saurleitur,
ljósfælinn lús elur
léttgreindur, prettreyndur,
pungþorskur þyngeyskur
þjóðkunnur hnjóðbrunnur.

(FEY.4.45.8)

Í *Dæmi 5.34* er meðal annars dæmi um orðið *saurleitur* sem vel er hægt að skilgreina sem litaheiti. Auk þessa vægast sagt kjarnyrta ljóðs er vísað til höfundarins sem Hvítsíðungs og honum er lýst sem flughagorðum og óvenjukjafsterkum. Það má liggja milli hluta hversu mörg af þessum orðum í *Dæmi 5.34* eru fyrst saman sett hér og aldrei síðan en engu að síður er ljóst að samhengi orðanna sem fjallað er um geta verið mjög sérstök.

5.3.14 *Samantekt*

Ef eitthvað hefur orðið ljóst á þessari yfirferð er það að dreifingarmöguleikar litaorða eru mjög fjölbreyttir og erfitt að sjá nokkra reglu á þeim. Ef miða á við kröfu Lucy um að merkingarflokkur orða sé málfræðilega einsleitur, það er að segja hafi greinileg sérstæð málfræðileg einkenni sem afmarki þau sem orðflokk, falla íslensk grunnlitaheiti eins og þau skilgreinast strax á nafnmyndum sínum: *svartur*, *hvítur*, *rauður*, *gulur*, *grænn*, *blár*, *brúnn*, *grár*, *bleikur*, *fjólublár*, og *appelsínugulur*.

Ofan á mismun í grunnmyndum bætast mismunandi stofn- og rótarmyndir en einungis hjá sumum þeirra – nefnilega *svartur* og *rauður* – þó önnur lýsingarorð, bæði tengd – eins og *ljós*, *dökkur* og *bjartur* – og ótengd – eins og *stór*, *smár* og *flatur* – hafi einnig slík stofnafbrigði. Hér kemur til sögunnar eðli íslensku sem

beygingamál og þær breytingar sem verða á málfræði, orðaforða, orðnotkun og merkingu í gegn um málsöguna.

Þegar allar þær breytingar sem eiga sér stað bæði á orðum og merkingu eru hafðar í huga er erfitt að hugsa sér að hægt sé að ætlast til þess að orðflokkar sem skilgreinast á merkingunni einni saman innihaldi orð sem séu eins í útliti og hegði sér eins. Þó einungis sé miðað við orð sem geta talist af íslenskum meiði er saga hvers orðs innan hópsins ólík, hvað þá þegar samsetningar og tökuorð eru tekin með (sem og samsetningar úr tökuorðum eins og *ffólublár* og *appelsínugulur*).

Jafnvel sterkir merkingarflokkar eins og til dæmis líkamshlutar innihalda orð sem eru svo að segja úr öllum áttum: *höfuð, haus, háls, öxl, armur, hönd* (er að verða *hendi* eða jafnvel *hend*), *hand-leggur, búkur, klof, löpp, fótur, fót-leggur, tá, fingur* og svo framvegis. Þar er einnig ósamræmi í merkimiðum, til dæmis heita fingurnir allir eitthvað – *þumalfingur, vísifingur, langatöng, baugfingur, litlifingur* – en einungis stóratáin er nefnd sér, þrátt fyrir að tærnar séu sambærilegir limir við fingur, að minnsta kosti í líffræðilegum skilningi.

Fyrir utan þær breytingar sem verða á orðunum sjálfum breytist merking þeirra. Sum orð eða orðliðir missa alveg merkingu sína fyrir málhöfum. Þegar þetta kemur fyrir stök orð, eins og *höss* eða *græð*, þá detta þau úr málinu og finnast einungis í gögnum frá þeim tímabilum þegar þau voru notuð. Nútímamálhafar vita ekki hvað þessi orð þýða og hafa því takmörkuð not fyrir þau. Hins vegar getur hluti merkingar samsett orðs dáíð á svipaðan hátt en vegna þess að fólk hefur enn hinn hluta orðsins getur það notast við þá merkingu. Þá fær orðið ákveðna almenna merkingu sem grundvallast á orðhlutanum sem enn er þekktur og einhverri hugmynd sem enn lifir um hvað orðið þýðir, svo sem *iðjagrænn* og *hærugrár*.

Þetta lögmál virkni og notkunar getur líka átt við orðmyndunaraðferðir sem eru virkar (hafa merkingu) á ákveðu tímabili en verða svo úreltar þegar málið breytist. Þannig finnast til dæmis nafnorðatvennur þar sem nafnorðið hefur ýmist verið myndað með *-an* (eldra) og *-un* (yngra), svo sem *fegran/fegrun* eða *hegðan/hegðun*. Orðmyndunarviðskeytið *-an* hefur ekki neina merkingu lengur fyrir málhöfum og því höfum við ekki orð eins og **megran* eða **kannan*, heldur *megrún* og *könnun*. Mörg slík dæmi sáust í umfjöllun um afleiðslur með litaorðum í *Kafla 5.2*.

Stundum deyr merking orðsins ekki heldur breytist einungis. Í þessari umfjöllun um litaorð er það grundvallarhugmynd, að minnsta kosti út frá sjónarhorni B&K sem gera ráð fyrir því að litaheiti, lýsingarorð og sérstaklega grunnlitaheiti, hin almennustu og yfirgrípsmestu litalýsingarorð, verði fyrir breytingum í gegnum málsöguna. Orðið *rauður* þýddi einu sinni miklu meira heldur en bara *blóðlit* og afbrigði hans og *grænn* var ekki bara litur grass og gróanda en eftir því sem samfélagið breyttist og málhafar fundu sér þörf til að skilgreina litrófið nánar þrengdist merking þeirra orða sem voru fyrir þegar ný hugtök urðu sterkari og heimtuðu fasta merkimiða.

Merkingarþróun veldur því að stundum nýta málhafar orð sem þegar eru til fyrir nýja merkingu. Stundum eru það orð sem hafa horfið eða nærri horfið sem eru tekin upp aftur, svo sem *lén* eða *sími*, en í öðrum tilfellum er eldri merkingin sem orðið hefur það algengt hugtak enn þá að báðar merkingar orðsins haldast áfram í almennri eða nærri almennri notkun. Greinilegt dæmi um þetta er orðið *bleikur* sem í eldri textum vísar yfirleitt í fölvu eða ljósgula og ljósbrúna liti en í dag oftast notað sem merkimiði fyrir þau litbrigði sem annars gætu kallast ljósrauð eða ljósblárauð. Það gerir það hins vegar að verkum að enn eru eftir í orðaforðanum orð eins og *nábleikur* og *tunglbleikur* sem fólk skilur ennþá sem fölvu en þá er mögulega hægt að segja að merking orðsins *bleikur* sé líka ‘fölvur’ enn í dag.

Önnur birtingarmynd merkingarbreytingar er sú breyting sem virðist hafa orðið á sumum hlutaheitum í samsetningum með litaorðum. Samsetningar eins og *heiðgrænn*, *skjannablár*, *eldgrænn* og *rykbleikur* gefa það í skyn að ákveðin merkingarhliðrun hafi átt sér stað. Í fyrri tveim orðunum, í staðinn fyrir að forliðurinn missi merkinguna, eins og gerðist með *iðjagrænn*, hefur ákveðin hliðarmerking tekið yfir. Þannig hefur *heiðblár* í merkingunni ‘blár eins og himininn’ orðið *heiðgrænn* mögulega í merkingunni ‘hreingrænn; skærgreinn’, og *skjannahvítur*, í merkingunni ‘hvítur eins og hauskúpa’, orðið *skjannablár*, mögulega í merkingunni ‘skærblár’.

Þessi merkingarflatning er enn greinilegri í seinni dæmunum tveim, þar sem *eld-* hefur orðið ‘skær/bjartur litur’ í stað ‘litur elds’ og *ryk-* er ‘daufur/móskugur litur’ fremur en ‘litur ryks’. Þessi þróun er stöðug eins og dæmi frá yngstu málhöfum um *myntublár* og *kóngabrúnn* sýna. Það sem áður teldust einstæðar merkingartengingar, eins og *myntugrænn* og *kóngablár*, eru umtúlkaðar og út-

víkkaðar. Ný merking forliðarins *myntu-* er ‘ljós, daufur litur’ en merking *kóngadökku*, djúpur litur’.

Mögulega er þessi merkingarbreyting orðhluta tengd því hversu frjósöm íslenskan er í samsetningum. Stór hluti orðaforðans og þar af leiðandi litaorðaforðans eru samsetningar búnar til úr stöðugum almennari einingum, sem mega þá mögulega vel við því að merking þeirra sé teygð og toguð í sértækari samhengjum. Mikið af þeim samsetningum sem komið hafa fram í þessum kafla (og viðaukum) eru einstakar og merking þeirra algerlega háð samhenginu sem þær birtast í.

Margar samsetningar eru líka óræðar og jafnvel ekki hægt að ákveða almennilega hver merking þeirra er þó samhengið fylgi með. Af þeim sökum er varla hægt að gera ráð fyrir að þær bæti nokkru við heildarmerkingu þeirra orða sem nýtt eru til sköpunar þessara samsetninga, enda skáldaleyfi málhafa nær ótakmarkað þegar kemur að merkingarsköpun bæði í formlegum ljóðmælum sem og í daglegu máli.

Í byrjun þessa kafla var farið yfir rannsóknarkröfur Lucy sem hann setti fram sem grundvöll merkingarlegrar rannsóknar á litaheitum. Þær voru hafðar sem útgangspunktur fyrir þessa athugun á hegðun litaorðanna í málnotkun til þess að sjá hvort hægt væri að sjá á hegðun þeirra að þau ættu saman sem málfræðilegur flokkur samkvæmt skilgreiningu Lucy.

Rannsóknarkrafa 1 (bls. 174) gerði ráð fyrir greiningu á því hvaða orð og málfræðilegu einingar eru gegnumgangandi tengdar við liti. Ekki er hægt að sjá að neinar málfræðilegar einingar séu sérstaklega tengdar við liti, nema mögulega tengsl lýsingarháttar þátíðar við tökuorð (sjá *Kafla 5.3.12*), en greinilegir aðskildir hópar koma þó fram meðal litaheitanna sjálfra sem skulu skilgreinast sem grunnur íslensks litaorðaforða, *Kennisetning 5.2* (bls. 254).

9 eins stofns heiti *svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár, og bleikur.*

Samsett heiti sem eru eitt les Þrátt fyrir samsett form sitt hafa þessi orð merkingu ekki er hægt að lesa úr orðhlutum: að minnsta kosti *fjólublár* og *appelsínugulur*.

Hópur algengra samsettra heita Samsett orð á borð við *mórauður, blágrænn, eldrauður, rauðbrúnn, vínrauður*. Þessi heiti eru mögulega eitt les en ekki er ráðrúm til að skera úr því hér.

Kennisetning 5.2: Kjarni íslensks litaorðaforða

Skiptingin sem sett er fram í *Kennisetningu 5.2* byggist aðallega á tíðni (*Kafla 5.3.12*) og möguleikum orðanna til þess að taka þátt í samsetningum af ákveðnum gerðum (*Kafla 5.3.7*). Þrátt fyrir að í langflestum þeim orðaatferlisathugunum sem gerðar hafa verið í þessum kafla (rótarafbrigði, umtúlkun, orðasambönd o.s.frv.) hafi litaheitin sýnt mjög sundurleita hegðun verður því ekki neitað að tilhneiging þeirra er að mynda samsetningar með ákveðnum hluta orðaforðans fremur en öðrum. Þetta má mögulega nýta sem málfræðilegt einkenni til skilgreiningar merkingarflokks eftir kröfum Lucy.

Rannsóknarkrafa 2 (bls. 174) gerði ráð fyrir athugun á því hverjir málfræðilegir eiginleikar þessara orða og eininga væru. Eins og flest önnur lýsingarorð taka litaheiti þátt í beygingum, afleiðslum og samsetningum. Orðið *blár* beygist eins og *smár*, í samsetningum er *grænn* eins og *vænn* og *svartur* getur tekið ýmsar afleiðslur með stofnbreytingum, eins og *bjartur*.

Í mörgum tilfellum er munurinn á milli einstakra litaorða meiri en á milli litaorða og annarra lýsingarorða en samsetningar með öðrum litaheitum, eins og áttir á litaáttavita (sjá *Kafla 5.4.1*), virðast vera eina atriðið sem hægt er að nota til þess að skilgreina litaheiti sem ákveðinn merkingarflokk út frá orðahegðun í málnotkun. Sú skilgreining byggist hins vegar meira á merkingu orðanna heldur en formlegum einkennum, það er orðflokkurinn sést ekki á málfræðilegu einkenni heldur gefur merkingarlegt samband orðhlutanna vísbendingu um sameiginleg einkenni. Samkvæmt Lucy er hin raunverulega merking endurspegluð í málfræðinni en ekki þeim hugmyndum um merkingar sem við mögulega byggjum á skynjun svo þessi skilgreining á orðflokki myndi ekki ganga upp út frá þeim útgangspunkti.

Rannsóknarkrafa 3 (bls. 174) gerði ráð fyrir skoðun á samspili þessara eininga í málnotkun í sambandi við liti. Engar sérstakar málfræðilegar einingar eru notaðar fyrir litaorð ef litið er til eiginleika lýsingarorða svo sem beyginga og nýmyndunaraðferða.

En getur skoðun á hegðunareiginleikum litaorða þá sagt okkur eitthvað um merkingu þeirra og samheldni þeirra sem merkingarflokks? Svarið við þeirri spurningu er bæði já og nei. Flest af þeim hegðunareinkennum litaorðanna sem rannsökuð voru í þessum kafla sýndu fram á það hversu óútreiknanleg þróun merkingar og málkerfis getur verið.

Hægt er að draga þá ályktun af því að litaorð geti ekki verið málfræðilegur

merkingarflokkur eins og Lucy skilgreinir hann en aftur á móti er einnig hægt að spyrja hvort að það sé yfirleitt raunhæft að ætlast til þess að svo afmarkaður orðflokkur hafi afgerandi málfræðileg einkenni. Meira að segja lýsingarorð almennt, sem yfirleitt er gert ráð fyrir að fylgi ákveðnum reglum um beygingar sem geri þau að lýsingarorðum, hafa sýnt það í þessari samantekt að þau gera það ekki öll. Tökuorð á borð við *töff* og *feik* beygjast ekki neitt og lýsingarorð sem hafa þannig merkingu, svo sem *dauður* og *þrjónaður*, stigbeygjast yfirleitt ekki vegna merkingar sinnar.

Hins vegar sýndu litaorðin mjög ákveðna hegðun sem ákvarðaðist af merkingarsamböndum þeirra við önnur orð í orðaforðanum. Þessi tengsl voru af margvíslegum toga, til dæmis mynsturlýsingar: *rauðdoppóttur*, *brúnskellóttur*, *bleikröndóttur*; mannlýsingar: *rauðhærður*, *bleiknefjaður*, *brúneygður*; örnefni: *Hvítá*, *Rauðaborg*, *Bláfjöll*; tegundaheiti: *svartfugl*, *blárefur*, *rauðbeða*; og önnur fyrirbæri: *svartnætti*, *bleikþvottur*, *grænmeti*. Margar þessara samsetningategunda segja þó fremur lítið um merkingarsvið litaheitanna sjálfra og því þarf að komast að því hvaða orðmyndanir það eru sem hafa þau skilgreiningareinkenni að tilgreina ákveðinn lit og eigi þar með tilkall til stöðu í orðflokknunum *litaheiti*.

Af þeirri rannsókn á notkun litaorða sem gerð hefur verið í þessum kafla hefur komið í ljós að þær sametningar sem skilgreina lit eru einungis fernskonar:

Litur út frá metnun Litir sem eru ljósir, skærir, daufir, bjartir og svo framvegis.

Litur út frá lit Litir sem eru millistig á milli annarra lita eða bera keim af öðrum lit en þeim sem er ráðandi.

Litur út frá hlut Litir sem eru eins og litir ávaxta, dýra, blóma og svo framvegis og taka nafn sitt af þeim.

Litur út frá menningarfyrirbæri Litir sem skilgreinist út frá menningarfyrirbæri sem tengt er við þann lit.

Kennisetning 5.3: Tegundir litaheitasamsetninga sem skilgreina lit

Í næsta kafla verður farið nánar í fyrstu þrjár tegundirnar, sem nánari rannsókn á eðli þessa kjarna litaorðaforðans, en fjórða tegundin verður geymd þar til í *Kafla 5.5* sem sérstök skoðun á því hvers konar menningarminni birtast í sambandi við liti.

5.4 Tegundir litaorða

Í undanfarandi köflum hefur það orðið nokkuð ljóst að málfræðileg athugun er að mörgu leyti ekki mjög hjálpleg við skilgreiningar merkingarflokka. Þau samhengi sem greinilega eiga við eðli litahugtaks, skilgreiningu jaðra þess og/eða nákvæmari afmörkun afbrigða eru þau sem skoðast merkingarlega. Það er út frá því hvaða merkingareiningar eru tengdar við litahugtök, því þrátt fyrir merkingarbreytingar er hægt að gera ráð fyrir því að málfarar setji yfirleitt saman hugtök sem þeir telja að eigi saman. Hér erum við komin inn á svið Wierzbicku sem er ekki eins hörð á málfræðinni eins og Lucy en leggur áherslu á mikilvægi málnotkunarinnar, það er mállegs samhengis og samsæta þeirra orða sem verið er að rannsaka.

Þau merkingartengsl orðhluta sem greinilegast skilgreina hugtak tengt lit eru ferns konar. Í fyrsta lagi afleiðslur, svo sem *bleikna*, *svertla* og *blámi*. Eins og önnur lýsingarorð eru litaorð nátengd öðrum orðflokki í gegn um máleiningar sem gera málhöfum kleift að tjá einkenni, athafnir eða breytingar. Einstaklingur getur haft það einkenni sem litaorðið vísar til (*svertla*, *rauðka*); einstaklingur getur valdið því að eitthvað annað fái það einkenni sem litaorðið vísar til (*sverta*, *brúna*) eða hluturinn fær einkennið af ótilgreindum ástæðum (*sortna*, *brúnast*); og hægt er að skilgreina þá athöfn að hlutur eða einstaklingur hafi eða fái það einkenni (*sverting*, *bleiking*).

Í öðru lagi eru litasamsetningar, til dæmis *rauðgulur*, *blágrænn* og *grábrúnn*. Þær samsetningar sem hér um ræðir eru einstakar á meðal lýsingarorða. Vegna eðlis litrófsins sem óbrotins rýmis er hægt að skilgreina punkta með samsetningum litaheita, líkt og áttir á áttavita.

Í þriðja lagi eru mettunarsamsetningar, svo sem *skærblár*, *dökkbrúnn* og *dimmgulur*. Þessar samsetningar eru í grunninn sama eðlis og litasamsetningar en í stað þess að skilgreina litbrigði gefa þessar myndanir til kynna aðra eiginleika lita, svo sem birtumagn eða hreinleika.

Í fjórða lagi eru svo hlutasamsetningar eins og *bananagulur*, *steingrár* og *blóðrauður*. Í þessum samsetningum eru líka skilgreind afbrigði lita en í stað þess að gera það með afstöðu þeirra til hvors annars í litrófinu eru notaðar vísanir í hluti sem bera lit.

Með því að skoða þessar myndanir fæst nánari innsýn í það hvernig fólk hugsar um liti og hvernig það skilgreinir þau litbrigði sem eru í umhverfi þess.

5.4.1 *Litasamsetningar – Að vera eða vera ekki áttaviti*

Samsetningar lita eru samsetningar þar sem báðir liðir eru litaheiti (t.d. *rauðgulur*, *blágrænn*). Þessi flokkur var einn af stærstu hópum samsetninga sem komu fram í nafngiftaverkefnum þeim sem fjallað var um hér að framan (*Kafla 4.4*, bls. 124) og er sérstæður að því leyti að enginn annar flokkur lýsingarorða inniheldur jafn frjálslugar sameiningar orða innan flokksins. Til dæmis finnast ekki samsetningar á borð við **hábreiður*, **lágmjór*, **þunnsmár* eða **flatlangur* innan þess hóps orða sem lýsa stærð og lögun hluta.

Vegna þess að litrófið er ein samfelld heild væri því hægt að gera ráð fyrir því að hægt sé að merkja smærri huta þess með samsetningum ‘höfuðáttanna’, það er grunnlitaheitanna. Þannig myndi *rauðgulur* og *blágrænn* tákna millistig höfuðlita á sama hátt og *norðaustur* og *suðvestur* tákna millistig hinna eiginlegu höfuðátta. Samsetningar eins og *blágrænn* og *grænblár* myndu þá dreifast nokkuð jafnt eftir því hvort um er að ræða bláa eða græna hlið þess litar sem telst millistig blás og græns.

Almenna tilhneigingin í samsetningum er að merkingarlegur kjarni orðs (haus) komi síðast. Til dæmis er *hesthús* tegund af húsi og *húsbátur* er tegund af bát. En þegar höfuðáttir eru annars vegar hefur uppsöfnuð málhefð komið því þannig fyrir að millistig áttanna eru táknuð með einum möguleika af tveim í langflestum tilfellum. Það er að segja, milliáttin milli austur og suður heitir oftast suðaustur (austsuður er sjaldgæfara) og á milli austurs og norðurs norðaustur (austnorður er sjaldgæfara).

Þar sem litrófið er ekki eins niðurnjörvað og áttirnar mætti búast við því að samsetningar litaorða myndu haga sér fremur eins og almenn máltilfinning gerir ráð fyrir, það er með hausinn aftast. Eftir því hvort fólk sæi rauðan eða gulan, grænan eða bláan myndi það þá velja haus eftir því (*rauðgulur*, *gulrauður*; *grænblár*, *blágrænn*).

Hins vegar kemur í ljós þegar þessar samsetningar eru skoðaðar að oft hallar mjög á aðra hliðina í dreifingu mögulegra samsetningapara. Til dæmis er orðið *rauðgulur* mun algengara en *gulrauður* og *blágrænn* mun algengara en *grænblár*. Svo virðist sem fjögur grunnlitaheitanna — *rauður*, *grár*, *gulur*, og *blár* — séu ráðandi sem forliðir í samsetningum tveggja litaheita.

Í stað þess að vera reglulegur skali samfellds litrófs mynda þessi litaheiti póla sem samsvara ljósmagns- og mettnarskala, fremur en litaskala; hinn heiti (dökki) rauði á móti hinum kalda (ljósa) bláa og hinn lágmettaði (daufi) grái á móti hinum hámettaða (skæra) gula. Svo virðist því sem þessi litaheiti hafi að einhverju leyti færst aftur til mettnarmerkingarinnar í þessum samsetningum með öðrum litaheitum.

Til þess að staðfesta þessa hegðun litasamsetninganna verður gerð tölfræðileg rannsókn á öllum mögulegum samsetningapörum í þessu samhengi og litið á hlutföll dæma með litaorðunum sem fyrri eða seinni lið, til dæmis *rauðgulur gulrauður*.

Einhver dæmi fundust um flestar mögulegar samsetningar grunnlitaheitanna ellefu en nokkrar fundust ekki í málheildum og textasöfnum, sjá *Orðalista 5.20*.

appelsínusvartur	appelsínuhvítur	appelsínugrænn
appelsínugulgulur	appelsínugulbrúnn	appelsínugulgrár
appelsínugulbleikur	appelsínugulfjólublár	gráappelsínugulur
grænappelsínugulur	bláappelsínugulur	gulappelsínugulur
hvítappelsínugulur	svartappelsínugulur	
fjólublásvartur	fjólubláhvítur	fjólublágulur
fjólubláappelsínugulur	fjólubláblár	fjólublágrænn
gulfjólublár	svartfjólublár	
svartgulur	svarbleikur	bleiksvartur
grænsvartur	bleikgulur	brúnblár
blábrúnn	hvítbrúnn	

Orðalisti 5.20: Grunnlitasamsetningar sem fundust ekki í málheildum og textasöfnum

Langflestar samsetningarnar sem ekki fundust dæmi um eru með *appelsínugulur* og næststærsti hópurinn með *fjólublár*. Að einhverju leyti er hægt að kenna því um að tiltölulega stutt er síðan orðin *appelsínugulur* og *fjólublár* komust í

almenna notkun. Málhafar hafa því ekki fengið jafn mörg tækifæri til þess að nýta samsetningar með þessum orðum eins og mörgum hinna grunnlitaheitanna. En einnig sjást vísbendingar til þess að málhafar fari með þessi tvö litaheiti á annan hátt en þau sem eru ósamsett. Það er að í samsetningum nýti þeir einungis *ffólulú-* og *appelsínu-* til þess að standa fyrir allt litaheitið (sjá *Kafla 5.3.10*).

Fyrir utan *ffólublár* og *appelsínugulur* eru flest göt í listanum yfir samsetningar með *svartur*. Hægt er að hugsa sér að það sé aðallega vegna merkingarlegra hafta. Erfitt er að ímynda sér að *gulsvartur* merki svart litbrigði sem hafi á sér gulan blæ eða að *bleiksvartur* standi fyrir litbrigði mitt á milli svarts litar og bleiks, svo einhver dæmi séu nefnd.

Hins vegar eru til samsetningar með *svar-* þar sem merkingin er ekki 'svartleitur litur' heldur fremur 'mjög dökkur litur', til dæmis *svarbrúnn* og *svarblár*. Mögulega eru einhverjar af samsetningum með *svart-* túlkaðar þannig líka (sjá *Kafla 5.3.5*). Miðað við það dreifingarmynstur sem kemur fram þegar litið er á samsetningar með *rauður*, *blár*, *gulur* og *grár* — sem mögulega hafa mettunarmerkingu fremur en litamerkingu sem forliður í samsetningum með öðrum litaheitum — er það alls ekki ólíklegt. En auk litbrigðamerkinga er í sumum tilfellum samsetninga litaorða ekki átt við litablöndu heldur að tveir litir séu til staðar á sama fleti eða tengdir sama fyrirbæri, svo sem *blágulur* (fáni) og *rauðgrænn* (litblinda).

Eins og áður sagði er litrófið að einhverju leyti eins og gráðuskipt skilgreining áttavítans og mörg kerfi sem gerð hafa verið til skilgreiningar litbrigða nota slíka skiptingu (sjá *Kafla 2.3*). Í samsetningum litaorða koma fyrir fjölmörg pör eins og *rauðgulur/gulrauður* og *blágrænn/grænblár*. Út frá málfræðilegu sjónarmiði er þá hægt að gera ráð fyrir að um sé að ræða afbrigði guls/rauðs og græns/blás, það er að *rauðgulur* sé 'gulur með rauðum blæ' en *gulrauður* 'rauður með gulum blæ'; og *blágrænn* sé 'grænn með bláum blæ' og *grænblár* 'blár með grænum blæ'.

Þegar dreifing þessara samsetningapara er skoðuð hins vegar kemur í ljós að hún er líkari dreifingu samsetninga á borð við *norðaustur/austnordur*, það er að segja önnur samsetningin er miklum mun algengari en hin. Annað hvort eru samsetningar á borð við *rauðgulur/gulrauður* þá jafngildar en önnur er algengari samkvæmt hefð eða að eitthvað annað, svo sem merkingarmunur, hefur áhrif á það hvernig þær eru notaðar.

Til þess að sjá hvort þessi dreifing sé marktæk verður því gerð tölfræði-

leg athugun á dreifingu samsetningapara á borð við *rauðgulur/gulrauður* og *blágrænn/grænblár*. Þar sem einungis þrjátíu samsetningamöguleikar fundust ekki (sbr. *Orðalisti 5.20*) eru áttatíu samsetningar eftir þar sem heildarfjöldi mögulegra samsetninga með ellefu litahæitum þar sem röðin skiptir máli en engar endurtekningar eru leyfðar er hundrað og tíu.

Í þessari rannsókn var ákveðið að tíðni undir tíu teldist of lág til að reikna áreiðanlega dreifingu. Þær samsetningar sem voru undir tíu í tíðni sjást í *Orðalista 5.21*. Þau samsetningapör sem hafa báða aðila parsins í töflunni eru litamerkt.

rauðgrár	7	gulbleikur	7	hvítbleikur	5
blábleikur	3	bláfjólublár	3	bleikblár	3
bleikhvítur	3	brúnhvítur	3	svartgrænn	3
brúnappelsínugulur	2	grárauður	2	gulsvartur	2
bleikappelsínugulur	1	bleikgrænn	1	grænbleikur	1
grænfjólublár	1	hvítfjólublár	1		

Orðalisti 5.21: Litasamsetningar með tíðni undir 10

Allar samsetningar sem ekki eiga sér samhverfu (t.d. *rauðgrár/grárauður*) í *Orðalista 5.21* (ólitadaðar) eiga hana í *Orðalista 5.20* þar sem taldar eru upp samsetningar sem ekki finnast í málöggnunum sem notuð eru til þessarar úrvinnslu.

Þegar um er að ræða val á milli tveggja gilda (ab eða ba) er talað um tvítölugögn (e. *binary data*) og líkindi þess að um sé að ræða handahófskennda dreifingu sé að ræða reiknuð eftir því. Þegar unnið er með líkindi eru einnig í gangi tvær tilgátur (e. *hypothesis*), annars vegar svokölluð núlltilgáta sem gerir ráð fyrir því að ekkert merkilegt sé í gangi í gögnunum (sett fram sem T_0) og hins vegar sú tilgáta sem verið er að prófa (sett fram sem T_1).

Í þessu tilfelli verður gert ráð fyrir að nærri jöfn (það er handahófskennd) dreifing samsetningaparanna ($ab + ba$) sé það sem ætti að koma fram ef ekkert áhugavert er í gangi. Dreifingin er sett fram sem hlutfall (π) annars gildisins (ab) af heildartíðni beggja gilda ($1,0 = 100\%$). Núlltilgátan er því $T_0 : \pi = 0,5$ – eða að það gildi sem við erum að skoða hafi helming heildartíðni gildaparanna. Það jafngildir því að dreifing sé handahófskennd (ómerkileg).

Það sem hér er hins vegar til skoðunar er að $T_1 : \pi \neq 0,5$ – það er að dreifing þessara samsetningagilda (t.d. *blágrænn/grænblár*) sé ójöfn og halli á annan

vegin. Til þess að finna út úr því hvort þessi tilgáta er rétt er notað svokallað z-próf sem reiknar út frá hefðbundinni dreifingu (e. *normal distribution*) hversu sterk rök gegn núlltilgátunni finnast í þeim gögnum sem við höfum, og setur þær fram með svokölluðu p-gildi. Í þessu tilfelli viljum við að útreikningar gefi í skyn litlar líkur á því að við höfum rangt fyrir okkar þegar við höldum því fram að fólk noti til dæmis orðið *blágrænn* svo mikið oft en *grænblár* að ekki geti verið um tilviljun að ræða (tíðnimunurinn er merkilegur).

Samkvæmt hefð er p-gildið (líkurnar) líka gefið upp sem hlutfall af 1,0 og að allar niðurstöður fyrir neðan 0,05 (5% líkur) séu marktækar. Þá getum við með réttu felld tilgátu T_0 og tekið tilgátu T_1 sem staðfesta. Það er að dreifing þessara samsetningapara sé ekki handahófskennd. Ef p-gildið er fyrir neðan 0,05 þá þýðir það annars vegar að það eru minni en 5% líkur á því að við höfum rangt fyrir okkur (0,05 af 1,00) og hins vegar að við reiknum með að hafa 95% vissu um útreikninga okkar og tilgátur (0,95 af 1,00).

Í fyrsta hópnum sem skoðaður er með tilliti til þessara dreifingarhlutfalla eru samsetningar þar sem útreikningar sýndu marktækan mun á dreifingu, *Tafla 5.25*.

Samsetning	tíðni	spegilmynd	tíðni	hlutfall	p
rauðappelsínugulur	11	appelsínugulrauður	2	0,846	0,013
grænhvítur	14	hvítgrænn	2	0,875	0,003
grænbrúnn	24	brúngrænn	6	0,8	0,001
gulgrár	23	grágulur	9	0,719	0,013
brúnbleikur	13	bleikbrúnn	1	0,929	0,001
brúnfjólublár	11	fjólublábrúnn	1	0,917	0,004
gráfjólublár	10	fjólublágrár	0	1,000	0,002
bleikfjólublár	10	fjólublábleikur	0	1,000	0,002

Tafla 5.25: Samsetningapör með marktækan dreifingarmun

Hlutfallið sem er skráð í *Töflu 5.25* er hlutfall algengari samsetningarinnar af heildartíðni samsetningar og spegilmynda. Þar er það p-gildið sem segir til um líkurnar á því að við höfum rangt fyrir okkur með því að halda því fram að dreifing þessara para sé ójöfn. Í öllum tilfellum er p-gildið fyrir neðan það viðmið sem við gáfum okkur (0,05 eða 5%). Hæsta gildið í töflunni er 0,013 (1,3%) en lægsta er 0,001 (0,1%). Samkvæmt þessum viðmiðum er munurinn á tíðni samsetninganna í þessum pörum í öllum tilfellum marktækt skakkur á aðra hliðina. Tíðnimunurinn sem er á þessum samsetningum er því ekki tilviljun heldur er eitthvað sem veldur

Því að hallar gegnumgangandi á aðra hliðina.

Dreifing samsetninganna í næsta hópi er mjög misskipt. Það er að segja tíðni annarar samsetningarinnar r er það mikið hærra að p -gildið reiknaðist mjög lágt. Svo lágt að það verður einungis gefið upp sem $<0,001$ (undir 0,1%) fyrir öll pörin í *Töflu 5.26*.

Samsetning	Tíðni	Spegilmynd	Tíðni	Hlutfall	p
rauðsvartur	21	svartrauður	3	0,875	$<0,001$
rauðhvítur	45	hvíttrauður	7	0,865	$<0,001$
rauðgulur	291	gultrauður	53	0,846	$<0,001$
rauðbrúnn	453	brúnrauður	13	0,972	$<0,001$
rauðbleikur	248	bleikrauður	78	0,761	$<0,001$
rauðfjólublár	39	fjólublárauður	0	1,000	$<0,001$
grásvartur	47	svartgrár	7	0,870	$<0,001$
gráhvítur	105	hvítgrár	24	0,814	$<0,001$
grágrænn	120	grængrár	21	0,851	$<0,001$
grábrúnn	178	brúngrár	30	0,856	$<0,001$
grábleikur	14	bleikgrár	1	0,944	$<0,001$
gulhvítur	63	hvítgulur	9	0,875	$<0,001$
gulgrænn	164	grængulur	30	0,845	$<0,001$
gulbrúnn	289	brúngulur	11	0,963	$<0,001$
blásvartur	115	svartblár	6	0,950	$<0,001$
bláhvítur	252	hvítblár	49	0,950	$<0,001$
blágrænn	461	grænblár	114	0,762	$<0,001$

Tafla 5.26: Samsetningapör með p -gildi $<0,001$

Heildartíðni þessara samsetninga í *Töflu 5.26* er einnig mun meiri og því líklegra að mikill munur komi fram sem marktækur. Hér er greinilegt strax mjög ákveðið mynstur eða stigveldi, þar sem sum litaorðanna eru mun algengari en önnur sem forliðir. Gróflega er tíðniskalin *rauður* (rauðar línur) $>$ *grár* (gráar línur) $>$ *gulur/blár* (gular/bláar línur). Það er, *rauður* er oftast algengari sem forliður, *grár* næstalgengastur og síðan *gulur* og *blár*.

Fyrir utan þær sex samsetningar sem eru hér í *Töflu 5.26* með *rauður* eru þrjár í viðbót öðrum töflum, allar algengari með *rauður* sem forlið: fyrst *rauð-grár* (7-2) í *Orðalista 5.21*, þar næst *rauðappelsínugulur* (11-2) í *Töflu 5.25* og að lokum *rauðgrænn* (340-2) í *Töflu 5.27*. Rauður er því algengastur sem forliður í litasamsetningum en sú algengasta með *rauður* sem seinni lið er *bleikrauður* (sjá *Kafla 5.4.2*).

Næst í röðinni er *grár*. Fyrir utan þær fimm samsetningar sem eru í *Töflu 5.26* með *grár* er ein sem ekki fannst, **gráappelsínugulur* (sjá *Orðalista 5.20*) og ein sem er með *grár* algengari í forlið í *Töflu 5.25*, *gráffólublár* (10-0). Orðið *grár* hefur hins vegar lægri tíðni sem forliður með *gulur* í því samsetningapari vinnur *gulur*: *gulgrár* (23-9) í *Töflu 5.25*.

Auk *gulgrár* og annarra samsetninga með *gulur* sem eru í *Töflu 5.26*, eru *gulbleikur* (7-0) og *gulsvartur* (2-0) í *Orðalista 5.20*, þar sem *gulur* er algengari sem fyrri liður. Orðið *gulur* hefur hins vegar lægri tíðni sem forliður með *rauður* eins og sést í *Töflu 5.26* þar sem **gulffólublár* og **gulappelsínugulur* fundust ekki (sjá *Orðalista 5.20*).²⁷ Af samsetningum með *blár* eru þrjár í *Töflu 5.26*, og *bláffólublár* (3-0) í *Orðalista 5.21* en **blábrúnn* og **bláappelsínugulur* fundust ekki (sjá *Orðalista 5.20*) í gögnunum.

Áhugavert er að bera saman tíðnihallann í þessum samsetningum og pörunum tveim í *Töflu 5.27*. Það eru pör samsetninga þar sem ekki er um að ræða vísun í eitt litbrigði.²⁸

samsetning	tíðni	specilmynd	tíðni	hlutfall	<i>p</i>
svarthvítur	2.596	hvítsvartur	2	0,999	<0,001
rauðgrænn	340	grænnrauður	2	0,994	<0,001

Tafla 5.27: Samsetningapör sem eiga ekki beint við litbrigði

Í *Töflu 5.27* er annars vegar um að ræða orðið *svarthvítur* sem vísar í eitthvað sem er í gráum tónum (litlaust) og hins vegar *rauðgrænn* sem oftast vísar í tegund litblindu þar sem viðkomandi á erfitt með að greina sundur rauða og græna liti (sjá *Kafla 2.1*). Hér er hlutfall beggja samsetninga af heildartíðni mjög nærri því að vera 100% en heildartíðnin sjálf er einnig nokkuð hærri en í *Töflu 5.26* (sérstaklega tíðni *svarthvítur/hvítsvartur*).

Til þess að öll samsetningapör séu komin fram vantar fjögur og þau tengjast öll bláum. Eitt þeirra hefur komið fram nú þegar, *blábleikur* (3-3) í *Orðalista 5.21*,

²⁷ Við höfum séð að t.d. samsetningin *gulappelsínugulur* er til, hún finnst t.d. við leit í Google. Svo gæti verið um aðrar samsetningar sem ekki fundust í þeim málheildum sem hér eru nýttar en varla í neinu magni til að hafa áhrif á þær niðurstöður sem hér eru reifaðar.

²⁸ Eins og minnst hefur verið á áður er alltaf til staðar sá möguleiki að samsetningar á borð við *blágrænn* og *rauðgulur* vísi í tvo liti saman en ekki eitt litbrigði en slíkar samsetningar eru yfirleitt í minnihluta (sjá *Kafla 5.3.7*).

og það þar gefur vísbendingu um þau þrjú sem eru eftir en þau eru einu pörin þar sem ekki er marktækur munur á dreifingu myndanna tveggja. Þau litaheiti sem *blár* virðist á jöfnum grundvelli við eru hin þrjú litaheitin sem ráða mestu í *Töflu 5.26: rauður, grár og gulur*. Annars vegar í því tilfelli sem samsvarar *rauð-grænn – blágulur/gulblár* – og hins vegar það sem eftir er af hinum hefðbundnu litasamsetningum – *blárauður/rauðblár, blágrár/gráblár* – *Tafla 5.28*.

Samsetning	Tíðni	Spegilmynd	Tíðni	Hlutfall	<i>p</i>
blágulur	21	gulblár	18	0,538	0,631
blárauður	37	rauðblár	32	0,536	0,547
blágrár	178	gráblár	147	0,548	0,086

Tafla 5.28: Samsetningapör með jafna dreifingu

Það er því greinilegt að *rauður, grár, gulur* og *blár* eru ráðandi sem forliður í litasamsetningum. Þetta er óvænt niðurstaða þar sem auðveldast væri að gera ráð fyrir því að til dæmis *rauðgulur* og *gulrauður* væru nærri jafngildi eða að minnsta kosti jafnalgeng (ef litrófið er skilgreint sem heil samfella litbrigða).

Tvennt er hér vert að hafa í huga sem er að einhverju leyti tengt. Annars vegar að tíðni sumra þessara þrjú gæti verið of lág til þess að öruggt sé að hægt sé að draga ályktanir út frá dreifingu þeirra og hins vegar að eðli líkinda er þannig að þó hægt sé að sýna með útreikningum fram á marktæk frávik í dreifingu gæti dreifing einstakra þrjú sem fellur undir skilyrðin verið tilviljun (sérstaklega ef heildartíðni er lág).

Hægt er að nota ýmsar aðferðir til þess að lagfæra niðurstöður til að gera ráð fyrir þessum möguleika. Ein slík er svokölluð Bonferroni-leiðrétting en hún felst einfaldlega í því að taka það viðmið sem lagt var upp með, í þessu tilfelli 0,05 (5%), og deila í það með fjölda athugana. Hér hefur verið gerður tíðnisamanburður á þrjátíu samsetningapörum og er nýtt viðmið því $0,05/30 = 0,00166$ (0,166%). Ef þetta nýja viðmið er borið saman við þær athuganir sem hafa verið gerðar sleppa einungis *grænbrúnn/brúngrænn* (p 0,001) og *brúnbleikur/bleikbrúnn* (p 0,001) úr *Töflu 5.25* og þau pör sem eru í *Töflu 5.26*, enda er p -gildi þeirra allra $<0,001$. Þó einungis sé tekið tillit til samsetningaparanna í *Töflu 5.26* er samt ljóst að litaheitin *rauður, grár, gulur* og *blár* eru að einhverju leyti ráðandi sem forliður. Tvær skýringar eru hér mögulegar, jafnvel samverkandi, sem lúta báðar

að merkingu orðanna. Annars vegar að eðli merkingarkjarnans ráði uppröðun í samsetningunum – ákveðið stigveldi merkinga – og hins vegar að þessi litaheiti hafi, sem forliðir, orðið fyrir merkingarbreytingu.

Ekki hefur verið fjallað um stigveldi merkinga hér, enda kemur það oftast fram í samsetningum þar sem fleiri en einn áhersluliður er til staðar. Samsetningar eins og *blindbylur* og *blindfullur* geta komið fyrir með aukaforlið til aukinnar áherslu, svo sem *blindöskubylur* og *haugablindfullur*. Við leit í málgögnum finnast 69 dæmi um *blindöskubylur* en ekkert um **öskublindbylur*, vegna þess að í samhenginu *-bylur* er *blind-* skýrara fyrir málhöfum heldur en *ösku-* og því kemur *ösku-* nær *-bylur* en *blind-*. Þrjú dæmi finnast í sömu gögnum um *blindhaugafullur*, en ekkert um **haugablindfullur*. Hér er *blind-* aftur skýrari áhersluforliðurinn og kemur því fjær orðskjarnanum (*-fullur*).

Eins og með annað sem minnst hefur verið á í þessari umfjöllun gæti verið um tíðniáhrif að ræða. Til dæmis finnast 755 dæmi um *blindbylur* í Risamálheildinni en einungis 105 dæmi um *öskubylur* og að sama skapi 580 dæmi um *blindfullur* en einungis 19 dæmi um *haugafullur*. Í báðum tilfellum virðist það vera svo að málhafar séu vanari því að nota *blind-* og er sá forliður því fremur fallinn til þess að leika sér með, ef svo má að orði komast, því málhafar eru öruggari um merkingu hans; meiri notkun verður að stöðugari merkingu.

Yfirfært á litasamsetningarnar má þá gera því skóna að *rauður*, *blár*, *grár* og *gulur* hafi vegna stöðugar og samræmdrar notkunar frekar tilhneigingu til þess að verða forliðir. Eins og samsetningin ‘svo fullur að hann er blindur’ er málhöfum skýrara heldur en samsetningin ‘svo fullur að hann er haugur’ (eða ‘fullur eins og haugur’) er ‘grálegur brúnn litur’ (*grábrúnn*) þeim skýrara hugtak heldur en ‘brúnlegur grár litur’ (*brúngrár*).

Hins vegar er merkingarbreyting orða þegar orðin vel kunnugt umfjöllunarefni. Í þessum samsetningum hafi forliðir, að minnsta kosti í ákveðnum hluta þeirra, breytt um merkingu. Merking þessara orða – *rauður*, *blár*, *grár* og *gulur* – er þá mögulega ekki [RAUÐUR], [BLÁR], [GRÁR] og [GULUR] heldur eitthvað annað sem tengist litum.

Í þessum fjórum litaorðum felst tvenns konar mótvægi. Annars vegar hinn heiti rauði á móti hinum kalda bláa og hins vegar hinn skæri guli á móti hinum daufa gráa. Það er því ákveðinn möguleiki að orðið *rauðgulur* þýði að hluta til ekki ‘rauðleitur gulur’ heldur ‘heitur gulur’ og að sama skapi sé *blágrænn* ekki ‘bláleitur

grænn’ heldur ‘kaldur grænn’. Þá er *gulbleikur* ekki heldur ‘gulleitur bleikur’ heldur ‘skærbleikur’ og *grábleikur* ekki ‘gráleitur bleikur’ heldur ‘daufbleikur’.

Eitt sem rennir stoðum undir þá kenningu að þessi fjögur litaorð, *rauður*, *blár*, *grár* og *gulur*, séu að einhverju leyti frábrugðin er að í samsetningum með mettunarorðum (*ljós*, *dökkur*, o.s.frv.) þar sem litaorðið er fyrri liður er langoftast um að ræða eitt eða fleiri af þessum fjórum, *Orðalisti 5.22*.

rauðljós	rauðdökkur	roðaskær
rauðfölnur	gráljós	grádökkur
grádimmur	gráfölnur	gulfölnur
bláljós	bláðökkur	bládimmur
bláskær	bláfölnur	bláfagur
hvítljós	hvítskær	grænskær
grænfölnur	svartdimmur	bleikfölnur
fjólubláfölnur		

Orðalisti 5.22: Mettunarsamsetningar með litaheiti sem fyrri lið

Þessar samsetningar eru ekki algengar enda almenn tilhneiging grunnlitaheitanna að standa fyrir ákveðinn lit (svæði í litrófinu). Af samsetningunum er hins vegar ljóst að innan merkingarsviðs grunnlitaheitanna er rúm fyrir þau að merkja eitthvað sem er meira í átt við mettun eða aðra eiginleika litar heldur en litbrigðið sjáft og þá standa fyrir það í samsetningum á borð við *bláskær* og *bládimmur* þar sem einhver eigindi hugtaksins [BLÁR] komast í forgrunn framyfir litbrigðið.

Ef hér er um að ræða merkingarskrið í þessum litasamsetningum bætast þær í hóp þeirra samsetninga með litaheitum sem almennt eru kallaðar mettunarsamsetningar og greinilegt að tengsl þessara hliða litamerkingar eru nánin. Í næsta kafla verður farið örlítið nánar í þetta fyrirbæri sérstaklega í samhengi merkingarbreytingar orðsins *bleikur*.

5.4.2 Merkingarreipitog litbrigðis og mettunar

Þegar hér er komið við sögu hefur fjölmörgum sinnum verið minnst á samband litbrigðis og mettunar, til dæmis í kaflanum hér að framan þar sem samsetningar litaheita á borð við *rauðgulur* og *blágrænn* virtust vera undir sterkum áhrifum frá öðrum eiginleikum litar heldur en litbrigðinu.

Hvort tveggja litbrigði og mettun (það er aðrir sjónrænir eiginleikar heldur en litbrigði) eru hluti af þeirri skynjun sem við köllum lit en mjög gróft á litið er hægt að segja að önnur hlið þeirra fræða sem hér eru til umfjöllunar skoði einungis litbrigðin en hin hliðin vilji leggja áherslu á mettunina sem og ljósmagn, endurkast og fleira sem í þessari umfjöllun hefur verið fellt undir hatt mettunar. Í skynjun eru þessir sjónrænu eiginleikar allir samantvinnaðir og birtingarmyndir þeirra í orðaforða og málnotkun gefa einnig til kynna að litur og mettun séu nátengd fyrirbæri; jafnvel óaðskiljanleg.

Komið hefur fram, til dæmis í *Köflum* 3.1.2, 4.5 og 5.3.9, að mettunarheiti geti breyst í litaheiti (nýjasta dæmið í íslensku verandi *bleikur*) og í kaflanum hér að framan hafa komið fram vísbendingar um að sum litaheiti hafi í einhverjum samhengjum færst aftur til baka til mettunarmerkingar eða að mettunarmerkingin hafi aldrei horfið alveg. Þróun merkingar litaheitisins *gulur* gæti þá til dæmis haft tvær mögulegar þróunarleiðir, *Tafla* 5.29.

	germanska	forníslenska	nútímaíslenska
leið A	* <i>gula</i> - 'blika, glóa'	<i>gulr</i> 'bjartur, glóandi'	<i>gulur</i> 'gulur' > 'bjartur'
leið B	* <i>gula</i> - 'blika, glóa'	<i>gulr</i> 'bjartur, glóandi'	<i>gulur</i> 'gulur, bjartur'

Tafla 5.29: Möguleg merkingarþróun orðsins *gulur*

Dæmið í *Töflu* 5.29 gerir þá ráð fyrir að orðið *gulur* hafi mögulega annars vegar misst birtumerkinguna í nútímaíslensku en fengið hana aftur í ákveðnum samhengjum (eins og samsetningum með öðrum litaheitum) eða hins vegar aldrei misst upprunalegu merkinguna sem kemur sterkar fram í sumum samhengjum (eins og samsetningum með öðrum litaheitum).

Fyrirferðamesta breyting orðs úr mettunarmerkingu yfir í litbrigðismerkingu í þessu riti (og líklega þekktasta dæmi í íslensku) er þróun orðsins *bleikur* frá því að hafa merkinguna 'födur' yfir í merkinguna 'ljósrauður; ljósblárauður'. Ef gert er ráð fyrir að samsetningar geti sveigt hluta merkingar sinnar yfir í mettun, það er að segja að samsetningin *rauðgulur* geri það að verkum að merking *rauð-*verður fremur mettun en litbrigði, geta svipaðar samsetningar þá líka sveigt mettunarhluta sína yfir í litbrigði?

Í umfjöllun um vesturíslensk litaorð í *Kafla* 3.2.2 var ýjað að því að samsetningin *bleikrauður* í merkingunni 'ljósrauður' hafi mögulega haft þau áhrif að merking orðsins *bleikur* varð 'ljósrauður' og verður hér aðeins litið betur á þennan

möguleika.

Í kaflanum hér á undan var farið yfir samsetningapör litaorðanna en einungis tekin dæmi úr *Risamálheildinni* til þess að skekkja síður tölfræðina en í *Töflu 5.30* eru samtölur þessara samsetninga með *bleikur* úr *Risamálheild*, *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans*, *Tímarit.is* og *Bækur.is*. Eins og sést greinilega er samsetningarið *bleikrauður/rauðbleikur* langalgengast.

<i>bleik-</i> samsetning	tíðni	<i>-bleikur</i> samsetning	tíðni
bleikappelsínugulur	2	appelsínugulbleikur	0
bleikfjólublár	36	fjólublábleikur	1
bleikgrár	42	grábleikur	192
bleikbrúnn	32	brúnbleikur	68
bleikblár	36	blábleikur	42
bleikgrænn	42	grænbleikur	42
bleikgulur	128	gulbleikur	354
bleikrauður	880	rauðbleikur	775
bleiksvartur	2	svartbleikur	0
bleikhvítur	51	hvítbleikur	82

Tafla 5.30: Samsetningapör með *bleikur*

Samsetningin *bleikrauður* er algengust af öllum litasamsetningum með *bleikur*, með 880 dæmi (sbr. *Töflu 5.30*) en af þeim eru 83 úr *Risamálheild*. Í *Dæmi 5.35* eru elsta og yngsta dæmi úr *Risamálheildinni*, það elsta frá 1980 (5.35a) og það yngsta frá 2019 (5.35b).

- 5.35
- Á nákvæmlega sama hátt væri ekkert athugavert við það að ekki sæist einn **bleikrauður** kommi á slíkum lista. (ALP.29.4.1980)
 - [...] þá gefur billinn manni vinalega áminningu þegar farið er yfir löglegan hámarkshraða með því að láta umferðarmerkin í mælaborðinu verða **bleikrauð**. (MBLis.10.12.2019)

Ekki er auðvelt að segja til um merkingu samsetningarinnar af þessum dæmum en áhugavert að fjögur af fimm dæmum um *bleikrauður* úr útgefnum bókum eru úr sömu bókinni, *Öxin og jörðin* eftir Ólaf Gunnarsson (2003), *Dæmi 5.36*. Það er því greinilegt að samsetningin á einhver ítök í málinu (eða að minnsta kosti í Ólafi).

- 5.36
- a. [...] þar gat að líta fremstan síra Jón Bjarnason sem varð **bleikrauður** skjótar en auga á festi.
 - b. [...] þegar hann roðnaði af reiði þá varð hann **bleikrauður** og lá við að eldtungur og reykjarstrókar stæðu út um nasir og eyru.
 - c. [...] þá heyrðist stuna frá mannföldanum, **bleikrauður** og furðu lítið rotinn handleggur féll út og benti með einum fingri á fyrrum legstað sinn.
 - d. Hann var sérkennilega **bleikrauður** í kinnum [...]

Í öllum dæmunum í 5.36 er um að ræða lýsingu á húðlit og gæti því verið skylt *nábleikur* (sjá *Kafla 5.3.9*).

Í *Ritmálssafninu* eru 54 dæmi um *bleikrauður*, það elsta frá 1561 en það yngsta frá 1974. Í þessum dæmum eru áberandi vísanir í hestalit, sem og 16 dæmi um vísanir í ýmiskonar vefnað – léreft, silki, dúkur, tau, tvinni, heklugarn – sem tengir samsetninguna við aðrar á borð við *silkibleikur* sjá *Kafla 5.3.9*).

Einnig eru í *Ritmálssafninu* nokkur dæmi með *bleikrauður* sem gefa góðar vísbendingar um við hvers konar lit er átt, *Dæmi 5.37*, meðal annars úr ritunum *Íslendingur* (hér eftir **ISL.árg.tbl.bls**) og *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* (hér eftir **TVI.árg.tbl.bls**)

- 5.37
- a. [...] *kjöt hans* [kúalubbans] er **bleikrautt** á lit. (ISL.2.21.163)
 - b. [...] *tannhold* **bleikrautt** eins og kálfskjöt. (Hirschel 1882, bls. 67)
 - c. *pink*, 1. **bleikrauður**. (Jón A. Hjaltalín 1882, bls. 271)
 - d. „*Delphinula*“, *skrautlegur*, **bleikrauður**, *tvílyftur kuðungur*. (Sveinbjörn Egilsson 1922, bls. 570)
 - e. *Fæturnir* [á heiðagæs] eru **bleikrauðir**. (*Ferðafélag Íslands. Árbók* 1928, bls. 67)
 - f. [...] myndast þannig sá einkennandi **bleikrauði** litur, sem flestir líta á sem sjálfsgöðan hlut, þegar þeir kaupa saltkjöt. (TVI.59.4.58)

Í öllum tilfellum í *Dæmi 5.37* er um að ræða ljósan/daufan rauðan lit, eins og sjá má til dæmis á *Mynd 5.12* sem sýnir annars vegar bleikrauða *delphinula* (*Dæmi 5.37d*, *Mynd 5.12a*) og hins vegar heiðagæs með bleikrauða fætur (*Dæmi 5.37e*, *Mynd 5.12b*, á ensku heitir heiðagæs *pink-footed goose* eða *bleikfætta*

gæs). Merking *bleikrauður* í þessum samhengjum er því greinilega ‘ljós rauður litur’.



Mynd 5.12: Dæmi um bleikrauðan lit

Á *Bækur.is* eru 15 dæmi um *bleikrauður*, meðal annars úr ritinu *Íslensk grasafræði* frá 1830 (hér eftir **IGF.bls**), *Dæmi 5.38*. Kosturinn við bækur eins og *Íslensk grasafræði* og fleiri slíkar er að fjallað er um fyrirbæri sem hafa stöðugan lit. Hægt er að gera ráð fyrir að túnfífill hafi verið eins á litinn fyrir hundrað árum og hann er í dag. Þá er hægt að sjá þróun litaorðanna og merkingar þeirra að einhverju leyti með því að bera saman við lýsingar á þeim og öðrum plöntum til dæmis í nýrri ritum um plöntur og grasafræði.

- 5.38
- Hattrinn breiðr; kjöt hans bleikrautt. Stafrinn stuttr, á neðra borði gulr, ávalr, á miðjunni rauðleitr, urtmyndað-rákótt.* (IGF.350)
 - Krónublöðin leingri en bikarinn, snubbótt, aflaug, bleikrauð.* (IGF.194)
 - Krónublöðin lítil, randskorin, bleikrauð.* (IGF.171)

Í 5.38a kemur kúalubbinn (*Boletus bovinus*) aftur við sögu þar sem honum er lýst sem bleikrauðum að innan eins og í *Dæmi 5.37a*. Jurtin í 5.38b er skráð sem *fleygmyndaðr steinbrjótr* (*Saxifraga cuneifolia/Saxifraga punctata*) en finnst ekki í *Íslensku plöntuhandbókinni* sem gefin er út 2010. Mögulega vegna rangrar greiningar.

Sú síðasta, mýradúnurtin (*Epilobium palustre*), er fagurbleik en þó með örlítið blárri blæ en til dæmis *delphinula* (Mynd 5.12a), Mynd 5.13 (bls. 272). Áhugavert er

að hún er skráð í plöntuhandbókinni undir rauðum blómum (Hörður Kristinsson 2010, bls. 72) svo það virðist sem svo að einhverjar sérskilgreiningar (á borð við „rauður hestur“) eða merkingarleifar (eins og „bleikur nár“) séu einnig til staðar á þessu merkingarsviði plöntulita svipað og í dýralitum.



Mynd 5.13: Mýradúnurt (*Epilobium palustre*)

Annað áhugavert dæmi í um *bleikrauður* er í *Danskri orðabók með íslenskum þýðingum* frá 1851 þar sem það er notað sem þýðing á hinu danska *blegrød* ‘fölräuður’ (Konráð Gíslason 1831, bls. 49) en rétt á eftir kemur svo *blegsort* sem þýtt er með *mósvartur*.

Flest dæmi um *bleikrauður* eru svo á *Tímarit.is* eða um 730 dæmi. Þar er elsta dæmi frá 1856 (úr dagblaðinu *Þjóðólfur*, hér eftir **ÞJÓ.árg.tbl.bl.**) en það yngsta frá 2015, *Dæmi 5.39*.


- 5.39 a. **Bleikrauð** hryssa með mark [...] (ÞJÓ.8.35–36.150)
 b. Máninn er hvítur, hátt yfir **bleikrauðum** fjöllum. (MBL.104.20.28)

Í *Dæmi 5.39* koma hestalitirnir enn við sögu (5.39a) en yngsta dæmið er dálítið torrætt vegna ljóðræns samhengis (5.39b). Þó er bergmyndunum oft lýst sem bæði bleikrauðum og rauðbleikum (sjá t.d. *Mynd 5.14a*). Þá er líklegt að hér sé um sama fyrirbæri að ræða og með *nábleikur* í *Dæmi 5.20* þar sem elsta dæmið samræmist málvitund þess tíma hvað merkingu varðar en yngsta dæmið nýtir þessa eldri merkingu orðsins til ákveðinnar fyrningar eða til að fá fram sérstakt andrúmsloft í textann.

Í dæmum á *Tímarit.is* eru dæmi um *bleikrauður* sem dýralit algeng (aðallega á hestum og kúm) sem og vísanir í hörundslit. Þar þarf að vara sig á hinum sérstæðu merkingum litaheitanna sem birtast á þessu sviði mannlífsins.

Önnur dæmi gefa betri vísbendingar um almennt merkingarsvið orðsins. Á *Mynd 5.14* má sjá dæmi um ýmis fyrirbæri sem kölluð eru bleikrauð en fyrir utan


Þau vísimið eru einnig algengar lýsingar á sólsetri og -upprás og norðurljósum.



Mynd 5.14: Dæmi um hluti sem kallaðir eru bleikrauðir

Af Mynd 5.14 má ráða að *bleikrauður* taki yfir rauð litbrigði sem ná jafnt yfir minna ljósmagn (5.14a, 5.14d), minni mettun (5.14e, 5.14f) og daufara litbrigði (5.14b, 5.14c).

Þegar litið er til *rauðbleikur* er nokkurn veginn það sama uppi á teningnum: háralitur (fólks og hesta), sólargeislar, andlitslitur og ýmisleg klæði (silki, léreft, tau, taft), og til dæmis koma fyrir dæmi um bæði rauðbleikar og bleikrauðar íslenskar kartöflur (5.15a). Litirnir eru einnig mjög svipaðir, þó minna beri á hinum dökku rauðu litum (minna ljósmagn) og meira á hinum daufu og ljósu afbrigðum, Mynd 5.15.



Mynd 5.15: Dæmi um hluti sem kallaðir eru rauðbleikir

Í flestum þeim dæmum sem hægt er að segja til um hvaða lit er verið að vísa í með *bleikrauður* og *rauðbleikur* er um að ræða lit sem fellur undir *bleikur* í nútímaíslensku; það er 'ljós rauður eða rauðblár litur'. Þessar samsetningar eru einnig langalgengastar af samsetningum með *bleikur* og öðrum litaorðum. Það er því alveg möguleiki að merking *rauður* og *bleikur* saman hafi valdið því að orðið *bleikur* tók á sig merkinguna 'bleikur'. En eins og sést á notkun orðsins og annarra litaorða er mettunarmerkingin enn mjög lifandi.

5.4.3 Mettunarsamsetningar – Víddir litanna

Í *Kafla 4* var talað um mettunarsamsetningar, en undir þeim hatti voru allar samsetningar sem vísuðu í einhvers konar sjónræn einkenni: mettnun, ljósmagn, endurskin og fleira sem hefur með eðli litar að gera. Hér eftir verður einnig vísað í þessar samsetningar sem mettunarsamsetningar. Þessar samsetningar sýna greinilega þær víddir litbrigða sem fólk skilgreinir. Greinileg skipting er á milli póla ljósmagns (*ljós-/dökk-*), mettnunar (*fagur-/föl-*) og hreinleika (*skær-/dimm-*). Auk þess sem fólk grípur til ýmissa nýstárlegra aðferða til að merkja sérstök litbrigði, svo sem *knallrauður*.

Í *Töflu 5.31* eru þeir fjórir forliðir sem dæmi fundust um með öllum ellefu grunnlitaheitunum og fjöldi dæma með þeim samsetningum.

Forliður	Fjöldi
<i>dökk-</i>	3.437
<i>ljós-</i>	3.870
<i>fagur-</i>	1.271
<i>föl-</i>	574

Tafla 5.31: Mettnunarforliðir sem birtust með öllum grunnlitaheitum

Eins og sést greinilega í *Töflu 5.31* er birtumagn mikilvægasti þátturinn í skilgreiningu litar fyrir utan litbrigðið sjálft. Forliðirnir *dökk-* og *ljós-* birtast samtals í 7.307 dæmum með litaorðum á borð við *dökkgrænn* og *ljósblár* sem er 5.432 dæmum fleiri en næstu tvö, *fagur-* og *föl* til samans. Orðin *dökkur* og *ljós* eru einnig til í margvíslegum myndunum sem minna á þær sem litaorðin mynda, svo sem *dökkvi*, *dökkleitur*, *dökkhærður*, *dökkmálaður*, *dökkgerður*, *dökklitaður*, *dökkbeis*; og *ljós* í merkingunni ‘greinilegur, auðsær’, *lýsast*, *Ljósifoss*, *ljósleitur*, *ljósdrappaður* og svo framvegis.

Hinir tveir forliðirnir í *Töflu 5.31*, *fagur-* og *föl-* eru mun sjaldgæfari en sýna þó einnig ákveðna pólastkiptingu, í bjarta liti (með háa mettnun) og daufa liti (með lága mettnun). Eins og samsetningar með *ljós* (lo.) renna oft saman við *ljós* (no.) þá er merking *fagur-* í samsetningum, sérstaklega með litaorðum, oft vafasöm. Hins vegar er *fölur* og myndanir þar af yfirleitt gegnsærri, svo sem *fölna*, *fölvi*, *fölgrænn*, *fölblár*, *fölleitur*, *föllitaður* og svo framvegis.

Aðrir mettnarforliðir birtast einungis með hluta grunnlitaheitanna, *Tafla 5.32*. Þar eru einnig greinilegar áherslur á ljósmagn (*skær-* og *dimm-/svar-*) og mettnun (*sterk-/djúp-* og *dauf-*).

Forliður	Fjöldi	Litaorð
<i>skær-</i>	1.536	<i>appelsínugulur, fjólublár, bleikur, blár, grænn, gulur, rauður, hvítur</i>
<i>dimm-</i>	414	<i>fjólublár, bleikur, brúnn, grár, blár, grænn, gulur, rauður, hvítur, svartur</i>
<i>sterk-</i>	272	<i>appelsínugulur, bleikur, blár, grænn, gulur, rauður, hvítur</i>
<i>svar-</i>	240	<i>fjólublár, brúnn, grár, blár, grænn, gulur, rauður</i>
<i>djúp-</i>	221	<i>appelsínugulur, fjólublár, bleikur, bleikur, grár, blár, grænn, gulur, rauður, hvítur, svartur</i>
<i>dauf-</i>	204	<i>fjólublár, bleikur, brúnn, grár, blár, grænn, gulur, rauður, hvítur</i>

Tafla 5.32: Mettnarforliðir sem birtust með nærri öllum grunnlitaheitum

Einhverjir þeirra forliða í *Töflu 5.32* sem birtast með hluta grunnlitaheitanna eiga uppruna sinn í samsetningu með einhverjum þeirra, svo sem *heið-* (*blár*), *skjanna-* (*hvítur*) og *há-* (*rauður*). Þá er stór hluti heildardæma með þeim forliðum sama samsetningin, sú hefðbundna, svo sem *heiðblár* eða *hárauður*, en aðrar samsetningar eru mun sjaldgæfari. Á móti þessum algengu mettnarforliðum eru svo fjöldamargir aðrir mettnarforliðir sem koma bara fyrir með einu litaheiti, svo sem *blíð-*, *mild-*, *skarp-*, *blik-* og *flenni-*.

Eins og í samsetningum úr tveim litaheitum eru ekki margar mettnarsamsetningar með *appelsínugulur* og *fjólublár*. Algengustu og almennustu forliðirnir *dökk-* og *ljós-* eru algengastir með *fjólublár* (*dökkfjólublár* – 20 dæmi, *ljósfjólublár* – 68 dæmi). Með *appelsínugulur* eru *dökk-* og *ljós-* einnig ofarlega (*dökkappelsínugulur* og *ljósappelsínugulur* – 6 dæmi) en *skær-* er algengasti forliðurinn með *appelsínugulur* (19 dæmi). Sá forliður er að einhverju leyti mjög einkennandi fyrir appelsínugula litinn almennt og ekki eins líklegt að sjá með jarðbundnari litum eins og brúnum eða gráum.

Strax þegar teknar eru fyrir mettnarsamsetningar með *bleikur* fylgar þeim verulega og fleiri svið sjónrænna eiginleika koma fram. Forliðir á borð við *antik-*, *púður-*, *rjóma-* og *ösku-* eiga við gráleita, matta liti; *neon-* og *ofur-* sem eiga við mjög bjarta og sterka liti; og *pastel-* og *krem-* vísa í daufa, matta liti (sjá t.d. Vejdemo o.fl. 2015). Einnig kemur fram klassíska listfræðiskiptingin í *heit-*

og *kald-*. Heitir litir eru dekkri og þyngri, en kaldir litir eru bjartari og léttari. *Mynd 5.16.*²⁹



Mynd 5.16: Heitar og kaldar útgáfur af rauðum, grænum og bláum

Hvaða mettunarforliðir veljast með hvaða litaorðum er breytilegt þó þeir séu að mestu úr sama mengi (*ljós-*, *dökk-*, *föl-* o.s.frv.). Algengustu mettunarforliðir með brúnn til dæmis eru *ljós-* og *dökk-* (*ljósbrúnn* – 931 dæmi, *dökkbrúnn* – 642 dæmi). Einnig er misjafnt hversu margir forliðir finnast með hverju litaheiti, óháð heildarfjölda dæma um slíkar samsetningar. Þannig er heildarfjöldi mettunarsamsetninga með *brúnn* 1.740 dæmi, á móti 993 dæmum um mettunarsamsetningar með *bleikur*. Heildarfjöldi sérstæðra samsetninga með *bleikur* er hins vegar 31 en einungis 13 með *brúnn*. Hér getur merkingarsvið spilað inn í, enda ólíklegt að rekast á lit sem gæti kallast *neonbrúnn* eða *skjannabrúnn*. Talning mettunarsamsetninga með *grár* benda í þessa átt, alls 1.232 dæmi en einungis 17 sérstæðar samsetningar (efst *ljósgrár* – 606 dæmi, *dökkgrár* – 496 dæmi, *daufgrár* – 52 dæmi). Samsetningar með *blár* eru svo í átt að meiri fjölda dæma og fleiri sérstæðra samsetninga (24) en algengasta samsetningin, *dökkblár*, kemur fyrir 1.326 sinnum sem er meira en allar mettunarsamsetningar með *grár* samtals.

Eðli málsins samkvæmt eru þá algengustu mettunarforliðir með *gulur* og *hvítur* forliðirnir *skær-* og *ljós-* með *-gulur* og *skjanna-* og *tandur-* með *-hvítur*, sem gefa til kynna að þessir litir séu oftast skynjaðir sem ljósir og skærir. Búast mætti við að algengustu mettunarforliðir með svartur væru þá eitthvað á borð

²⁹ Í sumum tilfellum er talað um heita og kalda liti sem skiptingu á litrófinu, sbr. t.d. *Kafla 2.2.1*, en einnig er hægt að skilgreina litbrigði heit eða köld eftir mettunareiginleikum þess eins og til dæmis á *Mynd 5.16*.

við *dökk-* eða *dimm-* en eru í raun *gljá-* (41 dæmi) og *matt-* (26), sem bendir til þess að umræða um svarta liti sé fremur á sviði endurkasts en ljósmagns eða mettunar. Í mettunarforliðum með *rauður* kemur svo fram enn einn vinkillinn á eiginleika litar en það er harka á móti mýkt í samsetningum eins og *knallrauður* og *hvellrauður* á móti *flauelsrauður*, *plussrauður* og *satínrauður*.

Það er því greinilegt að ákveðnar grunnaðferðir eru nýttar til þess að merkja frekar mettun og ljósmagn (*ljós-/dökk-*, *fagur-/föl-*) sem er hægt að nota fyrir allan litaorðaforða. Fyrir utan þær er hópur mettunarforliða sem tekur einnig virkan þátt í þessari orðmyndun (*skær-*, *djúp-*, *dimm-*, *dauf-* o.s.frv.) í minna mæli þó og að lokum eru einstaka myndanir sem eru bundnar við eitt litaheiti. Hér eins og í annarri orðmyndun er oft um að ræða augnabliksmyndanir sem ekki birtast neins staðar annars staðar. Þessar mettunarsamsetningar mynda því heilsteyptan flokk dýptarmerkinga eftir ákveðnum skala (*ljós/dökkur*, *skær/mattur* o.s.frv.) sem ekki er að finna í samsetningum með öðrum lýsingarorðum. Þessar merkingar vísa í eðli lita sem eru samsettir úr ljósmagni, mettun, *gljáa*, endurkasti og jafnvel áferð (sbr. t.d. *satínrauður* og *flauelssvartur*).

Þrátt fyrir að málfræðin sjálf, það er til dæmis beygingakvaðir lýsingarorða, virðist hafa lítil áhrif á afmörkun litaorða sem merkingarhóps þannig séð eru samsetningar greinilega heillavænleg leið til þess að tjá tengingar litbrigða við önnur sjónræn einkenni í íslenskri litaskynjun. Ein leið til þess að skilja rökfærslu Lucy (*Kafla 2.4.2*) og Wierzbicku (*Kafla 2.4.1*) gagnvart B&K og þeim rannsóknum sem fylgja í kjölfar þeirra er að slíkar rannsóknir séu undir áhrifum frá því hvernig fólk í vestrænum menningarheimi einblíni á nakin litbrigði sem það eina sem skiptir máli. Aðrir menningarhópar sem séu frábrugðnir hinum vestrænu sjái liti með allt öðrum augum sem einkennast af menningu þeirra og aðstæðum (sjá *Kafla 2.4.2*), til dæmis meiri nærveru við náttúruna, sem gefi öðrum eiginleikum hluta heldur en litbrigðum mun meira vægi (sjá t.d. Kuschel og Monberg 1974; Levisen 2019).

Í kaflanum hér á undan (*5.4.1*) mátti sjá margvíslegar samsetningar litbrigðaheita sem virtust ýta stöðum undir þá skoðun að vestrænir málfhafar sjái lítið annað en litbrigði en þær samsetningar sem hafa komið fram hér í þessum kafla taka af allan vafa um það að íslenskum málhöfum eru nærtæk margvísleg önnur sjónræn einkenni heldur en litbrigðin einsömul. Fyrir utan þær víddir litanna sem eru skilgreindar í fræðilegum umfjöllunum, það er ljósmagn og mettun, og

þær sem B&K minnst á í sambandi við sínar skilgreiningar, það er hiti og kuldi, virðast málfarar íslensku skynja og tjá margvísleg önnur einkenni. Þar má nefna sem dæmi endurskin – glansandi litir á móti möttum, áferð – mjúkir litir á móti hörðum og hreinleika – skírir litir á móti menguðum.

Fyrir utan að skilgreina tengsl litbrigða og hinar ýmsu víddir litanna tengja málfarar íslensku liti einnig við margvíslega litaða hluti. Þá eru valin ýmis fyrirbæri sem hafa einkennandi lit til þess að standa sem merkimiði fyrir þann lit sem verið er að vísa til. Þessi hlutaheiti eru umfjöllunarefni næsta kafla.

5.4.4 *Hlutasamsetningar – Aðalsmerki hlutanna*

Hér verður fjallað um samsetningar litaorða þar sem hlutarheiti er notað til þess að skilgreina nánar tilbrigði litar. Þessar samsetningar tengjast sterkt umhverfi málfarfanna og viðbúið er að forliðir verði mun fjölbreyttari þar sem ekki er um að ræða skipulega skiptingu litaheitanna samkvæmt eðli þeirra sjálfra (mettun, ljósmagn, endurskin o.s.frv.) heldur samkvæmt eðli annarra hluta. Það er, litir eru tengdir við ákveðna hluti sem hafa þann lit og þá koma ekki fram sömu forliðir með til dæmis *rauður* eða *grænn*. Samsetningar eins og *blóðgrænn* eða *grasrauður* væru mögulega eðlilegar á Mars eða í Kjánabæ en í okkar raunveruleika eru þessi fyrirbæri ekki með þeim lit og því koma þær ekki fyrir. Að því leyti geta þessar samsetningar sagt þónokkuð um merkingarsvið litahugtaka, að málfarar tengja saman lituð fyrirbæri og það litaheiti sem þeir telja eiga saman.

Eins og í samsetningum litar og litar (*Kafla 5.4.1*) er fátt um hlutasamsetningar með *appelsínugulur* og *fjólublár*, þó fleiri með *appelsínugulur*. Þar er *koparappelsínugulur* algengastur með 6 dæmi en einungis eitt dæmi fannst með *fjólublár*, sjá *Dæmi 5.40*.

5.40 *Það eru prýðileg meðmæli, hann málar fallega mynd af Reykjavíkurböfn og myndin er í miklu jafnvægi. Esjan og rósfjólubláir draumar í bakgrunni, bjartur sumardagur og gufuskipið er boðberi nýrra tíma. (MBL.87.41D.8)*

Mögulega er hinn rósfjólublái draumur málverksins vísun í texta lagsins sem á íslensku heitir Vorkvöld í Reykjavík, þar sem Akrafjall og Skarðsheiði eru „eins og

fjólubláir draumar“.³⁰ Málverkið sem um er rætt er eftir Gísla Jónsson (1878-1944), en á mörgum mynda hans er ljós fjólublár blær á fjarlægðinni.

Þegar kemur að samsetningum með *bleikur* fjölgar þeim þó nokkuð og þeim heldur áfram að fjölga eftir því sem ofar kemur á grunnlitaheitalistanum, rétt eins og sást í dreifningu listasamsetninganna í *Kafla 5.3*. Með *bleikur* eru blóm mjög áberandi: *rós-*, *fjólu-*, *sóleyjar-*, *hnoðra-*, *lilju-*, *tárablóms-* (e. *fuchsia*),³¹ sem og matur: *laxa-*, *hindberja-*, *jarðarberja-*, *kampavíns-*, *rauðvíns-* og *skinku-*. Andrúmsloftið sem fylgir þessum samsetningum með *bleikur* er yfirleitt fremur þægilegt og létt.

Nokkuð skiptir um andrúmsloft þegar komið er yfir í samsetningar með *brúnn*, því þó skemmtileg og þægileg orð eins og *súkkulaðibrúnn* (396 dæmi), *kaffibrúnn* (153 dæmi), *koparbrúnn* (186 dæmi) og *mosabrúnn* (57) séu þar í meirihluta er áberandi þar hópur miður ánægjulegra forliða: *ræpu-*, *skíta-*, *kúka-*, *leðju-*, *drullu-*, *ælu-*, *saur-*, *músaskíts-*, *mykju-*, *niðurgangs-*, *aur-*, *forar-*, *leysinga-* og *mor-*. Hinn brúni litur er því greinilega mjög tengdur við líkamsúrgang ýmis konar enda sá litur sem oftast birtist þar.

Ekki er mikið um blóm eða dýr í samsetningum með *brúnn* og engin blóm heldur með *grár*, enda grá og brún blóm sjaldgæf. Nokkur dýr komu við sögu í samsetningum með *grár*, svo sem: *úlf-*, *músa-*, *dúfu-*, *fíla-*, *finku-*, *hákarls-*, *hamstur-*, *katt-* og *gæs-*. Með *grár* er hins vegar mikið um stein og málm, eins og: *stein-*, *apal-*, *grafít-*, *granít-*, *hraun-*, *tinnu-*; og *silfur-*, *stál-*, *blý-*, *málm-*, *ál-* og *járn-*.

Í öllum þessum hópum hlutasamsetninga með litaorðum geta þær verið mjög almennar innan þess vísunarsviðs sem um er að ræða. Með samsetningum sem tengjast málmum má þar til dæmis nefna einfaldlega *málmgrár*. Þær geta einnig

³⁰ Í upprunalega textanum við lagið *Sjödala vals*, sem er eftir Evert Taube, er stefið sem endurtekið er í gegn um öll erindin „och se, så många blommor som redan slagit ut på ängen! Gullviva, mandelblom, kattfot och blå viol,“ svo hinir fjólubláu draumar eru alíslenskir, þó fjólan komi vissulega við sögu Everts.

³¹ Ýmsar útgáfur eru af þessari samsetningu með enska heitinu, *fuchsia* – *fúksiubleikur*, *fuchsiubleikur*, *fúsiubleikur* – sem speglar eina af aðalniðurstöðum Randalls Munroe í litarannsókni sem hann gerði á netinu árið 2010, sem auk „Ef þú biður fólk að nefna liti nógu lengi gengur það af göflunum,“ og „Gubb’ og ‘æla’ eru svo sannarlega litir,“ var „*Enginn* kann að stafa ‘fuchsia’,“ (2010). Mögulega var sá sem ákvað að nota íslenska heitið (*tárablóm*) búinn að fá nóg af því að reyna.

verið mjög sértækar og dæmi um slíka samsetningu sem tengist gráum lit og málmi sést í *Dæmi 5.41* þar sem íslensku sumri er lýst af mikilli andagift (þrátt fyrir öndunarörðugleika).

5.41 Íslenskt sumar er fullkomnað. . . þegar ég, sljónvgaður af frjóofnæmislyffum, moldugur upp fyrir haus með keðjusög í annarri og snýtubrэф í hinni, hálsbakaður í hægeldandi júlísól, með grillglampa í augum og bjórfroðu í nösum, kemst að því, um leið og sólin forðar sér í langtímasamband við **tjaldhælsgrátt** ský, að gasið er búið. (MBL.4.19/7SD.41)

Annars er sá samsetningahópur sem helst einkennir þessar hlutasamsetningar með grár samsetningar um veðurgráma, *Orðalisti 5.23* en einnig er vísað í annan hversdagsgráma í samsetningum eins og *steypugrár*, *sementsgrár* og *steinsteypugrár*.

ísgrár	hrímgrár	hélugrár	regngrár	þokugrár
kólgugrár	élgrár	hriðgrár	ímugrár	móstugrár
skýgrár	stormgrár			

Orðalisti 5.23: Veðursamsetningar með grár

Einhverjir forliðir með *grár* tengjast vatni, svo sem *sæ-*, *jökul-* og *dagg-*, en ekkert á við fjölda slíkra samsetninga með *blár* eins og gefur að skilja. Ýmsar útgáfur vatns koma þar við sögu, svo sem hinar almennu lind, lón, regn, dökk, héla, ís, klaki, hjarn, jökull, haf, sær, mar, sem og sértækari útgáfur: Vatnajökull, Laxá og Miðjarðarhaf. Á meðan grár er aðallega með málum er blár fremur kenndur við eðalsteina (*safir-*, *demant-*) og litarefni (*kóbalt-*, *metýlín-*, *brómópýmól-*). Ekki er mikið um blóm eða mat, einungis tvö af hinu fyrra (*lavender-/lavander-* og *sverðlilju-*), og fjögur af hinu seinna (*berja-*, *eggaldin-*, *plómu-*, *vínberja-*).

Færri hlutasamsetningar með *grænn* tengjast vatni (*sæ-*, *sjó-*, *haf-*, *ís-*, *sundlaugar-*) en fleiri eðalsteinum (*smaragðs-*, *jaði-/jöðu-*, *ópal-*, *safir-*). Eitthvað af miður skemmtilegum fyrirbærum tengjast einnig grænum lit, svo sem eitur, hor, æla, gall, slím, gubb og sýra, en þau falla algjörlega í skuggann af stærsta hópi hlutaheita með einu litaheiti sem tilheyra ákveðnu merkingarsviði. Það er gróðurtengdir forliðir með litaheitinu *grænn*, *Orðalisti 5.24* (bls. 282).

mosagrænn	170	ólífugrænn	101	hvanngrænn	84
grasgrænn	74	limegrænn	29	eplagrænn	27
slýgrænn	14	töðugrænn	14	túngrænn	12
laufgrænn	12	blaðgrænn	9	límónugrænn	9
sefgrænn	8	skógargrænn	8	gróðurgrænn	7
súraldingrænn	6	þangrænn	6	mosgrænn	6
kaktusgrænn	6	kálgrænn	4	kjarrgrænn	4
myglugrænn	4	viðagrænn	4	gróskugrænn	3
þaragrænn	3	brumgrænn	2	lynggrænn	2
pistasíugrænn	2	sítrónugrænn	2	sítrusgrænn	2
blómgrænn	2	avókadó-grænn	1	bygggrænn	1
edensgrænn	1	frumskógargrænn	1	garðagrænn	1
grenigrænn	1	grenitrésgrænn	1	liljugrænn	1
jarðgrænn	1	lystigarðsgrænn	1	paprikugrænn	1
plöntugrænn	1	salatgrænn	1	sítrusávaxtagrænn	1
spínatgrænn	1	steinseljugrænn	1	tómatgrænn	1
aldingrænn	1	þaragrænn	1	torfgrænn	1

Orðalisti 5.24: Gróðursamsetningar með *grænn*

Margar gróðursamsetninganna í *Orðalista 5.24* eru afbrigði af sama þema, svo sem *limegrænn*, *límónugrænn*, *súraldingrænn*, *sítrónugrænn*, *sítrusgrænn* og *sítrusávaxtagrænn*; *laufgrænn*, *blaðgrænn*, *skógargrænn*, *kjarrgrænn*, *brumgrænn*, *frumskógargrænn*, *grenigrænn* og *grenitrésgrænn*. Greinilegt er að græn litbrigði náttúrunnar eru málhöfum íslensku hugleikin og nærri allar vísanir sem birtast í samsetningum með *grænn* eru náttúruvísanir af þessu tagi.

Gulur tekur svo ógeðið upp um stig aftur með *hland-*, *eitur-*, *piss-/pissu-*, *ælu-*, *broddskitu-*, *drullu-*, *graftar-*, *lambaskíts-*, *ræpu-* og *saur-* en hefur einnig þónokkuð marga jarðefnatengda forliði eins og *okkur-*, *mó-*, *ryð-*, *raf-*, *brenni-*, *leir-*, *sand-*, *eir-* og *súlfúr-*, jafnt og mat úr ýmsum áttum á borð við sinnep, sítrónur, smjör, hunang, maís, brodd, vanillu, parmesan, apríkósar og ost. Sumar samsetningarnar með *gulur* eru svo mjög menningartengdar, eins og *drifskaftsgulur*, *skólabíls-gulur* og *svampgulur*, þó allir þeir hlutir hafi óneitanlega sinn einkennandi gula lit.

Þegar kemur að hlutasamsetningum með *rauður* draga tvær sig algerlega úr. Hingað til hafa algengustu samsetningarnar verið með tvö til fimm hundruð dæmi (t.d. *sinnepsgulur* – 236, *sólgulur* – 377, *silfurgrár* – 467, *himinblár* – 272, *steingrár* – 245, *súkkulaðibrúnn* – 396). Hins vegar er *eldrauður* með 7.899 dæmi, og *vínrauður* 9.050. Næst á eftir þeim koma *blóðrauður* og *appelsínurauður* með fjölda sem er nær hinum (476 og 396 dæmi).

Þrátt fyrir margvíslegar afleiðslutegundir eru því greinileg ákveðin mjög hefðbundin þemu. Hátt iðnaðarstig í íslensku málsamfélagi og miklar hraðar tækni framfarir virðast ekki geta breytt því að þau viðfangsefni sem málhafar velja sér í tileinkunum litaheita við umhverfi sitt eru fengin úr náttúrunni, veðrið og landslagið, líkamsstarfsemi, matur og drykkur eru þeim hugleikin. Hvert litaheiti, og þar með hver litur, fær þá ákveðið andrúmsloft. Blár er litur fjarlægðar og eilífðar en grár hins hversdagslega og drungalega. Rauður er blóð og grænn er gróandi, rétt eins og þeir virðast alltaf hafa verið.

Jafnvel þrátt fyrir að vera sett í mjög takmarkað samhengi nýttu málhafar þessi þemu í EoSS verkefnum (sjá *Kafla 4.5*) til þess að skilgreina þau litbrigði sem lagt var fyrir þá að nefna. Það er því greinilega til staðar sterk tilhneiging sem fólk hefur til að velja ákveðin svið raunveruleikans til að vísa í framar en önnur og sama skapi er fólk oft mjög hugmyndaríkt þegar það upphugsar sérstök samhengi.

5.4.5 *Samantekt*

Allt í allt sýnir skoðun á dreifingu litaorða með afleiðslum og í samsetningum að það sem virðist vera málfræðilega óreglulegt og stórkostlega fjölbreytt hefur einfaldar undirliggjandi merkingarlegar reglur sem málhafar fylgja.

Í afleiðslum birtist þetta í því að þær endingar sem fólk notar eru margvíslegar og eiga sér fjölbreytta sögu. Hvert litaheiti hefur safnað að sér, ef svo má segja, að því er virðist handahófskenndum hópi orðmynda en þegar að er gáð er eðli þeirra merkingarlega fábreytt. Hver ending fellur undir merkingarhlutverk sem málhafar nýta til þess að búa til þess ný orð, til dæmis ‘sá sem hefur eiginleikann X’ eða ‘að gera eitthvað X’. Eðli þessara afleiðsluendinga er annað en til dæmis í ensku sem nýtir sínar til þess að skilgreina litbrigði líkt og samsetningar (*yellowy*

‘gulum-líkur’). Enskan á hins vegar mjög takmarkað til af afleiðsluendingum til þess að búa til orð á borð við *brúnka*, *svertla*, *hvítungi*, *grænlingur* eða *blámi*.

Litasamsetningarnar eru gróflega eins og áttaviti og einsdæmi á meðal lýsing-arorða þar sem hægt er að stilla á milli lita með því hvað er sett saman: *rauðbrúnn*, *brúnrauður*, *rauðgulur*, *gulrauður* og svo framvegis. Hins vegar eru ákveðnar samsetningar valdar mun oft en aðrar og gefur sú skipting í skyn að mögulega sé um að ræða mettunartúlkun fremur en litamerkingu. Til dæmis að *rauðbrúnn* sé ekki ‘rauður brúnn’ heldur til dæmis ‘heitur/dökkur brúnn’ og *grábrúnn* á móti ‘litdaufur brúnn’.

Í þeim algengustu af eiginlegum mettunarsamsetningum sést mjög skýr skipting á milli þeirra eiginleika litar sem málhafar skynja: birtumagn og litmettun. Eins og með alla aðra orðahópa er hér um að ræða fáar almennar einingar eins og *ljós-* og *dökk-* á öðrum enda tíðniskalans og mjög sérstakar skilgreiningar á sjónrænum eiginleikum á hinum, eins og *flauels-* og *ösku-*. Þetta sýnir enn mikilvægi þess að taka með aðra eiginleika hugtaksins [LITUR] aðra en litbrigðið, því kerfi mettunarsamsetninga er alveg jafn öflugt og fjölbreytt.

Þegar kemur að hlutaheitum gæti virst að hægt væri að velja hvað sem er og sannarlega eru þau fyrirbæri sem vísað er í af ýmsum gerðum. Hins vegar er hér enn hægt að sjá ákveðin takmörkuð merkingarsvið sem fólk sækir ítrekað í. Náttúran, líkaminn, matur og drykkur eru gegnumgangandi í þessum samsetningum og sýna greinilega tengsl fólks við hið náttúrulega, þrátt fyrir að vera með nefið í símanum allan daginn.

Hitt sem sýnir svo hversu mikinn þátt litir eiga í lífi okkar er að það er varla sá hlutur í veröldinni sem ekki hefur verið kenndur við lit. Hvort sem það eru tónlistarmenn eða kvikmyndastjörnur, fata- eða leikfangaframleiðendur, hversdagurinn eða eilífðin, lífið eða dauðinn, það hefur lit. Eða ef það hefur ekki sjálft lit, þá finnum við bara einhvern sem passar. Í menningartengdum litasamsetningum er það engin hindrun að vera hugtak búið til úr litlausu lofti.

5.5 Menningarmyndir

Bæði Lucy og Wierzbicka telja að stór hluti merkingar litaorða komi ekki fram ef ekki er gert ráð fyrir því að skoða hvað það er í umhverfi fólks sem það nýtir til þess að skilgreina litbrigði. Það er að mörgu leyti rétt. Þegar búið er að skafa allar nánari skilgreiningar af þeim litaorðum sem teljast til grunnlitaheita er ekki mikið eftir. Sérstaklega ekki í máli eins og íslensku sem notar tiltölulega lítinn orðaforða til að tákna alla þá liti sem fyrir augu ber. Málhafar þurfa að nýta sér allar þær aðferðir sem málkerfið býður upp á til nánari skilgreiningar á þeim litum sem finnast í umhverfi þeirra.

Í grunninn er Wierzbicka sammála því að til séu algildi í merkingu orða, til dæmis ÉG/ÞÚ og EINHVER/FÓLK (Wierzbicka 1996, bls. 114–117), sem eru þá grundvöllur allra annarra hugtaka en telur að litahugtök séu ekki slík algildi. Þau algildi sem hún skilgreinir í sambandi við sjónræn einkenni kallar hún ekki algildi lita heldur algildi sjónar: munurinn á ljósi og myrkri, munurinn á bakgrunni og forgrunni og líkindi á milli hluta (sjá *Kafla 2.4.1*, bls. 38).

Með öðrum orðum, þegar búið er að fjarlægja alla menningarlega og málfræðilega þætti sem eru sérstakir fyrir hvert tungumál og hafa áhrif á hugtakaskiptingu málhafanna verða þessi þrjú atriði þau einu sem eru eftir á sviði sjónrænna eiginleika; óskiptanleg og undirstaða allra annarra hugtaka sem tengjast sjónrænum eiginleikum.

Það sem er áhugavert er ekki að þessi grunnhugtök séu áberandi í notkun íslenskra málhafa á litaorðum heldur fremur hvaða vísimið eru valin þegar þörf fyrir tjáningu slíkra hugtaka kemur fram. Þó að mettnar-, ljósmagns- og aðrar samsetningar sem taka greinilega á muninum á ljósi og myrkri, sem og mörgum öðrum sjónrænum eiginleikum, séu áberandi í samsetningum þá skipta meira máli þau greinilegu náttúrulegu viðfangsefni sem málhafar nýta til þess að skilgreina litbrigði.

Mikið af þessum viðfangsefnum er hægt að skilgreina sem bakgrunna (skógur, himinn, vatn, fjöll, jöklar) og figurúr í forgrunni (dýr, plöntur, matur, drykkur) en það er í hlutasamsetningunum sem það verður fullljóst hversu mikið málhafar virðast leggja upp úr tengslum við líkama sinn, skynjun sína og náttúruna í kring um sig almennt.

Einhverjar sérmennningarlegar einingar eru sjáanlegar og nokkuð meira í þeim samsetningum sem fjallað verður um í þessum kafla: tengslasamsetningar litar og hluta sem ekki bera þann lit, annað hvort vegna þess að raunverulegum (algengasta, dæmigerðasta) lit hefur verið skipt út fyrir táknrænan lit (*tyggjóblikur*, *barbíbleikur*) eða vegna þess að hugtakið er algerlega huglægt og hefur engan lit nema í ímyndun málhafanna (*hversdagsgrár*, *draumablár*). Náttúrutengslin eru þó einnig skýr í þeim tengingum þar sem hugtök eins og [FJARLÆGD] og [GRÓSKA] koma við sögu.

B&K ætluðu rannsóknum sínum aldrei að framkalla fullkomna lýsingu á merkingarsviðum litaorða en svo virðist að sá orðaforði sem fólk notar í slíkum rannsóknum (að minnsta kosti í íslensku) sé nokkuð lýsandi fyrir litaskilgreiningar almennt. Málhafar nota meira að segja menningartengdar samsetningar sem skilgreina sérstæð litbrigði sem þeir eru beðnir um að gefa nafn þó umgjörð þeirra verkefna sem þeir framkvæmdu hafi verið hönnuð til þess að losna undan menningaráhrifum.

Þrátt fyrir að eitthvað sé um samsetningar sem hafa að merkingu sinni lit hlutar sem er mjög tengdur menningu málhafa, svo sem *strumpablár* og *póstkassarauður*, og þar af leiðandi illskiljanlegar án útskýringa ef vísun er ekki þekkt, eru einnig fjölmargar sem ná yfir bæði tíma og landamæri, eins og *jaðigrænn* og *fílabeinshvítur*. Þetta eru hlutir sem málhafar hafa jafnvel aldrei séð í raun og veru en hafa mögulega orðið einhvers konar íkon fyrir ákveðinn lit eða hugmynd um lit.

Hins vegar eru þeir hlutar umhverfisins sem málhafar velja til að kenna liti við mjög greinilega af ákveðnum sviðum: ávextir (appelsínur, apríkósur, fíkjur, hindber, jarðaber) og annar matur (skinka, súkkulaði, hunang, kleinur) og drykkur (mjólk, kaffi, kakó, koníak); jarðefni (leir, sandur, aska, vikur), málmar (gull, silfur, kopar, járn); og blóm (fífill, rós, fjóla, lilja) og aðrar plöntur (sina, sef, þang, mosi). Einnig náttúrufyrirbæri (sól, tungl, himinn, haf) og veður (stormur, él, þoka, snjór). Það virðist því vera að þrátt fyrir að hinn vestræni nútímaheimur sé ráðandi afl í lífi nútímamálhafa íslensku séu náttúruleg fyrirbæri þeim ennþá mjög nærstæð.

Örstutt skoðun á þeim litaorðaforða sem kom fram í enskuafbrigðunum tveim í EoSS og skyldum rannsóknum (sjá *Kafla 4*) sýnir að svipuð þemu eru ráðandi þar einnig: matur, náttúruafbrigði og lífverur, *Orðalisti 5.25* (bls. 287).

curry	‘karrý’	brulee	‘brennd sykurhúð’
celery	‘sellerí’	lime	‘súraldin’
peach	‘ferskja’	cranberry	‘trönuber’
grape	‘vínber’	mustard	‘sinneþ’
burgundy	‘búrgúndarvín’	aubergine	‘eggaldin’
olive	‘ólífa’	mint	‘mynta’
charcoal	‘viðarkol’	clay	‘leir’
gold	‘gull’	bronze	‘brons’
stone	‘steinn’	copper	‘kopar’
ochre	‘okkur’	rust	‘ryð’
terracotta	‘leirker’	slate	‘flöguberg’
cobalt	‘kóbalt’	coral	‘kórall’
jade	‘jaði’	amber	‘raf’
emerald	‘smaragður’	pearl	‘perla’
eggshell	‘eggjaskurn’	seafoam	‘sjávarfroða’
lilac	‘lilja’	lavender	‘lofnarblóm’
rose	‘rós’	orchid	‘brönugras’
violet	‘fjóra’	salmon	‘silungur’

Orðalisti 5.25: Litaheiti tengd náttúru úr ensku

Þegar kemur að samsetningum sem kallast tengslasamsetningar, það er þegar litir eru tengdir við hluti eða hugtök sem ekki hafa lit eða ekki sama lit og vísað er í, verða fyrirbærin fjölbreyttari sem tengdir eru við litina. Þeir hlutir sem hér um ræðir eru ekki endilega huglægar hugmyndir eins og til dæmis eilífð eða hversdagsleiki heldur getur verið um að ræða tengingu við eitthvað sem hefur lit en liturinn sem er þeim tengdur er ekki sá sami. Sem dæmi má nefna *barnablár*, ljósblár litur sem oft er notaður á ungbarnaföt, *hermannagrænn* sem er litur feluklæða hermanna og *tyggjobleikur* þar sem ákveðið afbrigði fyrirbærisins hefur eignað sér litavísunina.

Tíðni og hegðun þessara samsetninga er þó svipuð og í hinum flokkunum þar sem eldri litaorðin hafa fleiri tengingar en þau yngri og þar af leiðandi tíðari samsetningar og fleiri sérstæðar samsetningar. Þar sem um er að ræða merkingarbreytingar, til dæmis í sambandi við *bleikur*, koma einnig fram samsetningar sem

vísa í eldri merkingar (*dularbleikur, haustbleikur*) jafnt og þær yngri (*barbíbleikur, prinsessubleikur*).

Annað sem kemur fram er hvernig mismunandi litir tengjast mismunandi andrúmslofti eftir því hvaða tengsl málhafar hafa við litinn. Þannig er grár kaldranalegur og leiðinlegur — *helgrár, hversdagsgrár, hrollgrár, feigðargrár* — á meðan blár teygir sig til himins, til hins óræða og hins dularfulla — *draumablár, fjarskablár, ævintýrablár, kvöldblár, stjörnuablár, sveitablár*. Menningartengdar samsetningar með *blár* eru líka mun algengari heldur en með hinum grunnlitaheitunum.

Græni liturinn hefur jarðbundnari tengingar — *skrúðgrænn, nesjagrænn, skotagrænn, húmgrænn* — og gulur sækir tengingar í ýmsar áttir — *rallígulur, páskagulur, skagagulur, kvöldgulur* — sem og rauður — *jólarauður, áfallarauður, pósthúsrauður, vampírurauður* — og svo framvegis. Málhafar grípa til þess sem þeim er hugleikið þegar tjá þarf ákveðin hughrif með litum.

Þegar menningartengsl við liti eru skoðuð er því mikilvægt að vera vakandi gagnvart sögu og umhverfi þeirra hugtaka sem eru tengd við litahugtökin, það snýst allt um ákveðið samhengi. Þrenns konar samhengi eru hér mest áberandi, *Kennisetning 5.4* (bls. 288).

Áhrif milli menningarsamfélaga Stór hluti þeirra tengsla sem hægt er að telja til sértækra menningarfyribæra eru upprunnin í öðrum menningar- og málsamfélögum.

Undirhópar menningarsamfélags Í hverju málsamfélagi finnast fjölmargir hópar málhafa sem nýta annan orðaforða en málsamfélagið almennt.

Hugarheimur einstaklingsins Mikið af þeim orðaforða sem finnst í málögögnum er tilfallandi nýsköpun einstaklings á hugtakasamböndum sem hafa ekki tengingu við hina almennu merkingu sem finnst í málsamfélaginu. Oft og tíðum er merking þessara myndana upp á túlkun hvers og eins lesanda komin.

Kennisetning 5.4: Félagsleg samhengi í merkingartengslum lita

Margir hlutir koma við sögu í skoðun á menningartengslum sem hægt er að kalla sérstaklega íslenska eða dæmigerða fyrir íslenskt menningarsamfélag: sauðir og hrafnar; fannir og mjallir; hundasúrur, víðir og sóleyjar; smjör, taða og þang; þjóðsögur og skammdegi; sjálfstæðismenn og bændur. Hins vegar eru þau mjög fá menningarsamfélögin sem fyrirfinnst í fullkominni einangrun og

Þrátt fyrir að málfarar íslensku eigi heima á eyju í miðju Atlantshafi koma einnig fyrir í máli þeirra mikill fjöldi vísana í fyrirbæri sem eiga uppruna sinn í öðrum menningarsamfélögum: aprókósur, kirsuber, eggaldin og plómur; tómatsósa og tombólur; hindber og kampavín; flæmingjar, kaktusar, vampírur og rallí; Barbie, Paris Hilton, Mjallhvít, Yves Klein og Justin Bieber.

Eftir því sem fjarlægð á milli menningarsamfélaga minnkar með auknu upplýsingaflæði og tækninýjungum hækkar tíðni vísana í ‘erlend’ fyrirbæri. Eftir því sem samfélagið þróast breytast þessar vísanir og þróast. Sumar festast en aðrar eru loftkenndari og lifa einungis í stuttan tíma. Af þeim eru nýjustu menningarsmitin þeim eldri jafnvel óskiljanleg en á móti kemur að þau minni sem eru horfin lifa einnig í huga þeirra og eru þeim yngstu algjörlega hulin. Eins og ungviði nútímans hefur Bieber-bláan gæti höfundur allt eins átt Marky Mark-bláan sem væri þeim sem eru yngri alveg jafn torræð vísun og hinn Bieber-blái er þeim sem eldri eru.

Þegar öllu er á botninn hvolft er hægt að spyrja hversu mikið af hugarheimi menningarsamfélags sé raunverulega einangrað afsprengi þess eins fremur en samsuða minna, vísana og tengsla við önnur samfélög í gegn um uppeldi, menntun og reynslu málfarfanna sem mynda það.

Innan málsamfélaganna sjálfra virðast litaheitin einnig vera það svið merkingar sem fólk hefur hvað mest frjálstræði til að leika sér með hugtakatengsl án þess að gerast ljóðskáld. Þetta sést hvergi betur en í þeim orðaforða sem tengist málningu og skyldum hýbýlaskreytingum, *Orðalisti 5.26*.

merkúrgrátt	frægrænt	anno 2011	hunang	mímósa
kreppugrátt	fjarðablár	afrika	lífslómið	krýsuvík
kúltúrbrúnt	skuggabrúnt	dulblátt	Þingvellir	dökk roði

Orðalisti 5.26: Dæmi um heiti á málningarlitum

Segja má að í *Orðalista 5.26* mætist allir þrír þættir þessara sérstæðu samfélags-samhengja: utanaðkomandi áhrif (til dæmis hin ‘enska’ nafngiftaaðferð að nýta beint hlutanöfn), sérstæður orðaforði samfélagshóps og einstakar myndanir sem einstaklingar geta túlkað og þurfa að túlka út frá sínum sjónarmiðum. Hver einstaklingur hefur orðaforða og merkingartengsl sem enginn annar hefur og oft er einstaklingsmunur innan úrtaks meiri heldur en munur á milli málsamfélaga

Þegar búið er að jafna út einstaklingsáhrifin (sjá *Kafla 4.4–4.5*). Jafnvel þegar upplýsingar eru takmarkaðar eins og í EoSS og skyldum rannsóknum koma hugtök og tengsl einstaklingsins skýrt fram í myndunum eins og *djammdökkbleikur*, *ispinnagrænn*, *grámosóttur*, *fótboltavallargervigrasgrænn*, *hvítlillaður*, *naglalakka-bleikur*, *kúkaljósbrúnn* og *húðbleikur dauðans*. Þegar allt kemur til alls er það einstaklingsins að læra og nota málið og orðaforðann og túlka og tjá hugtök og hugmyndir sínar. Þá verður til ákveðinn hugarheimur sem mótaður er af málsamfélaginu í heild með öllum sínum hefðum, nærsamfélagi málhafans og uppeldi og þeim tengingum sem einstaklingurinn hefur myndað sér í þessu umhverfi. Í tilfelli Íslendinga virðist sá heimur einkennast af sterkum náttúrumyndum sem kryddast hér og þar af víðara samhengi nútímans.

Þegar drifskafsgul sól vermir Deutzgræna jörð

og í dölunum fuglarnir sveima.

Þegar vorblærinn andar um Fordbláan fjörð;

Hvað er fegurra en sveitin mín heima?

–Hjörleifur Hjartarson

5.6 Samantekt fimmta kafla

Í daglegu amstri málhafa eru málleg og menningarleg samhengi þeirra orða sem þeir nota óteljandi. Málfræðilega eru litaorð mjög fjölbreytt og fjölmörg ferli eru til staðar til þess að nýta til tjáningar hugtaka og hugmynda og oft hægt að velja úr mörgum til að þjóna sama tilgangi. Þrátt fyrir margvíslegar orðmyndunaraðferðir eru greinileg mynstur í byggingu litaorðaforðans. Litill hluti hans er notaður tiltölulega mest en allt að helmingur þeirra einstöku orða sem finnast í málheildum kemur einungis einu sinni fyrir. Þetta kallast á við hugmyndina um hinn afmarkaða grunnorðaforða litanna. Á öðrum enda skalans eru algeng orð sem hafa sterkan merkingarkjarna og stöðugar vísanir en á hinum endanum er fjöldinn allur af einstökum myndunum sem eru loðnar að gerð og þokukenndar í merkingu, jafnvel innan þess samhengis sem þær voru skapaðar.

Þær samsetningar eða dreifingarsamhengi sem raunverulega segja eitthvað um merkingu litaheita og litahugtök eru stillingasamsetningar þar sem ákveðin

hugtök eru notuð til þess að skilgreina nánar þau litbrigði sem um ræðir. Þetta eru samsetningar með öðrum litaheitum sem skilgreina ákveðnar stefnur á átta-vitalíkum litahringnum. Samsetningar með hugtökum sem tengjast eðli lita og sýna innsæi málfaha á eðli þeirra. Þær víddir litanna sem oftast eru skilgreindar eru birtustig og metnun og samsetningar þar sem hlutur með ákveðnum lit er notaður til þess að skilgreina ákveðið litbrigði.

Þrátt fyrir hátt iðnaðarstig samfélagsins eru málfahafar enn mjög tengdir náttúrunni í vali sínu á þeim hugtökum í umhverfi sínu sem þeir velja að tengja við liti. Annars er hægt að skipta menningartengdum litasamsetningum í þrennt eftir uppruna: menningarfyrirbæri úr öðrum málsamfélögum, menningarfyrirbæri úr undirhópum málsamfélagsins og menningarfyrirbæri einstaklingsins.

Afleiðslur, samsetningar og menningarvísanir eru allt ákveðin samhengi; málfræðilegt og málsamfélagslegt, burtséð frá þeim samhengjum sem hver myndun fyrir sig býður upp á: rauður í samhengi eplalitar, gulur í samhengi sólar og svo framvegis. Þessum tengingum er svo hægt að breyta með því að setja þau í enn annað samhengi. Ofan á þetta bætist svo sögulegt samhengi, til dæmis í sambandi við merkingarbreytingar, sem og varðandi það umhverfi sem til staðar er þegar ákveðnir textar eru ritaðir. Hvaða ár er þegar samhengi er skapað getur haft mikil áhrif á það hvernig það er túlkað. Mögulega er hægt að segja að í hvert sinn sem orð er notað skapist nýtt samehengi, hvort sem orðið er notað einu sinni eða tuttugu þúsund sinnum. Það sem málfafi gerir í hvert skipti sem hann notar málið er að túlka það sem hann heyrir í því samhengi sem hann er staddur og reynir að giska á það samhengi sem hinn aðilinn er staddur í og er að reyna að tjá. Það þýðir að túlkun og 'rangtúlkun' á sér stöðugt stað í málnotkun, bæði samkvæmt samfélagslegri nærtækni í hvert skipti (allir túlka samband orðs og merkingar á sama hátt hvort sem það samband hefur breyst eða ekki) eða með hliðrun og aðlögun jafn óðum.

6. Niðurstöður

Ef sýnt hefur verið fram á eitthvað í þessari rannsókn á íslenskum litaorðum þá er það sú staðreynd að tungumál er flókið fyrirbæri og hægt að líta á það frá mörgum hliðum. Það gerir viðfangsefnið að mörgu leyti mun meira spennandi en vandamálið er að flestar rannsóknir og þar af leiðandi málrannsóknarstefnur ein-skorða sig við þá hlið sem þykir þægilegust eða áhugaverðust eða skemmtilegust og úr verða margvíslegar og misvísandi kenningar.

Í þessu riti voru hafðar til hliðsjónar tvær andstæðar kenningar, vitsmunahygga og afstæðishygga, og í *Kafla 6.1* verður farið stuttlega yfir þær aftur og skoðað hvað þær höfðu til málanna að leggja í þessari rannsókn og öðrum sem á undan hafa farið og eru grunnur þessarar rannsóknar.

Báðar kenningarnar taka á mikilvægum hlutum í merkingu og orðnotkun en niðurstaða rannsóknarinnar er í mjög stuttu máli sú að í grunninn er um að ræða afmarkaðan hóp kjarnahugtaka sem byggðir eru á vitsmunaúrvinnslu litaskynjunar sem eru grundvöllur fyrir frekari útfærslur á jöðrum litahugtakanna sem og annarra hugtaka í mál- og menningarlegu samhengi. Fjallað verður um helstu niðurstöður varðandi merkingarkjarna í *Kafla 6.2* en samhengið og áhrif þess verða skoðuð í *Kafla 6.3*.

Að lokum verða dregnar saman helstu niðurstöður almennt í *Kafla 6.4*.

6.1 Rannsóknarsjónarhorn

Þegar nýjar rannsóknir eru framkvæmdar fylgja þær oftast einni stefnu eða kenningu og þó að það sé til síðs að kinnka kolli til andstæðra kenninga í fræðilegum skrifum virðist tilgangur þeirra oftast vera sá að sanna að þeir sem rannsóknina gera séu á réttum vegi þangað sem ætlunin er að fara en ekki á hraðleið út í næstu mýri. Þá vill oft verða svo að fólk eltir GPSið á hundrað á áfangastað en missir af öllu landslaginu á leiðinni.

Til þess að forðast að lenda í einstefnugötu voru valdar tvær andstæðar leiðarlýsingar til þess að fara í þessa ferð um land litaorðanna í íslensku. Annars vegar afstæðishyggjan (sjá t.d. Forster 1998; Kuhn 2000) sem leggur áherslu á kerfislægan mismun tungumálanna og hins vegar vitsmunahyggjan sem hugar fremur að hinni almennu skynjun og hugrænni úrvinnslu (sjá t.d. Chiang og Wynn 2000; Sperber 2001). Nú við ferðalok er ljóst að ekki er í fljótu bragði hægt að segja að önnur hvor þessara kenninga hafi sérstaklega sigrað í baráttunni um réttustu kenninguna, enda margir séð ástæðu til að reyna að sætta þessar tvær hliðar (sjá t.d. Payne 2003; Regier, Kay og Khetarpal 2007; Malt og Majid 2013)

Hin ellefu grunnlitaheiti sem B&K skilgreindu — *svartur, hvítur, rauður, gulur, grænn, blár, brúnn, grár, bleikur, fjólblár* og *appelsínugulur* (*Kafla 2.2*) — skipa stóran sess í málnotkun; hvort sem um er að ræða afmörkuð rannsóknarverkefni (*Kafla 4*) eða almenna texta (*Kafla 5*). Hér ber þá einnig að hafa í huga að þó að B&K hafi skilgreint ellefu grunnlitaheiti og hafi bæði endurskoðað kenningar sínar og sýnt fram á nokkurn sveigjanleika í þessum þróunarferlum (sjá t.d. Dedrick 1996) er það ekki heldur endilega endanleg niðurstaða í þróuninni þó reynt hafi verið að kasta rýrð á hugmyndir þeirra með því að sýna fram á að einhver tungumál gætu haft fleiri en ellefu grunnlitaheiti (Özgen og I. Davies 2009; Benczes og Tóth-Czifra 2016).

Sjónaralgildi Wierzbicku — [DIMMUR] - [BJARTUR], [GRUNNUR] - [FÍGÚRA] og [EINS-ÖG] (*Kafla 2.4.2*) — eru einnig áberandi í málinu (*Kafla 4.6*) og grunnlitaheitin og sjónaralgildin eru hvort tveggja vitsmunaleg aldildi eða svo gott sem. Hins vegar eru menningaritökin sem Wierzbicka leggur álíka áherslu á líka áberandi (*Kafla 2.4.2, Kafla 5.5*) og ýmis sérstæð notkunarmynstur kom fram með málnotkunarskoðun að hætti Lucy (*Kafla 2.4.1, Kafla 5.3*); hvort tveggja skólabókardæmi um mállegt afstæði.

Sjónarhorn vitsmunahyggjunnar á merkinguna einkennist af áherslum á skynjun og sálfræðileg ferli sem grunn þess sem seinna verður að merkingu orða í huga málhafa. Rannsóknaraðferðir þeirra sem leita sannleikans undir regnhlíf hennar, svo sem EoSS rannsóknin (*Kafla 4*) eru því oft í anda sálfræðirannsókna og styrkurinn felst í því að þá afhjúpast ferli og hliðarmerkingar sem liggja djúpt í huga málhafans jafnvel áður en nokkurt tungumál kemur við sögu, til dæmis hvernig málhafar skipta upp litrófinu (*Kafla 4.6.2*). Veikleiki þessara rannsókna er þá á móti að það sem gerist þegar eiginleg málnotkun á sér stað í kjölfar hinnar

hugrænu úrvinnslu — nýmyndun orða, beygingar, túlkun og svo framvegis (*Kaflí 5*) — verður útundan og gleymist.

Sem viðfangsefni vitsmunahyggjunnar er hugtakið [LITUR] einkar áhuga-vert þar sem það fyrirbæri sem í almennu máli kallast litur verður ekki til fyrr en við skynjum það, alveg eins og hljóð er ekki raunverulegur eiginleiki hlutar heldur viðbrögð líffæris við áreiti sem framkallar ákveðna skynjun (*Kaflí 2.1*). Það eru margvíslegar leiðir til þess að skilgreina merkingu og merkingartengsl (sjá t.d. Cruse 1986; Van Brakel 1993) en í þessari umfjöllun er byrjunarreiturinn vitsmunamegin við línuna sú ályktun að einsleit skynfæri mannfólksins framkalli einsleit hugtök, í þessu tilfelli ákveðin grunnhugtök í skiptingu litrófsins (*Kaflí 2.2*).

Það sem vitsmunahyggjuaðferðirnar geta dregið fram eru þá þeir grunnhópar sem fólk skilgreinir sem litahugtök (grunnlitaheiti) en aðrar upplýsingar um notkun þessara grunnheita eru af skornum skammti fyrir utan þær myndanir sem fólk nýtir sér við að merkja nakin litbrigðin. Þrátt fyrir takmarkað samhengi og einangrað umhverfi nýta þátttakendur samt ýmsar vísanir út á við, í hluti og fyrirbæri í þeirra daglega lífi sem þeir tengja við þá liti sem voru settir fyrir þá til að nefna (*Kaflí 4.5*).

Fyrir vitsmunahyggjuna er það sem skiptir höfuðmáli þeir almennu hugtakakjarnar sem hægt er að sýna fram á að séu mjög líkir á milli tungumála, skyldra og óskyldra, hvert sem menningarsamhengið kann að vera. Saga íslensku (*Kaflí 3.1*), vesturíslensku (*Kaflí 3.2*), ÍTM (*Kaflí 3.3*) og ensku (*Kaflí 3.4*) er ólík og menningarumhverfið mjög mismunandi en samt eru hinir almennustu merkingarkjarnar mjög líkir (*Kaflí 4.4.2, Kaflí 4.5.2, Kaflí 4.6*).

Í samhengi litahugtaka eru það grunnlitaheitin ellefu sem hægt er að skilgreina út frá þeim gögnum sem verða til í rannsóknum á borð við EoSS, hin loðnu og óljósu landamæri hugtakanna og fjölbreytt notkun merkimiðanna fá hér ekki neinn vettvang. Að minnsta kosti ekki ef til dæmis kenning B&K um grunnlitaheiti og eðli þeirra er tekin sem hin eina og endanlega skilgreining á merkingu litaorða.

Samkvæmt afstæðiskenningunni hins vegar er merking orða í notkun þeirra, málfræði, og menningarbakgrunni. Þar kemur sálfræðileg úrvinnsla skynjunar ekkert við sögu því sálfræðileg úrvinnsla hefur ekkert með málfræði að gera (*Kaflí 2.4*). Þær aðferðir sem fylgjendur afstæðishyggjunnar eins og Lucy nýta eru

Þá fremur textarannsóknir sem greina málkerfið og menningarumhverfið sem málfarar nota og hrærast í (*Kafla 2.4.2*). Á því græða afstæðisrannsóknir innsæi í samspil orða og merkingar og hvernig málfarar mismunandi tungumála nýta oft alls ólíkar aðferðir til þess að tjá það sem þeim býr í huga. Sem dæmi má nefna hinar alls ólíku nýmyndunaraðferðir sem eru til staðar fyrir málfara íslensku og ensku þar sem íslenskumálfarar nýta nærri eingöngu samsetningar á borð við *raugðulur* og *fagurblár* en enskan tekur upp hlutaheiti eins og *cream* eða *salmon* nærri ótakmarkað (*Kafla 4.5*). En hér tapast aftur á móti það sem liggur að baki málinu, skynjun og upplifun málfarans af heiminum sem hann býr í og kýs að tjá, því innsæi málfarans er einnig ónýtanlegt samkvæmt þeim sem aðhyllast formgerðarstefnur af þessu tagi.

Þar sem afstæðishyggjan kemur að tungumálinu ofan frá, ef svo má segja, er það sem fyrst blasir við þegar kemur að hugtakinu [LITUR] fremur óreiðukennt samansafn orðaforða sem virðist alls óskyldur á milli tungumála, einnig skyldra mála og jafnvel innan sama máls (*Kafla 5*). Það gerir fyrirbærið áhugavert að því leyti að mismunandi menningarhópar hafa mismunandi tengingar við liti og önnur sjónræn einkenni sem stjórnast af menningarsögu þeirra og því málumhverfi sem þeir lifa í (*Kafla 3*). Niðurstaðan afstæðismegin við línuna er því sú að margvísleg mál- og menningarsamhengi mannfólks búi til jafn mörg merkingarkerfi og til eru tungumál. Líkt og vitsmunahyggjan fer ekki alveg út á jaðar alheimsmálfræðinnar (*Kafla 4*) eru fæstir afstæðishyggjumenn eins stórorðir og Joos sem oft er vitnað í þegar afstæðishyggjuna ber á góma: „tungumál geta verið ólík án takmarka bæði hvað varðar umfang og stefnu“ (Joos 1966) en efasemdir afstæðismanna eins og John Lucy um ágæti aðferða vitsmunahyggjunnar eru miklar (*Kafla 2.4.2*).

Það sem aðferðir afstæðishyggjunnar draga fram eru þá hin smærri hugtök og skilgreiningar lita sem eiga merkingaruppruna í því umhverfi og þeirri málhefð sem málnotandinn hrærist (*Kafla 3*). Þau textagögn sem safnað var með vísun í aðferðafræði John Lucy til að skoða mállegt samhengi orðanna eru mikil og fjölbreytt og sýna greinilega þann mun sem er á tungumálum þegar kemur að smærri skilgreiningum, svo sem orðaforða á jöðrum stærri hugtaka (*Kafla 4.6*), og málfræði, eins og beygingaflóru íslenskunnar (*Kafla 5.2*) en ekki er búist við að finna nein almenn hugtök eða mynstur sem geti átt við öll tungumál.

Í athugun á textagögnum koma einnig við sögu greiningar Wierzbicku á frum-

merkingargildum, það er að segja skilgreiningar hennar á hinum sjónrænu algildum [DIMMUR] - [BJARTUR], [GRUNNUR] - [FÍGÚRA] og [EINS-OG] (*Kaflí 2.4*). Samkvæmt henni þarf að greina þessi gildi kerfisbundið úr málnotkunargögnum því þau séu falin á bak við málfræði- og menningarafbrigði hvers tungumáls. Þrátt fyrir að hafa ekki gert eiginlega merkingargreiningu að hætti Wierzbicku, það er að skilgreina nákvæmlega merkingu hvers orðs og smætta svo merkingarskilgreiningarnar niður þar til ekki er hægt að skilgreina hugtakið, komu samt fram reglulegar og kerfibundnar vísanir inn á við í eðli litanna sjálfra sem byggist á þessum frummerkingargildum – ljósmagni og mettun, bakgrunni og forgrunni og líkindum – þrátt fyrir að þessi málfræðilegi hluti virðist við fyrstu sýn vera hreint öngþveiti og glundroði (*Kaflí 5.4*).

Fyrir afstæðishyggjuna er það eina sem skiptir máli þessi mikla fjölbreytni sem sést í skilgreiningum smærri hugtaka en mjög oft eru þessar minni einingar flísar úr stærri og almennari hugtökum sem eru mun líkari á milli mála (*Kaflí 4.5*). Í samhengi litahugtaka eru það málfræðileg hegðun orðanna sjálfra og þau margvíslegu málfræði- og menningarferli á borð við beygingar og afleiðslur sem hafa áhrif á það hvernig þau eru myndað og samansett og þar af leiðandi hver merking þeirra er (*Kaflí 2.4.2*). Hitt er almennt látið liggja milli hluta hvort nokkur þessara hugtaka hafi mögulega almennari og einsleitari kjarna sem hægt sé að rekja í gegnum skyld hugtök sem hópa sig í kring um þá, svo sem hlutverk hugtaksins [RAUÐUR] í öðrum sértækari heitum (*Kaflí 4.5*) eða skilgreiningum öðrum, til dæmis á orðunum *bleikur*, *appelsínugulur* og *fjólublár* (*Kaflí 4.6.3*, *Kaflí 5.4.2*).

Þegar litið er til afmarkaðra hliða merkingar kemur í ljós að mikið af mótælum afstæðishyggjufólks eins og Lucy og Wierzbicku við vitsmunahyggjuni og öðrum merkingarfræðilegum kenningum, svo sem staðalímyndakenningunni sem lætur sér fátt finnast um hvar nákvæmlega hugtök skiptast, eiga sér rætur í ákveðinni hræðslu við ‘óskilgreinanleg hugtök’. Það er skiljanlegt í tilfelli Wierzbicku sem telur merkingu byggjast á því að hægt sé að skilgreina hugtök nákvæmlega (*Kaflí 2.4.1*) og einnig vegna þess að til dæmis samkvæmt Lucy getur merking orðs ekki byggst á ósýnilegum hugrænum hugmyndum sem ekki er hægt að festa í málfræði (*Kaflí 2.4.2*). Það sem afstæðishyggjufólk hnýtur þá um er hugmyndin að þessi loðnu landamæri hugtaka verði til þess að einungis sé hægt að skera úr um það hvar þau skiptast af handahófi í þeirri samhengis- og málfræðigreiningu sem það telur nauðsynlega og hér verða jaðareinstaklingar

stærri hugtaka á borð við [BLÁR] og [GRÆNN] alltaf til vandræða því hver ætlar til dæmis að skera úr um það hvort [TURQUOISE] sé blár eða grænn? Þess vegna er gerð krafa um þessar formlegu málfræði- og samhengisrannsóknir en það sem þær hafa leitt í ljós er að jafnvel þegar um er að ræða algengt og að því er virðist auðskilgreinanlegt orð eins og *rauður* er oft ógerlegt að segja til um það hvað það merkir að fullu í raun og veru (*Kafla 2.1, Kafla 2.2.1, Kafla 2.2.3, Kafla 3.2.2, Kafla 4.4, Kafla 4.5.2, Kafla 4.6, Kafla 5.3.3, Kafla 5.4, Kafla 5.5*).

Að mörgu leyti hafa vitsmunahyggjan og afstæðishyggjan báðar margt gagnlegt til málanna að leggja því að hvort sjónarhorn um sig varpar ljósi á sérstæða hlið merkingar og merkingarþróunar. Kjarnahugtökin koma fram í málinu smám saman meðfram samfélagsþróun og ekki er útilokað að sú þróun haldi áfram fram yfir það sem hingað til hefur verið miðað við sem lágmarksfjölda litahugtaka til þess að ná yfir allt litrófið. Þrátt fyrir að B&K hafi einungis skilgreint ellefu grunnlitaheiti gefur til dæmis styrkleiki *turquoise* í ensku til kynna að á jöðrum þeirra litahugtaka sem nú eru skilgreind sem grunnlitahugtök geti komið fram fleiri slík (*Kafla 4.6.2*). Áberandi í þessari þróun eru færslur orðamerkinga á milli þess að vísa aðallega í mettnun og tengd sjónræn einkenni yfir í að vísa aðallega í litbrigði en einnig gengur þessi þróun til baka í ákveðnum samhengjum eða að þessi sértæku samhengi laða fremur fram þá mettnarmerkingu sem er hliðstæð litbrigðinu (*Kafla 3.1.2, Kafla 5.4.1*).

Í málþróuninni sjálfri safnast upp orð, orðmyndir, nýmyndanir, beygingar og afleiðslur sem breiða sig út yfir mun fábreyttari og einfaldari merkingarbreytur. Til dæmis endingarafbrigðin *-ingi, -ingur, -ungi* og *-ungur* sem öll hafa sama merkingartilgang auk fjölda annarra (*Kafla 5.2*). Í þessum orðum og þá sérstaklega samsetningunum birtast margvíslegar vísanir í umhverfi og menningu málhafa, svo sem *himinblár* og *helbleikur* sem einnig hafa safnast í gegn um sögu bæði málhópsins sem notar þær og einnig annarra málsamfélaga í gegn um samspil og þróun málhópanna, til dæmis *filabeinshvítur* og *jaðigrænn*. Í þessu samhengi eru einnig ráðandi einfaldari mynstur náttúruvísana sem eru gegnumgangandi þrátt fyrir hátt iðnaðar- og tæknistig málsamfélagsins, það er vísanasvið eins og blóm, jarðefni og matur standa fyrir stóran hluta þeirra vísana sem finnast með litaheitum (*Kafla 5.5*).

6.2 Kjarnar og jaðrar hugtaka

Hugmyndin um kjarna hugtaka eins og B&K setja hana fram er náskyld kenn-ingunni um merkingaralgildi. Hún byggist á því að einhver hugmynd sé sú sama hvar sem hún kemur fyrir. Líkt og [1=1] er alltaf satt er hægt að finna hugtak [X] með sömu merkingu í huga hvers manns líkt.

Það má líta á það frá því sjónarhorni að algildi séu þau hugtök sem eru næst skynjun einstaklingsins eins og hún er sameiginleg öllum mönnum, til dæmis það sem talið er vera hið fyrsta eiginlega hugtak: [ÉG]. Eftir því sem hugtakið er fjarlægara einstaklingnum því ólíklegra er það til að vera algildi en möguleg líkindi á milli málsamfélaga byggjast þá á sameiginlegum menningargildum. Það er að segja að hugtök sem snerta hvern málfafa fyrir sig í daglegu lífi hans svo sem líkamahugtök, áferðarhugtök, hljóð, litir og slíkt byggja meira á hinum sameiginlegu skynfærum og eru þá líklegri til þess að vera lík eða algild á milli málsamfélaga, jafnvel þó menningar- og máláhrif komi þar einhver ofan (Hardin og Maffi 1997).

Í EoSS rannsókninni og þeim rannsóknum sem fylgdu því verklagi kemur þetta fram í því að hugtök nálægt einstaklingnum á borð við [RAUÐUR] (litaskynjun) eða [HÖND] (stöðu- og hreyfiskyn) eru líkari á milli ólíkra hópa en hugtök sem eru fjær eins og [DISKUR] eða [BOLLI] eru ólíkari vegna mismunandi sögu og menningarhefða (sjá t.d. Whelpton 2018). Sem dæmi má nefna [ÞVOTTAPOKI] en á *Íslex.árnastofnun.is* sem gefur þýðingar fyrir sex tungumál önnur en íslensku – dönsku, norskt bókmál og nýnorsku, sænsku, færeysku og finnsku – er orðið *þvottapoki* í öllum tilfellum þýtt með orðum sem þýða ‘klútur’ eða ‘pjatla’ sem er alls ekki það sama. Að minnsta kosti ekki samkvæmt máltilfinningu þess sem þetta skrifar.

Í litagögnunum eru líkindi í nafngiftum mest innst í hugtakinu, það er að segja að innan þess sviðs sem orðið getur náð yfir er miðjan með mest sammæli. Til dæmis má sjá á þróun sviðs *rauður* og *appelsínugulur* í íslensku að þrátt fyrir að heildarsvið orðsins hafi þrengst nokkuð þá er sama litla svæðið sterkast út í gegn (*Kafla 4.6.3*). Þetta svæði samsvarar sammælissviðum [RAUÐUR] í hinum hópunum (*Kafla 4.6.2*). Þessi kjarni er grunnmerking orðsins, staðalímyndin sem fyrst kemur fram í hugann þegar orðið er sagt. Á jöðrum þess sviðs sem orðið nær yfir eru

merkingar oft mun óljósari og breytilegar eins og sést til dæmis á muninum á ystu jöðrum á merkingarsviði *rauður* í vesturíslensku (VÍS) og yngsta íslenska hópnum (ÍSY) þar sem sviðið minnkar stöðugt um leið og svið annarra orða á borð við *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* stækkar (Kafli 4.6.3). Í málnotkuninni sýnir þetta sig í því að orðaforði á jöðrum litahugtakanna er allt annar en nær kjarnanum. Á meðan kjarninn er nærri gegnumgangandi nefndur *rauður* koma fram önnur orð á jöðrunum svo sem *ljósrauður*, *dökkrauður*, *rauðgulur* og svo framvegis. Fá algeng heiti eins og *rauður* eða *gulur* merkja kjarnann og ganga sem merkimiðar yfir allt sviðið (allt sem er einhvers konar rauður getur verið merkt með *rauður* eitt og sér) en sjaldgæfari og sértækari heiti merkja aragrúa afmarkaðra hugtaka á jöðrunum innan þess gríðarstóra mengis sem telst vera [LITUR].

Mest af þeim upplýsingum sem safnað var með verklagi EoSS miðaði að því að finna þessar kjarnaupplýsingar sem felast í orðaforðanum en þar er að finna mun meiri upplýsingar heldur en bara þær sem lúta að algengustu kjörnum litasviða. Til að byrja með er fjöldi einstakra heita mjög mismunandi þegar búið er að skera niður (Kafli 4.5.1), mestur í NAM (92) en minnstur í ÍSL (26) (Tafla 4.10). Þetta kemur til vegna mismunandi aðferða við nafngiftir. Í ensku eru nafnorð á borð við *peach*, *salmon* og *lemon* tekin upp beint sem litaorð á meðan íslenskumælandi nýta nær eingöngu samsetningar, svo sem *ferskjubleikur*, *laxableikur* og *sítrónugulur*.

Þetta er dæmigert fyrir hinn mikla mun sem er á þeirri fjölbreytni sem verður til vegna eðlis málkerfisins og undirliggjandi grófari og einsleitari mynstra í því hvernig þau eru notuð. Sem dæmi má nefna að „grænn“ er algengastur í öllum málhópum í nafngiftaverkenfinu með að meðaltali 25,5% af öllum tilnefningum (Tafla 4.11).

Þetta háa hlutfall *grænn/green* skilgreinist að einhverju leyti af sköpulagi litrófsins (Mynd 4.1) þar sem græna sviðið er hlutfallslega stór hluti þess (til dæmis mun stærri en svið *rauður* sem þó kemur fram fyrir sem afmarkað hugtak) en prósentan er nokkuð jöfn á milli hópa, frá 23,4% í VÍS upp í 26,8% í ÍSE.

Næst í tíðniröðinni eru *blár*, *bleikur* og *fjólublár* sem myndu þá vera þau svæði sem ná yfir það mikið svæði í litrófinu sem nemur tíðni þeirra en ásamt *grænn* eru þessi nöfn nefnd í að meðaltali 62,64% af heildarfjölda tilnefninga. Þessi algengu heiti hér í rannsóknum af þessu tagi eru því almennt ekki elstu

grunnlitaheitin enda um að ræða endurspeglun á annars vegar sviðum litrófsins og hins vegar þeim heitum sem eru oftast nefnd til þess að nefna þau.

Hvernig sem litið er á dreifingu þessara orða í EoSS er niðurstaðan yfirleitt sú að mjög lítill hluti er hlutfallslega langalgengastur (*Mynd 5.3*). Þessi dreifing er dæmigerð fyrir orðaforða yfirleitt og sést einnig greinilega í athugunum á dreifingu samsetninga í textagögnum (*Kaflí 5.3.3*). Í samsetningum með *rauður* í málögnum hafa fjórar samsetningar tíðni yfir 10.000 en þær sem hafa tíðni 1 eru 305 (*Viðauki D*). Einnig er sama uppi á teningnum þegar þrengri úrtök eru tekin, svo sem tegundasamsetningar eða mynstrasamsetningar (*Myndir 5.4 og 5.5*).

Það er því greinilegt að orðaforði skiptist nokkurn veginn í almennari og algengari orð sem eru notuð af öllum eða flestöllum málhöfum og hins vegar í sjaldgæfari og sérstæðari orð sem notuð eru af afmarkaðari hópum og í sumum tilfellum aðeins einu sinni af einum málhafa sem býr það til þegar hann finnur þörf til þess.

Á hinum algengari enda litaorðaforðans býr einsleitnin. Sama hvaða hópar eru skoðaðir — íslensku málhóparnir, ensku málhóparnir, ÍTM-málhafar eða vesturíslenskumálhafar — alltaf er til staðar ákveðinn kjarnaorðaforði sem er notaður langmest og í öllum þeim aðstæðum sem hægt er að hugsa sér. Og það sem meira er, þegar kemur að litaorðum er í öllum þessum hópum um að ræða sömu orðin eða hugtökin, grunnlitahugtökin sem eru einungis um ellefu talsins, þvert á tungumálaafbrigði, menningarsamhengi, málfræðiferli, aldur og svo framvegis.

Á sjaldgæfari enda orðaforðans er afstæðið og fjölbreytnin. Mismunandi nýmyndunaraðferðir og beygingar gera að verkum að orðin sem notuð eru og hvernig þau sameinast og vinna með öðrum orðum er oft mjög mismunandi. Hér nægir að nefna muninn sem er á íslensku og ÍTM í málfræði og orðmyndun (*Kaflí 3.3*). Hins vegar finnast hér einnig sameiginlegar tilhneigingar í myndun nýstárlegra litasamsetninga þrátt fyrir hinn mikla málfræðilega og menningarlega mun sem er á málhópunum.

Í EoSS gögnunum eru myndanir margvíslegar eftir málhópum en í öllum fimm hópunum falla þær myndanir sem notaðar eru fyrir utan grunnlitaheitin og þau heiti sem hafa misst tengsl við upprunalega merkingu (t.d. *puce* og *crimson* í ensku) að mestu leyti í fjóra flokka: litaheiti út frá öðrum litum (*rauðgular*, *blágrænn*), litaheiti út frá hlutum (*tómatrauður*, *laxableikur*), litaheiti út frá

mettun (*ljósgrænn, skærblár*) og litaheiti út frá menningarfyrirbærum (*helsvartur, barbibleikur*). Gildir þá einu hvaða málhóp er um að ræða, þessar samsetningategundir eru algengastar eins og í íslensku hópunum (*Kafla 4.5*).

Sem dæmi um yfirborðsmismun er fjöldi hlutaheita í íslensku til dæmis mismunandi í EoSS eftir því hvort teknar eru allar samsetningar sem koma fram, svo sem *vínrauður, rauðgulur, sólgulur*, eða þær eru skornar niður eftir verklagi EoSS. Ef EoSS er fylgt, það er að allt sem telst til „auka upplýsinga“ er skorið burt svo til dæmis *vínrauður, rauðgulur, sólgulur* verða einfaldlega skráð sem *rauður* og *gulur*, er niðurstaðan sú að þau séu mjög fá, til dæmis einungis fimm í ÍSL: *andlitslitaður, apríkósulitur, ferskjulitur* og *plómulitur*. Í ÍSY voru þau tvöfalt fleiri og af svipuðum toga, til dæmis *andlitslitur, graslitur* og *berjalitur* auk einhverra lánsorða á borð við *lime* ‘súraldinslitur’ og *poop* ‘kúkalitur’. Í ÍSE voru þau svo örlítið fleiri eða sautján og enn af svipuðum toga: *brókarlitur, ferskjulitaður, karrílitur, kremaður, skítalitur órans* og svo framvegis (*Kafla 4.5.3*). Orð eins og *andlitslitaður* og *berjalitur* eru þau einu sem eru tekin með í þessari skilgreiningu þar sem ekki er hægt að smætta þau niður án þess að tapa merkingunni. Í NAM eru slík hins vegar 54 og það kemur til vegna áður nefndrar tilhneigingar til þess að taka hlutaheiti beint upp sem litaheiti, svo sem *salmon, rose, charcoal* og *burgundy* (*Orðalisti 4.1*). Af þessum 54 voru yfir helmingur þeirra eða 35 aðeins nefnd einu sinni vegna hins mikla einstaklingsmunar (fjölbreytni) sem hverfur þegar málhóparnir eru jafnaðir út (einsleitni).

Litaheiti sem skilgreind eru út frá öðrum litaheitum eru einstakar samsetningar vegna eðlis litrófsins (*Kafla 5.4.1*). Gera mætti ráð fyrir að í slíkum samsetningum að þær fylgdu þeirri almennu reglu að merkingarlegur haus sé til hægri, samanber *hesthús* sem er hús og *húsbíll* sem er bíll og þar með með jafna möguleika á að vera til dæmis *rauðgulur* eða *gulrauður* en svo virðist ekki vera. Mörg pör á borð við *rauðgulur/gulrauður* og *blágrænn/grænblár* eru til en hins vegar er annar hluti parsins, til dæmis *rauðgulur* og *blágrænn* í mjög miklum meirihluta allra dæma með báðum útgáfum. Þar eru í fararbroddi sem forliðir *rauður, grár, gulur* og *blár* (*Tafla 5.26*).

Þegar litrófið er skoðað er auðvelt að gera ráð fyrir því að til séu jafn mörg litbrigði til dæmis sitt hvoru megin við miðpunktinn á milli *rauður* og *gulur*. Þar af leiðandi ættu því *rauðgulur* og *gulrauður* að vera nokkurn veginn jöfn í dreifingu samkvæmt þeirri reglu að merkingarhausinn sé alltaf hægra megin,

Það er að fólk ætti að standa jafn oft frammi fyrir því að nefna lit sem er á milli rauðs og guls en aðeins meira rauður og lit sem er á milli rauðs og guls en aðeins meira gulur. Hins vegar er dreifing þessara samsetninga mun líkari dreifingu þeirra sem lýsa ekki samsettu litbrigði heldur svo sem *svarthvítur* og *rauðgrænn* (Tafla 5.27). Í þeim fáu dæmum þar sem um er að ræða nærri jafna dreifingu er um að ræða, til dæmis á milli *blágulur* og *gulblár* eru um að ræða *rauður*, *grár*, *gulur* og *blár* sem yfirleitt ráða sem forliður í samsetningum með öðrum litaorðum (sbr. Tafla 5.28). Einnig er langoftast um þessi fjögur að ræða þar sem litaheiti eru notuð sem forliður á mettunarheiti, svo sem *rauðljós*, *grádimmur*, *bláskær* og *gulfölnur* (Kafli 5.4.1).

Hér er enn um að ræða merkingarlega einföldun á málfræðilegum samsetningamöguleikum sem þó eru nokkuð vafningalausir hvað mögulegar samsetningar varðar. Það er að þar sem kerfið segir að um sé að ræða x margar einingar með y marga möguleika til samsetninga gerir merking og notkun það að verkum að módelið skekkist verulega þegar raunveruleg dreifing eininganna er skoðuð. Tilhneiging þessara fjögurra litaheita, *rauður*, *gulur*, *blár* og *grár*, er að vera forliður í samsetningum með litaorðum líkt og mettunarorð á borð við *dökkur* og *ljós* fremur en eiginlegur merkingarhaus. Þá er möguleiki að þau standi í þessum samsetningum ekki fyrir eiginleg litaheiti eins og þau finnast í litaáttavitanum heldur er eins og þau taki á sig frekari skiptingu litrófsins eftir mettun og ljósmagni, það er standi ekki fyrir litablöndur eða millistig litbrigða heldur önnur sjónræn einkenni hugtaksins [LITUR]. Sé svo er hér annað dæmi um það hvernig merking litaorða hliðrast á milli merkingaráherslu á litbrigði og mettunareiginleika. Rétt eins og eldri mettunarmerkingar sem eru í almennri notkun svo sem merking orðsins *bleikur* geta skriðið yfir í litbrigðismerkingu geta litbrigðismerkingar sem virðast augljósar í notkun orða eins og *rauður* og *blár* vikið til hliðar aftur yfir í að standa fyrir mettun og ljósmagn. Það ýtir undir gagnrýni Lucy og þeirra sem leggja áherslu á málkerfisgreiningar að þeir sem fylgi B&K og vitsmunastefnunni einblíni um of á litbrigði sem eðliskjarna litaorða en á sama tíma, gráglettilega, er þetta einnig sönnun þess sem B&K héldu fram frá byrjun: að það sé meira falið í eðli grunnlitaheita heldur en einungis litbrigðið og að þessir eiginleikar eins og hugmyndin um algildu hugtökin [DÖKKUR] og [LJÓS] sem koma fram í máli Wierzbicku, séu byggðir í skynjunina sjálfa.

Eins og margir aðrir hópar litaorða virðast þau sem tákna sjónræna eiginleika

lita aðra en litbrigðið sjálfst vera mjög fjölbreyttur hópur (*Kafla 5.4.3*) En hér koma einnig í ljós fremur einföld skil á milli póla, svo sem ljósmagns (*ljós-, dökk-*) samkvæmt eðli litrófsins. Þar er algengust þessi einfaldasta skipting á milli ‘ljós’ og ‘dökkur’ en síðan hafa sum litbrigði örlítið aðrar vísanir, svo sem *svartur* þar sem algengust mettnarsamsetningar eru *gljá-* og *matt-*. Margvíslegar vísanir í meira huglæg „mettnarhugtök“ svo sem *flauel* og *satín* eru svo á enda fjölbreytninnar þegar samhengin eru sérstæðari og ýmislegt sem kemur við sögu svo sem *endurkast*, *áferð* og *hreinleiki*.

Menningarsamsetningarnar eru að mörgu leyti óræðari og ekki eins algengar en auk þeirra eru ekki margar tegundir samsetninga í viðbót (*Kafla 5.3.7*): nálgun við lit (*íbrúnn, smábrúnn*), orsök ferlis (*brúnbakaður, efnabrúnn*), tegund sem sérnafn (*Brúnavatn*), tegund sem samnafn (*brúnhýena*), nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri (*brúnkufar*), yfirborð (*brúnlitaður*) og óræðar (*brúnanótt*). Hér eru líka sterkustu þræðir afstæðishyggjunnar (sjá t.d. Eco 1985) og mesta fjölbreytinin í vísimiðum (sjá t.d. Agirel 2009; Horrocks 2012; Ronga o.fl. 2014).

Niðurstaðan hér er sú að þúsundir litasamsetninga er hægt að flokka nokkuð auðveldlega í tólf merkingarhópa: Litur skilgeindur útfrá mettnun (*ljósblár, dökkgrænn*), litur skilgerindur útfrá öðrum lit (*rauðbrúnn, grábrúnn*), litur skilgreindur útfrá hlut (*sítrónugrænn, himinblár*), litur skilgreindur útfrá menningarfyrirbæri (*tyggjóblikur, hermannagrænn*), nálgun á lit (*írauður, rauðleitur*), litur sem orsök ferlis (*brúnbakaður*), tegund sem sérnafn (*Rauðavatn, Hvítá*), tegund sem samnafn (*grænþörungur, brúnhýena*), mynstur (*rauðdoppóttur, bleikröndóttur*), yfirborðslitur (*albrúnn, hvítklæddur*) og nánari skilgreining á lituðu fyrirbæri (*brúnkuklefi*). Hin undirliggjandi merkingarlega einföldni sést vel í gegn um málfræði- og menningarlega fjölbreytni.

Þetta á ekki bara við um samsetingar heldur eru þau litaorð úr málögnum sem voru mynduð með afleiðslum líka mjög fjölbreytt og margvísleg en málfræði- og sögulegar flækjur fela merkingarlega einfaldari flokka sem liggja undir. Hvað nákvæmlega telst til afleiðsla er alls ekki auðgreinanlegt enda þar eins og hvar sem er annars staðar sem borið er niður í rannsóknum á tungumálum til ýmsar máleiningar sem gera fólki erfitt fyrir við að draga skýra línu. Eins og mörkin á milli grunnlitaheita eru skilgreiningar því oft hálfloðnar og „undantekningin sem sannar regluna“ oftast ekki langt undan.

Hér var brugðið á það ráð að skilgreina einungis sem afleiðslur þau orð sem

mynduð eru með máleiningum sem hafa enga merkingu aðra en þá breytingu sem verður á upprunalega orðinu hvort sem það kemur nokkurn tíma fyrir sem sjálfstætt orð eða ekki. Þannig er *hjól* > *hjóla* afleiðsla þar sem aðeins bætist við sagnar-a en til dæmis *búlduleitur* ekki þar sem *-leitur* þýðir 'útlítandi'. Merkingarhlíðrunin er meiri heldur en þegar um afleiðslur er að ræða. Orðið *búlduleitur* er einnig skólabókardæmi um vandræðagemlinga í þessu sambandi því varla er hægt að segja að orðið *búlða* sé sjálfstætt orð nú til dags og þeir líklegast taldir á fingrum annarrar handar sem vita hvað það þýðir þó langt um fleiri hafi heyrt og kunni orðið *búlduleitur*.

Samkvæmt þessari skilgreiningu kom fram 31 ending til þess að búa til nýtt litaorð (*Tafla 5.2*). Tvær eru til að búa til lýsingarorð eins og *sortaður* og *svertandi*, og þær eru einnig einu endingarnar sem teljast til sagnendinga fremur en eiginlegra afleiðsluendinga (lýsingarháttur nútíðar og þátíðar). Sex afleiðsluendingar eru til að búa til sagnorð á borð við *rjóða* og *roðna*, *gula* og *gulna*, *græna* og *grænka* og tuttugu og þrjár til þess að búa til nafnorð, svo sem *blámi* og *blánun*, *brúnari* og *brúnka*, *grámi* og *Gráni*. Það er því greinilega langvinsælast að búa til „hlutaheiti“ með tengsl við lit.

Þessar afleiðslur eru margvíslegar og þrátt fyrir að engin málfræðileg mynstur sem Lucy gerir kröfu um finnist til þess að skilgreina merkingarflokka hér er greinileg sú fjölbreytni sem afstæðishyggjan bendir óspart á. Hins vegar er hér enn einu sinni um að ræða yfirborðsfjölbreytni í merkimiðum sem skyggja á undirliggjandi merkingarflokka sem eru mun færri og einfaldnari (*Tafla 5.3*). Hinar tuttugu og þrjár afleiðsluendingar falla allar í átta merkingarflokka, til dæmis 'er x' (*Bleikur*), 'það að gera e-ð x' (*bleiking*) eða 'orðinn x' (*bleiktur*) og af þessum merkingarflokkum er 'er x' langalgengasta gerðin en næsta tegund 'gera e-ð x' eða 'gefa e-u eiginleikann x' (*bleikja*) eru miklum mun færri og fábreyttari sem og nafnorð sem eru leidd af slíkum sögnum (*Kafla 5.2*).

Almennt eru afleiðslurnar misfrjósamar og misalgengar sem speglar mun fremur málsöguna heldur en merkinguna. Sama má segja um samsetingar sem við fyrstu sýn virðast samansafn handahófskenndra myndana en eins og komið hefur í ljós ítrekað í þeim köflum sem farið hefur verið yfir eru undirliggjandi merkingarflokkar mun færri og einfaldari heldur en í fyrstu mætti ætla.

Það sem þessi mynstur endurspeglar er að það eru til staðar ákveðin sterk og víðtæk hugtök, svo sem [RAUÐUR] og [BLÁR]. Þau gefa grundvöll fyrir önnur

litahugtök sem eru ekki eins algeng en flestum töm, til dæmis [RAUÐGULUR] og [BLÁMI], sem og margvíslegar leiðir til þess að merkja hugtök sem fólk er óvísst með eða vill vera meira skapandi.

Í EoSS koma merkingarsviðin sem ekki falla undir kjarna hinna almennu sviða fram sem eyður í orðaforðanum. Þessar eyður, eða réttara sagt þau svæði þar sem málhafar eru í vafa með val á merkimiðum, gefa einnig vísbendingar um virkni málkerfisins og hvernig þróunin verður mögulega í framtíðinni (*Kafla 4.5.5*). Þessar eyður eru flestar í ÍSY (67) en fæstar í ENS (o). Í íslensku hópunum eru fæstar í ÍSL (2) sem er í miðjunni aldurslega séð. Mögulega er sá hópur staddur á öruggara millibilsstigi þar sem nýjustu hugtökin sem hafa unnið sér sess sem sterk almenn hugtök með stöðugan kjarna (*bleikur, fjólublár, appelsínugulur*) eru örugg.

Fyrir eldri málhafa eru nýrri hugtökin óskýr sem sýnir sig í eyðum á mörkum þessara hugtaka. Fyrir yngri málhafana eru þau orðin örugg og hafa skýrt afmörkuð svið en önnur ný hugtök að koma fram sem sýnir sig einnig í eyðum en á öðrum stöðum heldur en hjá hinum eldri. Þetta sést greinilega á merkingarsviðskortum í *Kafla 4.6.2* þar sem óvissusvæði eru ekki á sama stað á milli aldurshópa, samanber *Mynd 4.20* þar sem *rauður* hefur stærra svæði, óvissubilið er á milli *fjólublár* og *bleikur* og svið *appelsínugulur* er ekki mjög sterkt, á móti *Mynd 4.21* þar sem *rauður* hefur minna svæði, óvissubilið er á milli *blár* og *grænn* og svið *appelsínugulur* er mun sterkara. Óvissusvæðin liggja yfirleitt á mörkum þeirra sviða sem hafa stöðugan og sterkan kjarna og sýna vel hvar þeir liggja í hverjum hóp fyrir sig. Áhrif breytinganna sjást einnig greinilega á landamærum grunnlitanna sem fyrir eru þar sem til dæmis svið *rauður* hefur minnkað talsvert eftir því sem svið *bleikur, fjólublár* og *appelsínugulur* hafa orðið sterkari og stækkað þó að kjarninn hafi ekki hnikað mikið (*Kafla 4.6.3*).

Á óvissusvæðunum má þó einnig sjá stöðu sumra hugtaka sem ekki myndu teljast til grunnhugtaka eins og til dæmis [BLÁGRÆNN]. Þegar svið grunnhugtaka eru sett niður með kröfu um 80% sammæli koma fram merkingarsvið sem eru að miklu leyti mjög svipuð í öllum málhópunum (*Myndir 4.10-4.21*). Eins og áður var sagt er það sem er áberandi hér einsleitir kjarnar og fjölbreyttari jaðrar sem lýsa sér hér í eyðum (t.d. *Mynd 4.11*). Á því svæði sem fellur að mestu undir *grænn* eða *blár* í ÍSL og ÍSE (vegna þess að *blágrænn* og *grænblár* voru skorin niður) hefur *turquoise* nokkuð lögulegt svið í ENS (*Mynd 4.12*). NAM-

kortið (*Mynd 4.13*) er svo mjög líkt ENS kortinu og *turquoise* hefur svipað svið (*Mynd 4.14*). Í ÍSL nær *blágrænn* ekki yfir jafn stórt svæði og *turquoise* í ensku hópunum tveim en er samt á sama bili (*Mynd 4.15*). Til samanburðar má nefna að svæði TÚRKIS í ÍTM er mun dreifðara (*Mynd 4.17*) og því greinilega ekki eins nærtækt eða heilsteypt hugtak eins og *blágrænn* í íslensku eða *turquoise* í ensku, að minnsta kosti ekki eins og er.

Eitt af því sem komið hefur fram í rannsóknum á mögulegum grunnlitaheitum í ýmsum tungumálum og oft notað gegn hugmynd B&K er að einstaka tungumál hafi fleiri en ellefu grunnlitaheiti. Þar eru oft nefnd til sögunnar hin ungversku *piros* og *vörös* sem bæði þýða ‘rauður’ og hin rússnesku *sinij* og *goluboj* sem þýða ‘blár’. Mismunurinn er sá að í báðum tilfellum er annað oftar notað um ljósari tegundir rauðs og blás en hitt um dekkri. Annars vegar eru þetta alls ekki nýstárleg fyrirbæri þegar um grunnlitaheiti er að ræða, samanber einfaldlega merkingarsvið *gulur* og *brúnn* sem skipta á milli sín þessu bili litrófsins annars vegar á ljósari hliðinni (*gulur*) og hins vegar á þeirri dekkri (*brúnn*). Hins vegar er ekkert í kenningu B&K sem segir að þróun grunnlitaheita stöðvist þegar þau eru orðin ellefu; ef þau geta verið eins fá og málhöfum þykir þurfa (tvö) þá ættu þau að geta verið eins mörg og málhöfum þykir þurfa.

Það er þá vel mögulegt að *turquoise* og *blágrænn* séu orðin eða á góðri leið með það að verða merkimiðar fyrir afmarkað og nærtækt litahugtak sem getur fallið undir grunnlitaheiti. Eins og með önnur grunnlitaheiti eru endanleg mörk sviðsins mismunandi á milli tungumála, til dæmis svið *turquoise* og svið *blágrænn*, en kjarnarnir líkari. Innan hvers tungumáls er hins vegar erfitt að segja til um það hvort um er að ræða grunnlitaheiti eða ekki útfrá stærð sviðsins miðað við önnur svið. Það svæði sem *blágrænn* nær yfir í íslensku er til dæmis mun minna en svið *grænn* en á móti nokkuð stærra en svæði *rauður* sem er meðal elstu og sterkustu grunnlitahugtakanna. Vísbendingar um stöðu hugtaka á borð við [BLÁGRÆNN] má einnig sjá í textaskoðunum, til dæmis í samsetningum sem hegða sér svipað og *fjólublár* og *appelsínugulur* sem hafa komist í hóp merkimiða fyrir grunnhugtök svo sem *mórauður* og *rauðbrúnn* (*Kafla 5.3.11*).

Sem verkfæri til þess að túlka og tjá veruleika málfafans byggjast merking og tungumál aðallega á því að henda reiður á öllum þeim upplýsingum sem berast í gegn um skynfærin. Það er oft yfirþyrmandi magn og því í hag málfafans að geta sem skjótast og á einfaldastan hátt flokkað allar þær upplýsingar en

flokkun virðist vera mjög sterkt afl í mannlegri hugsun. Þegar nýtt fyrirbæri birtist málhafanum er fyrsta viðbragð yfirleitt að afgreiða það sem skjótast eftir þeirri flokkun sem til er fyrir, svo sem [RAUÐUR] eða [VERÐA X].

Ef samskipti málhafans við fyrirbærið sem hann skynjar krefjast nánari greiningar og þar af leiðandi sértækari merkimiða og nánari skilgreiningar koma til sögu málkerfi, menningarminni og fleira sem hefur áhrif á einstaklinginn, túlkun hans og tjáningu. Hér liggur áhugasvið afstæðis- og formgerðarhyggjunnar sem hefur gert viðamiklar rannsóknir á mikilvægi þess sem liggur utan um einstök hugtök, það er að segja samhengið.

6.3 Lýsandi hugtök í samhengi

Allir hlutir eru til í ákveðnu samhengi. Hvert einasta litaorð eða -hugtak í þessari ritgerð er til í sérstæðu samhengi sem líklegast er einstætt. Samhengi orðsins (hugtaksins) *litaorð* í undanfarandi málsgrein er til dæmis ekki það sama og samhengi þess í inngangi þessa rits. Það er að segja hugtakið er ekki það sama fyrir lesanda fyrir og eftir lestur. Gildir þá einu hvora leiðina skilgreiningin fór, í gegn um skynjunina (Ozturk o.fl. 2013) eða tungumálið (Lucy 1997a), ef takmarkinu er náð: að skilgreina hugtakið [LITUR].

Rannsókn B&K hafði líka ákveðið samhengi. Samhengi vitsmunahyggjunnar sem setur orðmyndun og málfræði í eftirmálgrein en einbeitir sér að merkingu hugtakakjarna (*Kaflí 2.2*). Fyrir öðrum, eins og til dæmis þeim sem lifa í samhengi afstæðishyggjunnar, eru rannsóknir B&K og þeirra sem eftir fylgja samhengislausar merkingarlega séð en aftur á móti mögulega samhengisþrungnar ef hugsað er til þess viðhorfs sem fylgir að það tungumál sem maður sjálfur talar hafi áhrif á það hvernig maður hugsar og þá mögulega á þær niðurstöður sem maður fær úr rannsóknum sínum.

Samhengi mitt er sem utanaðkomandi báðum þessum kenningum, efasemdapésinn sem skrúfar allt í sundur af því að leiðbeiningarnar eru ekki nóg. Að sjálfsögðu eru leiðbeiningarnar oftast réttar sem betur fer en ekkert endilega vegna þess að þeir sem skrifuðu þær skilji hvernig fyrirbærið virkar í raun og veru.

Aðalumfjöllunarefnið í þessu riti hefur verið vitsmunasamhengið sem er hið

víðasta samhengi mannskepnunnar sem heildar og tungumálssamhengið sem afmarkar smærri hópa fólks undir áhrifum málkerfisins. Auk þessara eru hins vegar til staðar sögulegt samhengi, bæði í tungumáli og menningu, menningarlegt samhengi í víðum skilningi og smærri menningarhópar, sem og samhengi einstaklingsins sem mögulega skiptir mestu máli í þessu öllu saman.

Í vitsmunalegu samhengi byggist mikið af úrvinnslu gagna á því að reikna meðaltöl og kasta þannig eins víðu neti og hægt er að kasta yfir þau. Líkindi í nafngiftum eru mikil á milli svæða (ÍTM + ÍSL, *Tafla 4.3*, VÍS + NAM, *Tafla 4.4*) en einnig á milli mála (ENS + NAM, *Tafla 4.5*). Þó aldur skipti einnig einhverju máli (ÍSY er minnst líkt ÍSE, *Tafla 4.6*) þá eru líkindin reiknuð út frá meðaltölum í öllum hópum mjög mikil eða um 0.90–0.95 (af 1.0 = alveg eins).

Í skilgreiningum á kjarna grunnlitahugtakanna sem einnig voru reiknuð út frá meðaltali eru *svartur*, *hvítur*, *grár* og *rauður* líkust í staðsetningu miðjunnar eða hins dæmigerðasta afbrigðis (*Mynd 4.3*) en *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur* dreifast víðast að miklu leyti vegna þess að þessi hugtök eru nýjust í þróun íslensks litaorðaforða (*Kafla 2.2*, *Kafla 3.1.2*). Ef VÍS hópurinn er tekinn sem elsti málhópur íslensku eru þessi þrjú hugtök til staðar en merkimiðarnir eru enskir fremur en íslenskir að uppruna. Í ÍSE, elsta heimaíslenska hópnum, kemur *appelsínugulur* ekki fram sem ráðandi heiti (*Mynd 4.20*) en í ÍSL eru þau öll nokkuð vel sett og á mjög líkum stað og þau mál þar sem þetta hugtak kom fram fyrir.

Þau litaheiti- eða hugtök sem fengu stöðu grunnlitaheita eða -hugtaka voru líka í nærri öllum tilfellum hin ellefu grunnlitaheiti B&K. Einhver litaheiti sem eins og er skilgreinast sem aukheiti komu sterk inn og er þar helst að nefna *peach* og *turquoise* í ENS og NAM en erfitt er að sjá hvort sambærileg íslensk heiti hafi náð slíkri stöðu. Miðað við uppgang *fjólublár* og *appelsínugulur* ætti það ekki að vera svo ólíklegt, ef ekki á núverandi málstigi þá í framtíðinni enda enginn kominn til með að segja að ekki geti bæst við grunnlitaheitin.

Þessi líkindi í vitsmunalega samhenginu eru sláandi þegar hið sögulega samhengi er tekið með í reikninginn. Í fyrsta lagi má nefna nútímaaðstæður málhópanna sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Málhafar íslensku er lítill málhópur sem býr á eyju í miðju Atlantshafi. Íslenska málsamfélagið var lengi vel fremur einangrað en fór svo í gegn um miklar breytingar tiltölulega stuttum tíma upp úr 1900 og þegar tækniframfarir komu til leiðar auðveldara upplýsingaflæði kom að því að íslenskan átti í samkeppi við

erlend tungumál og þá sérstaklega ensku á ýmsum tækni- og miðlunarsviðum (*Kafla 3.1*).

Málhafar vesturíslenskunnar er dreifður hópur eldra fólks sem viðheldur málinu þó það hafi takmörkuð not af málinu í daglegu lífi (*Kafla 3.2*). Málhafar ÍTM eru örlítill hópur fólks sem ekki tengist böndum menningarsvæðis eins og Íslendingar eða Englendingar heldur eru tengsl þeirra byggð að nær öllu leyti á því að vera málhafi þessa máls. Hið sameiginlega tungumál verður þeim því mun verðmætara og mikilvægara en ella (*Kafla 3.3*). Málhafar ensku eru svo með stærstu málhópum á jörðinni og þurfa sem málheild lítið að hugsa um þau vanda-mál sem fylgja því að tala minnihlutamál, hvers eðlis sem það er, þó að smærri undirhópar þeirrar málheildar standi lægra í innanverðri goggunarröð þess sem telst 'rétt mál' (*Kafla 3.4*). En enskan hefur tekið hvað mestum breytingum vegna sviptinga í því samfélagi sem málið talaði. Til dæmis þegar engilsaxneskan skildist úr germönskunni en endurkoma norrænumælandi fólks inn í engilsaxneskt samfélag hafði mikil áhrif á það mál sem enska er í dag (*Kafla 3.4*).

Saga málhópanna gefur málhöfunum innan þeirra þá hverjum fyrir sig einstakt umhverfi. Íslenskir málhafar eiga bókmenntahefð og mál sem hefur breyst fremur hægt, sauðalitina og nyrstu höfuðborg í heimi. Sjálfsmynd Vesturíslendingsins byggist að miklu leyti á þessari sögu, staðreyndinni að forfeður þeirra komu frá Íslandi og lögðu sitt af mörkum til að byggja Ameríku, en málhafar ÍTM eru meðvitaðir um myrk tímabil sögunnar þar sem þeir voru hreinlega ofsóttir. Hvítir málhafar ensku í Ameríku og Englandi burðast svo með ómældar syndir forfeðra sinna um leið og menning þeirra er uppruni margra stórkostlegra uppgötvanna og afreka. Þegar þessi munur er hafður í huga er auðvelt að ímynda sér að hugarheimur og þar af leiðandi hugtök þessara hópa séu mjög ólík að öllu leyti en greinilegt er af vitsmunalegu rannsókninni að hin algengustu litahugtök eru að mörgu leyti mjög svipuð á milli þessara málhópa (*Kafla 4.6.2*).

Þannig, eftir því sem samfélög þróast, breytist einnig hugmyndafræði málhafa og ein aðalgagnrýni afstæðishyggjumanna á aðferðir eins og notaðar eru í grunnlitarannsókn B&K er að það sé tilgangslaust að ætla að nota „enskar aðferðir“ til þess að rannsaka málvitund málhafa annarra málhópa vegna þess að munurinn sé svo mikill (*Kafla 2.4.1*). Undirliggjandi er sú hugmynd að hin vestrænu gerfiefnasamfélög iðki hálfgerða málfræðilega stórveldiskúgun á þeim málhópum sem minna hefur verið fjallað um, svo sem þeim sem B&K fjölluðu

um bæði í upprunalegu rannsókninni sem og í WCS (*Kaflí 2.2*).

Þá getur jafnvel farið svo, þegar menningarandinn er þannig, að það sem fólk telur vera óæskileg orð verði stimpluð sem tabú af þeirri ástæðu að það séu orðin sjálf sem séu slæm þegar raunin er sú að það er ítrekað neikvætt samhengi orðanna í málnotkun og undirliggjandi hugtaka í þeim samhengjum sem hafa orðið í neikvæðum hugmyndum í samfélaginu.

Í íslensku EoSS gögnunum kom fram eitt slíkt orð og fremur algengt, *húðlitur*. Það er nokkuð umdeilt en vegna samfélagsáróðurs hefur notkun þess verið þurrkuð út til dæmis í ensku (*flesh colour, skin colour*) hjá þeim málhöfum sem þar fram til höfðu notað það yfir ákveðinn fölan lit sem þeir samsömuðu við sinn húðlit og gengur nú undir nafninu *peach* ‘ferskja’ (sjá t.d. Zimmermann o.fl. 2015). Mikilvægt er að hafa í huga hér að hugtakið á bak við er stöðugt út í gegn um þessa þróun, hvort sem það er kallað *skin colour* ‘húðlitur’ eða *peach* ‘ferskja’ (*Kaflí 4.5.2*). Á einhverjum tímupunkti vaknar þörf til að tala um þennan ákveðna hluta litrófsins sem öllum er sjáanlegur. Valinn er merkimiði sem annað hvort heldur merkingu sinni (*húðlitur*), fær nýja merkingu (*bleikur*) eða hverfur (*höss*). Þar ræður skynjun málhafa og hugtökin sem spretta af henni.

Hér er þó vert að slá ákveðinn afstæðisvarnagla, ef svo má að orði komast, því í einhverjum tilvikum getur eðli tungumálsins haft áhrif á túlkun og tjáningu þess hluta orðaforðans sem er sértækari og sjaldgæfari. Greinilegt dæmi um þetta eru mismunandi aðferðir íslensku og ensku til þess að merkja smærri svið litrófsins. Orð eins og *mauve, beige, puce, azure, teal* og *ochre* þarf að læra af notkun og samhengi þeirra en þær samsetningar sem væru mögulegar þýðingar þeirra í íslensku, *ljósfjólublár, fólbrúnn, daufbleikur, skærblár, blágrænn* og *dökkgulur* bera sjálfkrafa með sér vísanir í almennari orðaforðann. Það efast enginn um að dökkgulur litur sé einhvers konar gulur en hins vegar gæti einhver, eins og höfundur þessa rits til dæmis, staðið heillengi í þeirri meiningu að *puce* væri grænn litur, einfaldlega vegna þess að orðið sjálft ber ekki neinar vísbendingar og samhengið sem viðkomandi lærði af gaf ófullnægjandi upplýsingar. Þetta á hins vegar aðeins við um einangrað merkingarsvið það sem orðið vísar í. Þegar í notkunarsamhengi er komið er hægt að teygja og toga í ýmsar áttir. Þá er *daufbleikur hrafni* alveg jafn torrætt og *azure sea*.

Í atlögum gegn merkimiðum fylgir nokkuð sú hugmynd afstæðishyggjunnar að tungumálið hafi áhrif á hugsun fólks þó oft sé samhengi þar virt að vettugi

þegar það ætti að vera í fyrirrúmi. Í tilfelli *húðlitur* er þá væntanlega gert ráð fyrir því að notkun þess orðs beri vott um (og búi til) fordóma gagnvart þeim sem ekki bera þann húðlit sem fellur undir þann sem hvítir málfarar hafa ákveðið að nefna sem slíkan. Fólk veigrar sér því við að nota það og jafnvel forðast að skoða hvernig það er notað. Þetta viðhorf hunsar þrennt sem er mjög mikilvægt í umfjöllun um samhengi orða og málnotkunar.

Orð eru tæki. Þau geta ekki gert neitt sem málfarnir sjálfir ætla þeim ekki. Það er ekki til neitt sem heitir „slæmt orð“ því orð hafa ekki ásetning. Það fer því mikið eftir samhengi hver raunveruleg virkni orðsins er eftir áætlan og túlkun málfanna.

Hugtak og orð eru hvorki sambærileg fyrirbæri né samanlímd. Ef merki-miði sem notaður er fyrir ákveðna hugmynd er dæmdur óæskilegur en hugmyndin (hugtakið) er enn til staðar og þeir finna enn fyrir þörf til þess að tjá þá hugmynd þá finna þeir bara nýja aðferð til þess að merkja hana.

Frelsi til sjálfsvísunar og sjálfsskilgreiningar. Það er stórt efni í samfélags-umræðu nútímans og það eina sem fólk hefur til að skilgreina sig er þau hugtök sem það hefur um sjálft sig og orðin sem það nýtir til þess að merkja þau. Til þess að tjá sig og sjálfsmýnd sína hefur fólk einungis tungumálið og það ætti að vera jafn réttur allra til þess að skilgreina sig og spegla sjálfsmýnd sína í því máli sem það talar.

Þó orð séu ekki oft tekin af lífi eins og *húðlitur* er þó hægt að sjá hvernig breyting á merkingu eða notkun verður oft mjög hratt en orðið kemur varla fram í elsta hópi íslensku EoSS hópanna, er ráðandi heiti í miðhópnum og er á útleið hjá þeim yngsta (*Tafla 4.16*). Hugtakið er þó greinilega enn til staðar því í staðinn hafa komið fjögur orð sem merkja það sama eða mjög líkt hugtak: *andlitslitaður*, *andiltslitur*, *húðlitaður* og *skinnlitur*.

Í gegn um málsöguna hafa orðið hundruðir, ef ekki þúsundir, slíkra breytinga. Þær sem eru mest áberandi í þessari rannsókn voru merkingarbreytingar *bleikur*, *fjólublár* og *appelsínugulur*. Í gögnunum eru þessar breytingar heldur ekki einsdæmi því fjöldi samsettra orða sýndi slíkar merkingarhnikanir (*Kafla 5.3.5*). Ýmist hverfur tilfinningin fyrir aðskildum hlutum samsetningarinnar (*fjólubár*) eða að hluti hennar missir merkingu eða merkingin er umtúlkuð (*iðjagrænn*, *Dæmi 5.11*).

Í margendurteknum samhengjum geta orðhlutar dreifst út þegar merking þeirra hefur minnkað eða orðið breiðari (*heiðhvítur, heiðrauður, heiðgulur, heiðgrænn, heiðbleikur, heiðffólublár, Dæmi 5.13*). Ef notkun orðisins *heiði* leggst alveg af er þá einnig hægt að setja þessi orð í hóp með afleiðslum á grundvelli „samsetning ósjálfstæðra máleininga“. Jafnvel geta litaheitin misst alveg tengsl sín við sjónræna eiginleika í samsetningum á borð við *blálok* og *bláfátækur* (*Orðalisti 5.11, Kafli 5.3.5*). Þetta eykur allt í fjölbreytnina á yfirborðinu.

Þessar merkingarbreytingar gera það líka að verkum að í mörgum tilfellum eru í notkun mismunandi merkingar sama orðs á sama tíma (*Kafli 5.3.9*). Á meðan merkingarbreyting á sér stað, til dæmis *bleikur* ‘fölnur’ > *bleikur* ‘ljósrauður, ljósblárauður’, eru myndanir í orðaforðanum sem hafa báðar merkingar, svo sem *nábleikur* og *rósbleikur*, sem hafa sitt hvora merkinguna. Annað vísar í fölna en hitt í litbrigði.

Hér kemur samhengi í málnotkun einnig við sögu því mögulega hefur breytingin á merkingu *bleikur* orðið vegna áhrifa frá algengum og margnýttum samhengjum, það er samsetningum, sem orðið birtist í. Nánar tiltekið í samsetningunum *bleikrauður* og *rauðbleikur* (*Kafli 5.4.2*). Þessar samsetningar eru langalgengstar samsetninga með *bleikur* (*Tafla 5.30*) og oft átt við fölna rauða eða rauðbláa liti sem nú falla undir *bleikur* en ekki *bleikrauður* eða *rauðbleikur*.

Góður viðmiðunarpunktur í rannsókn á þróun litahugtakanna er þegar mál-samfélag spírar og til verður nýtt málsamfélag, oft í nýju menningarsamfélagi, eins og til dæmis vesturíslenskan í Norður Ameríku. Þá er hægt að bera saman upprunalega samhengi móðurmálsins íslensku við nýtt samhengi erfðamálsins vesturíslensku.

Það fyrsta sem kemur fram þar er þó ekki beint tengt mál- eða menningarumhverfinu heldur sögulegu samhengi. Vesturíslenski hópurinn er elstur af öllum málhópunum og hefur því örlítið aðra skiptingu grunnlitaheita. Á lista yfir algengustu litaheiti í nafngiftaverkefnunum (*Tafla 4.25*) er *rauður* á þeim stað sem búist væri við *bleikur* ef miðað væri við hina íslensku hópana og *pink* í ensku hópunum.

Þegar litið er yfir öll sviðin (*Myndir 4.18–4.19*) kemur svo í ljós að þau bera þess greinileg merki að orðaforði af íslenskum uppruna er ekki nóg til þess að ná yfir allt litrófið. Hér þarf að grípa til enskra heita og samsvara þau þeim hugtökum sem eru nýjust í íslensku eins og hún er töluð á Íslandi; [BLEIKUR],

[FJÓLUBLÁR] og [APPELSÍNUGULUR]. Auk þess eru einnig nýtt nokkuð mörg ensk heiti á borð við *salmon* og *peach*. Hér hefur nýtt mál- og menningarsamfélag því haft áhrif á þróun vesturislenskunnar.

Mikilvægt er að ítreka hér að þó merkimiðarnir breytist getur undirliggjandi hugtak verið það sama. Í litaorðaforðanum eru fjölmörg dæmi um breytingar í orðaforða og notkun hans. Þó fólk hafi hætt að nota orðin *hárr* og *höss* fyrir hugtakið [MILLISTIG SVARTUR OG HVÍTUR] og skipt yfir í að nota orðið *grár* er ekki þar með sagt að hugtakið sjálft hafi breyst. Að sama skapi er ekki nauðsynlegt að hugtökin [MEÐ DAUFAN HÚÐLIT] eða [LJÓS RAUÐUR/RAUÐBLÁR LITUR] hafi nokkuð breyst þó málhafar íslensku hafi tekið upp á því að hætta að nota orðið *bleikur* sem merkimiða fyrir fyrra hugtakið og tekið það í staðinn upp sem merkimiða fyrir hið seinna. Líklegra er að eins og þegar hugtakið [LITUR HIMINS] klofnaði frá [SVARTUR] og málhafar völdu merkimiðann *blár* til þess að tjá það hugtak þá hafi málhafar íslensku valið merkimiðann *bleikur* til þess að setja á nýja, sérstæða merkingareiningu, [LJÓS RAUÐUR/RAUÐBLÁR LITUR], sem klofnaði frá öðru stærra hugtaki, [RAUÐUR/RAUÐBLÁR]

Innan hvers málsamfélags eru einnig margir smærri hópar sem hafa aðra þekkingu, aðra menningu, annað uppeldi og þar af leiðandi annan orðaforða. Margvísleg orðtök og orð hafa takmarkaða dreifingu í málinu, svo sem *fá sér einn gráan, gjalda einhverjum rauðan belg fyrir gráan* (Tafla 5.18), *Gráskinna, gráglettinn* og *grávara* (Tafla 5.13) eða *Grábrók, grályndi* eða *Gránufélag* (Tafla 5.20). Þessi orð og orðasambönd eru þá torræð fyrir þá sem ekki eru innvígðir í hina ýmsu menningarhópa sem eru uppruni þeirra, svo sem *Dísselfjólublár, níveabrunn, Dömuqrár, Klein-blár* eða *París-rauður*.

Það liggur því ekki beinast við að tengja menningaráhrif við menningarsamfélagið í heild sinni, burtséð frá minni menningarhópum innan þess, eða einangrað frá öðrum menningarsamfélögum. Stór hluti menningartenginga eru úr samhengi annarra menningarsamfélaga sem íslenskir málhafar virðast ekki vera í vandræðum með að nýta sér og tengingar úr afmörkuðum undirhópum menningarsamfélagsins, fyrir utan fyrirtæki í lita- og tískuiðnaði sem dæla út torræðum merkimiðum bara til þess að dæla út torræðum merkimiðum (*Orðalisti 5.26*).

Grunnurinn að þessu öllu saman er svo einstaklingurinn sjálfur og þegar málhafar eru beðnir um að nýta afmarkaðann hluta orðaforða síns í sértæku verkefni koma einnig fram mismunandi áherslur og tengingar þeirra, sem og sá

munur sem er á orðaforða á milli einstaklinga almennt (*Kaflí 4.5*).

Í fyrsta lagi felur það í sér að málfarar velja og hafna merkimiðum og merkingaraðferðum í notkun sinni á málinu. Þetta hliðrar notkunar sviði orðsins vegna þess að ákveðin samhengi verða sterkari og algengari (sbr. t.d. notkun *bleikur* í samhenginu *bleikrauður/rauðbleikur*, *Kaflí 5.4.2*) og jaðrar þess svæðis sem orðið nær yfir í merkingunni færast til, víkka, eða þrengjast. Í tilfellum samsetninga geta þessar breytingar orðið til þess að hlutar orða, eins og í *heiðblár* og *hærugrár*, missa tengingu við merkingarsviðið en þessir merkimiðar virka ennþá sem föst vísun í ákveðið hugtak vegna þess að merking heildarinnar er ennþá til staðar þó málfarar geti ekki greint hina upprunalegu tengingu allra orðhluta sem var gerð þegar orðið varð til. Í þessum tilfæringum öllum eru oft tímabil í málsögunni þar sem fleiri en eitt orð eru til sem geta fyllt viðkomandi merkingarhólf þegar það verður til (sbr. t.d. *brúnn/jarpur*) eða sami merkimiðinn hefur tvær aðskildar merkingar (sbr. t.d. *bleikur* ‘födur’/‘ljósrauður, ljósrauðblár’) en í flestum tilfellum vinnur eitt (sbr. t.d. *Kaflí 3.1.2*).

Í öðru lagi á hvert orð sér sína eigin sögu um samband sitt við málkerfi, hugtök og notkun og litaorðin eru hér engin undantekning. Til dæmis samhliða notkun orðsins *bleikur* með merkingarnar ‘födur’ og ‘ljósrauður’. Eins og fólk safna orðin reynslu, minningum og tengslum við önnur orð í kring um sig og þessar átektir geta verið til á málsamfélagsskala, til dæmis tengingar *blár* við endamörk og fjarlægð (*Kaflí 5.5*) eða einstaklingsskala, sem birtist meðal annars í fjölda orða sem koma aðeins fram einu sinni (*Kaflí 4.5*, *Kaflí 5.3.3*) og allt þar á milli. Undir allri þessari málólgu er merkingargrunnur sem er miklum mun stöðugari og að einhverju leyti óháður orðunum sjálfum sem valin eru til þess að merkja afmarkaða hluta hans. Samkvæmt afstæðishyggjunni eru það orðin sem skilgreina merkinguna í huga málfarans en í raun og veru er merkingin alltaf skilgreind fyrirfram og hverjum málfara er það fræðilega séð í sjálfsvald sett hvaða merkimiða hann velur á hvert hugtak.

Samhengið sem skiptir mestu máli er því ekki kerfislegt málfræðisamhengi Lucys eða alltumlykjandi menningarsamhengi Wierzbicku heldur samhengi einstaklingsins í málvitund sinni og hugrænni úrvinnslu. Skilgreiningar og skilningur í sambandi við skynjun er af öðru tagi en málfræðilegar skilgreiningar og í notkun gefur hvert textasamhengi sérstæða túlkun einstaklings, texta, umhverfis, menningar og merkingar. Tekin úr samhengi eru sum þeirra orða sem tengj-

ast litamerkingu, svo sem *vetrargulur*, *vorgulur*, eða *spíttgulur*, alls óskiljanleg (*Kaflí 5.3.4*), önnur, svo sem *blár* í *bláber*, *blábrún*, eða *bláfátækur*, missa stóran hluta þeirrar merkingar sem þau eiga (*Kaflí 5.3.6*). Með því að búa til nýstárlegt samhengi er hægt að gefa orðum alveg nýja merkingu sem finnst kannski hvergi annars staðar.

Í manns eigin notkun á orðunum er samhengið nokkuð ljóst en í því mannlega samhengi sem er horfið, speglað í fornum ritum, þarf að geta sér til um það menningarlega samhengi sem tilheyrir textanum. Til dæmis þegar rætt er um orð sem nú hafa horfið á borð við *hárr* og *höss* eða merkingarbreytingar orða á borð við *bleikur* (*Kaflí 3.1.2*, *Kaflí 3.2.2*).

Enginn hinna einstöku hluta málskynjunarinnar — texti (*Kaflí 3.1.2*), málnotkun (*Kaflí 5*), umhverfi og menning (*Kaflí 3*), einstaklingur (*Kaflí 4*), eðli hugtaks (*Kaflí 2*) — nægir þó til þess að skilgreina merkingu orðs einn og sér. Litaorð, í merkingunni ‘orð sem lýsa sjónrænum eiginleikum hluta’, eru sérstaklega sleip í að dreifa sér og breytast í gegn um málsöguna (*Kaflí 3.1.2*), tengjast við stórkostlega víð svið mannlegrar reynslu og skilnings og eru einnig nýtt til þess að skapa nýtt samhengi skynjunar þar sem litir eru settir í samband við önnur hugtök á borð við örnefni, góðmálma, dyggðir, tilfinningar og hið yfirnáttúrulega til þess að heilla fólk jafnt í listsköpun og til þess að selja veggfóður (*Kaflí 5.5*).

Í víðasta skilningi orðsins *menning* er um að ræða umhverfi manneskjunnar sem dýrategundar með nokkuð háþróaða litasjón og þau áhrif sem það hefur, samskipti hennar við annað fólk og þær reglur sem því fylgja í samfélagi málhafanna og hefðir í sambandi við allar mannlegar athafnir; uppeldi, íþróttir, listir, siðfræði og samfélagsgildi, stjórnmal og ýmislegt fleira. Á Íslandi er þetta samhengi annað en í London eða Edinborg, New York eða Winnipeg og samhengi þeirra sem ekki hafa landsvæði til að samsama sig sínu málsvæði, eins og málhafa vesturíslensku eða ÍTM, er svo enn annað.

Mállegt samhengi er tilvist ákveðins kóða sem er notaður í tjáningu, það er málfræði og orðaforði tungumálsins. Þessi kóði sjálfur hefur ekki áhrif á það hvernig fólk hugsar eins og hið menningarlega samhengi og hvernig það spilar inn í samhengi einstaklinga sem hafa mismunandi sögu. Hið mállega samhengi getur spilað inn í túlkun, til dæmis þegar þarf annars vegar að dæma ógegnsæ litaorð á borð við *puce* ‘dökkrauður’ eftir samhenginu eða gegnsæ litaorð eins og *dökkrauður* sem „segja sig sjálf“. Það er að segja stundum er ekki hægt að

sjá af mállegu samhengi hver merking orða er en stundum er það augljóst af orðhlutum eða setningum.

Samband kóðans og samhengisins gerir það einnig til dæmis að verkum að í fjölskylduboðum uppsker höfundur almennt lítið meira en vandræðalegt bros og kollkink þegar hann eys úr skálum visku sinnar á málfræðisviðinu. Það þýðir ekki að þau orð sem hann notar hafi áhrif á hugsun viðkomandi eða að það mál sem viðkomandi talar hafi áhrif á hugsun hans. Einungis merkingareiningarnar og tengingar viðkomandi við hugtakið [MÁLFRÆÐI] geta gert það. Það sést best þegar höfundur notar nákvæmlega sömu orð í félagi annarra málfræðinga, þá uppsker hann mikinn áhuga og djúpar samræður. Samhengið er allt annað.

Óhætt er að segja að litaorð komi við sögu nærri allra þátta menningarinnar og umhverfis málfafanna. Litir eru kenndir við himin og haf, guði og aðra vætti, ungvíði sem og ellismelli, stjórnmálaflokkar og íþróttalið eru litamerkt og hinir ýmsu málstaðir sem fólk í menningarsamfélagi tekur upp eru merktir með lit. Fólk á sér uppáhaldsliti, eyðir dagóðum tíma í að velja þá liti sem eru í kring um það og að velja hluti eftir litum. Sem dæmi má nefna að fjöldamargar matvörur eru skilgreindar og flokkaðar eftir lit og sumir litir fá jafnvel 'beintengingu' við bragð: gulur er sítróna, grænn er mynta, rauður er jarðaber, blár er kókos og svo framvegis.

Þrátt fyrir tækniframfarir og menningarmun í þeim málsamfélögum sem hér hefur verið fjallað um (*Kaflí 3*) eru ákveðin svið mannlegrar reynslu stöðug og gegnumgangandi í hugsun fólks. Þessi reynslusvið speglast í merkingu þess orðaforða sem kemur fram þegar litið er til litanna; til dæmis hin sterka nærvera náttúrunnar þrátt fyrir miklar tækniframfarir og tölvunotkun. Þessi náttúruminni eru kannski ekki innbyggð í mannfólk eins og litaskynjun en þau virðast sannarlega vera næralgildi mannlegrar reynslu. Það sem lifir í gegnum tímann eru vísanir í dýr, náttúrulegt umhverfi og sterkar huglægar myndir eins og fjarlægð, æsku og elli. Á meðan birtast og hverfa hin handahófskenndu menningarminni með þeim tískubylgjum sem þau fylgja, rétt eins og önnur *meme* (*Kaflí 5.5*).

Samhengið hefur sannarlega áhrif og jafnvel mætti segja að það skipti öllu máli. Menningarsamhengið er sterkt en ef gera á ráð fyrir því að menningarmunurinn valdi ákveðinni skilningsþoku á milli menningarsamfélaga verður jafnt að gera ráð fyrir slíkri þoku á milli undirhópa samfélagsins og jafnvel á milli einstaklinga því þegar allt kemur til alls er notkun tungumáls í túlkun og tjáningu

í öllum tilfellum einstaklingsverkefni. Málheimur hvers málhafa er einstakur og hefur mun meiri áhrif í samskiptum heldur en öll menning og málfræði í heiminum.

6.4 Lokaorð

Þegar spurt er hvað mótar merkingu orða er stysta svarið „allt“. Öll vitneskja um umheiminn er tekin inn í gegnum skynjunina og þau hugtök sem eru henni næst (s.s. litir og líkamshlutar) stjórnaðast sterkar af henni heldur en önnur. Þar sem litrófið er samfellt er hentugast fyrir skipulega afmörkun litahugtaka að nýta ákveðnar staðalímyndir sem hatt yfir smærri svið merkingar. Kerfi undirskipaðra skilgreininga geta spannað allt frá hnitum í fræðilegu kerfi sem byggist á nákvæmri greiningu (s.s. Munsell-hnit, HEX-hnit) til tilfinningalegra nafngifta sem byggjast á tískubylgjum og takmarkast einungis af ímyndunaraflinu (t.d. heiti á málningarlitum eins og *mímósa*, *Krýsuvík*). Samkvæmt öðrum rannsóknum er líklegt að staðalímyndir séu grundvöllur þess sveigjanleika sem litahugtök sýna í meðförum málhafa og eru þá einnig lykilverli í hugrænni myndun og úrvinnslu hugtaka.

Umhverfi málhafans hefur svo sitt að segja, uppeldi, menntun og almennt málumhverfi, bæði heildarinnar (málsamfélagsins) sem og allra þeirra smærri samfélaga sem viðkomandi gæti verið hluti af í leik og starfi. Málvitund og menningarumhverfi fimm ára Íslendinga er sannarlega annað en átræðs Vestur-Íslendinga og orðaforði eins málhafa vesturíslensku er ólíkur öðrum þegar kemur að litum ef viðkomandi hefur til dæmis bakgrunn í listfræðum.

Fyrir utan hinn almennasta kjarna gæti nákvæm merking hvers litaorðs fyrir sig því ráðist af skynjun málhafa, tíma notkunar, samhengis notkunar, eðlis notkunar sem og túlkun hlustanda sem gæti verið kominn frá öðru sjónarhorni heldur en sá sem notar orðið. Þegar um er að ræða orð sem eru hlaðin menningarlegum tengingum (svo sem *húðlitur*) getur notkun ákveðinna orða valdið árekstrum, sérstaklega þar sem lenda saman möguleg mistök í orðavali sem byggist á ónægum upplýsingum og skilgreiningar í orðaforða málhafa sem hafa orðið fyrir sterkum pólitískum áhrifum.

Til þess að henda reiður á þessu öllu saman er ekki nóg að grípa í eina

kenningu og róa með henni lífróður. Greinilega hefur komið fram að bæði afstæðis- og vitsmunahyggjan hafa margt til málanna að leggja í umfjöllun um eðli litaorða sem og örugglega margar fleiri kenningar sem ekki hefur verið farið í hér. Hins vegar hafa þær á móti einnig þann galla að geta bara lýst einni hlið þess margslungna fyrirbæris sem merking er. Líklegast er það sannleikur sem má yfirfæra á flestar þær greinar sem fást við mannlegt eðli að til þess að fá heildarmynd þarf að leiða saman ólík sjónarhorn og fræðigrunna frá eðlisfræði til heimspeki. Einungis þannig fæst yfirsýn yfir möguleg svör við þeim spurningum sem svara skal.

Skammstafanir

- AB *Alþýðublaðið* (1919–1998).
- ALP *Alþingisræður* (1907–2020).
- BBL *Bændablaðið* (1995–2020).
- CQ Haggard (1800). *Colonel Quatrach*.
- DV.is *dv.is – Dagblaðið Vísir* (1998–2020).
- EF *Fréttir – Eyjafréttir* (1974–2020).
- FB *Fréttablaðið* (2001–2020).
- FEY *Feykir – Óháð fréttablað* (1981–2002).
- FK *Fálkinn* (1928–1966).
- FT *Fréttatíminn* (2010–2017).
- HBJ Mathers (1889). *Hedri, or Blind justice*.
- HH *Hugur og hönd* (1966–2020).
- HK *Heimskringla* (1886–1958).
- HUS *Húsfreyjan* (1950–2020).
- IDN *Iðunn – Nýr flokkur* (1915–1937).
- IGF Ó. J. Hjaltalín (1830). *Íslenzk grasufræði*.
- ISL *Íslendingur* (1860–1865).
- JSF Marryat (1860). *Japhet in search of a father*.
- KGR Ruskin (1903). *The king of the golden river*.
- KSM Haggard (1920). *King Solomon's Mines*.
- LB *Lögberg* (1888–1959).
